ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

**Nr. 71**

**28. árgangur**

**11.11.2021**

I **EES-STOFNANIR**

1. **Sameiginlega EES-nefndin**

**2021/EES/71/01** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1895 frá 7. nóvember 2019 um að viðurkenna nokkrar eyjar í Portúgal sem lausar við varróaveiki og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarákvörðun 2013/503/E ..... 1

**2021/EES/71/02** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/690 frá 17. desember 2019 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar skráða sjúkdóma sem falla undir eftirlitsáætlanir Sambandsins, landfræðilegt gildissvið slíkra áætlana og fyrir hvaða skráðu sjúkdóma er heimilt að fastsetja sjúkdómalausa stöðu hólfa ..... 3

**2021/EES/71/03** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/770 frá 20. maí 2019 um tiltekna þætti varðandi samninga um afhendingu á stafrænu efni og stafrænni þjónustu ..... 7

**2021/EES/71/04** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/771 frá 20. maí 2019 um tiltekna þætti varðandi samninga um sölu á vörum, um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/2394 og tilskipun 2009/22/EB og um niðurfellingu tilskipunar 1999/44/EB ..... 34

**2021/EES/71/05** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/617 frá 14. apríl 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2020/2235 og (ESB) 2020/2236 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum og dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu tiltekinna lagardýra og dýraafurða inn í Sambandið ..... 57

**2021/EES/71/06** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/619 frá 15. apríl 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2020/2235, (ESB) 2020/2236 og (ESB) 2021/403 að því er varðar umbreytingarákvæði vegna notkunar á dýraheilbrigðis-vottorðum, dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum og opinberum vottorðum ..... 71

**2021/EES/71/07** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/880 frá 5. mars 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/686 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar kröfur varðandi rekjanleika, dýraheilbrigði og vottun vegna tilflutninga innan Sambandsins á kímefnum úr tilteknum landdýrum í haldi 77

**2021/EES/71/08** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/520 frá 24. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi ..... 86

**2021/EES/71/09** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/881 frá 23. mars 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/689 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma ..... 99

**2021/EES/71/10** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1140 frá 5. maí 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um forvarnir og varnir gegn tilteknum skráðum sjúkdómum ..... 105

**2021/EES/71/11** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/519 frá 24. mars 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1375 að því er varðar prófanir vegna tríkínu í hófdýrum og undanþágu Breska konungsríkisins frá því að prófa alisvín vegna tríkínu ..... 110

**2021/EES/71/12** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1381 frá 20. júní 2019 um gagnsæi og sjálfbærni áhættumats ESB í matvælakeðjunni og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 1829/2003, (EB) nr. 1831/2003, (EB) nr. 2065/2003, (EB) nr. 1935/2004, (EB) nr. 1331/2008, (EB) nr. 1107/2009 og (ESB) 2015/2283 og tilskipun 2001/18/EB ..... 113

**2021/EES/71/13** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/547 frá 29. mars 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715 að því er varðar málsmeðferðar-reglur vegna uppsetningar og notkunar á upplýsingakerfinu um dýrasjúkdóma (ADIS) og EUROPHYT-kerfinu, útgáfu rafrænna dýraheilbrigðisvottorða, opinberra vottorða, dýraheilbrigðisvottorða/opinberra vottorða og viðskiptaskjala, notkun rafrænna undirskrifta og virkni Traces-kerfisins og niðurfellingu á ákvörðun 97/152/EB ..... 141

**2021/EES/71/14** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1325 frá 10. ágúst 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/977 að því er varðar gildistíma tímabundinna ráðstafana í tengslum við eftirlit með framleiðslu lífrænt ræktaðra vara ..... 152

**2021/EES/71/15** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/556 frá 24. mars 2017 um ítarlegt fyrirkomulag varðandi verklagsreglur við eftirlitsúttektir er varða góðar, klíniskar starfsvenjur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 536/2014 ..... 155

**2021/EES/71/16** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1737 frá 14. júlí 2020 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 111/2005 að því er varðar að færa tiltekin forefni fíkniefna á skrá yfir skráð efni 162

**2021/EES/71/17** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2101 frá 15. desember 2020 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu kísilgúr, í samræmi við reglugerð Evrópu-þingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ..... 169

**2021/EES/71/18** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2104 frá 15. desember 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabili fyrir virka efnið paraffínolíu ..... 174

**2021/EES/71/19** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2105 frá 15. desember 2020 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu etoxasóli sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ..... 177

**2021/EES/71/20** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/52 frá 22. janúar 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin benflúralín, dímoxýstróbín, flúasínam, flútólaníl, mekóprór-P, mepíkvat, metíram, oxamýl og pýraklóstróbín ..... 182

**2021/EES/71/21** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/79 frá 27. janúar 2021 um að samþykkja ekki virka efnið tópramesón í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað ..... 185

**2021/EES/71/22** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/80 frá 27. janúar 2021 um að samþykkja ekki koltvísýring sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað ..... 187

**2021/EES/71/23** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/81 frá 27. janúar 2021 um samþykki fyrir grunnefninu laukútdrætti úr *Allium cepa* L., í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ..... 189

**2021/EES/71/24** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/129 frá 3. febrúar 2021 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu hvítlaukskjarna, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ..... 193

**2021/EES/71/25** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/134 frá 4. febrúar 2021 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6 (áður *Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6), í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ..... 198

**2021/EES/71/26** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/413 frá 8. mars 2021 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu blóðmjöli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ..... 203

**2021/EES/71/27** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/427 frá 10. mars 2021 um samþykki fyrir virka efninu 24-epíbrassínólíði sem áhættulitlu efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ..... 208

**2021/EES/71/28** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/459 frá 16. mars 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu fenpýrasamíni ..... 212

**2021/EES/71/29** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/464 frá 17. mars 2021 um að samþykkja ekki *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldpiparhópurinn, útdrátt úr kajennpipar sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað ..... 215

**2021/EES/71/30** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 frá 5. júní 2019 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið ..... 217

**2021/EES/71/31** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/958 frá 28. júní 2018 um meðalhófsprófun áður en samþykkt er ný lögverndun starfsgreina ..... 236

**2021/EES/71/32** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1263 frá 20. september 2018 um eyðublöð fyrir veitendur bögglaútburðarþjónustu til að leggja fram upplýsingar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/644 ..... 246

**2021/EES/71/33** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/349 frá 2. mars 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1916 að því er varðar notkunarskilyrði tiltekinna svæða í eða milli borga ..... 252

**2021/EES/71/34** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/699 frá 21. desember 2020 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi, um framleiðslu á hlutum sem nota á við viðhald og um að taka tillit til þátta sem tengjast öldrun loftfara við vottun ..... 254

**2021/EES/71/35** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/685 frá 22. apríl 2021 um leiðréttingu á pólsku útgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði ..... 273

**2021/EES/71/36** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/883 frá 1. júní 2021 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins ..... 275

**2021/EES/71/37** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/411 frá 19. nóvember 2019 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðins 2009/45/EB um öryggisreglur og -staðla fyrir farþegaskip að því er varðar öryggiskröfur fyrir farþegaskip í innanlandssiglingum .... 290

**2021/EES/71/38** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1865 frá 6. júní 2019 um leiðréttingu á rúmenskri útgáfu framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ..... 526

**2021/EES/71/39** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/657 frá 15. maí 2020 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2450 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ..... 527

**2021/EES/71/40** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/744 frá 4. júní 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1800 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar röðun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á hlutlægan kvarða lánshæfisþrepa í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ... 529

**II EFTA-STOFNANIR**

**1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

**2. Eftirlitsstofnun EFTA**

**3. EFTA-dómstóllinn**

**III ESB-STOFNANIR**

**1. Framkvæmdastjórnin**

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1895** **2021/EES/71/01**

**frá 7. nóvember 2019**

**um að viðurkenna nokkrar eyjar í Portúgal sem lausar við varróaveiki og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarákvörðun 2013/503/E**

*(tilkynnt með númeri C(2019) 7905)* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísum sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um ([1]), einkum 2. mgr. 15. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í 15. gr. tilskipunar 92/65/EBE er kveðið á um að ef aðildarríki telur að yfirráðasvæði þess eða hluti af yfirráðasvæði þess sé laus við einn eða fleiri þeirra sjúkdóma sem eru skráðir í viðauka B við tilskipunina eigi það að leggja fyrir framkvæmdastjórnina viðeigandi gögn sem eiga að liggja til grundvallar samþykkt á ákvörðun þar sem viðurkennt er að aðildarríkið eða hluti af yfirráðasvæði þess sé laust við sjúkdóm(a) og skilgreindar viðbótarábyrgðir við viðskipti sem kann að vera krafist.

2) Varróaveiki í býflugum er á skrá í viðauka B við tilskipun 92/65/EBE með eldra heiti sínu „varroasis“ og í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/503/ESB ([2]) hafa nokkur yfirráðasvæði í aðildarríkjunum þegar verið viðurkennd sem laus við varróaveikina. Þessi yfirráðasvæði eru skráð í viðaukann við framkvæmdarákvörðun 2013/503/ESB ásamt viðbótarábyrgðum við viðskipti.

3) Portúgal fór þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún viðurkenndi eyjarnar Corvo, Graciosa, São Jorge, Santa Maria, São Miguel og Terceira í eyjaklasanum Azoreyjar sem lausar við varróaveiki, fór fram á að viðbótarábyrgðir við viðskipti, sem samsvara þeim sem eru í framkvæmd í landinu, yrðu skilgreindar og lagði fram viðeigandi ítarleg gögn, sem eru skilgreind í 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 92/65/EBE, til að rökstyðja beiðni sína.

4) Í ljósi ítarlegu gagnanna sem Portúgal lagði fram ætti að líta svo á að eyjarnar Corvo, Graciosa, São Jorge, Santa Maria, São Miguel og Terceira séu yfirráðasvæði Portúgal sem eru laus við varróaveiki og skrá þær í viðaukann við framkvæmdarákvörðun 2013/503/ESB ásamt viðbótarábyrgðum við viðskipti.

5) Því ætti að breyta framkvæmdarákvörðun 2013/503/ESB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 291, 12.11.2019, bls. 54. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/503/ESB frá 11. október 2013 um að viðurkenna hluta Sambandsins sem lausa við varróaveiki í býflugum og um viðbótarábyrgðir sem krafist er vegna viðskipta innan Sambandsins og innflutnings til að vernda sjúkdóms-lausa stöðu þeirra að því er varðar varróaveiki (Stjtíð. ESB L 273, 15.10.2013, bls. 38).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi færslu skal bætt inn í töfluna sem mælt er fyrir um í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun 2013/503/ESB, á milli færslunnar fyrir Finnland og færslunnar fyrir Breska konungsríkið í þeirri töflu:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| PT | Portúgal | Eyjan Corvo | PT01300 FLORES (SANTA CRUZ) | Býflugur (*Apis mellifera*) á öllum stigum lífsferils þeirra, þ.m.t. sveimar, drottningar, sambú og notaðar býkúpur og rammar |
| | | Eyjan Graciosa | PT05200 GRACIOSA (SANTA CRUZ DA GRACIOSA) | |
| | | Eyjan São Jorge | PT02700 SAO JORGE (VELAS) | |
| | | Eyjan Santa Maria | PT02500 SANTA MARIA (VILA DO PORTO) | |
| | | Eyjan São Miguel | PT02600 SAO MIGUEL (PONTA DELGADA) | |
| | | Eyjan Terceira | PT02800 TERCEIRA (ANGRA DO HEROISMO) | |

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Vytenis ANDRIUKAITIS

*framkvæmdastjóri.*

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/690** **2021/EES/71/02**

**frá 17. desember 2019**

**um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar skráða sjúkdóma sem falla undir eftirlitsáætlanir Sambandsins, landfræðilegt gildissvið slíkra áætlana og fyrir hvaða skráðu sjúkdóma er heimilt að fastsetja sjúkdómalausa stöðu hólfa** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 30. gr. og b-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr. 37. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum sem geta borist í dýr eða í menn, þ.m.t. reglur um eftirlit, útrýmingu og að veita hólfi þá stöðu að vera laust við sjúkdóma.

2) Með reglugerð (ESB) 2016/429 er komið á fót samræmdri skrá yfir smitandi dýrasjúkdóma („skráða sjúkdóma“) sem skapa áhættu fyrir dýraheilbrigði eða lýðheilsu í Sambandinu, hvort heldur er í öllu Sambandinu eða hlutum þess.

3) Í 28. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er kveðið á um áætlanir Sambandsins um eftirlit með sjúkdómum að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma. Í 30. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um að ákvarða, með framkvæmdargerð, hvaða skráðu sjúkdómar eigi að falla undir eftirlitsáætlanir Sambandsins, þ.m.t. landfræðilegt gildissvið slíkra áætlana.

4) Reglugerð (ESB) 2016/429 fellir tilskipun ráðsins 2005/94/EB ([2]) úr gildi frá og með 21. apríl 2021. Í tilskipun 2005/94/EB er kveðið á um skyldubundnar eftirlitsáætlanir vegna fuglainflúensu í alifuglum og í villtum fuglum. Skyldubundnar eftirlitsáætlanir vegna fuglainflúensu halda áfram að skipta máli til að tryggja öflugt eftirlit innan Sambandsins vegna áhrifa alvarlegrar fuglainflúensu á heilbrigði dýra. Þessar áætlanir ættu einnig að innihalda eftirlit með tilteknum svæðum þar sem aukin áhætta er á að veirur vægrar fuglainflúensu stökkbreytist í veirur alvarlegrar fuglainflúensu. Eftirlit með fuglainflúensu stuðlar einnig að þekkingu á veirum sem skapa mögulega áhættu á að sjúkdómurinn berist milli manna og dýra. Þess vegna ætti þessi skylda að endurspeglast innan ramma reglugerðar (ESB) 2016/429 með eftirlitsáætlunum Sambandsins vegna fuglainflúensu.

5) Samkvæmt samræmdri skrá yfir smitandi dýrasjúkdóma í reglugerð (ESB) 2016/429 er gerður greinarmunur milli alvarlegrar fuglainflúensu og sýkingar af völdum veira vægrar fuglainflúensu. Til að tryggja samræmi ætti þessi greinarmunur að endurspeglast í gildissviði eftirlitsáætlana Sambandsins.

6) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 ([3]) er m.a. mælt fyrir um viðmiðanir til að ákvarða skráða sjúkdóma sem falla undir eftirlitsáætlanir Sambandsins og innihald slíkra áætlana. Alvarleg fuglainflúensa og sýking af völdum veira vægrar fuglainflúensu samræmast þessum viðmiðunum.

7) Með 37. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 fá aðildarríki rétt til að sækja um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu hólfa fyrir tiltekna skráðra sjúkdóma sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar. Ákvarða ætti með framkvæmdargerð fyrir hvaða sjúkdóma af þessum skráðu sjúkdómum er heimilt að fastsetja sjúkdómalausa stöðu hólfa.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 341. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 2005/94/EB frá 20. desember 2005 um ráðstafanir Bandalagsins um varnir gegn fuglainflúensu og niðurfellingu tilskipunar 92/40/EBE (Stjtíð. ESB L 10, 14.1.2006, bls. 16).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).

8) Reglugerð (ESB) 2016/429 fellir tilskipun ráðsins 2006/88/EB [4] úr gildi frá og með 21. apríl 2021. Í tilskipun 2006/88/EB er kveðið á um að koma á fót sjúkdómalausum hólfum með hliðsjón af skrá yfir sjúkdóma í lagardýrum í samræmi við heilbrigðisreglur um lagardýr sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (OIE) gaf út. Í því skyni að stuðla að viðhaldi sjúkdómalausrar stöðu hólfa ætti að nota þá lagardýrasjúkdóma sem eru skráðir í þessa skrá yfir sjúkdóma, að því marki sem mögulegt er, að því er varðar þá skráðu sjúkdóma sem heimilt er að ákvarða sjúkdómalausa stöðu hólfa fyrir innan ramma reglugerðar (ESB) 2016/429.

9) Þar eð ákvæðin í reglugerð (ESB) 2016/429, sem gilda um þau málefni sem falla undir þessa reglugerð, koma til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með sömu dagsetningu.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Skráðir sjúkdómar, sem falla undir eftirlitsáætlanir Sambandsins í samræmi við 28. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, og landfræðilegt gildissvið slíkra áætlana eru sett fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Þeir skráðu sjúkdómar sem heimilt er að ákvarða sjúkdómalausa stöðu hólfa fyrir, í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, eru settir fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

(4) Tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum (Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14).

*I. VIÐAUKI*

| ***SKRÁÐIR SJÚKDÓMAR SEM FALLA UNDIR EFTIRLITSÁÆTLANIR SAMBANDSINS*** | ***LANDFRÆÐILEGT GILDISSVIÐ EFTIRLITSÁÆTLANA SAMBANDSINS*** |
|---|---|
| Alvarleg fuglainflúensa | Allt yfirráðasvæði aðildarríkis |
| Sýking af völdum veira vægrar fuglainflúensu | Allt yfirráðasvæði aðildarríkis |

*II. VIÐAUKI*

| ***SKRÁÐIR SJÚKDÓMAR SEM HEIMILT ER AÐ ÁKVARÐA SJÚKDÓMALAUSA STÖÐU HÓLFA FYRIR*** |
|---|
| Blóðmyndandi drep |
| Veirublæði |
| Iðradrep |
| Sýking af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu |
| Sýking af völdum *Microcytos mackini* |
| Sýking af völdum perkinsveikisýkils (*Perkinsus marinus*) |
| Sýking af völdum ostruveikisýkils (*Bonamia ostreae*) |
| Sýking af völdum *Bonamia exitiosa* |
| Sýking af völdum martelíuveikisýkils (*Marteilia refringens*) |
| Sýking af völdum rauðhalaveiru |
| Sýking af völdum gulhöfðaveikiveiru |
| Sýking af völdum hvítblettaveikiveiru |

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/770** **2021/EES/71/03**

**frá 20. maí 2019**

**um tiltekna þætti varðandi samninga um afhendingu á stafrænu efni og stafrænni þjónustu** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Vaxtarmöguleikar rafrænnar verslunar í Sambandinu hafa ekki verið að fullu nýttir. Áætlunin um stafrænan innri markað fyrir Evrópu tekur heildstætt á helstu hindrunum í vegi þróunar á rafrænni verslun yfir landamæri í Sambandinu til að leysa þessa möguleika úr læðingi. Að tryggja betra aðgengi neytenda að stafrænu efni og stafrænni þjónustu og auðvelda fyrirtækjum að láta í té stafrænt efni og stafræna þjónustu getur hleypt auknum krafti í stafrænt hagkerfi Sambandsins og örvað heildarvöxt.

2) Ákvæði 1. og 2. mgr. 26. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins kveða á um að Sambandið skuli samþykkja ráðstafanir í því skyni að koma á fót eða tryggja starfsemi innri markaðarins, sem ná skal til svæðis án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar og frjáls þjónustustarfsemi eru tryggð. Í 1. mgr. og a-lið 2. mgr. 169. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er kveðið á um að Sambandið skuli leggja sitt af mörkum til þess að ná fram öflugri neytendavernd með samþykkt ráðstafana skv. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í tengslum við tilkomu innri markaðarins. Tilskipun þessi miðar að því að finna viðeigandi jafnvægi milli þess að ná fram öflugri neytendavernd og ýta undir samkeppnishæfni fyrirtækja og tryggja um leið að nálægðarreglan sé virt.

3) Samræma ætti tiltekna þætti varðandi samninga um afhendingu á stafrænu efni og stafrænni þjónustu þar sem tekið er mið af öflugri neytendavernd í því skyni að koma á raunverulegum stafrænum innri markaði, auka réttarvissu og draga úr viðskiptakostnaði, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.

4) Fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, þurfa oft að mæta viðbótarkostnaði, sem stafar af mismunandi ófrávíkjanlegum lagareglum um neytendasamninga í hverju landi fyrir sig, og réttaróvissu þegar þau bjóða stafrænt efni eða stafræna þjónustu yfir landamæri. Fyrirtæki þurfa einnig að mæta kostnaði við að aðlaga samninga sína að sértækum ófrávíkjanlegum reglum um afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu sem þegar er beitt í fjölmörgum aðildarríkjum, sem veldur mismun á gildissviði og inntaki sértækra landsbundinna reglna sem gilda um slíka samninga.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 136, 22.5.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 264, 20.7.2016, bls. 57.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 26. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 15. apríl 2019.

5) Neytendur eru stundum óöruggir við kaup yfir landamæri, sérstaklega þegar kaupin fara fram yfir netið. Ein af meginástæðunum fyrir skorti þeirra á tiltrú er óvissa um helstu samningsbundnu réttindi sín og skortur á skýrum samningsramma um stafrænt efni eða stafræna þjónustu. Margir neytendur lenda í vandræðum í tengslum við gæði stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu eða aðgengi að þeim. Þeir fá t.d. rangt eða bilað stafrænt efni eða stafræna þjónustu eða tekst ekki að fá aðgang að því stafræna efni eða þeirri stafrænu þjónustu sem um ræðir. Þar af leiðandi bíða neytendur fjárhagslegan og ófjárhagslegan skaða af.

6) Til þess að ráða bót á slíkum vandamálum ættu bæði fyrirtæki og neytendur að geta reitt sig á fullkomlega samræmd samningsbundin réttindi á tilteknum kjarnasviðum sem varða afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu í öllu Sambandinu. Full samræming nokkurra lykilþátta í lagasetningu myndi veita neytendum og fyrirtækjum umtalsvert meiri réttarvissu.

7) Samræmdar lagareglur um neytendasamninga í öllum aðildarríkjunum myndu auðvelda fyrirtækjum, sérstaklega litlum og meðalstórum fyrirtækjum, að láta í té stafrænt efni eða stafræna þjónustu í öllu Sambandinu. Þær myndu sjá fyrirtækjum fyrir stöðugu samningalagaumhverfi til að láta í té stafrænt efni eða stafræna þjónustu í öðrum aðildarríkjum. Þær myndu einnig koma í veg fyrir sundurleita löggjöf sem ella gæti sprottið af nýrri innlendri löggjöf sem gildir sérstaklega um stafrænt efni og stafræna þjónustu.

8) Neytendur ættu að njóta samræmdra réttinda vegna afhendingar á stafrænu efni og stafrænni þjónustu sem veita hátt verndarstig. Þeir ættu að búa við skýr, ófrávíkjanleg réttindi þegar þeir fá í hendur eða fá aðgang að stafrænu efni eða stafrænni þjónustu hvar sem er í Sambandinu. Að búa við þessi réttindi ætti að auka traust þeirra á að afla sér stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu. Það ætti einnig að stuðla að því að draga úr þeim óþægindum sem neytendur búa nú við, þar eð fyrir hendi væru skýr réttindi sem gerðu þeim kleift að takast á við vandamál sem þeir standa frammi fyrir varðandi stafrænt efni eða stafræna þjónustu.

9) Þessi tilskipun ætti að samræma að fullu tilteknar lykilreglur sem hafa hingað til ekki verið reglufestar á vettvangi Sambandsins eða á landsvísu.

10) Gildissvið þessarar tilskipunar ætti að vera skilgreint í henni með skýrum og ótvíræðum hætti og hún ætti að innihalda skýrar efnisreglur um stafrænt efni eða stafræna þjónustu sem fellur undir gildissvið hennar. Gildissvið þessarar tilskipunar jafnt sem efnisreglur hennar ættu að vera tæknilega hlutlaus og framtíðarmiðuð.

11) Í þessari tilskipun ætti að setja sameiginlegar reglur um tilteknar kröfur varðandi samninga milli seljenda og neytenda um afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu. Í þessu skyni ætti að samræma til fulls reglur um samræmi milli stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu og samnings, úrræði vegna ósamræmis eða misbrests á afhendingu og fyrirkomulag varðandi beitingu slíkra úrræða, sem og um breytingar á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu. Fyllilega samræmdar reglur um ýmsa veigamikla þætti laga um neytendasamninga myndu auðvelda fyrirtækjum, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum, að bjóða vörur sínar í öðrum aðildarríkjum. Með því að samræma helstu reglur að fullu myndu neytendur njóta góðs af öflugri neytendavernd og aukinni velferð. Aðildarríki mega ekki, innan gildissviðs þessarar tilskipunar, kveða á um neinar frekari formkröfur eða efniskröfur. Aðildarríki ættu t.d. ekki að setja reglur sem snúa við sönnunarbyrði, aðrar en þær sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eða um skyldu neytanda til að tilkynna seljanda um ósamræmi innan tiltekins tíma.

12) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á landslög að því marki sem hún tekur ekki til viðkomandi viðfangsefna, s.s. á innlendar reglur um gerð, gildi, ógildingu eða áhrif samninga eða lögmæti stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu. Þessi tilskipun ætti heldur ekki að ákveða lagalegt eðli samninga um afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu og fara ætti að lögum hvers ríkis varðandi það hvort slíkir samningar teljist t.d. sölusamningar, þjónustusamningar, leigusamningar eða samningar sérstaks eðlis. Þessi tilskipun ætti ekki heldur að hafa áhrif á landsreglur sem varða ekki sérstaklega neytendasamninga og kveða á um sértæk úrræði vegna tiltekinna tegunda galla sem ekki voru augljósir þegar samningurinn var gerður, þ.e. innlend ákvæði sem kunna að mæla fyrir um sértækar reglur um ábyrgð seljanda

vegna leyndra galla. Þessi tilskipun ætti ekki heldur að hafa áhrif á landslög sem kveða á um úrræði utan samninga fyrir neytendur, ef um ósamræmi stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu er að ræða, gagnvart aðilum í fyrri hlutum keðju viðskipta eða gagnvart öðrum aðilum sem uppfylla skyldur slíkra aðila.

13) Aðildarríkjum er einnig frjálst t.d. að setja reglur um bótakröfur neytenda gagnvart þriðja aðila, öðrum en seljandanum sem lætur í té eða skuldbindur sig til að láta í té stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna, s.s. hönnuði sem ekki er jafnframt seljandinn skv. þessari tilskipun.

14) Aðildarríkjum ætti einnig að vera frjálst að setja t.d. reglur um afleiðingar þess ef stafrænt efni eða stafræn þjónusta er ekki afhend eða ef um ósamræmi stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu er að ræða, þegar slíkur misbrestur á afhendingu eða slíkt ósamræmi eru til komin vegna hindrunar sem seljandinn fær ekki ráðið við og þar sem ekki hefði verið hægt að ætlast til þess að seljandinn hefði getað komist hjá eða yfirstigið hindrunina eða afleiðingar hennar, s.s. þegar um er að ræða óviðráðanleg atvik (force majeure).

15) Aðildarríkjum ætti einnig að vera frjálst að setja t.d. reglur um rétt aðila til að láta hjá líða að uppfylla skuldbindingar sínar eða hluta þeirra þar til hinn aðilinn hefur uppfyllt sínar skuldbindingar. Aðildarríkjum ætti t.d. að vera frjálst að setja reglur um hvort neytanda er heimilt, þegar um ósamræmi er að ræða, að halda eftir greiðslu verðsins eða hluta þess þar til seljandinn hefur fært stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna til samræmis eða hvort seljanda sé heimilt að halda eftir endurgreiðslu, sem neytandi á rétt á við riftun samnings, þar til neytandinn hefur uppfyllt þá skyldu, sem þessi tilskipun kveður á um, að skila áþreifanlega miðlinum til seljandans.

16) Aðildarríkjum ætti einnig að vera frjálst að rýmka beitingu reglna þessarar tilskipunar þannig að þær nái til samninga sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar eða setja reglur um slíka samninga með öðrum hætti. Aðildarríkjum ætti t.d. að vera frjálst að rýmka þá vernd sem neytendum er veitt með þessari tilskipun svo hún nái einnig til einstaklinga og lögaðila sem ekki eru neytendur í skilningi þessarar tilskipunar, s.s. frjálsra félagasamtaka, sprotafyrirtækja eða lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

17) Skilgreining á neytanda ætti að taka til einstaklinga sem starfa að markmiðum sem liggja utan við atvinnugrein, fyrirtæki, iðn eða sérgrein þeirra. Aðildarríkjum ætti hins vegar einnig að vera frjálst að ákveða, ef um er að ræða samninga með tvenns konar markmið þar sem samningurinn, sem gerður er, miðast ekki nema að hluta til við atvinnugrein einstaklings og þar sem atvinnutengda markmiðið er svo takmarkað að það er ekki aðalmarkmið samningsins í heild, hvort og við hvaða aðstæður sá einstaklingur ætti einnig að teljast neytandi.

18) Þessi tilskipun ætti að gilda um alla samninga þar sem seljandinn lætur eða skuldbindur sig til að láta neytanda í té stafrænt efni eða stafræna þjónustu. Netvangsþjónustuveitendur geta talist seljendur samkvæmt þessari tilskipun ef þeir starfa að markmiðum sem tengjast þeirra eigin fyrirtæki og sem beinn samningsaðili neytandans vegna afhendingar á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu. Aðildarríkjum ætti að vera frjálst að rýmka gildissvið þessarar tilskipunar þannig að hún nái til netvangsþjónustuveitenda sem uppfylla ekki kröfur til að geta talist seljendur samkvæmt þessari tilskipun.

19) Tilskipunin ætti að taka á vandamálum þvert á mismunandi flokka stafræns efnis, stafrænnar þjónustu og afhendingu þeirra. Til að koma til móts við hraða tækniþróun og til að hugtakið stafrænt efni eða stafræn þjónusta haldist framtíðarmiðað ætti þessi tilskipun m.a. að taka til tölvuforrita, forrita, myndskráa, hljóðskráa, tónlistarskráa, stafrænna leikja, rafbóka eða annarra rafútgáfa og einnig til stafrænnar þjónustu sem heimilar sköpun, vinnslu, aðgang að eða geymslu gagna á stafrænu formi, þ.m.t. hugbúnaðarþjónustuveitna (e. software-as-a-service), s.s. mynd- og hljóðdeilingar og annarrar hýsingar skráa, ritvinnslu eða leikja sem boðið er upp á í skýjavinnsluumhverfi og á samfélagsmiðlum. Þar sem fjölmargar leiðir eru til að afhenda stafrænt efni eða stafræna þjónustu, s.s. flutningur á áþreifanlegum miðli, með niðurhali neytenda í eigin tæki, vefstreymi, með því að heimila aðgang að geymslugetu stafræns efnis eða með aðgangi að notkun samfélagsmiðla, ætti þessi tilskipun að gilda óháð því hvaða miðill er notaður til að flytja eða veita aðgang að stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni. Þessi tilskipun ætti hins vegar ekki að gilda um netaðgangsþjónustu.

20) Þessi tilskipun og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/771 ([3]) ættu að koma hvor annarri til fyllingar. Þessi tilskipun mælir fyrir um reglur um tilteknar kröfur varðandi samninga um afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu en tilskipun (ESB) 2019/771 mælir fyrir um reglur um tilteknar kröfur varðandi samninga um sölu á vörum. Til að koma til móts við væntingar neytenda og tryggja skýran og einfaldan lagaramma fyrir seljendur stafræns efnis ætti þessi tilskipun því einnig að gilda um stafrænt efni sem látið er í té á áþreifanlegum miðli, s.s. á stafrænum mynddiskum (DVD), geisladiskum, minnislyklum og minniskortum, sem og um áþreifanlega miðilinn sjálfan, að því tilskildu að áþreifanlegi miðillinn sé eingöngu gagnaberi stafræna efnisins. Í stað ákvæða þessarar tilskipunar um afhendingarskyldu seljanda og um úrræði neytenda ef misbrestur verður á afhendingu ættu ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB ([4]) um skuldbindingar varðandi afhendingu á vöru og úrræði vegna misbrests á afhendingu þó að gilda. Að auki ættu ákvæði tilskipunar 2011/83/ESB, t.d. um réttinn til að falla frá samningi og eðli þess samnings sem vörurnar eru afhentar samkvæmt, einnig að gilda áfram um slíka áþreifanlega miðla og stafræna efnið sem afhent er á þeim. Tilskipun þessi hefur heldur ekki áhrif á dreifingarréttinn sem gildir um þessar vörur samkvæmt höfundaréttarlögum.

21) Ákvæði tilskipunar (ESB) 2019/771 ættu að gilda um samninga um sölu á vörum, þ.m.t. vörum með stafræna eiginleika. Hugtakið vörur með stafræna eiginleika ætti að vísa til vara með innfellt stafrænt efni eða stafræna þjónustu eða sem eru samtengdar stafrænu efni eða stafrænni þjónustu með þeim hætti að án þess stafræna efnis eða þeirrar stafrænu þjónusta myndu vörurnar ekki sinna hlutverki sínu. Stafrænt efni eða stafræn þjónusta sem er innfelld í eða er samtengd vörum með þessum hætti, ætti að falla undir gildissvið tilskipunar (ESB) 2019/771 ef efnið eða þjónustan er látið í té með vörunum samkvæmt sölusamningi sem varðar þær vörur. Hvort afhending á innfelldu eða samtengdu stafrænu efni eða innfelldri eða samtengdri stafrænni þjónustu er innifalin í sölusamningi við seljandann ætti að ráðast af innihaldi þess samnings. Þetta ætti að taka til innfellds eða samtengds stafræns efnis eða innfelldrar eða samtengdar stafrænnar þjónustu þar sem afhendingar á slíku er sérstaklega krafist í samningnum. Það ætti einnig að taka til þeirra sölusamninga sem skilja má sem svo að þeir taki til afhendingar á tilteknu stafrænu efni eða tiltekinni stafrænni þjónustu vegna þess að það er vanalegt þegar um er að ræða vörur af sama tagi og neytandinn gæti með nokkurri sanngirni vænst þess að teknu tilliti til eðlis vörunnar og opinberra yfirlýsinga sem settar hafa verið fram af hálfu eða fyrir hönd seljanda eða annarra aðila, þ.m.t. framleiðanda, í fyrri hlutum keðju viðskipta. Ef snjallsjónvarp væri t.d. auglýst sem svo að það innihaldi tiltekinn myndbúnað teldist sá myndbúnaður hluti af sölusamningnum. Þetta ætti að gilda óháð því hvort stafræna efnið eða stafræna þjónustan sé fyrirfram uppsett í vörunni sjálfri eða hvort því þurfi að hlaða niður eftir á í annað tæki og sé aðeins samtengt vörunni.

Til dæmis gæti fylgt snjallsíma staðlað, fyrirfram uppsett forrit sem kveðið er á um í sölusamningi, s.s. vekjaraklukkuforrit eða myndavélaforrit. Annað hugsanlegt dæmi er snjallúr. Í slíku dæmi myndi úrið sjálft teljast varan með stafræna eiginleika, sem getur aðeins sinnt hlutverki sínu með forriti sem kveðið er á um í sölusamningi en sem neytandinn þarf að hlaða niður í snjallsíma; forritið myndi þá vera samtengdi stafræni eiginleikinn. Þetta ætti einnig að gilda þegar seljandinn lætur ekki sjálfur í té innfellda eða samtengda stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna heldur þriðji aðili samkvæmt sölusamningnum. Til að forðast óvissu fyrir bæði seljendur og neytendur ætti tilskipun (ESB) 2019/771 að gilda þegar vafi leikur á því hvort afhending stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu er innifalin í sölusamningnum. Enn fremur ætti sú staðreynd að neytandinn þurfi að samþykkja nytjaleyfissamning við þriðja aðila til að njóta ávinnings af stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni ekki að hafa áhrif á tvíhliða samningsbundin tengsl milli seljandans og neytandans sem afhending á innfellda eða samtengda stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni er hluti af.

22) Á hinn bóginn, ef vörurnar geta sinnt hlutverki sínu án innfellda eða samtengda stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar, eða ef neytandinn gerir samning um afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu sem er ekki hluti af sölusamningi fyrir vörur með stafræna eiginleika, ætti sá samningur að teljast aðskilinn frá samningnum um sölu á vörunum, jafnvel þótt seljandinn sé milliliður við gerð síðari samningsins við birginn sem er þriðji aðili, og gæti fallið innan gildissviðs tilskipunar (ESB) 2019/770 ef skilyrðum þeirrar tilskipunar er fullnægt. Til dæmis ef neytandinn hleður leikjaforriti úr smáforritaverslun niður í snjallsíma er samningurinn um afhendingu á leikjaforritinu aðskilinn frá samningnum um söluna á sjálfum snjallsímanum. Ákvæði tilskipunar (ESB) 2019/771 ættu því aðeins að gilda um

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/771 frá 20. maí 2019 (Stjtíð. ESB L 136, 22.05.2019, bls. 28).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB frá 25. október 2011 um réttindi neytenda, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 85/577/EBE og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 64).

sölusamninginn fyrir snjallsímann en afhending á leikjaforritinu gæti fallið undir þessa tilskipun ef skilyrðum þessarar tilskipunar er fullnægt. Annað dæmi væri þar sem komist væri að skýru samkomulagi um að neytandinn kaupi snjallsíma án sérstaks stýrikerfis og neytandinn geri í kjölfarið samning við þriðja aðila um afhendingu á stýrikerfi. Í slíku tilviki myndi afhending á stýrikerfinu, sem keypt er aðskilið, ekki vera innifalin í sölusamningnum og því ekki falla innan gildissviðs tilskipunar (ESB) 2019/771, en gæti fallið undir gildissvið þessarar tilskipunar, ef skilyrðum þessarar tilskipunar er fullnægt.

23) Stafræn framsetning á virði, s.s. rafrænir inneignarmiðar eða rafrænir afsláttarmiðar, er notuð af neytendum til að greiða fyrir ólíkar vörur eða þjónustu á stafræna innri markaðnum. Slík stafræn framsetning á virði er að verða mikilvægur þáttur í tengslum við afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu og ætti því að teljast greiðsluaðferð í skilningi þessarar tilskipunar. Stafræna framsetningu á virði ætti einnig að skilja sem svo að hún taki til sýndarfjár, að því marki sem það er viðurkennt í landslögum. Aðgreining eftir greiðsluaðferðum gæti valdið mismunun og verið fyrirtækjum óréttmætur hvati til að færa sig í átt að því að láta í té stafrænt efni eða stafræna þjónustu gegn stafrænni framsetningu á virði. Þar sem stafræn framsetning á virði hefur hins vegar engan annan tilgang en að vera greiðsluaðferð ætti hún sjálf ekki að teljast stafrænt efni eða stafræn þjónusta í skilningi þessarar tilskipunar.

24) Stafrænt efni eða stafræn þjónusta er oft einnig látin í té með þeim hætti að neytandinn greiðir ekki verð heldur veitir seljandanum persónuupplýsingar. Slík viðskiptalíkön eru notuð í ýmsum myndum á umtalsverðum hluta markaðarins. Þó að það sé að fullu viðurkennt að vernd persónuupplýsinga sé grundvallarréttur og því sé ekki hægt að líta svo á að persónuupplýsingar séu verslunarvara, ætti þessi tilskipun að tryggja að neytendur eigi rétt á samningsbundnum úrræðum að því er varðar slík viðskiptalíkön. Þessi tilskipun ætti því að gilda um samninga þar sem seljandinn lætur eða skuldbindur sig til að láta neytandanum í té stafrænt efni eða stafræna þjónustu og neytandinn veitir eða skuldbindur sig til að veita persónuupplýsingar. Persónuupplýsingarnar gætu verið afhentar seljanda annað hvort þegar samningurinn er gerður eða síðar, s.s. þegar neytandinn gefur seljandanum samþykki fyrir notkun persónuupplýsinga sem neytandinn kann að hlaða upp eða skapa með notkun stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar. Í lögum Sambandsins um vernd persónuupplýsinga er að finna tæmandi lista yfir lagalegar ástæður fyrir vinnslu persónuupplýsinga. Þessi tilskipun ætti að gilda um alla samninga þar sem neytandinn veitir eða skuldbindur sig til að veita seljandanum persónuupplýsingar. Þessi tilskipun ætti t.d. að gilda þegar neytandi stofnar samfélagsmiðlareikning og gefur upp nafn og tölvupóstfang sem notuð eru í öðrum tilgangi en einungis til að afhenda stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna eða til að uppfylla lagaskilyrði. Á sama hátt ætti hún að gilda þegar neytandi veitir samþykki sitt fyrir að efni sem inniheldur persónuupplýsingar s.s. ljósmyndir eða færslur sem neytandinn hleður upp, sé unnið af seljandanum vegna markaðssetningar. Aðildarríkjum ætti hins vegar að vera frjálst að ákveða hvort kröfum landslaga um gerð, tilvist og gildi samnings er fullnægt.

25) Ef ekki er greitt verð fyrir stafræna efnið og stafrænu þjónustuna ætti þessi tilskipun ekki að gilda um aðstæður þar sem seljandi safnar persónuupplýsingum eingöngu til að afhenda stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna eða í þeim eina tilgangi að uppfylla lagaskilyrði. Slíkar aðstæður geta t.d. falið í sér tilvik þar sem skráningar neytandans er krafist samkvæmt gildandi lögum í öryggis- og auðkenningarskyni. Þessi tilskipun ætti heldur ekki að gilda um aðstæður þar sem seljandi safnar aðeins lýsigögnum, s.s. upplýsingum varðandi tæki neytandans eða vefsíður sem hann hefur skoðað, nema slíkar aðstæður teljist vera samningur samkvæmt landslögum. Hún ætti heldur ekki að gilda um aðstæður þar sem neytandi, sem ekki hefur gert samning við seljanda, er útsettur fyrir auglýsingum til þess eins að fá aðgang að stafrænu efni eða stafrænni þjónustu. Aðildarríkjum ætti hins vegar að vera frjálst að rýmka beitingu þessarar tilskipunar þannig að hún nái yfir slíkar aðstæður eða setja með öðrum hætti reglur um slíkar aðstæður sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

26) Þessi tilskipun ætti að gilda um samninga um þróun á stafrænu efni sem er sérsniðið að kröfum neytandans, þ.m.t. sérsniðnum hugbúnaði. Þessi tilskipun ætti einnig að gilda um afhendingu á rafrænum skrám sem nauðsynlegar eru í tengslum við þrívíddarprentun á vörum, að því marki sem slíkar skrár falla undir skilgreininguna á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu í skilningi þessarar tilskipunar. Þessi tilskipun ætti hins vegar ekki að taka til réttinda eða skuldbindinga varðandi vörur sem framleiddar eru með þrívíddarprenttækni.

27) Þar eð þessi tilskipun ætti að gilda um samninga sem hafa það að markmiði að láta neytandanum í té stafrænt efni eða stafræna þjónustu ætti hún ekki að gilda þar sem meginviðfangsefni samningsins er veiting sérfræðiþjónustu, s.s. þýðingaþjónustu, arkitektaþjónustu, lögfræðiþjónustu eða annarrar þjónustu sem varðar faglega ráðgjöf, sem oft er framkvæmd af seljandanum sjálfum, óháð því hvort seljandinn notar stafrænar leiðir til að framleiða afrakstur þjónustunnar eða til að afhenda hana eða senda til neytandans. Á sama hátt ætti þessi tilskipun ekki að gilda um opinbera þjónustu eins og almannatryggingaþjónustu eða opinberar skrár þar sem stafrænar leiðir eru einungis notaðar til að senda eða miðla þjónustunni til neytandans. Þessi tilskipun ætti heldur ekki að gilda um opinberlega staðfest skjöl og aðrar lögbókandagerðir, óháð því hvort þau eru framkvæmd, skráð, afrituð eða send með stafrænum hætti.

28) Markaðurinn fyrir ónúmerabundna fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga, sem ekki tengist númerum sem úthlutað er opinberlega, þróast hratt. Á undanförnum árum hefur tilkoma nýrrar stafrænnar þjónustu sem gerir fjarskipti milli einstaklinga á netinu möguleg, eins og veflægs tölvupósts og skilaboðaþjónustu á netinu, leitt til þess að fleiri neytendur nýta sér slíka þjónustu. Því er nauðsynlegt að veita virka neytendavernd að því er varðar slíka þjónustu. Þessi tilskipun ætti því einnig að gilda um fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem er ótengd númerum.

29) Þessi reglugerð ætti ekki að gilda um heilbrigðisþjónustu eins og hún er skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB ([5]). Útilokun „heilbrigðisþjónustu“ frá gildissviði þessarar tilskipunar ætti einnig að gilda um hvers konar stafrænt efni eða stafræna þjónustu sem telst lækningatæki, eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 93/42/EBE ([6]) eða 90/385/EBE ([7]) eða í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB ([8]), þar sem slíku lækningatæki er ávísað af eða það látið í té af fagfólki í heilbrigðisþjónustu eins og skilgreint er í tilskipun 2011/24/ESB. Þessi tilskipun ætti hins vegar að gilda um stafrænt efni eða stafræna þjónustu sem telst vera lækningatæki, s.s. heilsuforrit, sem neytandinn getur sótt sér án þess að sérfræðingur á heilbrigðissviði hafi ávísað slíku efni eða þjónustu eða látið það í té.

30) Lög Sambandsins sem varða fjármálaþjónustu innihalda margar reglur um neytendavernd. Fjármálaþjónusta, eins og hún er skilgreind í gildandi lögum um þann geira, einkum í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB ([9]), nær einnig til stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu sem varðar eða veitir aðgang að fjármálaþjónustu og fellur því undir vernd laga Sambandsins um fjármálaþjónustu. Samningar sem varða stafrænt efni eða stafræna þjónustu sem telst vera fjármálaþjónusta ættu því að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

31) Þessi tilskipun ætti ekki að gilda um stafrænt efni eða stafræna þjónustu sem er látin almenningi í té sem hluti af listflutningi eða öðrum viðburði, s.s. stafrænni kvikmyndasýningu eða hljóð- og myndrænni leiksýningu. Þessi tilskipun ætti hins vegar að gilda ef stafrænt efni eða stafræn þjónusta er látin almenningi í té með merkjasendingu, s.s. með stafrænni sjónvarpsþjónustu.

32) Frjáls og opinn hugbúnaður, þar sem frumkóðanum er deilt opinberlega og notendur geta með frjálsum hætti haft aðgang að, notað, breytt og endurdreift hugbúnaðinum eða breyttum útgáfum af honum, getur stuðlað að rannsóknum og nýsköpun á markaði fyrir stafrænt efni og stafræna þjónustu. Til að komast hjá því að leggja hindranir í veg slíkrar markaðsþróunar ætti þessi tilskipun ekki heldur að gilda um frjálsan og opinn hugbúnað, að því tilskildu að ekki sé greitt fyrir hann verð og að persónuupplýsingar neytandans séu eingöngu nýttar til að bæta öryggi, samrýmanleika eða samvirkni hugbúnaðarins.

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB frá 9. mars 2011 um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri (Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 45).

([6]) Tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki (Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1).

([7]) Tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki (Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17).

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi (Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1).

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB (Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).

33) Stafrænt efni eða stafræn þjónusta er oft látin fylgja vörum eða annarri þjónustu og boðin neytandanum innan sama samnings sem samanstendur af pakka af ólíkum þáttum, s.s. veitingu stafrænnar sjónvarpsþjónustu og kaupum á rafrænum búnaði. Í slíkum tilvikum inniheldur samningurinn milli neytandans og seljandans þætti samnings um afhendingu stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu en einnig þætti annarra tegunda samninga, s.s. sölusamninga eða þjónustusamninga. Þessi tilskipun ætti einungis að gilda um þá þætti heildarsamningsins sem fela í sér afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu. Aðrir þættir samningsins ættu að falla undir þær reglur sem gilda um þá samninga samkvæmt landslögum eða eftir því sem við á, önnur lög Sambandsins sem gilda um sérstök svið eða efni. Á sama hátt ættu landslög að gilda um hugsanleg áhrif uppsagnar eins þáttar pakkasamningsins á aðra hluta hans. Til að tryggja samræmi við sviðsértæk ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 ([10]) sem setja reglur um pakkasamninga ættu þó, þegar seljandi býður í skilningi þeirrar tilskipunar stafrænt efni eða stafræna þjónustu ásamt fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem er tengd númerum eða netaðgangsþjónustu, ákvæði þessarar tilskipunar um breytingar á stafrænu efni ekki að gilda um þann þátt pakkans sem varðar stafrænt efni eða stafræna þjónustu. Þess í stað ættu ákvæði tilskipunar (ESB) 2018/1972 að gilda um alla þætti pakkans, þ.m.t. stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna.

34) Ákvæði þessarar tilskipunar varðandi pakkasamninga ættu einungis að gilda í þeim tilvikum þar sem sami seljandi býður sama neytanda ólíka þætti pakkans í einum samningi. Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á landslög um skilyrði fyrir því að samningur um afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu geti talist tengdur eða fylgja öðrum samningi sem neytandinn hefur gert við sama seljanda eða annan seljanda, um þau úrræði sem hver samningur veitir eða um þau áhrif sem uppsögn eins samnings myndi hafa á annan samning.

35) Þeir viðskiptahættir að bjóða pakka af stafrænu efni eða stafrænni þjónustu með vörum eða annarri þjónustu falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB ([11]) um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum. Þess háttar pakkar eru ekki bannaðir sem slíkir samkvæmt tilskipun 2005/29/EB. Þeir eru hins vegar bannaðir teljist þeir óréttmætir í kjölfar mats á einstökum tilvikum samkvæmt viðmiðunum þeirrar tilskipunar. Samkeppnislög Sambandsins heimila einnig að tekið sé á samtvinnun og pakkasölu (e. tying and bundling practices) þegar slíkt hefur áhrif á samkeppni og skaðar neytendur.

36) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á önnur lög Sambandsins sem gilda um sérstök svið eða efni, s.s. fjarskipti, rafræna verslun og neytendavernd. Hún ætti heldur ekki að hafa áhrif á lög Sambandsins og landslög um höfundarétt og skyld réttindi, þ.m.t. flytjanleika efnisveituþjónustu á netinu.

37) Starfsemi sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar gæti falið í sér vinnslu persónuupplýsinga. Lög Sambandsins kveða á um heildstæðan ramma um vernd persónuupplýsinga. Þessi tilskipun hefur einkum ekki áhrif á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([12]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB ([13]). Sá rammi gildir um allar persónuupplýsingar sem unnar eru í tengslum við samninga sem tilskipun þessi nær til. Af þessum sökum ætti einungis að safna persónuupplýsingum eða vinna með þær í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679 og tilskipun 2002/58/EB. Ef til þess kemur að ákvæði þessarar tilskipunar og lög Sambandsins um vernd persónuupplýsinga stangist á ættu hin síðarnefndu að ganga framar.

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (Stjtíð. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36).

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 (tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti) (Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22).

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

38) Þessi tilskipun ætti ekki að setja reglur um skilyrði fyrir lögmæti vinnslu persónuupplýsinga, þar sem um þetta gildir einkum reglugerð (ESB) 2016/679. Af þeim sökum er hvers konar vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við samning sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar einungis lögleg ef hún samræmist ákvæðum reglugerðar (ESB) 2016/679 að því er varðar lagagrundvöll fyrir vinnslu persónuupplýsinga. Þegar vinnsla persónuupplýsinga byggist á samþykki, einkum skv. a-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, gilda sértæk ákvæði þeirrar reglugerðar, þ.m.t. þau sem varða skilyrði fyrir mati á því hvort samþykki sé veitt af fúsum og frjálsum vilja. Þessi tilskipun ætti ekki að setja reglur um gildi samþykkisins sem veitt er. Reglugerð (ESB) 2016/679 inniheldur einnig yfirgripsmikil réttindi að því er varðar eyðingu upplýsinga og til að flytja eigin gögn. Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á þessi réttindi sem gilda um allar persónuupplýsingar sem neytandi lætur seljanda í té eða sem seljandinn aflar í tengslum við sérhvern samning sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar og þegar neytandinn riftir samningi í samræmi við þessa tilskipun.

39) Rétturinn til eyðingar og réttur neytandans til að draga samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga til baka ætti einnig að gilda að fullu í tengslum við samninga sem þessi tilskipun tekur til. Réttur neytanda til að rifta samningi í samræmi við þessa tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á réttindi neytanda skv. reglugerð (ESB) 2016/679 til að draga samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga neytandans til baka.

40) Þessi tilskipun ætti ekki að setja reglur um afleiðingar þess á samningana sem þessi tilskipun tekur til ef neytandinn dregur samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga sinna til baka. Um slíkar afleiðingar ætti áfram að fara að landslögum.

41) Seljandi getur afhent neytendum stafrænt efni eða stafræna þjónustu með ýmsu móti. Heppilegt er að setja einfaldar og skýrar reglur um hvernig og hvenær skuli framkvæma þessa afhendingarskyldu, sem er helsta samningsbundna skylda seljandans, með því að gera stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna tiltæka eða aðgengilega fyrir neytandann. Stafræna efnið eða stafræna þjónustan ætti að teljast hafa verið gerð tiltæk eða aðgengileg neytandanum þegar stafræna efnið eða stafræna þjónustan, eða hentugar leiðir til að nálgast slíkt eða hlaða því niður, er komið til neytandans og engra frekari aðgerða er þörf af hálfu seljandans til að gera neytandanum kleift að nota stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna í samræmi við samninginn. Að teknu tilliti til þess að seljandinn er að jafnaði ekki ábyrgur fyrir aðgerðum eða aðgerðaleysi þriðja aðila sem starfrækir aðstöðu eða sýndaraðstöðu, t.d. rafrænan vettvang eða gagnageymsluaðstöðu í skýi, sem neytandinn velur til að taka á móti eða geyma stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna, ætti að vera nóg að seljandinn láti þeim þriðja aðila í té stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna. Aðstaðan eða sýndaraðstaðan getur hins vegar ekki talist valin af neytandanum ef hún er undir stjórn seljanda eða tengd honum samkvæmt samningi, eða ef aðstaðan eða sýndaraðstaðan sem neytandinn valdi til að taka við stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni var eini valkosturinn sem seljandinn bauð upp á til að taka við eða fá aðgang að stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni.

Geti aðstaðan eða sýndaraðstaðan ekki talist hafa verið valin af neytandanum ætti skylda seljandans til að afhenda stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna ekki að teljast uppfyllt ef stafræna efnið eða stafræna þjónustan er afhent aðstöðunni eða sýndaraðstöðunni en neytandinn getur ekki tekið við eða fengið aðgang að stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni í samræmi við þessa tilskipun. Í þeim tilvikum ætti neytandinn að njóta sömu úrræða og myndu eiga við ef seljandinn hefði ekki afhent stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna. Að því er varðar tímasetningu afhendingar ætti, í samræmi við markaðsvenjur og tæknilega möguleika og til að veita tiltekinn sveigjanleika, að afhenda stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna án ótilhlýðilegrar tafar nema aðilarnir ákveði að koma sér saman um annað í þágu annarra afhendingarlíkana.

42) Stafræna efnið eða stafræna þjónustan ætti að vera í samræmi við þær kröfur sem seljandinn og neytandinn hafa komið sér saman um í samningnum. Einkum ætti það eða hún að vera í samræmi við lýsingu, magn, t.d. fjölda tónlistarskráa sem hægt er að nálgast, gæði, t.d. upplausn mynda, tungumál og útgáfu sem samið er um í samningnum. Það eða hún ætti einnig að búa yfir því öryggi, virkni, samrýmanleika, samvirkni og öðrum þáttum sem fram koma í samningnum. Á meðal krafna í samningnum ættu einnig að vera kröfur sem leiðir af upplýsingum sem veittar eru áður en samningur er gerður sem, í samræmi við tilskipun 2011/83/ESB, eru óaðskiljanlegur hluti samningsins. Þessar kröfur mætti einnig setja fram í samningi um þjónustustig þar sem slík tegund samnings er, samkvæmt gildandi landslögum, hluti af samningsbundnum tengslum milli neytandans og seljandans.

43) Hugtakið virkni ætti að skilja sem svo að það vísi til þess hvernig nota megi stafrænt efni eða stafræna þjónustu. Til dæmis gæti það hvort einhvers konar tæknilegar takmarkanir eru fyrir hendi eða ekki, s.s. vörn með stjórnun stafrænna réttinda eða svæðiskóðun, haft áhrif á getu stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar til að sinna öllum hlutverkum sínum með hliðsjón af tilgangi sínum. Hugtakið samvirkni tengist því hvort og að hve miklu leyti stafrænt efni eða stafræn þjónusta getur virkað með vélbúnaði eða hugbúnaði sem er ólíkur þeim sem almennt er notaður með stafrænu efni eða stafrænni þjónusta af sömu tegund. Árangursrík virkni gæti t.d. falið í sér getu stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar til að skiptast á upplýsingum við annan slíkan hugbúnað eða vélbúnað og til að nota upplýsingarnar sem skipst er á.

44) Þar eð stafrænt efni og stafræn þjónusta eru í stöðugri þróun geta seljendur gert samkomulag við neytendur um að sjá þeim fyrir uppfærslum og þáttum um leið og slíkt liggur fyrir. Samræmi stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar ætti því einnig að meta í tengslum við hvort stafræna efnið eða þjónustan hefur verið uppfærð með þeim hætti sem mælt fyrir um í samningnum. Séu uppfærslur, sem samið var um í samningnum, ekki afhentar ætti það að teljast ósamræmi stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu. Auk þess ættu gallaðar eða ófullnægjandi uppfærslur einnig að teljast ósamræmi stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu þar sem það myndi þýða að slíkar uppfærslur væru ekki framkvæmdar á þann hátt sem mælt er fyrir um í samningnum.

45) Til að vera í samræmi og til að tryggja að neytendur séu ekki sviptir réttindum sínum, t.d. í þeim tilvikum þar sem samningurinn setur mjög litlar kröfur, ætti stafrænt efni eða stafræn þjónusta ekki einungis að fullnægja huglægum kröfum um samræmi heldur ætti það eða hún einnig að fullnægja hlutlægu kröfunum um samræmi sem settar eru fram í þessari tilskipun. Samræmi ætti m.a. að meta að teknu tilliti til þess tilgangs sem stafrænt efni eða stafræn þjónusta af sömu tegund hentar almennt til. Stafræna efnið og þjónustan ætti einnig að hafa til að bera þá eiginleika og þætti sem eru vanalegir í stafrænu efni eða stafrænni þjónustu af sama tagi og sem neytendur geta með nokkurri sanngirni vænst, að teknu tilliti til eðlis stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar og opinberra yfirlýsinga um eiginleika stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar sem settar eru fram af hálfu eða fyrir hönd seljanda eða annarra aðila í fyrri hlutum keðju viðskipta.

46) Að því er varðar sérhverja tilvísun í þessari tilskipun varðandi það hvers einstaklingur geti vænst með nokkurri sanngirni, ætti að meta sanngirniskröfuna á hlutlægan hátt með hliðsjón af eðli og tilgangi stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar, málavöxtum og notkun og venjum hlutaðeigandi aðila. Sérstaklega ætti að meta á hlutlægan hátt hvað teljast vera sanngjörn tímamörk til að færa stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna til samræmis, með hliðsjón af eðli ósamræmisins.

47) Á tímabili sem neytandinn myndi með nokkurri sanngirni geta vænst þess, ætti seljandinn að láta honum í té uppfærslur, þ.m.t. öryggisuppfærslur, til að halda stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni í samræmi og öruggu. Til dæmis að því er varðar stafrænt efni eða stafræna þjónustu sem hefur tilgang sem lýtur tímatakmörkunum ætti skyldan til að láta uppfærslur í té að takmarkast við þann tíma, en þegar um er að ræða aðrar tegundir stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu gæti það tímabil sem neytandi ætti að fá uppfærslur jafngilt ábyrgðartímabilinu vegna ósamræmis eða verið lengra en það tímabil, sem gæti einkum átt við þegar um er að ræða öryggisuppfærslur. Neytandanum ætti áfram að vera frjálst að ákveða hvort hann setur upp uppfærslurnar sem látnar eru í té. Ákveði neytandinn að setja ekki upp uppfærslurnar getur hann hins vegar ekki vænst þess að stafræna efnið eða stafræna þjónustan haldist samræmd. Seljandinn ætti að upplýsa neytandann um að ákvörðun neytandans um að setja ekki upp uppfærslur, sem nauðsynlegar eru til að halda stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni í samræmi, þ.m.t. öryggisuppfærslur, muni hafa áhrif á ábyrgð seljandans á samræmi þeirra þátta stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar sem viðkomandi uppfærslum er ætlað að halda samræmdum Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á skyldur til að láta í té öryggisuppfærslur sem mælt er fyrir um í öðrum lögum Sambandsins eða í landslögum.

48) Reglugerð (ESB) 2016/679 eða önnur löggjöf Sambandsins um persónuvernd ætti að gilda að fullu um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við sérhvern samning sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar. Auk þess ætti þessi tilskipun ekki að hafa áhrif á réttindi, skyldur og úrræði utan samninga sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/679. Málsatvik sem leiða til þess að ekki er farið að kröfum reglugerðar (ESB) 2016/679, þ.m.t. grundvallarreglum eins og kröfum um lágmörkun gagna, innbyggða persónuvernd og sjálfgefna persónuvernd, geta, með hliðsjón af aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig, einnig talist ósamræmi stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu við huglægar eða hlutlægar kröfur um samræmi sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Dæmi um þetta gæti verið þar sem seljandi tekur sérstaklega á sig

skyldu í samningi, eða túlka má samninginn með þeim hætti, sem einnig tengist skyldum seljandans samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679. Í því tilfelli getur slík samningsbundin skylda orðið hluti af huglægu kröfunum um samræmi. Annað dæmi gæti verið þegar vanefndir á skyldunum sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/679 gætu á sama tíma gert stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna óhæfa í tilætluðum tilgangi og þess vegna talist ósamræmi við hlutlægu kröfuna um samræmi sem krefst þess að stafrænt efni eða stafræn þjónusta henti til þeirra nota sem stafrænt efni eða stafræn þjónusta af sömu tegund henta almennt til.

Þetta væri til dæmis reyndin ef seljandi gagnadulkóðunarhugbúnaðar grípur ekki til viðeigandi ráðstafana, sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679, til að tryggja að innbyggt sé að persónuupplýsingar séu ekki afhentar óviðkomandi viðtakendum, sem gerir dulkóðunarhugbúnaðinn þar með óhæfan til notkunar í tilætluðum tilgangi sem er að neytandinn geti sent gögn með öruggum hætti til fyrirhugaðs viðtakanda. Að lokum gætu verið tilvik þar sem vanefndir seljanda á skyldum sínar skv. reglugerð (ESB) 2016/679 geta einnig talist ósamræmi stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu við hlutlægar kröfur um samræmi sem krefjast þess að stafræna efnið eða stafræna þjónustan hafi til að bera þætti sem eru vanalegir í stafrænu efni eða stafrænni þjónustu af sama tagi og sem neytandinn getur vænst með nokkurri sanngirni. Til dæmis ef seljandi netverslunarforrits grípur ekki til þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/679 um öryggi við vinnslu persónuupplýsinga neytandans, og það leiðir til þess að kreditkortaupplýsingar neytandans eru óvarðar fyrir spilliforritum eða njósnahugbúnaði, gæti sú vanræksla einnig talist ósamræmi stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu í skilningi þessarar tilskipunar þar sem neytandinn myndi, með nokkurri sanngirni, vænta þess að forrit af þessu tagi byggi alla jafna yfir eiginleikum sem koma í veg fyrir birtingu greiðsluupplýsinga. Ef málsatvik, sem leiða til þess að ekki sé farið að kröfum reglugerðar (ESB) 2016/679, teljast einnig ósamræmi stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu við huglægar eða hlutlægar kröfur um samræmi, eins og kveðið er á um í þessari tilskipun, ætti neytandinn að eiga rétt á úrræðum vegna ósamræmis sem þessi tilskipun kveður á um, nema samningurinn sé þegar ógildur eða ógildanlegur samkvæmt landslögum.

49) Til að tryggja nægjanlegan sveigjanleika ættu aðilar að eiga möguleika á að víkja frá hlutlægum kröfum um samræmi. Slíkt frávik ætti einungis að vera mögulegt hafi neytandinn verið upplýstur um slíkt og ef neytandinn samþykkir það aðskilið frá öðrum yfirlýsingum eða samningum og með virkum og ótvíræðum hætti. Bæði skilyrðin mætti t.d. uppfylla með því að merkja í reit, ýta á hnapp eða með því að virkja svipaða aðgerð.

50) Við beitingu reglna þessarar tilskipunar ættu seljendur að nota staðla, opnar tækniforskriftir, góðar starfsvenjur og hátternisreglur, þ.m.t. í tengslum við hið almennt notaða, tölvulesanlega snið til að nálgast efni, annað en persónuupplýsingar, sem neytandinn lét í té eða skapaði þegar hann notaði stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna, og í tengslum við öryggi upplýsingakerfa og stafræns umhverfis, hvort sem þeim er komið á á alþjóðavettvangi, á vettvangi Sambandsins eða á vettvangi sérstakrar atvinnugreinar. Í þessu samhengi gæti framkvæmdastjórnin kallað eftir þróun alþjóðlegra staðla og staðla Sambandsins og að atvinnugreinasamtök og önnur fulltrúasamtök semji hátternisreglur sem stutt gætu við samræmda framkvæmd þessarar tilskipunar.

51) Margar tegundir stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu eru látnar í té samfellt yfir ákveðið tímabil, s.s. aðgengi að skýjaþjónustu. Því er nauðsynlegt að tryggja að stafræna efnið eða stafræna þjónustan sé samræmd allan gildistíma samningsins. Skammtímatruflanir á afhendingu stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu ætti að fara með eins og ósamræmi ef þessar truflanir eru meira en óverulegar eða endurtaka sig. Í ljósi tíðra umbóta á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu, einkum með uppfærslum, ætti sú útgáfa af stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni sem neytandinn fær að vera sú nýjasta sem fáanleg er þegar samningurinn er gerður, nema aðilarnir hafi komist að samkomulagi um annað.

52) Til að stafrænt efni eða stafræn þjónusta virki með réttum hætti þarf það eða hún að vera rétt samþætt vélbúnaðar- og hugbúnaðarumhverfi neytandans. Ósamræmi stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu sem kemur til vegna rangrar samþættingar, ættu að teljast ósamræmi sjálfs stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar ef efnið eða þjónustan var samþætt af seljandanum sjálfum eða undir stjórn hans eða af neytandanum eftir leiðbeiningum seljandans um samþættingu og ef röng samþætting er tilkomin vegna ágalla á nauðsynlegum samþættingarleiðbeiningum, s.s. að leiðbeiningarnar séu ófullkomnar eða að þær skorti skýrleika sem gerir meðalneytandanum erfitt að nota þær.

53) Takmarkanir á notkun neytanda á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu í samræmi við þessa tilskipun gætu komið til vegna takmarkana sem hugverkarétthafi setur í samræmi við hugverkarétt. Slíkar takmarkanir geta stafað af leyfissamningi endanotanda sem gildir um afhendingu stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar til neytandans. Þetta getur t.d. átt við þegar leyfissamningur endanotanda bannar neytandanum að nýta tiltekna þætti sem tengjast virkni stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar. Slík takmörkun gæti valdið því að stafræna efnið eða stafræna þjónustan brjóti í bága við hlutlægu kröfurnar um samræmi sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun ef hún varðar þætti sem yfirleitt er að finna í stafrænu efni eða stafrænni þjónustu af sama tagi og sem neytandinn getur vænst með nokkurri sanngirni. Í slíkum tilvikum ætti neytandinn að geta gripið til þeirra úrræða vegna ósamræmis sem kveðið er á um í þessari tilskipun gagnvart seljandanum sem lét stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna í té. Seljandinn ætti einungis að geta komist hjá slíkri bótaábyrgð með því að uppfylla skilyrði fyrir því að víkja megi frá hlutlægu kröfunum um samræmi sem kveðið er á um í þessari tilskipun, þ.e.a.s. aðeins ef seljandinn upplýsir neytandann sérstaklega áður en samningurinn er gerður um að tiltekinn eiginleiki stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar víki frá hlutlægum kröfum um samræmi og neytandinn hafi gagngert og sérstaklega samþykkt það frávik.

54) Lagalegir ágallar eru sérstaklega þýðingarmikið atriði í tengslum við stafrænt efni eða stafræna þjónustu sem falla undir hugverkaréttindi. Takmarkanir á notkun neytanda á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu í samræmi við þessa tilskipun gætu komið til vegna brots á réttindum þriðja aðila. Slíkt brot gæti í raun hindrað neytandann í að nýta sér stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna eða vissa þætti efnisins eða þjónustunnar, t.d. þegar neytandinn getur ekki fengið aðgang að stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni eða getur ekki gert það löglega. Það gæti verið vegna þess að þriðji aðilinn neyðir seljandann, með réttu, til að hætta að brjóta í bága við þessi réttindi og til að hætta að bjóða stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna sem um er að ræða eða að neytandinn getur ekki notað stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna án þess að brjóta lög. Ef um brot á réttindum þriðja aðila er að ræða sem leiðir til takmörkunar sem kemur í veg fyrir eða takmarkar notkun á stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni í samræmi við huglægu eða hlutlægu kröfurnar um samræmi, ætti neytandinn að eiga rétt á úrræðum vegna ósamræmisins nema hægt sé að ógilda eða rifta samningnum á grundvelli landslaga, t.d. vegna brots á ábyrgð vegna eignarréttar.

55) Seljandi ætti að bera ábyrgð gagnvart neytanda ef um ósamræmi stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu er að ræða og ef misbrestur verður á afhendingu stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar. Þar eð hægt er að afhenda neytendum stafrænt efni eða stafræna þjónustu í eitt skipti eða fleiri eða samfellt á tilteknu tímabili, er við hæfi að viðeigandi tími til að staðfesta samræmi stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar sé ákvarðaður með hliðsjón af þessum ólíku afhendingarleiðum.

56) Afhending stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu til neytenda getur farið fram í eitt stakt skipti, t.d. þegar neytendur hala niður rafbók og vista hana á persónulegum búnaði sínum. Á sama hátt getur afhendingin samanstaðið af röð slíkra stakra aðgerða, t.d. ef neytendur fá í viku hverri tengil til að hala niður nýrri rafbók. Sérkennandi þáttur þessa flokks stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu er sá að neytendur hafa upp frá því möguleika á aðgengi að og notkun á stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni ótímabundið. Í slíkum tilvikum ætti að meta samræmi stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar þegar afhending fer fram og því ætti seljandinn aðeins að bera ábyrgð á ósamræmi sem var til staðar þegar afhending fór fram í eitt stakt skipti eða þegar hún fer fram hverju sinni. Til að tryggja réttarvissu ættu seljendur og neytendur að geta reitt sig á samræmt lágmarkstímabil þar sem seljandinn ætti að bera ábyrgð á ósamræmi. Í tengslum við samninga sem kveða á um afhendingu í eitt skipti eða röð stakra afhendinga á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu ættu aðildarríki að tryggja að seljendur séu ábyrgir í ekki minna en tvö ár frá afhendingu ef viðkomandi landslög kveða á um að seljandi sé aðeins ábyrgur fyrir ósamræmi sem kemur í ljós innan ákveðins tímabils frá afhendingu.

57) Stafrænt efni eða stafræn þjónusta gæti einnig verið afhent neytendum með samfelldum hætti yfir tiltekið tímabil. Til samfelldrar afhendingar geta talist tilvik þar sem seljandi gerir stafræna þjónustu aðgengilega fyrir neytendur í tiltekinn tíma eða ótímabundið, t.d. tveggja ára gagnageymslusamningur í skýi eða ótímabundin aðild að samfélagsmiðlum. Sérkennandi þáttur þessa flokks er sú staðreynd að stafræna efnið eða stafræna þjónustan er aðeins tiltæk eða aðgengileg neytendum á föstum gildistíma samningsins eða svo lengi sem ótímabundni samningurinn er í gildi. Þess vegna er réttlætanlegt að seljandinn ætti, í slíkum tilvikum, aðeins að vera ábyrgur fyrir ósamræmi sem kemur fram á því tímabili. Samfelld afhending ætti ekki endilega að þurfa að vera langtímaafhending. Tilvik á borð við vefstreymi myndskeiða ættu að teljast samfelld afhending yfir ákveðið tímabil, óháð því hversu löng hljóð- og myndskráin raunverulega er. Tilvik þar sem tilteknir þættir stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu eru gerðir aðgengilegir reglulega

eða í nokkur skipti á gildistíma samnings eða svo lengi sem ótímabundinn samningur er í gildi, ættu einnig að teljast samfelld afhending yfir tiltekið tímabil, t.d. þar sem samningur mælir fyrir um að nota megi afrit af veiruförgunar-hugbúnaði í eitt ár og búnaðurinn uppfærist sjálfvirkt á fyrsta degi hvers mánaðar á því tímabili eða að seljandi muni gefa út uppfærslur í hvert sinn sem nýir þættir stafræns leiks verða tiltækir, og stafræna efnið eða stafræna þjónustan eru aðeins tiltæk eða aðgengileg neytendum á föstum gildistíma samningsins eða svo lengi sem ótímabundni samningurinn er í gildi.

58) Aðildarríkjum ætti að vera frjálst að setja reglur um landsbundna fyrningarfresti. Slíkur fyrningarfrestur ætti þó ekki að koma í veg fyrir að neytendur neyti réttar síns á því tímabili sem seljandinn er ábyrgur fyrir ósamræmi. Þótt þessi tilskipun ætti því ekki að samræma upphaf landsbundinna fyrningarfresta ætti hún samt sem áður að tryggja að slíkir frestir heimili neytendum að nýta úrræði sín vegna ósamræmis sem kemur í ljós a.m.k. á því tímabili sem seljandinn er ábyrgur fyrir ósamræminu.

59) Vegna sérstaks eðlis stafræns efnis og stafrænnar þjónustu og þess hve flókin þau eru, sem og vegna betri þekkingar seljandans og aðgengis hans að sérþekkingu, tæknilegum upplýsingum og hátækniaðstoð, er líklegt að seljandinn sé í betri aðstöðu en neytandinn til að vita af hverju stafrænt efni eða stafræn þjónusta er ekki afhend eða ekki í samræmi. Seljandinn er einnig líklegur til að vera í betri aðstöðu til að meta hvort misbrestur á afhendingu eða ósamræmi stafi af því að stafrænt umhverfi neytandans samræmist ekki tæknilegum kröfum stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar. Þótt það sé neytandans að færa sönnur á að stafrænt efni eða stafræn þjónusta sé ekki í samræmi ætti neytandinn því ekki að þurfa, ef ágreiningur kemur upp, að færa sönnur á að ósamræmið hafi verið til staðar við afhendingu eða, ef um er að ræða samfellda afhendingu, á gildistíma samningsins.

Þess í stað ætti það að vera seljandans að færa sönnur á að stafræna efnið eða stafræna þjónustan hafi verið í samræmi á þeim tíma eða á því tímabili. Sú sönnunarbyrði ætti að hvíla á seljandanum vegna ósamræmis sem kemur í ljós innan eins árs frá afhendingu, ef samningurinn kveður á um afhendingu í eitt skipti eða röð stakra afhendinga, og út samningstímann ef samningurinn kveður á um samfellda afhendingu yfir tiltekið tímabil. Geti seljandinn hins vegar fært sönnur á að stafrænt umhverfi neytandans samrýmist ekki tæknilegu kröfunum sem seljandinn upplýsti neytandann um með skýrum og skilmerkilegum hætti áður en samningurinn var gerður, ætti sönnunarbyrðin við að sanna að ósamræmi stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar hafi verið til staðar við afhendingu þess að hvíla á neytandanum ef samningurinn kveður á um afhendingu í eitt skipti eða röð stakra afhendinga, eða út samningstímann ef samningurinn kveður á um samfellda afhendingu yfir tiltekið tímabil.

60) Án þess að það hafi áhrif á grundvallarréttinn til friðhelgi einkalífs, þ.m.t. fjarskiptaleynd, og til verndar persónu-upplýsingum neytandans, ætti neytandinn að vinna með seljandanum svo seljandinn geti gengið úr skugga um, með þeim tiltæku tæknilegu leiðum sem valda neytandanum minnstri röskun, hvort ástæðan fyrir ósamræminu liggi í stafrænu umhverfi neytandans. Þetta er oft hægt að gera t.d. með því að láta seljandanum í té sjálfvirkar atviksskýrslur eða upplýsingar um nettengingu neytandans. Aðeins í sérstökum og tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum þar sem engin önnur leið er möguleg, þrátt fyrir bestu mögulegu notkun á öllum öðrum leiðum, gætu neytendur þurft að heimila sýndaraðgang að stafrænu umhverfi sínu. Ef neytandinn vinnur hins vegar ekki með seljandanum og neytandinn hafði verið upplýstur um afleiðingar af skorti á samstarfsvilja, ætti það að vera neytandans að sanna ekki aðeins að stafræna efnið eða stafræna þjónustan sé ekki í samræmi heldur einnig að stafræna efnið eða stafræna þjónustan hafi ekki verið í samræmi við afhendingu stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar, ef samningurinn kveður á um afhendingu í eitt skipti eða röð stakra afhendinga, eða út samningstímann, ef samningurinn kveður á um samfellda afhendingu yfir tiltekið tímabil.

61) Ef seljandi hefur ekki afhent stafrænt efni eða stafræna þjónustu ætti neytandinn að leita eftir því að seljandinn afhendi það. Í slíkum tilvikum ætti seljandinn að bregðast við án ótilhlýðilegrar tafar eða innan þess viðbótartíma sem aðilar hafa komist að skýru samkomulagi um. Að teknu tilliti til þess að stafrænt efni eða stafræn þjónusta er afhent á stafrænu formi ætti afhendingin í flestum tilfellum ekki að krefjast neins viðbótartíma til að gera stafræna efnið eða stafrænu

þjónustuna aðgengilega fyrir neytandann. Í slíkum tilvikum ætti því sú skylda seljandans að láta stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna í té án ótilhlýðilegrar tafar að þýða að hann þurfi að afhenda það þegar í stað. Afhendi seljandinn þá ekki stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna ætti neytandinn að eiga rétt á að rifta samningnum. Við tilteknar aðstæður, t.d. þar sem skýrt er að seljandinn muni ekki afhenda stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna eða þar sem brýnt er fyrir neytandann að afhendingin fari fram á tilteknum tíma, ætti neytandinn að eiga rétt á að rifta samningnum án þess að þurfa fyrst að leita eftir því að seljandinn afhendi stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna.

62) Þegar um ósamræmi er að ræða ættu neytendur að eiga rétt á því að stafræna efnið eða stafræna þjónustan sé færð til samræmis, á að fá hlutfallslegan afslátt af verði eða að samningnum sé rift.

63) Með hliðsjón af tæknilegum eiginleikum stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar ætti seljandanum að vera heimilt að velja hvernig hann færir stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna til samræmis, t.d. með útgáfu uppfærslna eða með því að gera nýtt eintak af stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni aðgengilegt fyrir neytandann.

64) Í ljósi þess hversu fjölbreytt stafrænt efni og stafræn þjónusta er, þykir ekki rétt að festa ákveðna fresti til að nýta réttindi eða til að uppfylla skyldur sem varða stafrænt efni eða stafræna þjónustu. Slíkir frestir myndu ekki taka tillit til slíkrar fjölbreytni og gætu annað hvort verið of stuttir eða of langir, háð hverju tilviki fyrir sig. Því er réttara að gera þá kröfu að stafrænt efni eða stafræn þjónusta verði færð til samræmis innan sanngjarnra tímamarka. Slíkar kröfur ættu ekki að koma í veg fyrir að aðilar komi sér saman um tiltekinn tímamörk til að færa stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna til samræmis. Færa ætti stafrænt efni eða stafræna þjónustu til samræmis án endurgjalds. Einkum ætti neytandinn ekki að bera neinn kostnað í tengslum við þróun á uppfærslu fyrir stafrænt efni eða stafræna þjónustu.

65) Ef það reynist lagalega eða raunverulega ómögulegt að færa stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna til samræmis eða ef seljandinn neitar að gera það vegna þess að það hefði í för með sér óhóflegan kostnað fyrir hann, eða ef seljandinn hefur ekki fært stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna til samræmis innan sanngjarnra tímamarka, án endurgjalds og án þess að valda neytandanum verulegum óþægindum, ætti neytandinn að eiga rétt á úrræðum sem fela í sér afslátt af verði eða riftun samnings. Við tilteknar aðstæður er réttlætanlegt að neytandinn eigi rétt á afslætti af verði eða riftun samningsins tafarlaust, t.d. ef seljandinn hafði áður látið hjá líða að færa stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna til samræmis eða ef ekki er hægt að vænta þess af neytandanum að hann hafi áfram tiltrú á getu seljandans til að færa stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna til samræmis vegna þess hve ósamræmið er alvarlegt. Til dæmis ætti neytandanum að vera heimilt að óska beint eftir afslætti eða riftun samningsins ef neytandanum er látinn í té veiruförgunarhugbúnaður sem sjálfur er sýktur með veirum og myndi slíkt ósamræmi teljast svo alvarlegs eðlis. Það sama ætti að gilda þar sem ljóst er að seljandinn mun ekki færa stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna til samræmis innan sanngjarnra tímamarka eða án verulegra óþæginda fyrir neytandann.

66) Í aðstæðum þar sem neytandinn á rétt á afslætti af því verði sem hann greiðir fyrir stafrænt efni eða stafræna þjónustu sem afhent er yfir tiltekið tímabil ættu útreikningar á afslættinum að taka tillit til lækkunar á virði stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar vegna bæði ósamræmis og þess tíma sem neytandinn gat ekki notið stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar í samræmi.

67) Ef greitt er verð fyrir stafrænt efni eða stafræna þjónustu ætti neytandi aðeins að geta rift samningi þegar ekki er um að ræða minniháttar ósamræmi. Sé hins vegar ekki greitt verð fyrir stafrænt efni eða stafræna þjónustu heldur veitir neytandi persónuupplýsingar, ætti neytandinn einnig að geta rift samningnum í þeim tilvikum þar sem um er að ræða minniháttar ósamræmi, þar sem það úrræði að veita afslátt af verði stendur neytandanum ekki til boða. Í þeim tilvikum þar sem neytandinn greiðir verð og veitir persónuupplýsingar ætti neytandinn að eiga rétt á öllum mögulegum úrræðum þegar um ósamræmi er að ræða. Einkum ætti neytandinn, að því tilskildu að öll önnur skilyrði séu uppfyllt, að eiga rétt á að láta færa stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna til samræmis, rétt á hlutfallslegum afslætti af þeirri fjárhæð sem greidd er fyrir stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna eða rétt á riftun samningsins.

68) Ef neytandi riftir samningi ætti seljandi að endurgreiða honum það verð sem hann greiddi. Hins vegar er nauðsynlegt að jafnvægi ríki milli lögmætra hagsmuna neytenda og seljenda ef stafræna efnið eða stafræna þjónustan er afhent yfir tiltekið tímabil og stafræna efnið eða stafræna þjónustan var aðeins í samræmi á hluta þess tímabils. Við riftun ætti neytandinn því einungis að eiga rétt á þeim hluta greidds verðs sem samsvarar og er í réttu hlutfalli við það tímabil þar sem stafræna efnið eða stafræna þjónustan var ekki í samræmi. Neytandinn ætti einnig að eiga rétt á þeim hluta verðsins sem greiddur var fyrirfram fyrir þann tíma sem eftir hefði verið eftir riftun samningsins.

69) Veiti neytandi seljanda persónuupplýsingar ætti seljandinn að uppfylla skyldur reglugerðar (ESB) 2016/679. Einnig ætti að uppfylla slíkar skyldur í þeim tilfellum þar sem neytandinn greiðir verð og lætur í té persónuupplýsingar. Við riftun samnings ætti seljandinn einnig að láta vera að nota annað efni en persónuupplýsingar, sem neytandinn lét í té eða skapaði þegar hann notaði stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna sem seljandinn lét honum í té. Til slíks efnis gæti t.d. talist stafrænar myndir, mynd- og hljóðskrár og efni sem skapað er í fartækjum. Seljanda ætti hins vegar að vera heimilt að nota áfram efni sem neytandi veitti eða skapaði í tilvikum þar sem engin not eru af efninu í öðru samhengi en með stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni sem seljandinn afhendir, það tengist einungis athöfnum neytandans, seljandinn hefur safnað því með öðrum gögnum og ekki er hægt að aðgreina efnið eða það er einungis hægt með óhóflegri fyrirhöfn eða ef neytandinn og aðrir hafa skapað efnið í sameiningu og aðrir neytendur geta áfram nýtt sér það.

70) Neytandi gæti látið það aftra sér frá því að beita úrræðum vegna ósamræmis stafræns efni eða stafrænnar þjónustu ef honum er meinaður aðgangur að öðru efni en persónuupplýsingum sem hann lét í té eða skapaði með notkun á stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni. Til að tryggja að neytandinn njóti virkrar verndar með tilliti til réttarins til að rifta samningi ætti seljandi því, að beiðni neytandans, að gera honum slíkt efni aðgengilegt eftir að samningnum hefur verið rift.

71) Neytandinn ætti að eiga rétt á að endurheimta efnið innan sanngjarnra tímamarka, án þess að seljandinn hindri það, á algengu, tölvulesanlegu sniði og án endurgjalds, að undanskildum þeim kostnaði sem verður til vegna stafræns umhverfis neytandans sjálfs, t.d. kostnaðar vegna nettengingar þar eð slíkur kostnaður tengist ekki sérstaklega endurheimt efnisins. Skylda seljanda til að gera slíkt efni aðgengilegt ætti hins vegar ekki að eiga við þar sem einungis eru not af efninu í tengslum við notkun stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar, eða það tengist aðeins athöfnum neytandans þegar hann notar stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna eða ef seljandi hefur safnað efninu með öðrum gögnum og ekki er hægt að aðgreina efnið eða slíkt er einungis hægt með óhóflegri fyrirhöfn. Í slíkum tilvikum hefur neytandinn ekki umtalsverð hagnýt not eða hagsmuni af efninu, jafnframt því sem einnig er tekið tillit til hagsmuna seljanda. Auk þess ætti skylda seljanda til að gera hvert það efni, sem ekki telst til persónuupplýsinga og sem neytandinn lét í té eða skapaði, aðgengilegt neytandanum við riftun samnings ekki að hafa áhrif á rétt seljandans til að birta ekki tiltekið efni í samræmi við gildandi lög.

72) Ef samningi er rift ætti neytandi ekki að þurfa að greiða fyrir notkun á stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni á því tímabili sem stafræna efnið eða stafræna þjónustan var ekki í samræmi vegna þess að slíkt myndi svipta neytandann virkri vernd. Hins vegar ætti neytandinn einnig að láta vera að nota stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna eða gera það eða hana aðgengilega fyrir þriðju aðila, t.d. með því að eyða stafræna efninu eða nothæfu afriti eða með því að gera stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna óaðgengilega með öðrum hætti.

73) Meginreglan um bótaábyrgð seljanda er grundvallarþáttur samninga um afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu. Því ætti neytandinn að eiga rétt á að krefjast bóta vegna tjóns af völdum ósamræmis eða misbrests á afhendingu stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu. Bæturnar ættu að koma neytandanum eins nálægt þeirri stöðu sem hann hefði verið í, hefðu stafræna efnið eða stafræna þjónustan verið afhend og í samræmi, og mögulegt er. Þar eð slíkur réttur til skaðabóta er þegar til staðar í öllum aðildarríkjum ætti þessi tilskipun ekki að hafa ekki áhrif á reglur í hverju ríki fyrir sig um bætur til neytenda fyrir skaða sem þeir verða fyrir vegna brota á þessum reglum.

74) Þessi tilskipun ætti einnig að taka á breytingum, s.s. uppfærslum og endurbótum, sem seljendur gera á stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni sem afhend er eða gerð aðgengileg neytandanum yfir tiltekið tímabil. Með tilliti til hraðrar þróunar á eðli stafræns efnis og stafrænnar þjónustu kunna slíkar uppfærslur, endurbætur eða svipaðar breytingar að

vera nauðsynlegar og hagstæðar neytendum. Sumar breytingar, t.d. þær sem mælt er fyrir um í samningnum að séu uppfærslur, geta verið hluti af samningsbundinni skyldu. Aðrar breytingar geta verið nauðsynlegar til að uppfylla hlutlægar kröfur þessarar tilskipunar um samræmi stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu. Aðrar breytingar, sem myndu víkja frá hlutlægum kröfum um samræmi og sem eru fyrirséðar þegar samningurinn er gerður, þyrfti neytandinn þó að samþykkja sérstaklega þegar samningurinn er gerður.

75) Til viðbótar við breytingar sem ætlað er að viðhalda samræmi ætti seljandanum að vera heimilt, með tilteknum skilyrðum, að breyta þáttum stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar, að því tilskildu að í samningnum sé tiltekin gild ástæða fyrir slíkri breytingu. Slíkar gildar ástæður geta falið í sér tilvik þar sem breytingin er nauðsynleg til að laga stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna að nýju tæknilegu umhverfi eða að auknum fjölda notenda eða af öðrum mikilvægum rekstrarástæðum. Slíkar breytingar eru oft neytandanum í hag þar sem þær bæta stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna. Af þessum sökum ættu samningsaðilar að geta bætt ákvæðum við samninginn sem heimila seljandanum að gera breytingar. Til að jafnvægi ríki milli hagsmuna neytenda og viðskiptahagsmuna ætti slíkum möguleika fyrir seljanda að fylgja réttur neytanda til að segja upp samningnum ef slíkar breytingar hafa meira en aðeins minniháttar neikvæð áhrif á notkun á eða aðgang að stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni. Það að hve miklu leyti breytingar hafa neikvæð áhrif á notkun á eða aðgang að stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni ætti að meta á hlutlægan hátt með hliðsjón af eðli og tilgangi stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar og gæðum, virkni, samrýmanleika og öðrum helstu þáttum sem eru vanalegir fyrir stafrænt efni eða stafræna þjónustu af sama tagi. Þær reglur sem kveðið er á um í þessari tilskipun varðandi slíkar uppfærslur, endurbætur eða svipaðar breytingar ættu þó ekki að varða aðstæður þar sem aðilar gera með sér nýjan samning um afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu, t.d. vegna dreifingar nýrrar útgáfu af stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni.

76) Upplýsa ætti neytendur um breytingar með skýrum og skiljanlegum hætti. Ef breyting hefur meira en aðeins minniháttar áhrif á aðgang neytandans að eða notkun hans á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu ætti að upplýsa neytandann um það þannig að hægt sé að vista upplýsingarnar á varanlegum miðli. Varanlegur miðill ætti að gera neytandanum kleift að geyma upplýsingarnar eins lengi og þarf til að vernda þá hagsmuni neytandans sem rekja má til tengsla hans við seljandann. Slíkir miðlar ættu einkum að ná yfir pappír, stafræna mynddiska (DVD), geisladiska, minnislykla, minniskort eða harða diska, sem og tölvupóst.

77) Hafi breyting meira en aðeins minniháttar áhrif á aðgang neytandans að eða notkun hans á stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni ætti neytandinn að hafa, vegna slíkrar breytingar, rétt til að rifta samningnum án endurgjalds. Að öðrum kosti getur seljandinn ákveðið að heimila neytandanum að halda aðgangi að stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni án viðbótarkostnaðar, án breytingarinnar og í samræmi, en í því tilviki ætti neytandinn ekki að eiga rétt á að rifta samningnum. Ef, hins vegar, stafræna efnið eða stafræna þjónustan sem seljandinn heimilaði neytandanum að halda samræmist ekki lengur huglægu og hlutlægu kröfunum um samræmi ætti neytandinn að geta reitt sig á úrræðin vegna ósamræmis sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Ef kröfur um slíka breytingu, eins og mælt er fyrir um í þessari tilskipun, eru ekki uppfylltar og breytingin leiðir til ósamræmis, ætti réttur neytandans til að láta færa stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna til samræmis, til að fá afslátt af verði eða til tafarlausrar riftunar samningsins, eins og kveðið er á um í þessari tilskipun, að haldast óbreyttur. Ef í ljós kemur, í kjölfar breytingar, ósamræmi stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar sem ekki stafar af breytingunni, ætti neytandinn á sama hátt áfram að eiga rétt á úrræðunum sem kveðið er á um í þessari tilskipun vegna ósamræmis í tengslum við stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna sem um ræðir.

78) Ósamræmi stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu sem afhend er neytanda má oft rekja til einna viðskipta í keðjunni sem tengir upprunalega hönnuðinn við lokaseljandann. Þótt lokaseljandi ætti að bera ábyrgð gagnvart neytanda ef um ósamræmi er að ræða er mikilvægt að tryggja að seljandinn njóti viðeigandi réttinda gagnvart hinum ýmsu aðilum í keðju viðskiptanna svo að hann geti staðið undir ábyrgðinni gagnvart neytandanum. Slík réttindi ættu að takmarkast við verslunarviðskipti og ættu því ekki að ná yfir aðstæður þar sem seljandinn er ábyrgur gagnvart neytandanum vegna ósamræmis stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu sem samanstendur af eða byggist á hugbúnaði sem afhentur var af aðila framar í keðju viðskiptanna án greiðslu verðs samkvæmt frjálsu og opnu leyfi. Hins vegar ætti það að vera aðildarríkjanna, samkvæmt gildandi landslögum þeirra, að tilgreina þá aðila í viðskiptakeðjunni sem lokaseljandi getur snúið sér til og það fyrirkomulag og þau skilyrði sem gilda um slíkt.

79) Einstaklingar eða skipulagsheildir sem teljast, samkvæmt innlendum lögum, hafa lögmætra hagsmuna að gæta við að vernda samningsbundinn rétt neytenda og rétt þeirra til persónuverndar ættu að hafa rétt til þess að hefja málsmeðferð til að tryggja að ákvæðum landslaga til lögleiðingar þessari tilskipun sé beitt, annaðhvort hjá dómstóli eða stjórnvaldi sem er þar til bært að úrskurða í kærumálum, eða hefja viðeigandi málarekstur.

80) Ekkert í þessari tilskipun ætti að hafa áhrif á beitingu reglna alþjóðlegs einkamálaréttar, einkum reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 ([14]) og (ESB) nr. 1215/2012 ([15]).

81) Breyta ætti viðaukanum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 ([16]) þannig að hann innihaldi tilvísun í þessa tilskipun í því skyni að greiða fyrir samstarfi yfir landamæri um framfylgd þessarar tilskipunar.

82) Breyta ætti viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/22/EB ([17]) þannig að hann innihaldi tilvísun í þessa tilskipun í því skyni að tryggja vernd heildarhagsmuna neytenda sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

83) Neytendur ættu að geta nýtt réttindi sín samkvæmt þessari tilskipun um leið og samsvarandi landsbundnar lögleiðingarráðstafanir koma til framkvæmda. Þessar landsbundnu lögleiðingarráðstafanir ættu því einnig að gilda um ótímabundna samninga eða samninga með fastan gildistíma, sem gerðir voru fyrir daginn sem þær komu til framkvæmda og sem kveða á um afhendingu stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu yfir tiltekið tímabil, annað hvort samfellt eða með röð stakra afhendinga, en aðeins að því er varðar stafrænt efni eða stafræna þjónustu sem afhent er frá og með deginum sem landsbundnu lögleiðingarráðstafanirnar koma til framkvæmda. Til að tryggja jafnvægi milli lögmætra hagsmuna neytenda og seljenda ættu landsráðstafanirnar til lögleiðingar á ákvæðum þessarar tilskipunar um breytingar á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu og réttinn til að leita úrlausnar einungis að gilda um samninga sem gerðir eru eftir þann dag sem þær koma til framkvæmda samkvæmt þessari tilskipun.

84) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([18]) hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar eitt eða fleiri skjöl sem útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætanleg.

85) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([19]) og skilaði hún áliti 14. mars 2017 ([20]).

86) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að stuðla að starfsemi innri markaðarins með því að taka með samræmdum hætti á samningaréttartengdum hindrunum á afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu jafnframt því að koma í veg fyrir sundurleita löggjöf, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, af ástæðum sem miða að því að tryggja heildarsamræmi landslaga með samræmdum samningaréttarreglum sem einnig myndu auðvelda samræmdar framfylgdaraðgerðir, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

87) Í þessari tilskipun er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og mannfrelsis og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd, einkum í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, þ.m.t. þau sem er að finna í 16., 38. og 47. gr. hans.

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 frá 17. júní 2008 um lög sem gilda um samningsbundnar skyldur (Róm I) (Stjtíð. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 6).

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1215/2012 frá 12. desember 2012 um dómsvald og viðurkenningu á og fullnustu dóma í einkamálum og viðskiptamálum (Stjtíð. ESB L 351, 20.12.2012, bls. 1).

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 frá 12. desember 2017 um samvinnu milli landsyfirvalda sem bera ábyrgð á að framfylgja lögum um neytendavernd og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 (Stjtíð. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 1).

([17]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/22/EB frá 23. apríl 2009 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda (Stjtíð. ESB L 110, 1.5.2009, bls. 30).

([18]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

([19]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

([20]) Stjtíð. ESB C 200, 23.6.2017, bls. 10.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Efni og markmið**

Markmið þessarar tilskipunar er að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins jafnframt því að tryggja öfluga neytendavernd með því að mæla fyrir um sameiginlegar reglur um tilteknar kröfur varðandi samninga milli seljenda og neytenda um afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu, einkum reglur um:

— samræmi stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu við samninginn,

— úrræði vegna ósamræmis eða misbrests á afhendingu og fyrirkomulag varðandi nýtingu slíkra úrræða og

— breytingar á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „stafrænt efni“: gögn sem eru framleidd og látin í té á stafrænu formi,

2) „stafræn þjónusta“:

   a) þjónusta sem gerir neytandanum kleift að skapa, vinna, geyma eða fá aðgang að gögnum á stafrænu formi eða

   b) þjónusta sem gerir miðlun eða aðra gagnvirkni við gögn á stafrænu formi, sem neytandinn eða aðrir notendur þeirrar þjónustu hlaða upp eða skapa, mögulega,

3) „vörur með stafræna eiginleika“: allir efnislegir lausamunir sem hafa innfellt stafrænt efni eða stafræna þjónustu eða eru samtengdir við stafrænt efni eða stafræna þjónustu með þeim hætti að án þess stafræna efnis eða þeirrar stafrænu þjónusta myndu vörurnar ekki sinna hlutverki sínu,

4) „samþætting“: það að tengja stafrænt efni eða stafræna þjónustu við eða fella slíkt efni eða þjónustu inn í þætti í stafrænu umhverfi neytandans svo að nota megi stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna í samræmi við kröfurnar um samræmi sem kveðið er á um í þessari tilskipun,

5) „seljandi“: einstaklingur eða lögaðili, jafnt í eigu hins opinbera sem í einkaeigu, ásamt hverjum þeim sem starfar í nafni einstaklingsins eða lögaðilans eða fyrir hönd hans, sem starfar að markmiðum sem varða atvinnugrein, fyrirtæki, iðn eða sérgrein einstaklingsins eða lögaðilans í tengslum við samninga sem falla undir þessa tilskipun,

6) „neytandi“: einstaklingur sem, í tengslum við samninga sem þessi tilskipun nær til, starfar að markmiðum sem liggja utan við atvinnugrein, fyrirtæki, iðn eða sérgrein hans,

7) „verð“: peningar eða stafræn framsetning á virði sem greiða þarf í skiptum fyrir afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu,

8) „persónuupplýsingar“: persónuupplýsingar eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679,

9) „stafrænt umhverfi“: vélbúnaður, hugbúnaður og hvers konar nettenging sem neytandi notar til aðgangs að eða til notkunar á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu,

10) „samrýmanleiki“: geta stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu til að virka með vélbúnaði eða hugbúnaði sem almennt er notaður með stafrænu efni eða stafrænni þjónustu af sömu tegund, án þess að nauðsynlegt sé að breyta stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni,

11) „virkni“: geta stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu til að sinna hlutverkum sínum með hliðsjón af tilgangi sínum,

12) „samvirkni“: geta stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu til að virka með vélbúnaði eða hugbúnaði sem er ólíkur þeim sem almennt er notaður með stafrænu efni eða stafrænni þjónustu af sömu tegund,

13) „varanlegur miðill“: sérhvert tæki sem gerir neytanda eða seljanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er persónulega til þess aðila, á þann hátt að hægt sé að nálgast þær til að fletta upp í þeim síðar, í hæfilegan tíma eftir því hvaða tilgangi upplýsingarnar þjóna og sem gerir kleift að afrita óbreyttar þær upplýsingar sem geymdar eru.

*3. gr.*

**Gildissvið**

1. Þessi tilskipun gildir um sérhvern samning þar sem seljandi afhendir eða skuldbindur sig til að afhenda neytanda stafrænt efni eða stafræna þjónustu og neytandinn greiðir eða skuldbindur sig til að greiða verð.

Þessi tilskipun gildir einnig þegar seljandi afhendir eða skuldbindur sig til að afhenda neytanda stafrænt efni eða stafræna þjónustu og neytandinn veitir eða skuldbindur sig til að veita seljandanum persónuupplýsingar, nema seljandinn vinni persónuupplýsingarnar, sem neytandinn veitir, eingöngu í þeim tilgangi að afhenda stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna í samræmi við þessa tilskipun eða til að geta uppfyllt þau lagaskilyrði sem um hann gilda og vinnur ekki upplýsingarnar í öðrum tilgangi.

2. Þessi tilskipun gildir einnig þar sem stafrænt efni eða stafræn þjónusta er þróuð samkvæmt forskrift neytandans.

3. Að undanskilinni 5. gr. og 13. gr. gilda ákvæði þessarar tilskipunar einnig um áþreifanlega miðla sem eru eingöngu gagnaberar fyrir stafrænt efni.

4. Þessi tilskipun gildir ekki um stafrænt efni eða stafræna þjónustu sem er innfelld í eða samtengd vörum í skilningi 3. liðar 2. gr. og sem látin er í té með vörum samkvæmt sölusamningi fyrir þær vörur, óháð því hvort seljandinn eða þriðji aðili afhendir slíkt stafrænt efni eða slíka stafræna þjónustu. Ef vafi leikur á því hvort afhending á innfelldu eða samtengdu stafrænu efni eða innfelldri eða samtengdri stafrænni þjónustu sé innifalin í sölusamningi skal líta svo á að stafræna efnið eða stafræna þjónustan falli undir sölusamninginn.

5. Tilskipun þessi gildir ekki um samninga varðandi:

a) þjónustustarfsemi aðra en stafræna þjónustu, óháð því hvort seljandinn notar stafrænt form eða stafrænar leiðir til að framleiða afrakstur þjónustunnar eða til að afhenda hana eða senda til neytandans,

b) rafræna fjarskiptaþjónustu eins og hún er skilgreind í 4. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972, að undanskilinni fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem er ótengd númerum eins og hún er skilgreind í 7. lið 2. gr. þeirrar tilskipunar,

c) heilbrigðisþjónustu eins og hún er skilgreind í a-lið 3. gr. tilskipunar 2011/24/ESB,

d) þjónustu tengda fjárhættustarfsemi, þ.e. þjónustu sem felst í því að veðja fjármunum í áhættuspilum, þ.m.t. þeim sem útheimta einhverja hæfni, eins og happdrætti, spil í spilavítum, póker og veðmálaviðskipti, með rafrænum hætti eða hvers konar annarri tækni sem greiðir fyrir samskiptum og samkvæmt einstaklingsbundinni ósk þjónustuþega,

e) fjármálaþjónustu eins og hún er skilgreind í b-lið 2. gr. tilskipunar 2002/65/EB,

f) hugbúnað sem seljandinn býður samkvæmt frjálsu og opnu leyfi þar sem neytandinn greiðir ekki verð og seljandinn vinnur persónuupplýsingarnar sem neytandinn veitir eingöngu í þeim tilgangi að bæta öryggi, samrýmanleika eða samvirkni þess tiltekna hugbúnaðar,

g) afhendingu á stafrænu efni þar sem stafræna efnið er gert aðgengilegt almenningi með öðrum hætti en með merkjasendingu sem hluti af flutningi eða viðburði, s.s. stafrænum kvikmyndasýningum,

h) stafrænt efni sem afhent er af opinberum aðilum í aðildarríkjunum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB ([21]).

6. Með fyrirvara um 4. mgr. þessarar greinar gildir þessi tilskipun einungis um þá þætti samningsins sem varða stafrænt efni eða stafræna þjónustu ef einn samningur milli sama seljanda og sama neytanda inniheldur í pakka þætti sem fela í sér afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu og þætti sem fela í sér aðra þjónustustarfsemi eða vörur.

Ákvæði 19. gr. þessarar tilskipunar gilda ekki þegar pakki, í skilningi tilskipunar (ESB) 2018/1972, inniheldur þætti sem fela í sér netaðgangsþjónustu, eins og hún er skilgreind í 2. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 ([22]) eða númeratengda fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga, eins og hún er skilgreind í 6. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

Með fyrirvara um 2. mgr. 107. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972 skulu landslög gilda um hugsanleg áhrif uppsagnar eins þáttar pakkasamningsins á aðra hluta hans.

7. Ef ákvæði þessarar tilskipunar stangast á við ákvæði annarrar gerðar Sambandsins sem gildir um sérstök svið eða efni, skulu ákvæði hinnar gerðar Sambandsins ganga framar þessari tilskipun.

8. Löggjöf Sambandsins um vernd persónuupplýsinga skal gilda um alla vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við samninga sem um getur í 1. mgr.

Þessi tilskipun skal einkum ekki hafa áhrif á reglugerð (ESB) 2016/679 og tilskipun 2002/58/EB. Ef til þess kemur að ákvæði þessarar tilskipunar og lög Sambandsins um vernd persónuupplýsinga stangist á skulu hin síðarnefndu ganga framar.

9. Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á lög Sambandsins og landslög um höfundarétt og skyld réttindi, þ.m.t. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB ([23]).

10. Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á frelsi aðildarríkjanna til að setja reglur um almenn atriði samningalaga, s.s. reglur um gerð, gildi, ógildingu eða áhrif samninga, þ.m.t. um afleiðingar af riftun samnings, að svo miklu leyti sem ekki eru settar reglur um þau í þessari tilskipun, eða um rétt til skaðabóta.

*4. gr.*

**Umfang samræmingar**

Aðildarríkin skulu ekki viðhalda eða innleiða ákvæði í landslöggjöf sína sem víkja frá þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, þ.m.t. strangari eða mildari ákvæði, í því augnamiði að tryggja neytendum aðra vernd, nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

*5. gr.*

**Afhending á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu**

1. Seljandi skal afhenda neytanda stafrænt efni eða stafræna þjónustu. Seljandinn skal afhenda stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna án ótilhlýðilegrar tafar eftir gerð samningsins, nema aðilarnir hafi komið sér saman um annað.

([21]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera (Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 90).

([22]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 frá 25. nóvember 2015 um ráðstafanir varðandi opinn netaðgang og smásölugjöld fyrir reglustýrð fjarskipti á milli ESB-ríkja og um breytingu á tilskipun 2002/22/EB og reglugerð (ESB) nr. 531/2012 (Stjtíð. ESB L 310, 26.11.2015, bls. 1).

([23]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10).

2. Seljandi telst hafa uppfyllt skyldu sína til afhendingar þegar:

a) stafræna efnið eða hentugar leiðir til að nálgast stafræna efnið eða hlaða því niður, er gert tiltækt eða aðgengilegt neytandanum eða aðstöðu eða sýndaraðstöðu sem neytandinn hefur valið í þeim tilgangi,

b) stafræna þjónustan er gerð aðgengileg neytandanum eða aðstöðu eða sýndaraðstöðu sem neytandinn hefur valið í þeim tilgangi.

*6. gr.*

**Samræmi stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu**

Seljandi skal afhenda neytanda stafrænt efni eða stafræna þjónustu sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 7., 8. og 9. gr., eftir atvikum, sbr. þó ákvæði 10. gr.

*7. gr.*

**Huglægar kröfur um samræmi**

Til að samræmast samningnum skal stafræna efnið eða stafræna þjónustan einkum, eftir atvikum:

a) vera í samræmi við þá lýsingu, magn og gæði og búa yfir þeirri virkni, samrýmanleika, samvirkni og öðrum þáttum sem fram koma í samningnum,

b) henta þeim markmiðum sem neytandinn hyggst ná með því eða henni og sem hann gerði seljandanum ljós eigi síðar en þegar samningurinn var gerður og sem seljandinn hefur samþykkt,

c) vera afhent með öllum fylgihlutum, leiðbeiningum, þ.m.t. um uppsetningu, og aðstoð við viðskiptavini eins og fram kemur í samningnum og

d) vera uppfært eða uppfærð eins og mælt er fyrir um í samningnum.

*8. gr.*

**Hlutlægar kröfur um samræmi**

1. Til viðbótar við að standast allar huglægar kröfur um samræmi skal stafræna efnið eða stafræna þjónustan:

a) henta til þeirra nota sem stafrænt efni eða stafræn þjónusta af sömu tegund hentar almennt til, að teknu tilliti til, eftir atvikum, allra laga Sambandsins og landslaga sem fyrir eru, tæknistaðla eða, ef slíkir tæknistaðlar eru ekki fyrir hendi, gildandi siðareglna iðnaðarins fyrir viðkomandi geira,

b) vera af því magni og hafa til að bera þá eiginleika og nothæfi, þ.m.t. í tengslum við virkni, samrýmanleika, aðgengi, samfellu og öryggi, sem eru vanaleg í stafrænu efni eða stafrænni þjónustu af sama tagi og sem neytandinn getur með nokkurri sanngirni vænst, að teknu tilliti til eðlis stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar og opinberra yfirlýsinga sem settar hafa verið fram af hálfu eða fyrir hönd seljanda eða annarra aðila í fyrri hlutum keðju viðskiptanna, sérstaklega í auglýsingum eða vörumerkingum, nema seljandinn sýni fram á:

   i) að hann vissi ekki og gat tæpast vitað um opinberu yfirlýsinguna sem um ræðir,

   ii) að þegar samningurinn er gerður hafi opinbera yfirlýsingin verið leiðrétt á sama hátt eða með sambærilegum hætti og hún hafði verið gefin eða

   iii) að opinbera yfirlýsingin hafi ekki getað haft áhrif á ákvörðunina um kaup á stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni,

c) vera, eftir atvikum, afhent með hvers konar fylgihlutum og leiðbeiningum, sem neytandinn getur með nokkurri sanngirni vænst og

d) vera í samræmi við tilraunaútgáfur eða forskoðun af stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni sem seljandinn gerði aðgengileg áður en samningurinn var gerður.

2. Seljandinn skal tryggja að neytandinn sé upplýstur um og honum látnar í té uppfærslur, þ.m.t. öryggisuppfærslur, sem nauðsynlegar eru til að tryggja samræmi stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar, á því tímabili:

a) sem stafræna efnið eða stafræna þjónustan skal afhent samkvæmt samningnum, ef samningurinn kveður á um samfellda afhendingu yfir tiltekið tímabil, eða

b) sem neytandinn getur vænst með nokkurri sanngirni, með hliðsjón af tegund og tilgangi stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar og að teknu tilliti til aðstæðna og eðlis samningsins, ef samningurinn kveður á um afhendingu í eitt skipti eða röð stakra afhendinga.

3. Ef neytandinn lætur hjá líða að setja upp, innan sanngjarnra tímamarka, uppfærslur sem hann fær frá seljanda í samræmi við 2. mgr. skal seljandinn ekki vera ábyrgur fyrir ósamræmi sem stafar eingöngu af því að viðeigandi uppfærsla var ekki sett upp, að því tilskildu:

a) að seljandinn hafi upplýst neytandann um tiltæka uppfærslu og afleiðingarnar ef neytandinn léti hjá líða að setja hana upp og

b) að ágallar á uppsetningarleiðbeiningunum sem neytandinn fékk séu ekki ástæða þess að hann lét hjá líða að setja uppfærsluna upp eða setti hana rangt upp.

4. Kveði samningurinn á um samfellda afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu yfir tiltekið tímabil skal stafræna efnið eða stafræna þjónustan vera í samræmi út það tímabil.

5. Ósamræmi skal ekki teljast vera til staðar í skilningi 1. eða 2. mgr. ef neytandinn var, þegar samningurinn var gerður, sérstaklega upplýstur um að tiltekinn eiginleiki stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar viki frá hlutlægum kröfum um samræmi sem mælt er fyrir um í 1. eða 2. mgr. og neytandinn samþykkti slíkt frávik gagngert og sérstaklega þegar samningurinn var gerður.

6. Stafrænt efni eða stafræn þjónusta skal afhent í nýjustu útgáfu sem fáanleg er þegar samningurinn er gerður, nema aðilarnir hafi komið sér saman um annað.

*9. gr.*

**Röng samþætting stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu**

Ósamræmi sem upp kemur vegna rangrar samþættingar stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar við stafrænt umhverfi neytandans skal teljast ósamræmi stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar ef:

a) samþætting stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar var framkvæmd af seljandanum eða á ábyrgð hans eða

b) neytandanum var ætlað að annast samþættingu stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar og röng samþætting stafaði af ágalla á samþættingarleiðbeiningum frá seljanda.

*10. gr.*

**Réttindi þriðja aðila**

Ef takmörkun sem stafar af broti á réttindum þriðja aðila, einkum á hugverkarétti, kemur í veg fyrir eða takmarkar notkun á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu, í samræmi við 7. og 8. gr., skulu aðildarríki tryggja að neytandinn eigi rétt á úrræðunum vegna ósamræmis sem kveðið er á um í 14. gr., nema landslög kveði í slíkum tilvikum á um ógildingu eða riftun á samningnum um afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu.

*11. gr.*

**Ábyrgð seljanda**

1. Seljandi skal bera ábyrgð ef misbrestur verður á afhendingu stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu í samræmi við 5. gr.

2. Ef samningur kveður á um afhendingu í eitt skipti eða röð stakra afhendinga skal seljandinn bera ábyrgð á ósamræmi samkvæmt 7., 8. og 9. gr., sem var til staðar þegar afhending fór fram, sbr. þó b-lið 2. mgr. 8. gr.

Ef seljandinn er, samkvæmt landslögum, aðeins ábyrgur fyrir ósamræmi sem kemur í ljós innan tiltekins tímabils frá afhendingu, skal það tímabil ekki vera skemmra en tvö ár frá afhendingu, sbr. þó b-lið 2. mgr. 8. gr.

Ef réttindin sem mælt er fyrir um í 14. gr. eru samkvæmt landslögum einnig háð eða aðeins háð fyrningarfresti skulu aðildarríki tryggja að slíkur fyrningarfrestur geri neytandanum kleift að beita úrræðunum sem mælt er fyrir um í 14. gr. vegna ósamræmis sem var til staðar á þeim tíma sem tilgreindur er til í fyrstu undirgrein og sem kemur í ljós innan þess tímabils sem tilgreint er í annarri undirgrein.

3. Ef samningurinn kveður á um samfellda afhendingu yfir tiltekið tímabil skal seljandinn bera ábyrgð á ósamræmi samkvæmt 7., 8. og 9. gr., sem á sér stað eða kemur í ljós innan þess tímabils sem stafræna efnið eða stafræna þjónustan er látin í té samkvæmt samningnum.

Ef réttindi sem mælt er fyrir um í 14. gr. heyra einnig eða aðeins undir fyrningarfrest skulu aðildarríki tryggja að slíkur fyrningarfrestur geri neytandanum kleift að beita úrræðunum sem mælt er fyrir um í 14. gr. vegna ósamræmis sem á sér stað eða kemur í ljós á því tímabili sem um getur í fyrstu undirgrein.

*12. gr.*

**Sönnunarbyrði**

1. Sönnunarbyrðin að því er varðar hvort stafrænt efni eða stafræn þjónusta var afhent í samræmi við 5. gr. skal vera seljandans.

2. Í þeim tilvikum sem vísað er til í 2. mgr. 11. gr. skal sönnunarbyrðin að því er varðar hvort stafræna efnið eða stafræna þjónustan sem afhent var hafi verið í samræmi við afhendingu hvíla á seljanda vegna ósamræmis sem kemur í ljós innan eins árs frá því að stafræna efnið eða stafræna þjónustan var afhend.

3. Í þeim tilvikum sem vísað er til í 3. mgr. 11. gr. skal sönnunarbyrðin að því er varðar hvort stafræna efnið eða stafræna þjónustan hafi verið í samræmi á tímabilinu þegar afhenda á stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna samkvæmt samningi vera seljandans vegna ósamræmis sem kemur í ljós innan þess tímabils.

4. Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki ef seljandinn sýnir fram á að stafrænt umhverfi neytandans samrýmist ekki tæknilegum kröfum stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar og ef seljandinn upplýsti neytandann um slíkar kröfur með skýrum og skilmerkilegum hætti áður en samningurinn var gerður.

5. Neytandinn skal vinna með seljandanum, að því marki sem slíkt er með nokkurri sanngirni mögulegt og nauðsynlegt, að því að ganga úr skugga um hvort ástæður ósamræmis stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar á þeim tíma sem tilgreindur er í 2. eða 3. mgr. 11. gr., eftir því sem við á, sé að finna í stafrænu umhverfi neytandans. Samstarfsskyldan skal takmarkast við tiltækar tæknilegar leiðir sem valda neytandanum minnstri röskun. Ef neytandinn sýnir ekki samstarfsvilja og ef seljandinn upplýsti neytandann um slíka kröfu með skýrum og skilmerkilegum hætti áður en samningurinn var gerður, skal sönnunarbyrðin að því er varðar hvort ósamræmi var til staðar á þeim tíma sem tilgreindur er í 2. eða 3. mgr. 11. gr., eftir því sem við á, hvíla á neytandanum.

*13. gr.*

**Úrræði vegna misbrests á afhendingu**

1. Hafi seljandi ekki afhent stafrænt efni eða stafræna þjónustu í samræmi við 5. gr. skal neytandinn leita eftir því að seljandinn afhendi það. Afhendi seljandinn þá ekki stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna án ótilhlýðilegrar tafar, eða innan þess viðbótartíma sem aðilar hafa komist að skýru samkomulagi um, skal neytandinn eiga rétt á að rifta samningnum.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki og neytandinn skal eiga rétt á að rifta samningnum þegar í stað ef:

a) seljandinn hefur lýst því yfir eða ljóst þykir af öllum málavöxtum að hann muni ekki afhenda stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna,

b) neytandinn og seljandinn hafa komið sér saman um, eða ljóst er af öllum málavöxtum í tengslum við gerð samningsins, að brýnt sé fyrir neytandann að afhendingin fari fram á tilteknum tíma og seljandinn afhendir ekki stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna fyrir þann tíma eða á þeim tíma.

3. Rifti neytandi samningi samkvæmt 1. eða 2. mgr. þessarar greinar gilda ákvæði 15.–18. gr. til samræmis við það.

*14. gr.*

**Úrræði vegna ósamræmis**

1. Þegar um ósamræmi er að ræða skal neytandinn eiga rétt á því að stafræna efnið eða stafræna þjónustan sé færð til samræmis eða á hlutfallslegum afslætti af verði eða á að rifta samningnum, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í þessari grein.

2. Neytandinn skal eiga rétt á að láta færa stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna til samræmis nema slíkt sé ógerlegt eða myndi hafa í för með sér óhóflegan kostnað fyrir seljandann, að teknu tilliti til allra málavaxta, þ.m.t.:

a) verðmætis stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar ef ekki væri um ósamræmi að ræða og

b) mikilvægis ósamræmisins.

3. Seljandinn skal færa stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna til samræmis skv. 2. mgr., innan sanngjarnra tímamarka frá því að neytandinn hefur upplýst seljandann um ósamræmið, án endurgjalds og án verulegra óþæginda fyrir neytandann, með hliðsjón af eðli stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar og áformum neytandans varðandi stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna.

4. Neytandinn skal annað hvort eiga rétt á hlutfallslegum afslætti í samræmi við 5. mgr., ef greitt er verð fyrir stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna, eða riftun samningsins í samræmi við 6. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

a) úrræðið til að færa stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna til samræmis er ógerlegt eða óhóflegt í samræmi við 2. mgr.,

b) seljandinn hefur ekki fært stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna til samræmis í samræmi við 3. mgr.,

c) ósamræmi kemur í ljós þrátt fyrir tilraunir seljandans til að færa stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna til samræmis,

d) ósamræmið er svo alvarlegt að það réttlætir tafarlausan afslátt eða riftun samningsins eða

e) seljandinn hefur lýst því yfir eða ljóst þykir af öllum málavöxtum að hann muni ekki færa stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna til samræmis innan sanngjarnra tímamarka eða án verulegra óþæginda fyrir neytandann.

5. Afsláttur af verði skal vera í réttu hlutfalli við lækkað virði stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar sem neytandinn fékk samanborið við virði stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar ef það eða hún hefði verið í samræmi.

Mæli samningurinn fyrir um að stafræna efnið eða stafræna þjónustan skuli afhent yfir tiltekið tímabil gegn greiðslu verðs skal afslátturinn gilda um tímabilið þar sem stafræna efnið eða stafræna þjónustan var ekki í samræmi.

6. Ef greitt er verð fyrir stafræna efnið og stafrænu þjónustuna ætti neytandinn aðeins að geta rift samningnum þegar ekki er um að ræða minniháttar ósamræmi. Að því er varðar það hvort ósamræmið er minni háttar, skal sönnunarbyrðin hvíla á seljandanum.

*15. gr.*

**Rétturinn til riftunar nýttur**

Neytandinn skal nýta rétt sinn til að rifta samningnum með yfirlýsingu til seljanda þar sem hann lýsir ákvörðun sinni um að rifta samningnum.

*16. gr.*

**Skyldur seljanda komi til riftunar á samningi**

1. Komi til riftunar á samningi skal seljandinn endurgreiða neytandanum allar fjárhæðir sem hann hefur greitt samkvæmt samningnum.

Í þeim tilvikum þar sem samningurinn kveður á um afhendingu á stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni gegn greiðslu verðs og yfir tiltekið tímabil, og þar sem stafræna efnið eða stafræna þjónustan hafði verið í samræmi um tíma áður en samningnum var rift, skal seljandinn þó einungis endurgreiða neytandanum það hlutfall af greiddu verði sem samsvarar því tímabili sem stafræna efnið eða stafræna þjónustan var ekki í samræmi, auk sérhvers hluta verðsins sem neytandinn greiddi fyrirfram fyrir þann tíma samningsins sem eftir hefði verið ef samningnum hefði ekki verið rift.

2. Að því er varðar persónuupplýsingar neytandans skal seljandinn uppfylla þær skyldur sem gilda samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679.

3. Seljandinn skal láta vera að nota annað efni en persónuupplýsingar, sem neytandinn lét í té eða skapaði þegar hann notaði stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna sem seljandinn lét honum í té, nema ef:

a) engin not eru af efninu í öðru samhengi en með stafræna efninu eða með stafrænu þjónustunni sem seljandinn afhendir,

b) efnið tengist aðeins athöfnum neytandans þegar hann notar stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna sem seljandinn afhendir,

c) seljandi hefur safnað efninu með öðrum gögnum og ekki er hægt að aðgreina efnið eða það er einungis hægt með óhóflegri fyrirhöfn eða

d) neytandinn og aðrir hafa skapað efnið í sameiningu og aðrir neytendur geta áfram nýtt sér það.

4. Seljandinn skal, nema í þeim aðstæðum sem um getur í a-, b- eða c-lið 3. mgr., að beiðni neytandans gera hvert það efni, annað en persónuupplýsingar, sem neytandinn lét í té eða skapaði þegar hann notaði stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna sem seljandinn lét í té, aðgengilegt neytandanum.

Neytandinn skal eiga rétt á að endurheimta stafræna efnið án endurgjalds, án þess að seljandinn hindri það, innan sanngjarnra tímamarka og á algengu, tölvulesanlegu sniði.

5. Seljanda er heimilt að koma í veg fyrir frekari notkun neytandans á stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni, einkum með því að gera það eða hana óaðgengilega neytandanum eða með því að gera notendareikning neytandans óvirkan, sbr. þó 4. mgr.

*17. gr.*

**Skyldur neytanda komi til riftunar á samningi**

1. Eftir riftun samnings skal neytandinn láta vera að nota stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna og að gera það eða hana aðgengilega fyrir þriðju aðila.

2. Ef stafræna efnið var afhent á áþreifanlegum miðli skal neytandinn, að beiðni og á kostnað seljandans, skila áþreifanlega miðlinum til seljandans án ótilhlýðilegrar tafar. Ákveði seljandinn að óska eftir að áþreifanlega miðlinum sé skilað skal sú ósk lögð fram innan 14 daga frá þeim degi þegar neytandinn upplýsir seljandann um þá ákvörðun sína að rifta samningnum.

3. Neytandinn skal ekki þurfa að greiða fyrir notkun á stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni á því tímabili, fyrir riftun samningsins, þar sem stafræna efnið eða stafræna þjónustan var ekki í samræmi.

*18. gr.*

**Tímamörk og endurgreiðsluleiðir seljanda**

1. Allar endurgreiðslur sem seljandi skuldar neytanda skv. 4. og 5. mgr. 14. gr. eða 1. mgr. 16. gr. vegna afsláttar af verði eða riftunar samnings skulu fara fram án ótilhlýðilegrar tafar og í síðasta lagi innan 14 daga frá þeim degi þegar seljandanum er tilkynnt um þá ákvörðun neytandans að skírskota til réttar neytanda til afsláttar af verði eða til riftunar á samningi.

2. Seljandi skal inna af hendi endurgreiðsluna í sama greiðslumiðli og neytandinn notaði til að greiða fyrir stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna nema neytandinn samþykki annað sérstaklega og að því tilskildu að neytandinn þurfi ekki að bera neinn kostnað af slíkri endurgreiðslu.

3. Seljandinn skal ekki leggja neitt gjald á neytandann í tengslum við endurgreiðsluna.

*19. gr.*

**Breytingar á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu**

1. Kveði samningur á um að stafrænt efni eða stafræna þjónustu skuli afhenda eða gera aðgengilega neytanda yfir tiltekið tímabil er seljanda heimilt að gera breytingar á stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni umfram það sem nauðsynlegt er til að viðhalda samræmi stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar, í samræmi við 7. og 8. gr., að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) samningurinn heimilar og tiltekur gilda ástæðu fyrir slíkri breytingu,

b) slík breyting er gerð án viðbótarkostnaðar fyrir neytandann,

c) neytandinn er upplýstur um breytinguna með skýrum og skilmerkilegum hætti og

d) í þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr., neytandinn er upplýstur með sanngjörnum fyrirvara á varanlegum miðli um þætti og tímasetningu breytingarinnar og um rétt á að rifta samningnum í samræmi við 2. mgr. eða um möguleikann á að halda stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni án slíkrar breytingar í samræmi við 4. mgr.

2. Neytandinn skal eiga rétt á að rifta samningnum ef breytingin hefur neikvæð áhrif á aðgang hans að eða notkun hans á stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni, nema slík neikvæð áhrif séu aðeins minniháttar. Í því tilviki skal neytandinn eiga rétt á að rifta samningnum án endurgjalds innan 30 daga frá móttöku upplýsinga um breytinguna eða frá því að seljandinn hefur breytt stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni, hvort sem síðar verður.

3. Rifti neytandi samningi samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar gilda ákvæði 15.–18. gr. til samræmis við það.

4. Ákvæði 2. og 3. mgr. þessarar greinar gilda ekki ef seljandinn hefur heimilað neytandanum að halda, án viðbótar-kostnaðar, stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni án breytingarinnar og stafræna efnið eða stafræna þjónustan helst í samræmi.

*20. gr.*

**Réttur til úrlausnar**

Þegar seljandi ber ábyrgð gagnvart neytanda vegna misbrests á afhendingu stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu eða á ósamræmi sem er til komið vegna aðgerða eða aðgerðaleysis aðila í fyrri hlutum viðskiptakeðjunnar, skal seljandinn hafa rétt til að beita úrræðum gegn þeim aðila eða aðilum innan viðskiptakeðjunnar sem bera ábyrgðina. Ákvörðun um gegn hvaða aðila seljandanum leyfist að beita úrræðum ásamt viðeigandi aðgerðum og skilmálum við framkvæmd skal taka samkvæmt landslögum.

*21. gr.*

**Framfylgd**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að til séu viðunandi og skilvirkar leiðir til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar.

2. Meðal leiðanna sem um getur í 1. mgr. skulu vera ákvæði, sem einn eða fleiri eftirtalinna aðila, eins og ákvarðast af landslögum, geta nýtt sér til aðgerða samkvæmt landslögum fyrir dómstólum eða þar til bærum stjórnsýslustofnunum, til að tryggja að beitt sé ákvæðum landslaga til lögleiðingar þessari tilskipun:

a) opinberar stofnanir eða fulltrúar þeirra,

b) neytendasamtök sem hafa lögmæta hagsmuni af því að vernda neytendur,

c) fagfélög sem hafa réttmætan hag af því að grípa til aðgerða,

d) stofnanir, samtök eða félög, sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, sem eru virk á sviði verndar réttinda og frelsis skráðra aðila eins og skilgreint er í 80. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

*22. gr.*

**Ófrávíkjanleiki**

1. Sé ekki kveðið á um annað í þessari tilskipun skulu hvers konar samningsskilmálar, neytandanum í óhag, sem útiloka beitingu landsráðstafana sem leiða þessa tilskipun í lög, víkja frá þeim eða breyta áhrifum þeirra áður en neytandinn vekur athygli seljandans á misbresti á afhendingu eða ósamræmi eða áður en seljandinn upplýsir neytandann um breytingar á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu í samræmi við 19. gr., ekki vera bindandi fyrir neytandann.

2. Tilskipun þessi skal ekki hindra seljanda í að bjóða neytanda samningsbundið fyrirkomulag sem gengur lengra en verndin sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

*23. gr.*

**Breytingar á reglugerð (ESB) 2017/2394 og tilskipun 2009/22/EB**

1) Eftirfarandi liður bætist við í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2017/2394:

„28. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/770 frá 20. maí 2019 um tiltekna þætti varðandi samninga um afhendingu á stafrænu efni og stafrænni þjónustu (Stjtíð ESB L 136, 22.5.2019, bls. 1)“.

2) Eftirfarandi liður bætist við í I. viðauka við tilskipun 2009/22/EB:

„17. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/770 frá 20. maí 2019 um tiltekna þætti varðandi samninga um afhendingu á stafrænu efni og stafrænni þjónustu (Stjtíð ESB L 136, 22.5.2019, bls. 1)“.

*24. gr.*

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 1. júlí 2021. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 1. janúar 2022.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði landslaga sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

2. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu gilda um afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu sem fer fram frá og með 1. janúar 2022, að undanskildum 19. og 20. gr. þessarar tilskipunar sem skulu aðeins gilda um samninga sem gerðir eru frá og með þeim degi.

*25. gr.*

**Endurskoðun**

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 12. júní 2024, endurskoða beitingu þessarar tilskipunar og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins. Í skýrslunni skal m.a. skoða nauðsyn þess að samræma reglur um samninga um afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu, aðra en þá sem fellur undir þessa tilskipun, þ.m.t. afhendingu gegn auglýsingum.

*26. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*27. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. maí 2019.

| | |
|---|---|
| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
| A. TAJANI | G. CIAMBA |
| *forseti.* | *forseti.* |

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/771** **2021/EES/71/04**

**frá 20. maí 2019**

**um tiltekna þætti varðandi samninga um sölu á vörum, um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/2394 og tilskipun 2009/22/EB og um niðurfellingu tilskipunar 1999/44/EB** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Til að haldast samkeppnishæft á heimsmörkuðum þarf Sambandið að bæta starfsemi innri markaðarins og mæta með fullnægjandi hætti þeim margháttuðu áskorunum nútímans sem stöðugt tæknimiðaðra hagkerfi hefur í för með sér. Áætlunin um stafrænan innri markað mælir fyrir um heildarramma sem auðveldar samþættingu hinnar stafrænu víddar við innri markaðinn. Fyrsta stoð áætlunarinnar um stafrænan innri markað tekur á uppskiptingu í viðskiptum innan ESB með því að skoða allar meiri háttar hindranir á þróun rafrænnar verslunar yfir landamæri, sem er veigamesti hlutinn í sölu á vörum frá fyrirtækjum til neytenda yfir landamæri.

2) Ákvæði 1. og 2. mgr. 26. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins kveða á um að Sambandið skuli samþykkja ráðstafanir í því skyni að koma á fót eða tryggja starfsemi innri markaðarins, sem ná skal til svæðis án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar og frjáls þjónustustarfsemi eru tryggð. Í 1. mgr. og a-lið 2. mgr. 169. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er kveðið á um að Sambandið skuli leggja sitt af mörkum til þess að ná fram öflugri neytendavernd með samþykkt ráðstafana skv. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í tengslum við tilkomu innri markaðarins. Tilskipun þessi miðar að því að finna viðeigandi jafnvægi milli þess að ná fram öflugri neytendavernd og ýta undir samkeppnishæfni fyrirtækja og tryggja um leið að nálægðarreglan sé virt.

3) Samræma ætti tiltekna þætti varðandi samninga um sölu á vörum þar sem tekið er mið af öflugri neytendavernd í því skyni að koma á raunverulegum stafrænum innri markaði, auka réttarvissu og draga úr viðskiptakostnaði, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.

4) Rafræn verslun er lykildrifkraftur vaxtar á innri markaðnum. Vaxtarmöguleikar hennar eru þó engan veginn að fullu nýttir. Til að efla samkeppnishæfni Sambandsins og til að stuðla að hagvexti þarf Sambandið að bregðast skjótt við og hvetja rekstraraðila til að leysa úr læðingi alla möguleika sem innri markaðurinn býður upp á. Möguleikar innri markaðarins verða aðeins leystir úr læðingi ef allir markaðsaðilar hafa hnökralausan aðgang að sölu á vörum yfir landamæri, þ.m.t. með rafrænum verslunarviðskiptum. Reglur samningaréttar, sem gilda um viðskipti markaðsaðila, eru meðal lykilþátta við mótun viðskiptaákvarðana eins og hvort bjóða eigi vörur yfir landamæri. Þessar reglur hafa einnig áhrif á það hversu viljugir neytendur eru til að tileinka sér og treysta þessari tegund kaupa.

5) Tækniþróun hefur leitt til vaxandi markaðar fyrir vörur með innfellt stafrænt efni eða stafræna þjónustu eða sem eru samtengdar stafrænu efni eða stafrænni þjónustu. Vegna vaxandi fjölda slíkra tækja og stöðugt vaxandi notkunar neytenda á þeim er þörf á aðgerðum á vettvangi Sambandsins til að tryggja öfluga neytendavernd og til að auka réttarvissu að því er varðar reglur sem gilda um samninga um sölu á slíkum vörum. Að auka réttarvissu myndi stuðla að því að efla traust neytenda og seljenda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 136, 22.5.2019, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 264, 20.7.2016, bls. 57.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 26. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 15. apríl 2019.

6) Reglur Sambandsins sem gilda um sölu á vörum eru enn sundurleitar þótt reglur um afhendingarskilmála og, að því er varðar fjarsölusamninga eða samninga sem gerðir eru utan fastra starfsstöðva, um kröfur um upplýsingar sem veittar eru áður en samningur er gerður og um réttinn til að falla frá samningi hafi þegar verið að fullu samræmdar með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB ([3]). Aðrir samningsbundnir lykilþættir eins og samræmisviðmiðanir, úrræði vegna ósamræmis við samning og helsta fyrirkomulag varðandi nýtingu slíkra úrræða falla sem stendur undir lágmarkssamræmingu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB ([4]). Aðildarríkjum hefur verið heimilað að ganga lengra en reglur Sambandsins og setja eða viðhalda reglum sem tryggja enn öflugri neytendavernd. Við það hafa þau tekið á ólíkum þáttum og í mismiklum mæli. Ákvæði landslaga sem lögleiða tilskipun 1999/44/EB eru því í dag talsvert ólík varðandi veigamikla þætti, s.s. hvort stigskipting úrræða sé til staðar eður ei.

7) Núverandi misræmi getur haft neikvæð áhrif á fyrirtæki og neytendur. Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 ([5]) er þeim fyrirtækjum sem beina starfsemi sinni að viðskiptavinum í öðrum aðildarríkjum skylt að taka tillit til ófrávíkjanlegra lagareglna um neytandasamninga í því landi þar sem neytandinn hefur fasta búsetu. Þar sem þessar reglur eru mismunandi milli aðildarríkja geta fyrirtæki þurft að mæta viðbótarkostnaði. Af þessum sökum gætu mörg fyrirtæki kosið að starfa áfram á innanlandsmarkaði eða stunda aðeins útflutning til eins eða tveggja aðildarríkja. Þetta val, að lágmarka kostnað og áhættu sem tengd eru við viðskipti yfir landamæri leiðir til þess að tækifæri til aukinna viðskipta og til stærðarhagkvæmni glatast. Þetta hefur einkum áhrif á lítil og meðalstór fyrirtæki.

8) Þó að beiting reglugerðar (EB) nr. 593/2008 veiti neytendum öfluga vernd við kaup frá útlöndum hefur sundurleit löggjöf einnig neikvæð áhrif á tiltrú neytenda á viðskiptum yfir landamæri. Enda þótt ýmsir þættir stuðli að þessu vantrausti er óvissa um helstu samningsbundin réttindi áberandi þegar kemur að áhyggjum neytenda. Þessi óvissa er fyrir hendi óháð því hvort neytendur njóta verndar ófrávíkjanlegra lagareglna um neytendasamninga í eigin aðildarríki þegar seljendur beina starfsemi sinni yfir landamæri til þeirra, eða hvort neytendur gera samninga yfir landamæri við seljendur án þess að viðkomandi seljandi stundi viðskiptastarfsemi í aðildarríki neytandans.

9) Þótt mikill meirihluti sölu yfir landamæri í Sambandinu sé sala á vörum á netinu hefur mismunurinn á landsbundnum samningalögum jafnt áhrif á smásala sem nota fjarsöluleiðir og smásala sem selja vörur augliti til auglitis og kemur í veg fyrir að þeir færi út kvíarnar yfir landamæri. Þessi tilskipun ætti að taka til allra söluleiða til að skapa megi jöfn samkeppnisskilyrði fyrir öll fyrirtæki sem selja neytendum vörur. Með því að setja samræmdar reglur fyrir allar söluleiðir ætti þessi tilskipun að koma í veg fyrir misræmi sem myndi hafa í för með sér óhóflegar byrðar fyrir þann vaxandi fjölda smásala sem selur vörur sínar eftir ýmsum leiðum í Sambandinu. Þörfin fyrir samræmdar reglur um sölu og ábyrgðir fyrir allar söluleiðir var staðfest með skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um hæfisprófun á neytendalögum og lögum um markaðssetningu sem birt var 29. maí 2017 og sem náði einnig til tilskipunar 1999/44/EB.

10) Tilskipun þessi ætti að ná yfir reglur sem gilda um sölu á vörum, þ.m.t. vörum með stafræna eiginleika, eingöngu að því er varðar nauðsynlega lykilþætti samninga til að vinna bug á samningsréttartengdum hindrunum á innri markaðnum. Í þessu skyni ætti að samræma til fulls reglur um kröfur um samræmi, úrræði sem standa neytendum til boða vegna ósamræmis milli vöru og samnings og um helsta fyrirkomulag varðandi nýtingu slíkra úrræða og auka ætti neytendavernd í samanburði við tilskipun 1999/44/EB. Fyllilega samræmdar reglur um ýmsa veigamikla þætti laga um neytendasamninga myndu auðvelda fyrirtækjum, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum, að bjóða vörur sínar í öðrum aðildarríkjum. Með því að samræma helstu reglur að fullu myndu neytendur njóta góðs af öflugri neytendavernd og aukinni velferð.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB frá 25. október 2011 um réttindi neytenda, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 85/577/EBE og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 64).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB frá 25. maí 1999 um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi (Stjtíð. EB L 171, 7.7.1999, bls. 12).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 frá 17. júní 2008 um lög sem gilda um samningsbundnar skyldur (Róm I) (Stjtíð. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 6).

11) Þessi tilskipun kemur til fyllingar tilskipun 2011/83/ESB. Tilskipun 2011/83/ESB mælir einkum fyrir um ákvæði varðandi kröfur um upplýsingar sem veittar eru áður en samningur er gerður, réttinn til að falla frá fjarsölusamningum og samningum sem gerðir eru utan fastra starfsstöðva og reglur um afhendingu og yfirfærslu á áhættu, en þessi tilskipun setur reglur um samræmi vara, úrræði vegna ósamræmis og fyrirkomulag varðandi nýtingu slíkra úrræða.

12) Þessi tilskipun ætti einungis að gilda um efnislega lausamuni sem teljast vörur í skilningi þessarar tilskipunar. Aðildarríkjunum ætti því að vera frjálst að setja reglur um samninga um sölu á fasteignum, s.s. íbúðarhúsnæði, og meginþáttum þeirra sem ætlað er að mynda stærstan hluta slíkra fasteigna.

13) Þessi tilskipun og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/770 ([6]) ættu að koma hvor annarri til fyllingar. Tilskipun (ESB) 2019/770 mælir fyrir um reglur um tilteknar kröfur varðandi samninga um afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu en þessi tilskipun mælir fyrir um reglur um tilteknar kröfur varðandi samninga um sölu á vörum. Til að koma til móts við væntingar neytenda og tryggja skýran og einfaldan lagaramma fyrir seljendur stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu gildir tilskipun (ESB) 2019/770 því um afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu, þ.m.t. um stafrænt efni sem látið er í té á áþreifanlegum miðli, s.s. á stafrænum mynddiskum (DVD), geisladiskum, minnislyklum og minniskortum, sem og um áþreifanlega miðilinn sjálfan, að því tilskildu að áþreifanlegi miðillinn sé eingöngu gagnaberi stafræna efnisins. Á hinn bóginn ætti þessi tilskipun að gilda um samninga um sölu á vörum, þ.m.t. vörum með stafræna eiginleika sem útheimta stafrænt efni eða stafræna þjónustu til þess að sinna hlutverki sínu.

14) Leggja ætti þann skilning í hugtakið „vörur“, eins og kveðið er á um það í þessari tilskipun, að það feli í sér „vörur með stafræna eiginleika“ og vísi því einnig til stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu sem er innfelld í eða samtengd slíkum vörum með þeim hætti að án þess stafræna efnis eða þeirrar stafrænu þjónustu myndu vörurnar ekki sinna hlutverki sínu. Stafrænt efni sem er innfellt í eða samtengt vöru getur verið hvers konar gögn sem eru framleidd og látin í té á stafrænu formi, s.s. stýrikerfi, forrit og annan hugbúnað. Stafrænt efni getur verið fyrirfram uppsett við gerð kaupsamnings eða sett upp síðar ef kveðið er á um það í samningnum. Stafræn þjónusta sem samtengd er vöru getur tekið til þjónustu sem heimilar sköpun, vinnslu eða geymslu gagna á stafrænu formi eða aðgang að þeim, s.s. hugbúnaðarþjónustuveitu (e. software-as-a-service) sem boðið er upp á í skýjavinnsluumhverfi, samfellds flæðis umferðargagna í leiðsögukerfi eða samfellds flæðis sérsniðinna þjálfunaráætlana fyrir snjallúr.

15) Þessi tilskipun ætti að gilda um samninga um sölu á vörum, þ.m.t. vörum með stafræna eiginleika, sem ekki myndu sinna hlutverki sínu án hins innfellda eða samtengda stafræna efnis eða stafrænu þjónustu, og þar sem stafræna efnið eða þjónustan er látið í té með vörunum samkvæmt sölusamningnum fyrir þær vörur. Hvort afhending á innfelldu eða samtengdu stafrænu efni eða innfelldri eða samtengdri stafrænni þjónustu er innifalin í sölusamningi við seljandann ætti að ráðast af innihaldi þess samnings. Þetta ætti að taka til innfellds eða samtengds stafræns efnis eða innfelldrar eða samtengdar stafrænnar þjónustu þar sem afhendingar á slíku er sérstaklega krafist í samningnum. Það ætti einnig að taka til sölusamninga sem skilja má sem svo að þeir taki til afhendingar á tilteknu stafrænu efni eða tiltekinni stafrænni þjónustu vegna þess að það er vanalegt þegar um er að ræða vörur af sama tagi og neytandinn gæti með nokkurri sanngirni vænst þess að teknu tilliti til eðlis vörunnar og opinberra yfirlýsinga sem settar hafa verið fram af hálfu eða fyrir hönd seljanda eða annarra aðila, þ.m.t. framleiðanda, í fyrri hlutum keðju viðskipta. Ef snjallsjónvarp væri t.d. auglýst sem svo að það innihaldi tiltekinn myndbúnað teldist sá myndbúnaður hluti af sölusamningnum. Þetta ætti að gilda óháð því hvort stafræna efnið eða stafræna þjónustan sé fyrirfram uppsett í vörunni sjálfri eða hvort því þurfi að hlaða niður eftir á í annað tæki og sé aðeins samtengt vörunni. Til dæmis gæti fylgt snjallsíma staðlað, fyrirfram uppsett forrit sem kveðið er á um í sölusamningi, s.s. vekjaraklukkuforrit eða myndavélaforrit. Annað hugsanlegt dæmi er snjallúr. Í slíku dæmi myndi úrið sjálft teljast varan með stafræna eiginleika, sem getur aðeins sinnt hlutverki sínu með forriti sem kveðið er á um í sölusamningi en sem neytandinn þarf að hlaða niður í snjallsíma; forritið myndi þá vera samtengdi stafræni eiginleikinn. Þetta ætti einnig að gilda þegar seljandinn lætur ekki sjálfur í té innfellda eða samtengda stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna heldur þriðji aðili samkvæmt sölusamningnum. Til að forðast óvissu fyrir bæði seljendur og neytendur ættu reglur þessarar tilskipunar að gilda þegar vafi leikur á því hvort afhending stafræns efnis eða stafrænnar þjónustu er innifalin í sölusamningnum. Enn fremur ætti sú staðreynd að neytandinn þurfi

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/770 frá 20. maí 2019 um tiltekna þætti varðandi samninga um afhendingu á stafrænu efni og stafrænni þjónustu (Stjtíð. ESB L 136, 22.5.2019, bls. 1).

að samþykkja nytjaleyfissamning við þriðja aðila til að njóta ávinnings af stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni ekki að hafa áhrif á tvíhliða samningsbundin tengsl milli seljandans og neytandans sem afhending á innfellda eða samtengda stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni er hluti af.

16) Á hinn bóginn, ef vörurnar geta sinnt hlutverki sínu án innfellda eða samtengda stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar, eða ef neytandinn gerir samning um afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu sem er ekki hluti af samningnum sem varðar sölu á vörum með stafræna eiginleika, ætti sá samningur að teljast aðskilinn frá samningnum um sölu á vörunum, jafnvel þótt seljandinn sé milliliður við gerð síðari samningsins við birginn sem er þriðji aðili, og gæti fallið innan gildissviðs tilskipunar (ESB) 2019/770 ef skilyrðum þeirrar tilskipunar er fullnægt. Til dæmis ef neytandinn hleður leikjaforriti úr smáforritaverslun niður í snjallsíma er samningurinn um afhendingu á leikjaforritinu aðskilinn frá samningnum um söluna á sjálfum snjallsímanum. Ákvæði þessarar tilskipunar ættu því aðeins að gilda um sölusamninginn fyrir snjallsímann, en afhending á leikjaforritinu ætti að falla undir tilskipun (ESB) 2019/770 ef skilyrðum þeirrar tilskipunar er fullnægt. Annað dæmi væri þar sem komist væri að skýru samkomulagi um að neytandinn kaupi snjallsíma án sérstaks stýrikerfis og neytandinn geri í kjölfarið samning við þriðja aðila um afhendingu á stýrikerfi. Í slíku tilviki myndi afhending á stýrikerfinu, sem keypt er aðskilið, ekki vera innifalin í sölusamningnum og því ekki falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, en gæti fallið undir gildissvið tilskipunar (ESB) 2019/770 ef skilyrðum þeirrar tilskipunar er fullnægt.

17) Til að tryggja skýrleika laga ætti þessi tilskipun að mæla fyrir um skilgreiningu á sölusamningi og einnig skilgreina gildissvið hans með skýrum hætti. Gildissvið þessarar tilskipunar ætti einnig að ná til samninga um vörur sem hafa enn ekki verið framleiddar, þ.m.t. samkvæmt forskrift neytandans. Að auki gæti uppsetning á vörunum fallið undir gildissvið þessarar tilskipunar ef uppsetningin er innifalin í sölusamningnum og þarf að vera framkvæmd af seljandanum eða á ábyrgð hans. Ef samningur nær til þátta sem varða bæði sölu á vörum og þjónustustarfsemi ættu landslög að ákvarða hvort flokka megi allan samninginn sem sölusamning í skilningi þessarar tilskipunar.

18) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á landslög að því marki sem hún tekur ekki til viðkomandi viðfangsefna, einkum að því er varðar lögmæti vara, skaðabætur og almenn atriði samningalaga s.s. gerð, gildi, ógildingu eða áhrif samninga. Það sama ætti að gilda í tengslum við afleiðingar af riftun samnings og tiltekna þætti sem varða viðgerðir og skipti sem ekki eru settar reglur um í þessari tilskipun. Þegar settar eru reglur um rétt aðila til að láta hjá líða að uppfylla skuldbindingar sínar eða hluta þeirra þar til hinn aðilinn hefur uppfyllt sínar skuldbindingar ætti aðildarríkjunum áfram að vera frjálst að setja reglur um skilyrði og fyrirkomulag varðandi það þegar neytandi heldur eftir greiðslu verðs. Aðildarríkjum ætti einnig að vera frjálst að setja reglur um réttindi neytanda til bóta vegna tjóns sem hann verður fyrir vegna brots seljanda á ákvæðum þessarar tilskipunar. Þessi tilskipun ætti ekki heldur að hafa áhrif á landsreglur sem varða ekki sérstaklega neytendasamninga og kveða á um sértæk úrræði vegna tiltekinna tegunda galla sem ekki voru augljósir þegar sölusamningurinn var gerður, þ.e. innlend ákvæði sem kunna að mæla fyrir um sértækar reglur um ábyrgð seljanda vegna leyndra galla. Þessi tilskipun ætti ekki heldur að hafa áhrif á landslög sem kveða á um úrræði utan samninga fyrir neytendur ef um ósamræmi vöru er að ræða gagnvart aðilum í fyrri hlutum keðju viðskipta, t.d. framleiðendum, eða gagnvart öðrum aðilum sem uppfylla skyldur slíkra aðila.

19) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á frelsi aðildarríkja til að heimila neytendum að velja tiltekið úrræði ef ósamræmi vöru kemur í ljós skömmu eftir afhendingu, þ.e. landsákvæði sem kveða á um rétt neytanda til að hafna gölluðum vörum og líta svo á að samningi sé rift eða óska eftir að vörunni verði tafarlaust skipt, innan tiltekins tíma eftir að vörurnar hafa verið afhentar, sem ætti ekki að vera lengri en 30 dagar.

20) Aðildarríkjum ætti að vera frjálst að setja reglur um upplýsingaskyldu seljanda í tengslum við gerð samnings eða skyldu seljanda til að vara neytandann við t.d. tilteknum eiginleikum vörunnar, hvort efni sem neytandinn leggur til henti eða hvort tilteknar óskir neytandans hafi mögulega ókosti í för með sér, t.d. ósk neytanda um að nota tiltekið efni í sérsaumaðan ballkjól.

21) Aðildarríkjum ætti einnig að vera frjálst að rýmka beitingu reglna þessarar tilskipunar þannig að þær nái til samninga sem eru undanþegnir gildissviði þessarar tilskipunar eða setja reglur um slíka samninga með öðrum hætti. Aðildarríkjum ætti t.d. að vera frjálst að rýmka þá vernd sem neytendum er veitt með þessari tilskipun svo hún nái einnig til einstaklinga og lögaðila sem ekki eru neytendur í skilningi þessarar tilskipunar, s.s. frjálsra félagasamtaka, sprota-fyrirtækja eða lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

22) Skilgreining á neytanda ætti að taka til einstaklinga sem starfa að markmiðum sem liggja utan við atvinnugrein, fyrirtæki, iðn eða sérgrein þeirra. Aðildarríkjum ætti hins vegar einnig að vera frjálst að ákveða, ef um er að ræða samninga með tvenns konar markmið þar sem samningurinn, sem gerður er, miðast ekki nema að hluta til við atvinnugrein einstaklings og þar sem atvinnutengda markmiðið er svo takmarkað að það er ekki aðalmarkmið samningsins í heild, hvort og við hvaða aðstæður sá einstaklingur ætti einnig að teljast neytandi.

23) Þessi tilskipun ætti að gilda um alla samninga þar sem seljandinn yfirfærir eða skuldbindur sig til að yfirfæra eignarhald á vörum til neytanda. Netvangsþjónustuveitendur geta talist seljendur samkvæmt þessari tilskipun ef þeir starfa að markmiðum sem tengjast þeirra eigin fyrirtæki og sem beinn samningsaðili neytandans vegna sölu á vörum. Aðildarríkjum ætti að vera frjálst að rýmka gildissvið þessarar tilskipunar þannig að hún nái til netvangsþjónustuveitenda sem uppfylla ekki kröfur til að geta talist seljendur samkvæmt þessari tilskipun.

24) Til að koma á jafnvægi milli nauðsynjar þess að réttarvissa ríki og viðeigandi sveigjanleika lagareglnanna ber að skilja sérhverja tilvísun í þessari tilskipun varðandi það hvers vænta má af einstaklingi og hvers einstaklingur getur vænst sem tilvísanir til hvers vænta má með nokkurri sanngirni. Sanngirniskröfuna ætti að meta á hlutlægan hátt með hliðsjón af eðli og tilgangi samningsins, málavöxtum og notkun og venjum hlutaðeigandi aðila.

25) Til að það sé skýrt hvers neytandi má vænta af vörunum og hvaða ábyrgð seljandinn ber ef það sem vænst er, er ekki afhent, er nauðsynlegt að samræma að fullu reglur sem ákvarða samræmi vara. Allar tilvísanir til samræmis í þessari tilskipun ættu að vísa til þess að vara sé í samræmi við sölusamninginn. Til að standa vörð um lögmæta hagsmuni beggja aðila að sölusamningi ætti að meta samræmi á grundvelli bæði huglægra og hlutlægra krafna um samræmi.

26) Vörur ættu því að vera í samræmi við þær kröfur sem seljandinn og neytandinn hafa komið sér saman um í sölusamningnum. Slíkar kröfur gætu m.a. tekið til magns, gæða, tegundar og lýsingar á vörunum, hversu vel þær henta tilgangi sínum og afhendingar á vörunum með umsömdum fylgihlutum og leiðbeiningum. Á meðal krafna í sölusamningnum ættu einnig að vera kröfur sem leiðir af upplýsingum sem veittar eru áður en samningur er gerður sem, í samræmi við tilskipun 2011/83/ESB, eru óaðskiljanlegur hluti sölusamningsins.

27) Hugtakið virkni ætti að skilja sem svo að það vísi til þess hvernig vörur geta sinnt hlutverki sínu með hliðsjón af tilgangi þeirra. Hugtakið samvirkni tengist því hvort og að hve miklu leyti vörurnar geta virkað með vélbúnaði eða hugbúnaði sem er ólíkur þeim sem almennt er notaður með vörum af sömu tegund. Árangursrík virkni gæti t.d. falið í sér getu varanna til að skiptast á upplýsingum við annan slíkan hugbúnað eða vélbúnað og til að nota upplýsingarnar sem skipst er á.

28) Þar eð stafrænt efni eða stafræn þjónusta sem er innfelld í eða samtengd vörum er í stöðugri þróun, geta seljendur gert samkomulag við neytendur um að sjá þeim fyrir uppfærslum á slíkum vörum. Uppfærslur, sem samið er um í sölusamningi, geta bætt og eflt eiginleika vörunnar sem varða stafrænt efni eða stafræna þjónustu, aukið virkni hennar, lagað hana að tækniþróun, varið hana gegn nýjum öryggisógnum eða þjónað öðrum tilgangi. Samræmi vöru með innfellt eða samtengt stafrænt efni eða stafræna þjónustu ætti því einnig að meta í tengslum við hvort stafrænt efni eða stafræn þjónusta slíkrar vöru hefur verið uppfærð í samræmi við sölusamninginn. Séu uppfærslur, sem samið var um í sölusamningnum, ekki afhentar ætti það að teljast ósamræmi vöru. Auk þess ættu gallaðar eða ófullnægjandi uppfærslur einnig að teljast ósamræmi vöru þar sem það myndi þýða að slíkar uppfærslur væru ekki framkvæmdar á þann hátt sem mælt er fyrir um í sölusamningnum.

29) Til að vera í samræmi ættu vörur ekki einungis að fullnægja huglægum kröfum um samræmi heldur ættu þær einnig að fullnægja hlutlægu kröfunum um samræmi sem settar eru fram í þessari tilskipun. Samræmi ætti m.a. að meta með tilliti til þess tilgangs sem vörur af sömu tegund henta almennt til, hvort þeim fylgi þeir fylgihlutir og leiðbeiningar sem neytandinn getur með nokkurri sanngirni vænst að fá eða hvort þær samsvari sýnishorninu eða fyrirmyndinni sem seljandinn hefur gert aðgengileg fyrir neytandann. Vörurnar ættu einnig að hafa til að bera þá eiginleika og þætti sem eru vanalegir í vörum af sama tagi og sem neytandinn getur með nokkurri sanngirni vænst, að teknu tilliti til eðlis vörunnar og opinberra yfirlýsinga sem settar eru fram af hálfu eða fyrir hönd seljanda eða annarra aðila í fyrri hlutum keðju viðskipta.

30) Auk samningsbundinna uppfærslna ætti seljandinn einnig að láta í té uppfærslur, þ.m.t. öryggisuppfærslur, til að tryggja að vörur með stafræna eiginleika haldist í samræmi. Skylda seljanda ætti að takmarkast við uppfærslur sem eru nauðsynlegar til að slíkar vörur haldist í samræmi við huglægar og hlutlægar kröfur um samræmi sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Seljandanum ætti ekki að vera skylt að láta í té uppfærðar útgáfur af stafrænu efni eða stafrænni þjónustu vörunnar eða bæta eða auka virkni vörunnar umfram samræmiskröfurnar, nema aðilarnir hafi komið sér saman um annað í samningi. Ef uppfærsla frá seljandanum, eða þriðja aðila sem lætur í té stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna samkvæmt sölusamningnum, veldur ósamræmi vöru með stafræna eiginleika ætti seljandinn að bera ábyrgð á því að færa vöruna til samræmis á ný. Neytandanum ætti áfram að vera frjálst að ákveða hvort hann setur upp uppfærslurnar sem látnar eru í té. Ákveði neytandinn að setja ekki upp nauðsynlegar uppfærslur til að vörur með stafræna eiginleika haldist í samræmi getur hann hins vegar ekki vænst þess að slíkar vörur haldist samræmdar. Seljandinn ætti að upplýsa neytandann um að ákvörðun neytandans um að setja ekki upp uppfærslur, sem nauðsynlegar eru til að halda vöru með stafræna eiginleika í samræmi, þ.m.t. öryggisuppfærslur, muni hafa áhrif á ábyrgð seljandans á samræmi þeirra þátta vöru með stafræna eiginleika sem viðkomandi uppfærslum er ætlað að halda samræmdum. Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á skyldur til að láta í té öryggisuppfærslur sem mælt er fyrir um í öðrum lögum Sambandsins eða í landslögum.

31) Að jafnaði, ef um er að ræða vöru með stafræna eiginleika þar sem stafræna efnið eða stafræna þjónustan, sem er innfelld í eða samtengd vörunni, er látin í té í eitt skipti, ætti seljandinn aðeins að bera ábyrgð á ósamræmi sem var til staðar við afhendingu. Skyldan til að láta í té uppfærslur ætti þó að endurspegla þá staðreynd að stafrænt umhverfi slíkrar vöru breytist stöðugt. Uppfærslur eru því nauðsynlegar til að tryggja að vörur geti virkað á sama hátt og þær gerðu þegar þær voru afhentar. Ólíkt hefðbundnum vörum eru vörur með stafræna eiginleika þar að auki ekki algerlega aðskildar frá seljanda því að seljandinn, eða þriðji aðili sem lætur í té stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna samkvæmt sölusamningnum, getur uppfært vörurnar úr fjarlægð, venjulega yfir netið. Ef stafræna efnið eða stafræna þjónustan er látin í té í eitt skipti ætti seljandinn því að bera ábyrgð á að láta í té nauðsynlegar uppfærslur til að halda vörunni með stafræna eiginleika samræmdri á tímabili sem neytandinn getur með nokkurri sanngirni vænst þess, jafnvel þó varan hafi verið í samræmi þegar hún var afhent. Það tímabil sem neytandinn getur með nokkurri sanngirni vænst þess að fá uppfærslur ætti að meta á grundvelli tegundar og tilgangs vörunnar og stafrænu eiginleikanna og að teknu tilliti til aðstæðna og eðlis sölusamningsins. Neytandi myndi að jafnaði vænta þess að fá uppfærslur að minnsta kosti á því tímabili sem seljandinn er ábyrgur fyrir ósamræmi en í sumum tilvikum gæti hann með nokkurri sanngirni vænst þess fram yfir það tímabil, sem gæti einkum átt við þegar um er að ræða öryggisuppfærslur. Í öðrum tilvikum, t.d. að því er varðar vöru með stafræna eiginleika sem hefur tilgang sem lýtur tímatakmörkunum, myndi skylda seljandans til að láta í té uppfærslu að jafnaði takmarkast við þann tíma.

32) Mikilvægt er að tryggja lengri endingu vara til að skapa sjálfbærari neyslumynstur og hringrásarhagkerfi. Á sama hátt er brýnt, til að auka traust á starfsemi innri markaðarins, að halda vörum sem ekki uppfylla kröfur frá markaði Sambandsins með því að efla markaðseftirlit og skapa rétta hvata fyrir rekstraraðila. Í þeim tilgangi er vörusértæk Sambandslöggjöf heppilegasta leiðin til að innleiða kröfur um endingu og aðrar vörutengdar kröfur í tengslum við tilteknar vörutegundir eða vöruflokka, á grundvelli aðlagaðra viðmiðana. Þessi tilskipun ætti því að koma til fyllingar markmiðum slíkrar vörusértækrar löggjafar Sambandsins og tilgreina endingu sem hlutlæga viðmiðun við mat á samræmi vara. Í þessari tilskipun ætti ending að vísa til getu vörunnar til að viðhalda tilskilinni virkni og nothæfi við venjulega notkun. Til þess að vörur geti talist í samræmi ætti ending þeirra að vera eins og vanalegt er fyrir vörur af sama tagi og sem neytandinn getur með nokkurri sanngirni vænst að teknu tilliti til eiginleika hinnar tilteknu vöru, þ.m.t. hugsanleg þörf á eðlilegu viðhaldi vörunnar, s.s. reglulegum bifreiðaskoðunum eða síuskiptum bifreiða, og opinberra yfirlýsinga sem settar eru fram af hálfu eða fyrir hönd einhvers aðila sem myndar hlekk í keðju viðskiptanna. Við matið ætti einnig að taka tillit til allra annarra viðkomandi aðstæðna, s.s. verðs vörunnar og hversu mikið eða hversu oft neytandinn notar vöruna. Auk þess ætti neytandinn, að því marki sem sérstakar upplýsingar um endingu koma fram í yfirlýsingu sem gefin er áður en samningur er gerður og sem er hluti af sölusamningnum, að geta reitt sig á þær sem hluta af huglægum kröfum um samræmi.

33) Samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar ætti seljandanum að vera skylt að afhenda neytandanum vörur sem eru í samræmi þegar þær eru afhentar. Hugsanlegt er að seljendur noti varahluti til að uppfylla þá skyldu sína að gera við vörur ef ósamræmi var til staðar við afhendingu. Þótt þessi tilskipun ætti ekki að skylda seljendur til að tryggja að

varahlutir séu aðgengilegir á tilteknu tímabili, sem hlutlæga kröfu um samræmi, ætti hún ekki að hafa áhrif á önnur ákvæði landslaga sem skylda seljanda, framleiðanda eða annan aðila sem myndar hlekk í keðju viðskiptanna til að tryggja að varahlutir séu aðgengilegir eða til að upplýsa neytendur um slíkt aðgengi.

34) Fjölmargar vörur þarf að setja upp áður en neytandi getur nýtt sér þær með árangursríkum hætti. Ef um er að ræða vörur með stafræna eiginleika er auk þess yfirleitt nauðsynlegt að setja upp stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna til að neytandinn geti notað slíkar vörur í samræmi við tilætlaðan tilgang þeirra. Því ætti að líta á hvers konar ósamræmi sem stafar af rangri uppsetningu vörunnar, þ.m.t. rangri uppsetningu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu sem felld er inn í eða samtengd er vörunni, sem ósamræmi ef uppsetningin var framkvæmd af seljandanum eða undir stjórn hans. Ef neytandanum var ætlað að setja sjálfur upp vöruna ætti að líta á ósamræmi sem stafar af rangri uppsetningu sem ósamræmi vöru, óháð því hvort uppsetningin var framkvæmd af neytandanum eða þriðja aðila á ábyrgð neytandans, ef röng uppsetning er tilkomin vegna ágalla á uppsetningarleiðbeiningunum, s.s. að leiðbeiningarnar séu ófullkomnar eða að þær skorti skýrleika sem gerir meðalneytandanum erfitt að nota þær.

35) Samræmi ætti að taka til efnislegra ágalla sem og lagalegra ágalla. Takmarkanir sem stafa af broti á réttindum þriðja aðila, einkum á hugverkarétti, gætu komið í veg fyrir eða takmarkað notkun á vörunni í samræmi við samning. Aðildarríki ættu að tryggja að í slíkum tilvikum eigi neytandinn rétt á úrræðum vegna ósamræmis, eins og kveðið er á um í þessari tilskipun, nema landslög kveði í slíkum tilvikum á um ógildingu eða riftun á samningnum.

36) Til að tryggja nægjanlegan sveigjanleika reglnanna, t.d. í tengslum við sölu á notuðum vörum, ættu aðilar að eiga möguleika á að víkja frá hlutlægu kröfunum um samræmi sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Slíkt frávik ætti einungis að vera mögulegt hafi neytandinn verið upplýstur um slíkt og ef neytandinn samþykkir það aðskilið frá öðrum yfirlýsingum eða samningum og með virkum og ótvíræðum hætti.

37) Til að auka réttarvissu fyrir bæði neytendur og seljendur þurfa upplýsingar um hvenær meta eigi samræmi vörunnar að vera skýrar. Viðeigandi tími til að meta samræmi vörunnar ætti að vera þegar varan er afhent. Þetta ætti einnig að eiga við um vörur með innfellt eða samtengt stafrænt efni eða stafræna þjónustu sem látin eru í té í eitt skipti. Ef stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna, sem er innfelld í eða samtengd vörunum, á hins vegar að láta í té samfellt yfir ákveðið tímabil ætti viðeigandi tími til að staðfesta samræmi þess stafræna efnis eða þeirrar stafrænu þjónustu ekki að vera tiltekin stund heldur frekar tímabil, sem hefst við afhendingu. Í þágu réttarvissu ætti það tímabil að vera jafn langt því tímabili sem seljandinn ber ábyrgð á ósamræmi.

38) Þessi tilskipun ætti ekki að setja reglur um merkingu hugtaksins „afhending“ heldur ættu landslög að ákvarða slíkt, einkum að því er varðar hvað seljandinn þarf að gera til að uppfylla skyldu sína um að afhenda vörurnar. Enn fremur ættu vísanir til afhendingartíma í þessari tilskipun ekki að hafa áhrif á reglurnar um yfirfærslu á áhættu, sem kveðið er á um í tilskipun 2011/83/ESB og sem komið hefur verið í framkvæmd í lögum aðildarríkjanna til samræmis við það.

39) Vörur með stafræna eiginleika ættu að teljast hafa verið afhentar neytandanum þegar bæði efnislegur þáttur vörunnar hefur verið afhentur og stafræna efnið eða stafræna þjónustan hefur verið látin í té í eitt skipti eða samfelld afhending stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar yfir ákveðið tímabil er hafin. Þetta þýðir að seljandinn ætti einnig að gera stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna tiltæka eða aðgengilega fyrir neytandann með þeim hætti að stafræna efnið eða stafræna þjónustan, eða hentugar leiðir til að hlaða niður eða nálgast slíkt, sé komið til neytandans og engra frekari aðgerða sé þörf af hálfu seljandans til að gera neytandanum kleift að nota stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna í samræmi við samninginn, t.d. með því að láta í té hlekk eða möguleika á niðurhali. Viðeigandi tími til að staðfesta samræmi ætti því að vera þegar stafræna efnið eða stafræna þjónustan er látið í té, ef efnislegi þátturinn var afhentur

áður. Þar af leiðandi er hægt að tryggja samræmdan upphafstíma ábyrgðartímabilsins fyrir efnislega þáttinn annars vegar og stafræna eiginleikann hins vegar. Enn fremur getur neytandinn í mörgum tilvikum ekki greint galla í efnislega þættinum fyrr en stafræna efnið eða stafræna þjónustan hefur verið látin í té.

40) Ef seljandi þarf að setja upp vörurnar getur neytandinn í tilteknum tilvikum ekki notað vörurnar eða greint galla fyrr en lokið hefur verið við uppsetninguna. Því ættu vörur að teljast hafa verið afhentar neytandanum þegar uppsetningu er lokið ef seljandinn á, samkvæmt sölusamningi, að setja upp vörurnar eða uppsetning er á hans ábyrgð.

41) Til að tryggja réttarvissu fyrir seljendur og almenna tiltrú neytenda á innkaupum yfir landamæri er nauðsynlegt að kveða á um tímabil þar sem neytandinn á rétt á úrræðum vegna ósamræmis sem er til staðar á þeim tíma sem gefinn er til staðfestingar á samræmi. Í ljósi þess að við framkvæmd tilskipunar 1999/44/EB hefur mikill meirihluti aðildarríkja gert ráð fyrir tveggja ára tímabili og að markaðsaðilar telja það í reynd hæfilega langt ætti að halda þessu tímabili. Sama tímabil ætti að gilda þegar um er að ræða vörur með stafræna eiginleika. Ef samningurinn kveður hins vegar á um samfellda afhendingu í meira en tvö ár ætti neytandinn að eiga rétt á úrræðum vegna ósamræmis stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar sem á sér stað eða sem kemur í ljós innan þess tímabils sem stafræna efnið eða stafræna þjónustan eru látin í té samkvæmt samningnum. Til að tryggja að aðildarríkin hafi sveigjanleika til að auka neytendavernd í landslögum sínum ætti aðildarríkjum að vera frjálst að kveða á um lengri tímamörk ábyrgðar seljanda en þau sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

42) Í þágu samræmis við gildandi landsbundin réttarkerfi ætti aðildarríkjum að vera frjálst að kveða á um annað hvort að seljendur séu ábyrgir fyrir ósamræmi sem kemur í ljós innan tiltekins tíma, hugsanlega með fyrningarfresti, eða að úrræði neytenda séu eingöngu háð fyrningarfresti. Í fyrra tilvikinu ættu aðildarríkin að tryggja að ábyrgðartímabil seljenda sé ekki sniðgengið vegna fyrningarfrests úrræða neytenda. Þótt þessi tilskipun ætti því ekki að samræma upphaf landsbundinna fyrningarfresta ætti hún að tryggja að slíkir fyrningarfrestir skerði ekki rétt neytanda til að nýta úrræði sín vegna ósamræmis sem kemur í ljós á því tímabili sem seljandinn er ábyrgur fyrir ósamræminu. Í síðara tilvikinu ættu aðildarríkin að geta viðhaldið eða tekið upp fyrningarfrest fyrir úrræði neytenda eingöngu án þess að taka upp tiltekið tímabil þar sem ósamræmi þarf að koma í ljós til að seljandinn sé ábyrgur. Til að tryggja að neytendur njóti einnig jafnmikillar verndar í slíkum tilvikum ættu aðildarríki að sjá til þess að í þeim tilvikum þar sem aðeins fyrningarfrestur á við sé neytendum samt heimilt að nýta sér úrræði vegna ósamræmis sem kemur í ljós a.m.k. á því tímabili sem þessi tilskipun kveður á um sem ábyrgðartímabil.

43) Að því er varðar tiltekna þætti kann ólík meðferð á notuðum vörum að vera réttlætanleg. Þó að tveggja ára ábyrgðartímabil eða fyrningarfrestur eða lengri samrýmist yfirleitt hagsmunum bæði seljanda og neytanda þá á það ekki endilega við að því er varðar notaðar vörur. Aðildarríki ættu því að geta heimilað aðilum að semja um styttra ábyrgðartímabil eða styttri fyrningarfrest þegar um er að ræða slíkar vörur. Að láta þetta heyra undir samningsbundið samkomulag milli aðila eykur samningsfrelsi og tryggir að upplýsa þurfi neytandann bæði um eðli vörunnar sem notaðrar vöru og að ábyrgðartímabilið eða fyrningarfresturinn sé styttri. Slíkt samningsbundið tímabil ætti þó ekki að vera styttra en eitt ár.

44) Þessi tilskipun ætti ekki að setja reglur um þau skilyrði sem gilda um frestun eða rof ábyrgðartímabils, eins og kveðið er á um í þessari tilskipun, eða fyrningarfrests. Til að stuðla að vinsamlegu samkomulagi, t.d. ef um viðgerð, skipti eða samningaumleitanir milli seljenda og neytenda er að ræða, ættu aðildarríkin því að geta kveðið á um frestun eða rof á ábyrgðartímabili eða fyrningarfresti.

45) Í eitt ár, eða tvö ár ef aðildarríki kjósa að beita tveggja ára tímabili, ætti neytandinn aðeins að þurfa að sanna að vara sé í ósamræmi án þess að þurfa einnig að færa sönnur á að ósamræmið hafi í raun verið til staðar á þeim tíma sem gefinn er til staðfestingar á samræmi. Til að hrekja kröfu neytandans myndi seljandinn þurfa að sanna að ósamræmið hafi ekki verið til staðar á þeim tíma. Að auki getur, í sumum tilvikum, sú forsenda að ósamræmi hafi verið til staðar á þeim tíma sem gefinn var til staðfestingar á samræmi verið ósamrýmanleg eðli vörunnar eða eðli ósamræmisins. Hið fyrrnefnda gæti verið tilfellið þegar um er að ræða vörur sem vegna eðlis síns spillast, s.s. eins og vörur sem hætt er við skemmdum, t.d. blóm eða vörur sem eru eingöngu ætlaðar sem einnota. Dæmi um hið síðartalda myndi vera ósamræmi

sem getur aðeins komið til vegna gjörða neytandans eða vegna augljósra ytri orsaka sem áttu sér stað eftir að varan var afhent neytandanum. Þegar um er að ræða vörur með stafræna eiginleika þar sem samningurinn kveður á um samfellda afhendingu á stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni ætti neytandinn ekki að þurfa að sanna að stafræna efnið eða stafræna þjónustan hafi verið í ósamræmi á viðkomandi tímabili sem gefið var til staðfestingar á samræmi. Til að hrekja kröfu neytandans þyrfti seljandinn að sanna að stafræna efnið eða stafræna þjónustan hefði verið í samræmi á því tímabili.

46) Aðildarríkjum ætti að vera heimilt að viðhalda eða setja ákvæði sem mæla fyrir um að til þess að njóta réttinda sinna þurfi neytandinn að upplýsa seljandann um ósamræmi innan frests sem ekki skal vera skemmri en tveir mánuðir frá því að neytandinn tók fyrst eftir slíku ósamræmi. Aðildarríkjum ætti að vera heimilt að tryggja neytendum öflugri vernd með því að taka ekki upp slíka skyldu.

47) Til að auka réttarvissu og til að ryðja úr vegi einni helstu hindruninni sem hamlar innri markaðnum ætti þessi tilskipun að samræma að fullu þau úrræði sem neytendum standa til boða vegna ósamræmis vöru og skilyrðin fyrir beitingu slíkra úrræða. Einkum ættu neytendur, þegar um ósamræmi er að ræða, að eiga rétt á því að varan sé færð til samræmis eða á að fá hlutfallslegan afslátt af verði eða að samningnum sé rift.

48) Að því er varðar að færa vörur til samræmis ættu neytendur að geta valið milli viðgerðar eða að vörunni sé skipt. Að gera neytendum kleift að krefjast viðgerðar ætti að hvetja til sjálfbærrar neyslu og gæti stuðlað að betri endingu vara. Val neytanda á milli viðgerðar og skipta ætti aðeins að vera takmörkunum háð ef sá valkostur sem valinn er væri lagalega eða raunverulega ómögulegur eða hefði í för með sér óhóflegan kostnað fyrir seljandann, samanborið við hinn valkostinn. Það gæti t.d. verið óhóflegt að fara fram á að vörunni væri skipt vegna minniháttar rispu ef slík skipti hefðu umtalsverðan kostnað í för með sér og rispuna mætti auðveldlega laga.

49) Seljanda ætti að vera heimilt að synja um að færa vörurnar til samræmis ef bæði viðgerð og skipti eru ómöguleg eða ef slíkt myndi hafa óhóflegan kostnað í för með sér fyrir hann. Sama ætti að eiga við ef annað hvort viðgerð eða skipti eru ómöguleg og önnur úrræði myndu hafa óhóflegan kostnað í för með sér fyrir seljandann. Til dæmis ef vörur eru staðsettar annars staðar en þar sem þær voru upprunalega afhentar gæti póst- og flutningskostnaður orðið óhóflegur fyrir seljandann.

50) Þegar ósamræmi kemur í ljós ætti neytandinn að tilkynna seljandanum um það til að gefa honum tækifæri til að færa vöruna til samræmis. Seljandinn ætti að gera slíkt innan hæfilegs tíma. Því ætti neytandinn að jafnaði ekki að eiga tafarlausan rétt á afslætti eða riftun samnings heldur ætti hann að setja seljandanum sanngjörn tímamörk til að gera við eða skipta vörunni sem er í ósamræmi. Hafi seljandinn ekki gert við eða skipt vörunni innan þess tíma ætti neytandinn að eiga rétt á að krefjast og fá afslátt eða riftun samningsins án þess að þurfa að bíða lengur.

51) Hafi viðgerð eða skipti á vöru ekki reynst fullnægjandi úrræði vegna ósamræmis fyrir neytandann ætti hann að eiga rétt á afslætti eða á því að rifta samningnum. Þetta ætti einkum að eiga við ef seljandinn hefur ekki lokið við viðgerðina eða skiptin eða ef ljóst þykir af öllum málavöxtum að hann muni ekki ljúka við viðgerðina eða skiptin eða ef seljandinn hefur neitað að færa vörurnar til samræmis vegna þess að viðgerð og skipti eru ómöguleg eða myndu hafa óhóflegan kostnað í för með sér fyrir hann.

52) Við tilteknar aðstæður mætti réttlæta að neytandinn ætti að eiga rétt á afslætti af verði eða riftun samningsins tafarlaust. Hafi seljandinn gripið til aðgerða til að færa vörurnar til samræmis en ósamræmi kemur í framhaldinu í ljós ætti að meta það á hlutlægan hátt hvort neytandinn ætti að samþykkja frekari tilraunir seljandans til að færa vörurnar til samræmis, að teknu tilliti til allra málavaxta s.s. tegundar og verðmætis vörunnar og eðlis og mikilvægis ósamræmisins. Einkum gæti verið réttlætanlegt að heimila seljandanum að reyna aftur að ráða bót á ósamræminu þegar um er að ræða dýrar eða flóknar vörur. Einnig ætti að taka tillit til þess hvort vænta megi þess af neytandanum að hann hafi áfram tiltrú á getu

seljandans til að færa vörurnar til samræmis eða ekki, t.d. ef sama vandamál kemur upp tvisvar. Að sama skapi gæti ósamræmi, við tilteknar aðstæður, verið svo alvarlegs eðlis að neytandinn geti ekki viðhaldið tiltrú sinni á getu seljandans til að færa vörurnar til samræmis, t.d. þegar ósamræmið hefur alvarleg áhrif á getu neytandans til að nota vörurnar með venjulegum hætti og ekki er hægt að vænta þess af neytandanum að hann treysti því að viðgerð eða skipti seljandans muni leysa vandamálið.

53) Til að viðhalda jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðilanna ætti neytandinn aðeins að eiga rétt á að rifta samningnum í þeim tilvikum þar sem ekki er um að ræða minniháttar ósamræmi.

54) Aðildarríki ættu að geta sett reglur um skilyrðin fyrir því að annar aðili megi uppfylla skyldur skuldarans, t.d. með hvaða skilyrðum neytandinn eða þriðji aðili mega, á kostnað seljandans, uppfylla þá skyldu seljanda að gera við vöru.

55) Til að vernda neytendur gegn hættu á langvarandi töfum ættu allar viðgerðir eða skipti að fara fram innan hæfilegra tímamarka. Sanngjörn tímamörk til að ljúka viðgerð eða skiptum ættu að samsvara stysta mögulega tíma sem það tekur að ljúka viðgerðum eða skiptum. Meta ætti þann tíma á hlutlægan hátt að teknu tilliti til eðlis vörunnar og hversu flókin hún er, eðlis og alvarleika ósamræmisins og þeirrar fyrirhafnar sem þörf er á til að ljúka við viðgerðina eða skiptin. Við framkvæmd þessarar tilskipunar ættu aðildarríki að geta túlkað sanngjörn tímamörk til að ljúka viðgerð eða skiptum með því að mæla fyrir um ákveðin tímabil sem almennt mætti telja hæfileg til viðgerða eða skipta, einkum að því er varðar tiltekna vöruflokka.

56) Þessi tilskipun ætti ekki að mæla fyrir um ákvæði um hvar skyldur skuldarans skuli uppfylltar. Þessi tilskipun ætti því hvorki að tilgreina afhendingarstað né mæla fyrir um hvar viðgerð eða skipti ættu að eiga sér stað; slíkt ætti að ákvarða í landslögum.

57) Ef seljandinn færir vöruna til samræmis með skiptum ætti neytandanum ekki að vera skylt að greiða fyrir venjulega notkun á vörunni áður en henni var skipt. Notkun á vörunni ætti að teljast venjuleg ef hún er í samræmi við eðli og tilgang vörunnar.

58) Til að neytendur geti nýtt með skilvirkum hætti rétt sinn til riftunar í þeim tilvikum þar sem neytandinn kaupir margar vörur og ósamræmið hefur aðeins áhrif á sumar vörurnar sem afhentar eru samkvæmt samningnum, ætti neytandinn einnig að eiga rétt á að rifta samningnum í tengslum við hinar vörurnar sem keyptar eru ásamt vörunum sem eru í ósamræmi, jafnvel þótt þær vörur séu í samræmi, ef ekki er hægt að vænta þess með nokkurri sanngirni að neytandinn samþykki að halda eftir aðeins þeim vörum sem eru í samræmi.

59) Ef neytandi riftir samningi vegna ósamræmis ætti þessi tilskipun aðeins að mæla fyrir um reglur um helstu áhrif og fyrirkomulag varðandi réttinn til riftunar, einkum skyldu aðila til að skila því sem þeir hafa fengið afhent. Því ætti seljandanum að vera skylt að endurgreiða það verð sem neytandinn greiddi honum og neytandinn ætti að skila vörunum.

60) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á frelsi aðildarríkjanna til að setja reglur um aðrar afleiðingar riftunar en þær sem kveðið er á um í þessari tilskipun, s.s. afleiðingar af því þegar virði vörunnar lækkar eða hún eyðileggst eða tapast. Aðildarríkjum ætti einnig að vera heimilt að setja reglur um fyrirkomulag sem gildir um endurgreiðslu verðs til neytandans, t.d. fyrirkomulag varðandi hvaða leiðir skuli nota til slíkrar endurgreiðslu eða varðandi hugsanlegan kostnað og gjöld sem fylgja endurgreiðslunni. Aðildarríkjum ætti t.d. einnig að vera frjálst að setja tiltekinn frest til endurgreiðslu á verði eða til að skila vörum.

61) Meginreglan um bótaábyrgð seljanda er grundvallarþáttur sölusamninga. Neytendur ættu því að eiga rétt á að krefjast bóta vegna tjóns af völdum brota seljandans á þessari tilskipun, þ.m.t. vegna tjóns sem hlýst vegna ósamræmis. Slíkar bætur ættu að koma neytandanum eins nálægt þeirri stöðu sem hann hefði verið í, hefðu vörurnar verið í samræmi, og mögulegt er. Þar eð slíkur réttur til skaðabóta er þegar tryggður í öllum aðildarríkjum ætti þessi tilskipun ekki að hafa áhrif á reglur í hverju ríki fyrir sig um bætur til neytenda fyrir skaða sem þeir verða fyrir vegna brota á þessum reglum. Aðildarríkjum ætti einnig að vera frjálst að setja reglur um réttindi neytenda til bóta vegna aðstæðna þar sem viðgerð eða skipti ollu verulegum óþægindum eða töfðust.

62) Til að tryggja gagnsæi ætti að setja tilteknar kröfur að því er varðar viðskiptaábyrgðir samhliða kröfunum um upplýsingar sem veita skal áður en samningur er gerður um að viðskiptaábyrgð sé fyrir hendi og um skilyrði hennar sem kveðið er á um í tilskipun 2011/83/ESB. Til að bæta réttarvissu og forðast að villt sé um fyrir neytendum ætti þessi tilskipun ennfremur að kveða á um að ef skilyrði viðskiptaábyrgðar í tilheyrandi auglýsingum eru hagstæðari fyrir neytandann en þau sem finna má í ábyrgðaryfirlýsingunni ættu hagstæðari skilyrðin að gilda. Að lokum ætti þessi tilskipun að setja reglur um efni ábyrgðaryfirlýsingarinnar og um það hvernig hún skuli gerð aðgengileg neytendum. Í ábyrgðaryfirlýsingunni ættu t.d. að koma fram skilmálar viðskiptaábyrgðarinnar og þar ætti að tiltaka að viðskiptaábyrgðin hafi ekki áhrif á lögbundnu samræmisábyrgðina, svo það sé ljóst að skilmálar viðskiptaábyrgðarinnar feli í sér skuldbindingu sem kemur til viðbótar lögbundnu samræmisábyrgðinni. Aðildarríkjum ætti að vera frjálst að mæla fyrir um reglur um aðra þætti viðskiptaábyrgða sem falla ekki undir þessa tilskipun, s.s. um að tengja aðra skuldara en ábyrgðarveitandann við viðskiptaábyrgðina, að því tilskildu að þessar reglur svipti ekki neytendur þeirri vernd sem þeir fá með fyllilega samræmdum ákvæðum þessarar tilskipunar um viðskiptaábyrgðir. Aðildarríkjunum ætti að vera frjálst að krefjast þess að viðskiptaábyrgðir séu veittar án endurgjalds en þau ættu að tryggja að hvers konar skuldbinding seljanda eða framleiðanda, sem fellur undir skilgreininguna á viðskiptaábyrgð eins og hún er sett fram í þessari tilskipun, sé í samræmi við samræmdar reglur þessarar tilskipunar.

63) Að teknu tilliti til þess að seljandi ber ábyrgð gagnvart neytanda á ósamræmi vöru sem til er komið vegna aðgerða eða aðgerðaleysis seljandans eða þriðja aðila ætti seljandinn að geta beitt úrræðum gegn þeim aðila sem ber ábyrgðina í fyrri hlutum keðju viðskipta. Á meðal slíkra úrræða ættu að vera úrræði vegna ósamræmis sem er til komið vegna aðgerðaleysis varðandi uppfærslu, þ.m.t. öryggisuppfærslu, sem hefði verið nauðsynleg til að halda vöru með stafræna eiginleika í samræmi. Þessi tilskipun ætti þó ekki að hafa áhrif á meginregluna um samningsfrelsi milli seljandans og annarra aðila í viðskiptakeðjunni. Aðildarríkin ættu að veita nánari upplýsingar varðandi nýtingu þess réttar, einkum gagnvart hverjum og hvernig beita má slíkum úrræðum og hvort úrræðin eru skyldubundin. Þessi tilskipun ætti ekki að setja reglur um það hvort neytandi geti einnig gert kröfu beint á aðila í fyrri hlutum viðskiptakeðjunnar, nema í þeim tilvikum þar sem framleiðandi býður neytanda viðskiptaábyrgð á vörunum.

64) Einstaklingar eða skipulagsheildir sem teljast, samkvæmt innlendum lögum, hafa lögmætra hagsmuna að gæta við að vernda samningsbundinn rétt neytenda, ættu að hafa rétt til þess að hefja málsmeðferð, annaðhvort hjá dómstóli eða stjórnvaldi sem er þar til bært að úrskurða í kærumálum, eða hefja viðeigandi málarekstur.

65) Ekkert í þessari tilskipun ætti að hafa áhrif á beitingu reglna alþjóðlegs einkamálaréttar, einkum reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 og (ESB) nr. 1215/2012 ([7]).

66) Fella ber tilskipun 1999/44/EB úr gildi. Dagsetning niðurfellingarinnar ætti að vera samræmd lögleiðingardegi þessarar tilskipunar. Til að tryggja að lögum og stjórnsýslufyrirmælum, sem eru nauðsynleg aðildarríkjum til að fara að þessari tilskipun, sé beitt með samræmdum hætti um samninga sem gerðir eru frá og með lögleiðingardegi ætti þessi tilskipun ekki að gilda um samninga sem gerðir eru fyrir lögleiðingardag hennar.

67) Breyta ætti viðaukanum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 ([8]) þannig að hann innihaldi tilvísun í þessa tilskipun í því skyni að greiða fyrir samstarfi yfir landamæri um framfylgd þessarar tilskipunar.

68) Breyta ætti I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/22/EB ([9]) þannig að hann innihaldi tilvísun í þessa tilskipun í því skyni að tryggja vernd heildarhagsmuna neytenda sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

69) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([10]) hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar eitt eða fleiri skjöl sem útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætanleg.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1215/2012 frá 12. desember 2012 um dómsvald og viðurkenningu á og fullnustu dóma í einkamálum og viðskiptamálum (Stjtíð. ESB L 351, 20.12.2012, bls. 1).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 frá 12. desember 2017 um samvinnu milli landsyfirvalda sem bera ábyrgð á að framfylgja lögum um neytendavernd og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 (Stjtíð. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 1).

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/22/EB frá 23. apríl 2009 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda (Stjtíð. ESB L 110, 1.5.2009, bls. 30).

([10]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

70) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að stuðla að starfsemi innri markaðarins með því að taka með samræmdum hætti á samningaréttartengdum hindrunum á sölu á vörum yfir landamæri í Sambandinu, þar sem hvert og eitt aðildarríki er ekki í stakk búið að taka á hinum sundurleita lagaramma sem fyrir er með því að tryggja samræmi eigin laga og laga annarra aðildarríkja, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins með því að fjarlægja helstu samningaréttartengdu hindranirnar með fullri samræmingu, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

71) Rétt þykir að framkvæmdastjórnin endurskoði beitingu þessarar tilskipunar fimm árum eftir að hún öðlast gildi, þ.m.t. einkum þau ákvæði sem varða úrræði, sönnunarbyrði – einnig að því er varðar notaðar vörur og vörur sem seldar eru á opinberum uppboðum – og viðskiptaábyrgð framleiðanda á endingu. Framkvæmdastjórnin ætti einnig að meta hvort beiting þessarar tilskipunar og tilskipunar (ESB) 2019/770 tryggi samræmdan og samfelldan lagaramma að því er varðar afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu og vörum með stafræna eiginleika.

72) Í þessari tilskipun er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og mannfrelsis og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd, einkum í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, þ.m.t. þau sem er að finna í 16., 38. og 47. gr. hans.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Efni og markmið**

Markmið þessarar tilskipunar er að stuðla að eðlilegri starfsemi innri markaðarins jafnframt því að tryggja öfluga neytendavernd með því að mæla fyrir um sameiginlegar reglur um tilteknar kröfur varðandi sölusamninga milli seljenda og neytenda, einkum reglur um samræmi milli vöru og samnings, úrræði vegna ósamræmis, fyrirkomulag varðandi beitingu slíkra úrræða og um viðskiptaábyrgðir.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „sölusamningur“: samningur þar sem seljandi yfirfærir eða skuldbindur sig til að yfirfæra eignarhald á vörum til neytanda og neytandinn greiðir eða skuldbindur sig til að greiða verð þeirra,

2) „neytandi“: einstaklingur sem, í tengslum við samninga sem þessi tilskipun nær til, starfar að markmiðum sem liggja utan við atvinnugrein, fyrirtæki, iðn eða sérgrein hans,

3) „seljandi“: einstaklingur eða lögaðili, jafnt í eigu hins opinbera sem í einkaeigu, ásamt hverjum þeim sem starfar í nafni einstaklingsins eða lögaðilans eða fyrir hönd hans, sem starfar að markmiðum sem varða atvinnugrein, fyrirtæki, iðn eða sérgrein einstaklingsins eða lögaðilans í tengslum við samninga sem falla undir þessa tilskipun,

4) „framleiðandi“: sá sem framleiðir vörur, innflytjandi vöru inn á yfirráðasvæði Sambandsins eða hver sá aðili sem gefur sig út fyrir að vera framleiðandi með því að setja nafn sitt, vörumerki eða annað auðkenni á vöruna,

5) „vörur“:

   a) allir efnislegir lausamunir; vatn, gas og rafmagn skulu teljast til vöru í skilningi þessarar tilskipunar ef það er selt í takmörkuðu rúmmáli eða ákveðnu magni,

   b) allir efnislegir lausamunir sem hafa innfellt stafrænt efni eða stafræna þjónustu eða eru samtengdir við stafrænt efni eða stafræna þjónustu með þeim hætti að án þess stafræna efnis eða þeirrar stafrænu þjónusta myndu vörurnar ekki sinna hlutverki sínu („vörur með stafræna eiginleika“),

6) „stafrænt efni“: gögn sem eru framleidd og látin í té á stafrænu formi,

7) „stafræn þjónusta“:

a) þjónusta sem gerir neytandanum kleift að skapa, vinna, geyma eða fá aðgang að gögnum á stafrænu formi eða

b) þjónusta sem gerir miðlun eða aðra gagnvirkni við gögn á stafrænu formi, sem neytandinn eða aðrir notendur þeirrar þjónustu hlaða upp eða skapa, mögulega,

8) „samrýmanleiki“: geta vöru til að virka með vélbúnaði eða hugbúnaði sem almennt er notaður með vöru af sömu tegund, án þess að nauðsynlegt sé að breyta vörunni, vélbúnaðnum eða hugbúnaðnum,

9) „virkni“: geta vöru til að sinna hlutverki sínu með hliðsjón af tilgangi hennar,

10) „samvirkni“: geta vörunnar til að virka með vélbúnaði eða hugbúnaði sem er ólíkur þeim sem almennt er notaður með vörum af sömu tegund,

11) „varanlegur miðill“: sérhvert tæki sem gerir neytanda eða seljanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er persónulega til þess aðila, á þann hátt að hægt sé að nálgast þær til að fletta upp í þeim síðar, í hæfilegan tíma eftir því hvaða tilgangi upplýsingarnar þjóna og sem gerir kleift að afrita óbreyttar þær upplýsingar sem geymdar eru,

12) „viðskiptaábyrgð“: allar skuldbindingar seljanda eða framleiðanda (ábyrgðarmanns) gagnvart neytandanum, auk lagalegrar skuldbindingar seljandans í tengslum við samræmisábyrgð, um að endurgreiða kaupverð eða skipta, gera við vöru eða á annan hátt ráða bót á göllum hennar, sé hún ekki í samræmi við lýsingu í ábyrgðaryfirlýsingu eða auglýsingar um vöruna, sem voru aðgengilegar á þeim tíma þegar samningur var gerður eða fyrr,

13) „ending“: geta vörunnar til að viðhalda tilskilinni virkni og nothæfi við venjulega notkun,

14) „án endurgjalds“: án nauðsynlegs kostnaðar við að færa vöru til samræmis, sérstaklega póst-, flutnings-, vinnu- eða efniskostnaðar,

15) „opinbert uppboð“: söluaðferð þar sem seljandi býður fram vörur eða þjónustu til neytenda, sem eru viðstaddir eða er veitt tækifæri til að vera viðstaddir uppboðið í eigin persónu, í gagnsæju útboðsferli á samkeppnisgrundvelli sem er stjórnað af uppboðshaldara og þar sem hlutskarpasti bjóðandi er skuldbundinn til að kaupa vörurnar eða þjónustuna.

*3. gr.*

**Gildissvið**

1. Þessi tilskipun gildir um sölusamninga milli neytanda og seljanda.

2. Samningar milli neytanda og seljanda um afhendingu vöru sem á eftir að framleiða skulu einnig teljast sölusamningar að því er þessa tilskipun varðar.

3. Þessi tilskipun gildir ekki um samninga um afhendingu á stafrænu efni eða stafrænni þjónustu. Hún gildir hins vegar um stafrænt efni eða stafræna þjónustu sem er innfelld í eða samtengd vörum í skilningi b-liðar 5. liðar 2. gr. og látin í té ásamt vörunum samkvæmt sölusamningi, óháð því hvort seljandinn eða þriðji aðili afhendir slíkt stafrænt efni eða slíka stafræna þjónustu. Ef vafi leikur á því hvort afhending á innfelldu eða samtengdu stafrænu efni eða innfelldri eða samtengdri stafrænni þjónustu sé innifalin í sölusamningi skal líta svo á að stafræna efnið eða stafræna þjónustan falli undir sölusamninginn.

4. Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) áþreifanlega miðla sem eru eingöngu gagnaberar fyrir stafrænt efni eða

b) vörur seldar nauðungarsölu eða með annars konar lagaheimild.

5. Aðildarríkjum er heimilt að undanskilja frá gildissviði þessarar tilskipunar samninga vegna sölu á:

a) notuðum vörum sem seldar eru á opinberu uppboði og

b) lifandi dýrum.

Í því tilviki sem um getur í a-lið skulu neytendur eiga greiðan aðgang að skýrum og ítarlegum upplýsingum um að þau réttindi sem leiðir af þessari tilskipun gildi ekki.

6. Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á frelsi aðildarríkjanna til að setja reglur um almenn atriði samningalaga, s.s. reglur um gerð, gildi, ógildingu eða áhrif samninga, þ.m.t. um afleiðingar af riftun samnings, að svo miklu leyti sem ekki eru settar reglur um þau í þessari tilskipun, eða um rétt til skaðabóta.

7. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á frelsi aðildarríkja til að heimila neytendum að velja tiltekið úrræði ef ósamræmi vöru kemur í ljós innan ákveðins tímabils eftir afhendingu, sem er að hámarki 30 dagar. Þessi tilskipun skal auk þess ekki hafa áhrif á landsreglur sem varða ekki sérstaklega neytendasamninga og kveða á um sértæk úrræði vegna tiltekinna tegunda galla sem ekki voru augljósir þegar sölusamningurinn var gerður.

*4. gr.*

**Umfang samræmingar**

Aðildarríkin skulu ekki viðhalda eða innleiða ákvæði í landslöggjöf sína sem víkja frá þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, þ.m.t. strangari eða mildari ákvæði, í því augnamiði að tryggja neytendum aðra vernd, nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

*5. gr.*

**Samræmi vara**

Vörur sem seljandi afhendir neytanda skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 6., 7. og 8. gr., eftir atvikum, sbr. þó 9. gr.

*6. gr.*

**Huglægar kröfur um samræmi**

Til að samræmast sölusamningnum skal vara einkum, eftir atvikum:

a) vera í samræmi við þá lýsingu, tegund, magn og gæði og búa yfir þeirri virkni, samrýmanleika, samvirkni og öðrum þáttum sem fram koma í sölusamningnum,

b) henta þeim markmiðum sem neytandinn hyggst ná með þeim og sem hann gerði seljandanum ljós eigi síðar en þegar sölusamningurinn var gerður og sem seljandinn hefur samþykkt,

c) vera afhent með öllum fylgihlutum og leiðbeiningum, þ.m.t. um uppsetningu, eins og mælt er fyrir um í sölusamningnum og

d) vera uppfærð eins og mælt er fyrir um í sölusamningnum.

*7. gr.*

**Hlutlægar kröfur um samræmi**

1. Til viðbótar við að standast allar huglægar kröfur um samræmi skal varan:

a) henta til þeirra nota sem vörur af sömu tegund henta almennt til, að teknu tilliti til, eftir atvikum, allra laga Sambandsins og landslaga sem fyrir eru, tæknistaðla eða, ef slíkir tæknistaðlar eru ekki fyrir hendi, gildandi siðareglna iðnaðarins fyrir viðkomandi geira,

b) eftir atvikum, hafa til að bera þau gæði og vera í samræmi við lýsingu á sýnishorni eða fyrirmynd sem seljandi gerði aðgengilega neytandanum áður en samningurinn var gerður,

c) eftir atvikum, afhentar með slíkum fylgihlutum, þ.m.t. umbúðum, leiðbeiningum um uppsetningu eða öðrum leiðbeiningum, sem neytandinn getur vænst að fá með nokkurri sanngirni og

d) vera af því magni og hafa til að bera þá eiginleika og þætti, þ.m.t. í tengslum við endingu, virkni, samrýmanleika og öryggi, sem eru vanalegir í vörum af sama tagi og sem neytandinn getur með nokkurri sanngirni vænst, að teknu tilliti til eðlis vörunnar og opinberra yfirlýsinga sem settar hafa verið fram af hálfu eða fyrir hönd seljanda eða annarra aðila í fyrri hlutum keðju viðskiptanna, sérstaklega í auglýsingum eða vörumerkingum.

2. Seljandinn skal ekki bundinn af opinberum yfirlýsingum, eins og um getur í d-lið 1. mgr., ef hann sýnir fram á:

a) að hann vissi ekki og gat tæpast vitað um opinberu yfirlýsinguna sem um ræðir,

b) að þegar samningurinn er gerður hafi opinbera yfirlýsingin verið leiðrétt á sama hátt eða með sambærilegum hætti og hún hafði verið gefin eða

c) að opinbera yfirlýsingin hafi ekki getað haft áhrif á ákvörðunina um kaup á vörunni.

3. Ef um er að ræða vörur með stafræna eiginleika skal seljandinn tryggja að neytandinn sé upplýstur um og honum látnar í té uppfærslur, þ.m.t. öryggisuppfærslur, sem nauðsynlegar eru til að tryggja samræmi þeirrar vöru, á því tímabili:

a) sem neytandinn getur vænst með nokkurri sanngirni, með hliðsjón af tegund og tilgangi vörunnar og stafrænu eiginleikanna og að teknu tilliti til aðstæðna og eðlis samningsins, ef sölusamningurinn kveður á um að stafræna efnið eða stafræna þjónustan sé látin í té í eitt skipti eða

b) sem fram kemur í 2. eða 5. mgr. 10 gr., eftir því sem við á, ef sölusamningurinn kveður á um samfellda afhendingu á stafræna efninu eða stafrænu þjónustunni yfir tiltekið tímabil.

4. Ef neytandinn lætur hjá líða að setja upp, innan sanngjarnra tímamarka, uppfærslur sem hann fær í samræmi við 3. mgr. skal seljandinn ekki vera ábyrgur fyrir ósamræmi sem stafar eingöngu af því að viðeigandi uppfærsla var ekki sett upp, að því tilskildu:

a) að seljandinn hafi upplýst neytandann um tiltæka uppfærslu og afleiðingarnar ef neytandinn léti hjá líða að setja hana upp og

b) að ágallar á uppsetningarleiðbeiningunum sem neytandinn fékk séu ekki ástæða þess að hann lét hjá líða að setja uppfærsluna upp eða setti hana rangt upp.

5. Ósamræmi skal ekki teljast vera til staðar í skilningi 1. eða 3. mgr. ef neytandinn var, þegar samningurinn var gerður, sérstaklega upplýstur um að tiltekinn eiginleiki vörunnar viki frá hlutlægum kröfum um samræmi sem mælt er fyrir um í 1. eða 3. mgr. og neytandinn samþykkti slíkt frávik gagngert og sérstaklega þegar sölusamningurinn var gerður.

*8. gr.*

**Röng uppsetning vörunnar**

Ósamræmi sem upp kemur vegna rangrar uppsetningar vöru skal teljast ósamræmi vöru ef:

a) uppsetning er innifalin í sölusamningi og var framkvæmd af seljandanum eða á ábyrgð hans eða

b) uppsetningin, sem neytandanum var ætlað að annast, var framkvæmd af neytandanum og röng uppsetning stafaði af ágalla á uppsetningarleiðbeiningum frá seljanda eða, ef um er að ræða vörur með stafræna eiginleika, frá seljanda eða þeim sem lætur stafræna efnið eða stafrænu þjónustuna í té.

*9. gr.*

**Réttindi þriðja aðila**

Ef takmörkun sem stafar af broti á réttindum þriðja aðila, einkum á hugverkarétti, kemur í veg fyrir eða takmarkar notkun á vörunum, í samræmi við 6. og 7. gr., skulu aðildarríki tryggja að neytandinn eigi rétt á úrræðunum vegna ósamræmis sem kveðið er á um í 13. gr., nema landslög kveði í slíkum tilvikum á um ógildingu eða riftun á sölusamningnum.

*10. gr.*

**Ábyrgð seljanda**

1. Seljandinn skal bera ábyrgð gagnvart neytandanum á öllu ósamræmi sem var til staðar þegar varan var afhent og sem kemur í ljós innan tveggja ára frá afhendingu vörunnar. Með fyrirvara um 3. mgr. 7. gr. gildir þessi málsgrein einnig um vörur með stafræna eiginleika.

2. Þegar um er að ræða vörur með stafræna eiginleika þar sem sölusamningur kveður á um samfellda afhendingu stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar yfir tiltekið tímabil skal seljandinn einnig bera ábyrgð á ósamræmi stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar sem á sér stað eða kemur í ljós innan tveggja ára frá því að vörurnar með stafrænu eiginleikana voru afhentar. Ef samningurinn kveður á um samfellda afhendingu í meira en tvö ár ætti seljandinn að bera ábyrgð á ósamræmi stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar sem á sér stað eða sem kemur í ljós innan þess tímabils sem stafræna efnið eða stafræna þjónustan er látin í té samkvæmt sölusamningnum.

3. Aðildarríki geta viðhaldið eða innleitt lengri tímafresti en þá sem um getur í 1. og 2. mgr.

4. Ef úrræðin sem kveðið er á um í 13. gr. eru samkvæmt landslögum einnig háð fyrningarfresti skulu aðildarríki tryggja að slíkur fyrningarfrestur geri neytandanum kleift að beita úrræðunum sem mælt er fyrir um í 13. gr. vegna ósamræmis sem seljandinn er ábyrgur fyrir skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar og sem kemur í ljós innan þess tímabils sem um getur í þessum málsgreinum.

5. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar geta aðildarríki viðhaldið eða innleitt eingöngu fyrningarfrest vegna úrræðanna sem kveðið er á um í 13. gr. Aðildarríki skulu tryggja að slíkur fyrningarfrestur geri neytandanum kleift að beita úrræðunum sem mælt er fyrir um í 13. gr. vegna ósamræmis sem seljandinn er ábyrgur fyrir skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar og sem kemur í ljós á því tímabili sem um getur í þessum málsgreinum.

6. Aðildarríkin geta kveðið á um að þegar um notaða vöru er að ræða geti seljandi og neytandi gert samkomulag um samningsákvæði eða skilmála sem kveða á um styttri bótaábyrgð eða fyrningarfrest en kveðið er á um í 1., 2. og 5. mgr., að því tilskildu að slík styttri tímabil séu ekki skemmri en eitt ár.

*11. gr.*

**Sönnunarbyrði**

1. Gera skal ráð fyrir að ósamræmi sem kemur í ljós innan eins árs frá afhendingu vörunnar hafi verið til staðar við afhendingu nema annað sé sannað eða að sú forsenda sé í ósamræmi við eðli vörunnar eða eðli ósamræmisins. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um vörur með stafræna eiginleika.

2. Í stað eins árs tímabilsins sem mælt er fyrir um í 1. mgr. geta aðildarríki viðhaldið eða innleitt tveggja ára tímabil frá og með þeim tíma að vörurnar voru afhentar.

3. Þegar um er að ræða vörur með stafræna eiginleika þar sem sölusamningurinn kveður á um samfellda afhendingu stafræna efnisins eða stafrænu þjónustunnar yfir tiltekið tímabil skal sönnunarbyrðin að því er varðar hvort stafræna efnið eða stafræna þjónustan hafi verið í samræmi á tímabilinu sem um getur í 2. mgr. 10. gr. hvíla á seljanda vegna ósamræmis sem kemur í ljós innan þess tímabils sem um getur í þeirri grein.

*12. gr.*

**Tilkynningarskylda**

Aðildarríkjum er heimilt að viðhalda eða innleiða ákvæði sem mæla fyrir um að til þess að njóta réttinda sinna þurfi neytandinn að láta seljandann vita af ósamræmi innan a.m.k. tveggja mánaða frá því að hann tók fyrst eftir slíku ósamræmi.

*13. gr.*

**Úrræði vegna ósamræmis**

1. Þegar um ósamræmi er að ræða skal neytandinn eiga rétt á því að varan sé færð til samræmis eða á hlutfallslegum afslætti af verði eða á að rifta samningnum, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í þessari grein.

2. Til að fá vörurnar færðar til samræmis getur neytandinn valið milli viðgerðar og skipta, nema að úrræðið sem valið er sé ógerlegt eða myndi, samanborið við önnur úrræði, hafa í för með sér óhóflegan kostnað fyrir seljandann, að teknu tilliti til allra málavaxta, þ.m.t.:

a) verðmætis vörunnar ef ekki væri um ósamræmi að ræða,

b) mikilvægis ósamræmisins og

c) hvort notast mætti við önnur úrræði án þess að valda neytandanum verulegum óþægindum.

3. Seljanda er heimilt að neita um að færa vörurnar til samræmis ef viðgerð og skipti eru ógerleg eða myndu hafa óhóflegan kostnað í för með sér fyrir seljandann, að teknu tilliti til allra málavaxta þ.m.t. þeirra sem getið er í a- og b-liðum 2. málsgreinar.

4. Neytandinn skal annað hvort eiga rétt á hlutfallslegum afslætti í samræmi við 15. mgr. eða riftun sölusamningsins í samræmi við 16. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

a) ef seljandinn hefur ekki lokið viðgerðinni eða skiptunum eða, eftir atvikum, hefur ekki lokið viðgerð eða skiptum í samræmi við 2. og 3. mgr. 14. gr. eða hann hefur neitað að færa vörurnar til samræmis í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar,

b) ef ósamræmi kemur í ljós þrátt fyrir tilraunir seljandans til að færa vörurnar til samræmis,

c) ef ósamræmið er svo alvarlegt að það réttlætir tafarlausan afslátt eða riftun sölusamningsins eða

d) ef seljandinn hefur lýst því yfir eða ljóst þykir af öllum málavöxtum að hann muni ekki færa vörurnar til samræmis innan sanngjarnra tímamarka eða án verulegra óþæginda fyrir neytandann.

5. Neytandinn hefur ekki rétt til að rifta samningi ef aðeins um minni háttar ósamræmi er að ræða. Að því er varðar það hvort ósamræmið er minni háttar, skal sönnunarbyrðin hvíla á seljandanum.

6. Neytandi skal eiga rétt á að halda eftir greiðslu vegna útistandandi hluta af verðinu eða hluta þess þar til seljandi hefur uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt þessari tilskipun. Aðildarríki geta ákveðið skilyrði og fyrirkomulag sem gilda varðandi rétt neytandans til að halda eftir greiðslunni.

7. Aðildarríkjum er heimilt að setja reglur um hvort og að hve miklu leyti framlag neytandans til ósamræmisins hefur áhrif á rétt hans til úrræða.

*14. gr.*

**Viðgerð eða skipti á vörum**

1. Viðgerðir eða skipti skulu fara fram:

a) án endurgjalds,

b) innan sanngjarnra tímamarka frá því neytandinn hefur upplýst seljandann um ósamræmið og

c) án verulegra óþæginda fyrir neytandann, með hliðsjón af eðli vörunnar og áformum neytandans varðandi hana.

2. Ef bæta á úr ósamræminu með viðgerð eða skiptum á vörunni skal neytandinn gera vöruna aðgengilega fyrir seljandann. Seljandinn skal taka við vörum, sem skipt hefur verið, á sinn kostnað.

3. Ef viðgerð krefst þess að vara, sem hafði verið sett upp í samræmi við eðli hennar og tilgang áður en ósamræmið kom í ljós, sé fjarlægð eða þegar skipta á slíkri vöru, skal skyldan til að gera við vöru eða skipta henni fela í sér að fjarlægja vöruna sem er í ósamræmi og að setja upp vöruna sem kemur í staðinn eða sem gert var við eða bera kostnaðinn af því að varan sé fjarlægð og á uppsetningunni.

4. Neytandi skal ekki þurfa að greiða fyrir venjulega notkun á vörunni, sem skipt er, áður en henni var skipt.

*15. gr.*

**Afsláttur**

Afsláttur af verði skal vera í réttu hlutfalli við lækkað virði vörunnar sem neytandinn fékk samanborið við virði vörunnar ef hún hefði verið í samræmi.

*16. gr.*

**Riftun sölusamnings**

1. Neytandinn skal nýta rétt sinn til að rifta sölusamningnum með yfirlýsingu til seljanda þar sem hann lýsir ákvörðun sinni um að rifta sölusamningnum.

2. Ef ósamræmið tengist aðeins sumum af vörunum sem afhentar eru samkvæmt sölusamningi og grundvöllur er fyrir riftun sölusamningsins samkvæmt 13. gr. getur neytandinn rift sölusamningnum í tengslum við þær vörur eingöngu, og í tengslum við aðrar vörur sem hann keypti ásamt vörunum sem eru í ósamræmi, ef ekki er hægt að vænta þess með nokkurri sanngirni að neytandinn samþykki að halda eftir aðeins þeim vörum sem eru í samræmi.

3. Rifti neytandi sölusamningi í heild eða, í samræmi við 2. mgr., að því er varðar sumar af vörunum sem afhentar eru samkvæmt sölusamningnum:

a) skal hann skila vörunum til seljandans, á kostnað seljanda og

b) skal seljandinn endurgreiða neytandanum það verð sem greitt var fyrir vörurnar við móttöku varanna eða þegar neytandinn færir sönnur á að hann hafi endursent vörurnar.

Að því er þessa málsgrein varðar geta aðildarríki ákveðið fyrirkomulag sem gildir um skil og endurgreiðslur.

*17. gr.*

**Viðskiptaábyrgðir**

1. Viðskiptaábyrgð skal vera bindandi fyrir ábyrgðarveitandann samkvæmt þeim skilyrðum sem viðskiptaábyrgðaryfirlýsingin og tilheyrandi auglýsingar, sem voru aðgengilegar á þeim tíma sem samningurinn var gerður eða fyrr, kveða á um. Með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein og með fyrirvara um hvers konar önnur gildandi ákvæði laga Sambandsins eða landslaga skal framleiðandi, sem býður neytanda viðskiptaábyrgð á endingu tiltekinna vara í tiltekinn tíma, bera beina ábyrgð gagnvart neytandanum allt tímabilið sem viðskiptaábyrgðin á endingu gildir vegna viðgerða eða skipta á vörunum í samræmi við 14. gr. Framleiðandinn getur boðið neytandanum hagstæðari skilyrði í viðskiptaábyrgðaryfirlýsingu vegna endingar.

Ef skilmálarnir sem kveðið er á um í viðskiptaábyrgðaryfirlýsingunni eru óhagstæðari fyrir neytandann en þeir sem mælt er fyrir um í tilheyrandi auglýsingu skal viðskiptaábyrgðin vera bindandi með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í auglýsingunni um viðskiptaábyrgðina nema tilheyrandi auglýsing hafi verið leiðrétt á sama hátt eða með sambærilegum hætti og auglýsingin var gerð, áður en samningurinn var gerður.

2. Viðskiptaábyrgðaryfirlýsingin skal látin neytandanum í té á varanlegum miðli eigi síðar en þegar varan er afhent. Viðskiptaábyrgðaryfirlýsingin skal vera á skýru og skiljanlegu máli. Það skal innihalda eftirfarandi:

a) skýra yfirlýsingu um að neytandinn eigi samkvæmt lögum rétt á úrræðum frá seljandanum án endurgjalds ef vörur reynast í ósamræmi og að viðskiptaábyrgðin hafi ekki áhrif á þau úrræði,

b) nafn og heimilisfang ábyrgðarveitanda,

c) málsmeðferð sem neytandinn þarf að fylgja til að viðskiptaábyrgðin komi til framkvæmda,

d) heiti vörunnar sem viðskiptaábyrgðin gildir um og

e) skilmála viðskiptaábyrgðarinnar.

3. Það að ekki sé farið að ákvæðum 2. mgr. skal ekki hafa áhrif á bindandi eðli viðskiptaábyrgðarinnar fyrir ábyrgðarveitandann.

4. Aðildarríkjum er heimilt að setja reglur um aðra þætti varðandi viðskiptaábyrgðir sem ekki eru settar reglur um í þessari grein, þ.m.t. varðandi á hvaða tungumáli eða tungumálum viðskiptaábyrgðaryfirlýsingin skal gerð aðgengileg neytandanum.

*18. gr.*

**Réttur til úrlausnar**

Þegar seljandi ber ábyrgð gagnvart neytanda á ósamræmi sem er til komið vegna aðgerða eða aðgerðaleysis aðila í fyrri hlutum viðskiptakeðjunnar, þ.m.t. að vanrækja það að láta í té uppfærslur fyrir vörur með stafræna eiginleika í samræmi við 3. mgr. 7. gr., skal seljandinn hafa rétt til að beita úrræðum gegn þeim aðila eða aðilum innan viðskiptakeðjunnar sem bera ábyrgðina. Ákvörðun um gegn hvaða aðila seljandanum leyfist að beita úrræðum ásamt viðeigandi aðgerðum og skilmálum við framkvæmd skal taka samkvæmt landslögum.

*19. gr.*

**Framfylgd**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að til séu viðunandi og skilvirkar leiðir til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar.

2. Meðal leiðanna sem um getur í 1. mgr. skulu vera ákvæði, sem einn eða fleiri eftirtalinna aðila, eins og ákvarðast af landslögum, geta nýtt sér til aðgerða samkvæmt landslögum fyrir dómstólum eða þar til bærum stjórnsýslustofnunum, til að tryggja að beitt sé ákvæðum landslaga til lögleiðingar þessarar tilskipunar:

a) opinberar stofnanir eða fulltrúar þeirra,

b) neytendasamtök sem hafa lögmæta hagsmuni af því að vernda neytendur,

c) fagfélög sem hafa réttmætan hag af því að grípa til aðgerða.

*20. gr.*

**Neytendaupplýsingar**

Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar um réttindi neytenda samkvæmt þessari tilskipun og upplýsingar um hvernig framfylgja megi þeim réttindum, séu aðgengilegar neytendum.

*21. gr.*

**Ófrávíkjanleiki**

1. Sé ekki kveðið á um annað í þessari tilskipun skal hvers konar samningsbundið fyrirkomulag, neytandanum í óhag, sem útilokar beitingu landsráðstafana sem leiða þessa tilskipun í lög, víkur frá þeim eða breytir áhrifum þeirra áður en neytandinn vekur athygli seljandans á ósamræmi vörunnar, ekki vera bindandi fyrir neytandann.

2. Tilskipun þessi skal ekki hindra seljanda í að bjóða neytanda samningsbundið fyrirkomulag sem gengur lengra en verndin sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

*22. gr.*

**Breytingar á reglugerð (ESB) 2017/2394 og tilskipun 2009/22/EB**

1) Í stað 3. liðar í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2017/2394 kemur eftirfarandi:

„3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/771 frá 20. maí 2019 um tiltekna þætti varðandi samninga um sölu á vörum, um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/2394 og tilskipun 2009/22/EB og um niðurfellingu tilskipunar 1999/44/EB (Stjtíð. ESB L 136, 22.5.2019, bls. 28).“

2) Í stað 7. liðar I. viðauka við tilskipun 2009/22/EB kemur eftirfarandi:

„7. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/771 frá 20. maí 2019 um tiltekna þætti varðandi samninga um sölu á vörum, um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/2394 og tilskipun 2009/22/EB og um niðurfellingu tilskipunar 1999/44/EB (Stjtíð. ESB L 136, 22.5.2019, bls. 28).“

*23. gr.*

**Niðurfelling á tilskipun 1999/44/EB**

Tilskipun 1999/44/EB er felld úr gildi frá og með 1. janúar 2022.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í viðauka.

*24. gr.*

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 1. júlí 2021. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 1. janúar 2022.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði landslaga sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

2. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki gilda um samninga sem gerðir eru fyrir 1. janúar 2022.

*25. gr.*

**Endurskoðun**

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 12. júní 2024, endurskoða beitingu þessarar tilskipunar, þ.m.t. ákvæði hennar um úrræði og sönnunarbyrði — einnig að því er varðar notaðar vörur og vörur sem seldar eru á opinberum uppboðum — og viðskiptaábyrgð framleiðanda á endingu og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina. Í skýrslunni skal sérstaklega metið hvort beiting þessarar tilskipunar og tilskipunar (ESB) 2019/770 tryggi samræmdan og samfelldan ramma fyrir eðlilega starfsemi innri markaðarins að því er varðar afhendingu á stafrænu efni, stafrænni þjónustu og vörum með stafræna eiginleika í samræmi við þær meginreglur sem gilda um stefnur Sambandsins. Skýrslunni skulu fylgja tillögur að nýrri löggjöf, ef við á.

*26. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Ákvæði 22. gr. koma hins vegar til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

*27. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. maí 2019.

| | |
|---|---|
| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
| A. TAJANI | G. CIAMBA |
| *forseti.* | *forseti.* |

*VIÐAUKI*

**SAMSVÖRUNARTAFLA**

| Tilskipun 1999/44/EB | Þessi tilskipun |
|---|---|
| 1. mgr. 1. gr. | 1. gr. |
| a-liður 2. mgr. 1. gr. | 2. liður 2. gr. |
| Fyrsti undirliður b-liðar 2. mgr. 1. gr. | b-liður 4. mgr. 3. gr. |
| Annar og þriðji undirliður b-liðar 2. mgr. 1. gr. | a-liður 5. liðar 2. gr. |
| c-liður 2. mgr. 1. gr. | 3. liður 2. gr. |
| d-liður 2. mgr. 1. gr. | 4. liður 2. gr. |
| e-liður 2. mgr. 1. gr. | 12. liður 2. gr. |
| 3. mgr. 1. gr. | 15. liður 2. gr. og a-liður 5. mgr. 3. gr. |
| 4. mgr. 1. gr. | 2. mgr. 3. gr. |
| 1. mgr. 2. gr. | 5. gr. |
| a-liður 2. mgr. 2. gr. | a-liður 6. gr. og b-liður 1. mgr. 7. gr. |
| b-liður 2. mgr. 2. gr. | b-liður 6. gr. |
| c-liður 2. mgr. 2. gr. | a-liður 1. mgr. 7. gr. |
| d-liður 2. mgr. 2. gr. | d-liður 1. mgr. 7. gr. |
| 3. mgr. 2. gr. | 5. mgr. 7. gr. |
| 4. mgr. 2. gr. | 2. mgr. 7. gr. |
| 5. mgr. 2. gr. | 8. gr. |
| 1. mgr. 3. gr. | 1. mgr. 10. gr. |
| 2. mgr. 3. gr. | 1. mgr. 13. gr. |
| Fyrsta undirgrein 3. mgr. 3. gr. | 2. mgr. 13. gr. og a-liður 1. mgr. 14. gr. |
| Önnur undirgrein 3. mgr. 3. gr. | 2. mgr. 13. gr. |
| Þriðja undirgrein 3. mgr. 3. gr. | b- og c-liður 1. mgr. 14. gr. |
| 4. mgr. 3. gr. | 14. liður 2. gr. |
| 5. mgr. 3. gr. | 4. mgr. 13. gr. |
| 6. mgr. 3. gr. | 5. mgr. 13. gr. |
| 4. gr. | 18. gr. |
| 1. mgr. 5. gr. | 1., 2., 3., 4. og 5. mgr. 10. gr. |
| 2. mgr. 5. gr. | 12. gr. |
| 3. mgr. 5. gr. | 11. gr. |
| 1. mgr. 6. gr. | 1. mgr. 17. gr. |

| Tilskipun 1999/44/EB | Þessi tilskipun |
|---|---|
| 2. mgr. 6. gr. | 2. mgr. 17. gr. |
| 3. mgr. 6. gr. | 2. mgr. 17. gr. |
| 4. mgr. 6. gr. | 4. mgr. 17. gr. |
| 5. mgr. 6. gr. | 3. mgr. 17. gr. |
| Fyrsta undirgrein 1. mgr. 7. gr. | 1. mgr. 21. gr. |
| Önnur undirgrein 1. mgr. 7. gr. | 6. mgr. 10. gr. |
| 2. mgr. 7. gr. | — |
| 1. mgr. 8. gr. | 6. og 7. mgr. 3. gr. |
| 2. mgr. 8. gr. | 4. gr. |
| 9. gr. | 19. og 20. gr. |
| 10. gr. | 22. gr. |
| Fyrsta undirgrein 1. mgr. 11. gr. | Fyrsta undirgrein 1. mgr. 24. gr. |
| Önnur undirgrein 1. mgr. 11. gr. | Þriðja undirgrein 1. mgr. 24. gr. |
| 2. mgr. 11. gr. | Fjórða undirgrein 1. mgr. 24. gr. |
| 12. gr. | 25. gr. |
| 13. gr. | 26. gr. |
| 14. gr. | 27. gr. |

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/617** **2021/EES/71/05**

**frá 14. apríl 2021**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2020/2235 og (ESB) 2020/2236 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum og dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu tiltekinna lagardýra og dýraafurða inn í Sambandið** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([1]), einkum a-lið 2. mgr. 7. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ([2]), einkum 2. mgr. 213. gr. og 4. mgr. 224. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Í framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 ([3]) og (ESB) 2020/2236 ([4]) er mælt fyrir um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 ([5]) að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum og dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu tiltekinna lagardýra og dýraafurða inn í Sambandið.

2) Sendingar af lifandi lagardýrum, sem eru ætluð til manneldis, mega einungis koma inn í Sambandið ef þær uppfylla reglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004. Orðalag í tilteknum athugasemdum, sem settar eru fram í fyrirmyndum að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum fyrir lifandi fisk, lifandi krabbadýr, lifandi samlokur, skrápdýr, möttuldýr, sæsnigla og afurðir úr þessum dýrum í 28. og 31. kafla III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235, er hugsanlega tvírætt að því er varðar lýðheilsukröfur. Til að koma í veg fyrir misskilning og til að tryggja samræmi milli krafna varðandi heilbrigði manna og dýra vegna komu sendinga af tilteknum lifandi lagardýrum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið ætti því að breyta athugasemdunum sem settar eru fram í fyrirmyndum að

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

([2]) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB (Stjtíð. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2236 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af lagardýrum og af tilteknum lagardýraafurðum og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1251/2008 (Stjtíð. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 410).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum fyrir lifandi fisk, lifandi krabbadýr, lifandi samlokur, skrápdýr, möttuldýr, sæsnigla og afurðir úr þessum dýrum í 28. og 31. kafla III. viðauka til samræmis við það.

3) Til að tryggja fullkominn skýrleika í athugasemdunum í fyrirmyndum að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum fyrir lifandi fisk, lifandi krabbadýr, lifandi samlokur, skrápdýr, möttuldýr, sæsnigla og afurðir úr þessum dýrum í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235 ætti að koma skýrt fram að sendingar af lifandi lagardýrum, sem eru ætluð til manneldis, mega einungis koma inn í Sambandið ef þær eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

4) Til að tryggja samræmi milli krafna varðandi heilbrigði manna og dýra vegna komu sendinga af tilteknum lifandi lagardýrum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið er þar að auki þörf á að gera tilteknar breytingar á fyrirsögn og athugasemdum í fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði fyrir lagardýr sem eru ætluð fyrir tilteknar lagareldisstöðvar, til sleppingar út í náttúruna eða í öðrum tilgangi eins og sett er fram í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2236. Þessar breytingar eru nauðsynlegar til að tryggja að það sé fullkomlega skýrt að það má ekki nota þetta vottorð fyrir sendingar af lagardýrum sem eru ætluð til manneldis. Hreinsunarstöðvar og afgreiðslustöðvar eru lagareldisstöðvar í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/429 en reglur um lýðheilsu koma í veg fyrir að lagardýr komi inn til Sambandsins ef þau eru ætluð fyrir hreinsunarstöðvar eða, við tilteknar aðstæður, ef þau eru ætluð fyrir afgreiðslustöðvar.

5) Til að skapa skýrleika að því er þetta varðar og til að koma í veg fyrir misskilning ætti að breyta fyrirmyndinni að dýraheilbrigðisvottorði vegna komu sendinga af lagardýrum sem eru ætlaðar fyrir tilteknar lagareldisstöðvar, til sleppingar út í náttúruna eða í öðrum tilgangi, inn í Sambandið, sem sett er fram í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2236, til að tryggja að það sé skýrt að sendingar af lifandi lagardýrum, sem eru ætluð til manneldis, megi einungis koma inn í Sambandið ef þær eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

6) Þar eð framkvæmdarreglugerðir (ESB) 2020/2235 og (ESB) 2020/2236 gilda frá og með 21. apríl 2021 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235 er breytt sem hér segir:

1) Fyrirmyndinni að dýraheilbrigðisvottorði/opinberu vottorði vegna komu lifandi fiska, lifandi krabbadýra og afurða úr þessum dýrum, sem eru ætlaðar til manneldis, inn í Sambandið (FYRIRMYND FISH-CRUST-HC) í 28. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar II.2.3.1 kemur eftirfarandi:

„(4)(6)[II.2.3.1. Þau falla undir kröfurnar í lið II.2.4 og þau eru upprunnin frá/í (4)[land] (4)[yfirráðasvæði] (4)[svæði] (4)[hólf] með (5)kóðann:_ – __ sem, á útgáfudegi þessa vottorðs, var tilgreint í skrá yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði, sem framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við 1. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, til að flytja inn í Sambandið (3)[lagardýr] (3)[lagardýraafurðir aðrar en lifandi lagardýr],]“.

b) Í stað athugasemdanna kemur eftirfarandi:

**„Athugasemdir**

Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til Evrópusambandsins í þessu vottorði Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

„Lagardýr“: dýr eins og þau eru skilgreind í 3. lið 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429. „Lagareldisdýr“: lagardýr sem falla undir lagareldi eins og skilgreint er í 7. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

Öll lagardýr og lagardýraafurðir, aðrar en lifandi lagardýr, sem liður II.2.4. í þessu vottorði á við um verða að vera upprunnin í/á landi/yfirráðasvæði/svæði/hólfi sem er tilgreint í skrá yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við 1. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

Liður II.2.4. í vottorðinu **gildir ekki** um eftirfarandi krabbadýr og fisk sem mega þar af leiðandi vera upprunnin frá landi/yfirráðasvæði eða hluta þess sem framkvæmdastjórnin skráir í samræmi við 2. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625:

a) krabbadýr sem er pakkað og þau merkt til manneldis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau væru ófær um að lifa af ef þau væru sett aftur í vatnsumhverfið,

b) krabbadýr sem eru ætluð til manneldis án frekari vinnslu, að því tilskildu að þau séu sett í smásöluumbúðir í samræmi við kröfur um slíkar umbúðir eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004,

c) krabbadýr sem er pakkað og þau merkt til manneldis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau eru ætluð til frekari vinnslu, án tímabundinnar geymslu á vinnslustað,

d) fiska sem hefur verið slátrað og þeir slægðir fyrir brottsendingu.

Þetta vottorð á við um afurðir úr dýraríkinu sem og um lifandi lagardýr, þ.m.t. þau sem eru ætluð til fyrirtækis sem framleiðir matvæli úr lagardýrum og beitir sjúkdómsvörnum eins og það er skilgreint í 52. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, sem eru ætluð til manneldis í samræmi við VII. þátt III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

Þetta dýraheilbrigðisvottorð/opinbera vottorð skal útfyllt samkvæmt athugasemdum varðandi útfyllingu vottorða sem kveðið er á um í 4. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235.

**I. hluti:**

| | |
|---|---|
| Reitur I.20: | Merkið við „*niðurlagningariðnaður*“ fyrir heilan fisk sem var upphaflega frystur í saltpækli við -9 °C eða við hærra hitastig en -18 °C og er ætlaður til niðurlagningar í samræmi við kröfurnar í 7. lið II. liðar I. kafla VIII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004. Merkið við „*afurðir til manneldis*“ eða „*frekari vinnsla*“ í öðrum tilvikum. |
| Reitur I.27: | Setjið inn viðeigandi númer úr samræmdri tollskrá (ST-númer), s.s.: 0301, 0302, 0303, 0304, 0305, 0306, 0307, 0308, 0511, 1504, 1516, 1518, 1603, 1604, 1605 eða 2106. |
| Reitur I.27: | Lýsing á sendingu:<br>„*Tegund vöru*“: Tilgreinið hvort um lagareldi eða villt dýr er að ræða.<br>„*Tegund meðhöndlunar*“: Tilgreinið hvort þau eru lifandi, kæld, fryst eða unnin.<br>„*Framleiðslustöð*“: þ.m.t. verksmiðjuskip, frystiskip, kæliskip, kæligeymsla og vinnslustöð. |

**II. hluti:**

(1) Liður II.1 í þessu vottorði á ekki við um lönd með sérstakar kröfur um heilbrigðisvottun sem mælt er fyrir um í jafngildissamningum eða annarri löggjöf ESB.

(2) Liður II.2. í þessu vottorði á ekki við og skal strikað yfir hann þegar sendingin samanstendur af: a) öðrum dýrategundum en þeim sem eru tilgreindar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 (*) eða b) villtum lagardýrum og afurðum úr þessum lagardýrum sem er landað úr fiskiskipum til manneldis eða c) afurðum úr öðrum dýrum en lifandi lagardýrum sem eru flutt inn í Sambandið tilbúin til beinnar neyslu.

(3) Dýrategundir sem eru tilgreindar í 3. og 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882. Dýrategundir sem eru tilgreindar í 4. dálki skulu einungis teljast smitferjur við skilyrðin sem sett eru fram í 171. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692.

(4) Strikið yfir það sem á ekki við.

(5) Kóði þriðja lands/yfirráðasvæðis/svæðis/hólfs eins og hann er tilgreindur í skrá yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við 1. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

(6) Liðir II.2.3.1, II.2.3.2 og II.2.4. í þessu vottorði eiga ekki við og skal strika yfir þá ef sendingin inniheldur einungis eftirfarandi krabbadýr eða fisk:

a) krabbadýr sem er pakkað og þau merkt til manneldis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau væru ófær um að lifa af ef þau væru sett aftur í vatnsumhverfið,

b) krabbadýr sem eru ætluð til manneldis án frekari vinnslu, að því tilskildu að þau séu sett í smásöluumbúðir í samræmi við kröfur um slíkar umbúðir eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004,

c) krabbadýr sem er pakkað og þau merkt til manneldis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau eru ætluð til frekari vinnslu, án tímabundinnar geymslu á vinnslustað,

d) fiska sem hefur verið slátrað og þeir slægðir fyrir brottsendingu.

(7) Á við þegar viðtökuaðildarríkið í Sambandinu er annaðhvort með sjúkdómalausa stöðu m.t.t. sjúkdóms í C-flokki, eins og skilgreint er í 3. lið 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1882, eða fellur undir valkvæða útrýmingaráætlun sem er komið á í samræmi við 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, annars skal strika yfir þetta.

(8) Á við þegar viðtökuaðildarríkið í Sambandinu er með samþykktar landsráðstafanir vegna tiltekins sjúkdóms fyrir hendi, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, annars skal strika yfir þetta.

(9) Dýrategundir sem eru tilgreindar í 2. dálki töflunnar í XXIX. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 að því er varðar sjúkdóma sem aðildarríkin eru með landsráðstafanir gegn eins og kveðið er á um í 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

(10) Skal undirritað af:

— opinberum dýralækni þegar ekki er strikað yfir lið II.2, dýraheilbrigðisvottun

— vottunarmanni eða opinberum dýralækni þegar strikað er yfir lið II.2, dýraheilbrigðisvottun.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinna reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21).“

2) Í stað athugasemdanna með fyrirmyndinni að dýraheilbrigðisvottorði/opinberu vottorði vegna komu lifandi samloka, skrápdýra, möttuldýra, sæsnigla og afurða úr þessum dýrum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið (FYRIRMYND MOL-HC) í 31. kafla kemur eftirfarandi:

**„Athugasemdir**

Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til Evrópusambandsins í þessu vottorði Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

„Lagardýr“: dýr eins og þau eru skilgreind í 3. lið 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429. „Lagareldisdýr“: lagardýr sem falla undir lagareldi eins og skilgreint er í 7. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

Öll lagardýr og lagardýraafurðir, aðrar en lifandi lagardýr, sem liður II.2.4. í þessu vottorði á við um verða að vera upprunnin í/á landi/yfirráðasvæði/svæði/hólfi sem er tilgreint í skrá yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við 1. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

Liður II.2.4. í vottorðinu **gildir ekki** um eftirfarandi lagardýr sem mega þar af leiðandi vera upprunnin frá landi eða svæði þess sem framkvæmdastjórnin skráði í samræmi við 2. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625:

a) lindýr sem er pakkað og þau merkt til manneldis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau væru ófær um að lifa af ef þau væru sett aftur í vatnsumhverfið,

b) lindýr sem eru ætluð til manneldis án frekari vinnslu, að því tilskildu að þau séu sett í smásöluumbúðir í samræmi við kröfur um slíkar umbúðir eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004,

c) lindýr sem er pakkað og þau merkt til manneldis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau eru ætluð til frekari vinnslu, án tímabundinnar geymslu á vinnslustað.

Þetta dýraheilbrigðisvottorð/opinbera vottorð skal útfyllt samkvæmt athugasemdum varðandi útfyllingu vottorða sem kveðið er á um í 4. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235.

**I. hluti:**

Reitur I.8: Upprunasvæði: tilgreinið framleiðslusvæðið og flokkun þess við tekju.

**II. hluti:**

(1) Liður II.1 á ekki við um lönd með sérstakar kröfur um heilbrigðisvottun sem mælt er fyrir um í jafngildissamningum eða annarri löggjöf ESB.

(2) Liður II.2. á ekki við og skal strikað yfir hann þegar sendingin samanstendur af: a) öðrum dýrategundum en þeim sem eru tilgreindar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 (*) eða b) villtum lagardýrum og afurðum úr þessum villtu lagardýrum sem er landað úr fiskiskipum til manneldis eða c) afurðum úr öðrum lagardýrum en lifandi lagardýrum sem eru flutt inn í Sambandið tilbúin til beinnar neyslu.

(3) Dýrategundir sem eru tilgreindar í 3. og 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882. Dýrategundir sem eru tilgreindar í 4. dálki skulu einungis teljast smitferjur við skilyrðin sem sett eru fram í 171. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692.

(4) Strikið yfir það sem á ekki við.

(5) Kóði þriðja lands/yfirráðasvæðis/svæðis/hólfs eins og hann er tilgreindur í skrá yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við 1. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

(6) Liðir II.2.3.1, II.2.3.2. og II.2.4 eiga ekki við og skal strika yfir þá ef sendingin inniheldur einungis eftirfarandi lagardýr:

a) lindýr sem er pakkað og þau merkt til manneldis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau væru ófær um að lifa af ef þau væru sett aftur í vatnsumhverfið,

b) lindýr sem eru ætluð til manneldis án frekari vinnslu, að því tilskildu að þau séu sett í smásöluumbúðir í samræmi við kröfur um slíkar umbúðir eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004,

c) lindýr sem er pakkað og þau merkt til manneldis í samræmi við sértækar kröfur varðandi þessi dýr, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 853/2004, og þau eru ætluð til frekari vinnslu, án tímabundinnar geymslu á vinnslustað.

(7) Á einungis við þegar viðtökuaðildarríkið/-svæðið/-hólfið í Sambandinu er annaðhvort með sjúkdómalausa stöðu m.t.t. sjúkdóms í C-flokki, eins og skilgreint er í 3. lið 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1882, eða fellur undir valkvæða útrýmingaráætlun sem er komið á í samræmi við 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, annars skal strika yfir þetta.

(8) Á við þegar viðtökuaðildarríkið í Sambandinu er með samþykktar landsráðstafanir vegna tiltekins sjúkdóms fyrir hendi, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, annars skal strika yfir þetta.

(9) Dýrategundir sem eru tilgreindar í 2. dálki töflunnar í XXIX. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 að því er varðar sjúkdóma sem aðildarríkin eru með landsráðstafanir gegn eins og kveðið er á um í 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

(10) Skal undirritað af:

— opinberum dýralækni þegar ekki er strikað yfir lið II.2, dýraheilbrigðisvottun

— vottunarmanni eða opinberum dýralækni þegar strikað er yfir lið II.2, dýraheilbrigðisvottun.

---

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinna reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21).“

*2. gr.*

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2236 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 7. gr. kemur eftirfarandi:

*„7. gr.*

**Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna komu sendinga af lagardýrum, sem eru ætlaðar fyrir lagareldisstöðvar, til sleppingar út í náttúruna eða í öðrum tilgangi, inn í Sambandið, þó ekki til manneldis**

Dýraheilbrigðisvottorðið, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem skal nota vegna komu sendinga af lagardýrum, sem eru ætlaðar fyrir lagareldisstöðvar, til sleppingar út í náttúruna eða í öðrum tilgangi, inn í Sambandið, þó ekki til manneldis, skal vera í samræmi við fyrirmyndina AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER og útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í II. viðauka.“

2) Í stað II. viðauka kemur textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. apríl 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

*„II. VIÐAUKI*

Í II. viðauka er að finna eftirfarandi fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði:

Fyrirmynd

| | |
|---|---|
| AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/ OTHER | Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna komu sendinga af lagardýrum, sem eru ætlaðar fyrir tilteknar lagareldisstöðvar, til sleppingar út í náttúruna eða í öðrum tilgangi, inn í Sambandið, þó ekki til manneldis |

**FYRIRMYND AÐ DÝRAHEILBRIGÐISVOTTORÐI VEGNA KOMU SENDINGA AF LAGARDÝRUM, SEM ERU ÆTLAÐAR FYRIR TILTEKNAR LAGARELDISSTÖÐVAR, TIL SLEPPINGAR ÚT Í NÁTTÚRUNA EÐA Í ÖÐRUM TILGANGI, INN Í SAMBANDIÐ, ÞÓ EKKI TIL MANNELDIS (FYRIRMYND „AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER“)**

| **LAND** | | | | **Dýraheilbrigðisvottorð inn í ESB** | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **I. hluti: Lýsing á sendingu** | **I.1** | **Sendandi/útflytjandi**<br>Heiti<br>Heimilisfang<br>Land ISO-landskóði | | **I.2** | **Tilvísunarnúmer vottorðs** | **I.2a** **IMSOC-tilvísun** |
| | | | | **I.3** | **Lögbært stjórnvald** | **QR-KÓÐI** |
| | | | | **I.4** | **Lögbært staðaryfirvald** | |
| | **I.5** | **Viðtakandi/innflytjandi**<br>Heiti<br>Heimilisfang<br>Land ISO-landskóði | | **I.6** | **Rekstraraðili sem ber ábyrgð á sendingunni**<br>Heiti<br>Heimilisfang<br>Land ISO-landskóði | |
| | **I.7** | **Upprunaland** ISO-landskóði | | **I.9** | **Viðtökuland** ISO-landskóði | |
| | **I.8** | **Upprunasvæði** Kóði | | **I.10** | **Viðtökusvæði** Kóði | |
| | **I.11** | **Sendingarstaður**<br>Heiti Skráningar-/samþykkisnr.<br>Heimilisfang<br>Land ISO-landskóði | | **I.12** | **Viðtökustaður**<br>Heiti Skráningar-/samþykkisnr.<br>Heimilisfang<br>Land ISO-landskóði | |
| | **I.13** | **Fermingarstaður** | | **I.14** | **Brottfarardagur og -tími** | |
| | **I.15** | **Flutningatæki**<br>☐ Loftfar ☐ Skip<br>☐ Járnbrautir ☐ Ökutæki<br>Auðkenning | | **I.16** | **Landamæraeftirlitsstöð sem er komustaður** | |
| | | | | **I.17** | **Fylgiskjöl**<br>Tegund Kóði<br>Land ISO-landskóði<br>Tilvísun í viðskiptaskjöl | |
| | **I.18** | **Flutningsskilyrði** | ☐ Við umhverfishita | ☐ Kældar | ☐ Frystar | |
| | **I.19** | **Gámanúmer/innsiglisnúmer** Innsiglisnr.<br>Gámanr. | | | | |
| | **I.20** | **Vottað sem eða til** | | | | |
| | | ☐ Áfram í haldi | ☐ Lokuð starfsstöð | ☐ Til sleppingar út í náttúruna | | |
| | | | ☐ Sóttkvíunarstöð | ☐ Annað | ☐ Lagareldisstöð fyrir skrautlagardýr | |
| | | | ☐ Umlagningarsvæði/hreinsunarstöð | | | |
| | **I.21** | ☐ **Til umflutnings**<br>Þriðja land ISO-landskóði | | **I.22** | ☐ **Fyrir innri markaðinn** | |
| | | | | **I.23** | ☐ **Fyrir endurkomu** | |
| | **I.24** | **Heildarfjöldi pakkninga** | **I.25** **Heildarmagn** | | **I.26** **Samanlögð eigin þyngd/heildarþyngd (kg)** | |
| | **I.27** | **Lýsing á sendingu** | | | | |
| | SN-númer | Tegund Undirtegund/flokkur | Tegund vöru | Tegund umbúða<br>Fjöldi pakkninga<br>Samþykkis- eða skráningar-númer stöðvar/starfsstöðvar/miðstöðvar | Aldur | Magn<br>Eigin þyngd |

| **LAND** | | | **Fyrirmynd að vottorði AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER** |
|---|---|---|---|
| **II. hluti: Vottun** | **II. Upplýsingar um heilbrigði** | **II.a Tilvísunarnúmer vottorðs** | **II.b IMSOC-tilvísun** |

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að:

II.1. Samkvæmt opinberum upplýsingum uppfylla lagardýrin, sem um getur í reit I.27 í I. hluta, eftirfarandi dýraheilbrigðiskröfur:

II.1.1. Lagardýrin eru upprunnin í/á [1][stöð] [1][búsvæði] sem fellur ekki undir landsbundnar takmörkunarráðstafanir af ástæðum sem varða heilbrigði dýra eða vegna þess að upp kemur afbrigðileg dánartíðni af óskilgreindum orsökum, þ.m.t. viðkomandi skráðir sjúkdómar, sem um getur í I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692, og nýtilkomnir sjúkdómar.

II.1.2. Ekki er ætlunin að aflífa lagardýrin samkvæmt landsbundinni áætlun um útrýmingu sjúkdóma, þ.m.t. viðkomandi skráðir sjúkdómar, sem um getur í I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692, og nýtilkomnir sjúkdómar.

[1][II.2. Lagardýrin, sem um getur í reit I.27 í I. hluta, uppfylla eftirfarandi kröfur:

II.2.1. Þau koma frá lagareldisstöð sem er [1][skráð] [1][samþykkt] af hálfu og undir eftirliti lögbærs yfirvalds þriðja landsins eða upprunayfirráðasvæðisins og er með kerfi fyrir hendi til að viðhalda og til að geyma í a.m.k. 3 ár uppfærðar skrár sem innihalda upplýsingar sem varða:

i. tegundir, flokka og fjölda lagareldisdýra í lagareldisstöðinni,

ii. tilflutninga á lagardýrum inn í lagareldisstöðina og lagareldisdýrum út úr henni,

iii. dánartíðni í lagareldisstöðinni.

II.2.2. Þau koma frá lagareldisstöð sem fær reglulega dýraheilbrigðisheimsóknir frá dýralækni í þeim tilgangi að greina og fá upplýsingar um merki sem benda til viðkomandi skráðra sjúkdóma, sem um getur í I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692, og nýtilkominna sjúkdóma, og tíðni heimsóknanna er í réttu hlutfalli við áhættuna sem stafar af lagareldisstöðinni.]

**II.3. Almennar heilbrigðiskröfur**

Lagardýrin, sem um getur í reit I.27 í I. hluta, uppfylla eftirfarandi dýraheilbrigðiskröfur:

II.3.1. Lagardýrin eru upprunnin í/á [1][landi] [1][yfirráðasvæði], [1][svæði] [1][hólfi] með [2]kóðann: __ __ – __ sem, á útgáfudegi þessa vottorðs, hefur leyfi til að flytja tilteknar tegundir lagardýra inn í Sambandið og er tilgreint í skrá yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við 1. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

II.3.2. Þau fóru í klíníska skoðun hjá opinberum dýralækni innan 72 klukkustunda fyrir fermingu. Við skoðunina sýndu lagardýrin engin klínísk einkenni smitandi sjúkdóma og samkvæmt viðeigandi skrám lagareldisstöðvarinnar benti ekkert til að sjúkdómar væru vandamál.

II.3.3. Þau verða send beint frá upprunastöðinni til Sambandsins.

II.3.4. Þau hafa ekki komist í snertingu við lagardýr í lakara heilbrigðisástandi.

| LAND | Fyrirmynd að vottorði AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER |
|---|---|
| | annaðhvort (1)**[II.4. Sérstakar heilbrigðiskröfur**<br><br>**II.4.1. Kröfur vegna (3)tegunda sem eru skráðar fyrir blóðmyndandi drep, sýkingu af völdum *Microcytos mackini*, sýkingu af völdum perkinsveikisýkils (*Perkinsus marinus*), sýkingu af völdum rauðhalaveiru og sýkingu af völdum gulhöfðaveikiveiru**<br><br>Lagardýrin, sem um getur í reit I.27 í I. hluta, eru upprunnin í/á (1)[landi] (1)yfirráðasvæði] (1)[svæði] (1)[hólfi] sem lýst hefur verið yfir að sé laust við (1)[blóðmyndandi drep] (1)[sýkingu af völdum *Microcytos mackini*] (1)[sýkingu af völdum perkinsveikisýkils (*Perkinsus marinus*)] (1)[sýkingu af völdum rauðhalaveiru] (1)[sýkingu af völdum gulhöfðaveikiveiru] í samræmi við skilyrði sem eru a.m.k. jafnströng og þau sem sett eru fram í 66. gr. eða í 73. gr. (1. mgr.) og 73. gr. (a-liður 2. mgr.) framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 og þar sem allar (3)tegundir sem eru skráðar fyrir viðkomandi sjúkdómi/sjúkdómum:<br><br>i. eru fluttar inn frá öðru (1)[landi] (1)[yfirráðasvæði] (1)[svæði] (1)[hólfi] sem hefur verið lýst laust við sama sjúkdóm/sömu sjúkdóma,<br><br>ii. eru ekki bólusettar gegn (1) [þessum sjúkdómi] (1) [þessum sjúkdómum].<br><br>(1)(4)**[II.4.2. Kröfur vegna (3)tegunda sem eru skráðar fyrir veirublæði, iðradrep, sýkingu af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu, sýkingu af völdum martelíuveikisýkils (*Marteilia refringens*), sýkingu af völdum *Bonamia exitiosa*, sýkingu af völdum ostruveikisýkils (*Bonamia ostreae*) og sýkingu af völdum hvítblettaveikiveiru**<br><br>Lagardýrin, sem um getur í reit I.27 í I. hluta, eru upprunnin í/á (1)[landi] (1)[yfirráðasvæði] (1)[svæði] (1)[hólfi] sem lýst hefur verið yfir að sé laust við (1)[veirublæði (VHS)] (1)[iðradrep (IHN)] (1)[sýkingu af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu (ISAV)] (1)[sýkingu af völdum martelíuveikisýkils (*Marteilia refringens*)] (1)[sýkingu af völdum *Bonamia exitiosa*] (1)[sýkingu af völdum ostruveikisýkils (*Bonamia ostreae*)] (1)[sýkingu af völdum hvítblettaveikiveiru] í samræmi við 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 og þar sem allar (3)tegundir sem eru skráðar fyrir viðkomandi sjúkdómi/sjúkdómum:<br><br>i. eru fluttar inn frá öðru (1)[landi] (1)[yfirráðasvæði] (1)[svæði] (1)[hólfi] sem hefur verið lýst laust við sama sjúkdóm/sömu sjúkdóma,<br><br>ii. eru ekki bólusettar gegn (1) [þessum sjúkdómi] (1) [þessum sjúkdómum].]<br><br>(1)(5)**[II.4.3. Kröfur vegna (6)tegunda sem eru smitnæmar fyrir sýkingu af völdum vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, sýkingu af völdum brisdrepsveiru, sýkingu af völdum roðflyðrusnikils, sýkingu af völdum alfaveiru í laxfiski, sýkingu af völdum ostruherpesveiru (OsHV-1 µvar) og (3) tegunda sem eru smitnæmar fyrir skjónakarpaherpesveiki** |

| LAND | | Fyrirmynd að vottorði AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER |
|---|---|---|
| | | Lagardýrin, sem um getur í reit I.27 í I. hluta, eru upprunnin í/á (1)[landi] (1)[yfirráðasvæði] (1)[svæði] (1)[hólfi] sem uppfyllir heilbrigðisábyrgðir að því er varðar (1)[vorveiru í vatnakarpa], (1)[nýrnaveiki], (1)[ sýkingu af völdum brisdrepsveiru], (1)[sýkingu af völdum roðflyðrusníkils], (1)[sýkingu af völdum alfaveiru í laxfiski], (1)[sýkingu af völdum ostruherpesveiru (OsHV-1 µvar)], (1)[skjónakarpaherpesveiki], sem eru nauðsynlegar til að fara að landsráðstöfunum sem gilda í viðtökuaðildarríkinu eins og mælt er fyrir um í framkvæmdargerðum sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.] |
| | (1)*eða***[II.4.** | **Sérstakar heilbrigðiskröfur**<br><br>Lagardýrin, sem um getur í reit I.27 í I. hluta, eru lagardýr sem eiga að fara til lokaðrar stöðvar sem uppfyllir kröfurnar í 9. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 þar sem á að nota þau í rannsóknarskyni.] |
| | (1)*eða***[II.4.** | **Sérstakar heilbrigðiskröfur**<br><br>Lagardýrin, sem um getur í reit I.27 í I. hluta, eru villt lagardýr sem, (1)[hafa verið sett í sóttkví í stöð sem lögbært yfirvald hefur samþykkt í þeim tilgangi í/á uppruna- (1)[landi] (1)[yfirráðasvæði] í samræmi við 15. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691.] (1)[verða sett í sóttkví í stöð sem er samþykkt í þeim tilgangi í samræmi við 15. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691.] |
| | II.5. | Samkvæmt minni bestu vitund og eins og rekstraraðilinn lýsir yfir sýna dýrin í sendingunni engin sjúkdómseinkenni og koma frá **(1)**[stöð] **(1)**[búsvæði] þar sem:<br><br>i. ekki er um að ræða afbrigðilega dánartíðni af óskilgreindum orsökum og<br><br>ii. lagardýrin hafa ekki komist í snertingu við dýr í haldi af (3)skráðum tegundum sem uppfylltu ekki kröfurnar sem um getur í lið II.1. |
| | **II.6.** | **Kröfur í flutningi**<br><br>Ráðstafanir hafa verið gerðar til að flytja lagardýrin, sem um getur í reit I.27 í I. hluta, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 167. og 168. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 og einkum að:<br><br>II.6.1. lagardýrin eru sent beint frá upprunastöðinni til Sambandsins og eru ekki tekin úr gámnum þegar þau eru flutt loftleiðis, sjóleiðis, með járnbraut eða á vegum,<br><br>II.6.2. ekki er skipt um vatnið, sem þau eru flutt í, í þriðja landi eða á yfirráðasvæði, svæði eða í hólfi sem er ekki skráð vegna innflutnings á þessari tilteknu tegund og flokki lagardýra inn í Sambandið,<br><br>II.6.3. dýrin eru ekki flutt við skilyrði sem stofna heilbrigðisástandi þeirra í hættu, einkum:<br><br>i. þegar dýrin eru flutt í vatni breytir það ekki heilbrigðisástandi þeirra,<br><br>ii. flutningatæki og gámar eru smíðuð þannig að heilbrigðisástandi lagardýranna er ekki stofnað í hættu í flutningi,<br><br>iii. (1)[gámurinn] (1)[brunnbáturinn] er áður ónotaður eða hreinsaður og sótthreinsaður í samræmi við aðferðarlýsingu og með vörum sem lögbært yfirvald í/á uppruna- (1)[þriðja landi] (1)[yfirráðasvæði] samþykkir fyrir fermingu til sendingar inn í Sambandið,<br><br>II.6.4. frá fermingu á upprunastöð til komu inn í Sambandið eru dýrin í sendingunni ekki flutt í sama vatni eða (1)[gámi] (1)[brunnbát] og lagardýr í lakara heilbrigðisástandi eða sem eru ekki ætluð til innflutnings inn í Sambandið, |

| LAND | Fyrirmynd að vottorði AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER |
|---|---|

II.6.5. ef það er nauðsynlegt að skipta um vatn í/á [1][þriðja landi] [1][yfirráðasvæði] [1][svæði] [1][hólfi] sem er skráð vegna innflutnings á þessari tilteknu tegund og flokki lagardýra inn í Sambandið er það einungis gert [1][ef um er að ræða flutning á landi: á vatnsskiptastöðum sem lögbært yfirvald í/á [1][þriðja landi] [1][yfirráðasvæði], þar sem skiptin á vatninu fara fram, hefur samþykkt.] [1][ef um er að ræða flutning með brunnbáti: í a.m.k. 10 km fjarlægð frá öllum lagareldisstöðvum sem eru staðsettar á leiðinni frá upprunastaðnum til viðtökustaðarins í Sambandinu.]

**II.7. Kröfur um merkingar**

Ráðstafanir hafa verið gerðar til að auðkenna og merkja [1][flutningatæki] [1][gáma] í samræmi við 1. og 2. mgr. 169. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 og einkum að:

II.7.1. sendingin er auðkennd með [1][læsilegum og sýnilegum merkimiða utan á gámnum] [1][færslu í farmskrá skipsins þegar flutt er með brunnbáti] sem tengir sendinguna með skýrum hætti við þetta dýraheilbrigðisvottorð,

II.7.2. læsilegi og sýnilegi merkimiðinn inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) fjölda gáma í sendingunni,

b) heiti dýrategunda í hverjum gámi,

c) fjölda dýra í hverjum gámi af hverri dýrategund sem er til staðar,

d) í hvaða tilgangi dýrin eru ætluð.

**II.8. Gildistími dýraheilbrigðisvottorðs**

Þetta dýraheilbrigðisvottorð gildir í 10 daga frá útgáfudegi þess. Ef um er að ræða flutning lagardýra eftir vatnaleið/sjóleiðis má lengja þetta 10 daga tímabil um þann tíma sem ferðin tekur.

**Athugasemdir**

Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til Evrópusambandsins í þessu vottorði Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

„Lagardýr“: dýr eins og þau eru skilgreind í 3. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429. „Lagareldisdýr“: lagardýr sem falla undir lagareldi eins og skilgreint er í 7. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

Þessi fyrirmynd að vottorði er ætluð fyrir komu lagardýra inn í Sambandið í þeim tilgangi sem er tilgreindur í heiti þess, þ.m.t. þegar Sambandið er ekki lokaviðtökustaðurinn fyrir þessi dýr.

Ekki skal nota þessa fyrirmynd að vottorði vegna komu lagardýra inn í Sambandið sem eru ætluð til manneldis í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005, þ.m.t. þau dýr sem eru ætluð til eftirfarandi lagareldisstöðva:

i. fyrirtækis sem framleiðir matvæli úr lagardýrum og beitir sjúkdómsvörnum eins og það er skilgreint í 52. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 eða

ii. afgreiðslustöðvar eins og hún er skilgreind í 3. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691,

en í þeim tilvikum verður að nota fyrirmynd að vottorði FISH-CRUST-HC, eins og sett er fram í 28. kafla III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235, eða MOL-HC, eins og sett er fram í 31. kafla III. viðauka við sömu reglugerð, eins og við á.

| **LAND** | **Fyrirmynd að vottorði AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER** |
|---|---|
| | Þetta dýraheilbrigðisvottorð skal útfyllt samkvæmt athugasemdum varðandi útfyllingu vottorða sem kveðið er á um í 4. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235.<br><br>**II. hluti:**<br><br>(1) Strikið yfir það sem á ekki við.<br><br>(2) Kóði þriðja lands/yfirráðasvæðis/svæðis/hólfs eins og hann er tilgreindur í skrá yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við 1. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 vegna komu tiltekinna tegunda lagardýra inn í Sambandið.<br><br>(3) Skráðar dýrategundir eins og um getur í 3. og 4. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882. Tegundir smitferja sem eru tilgreindar í 4. dálki í þeirri töflu skulu einungis teljast smitferjur ef þær uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í XXX. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692.<br><br>(4) Á við í öllum tilvikum þegar sleppa á lagardýrunum út í náttúruna í Sambandinu eða þegar viðtökuaðildarríkið er annaðhvort með sjúkdómalausa stöðu m.t.t. sjúkdóms í C-flokki, eins og skilgreint er í 3. lið 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882, eða fellur undir valkvæða útrýmingaráætlun sem er komið á í samræmi við 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.<br><br>(5) Á einungis við þegar viðtökuaðildarríkið er með samþykktar landsráðstafanir vegna tiltekins sjúkdóms fyrir hendi, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.<br><br>(6) Tegundir sem eru tilgreindar í 2. dálki töflunnar í XXIX. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692. |
| | **Opinber dýralæknir**<br><br>Nafn (með hástöfum)<br><br>Dagsetning Menntun, hæfi og titill<br><br>Stimpill Undirskrift“ |

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/619** **2021/EES/71/06**

**frá 15. apríl 2021**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2020/2235, (ESB) 2020/2236 og (ESB) 2021/403 að því er varðar umbreytingarákvæði vegna notkunar á dýraheilbrigðisvottorðum, dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum og opinberum vottorðum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ([1]), einkum 146. gr. (2. mgr.), 156. gr. (a-liður fyrstu undirgreinar 2. mgr.), 162. gr. (5. mgr.), 168. gr. (4. mgr.), 213. gr. (2. mgr.), 224. gr. (4. mgr.), 238. gr. (3. mgr.) og 239. gr. (3. mgr.),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([2]), einkum 90. gr., 126. gr. (3. mgr.) og 134. gr. (f-liður fyrstu undirgreinar),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Í framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 ([3]), (ESB) 2020/2236 ([4]) og (ESB) 2021/403 ([5]) er mælt fyrir um fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum og opinberum vottorðum sem krafist er að fylgi sendingum af dýrum og vörum við tilflutninga innan Sambandsins og komu inn í Sambandið.

2) Til að greiða fyrir umskiptum yfir í notkun nýju dýraheilbrigðisvottorðanna og dýraheilbrigðisvottorðanna/opinberu vottorðanna vegna tilflutninga á sendingum innan Sambandsins og milli aðildarríkja og til að unnt sé að þjálfa rekstraraðila og starfsfólk lögbærra yfirvalda á viðunandi hátt í öllum aðildarríkjum er nauðsynlegt að koma á umbreytingatímabili og meðan á því stendur ættu lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum að geta notað vottorð sem eru gefin út í samræmi við löggjöf sem var í gildi fyrir þann dag sem framkvæmdarreglugerðir (ESB) 2020/2235, (ESB) 2020/2236 og (ESB) 2021/403 komu til framkvæmda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 72. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB (Stjtíð. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2236 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af lagardýrum og af tilteknum lagardýraafurðum og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1251/2008 (Stjtíð. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 410).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/403 frá 24. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga milli aðildarríkja á sendingum af tilteknum flokkum landdýra og kímefnum þeirra, opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og niðurfellingu á ákvörðun 2010/470/ESB (Stjtíð. ESB L 113, 31.3.2021, bls. 1).

3) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235 er kveðið á um umbreytingartímabil vegna komu sendinga af afurðum úr dýraríkinu, samsettum afurðum, spírum, sem eru ætlaðar til manneldis, og fræi sem er ætlað til framleiðslu á spírum til manneldis inn í Sambandið með meðfylgjandi viðeigandi vottorð sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndirnar sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 28/2012 ([6]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/628 ([7]). Í þágu réttarvissu ætti því að skýra nánar hversu langt umbreytingartímabilið til að nota slík vottorð ætti að vera.

4) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235 fellir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 599/2004 ([8]) úr gildi frá og með 21. apríl 2021. Í þeirri reglugerð er mælt fyrir um samræmt sniðmát fyrirmynda að vottorðum vegna tilflutninga á sendingum af dýrum og vörum innan Sambandsins. Að auki er í þeirri reglugerð kveðið á um samhæfi samræmdra sniðmáta fyrirmynda að vottorðum við Traces-kerfið og hún auðveldar kerfi vottunar og tilkynninga um tilflutning á slíkum sendingum innan Sambandsins. Til að gera það kleift að nota áfram vottorð í Traces-kerfinu, sem eru gefin út í samræmi við löggjöf sem var í gildi fyrir 21. apríl 2021, ætti að breyta dagsetningunni þegar sú reglugerð fellur úr gildi með hliðsjón því hvenær umbreytingartímabilinu í framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2020/2236 og (ESB) 2021/403 lýkur, eins og því er breytt með þessari reglugerð.

5) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2236 er kveðið á um umbreytingartímabil vegna komu sendinga af lagardýrum og lagardýraafurðum inn í Sambandið með meðfylgjandi viðeigandi dýraheilbrigðisvottorði sem er gefið út í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 ([9]). Í þágu réttarvissu ætti því að skýra nánar hversu langt umbreytingartímabilið til að nota slík vottorð ætti að vera.

6) Til að greiða fyrir nauðsynlegum ráðstöfunum af hálfu lögbærra yfirvalda til að tryggja að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2236 við tilflutninga á sendingum af lagardýrum og lagardýraafurðum innan Sambandsins ætti að innleiða umbreytingartímabil og meðan á því stendur ætti viðeigandi dýraheilbrigðisvottorð, sem er gefið út í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1251/2008, að mega fylgja sendingum.

7) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/403 er kveðið á um umbreytingartímabil vegna komu sendinga af landdýrum og kímefnum þeirra inn í Sambandið með meðfylgjandi viðeigandi vottorð sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndirnar sem mælt er fyrir um í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 ([10]) og (ESB) nr. 206/2010 ([11]), framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2013 ([12]) og (ESB) 2018/659 ([13]) og ákvörðunum

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 28/2012 frá 11. janúar 2012 um kröfur vegna útgáfu vottorða vegna innflutnings á tilteknum samsettum afurðum til Sambandsins og umflutnings þeirra gegnum það og um breytingu á ákvörðun 2007/275/EB og reglugerð (EB) nr. 1162/2009 (Stjtíð. ESB L 12, 14.1.2012, bls. 1).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/628 frá 8. apríl 2019 um fyrirmyndir að opinberum vottorðum fyrir tiltekin dýr og vörur og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759 að því er varðar þessar fyrirmyndir að vottorðum (Stjtíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 101).

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 599/2004 frá 30. mars 2004 um að samþykkja samræmda fyrirmynd að vottorði og skoðunarskýrslu í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 44).

([9]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 frá 12. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra í Bandalagið og um skrá yfir tegundir smitferja (Stjtíð. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 41).

([10]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 frá 8. ágúst 2008 um skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtíð. ESB L 226, 23.8.2008, bls. 1).

([11]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 frá 12. mars 2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtíð. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1).

([12]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2013 frá 7. janúar 2013 um dýraheilbrigðisskilyrði fyrir innflutningi á tilteknum fuglum til Sambandsins og skilyrði fyrir sóttkvíun þeirra (Stjtíð. ESB L 47, 20.2.2013, bls. 1).

([13]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/659 frá 12. apríl 2018 um skilyrði fyrir komu lifandi dýra af hestaætt og sæðis, eggja og fósturvísa úr dýrum af hestaætt inn í Sambandið (Stjtíð. ESB L 110, 30.4.2018, bls. 1).

framkvæmdastjórnarinnar 2006/168/EB ([14]) og 2010/472/ESB ([15]) sem og í samræmi við framkvæmdarákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2011/630/ESB ([16]), 2012/137/ESB ([17]) og (ESB) 2019/294 ([18]). Í þágu réttarvissu ætti því að skýra nánar hversu langt umbreytingartímabilið til að nota slík vottorð ætti að vera.

8) Til að greiða fyrir nauðsynlegum ráðstöfunum af hálfu lögbærra yfirvalda til að tryggja að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/403 við tilflutninga á sendingum af landdýrum og kímefnum þeirra milli aðildarríkja ætti að innleiða umbreytingartímabil og meðan á því stendur ætti viðeigandi vottorð, sem er gefið út í samræmi við tilskipanir ráðsins 64/432/EBE ([19]), 88/407/EBE ([20]), 89/556/EBE ([21]), 90/429/EBE ([22]), 91/68/EBE ([23]), 92/65/EBE ([24]), 2009/156/EB ([25]) og 2009/158/EB ([26]), sem og í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/470/ESB ([27]), að mega fylgja sendingum.

9) Þar eð framkvæmdarreglugerðir (ESB) 2020/2235, (ESB) 2020/2236 og (ESB) 2021/403 gilda frá og með 21. apríl 2021 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([14]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/168/EB frá 4. janúar 2006 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og útgáfu heilbrigðisvottorðs dýralæknis vegna innflutnings í Bandalagið á fósturvísum úr nautgripum og um niðurfellingu á ákvörðun 2005/217/EB (Stjtíð. ESB L 57, 28.2.2006, bls. 19).

([15]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/472/ESB frá 26. ágúst 2010 um innflutning á sæði, eggfrumum og fósturvísum úr sauðfé og geitum til Sambandsins (Stjtíð. ESB L 228, 31.8.2010, bls. 74).

([16]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/630/ESB frá 20. september 2011 um innflutning til Sambandsins á sæði húsdýra af nautgripakyni (Stjtíð. ESB L 247, 24.9.2011, bls. 32).

([17]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/137/ESB frá 1. mars 2012 um innflutning á sæði úr tömdum svínum inn í Sambandið (Stjtíð. ESB L 64, 3.3.2012, bls. 29).

([18]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/294 frá 18. febrúar 2019 um skrá yfir yfirráðasvæði og þriðju lönd sem hafa leyfi til að flytja hunda, ketti og frettur inn í Sambandið og um fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna slíks innflutnings (Stjtíð. ESB L 48, 20.2.2019, bls. 41).

([19]) Tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín (Stjtíð. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977).

([20]) Tilskipun ráðsins 88/407/EBE frá 14. júní 1988 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af nautgripakyni (Stjtíð. EB L 194, 22.7.1988, bls. 10).

([21]) Tilskipun ráðsins 89/556/EBE frá 25. september 1989 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins og innflutning frá þriðju löndum á fósturvísum húsdýra af nautgripakyni (Stjtíð. EB L 302, 19.10.1989, bls. 1).

([22]) Tilskipun ráðsins 90/429/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af svínakyni (Stjtíð. EB L 224 18.8.1990, bls. 62).

([23]) Tilskipun ráðsins 91/68/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með sauðfé og geitur (Stjtíð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 19).

([24]) Tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísum sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um (Stjtíð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54).

([25]) Tilskipun ráðsins 2009/156/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra, sem hafa áhrif á flutninga dýra af hestaætt og innflutning þeirra frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 192, 23.7.2010, bls. 1).

([26]) Tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74).

([27]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/470/ESB frá 26. ágúst 2010 þar sem mælt er fyrir um fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum fyrir viðskipti innan Sambandsins með sæði, egg og fósturvísa úr dýrum af hestaætt, sauðfé og geitum, og með egg og fósturvísa úr svínum (Stjtíð. ESB L 228, 31.8.2010, bls. 15).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235**

Í stað 35. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/2235 kemur eftirfarandi:

*„35. gr.*

**Umbreytingarákvæði**

1. Sendingar af afurðum úr dýraríkinu, samsettum afurðum, spírum, sem eru ætlaðar til manneldis, og fræjum, sem eru ætluð til framleiðslu á spírum til manneldis, með meðfylgjandi viðeigandi vottorð sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndirnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 28/2012 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/628 skulu samþykktar til komu inn í Sambandið til 20. október 2021 að því tilskildu að vottorðið hafi verið undirritað af einstaklingnum sem hafði heimild til að undirrita það í samræmi við þá reglugerð og framkvæmdarreglugerð fyrir 21. ágúst 2021.

2. Samræmt sniðmát fyrirmynda að vottorðum vegna tilflutninga innan Sambandsins, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 599/2004, skal samþykkt vegna tilflutninga innan Sambandsins til 17. október 2021.

3. Líta ber á tilvísanir í ákvæði niðurfelldra gerða í vottorðunum og í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 599/2004 sem tilvísanir í samsvarandi ákvæði sem koma í þeirra stað og skulu þær, eftir atvikum, lesnar í samræmi við samsvörunartöflurnar.“

*2. gr.*

**Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2236**

Í stað 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/2236 kemur eftirfarandi:

*„10. gr.*

**Umbreytingarákvæði**

1. Sendingar af lagardýrum og lagardýraafurðum með meðfylgjandi viðeigandi dýraheilbrigðisvottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1251/2008, skulu samþykktar til komu inn í Sambandið til 20. október 2021 að því tilskildu að dýraheilbrigðisvottorðið hafi verið undirritað af opinberum skoðunarmanni fyrir 21. ágúst 2021.

2. Sendingar af lagardýrum og lagardýraafurðum með meðfylgjandi viðeigandi dýraheilbrigðisvottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1251/2008, skulu samþykktar til tilflutninga innan Sambandsins til 17. október 2021.

3. Líta ber á tilvísanir í ákvæði niðurfelldra gerða í vottorðunum sem tilvísanir í samsvarandi ákvæði sem koma í þeirra stað og skulu þær, eftir atvikum, lesnar í samræmi við samsvörunartöflurnar.“

*3. gr.*

**Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/403**

Í stað 27. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/403 kemur eftirfarandi:

*„27. gr.*

**Umbreytingarákvæði**

1. Sendingar af landdýrum og kímefnum þeirra með meðfylgjandi viðeigandi vottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndirnar sem mælt er fyrir um í reglugerðum (EB) nr. 798/2008 og (ESB) nr. 206/2010, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 139/2013 og (ESB) 2018/659, ákvörðunum 2006/168/EB og 2010/472/ESB, sem og í samræmi við framkvæmdarákvarðanir 2011/630/ESB, 2012/137/ESB og (ESB) 2019/294, skulu samþykktar til komu inn í Sambandið til 20. október 2021 að því tilskildu að vottorðið hafi verið undirritað af einstaklingi sem hafði heimild til að undirrita vottorðið í samræmi við þessar reglugerðir, framkvæmdarreglugerðir, ákvarðanir og framkvæmdarákvarðanir fyrir 21. ágúst 2021.

2. Sendingar af tilteknum flokkum hóf- og klaufdýra með meðfylgjandi viðeigandi vottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndirnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum ráðsins 64/432/EBE (*), 91/68/EBE (**), tilskipun 92/65/EBE og tilskipun ráðsins 2009/156/EB (***), skulu samþykktar til tilflutninga milli aðildarríkja til 17. október 2021.

3. Sendingar af tilteknum flokkum fugla og kímefna þeirra með meðfylgjandi viðeigandi vottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 2009/158/EB (****), skulu samþykktar til tilflutninga milli aðildarríkja til 17. október 2021.

4. Sendingar af tilteknum flokkum kímefna úr nautgripum með meðfylgjandi viðeigandi vottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndirnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 88/407/EBE og 89/556/EBE, skulu samþykktar til tilflutninga milli aðildarríkja til 17. október 2021.

5. Sendingar af tilteknum flokkum kímefna úr sauðfé og geitum með meðfylgjandi viðeigandi vottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2010/470/ESB, skulu samþykktar til tilflutninga milli aðildarríkja til 17. október 2021.

6. Sendingar af tilteknum flokkum kímefna úr svínum með meðfylgjandi viðeigandi vottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndirnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/429/EBE og ákvörðun 2010/470/ESB, skulu samþykktar til tilflutninga milli aðildarríkja til 17. október 2021.

7. Sendingar af tilteknum flokkum kímefna úr dýrum af hestaætt með meðfylgjandi viðeigandi vottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2010/470/ESB, skulu samþykktar til tilflutninga milli aðildarríkja til 17. október 2021.

8. Sendingar af tilteknum flokkum býflugna með meðfylgjandi viðeigandi vottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í tilskipun 92/65/EBE, skulu samþykktar til tilflutninga milli aðildarríkja til 17. október 2021.

9. Sendingar af tilteknum flokkum landdýra og tilteknum kímefnum þeirra með meðfylgjandi viðeigandi vottorði, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í tilskipun 92/65/EBE, skulu samþykktar til tilflutninga milli aðildarríkja til 17. október 2021.

10. Líta ber á tilvísanir í ákvæði niðurfelldra gerða í vottorðunum sem tilvísanir í samsvarandi ákvæði sem koma í þeirra stað og skulu þær, eftir atvikum, lesnar í samræmi við samsvörunartöflurnar.

---

(*) Tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín (Stjtíð. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977).

(**) Tilskipun ráðsins 91/68/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með sauðfé og geitur (Stjtíð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 19).

(***) Tilskipun ráðsins 2009/156/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra, sem hafa áhrif á flutninga dýra af hestaætt og innflutning þeirra frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 192, 23.7.2010, bls. 1).

(****) Tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74).“

*4. gr.*

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. apríl 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/880** **2021/EES/71/07**

**frá 5. mars 2021**

**um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/686 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar kröfur varðandi rekjanleika, dýraheilbrigði og vottun vegna tilflutninga innan Sambandsins á kímefnum úr tilteknum landdýrum í haldi** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ([1]), einkum 122. gr. (1. og 2. mgr.), 160 gr. (1. og 2. mgr.), 162 gr. (3. og 4. mgr.), 163 gr. (5. mgr.), 164 gr. (2. mgr.), 165 gr. (3. mgr.) og 279 gr. (2. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur um forvarnir og varnir gegn dýrasjúkdómum sem geta borist í dýr eða menn, þ.m.t. reglur um skráningu og samþykki fyrir kímefnamiðstöðvum, og um kröfur um rekjanleika og dýraheilbrigði vegna tilflutninga á sendingum af kímefnum innan Sambandsins. Í reglugerð (ESB) 2016/429 er framkvæmdastjórninni einnig veitt vald til að samþykkja reglur til að bæta við tiltekna veigalitla þætti þeirrar reglugerðar með framseldum gerðum.

2) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/686 ([2]) er mælt fyrir um viðbótarreglur um samþykki fyrir kímefnamiðstöðvum, skráahald og rekjanleika kímefna sem og um kröfur varðandi dýraheilbrigði og vottun vegna tilflutninga innan Sambandsins á kímefnum úr tilteknum landdýrum í haldi.

3) Reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eiga að bæta við þær sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 5. kafla I. bálks IV. hluta reglugerðar (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir kímefnamiðstöðvum, skrár yfir kímefnamiðstöðvar sem lögbær yfirvöld eiga að halda, skyldur rekstraraðila til að halda skrár, kröfur um rekjanleika og dýraheilbrigði og dýraheilbrigðisvottun og tilkynningarskyldu fyrir tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af kímefnum úr tilteknum landdýrum í haldi til að koma í veg fyrir að smitandi dýrasjúkdómar berist út innan Sambandsins með þessum afurðum.

4) Reglur þessar tengjast að verulegu leyti og ætlast er til að mörgum þeirra sé beitt samhliða. Fyrir sakir einföldunar og gagnsæis og eins til að greiða fyrir beitingu þeirra og komast hjá margföldun reglna ætti því að mæla fyrir um þær í einni gerð frekar en í mörgum aðskildum gerðum með mörgum millivísunum og hættu á tvítekningum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 2.6.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 231/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/686 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir kímefnamiðstöðvum og kröfur varðandi rekjanleika og dýraheilbrigði vegna tilflutninga innan Sambandsins á kímefni úr tilteknum landdýrum í haldi (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 1).

5) Í 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/686 er mælt fyrir um kröfur um rekjanleika kímefna úr hundum og köttum, landdýrum öðrum en nautgripum, svínum, sauðfé, geitum og dýrum af hestaætt, sem eru í haldi í lokuðum starfsstöðvum, og dýrum af úlfaldaætt (Camelidae) og hjartardýraætt (Cervidae). Lögbært yfirvald ætti að skrá eða samþykkja stöð þar sem kímefnum er safnað, þau framleidd, unnin eða geymd og úthluta ætti þeirri stöð skráningar- eða samþykkisnúmeri. Skráningar- eða samþykkisnúmer er hluti af merkingu á stráum eða öðrum pakkningum sem kímefni eru sett í. Breyta ætti c-lið 1. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/686 til að skapa skýrleika varðandi slíka kröfu.

6) Í 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/686 er mælt fyrir um undanþágu vegna tilflutninga á sæði úr sauðfé og geitum, frá stöðvum þar sem þessi dýr eru í haldi, til annarra aðildarríkja. Ekki ætti að nota gjafadýr til náttúrulegrar pörunar, óháð því hvort söfnunarstaður sæðisins er sæðissöfnunarstöð eða stöð, í a.m.k. 30 daga fyrir fyrstu söfnun og á meðan á söfnun sæðis stendur sem er ætlað til tilflutnings til annars aðildarríkis. Slík krafa ætti að koma fram í 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/686.

7) Í 30. og 39. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/686 er kveðið á um 10 daga gildistíma dýraheilbrigðisvottorðs sem er gefið út fyrir sendingu af kímefnum sem ætlunin er að tilflytja milli aðildarríkja. Þar eð kímefni eru ekki dagvörur ætti ekki að vera nein takmörkun á gildistíma þessara dýraheilbrigðisvottorða.

8) Í 35., 43. og 48. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/686 er mælt fyrir um reglur um verklagsreglur í neyðartilvikum fyrir tilkynningu um tilflutninga milli aðildarríkja á sendingum af kímefnum ef truflanir verða á upplýsinga-stjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit (IMSOC). Í 99. og 107. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/688 ([3]) er mælt fyrir um reglur um sama atriði vegna tilflutninga milli aðildarríkja á sendingum af tilteknum landdýrum. Þó er munur á orðalaginu í hlutaðeigandi ákvæðum í báðum framseldu reglugerðunum. Af ástæðum sem varða samræmi og skýrleika verklagsreglna ætti að breyta 35. 43. og 48. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/686 með því að laga orðalagið í þeim að orðalaginu í 99. og 107. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/688.

9) Í IV. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/686 er mælt fyrir um tilteknar umbreytingarráðstafanir varðandi tilskipanir ráðsins 88/407/EBE ([4]), 89/556/EBE ([5]), 90/429/EBE ([6]) og 92/65/EBE ([7]) í tengslum við samþykki fyrir sæðissöfnunarstöðvum, sæðisgeymslustöðvum, hópum sem annast söfnun á fósturvísum og hópum sem annast framleiðslu á fósturvísum og merkingar á stráum og öðrum pakkningum sem sæði, eggfrumur eða fósturvísar eru settir í, geymdir og fluttir. Til að unnt verði að halda samfellu í tilflutningum milli aðildarríkja á kímefnum, sem var safnað eða voru framleidd, unnin og geymd fyrir 21. apríl 2021, sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum tilskipunum ætti þó í þessari reglugerð að mæla fyrir um tiltekin umbreytingarákvæði til viðbótar sem varða þessa tilflutninga og notkun á dýraheilbrigðisvottorðum sem eru gefin út fyrir 21. apríl 2021.

10) Í 1. hluta II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/686 er mælt fyrir um viðbótarkröfur um dýraheilbrigði vegna gjafadýra af nautgripakyni. Í samræmi við i. lið b-liðar í 1. lið og a-lið 2. liðar í I. kafla 1. hluta þess viðauka á að gera túberkúlínprófun í húð á nautgripasæðisgjöfum fyrir sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. caprae* og *M. tuberculosis*). Í 2. lið 2. hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/688 er þó gamma-interferóngreining einnig skráð sem önnur greiningaraðferð fyrir sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. caprae* og *M. tuberculosis*). Þess vegna ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/686 til að kveða á um möguleikann á að nota báðar greiningaraðferðirnar.

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/688 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur vegna tilflutninga á landdýrum og útungunareggjum innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 140).

([4]) Tilskipun ráðsins 88/407/EBE frá 14. júní 1988 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af nautgripakyni (Stjtíð. EB L 194, 22.7.1988, bls. 10).

([5]) Tilskipun ráðsins 89/556/EBE frá 25. september 1989 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins og innflutning frá þriðju löndum á fósturvísum húsdýra af nautgripakyni (Stjtíð. EB L 302, 19.10.1989, bls. 1).

([6]) Tilskipun ráðsins 90/429/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af svínakyni (Stjtíð. EB L 224 18.8.1990, bls. 62).

([7]) Tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísum sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um (Stjtíð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54).

11) Í 1. og 2. lið IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/686 er mælt fyrir um upplýsingar sem eiga að koma fram í dýraheilbrigðisvottorði fyrir kímefni. Sendingardegi sendingarinnar var óvart sleppt úr þessum upplýsingum og því ætti að bæta honum við í þessi ákvæði. Þar að auki er gerð sú krafa í i. lið f-liðar í 1. lið IV. viðauka við þá framseldu reglugerð að búfjárkyn gjafadýrs sé tilgreint í dýraheilbrigðisvottorði fyrir kímefni úr nautgripum, svínum, sauðfé, geitum og dýrum af hestaætt. Slíkar upplýsingar eru ónauðsynlegar út frá dýraheilbrigðissjónarmiði og því ætti að fella þær brott úr tilskildum upplýsingum sem eiga að koma fram í dýraheilbrigðisvottorði fyrir kímefni úr nautgripum, svínum, sauðfé, geitum og dýrum af hestaætt.

12) Eftir birtingu framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/686 í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* komu í ljós nokkrar misritanir og atriði sem var óvart sleppt. Af ástæðum sem varða réttarvissu og skýrleika ætti að leiðrétta þessar villur og atriði sem var sleppt.

13) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/686 til samræmis við það.

14) Þar eð framseld reglugerð (ESB) 2020/686 gildir frá og með 21. apríl 2021 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Framseldri reglugerð (ESB) 2020/686 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 9. mgr. 1. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

      „b) merkingar á stráum og öðrum pakkningum sem sæði, eggfrumur eða fósturvísar eru settir í, geymdir og fluttir“.

   b) Eftirfarandi c- og d-lið er bætt við:

      „c) notkun á dýraheilbrigðisvottorðum sem eru gefin út fyrir 21. apríl 2021,

      d) tilflutninga milli aðildarríkja á sæði, eggfrumum og fósturvísum sem er safnað, þau framleidd, unnin og geymd fyrir 21. apríl 2021.“

2) Í stað 28. liðar 2. gr. kemur eftirfarandi:

   „28) „upplýsingastjórnunarkerfi fyrir opinbert eftirlit“: upplýsingastjórnunarkerfi fyrir opinbert eftirlit fyrir samþættan rekstur á kerfum og áhöldum sem gögnum, upplýsingum og skjölum, sem varða opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi, er stjórnað í gegnum, þau meðhöndluð í og skipst sjálfkrafa á þeim þar í gegn, eins og um getur í 131. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625“.

3) Í stað c-liðar 1. mgr. 11. gr. kemur eftirfarandi:

   „c) eitt af eftirfarandi:

      i. ef stöðinni sem safnaði eða framleiddi, vann og geymdi þessi kímefni var úthlutað einkvæmu skráningarnúmeri: einkvæmt skráningarnúmer sem skal innihalda ISO 3166-1 alfa-2-kóða landsins þar sem stöðin er skráð,

      ii. ef stöðin sem safnaði eða framleiddi, vann og geymdi þessi kímefni er lokuð starfsstöð: einkvæmt skráningarnúmer sem skal innihalda ISO 3166-1 alfa-2-kóða landsins þar sem samþykkið var veitt“.

4) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Í stað h-liðar kemur eftirfarandi:

      „h) tryggi að sæðissendingin sé flutt í samræmi við 28. og 29. gr.“.

   b) Eftirfarandi i-lið er bætt við:

      „i) tryggi að gjafadýrin hafi ekki verið notuð til náttúrulegrar pörunar í a.m.k. 30 daga fyrir fyrstu söfnun sæðis sem er ætlað til tilflutnings milli aðildarríkja og á meðan söfnun þessa sæðis stendur yfir.“

5) Í stað b-liðar 17. gr. kemur eftirfarandi:

„b) það má ekki tilflytja þau milli aðildarríkja fyrr en lögbær yfirvöld hafa fjarlægt takmarkanir á tilflutningi sem gilda annaðhvort um sæðissöfnunarstöðina eða stöðina þar sem sæðinu, eggfrumunum eða fósturvísunum var safnað og“.

6) Í stað 3. mgr. 20. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir iii. lið a-liðar 1. mgr. er dýralækni hópsins heimilt að samþykkja gjafadýr eggfrumna og fósturvísa sem kom frá stöð sem var ekki laus við smitandi hvítblæði í nautgripum að því tilskildu að opinberi dýralæknirinn, sem ber ábyrgð á upprunastöðinni, hafi vottað að engin klínísk tilvik smitandi hvítblæðis í nautgripum hafi komið upp a.m.k. undanfarin 3 ár.“

7) Í 22. gr. fellur a-liður brott.

8) Í stað b-liðar 1. mgr. 27. gr. kemur eftirfarandi:

„b) merking á stráum eða öðrum pakkningum, sem er sett á í samræmi við 10. gr., og númerið á innsiglinu sem er sett á ílátið sem stráin eða aðrar pakkningar eru flutt í samsvari merkingunni og númerinu sem er annaðhvort gefið upp í dýraheilbrigðisvottorðinu eða í eiginyfirlýsingarskjalinu.“

9) Í 30. gr. fellur 3. mgr. brott.

10) Ákvæðum 2. mgr. 32. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) merkingar á kímefnunum eins og krafist er í 10. gr.“

b) Eftirfarandi f-, g- og h-lið er bætt við:

„f) tegund gjafadýrs,

g) númer innsiglis sem sett er á flutningsílátið,

h) yfirlýsingu um að sendingin uppfylli dýraheilbrigðiskröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. kafla.“

11) Í stað 35. gr. kemur eftirfarandi:

*„35. gr.*

**Verklagsreglur í neyðartilvikum fyrir tilkynningu um tilflutninga milli aðildarríkja á sendingum af kímefnum úr nautgripum, svínum, sauðfé, geitum og dýrum af hestaætt ef um er að ræða straumrof og aðrar truflanir á upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit**

Ef um er að ræða straumrof og aðrar truflanir á upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit skal lögbært yfirvald á upprunastað sendingar af kímefnum úr nautgripum, svínum, sauðfé, geitum og dýrum af hestaætt, sem á að tilflytja milli aðildarríkja, fara eftir viðbúnaðaráætluninni sem sett er fram í 46. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 (*).

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 frá 30. september 2019 um reglur um starfsemi upplýsingastjórnunarkerfis fyrir opinbert eftirlit og kerfisíhluti þess (IMSOC-reglugerðin) (Stjtíð. ESB L 261, 14.10.2019, bls. 37).“

12) Ákvæðum 39. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað ii. liðar b-liðar í 1. lið kemur eftirfarandi:

„ii. merking á stráum eða öðrum pakkningum, sem er sett á í samræmi við 11. gr., og númerið á innsiglinu sem er sett á ílátið sem stráin eða aðrar pakkningar eru flutt í samsvari merkingunni og númerinu sem er gefið upp í dýraheilbrigðisvottorðinu“.

b) Í stað ii. liðar b-liðar í 2. lið kemur eftirfarandi:

„ii. merking á stráum eða öðrum pakkningum, sem er sett á í samræmi við 11. gr., og númerið á innsiglinu sem er sett á ílátið sem stráin eða aðrar pakkningar eru flutt í samsvari merkingunni og númerinu sem er gefið upp í dýraheilbrigðisvottorðinu“.

c) Í stað ii. liðar b-liðar í 3. lið kemur eftirfarandi:

„ii. merking á stráum eða öðrum pakkningum, sem er sett á í samræmi við 11. gr., og númerið á innsiglinu sem er sett á ílátið sem stráin eða aðrar pakkningar eru flutt í samsvari merkingunni og númerinu sem er gefið upp í dýraheilbrigðisvottorðinu“.

d) Ákvæði 5. mgr. falla brott.

13) Í stað 43. gr. kemur eftirfarandi:

*„43. gr.*

**Verklagsreglur í neyðartilvikum fyrir tilkynningu um tilflutninga milli aðildarríkja á sendingum af kímefnum úr landdýrum í haldi, öðrum en nautgripum, svínum, sauðfé, geitum og dýrum af hestaætt, ef um er að ræða straumrof og aðrar truflanir á upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit**

Ef um er að ræða straumrof og aðrar truflanir á upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit skal lögbært yfirvald á upprunastað sendingar af kímefnum úr landdýrum í haldi, öðrum en nautgripum, svínum, sauðfé, geitum og dýrum af hestaætt, sem á að tilflytja milli aðildarríkja fara eftir viðbúnaðaráætluninni sem sett er fram í 46. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1715.“

14) Ákvæðum 2. mgr. 46. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) sendingardag sendingarinnar“.

b) Í stað g-liðar kemur eftirfarandi:

„g) fyrirliggjandi niðurstöður úr prófununum sem um getur í b-lið 2. mgr. 45. gr.“

c) Eftirfarandi h- og i-lið er bætt við:

„h) númer innsiglis sem sett er á flutningsílátið,

i. yfirlýsingu um að sendingin uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 44. eða 45. gr., þ.m.t. að skriflegt fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds í viðtökuaðildarríkinu um að taka við sendingunni af kímefnunum hafi fengist.“

15) Í stað 48. gr. kemur eftirfarandi:

*„48. gr.*

**Verklagsreglur í neyðartilvikum fyrir tilkynningu um tilflutninga milli aðildarríkja á kímefnum, sem ætluð eru til notkunar í vísindaskyni eða til geymslu í genabanka, ef um er að ræða straumrof og aðrar truflanir á upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit**

Ef um er að ræða straumrof og aðrar truflanir á upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit skal lögbært yfirvald á upprunastað sendingar af kímefnum, sem ætluð eru til notkunar í vísindaskyni eða til geymslu í genabanka, sem á að tilflytja milli aðildarríkja, fara eftir viðbúnaðaráætluninni sem sett er fram í 46. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715.“

16) Í stað 49. gr. kemur eftirfarandi:

*„49. gr.*

**Umbreytingarráðstafanir**

1. Litið skal svo á að sæðissöfnunarstöðvar, sæðisgeymslustöðvar, hópar sem annast söfnun á fósturvísum og hópar sem annast framleiðslu á fósturvísum, sem hafa verið samþykkt fyrir 21. apríl 2021 í samræmi við tilskipanir 88/407/EBE, 89/556/EBE, 90/429/EBE og 92/65/EBE sem um getur í 6., 7., 8. og 12. undirlið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 270. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, hafi verið samþykkt í samræmi við 97. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og 4. gr. þessarar reglugerðar.

   Að öllu öðru leyti skulu þau falla undir reglurnar sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/429 og í þessari reglugerð.

2. Það skal heimilt að tilflytja sæði, eggfrumur og fósturvísa, sem er safnað, þau framleidd, unnin og geymd fyrir 21. apríl 2021, milli aðildarríkja að því tilskildu að þau uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 88/407/EBE, 89/556/EBE, 90/429/EBE og 92/65/EBE að því er varðar söfnun, framleiðslu, vinnslu og geymslu á kímefnum, dýraheilbrigðiskröfur um gjafadýr og prófanir á rannsóknarstofu og aðrar prófanir sem eru gerðar á gjafadýrum og kímefnum.

3. Litið skal svo á að strá og aðrar pakkningar sem sæði, eggfrumur eða fósturvísar, einnig aðskilið í stökum skömmtum, eru sett í, geymd og flutt, sem eru merkt fyrir 21. apríl 2021 í samræmi við tilskipanir 88/407/EBE, 89/556/EBE, 90/429/EBE og 92/65/EBE, hafi verið merkt í samræmi við 121. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og 10. gr. þessarar reglugerðar.

4. Litið skal svo á að dýraheilbrigðisvottorð, sem eru gefin út fyrir 21. apríl 2021 í samræmi við tilskipanir 88/407/EBE, 89/556/EBE, 90/429/EBE og 92/65/EBE, hafi verið gefin út í samræmi við 162. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og 30. og 31. gr. þessarar reglugerðar.“

17) Ákvæðum I. til IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/686 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. mars 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*VIÐAUKI*

Ákvæðum I., II., III. og IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/686 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað v. liðar a-liðar í 1. lið 1. hluta kemur eftirfarandi:

„v. sérhvert strá eða önnur pakkning sem sæði er sett í er greinilega merkt í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 10. gr.“

b) Í stað iv. liðar a-liðar í 1. lið 4. hluta kemur eftirfarandi:

„iv. sérhvert strá eða önnur pakkning sem sæði, eggfrumur eða fósturvísar eru settir í er greinilega merkt í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 10. gr.“

c) Í stað iv. liðar a-liðar í 1. lið 5. hluta kemur eftirfarandi:

„iv. sérhvert strá eða önnur pakkning sem sæði, eggfrumur eða fósturvísar eru settir í er greinilega merkt í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 10. gr.“

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað i. liðar b-liðar í 1. lið I. kafla 1. hluta kemur eftirfarandi:

„i. fyrir sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. caprae* og *M. tuberculosis*), prófunin sem um getur í 2. hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/688“.

b) Í stað iii. liðar b-liðar í 1. lið I. kafla 1. hluta kemur eftirfarandi:

„iii. fyrir smitandi hvítblæði í nautgripum, sermiprófun sem um getur í a-lið 4. hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/688 nema undanþágan, sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar, gildi“.

c) Í stað a-liðar 2. liðar í I. kafla 1. hluta kemur eftirfarandi:

„a) fyrir sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. caprae* og *M. tuberculosis*), prófunin sem um getur í 2. hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/688“.

d) Í stað b-, c- og d-liðar 1. liðar í I. kafla 3. hluta kemur eftirfarandi:

„b) ef um er að ræða sauðfé verður það að koma frá stöð þar sem, á 60 daga tímabili fyrir dvöl þess í sóttkvíunaraðstöðunni sem um getur í a-lið, gerð var á því og öllum geithöfrum sem voru í haldi með því sermiprófun fyrir lyppudrepi (*Brucella ovis*), með neikvæðum niðurstöðum, eða önnur prófun fyrir lyppudrepi (*Brucella ovis*) með jafngilt, skjalfest næmi og sértæki,

c) eftirfarandi prófanir voru gerðar á sýnum úr dýrunum sem voru tekin innan 30 daga fyrir upphaf sóttkvíunartímabilsins, sem um getur í a-lið, með neikvæðum niðurstöðum:

i. fyrir sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *Brucella melitensis* og *Brucella suis*, sermiprófun sem um getur í 1. lið 1. hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/688,

ii. ef um er að ræða sauðfé og alla geithafra sem voru í haldi með því, sermiprófun fyrir lyppudrepi (*Brucella ovis*) eða önnur prófun fyrir lyppudrepi (*Brucella ovis*) með jafngilt, skjalfest næmi og sértæki,

d) eftirfarandi prófanir voru gerðar á sýnum úr dýrunum, sem voru tekin á sóttkvíunartímabilinu sem um getur í a-lið og innan a.m.k. 21 dags eftir að tekið var við þeim í sóttkvíunaraðstöðunni, með neikvæðum niðurstöðum:

i. fyrir sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *Brucella melitensis* og *Brucella suis*, sermiprófun sem um getur í 1. lið 1. hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/688,

ii. ef um er að ræða sauðfé og alla geithafra sem voru í haldi með því, sermiprófun fyrir lyppudrepi (*Brucella ovis*) eða önnur prófun fyrir lyppudrepi (*Brucella ovis*) með jafngilt, skjalfest næmi og sértæki.“

e) Í stað inngangsorða 2. liðar í I. kafla 3. hluta kemur eftirfarandi:

„2. Að minnsta kosti einu sinni á ári skal gera eftirfarandi prófanir (skyldubundnar venjubundnar prófanir) á öllu sauðfé og öllum geitum, sem eru í haldi á sæðissöfnunarstöð, með neikvæðum niðurstöðum:“

f) Í stað a-liðar 1. liðar í II. kafla 5. hluta kemur eftirfarandi:

„a) þau voru í haldi í a.m.k. 60 daga áður en sæðinu var safnað og við söfnun í aðildarríki eða á svæði þess sem er laust við sýkingu af völdum blátunguveiru (sermigerðir 1–24) þar sem engin tilvik sýkingar af völdum blátunguveiru (sermigerðir 1–24) hafa verið staðfest í markdýrastofninum á undanförnum 24 mánuðum“.

g) Í stað a-liðar 2. liðar í II. kafla 5. hluta kemur eftirfarandi:

„a) þau voru í haldi í a.m.k. 60 daga áður en eggfrumunum eða fósturvísunum var safnað og við söfnun í aðildarríki eða á svæði þess sem er laust við sýkingu af völdum blátunguveiru (sermigerðir 1–24) þar sem engin tilvik sýkingar af völdum blátunguveiru (sermigerðir 1–24) hafa verið staðfest í markdýrastofninum á undanförnum 24 mánuðum“.

3) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. liðar í 1. hluta kemur eftirfarandi:

„3. Ef nauðsyn krefur má bæta sýklalyfjum eða sýklalyfjablöndum með bakteríueyðandi virkni, sem er a.m.k. jafngild þeirri sem er í eftirtöldum sýklalyfjum eða blöndum þeirra í hverjum ml af sæði, við sæðið eða bæta þeim í sæðisþynningarefnið:

a) blöndu af linkómýsínspektínómýsíni (150/300 µg), penisillíni (500 IU) og streptómýsíni (500 µg) eða

b) blöndu af gentamísíni (250 µg), týlósíni (50 µg), linkómýsínspektínómýsíni (150/300 µg) eða

c) blöndu af amikasíni (75 µg) og dívekasíni (25 µg) eða

d) ef um er að ræða sæði úr sauðfé og geitum, gentamísíni (250 µg) eða blöndu af penisillíni (500 IU) og streptómýsíni (500 µg).“

b) Í stað 4. liðar í 1. hluta kemur eftirfarandi:

„4. Að því er varðar sæði úr nautgripum skal bæta í það sýklalyfjum eða sýklalyfjablöndum, sem um getur í a-, b- og c-lið 3. liðar, eða sýklalyfjum eða sýklalyfjablöndum með bakteríueyðandi virkni, sem er a.m.k. jafngild þeirri sem er í sýklalyfjum eða blöndum þeirra sem um getur í a-, b- og c-lið 3. liðar, eða sæðisþynningarefnum, sem innihalda slík sýklalyf eða sýklalyfjablöndur, sem eru einkum virk gegn kampýlóbakter, mjógyrmasótt og berfrymingum.“

c) Í stað 5. liðar í 1. hluta kemur eftirfarandi:

„5. Að því er varðar sæði úr svínum skal bæta í það sýklalyfjum eða sýklalyfjablöndum, sem um getur í a-, b- og c-lið 3. liðar, eða sýklalyfjum eða sýklalyfjablöndum með bakteríueyðandi virkni, sem er a.m.k. jafngild þeirri sem er í sýklalyfjum eða blöndum þeirra sem um getur í a-, b- og c-lið 3. liðar, eða sæðisþynningarefnum, sem innihalda slík sýklalyf eða sýklalyfjablöndur, sem eru einkum virk gegn mjógyrmasótt.“

4) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað i. liðar f-liðar í 1. lið kemur eftirfarandi:

„i. tegund og auðkenning gjafadýranna, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I., II., III. eða IV. bálki III. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035, sem kímefnunum var safnað úr“.

b) Í stað i-liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„i) dagsetning og útgáfustaður dýraheilbrigðisvottorðs, nafn, hæfi og undirskrift opinbers dýralæknis og stimpill lögbærs yfirvalds á upprunastað sendingarinnar“.

c) Eftirfarandi j-lið er bætt við í 1. lið:

„j) sendingardagur sendingarinnar.“

d) Í stað i-liðar 2. liðar kemur eftirfarandi:

„i) dagsetning og útgáfustaður dýraheilbrigðisvottorðs, nafn, hæfi og undirskrift opinbers dýralæknis og stimpill lögbærs yfirvalds á upprunastað sendingarinnar“.

e) Eftirfarandi j-lið er bætt við í 2. lið:

„j) sendingardagur sendingarinnar.“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/520** **2021/EES/71/08**

**frá 24. mars 2021**

**um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ([1]), einkum 1. mgr. og c-, d- og f-liður 2. mgr. 120. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um kröfur um rekjanleika landdýra í haldi og kímefna og framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja framkvæmdargerðir þar að lútandi.

2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2035 ([2]) bætir við reglugerð (ESB) 2016/429 á þann hátt að þar er mælt fyrir um ítarlegar reglur sem varða rekjanleika landdýra í haldi og útungunareggja.

3) Til að tryggja samræmda beitingu reglnanna um rekjanleika, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/429 og framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035, í Sambandinu ætti að samþykkja tilteknar reglur með þessari reglugerð.

4) Í 112., 113. og 115. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um þær skyldur rekstraraðila, sem eru með nautgripi, sauðfé, geitur og svín í haldi, að senda upplýsingar í tengslum við dýrin sín inn í tölvugagnagrunnana sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 109. gr. þeirrar reglugerðar. Til að tryggja að allar uppfærslur séu sendar reglulega í þessa gagnagrunna er nauðsynlegt að tilgreina í þessari reglugerð fresti til að senda þessar upplýsingar.

5) Enn fremur ættu upplýsingar sem rekstraraðilar með nautgripi, sauðfé, geitur og svín í haldi senda inn varðandi dýrin sín og starfsstöðvarnar að vera aðgengilegar fyrir þá eftir sendingu. Því ætti að mæla fyrir um reglur um samræmdan aðgang að gögnum í tölvugagnagrunnum, sem komið er á fót í samræmi við 1. mgr. 109. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, í þessari reglugerð.

6) Að auki ætti einnig að mæla fyrir um tiltekin önnur tæknileg og rekstrarleg atriði og snið fyrir tölvugagnagrunnana yfir nautgripi, sauðfé, geitur og svín í haldi í þessari reglugerð til að tryggja samanburðarhæf gæði gagnagrunna í öllu Sambandinu.

7) Samkvæmt skilyrðunum sem eru fastsett í b-lið 1. mgr. 110. gr. og í b-lið 112. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 mega skipti á rafrænum gögnum milli aðildarríkja koma í staðinn fyrir útgáfu auðkennisskírteina fyrir nautgripi þegar þessi dýr eru tilflutt milli aðildarríkja. BOVEX-samskiptareglurnar, sem framkvæmdastjórnin tók saman, eru hannaðar fyrir skipti á rafrænum gögnum milli tölvugagnagrunna aðildarríkjanna að því er varðar nautgripi. Framkvæmdastjórnin ætti að viðurkenna fulla rekstrarhæfni þessara skipta á rafrænum gögnum milli tölvugagnagrunna aðildarríkjanna samkvæmt þessum samskiptareglum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 104, 25.3.2021, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 231/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2035 frá 28. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar og rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 115).

8) Þó svo að auðkenningar sem á að nota á ýmsar tegundir landdýra, einkum nautgripi, sauðfé, geitur, svín, dýr af úlfaldaætt, hjartardýr og páfagauka í haldi, séu ákvarðaðar með framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035 ætti að setja fram tækniforskriftir fyrir þessar auðkenningar í þessari reglugerð.

9) Í framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035 eru settar fram kröfur um rafræna auðkenningu á nautgripi, sauðfé, geitur, svín, dýr af úlfaldaætt, hjartardýr og páfagauka í haldi. Lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem dýrin eru í haldi ætti að samþykkja slík rafræn kennimerki. Til að tryggja að þessi rafrænu kennimerki séu lesanleg þegar dýrin eru tilflutt milli aðildarríkja ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um reglur sem gilda um það hvenær lögbæru yfirvaldi er heimilt að samþykkja slík rafræn kennimerki og við hvaða skilyrði. Við þessi samþykki ætti einnig að hafa hliðsjón af viðeigandi ISO/IEC-stöðlum.

10) Til að tryggja samræmda beitingu auðkenningar og rekjanleika í öllu Sambandinu ætti í þessari reglugerð að fastsetja tímamörk til að setja auðkenningu á nautgripi, sauðfé, geitur, svín, dýr af úlfaldaætt, hjartardýr og páfagauka í haldi.

11) Reglur Sambandsins um rekjanleika innihalda ýmsar undanþágur frá auðkenningar- og skráningarkerfinu að því er varðar nokkra flokka dýra, s.s. dýr sem eru í haldi við dreifbær skilyrði, fram að þeim degi þegar reglugerð (ESB) 2016/429 kemur til framkvæmda. Rétt þykir að endurskoða þessar reglur og beita yfirvegaðri og samhæfðri nálgun við undanþágur frá auðkenningar- og skráningarkerfinu, að teknu tilliti til áhættu sem skiptir máli annars vegar og meðalhófs og skilvirkni ráðstafananna hins vegar. Af þessum sökum ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um nýjar reglur sem endurspegla þessa nálgun.

12) Nauðsynlegt er að vernda alltaf fullan rekjanleika nautgripa, sauðfjár, geita, svína, dýra af úlfaldaætt, hjartardýra og páfagauka í haldi og forðast allar aðgerðir sem geta teflt rekjanleika í tvísýnu. Að fjarlægja, breyta og skipta út auðkenningu eru aðgerðir sem geta teflt rekjanleika í tvísýnu. Þess vegna skal einungis framkvæma þessar aðgerðir eftir að lögbært yfirvald hefur veitt rekstraraðilum leyfi til þess. Í framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035 er mælt fyrir um tilteknar reglur sem varða fjarlægingu, breytingar og útskipti. Þörf er á viðbótarákvæðum varðandi þessar aðgerðir til að taka á tilteknum þáttum, þ.m.t. frestir til að framkvæma þessar aðgerðir, og mæla ætti fyrir um þau í þessari reglugerð.

13) Til að tryggja snurðulaus umskipti yfir í nýja lagarammann ættu rekstraraðilar í aðildarríkjunum að geta haldið áfram að nota auðkenningar sem voru samþykktar fyrir 21. apríl 2021 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 ([3]), reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 ([4]) og tilskipun ráðsins 2008/71/EB ([5]), sem og í samræmi við gerðir sem voru samþykktar á grundvelli þessara reglugerða og þessarar tilskipunar, á umbreytingartímabili sem er ekki lengra en tvö ár frá þeim degi þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

14) Þar eð reglugerð (ESB) 2016/429 gildir frá og með 21. apríl 2021 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 (Stjtíð. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1).

([4]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE (Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8).

([5]) Tilskipun ráðsins 2008/71/EB frá 15. júlí 2008 um auðkenningu og skráningu svína (Stjtíð. ESB L 213, 8.8.2008, bls. 31).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

**ALMENN ÁKVÆÐI**

*1. gr.*

**Efni og gildissvið**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um:

1) fresti sem rekstraraðilar hafa til að senda upplýsingar til að skrá nautgripi, sauðfé, geitur og svín í haldi í tölvugagnagrunna,

2) samræmdan aðgang að gögnum í tölvugagnagrunnum yfir nautgripi, sauðfé, geitur og svín í haldi og tækniforskriftir og starfsreglur varðandi slíka gagnagrunna,

3) tæknileg skilyrði og fyrirkomulag við skipti á rafrænum gögnum milli tölvugagnagrunna aðildarríkjanna að því er varðar nautgripi í haldi og viðurkenningu á fullri rekstrarhæfni gagnaskiptakerfisins,

4) tækniforskriftir, snið og hönnun auðkenninga fyrir nautgripi, sauðfé, geitur, svín, dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi,

5) tæknilegar kröfur um auðkenningar fyrir páfagauka í haldi,

6) tímamörk til að setja auðkenningu á nautgripi, sauðfé, geitur, svín, dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi sem eru fædd í Sambandinu eða eftir að þessi dýr koma inn í Sambandið,

7) samsetningu auðkenniskóðans fyrir nautgripi, sauðfé, geitur, dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi,

8) fjarlægingu, breytingu og útskipti á auðkenningu á nautgripum, sauðfé, geitum, svínum, dýrum af úlfaldaætt og hjartardýrum í haldi og fresti til slíkra aðgerða,

9) umbreytingarráðstafanir varðandi samþykki fyrir auðkenningu.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035.

2. KAFLI

**TÖLVUGAGNAGRUNNAR**

*3. gr.*

**Frestir og málsmeðferðarreglur um sendingu rekstraraðila á upplýsingum til að skrá nautgripi, sauðfé, geitur og svín í haldi**

1. Rekstraraðilar sem eru með nautgripi, sauðfé, geitur og svín í haldi skulu senda upplýsingar um tilflutninga, fæðingar og dauða, sem um getur í d-lið 112. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og um tilflutninga sem um getur í c-lið 1. mgr. 113. gr. þeirrar reglugerðar og í b-lið 56. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035, til skráningar í tölvugagnagrunnana sem komið er á fót fyrir þessar dýrategundir innan tímamarka til sendingar sem aðildarríkin skulu ákvarða. Hámarksfrestur til að senda þessar upplýsingar skal ekki vera lengri en 7 dagar eftir tilflutning, fæðingu eða dauða dýranna, eftir því sem við á.

2. Ef um er að ræða fæðingar er aðildarríkjunum heimilt, þegar þau ákvarða hámarksfrest til að senda upplýsingarnar, að nota dagsetninguna þegar auðkenningin er sett á dýrið sem upphafsdag viðkomandi frests að því tilskildu að það sé engin hætta á ruglingi milli þessarar dagsetningar og fæðingardags dýrsins.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. er lögbæru yfirvaldi heimilt að framlengja hámarksfrestinn til að senda upplýsingar um tilflutning, sem um getur í 1. mgr., um allt að 14 daga eftir tilflutning á nautgripum innan sama aðildarríkis frá upprunastarfsstöðvum til skráðra bithagastarfsstöðva, sem eru staðsettar í fjalllendi, til beitar. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að ákveða að samþykkja skrár yfir nautgripi, sem á að tilflytja til skráðra bithagastarfsstöðva, frá rekstraraðilum þessara stöðva. Þessar skrár skulu innihalda:

a) einkvæmt skráningarnúmer skráðu bithagastarfsstöðvarinnar,

b) auðkenniskóða dýranna,

c) einkvæmt skráningarnúmer upprunastarfsstöðvarinnar,

d) komudag dýranna á skráðu bithagastarfsstöðina,

e) áætlaðan brottfarardag dýranna frá skráðu bithagastarfsstöðinni.

*4. gr.*

**Samræmdur aðgangur að gögnum í tölvugagnagrunnum yfir nautgripi, sauðfé, geitur og svín í haldi**

Aðildarríki skulu tryggja að rekstraraðilar sem eru með nautgripi, sauðfé, geitur og svín í haldi séu með, að beiðni þeirra sjálfra og án endurgjalds, a.m.k. lesaðgang að lágmarksupplýsingum, sem tengjast starfsstöðvum þeirra, sem eru í tölvugagna-grunnunum sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 109. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

*5. gr.*

**Tækniforskriftir fyrir tölvugagnagrunna yfir nautgripi, sauðfé, geitur og svín í haldi**

Aðildarríkin skulu tryggja að tölvugagnagrunnar yfir nautgripi, sauðfé, geitur og svín í haldi, sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 109. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, séu settir þannig upp að tölvugagnagrunnar í aðildarríkjunum geti skipst á upplýsingunum sem eru skráðar í þessa gagnagrunna á sniðinu sem sett er fram í þriðja dálki töflunnar í I. viðauka við þessa reglugerð.

*6. gr.*

**Starfsreglur fyrir tölvugagnagrunna yfir nautgripi, sauðfé, geitur og svín í haldi**

Aðildarríkin skulu koma á viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum til að tryggja að tölvugagnagrunnar yfir nautgripi, sauðfé, geitur og svín í haldi, sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 109. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, haldi áfram að starfa þrátt fyrir mögulegar truflanir. Þessar ráðstafanir skulu einnig tryggja öryggi, heilleika og áreiðanleika upplýsinganna sem eru skráðar í slíka gagnagrunna.

*7. gr.*

**Tæknileg skilyrði og fyrirkomulag við rafræn skipti á gögnum í auðkennisskírteinum milli tölvugagnagrunna aðildarríkjanna að því er varðar nautgripi í haldi**

1. Þegar aðildarríkin skiptast rafrænt á gögnum í auðkennisskírteinum við önnur aðildarríki að því er varðar nautgripi í haldi, sem um getur í a- til c-lið 44. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035, skal skiptast á þessum gögnum á sniðinu „XML Schema Definition“ sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengilegt fyrir lögbært yfirvald.

2. Lögbært yfirvald í upprunaaðildarríki nautgripa í haldi sem ætlunin er að tilflytja skal tryggja að gögnin í auðkennisskírteininu séu send rafrænt til viðtökuaðildarríkisins fyrir brottför dýranna og að tímastimpill sé á hverri sendingu.

*8. gr.*

**Viðurkenning á fullri rekstrarhæfni kerfis til rafrænna skipta á gögnum í auðkennisskírteinum milli tölvugagnagrunna aðildarríkjanna að því er varðar nautgripi í haldi**

1. Aðildarríki sem skiptast rafrænt á gögnum í auðkennisskírteini gegnum kerfi sem framkvæmdastjórnin kom á fót og er hannað til að skiptast á gögnum milli tölvugagnagrunna aðildarríkjanna að því er varðar nautgripi í haldi skulu viðurkennd sem aðildarríki með kerfi sem er að fullu rekstrarhæft.

2. Framkvæmdastjórnin skal taka saman og birta á vefsetri sínu skrá yfir aðildarríki sem skiptast á gögnum í auðkennisskírteini gegnum þetta kerfi.

3. KAFLI

**AUÐKENNING**

*9. gr.*

**Tækniforskriftir, snið og hönnun auðkenninga fyrir nautgripi, sauðfé, geitur, svín, dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi**

1. Lögbært yfirvald skal einungis samþykkja notkun á hefðbundnum eyrnamerkjum eða hefðbundnum böndum um kjúkuna, sem um getur í a- og b-lið III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2035, sem auðkenningu á nautgripi, sauðfé, geitur, svín, dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi ef þessar auðkenningar uppfylla tækniforskriftirnar sem settar eru fram í 1. hluta II. viðauka við þessa reglugerð.

2. Lögbært yfirvald skal einungis samþykkja notkun á húðflúrum, sem um getur í g-lið III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2035, sem auðkenningu á sauðfé, geitur, svín og hjartardýr eins og kveðið er á um í 46. gr. (2. og 3. mgr.) og í 52. gr. (b-liður 1. mgr), 73. gr. (c-liður 2. mgr.) og 76. gr. (c-liður 1. mgr.) þeirrar framseldu reglugerðar ef þessi húðflúr tryggja óafmáanlega merkingu og réttan aflestur.

3. Lögbært yfirvald skal einungis samþykkja notkun á rafrænum kennimerkjum, sem um getur í c- til f-lið III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2035, sem auðkenningu á nautgripi, sauðfé, geitur, svín, dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi ef þessar auðkenningar uppfylla tækniforskriftirnar sem settar eru fram í 2. hluta II. viðauka við þessa reglugerð. Þar að auki skulu rafræn kennimerki, sem um getur í c- og f-lið III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2035, uppfylla tækniforskriftirnar sem settar eru fram í 1. hluta II. viðauka við þessa reglugerð.

4. Þrátt fyrir 3. mgr. er lögbæru yfirvaldi heimilt að samþykkja notkun á rafrænum eyrnamerkjum sem auðkenningu á svín í haldi ef þessar auðkenningar uppfylla tækniforskriftirnar sem aðildarríkið, þar sem svínin eru í haldi, mælir fyrir um og þar birtist sýnilega, læsilega og óafmáanlega einkvæmt skráningarnúmer:

a) starfsstöðvarinnar þar sem dýrin fæddust eða

b) síðustu starfsstöðvarinnar í aðfangakeðjunni, sem um getur í 53. gr. framseldrar reglugerð (ESB) 2019/2035, ef þessi dýr eru tilflutt til starfsstöðvar utan þessarar aðfangakeðju.

*10. gr.*

**Tækniforskriftir, snið og hönnun auðkenninga á páfagauka í haldi**

1. Rekstraraðilar sem eru með páfagauka í haldi skulu tryggja að:

a) fótmerkið, sem um getur í a-lið 1. mgr. 76. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035, uppfylli tækniforskriftirnar sem settar eru fram í 1. hluta II. viðauka við þessa reglugerð,

b) húðflúrið, sem um getur í c-lið 1. mgr. 76. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035, tryggi óafmáanlega merkingu og réttan aflestur.

2. Lögbært yfirvald skal einungis samþykkja notkun á stunguörmerkjum, sem um getur í b-lið 1. mgr. 76. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035, sem auðkenningu á páfagauka í haldi ef þessar auðkenningar uppfylla tækniforskriftirnar sem settar eru fram í 2. lið 2. hluta II. viðauka við þessa reglugerð.

*11. gr.*

**Starfsreglur varðandi samþykki fyrir rafrænum kennimerkjum á nautgripi, sauðfé, geitur, svín, dýr af úlfaldaætt, hjartardýr og páfagauka í haldi**

1. Við veitingu samþykkis fyrir rafrænum kennimerkjum, sem um getur í c- til f-lið III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2035, á nautgripi, sauðfé, geitur, svín, dýr af úlfaldaætt, hjartardýr og páfagauka í haldi skal lögbært yfirvald tryggja að framleiðendur rafrænu kennimerkjanna hafi lagt fram sannanir fyrir því að prófanir á samkvæmni og afköstum, sem um getur í 4. lið 2. hluta II. viðauka við þessa reglugerð, hafi verið framkvæmdar á prófunarstöðvum sem eru faggiltar í samræmi við ISO/IEC-staðal 17025 „Almennar kröfur varðandi hæfni prófunar- og kvörðunarstofa“.

2. Við veitingu samþykkis fyrir rafrænum kennimerkjum, sem um getur í 1. mgr., getur lögbært yfirvald gert kröfu um að framleiðendur rafrænna kennimerkja geri viðbótarprófarnir á traustleika og endingu til að tryggja virkni þeirra við sérstök landfræðileg skilyrði eða loftslagsskilyrði í hlutaðeigandi aðildarríki í samræmi við staðlana sem viðkomandi aðildarríki mælir fyrir um.

*12. gr.*

**Samsetning auðkenniskóðans fyrir nautgripi, sauðfé, geitur, dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi**

Auðkenniskóði fyrir nautgripi, sauðfé, geitur, dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi skal vera sem hér segir:

a) fyrsti þáttur auðkenniskóðans skal vera landskóði aðildarríkisins þar sem auðkenningin var fyrst sett á dýrin, annaðhvort á sniðinu:

   i. tveggja bókstafa kóði í samræmi við ISO-staðalinn 3166-1-alfa-2, að undanskildu Grikklandi en þar skal nota tveggja bókstafa kóðann „EL“, eða

   ii. þriggja tölustafa landskóði í samræmi við ISO-staðalinn 3166-1-talnakóði,

b) annar þáttur auðkenniskóðans skal vera einkvæmur kóði fyrir hvert dýr, ekki lengri en 12 tölustafir.

*13. gr.*

**Tímamörk til að setja auðkenningu á nautgripi í haldi**

1. Rekstraraðilar skulu tryggja að auðkenningin, sem um getur í a-lið 112. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, sé sett á nautgripi í haldi áður en hámarksfresturinn eftir fæðingu, sem aðildarríkið þar sem dýrin fæddust skal ákvarða, rennur út. Hámarks-fresturinn skal reiknaður út frá fæðingardegi dýranna og skal ekki fara yfir 20 daga.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er aðildarríkjum heimilt að leyfa rekstraraðilum að lengja hámarksfrestinn til að setja á annað auðkennismerki í allt að 60 daga eftir fæðingardag dýranna, af ástæðum sem tengjast lífeðlisfræðilegri þroskun dýranna, ef annað auðkennismerkið er vambarstautur.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. er aðildarríkjum heimilt að leyfa rekstraraðilum að lengja hámarksfrestinn, sem um getur í 1. mgr., í allt að 9 mánuði með eftirfarandi skilyrðum:

a) dýrin eru:

i. alin við dreifbær skilyrði þar sem kálfar eru hjá mæðrum sínum,

ii. ekki vön reglulegum samskiptum við menn,

b) svæðið þar sem dýrin eru í haldi tryggir mikla einangrun dýranna,

c) framlengingin stofnar rekjanleika dýranna ekki í hættu.

Aðildarríkjum er heimilt að takmarka heimildina, sem um getur í fyrstu undirgrein, við tiltekin landsvæði eða sérstakar tegundir eða kyn nautgripa í haldi.

4. Rekstraraðilar skulu tryggja að engir nautgripir í haldi fari frá starfsstöðinni þar sem þeir fæddust nema auðkenningin, sem um getur í a-lið 112. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, hafi verið sett á þessi dýr.

*14. gr.*

**Tímamörk til að setja auðkenningu á sauðfé og geitur í haldi**

1. Rekstraraðilar skulu tryggja að auðkenningin, sem um getur í a-lið 1. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, sé sett á sauðfé og geitur í haldi áður en hámarksfresturinn eftir fæðingu, sem aðildarríkið þar sem dýrin fæddust skal ákvarða, rennur út. Hámarksfresturinn skal reiknaður út frá fæðingardegi dýranna og skal ekki fara yfir 9 mánuði.

2. Rekstraraðilar skulu tryggja að hvorki sauðfé né geitur í haldi fari frá starfsstöðinni þar sem þau fæddust nema auðkenningin, sem um getur í a-lið 1. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, hafi verið sett á þessi dýr.

*15. gr.*

**Tímamörk til að setja auðkenningu á svín í haldi**

1. Rekstraraðilar skulu tryggja að auðkenningin, sem um getur í a-lið 115. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, sé sett á svín í haldi áður en hámarksfresturinn eftir fæðingu, sem aðildarríkið þar sem dýrin fæddust skal ákvarða, rennur út. Hámarksfresturinn skal reiknaður út frá fæðingardegi dýranna og skal ekki fara yfir 9 mánuði.

2. Rekstraraðilar skulu tryggja að engin svín í haldi fari frá starfsstöðinni þar sem þau fæddust eða fari út úr aðfangakeðjunni nema auðkenningin, sem um getur í a-lið 115. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, hafi verið sett á þessi dýr.

*16. gr.*

**Tímamörk til að setja auðkenningu á dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi**

1. Rekstraraðilar skulu tryggja að auðkenningin, sem um getur í 1. og 2. mgr. 73. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035, sé sett á dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi áður en hámarksfresturinn eftir fæðingu, sem aðildarríkið þar sem dýrin fæddust skal ákvarða, rennur út. Hámarksfresturinn skal reiknaður út frá fæðingardegi dýranna og skal ekki fara yfir 9 mánuði.

2. Rekstraraðilar skulu tryggja að engin dýr af úlfaldaætt eða hjartardýr í haldi fari frá starfsstöðinni þar sem þau fæddust eða starfsstöðinni sem dýrin komu fyrst inn á ef þessi dýr voru tilflutt til þeirrar starfsstöðvar frá búsvæði þar sem þau héldu til sem villt dýr nema auðkenningin, sem um getur í 1. og 2. mgr. 73. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035, hafi verið sett á þessi dýr.

3. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að undanskilja rekstraraðila sem halda hreindýr frá kröfunum í 1. og 2. mgr. að því tilskildu að undanþágan stofni rekjanleika dýranna ekki í hættu.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. er aðildarríkjum heimilt að veita rekstraraðilum, sem eru með hjartardýr í haldi, undanþágu frá kröfunum í 1. mgr. með eftirfarandi skilyrðum:

a) dýrin eru:

   i. alin við dreifbær skilyrði,

   ii. ekki vön reglulegum samskiptum við menn,

b) svæðið þar sem dýrin eru í haldi tryggir mikla einangrun dýranna,

c) undanþágan stofnar rekjanleika dýranna ekki í hættu.

*17. gr.*

**Tímamörk til að setja auðkenningu á nautgripi, sauðfé, geitur, svín, dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi eftir komu þeirra inn í Sambandið**

1. Eftir komu nautgripa, sauðfjár, geita, svína, dýra af úlfaldaætt og hjartardýra í haldi inn í Sambandið og ef þessi dýr verða áfram í Sambandinu skulu rekstraraðilar tryggja að auðkenningin, sem um getur í 81. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035, sé sett á þessi dýr innan 20 daga frá komu þeirra á starfsstöðina sem þau koma fyrst inn á.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er aðildarríkjum fyrstu komu heimilt að leyfa rekstraraðilum að lengja hámarksfrestinn til að setja á annað auðkennismerki í allt að 60 daga eftir fæðingardag dýranna, af ástæðum sem tengjast lífeðlisfræðilegri þroskun dýranna, ef annað auðkennismerkið er vambarstautur.

3. Rekstraraðilar skulu tryggja að engir nautgripir, sauðfé, geitur, svín, dýr af úlfaldaætt eða hjartardýr í haldi fari frá starfsstöðinni sem þau koma fyrst inn á nema auðkenningin, sem um getur í 81. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035, hafi verið sett á þessi dýr.

*18. gr.*

**Fjarlæging og breyting á auðkenningu nautgripa, sauðfjár, geita, svína, dýra af úlfaldaætt og hjartardýra í haldi**

Lögbæru yfirvaldi er einungis heimilt að leyfa rekstraraðilum að fjarlægja eða breyta auðkenningu á nautgripum, sauðfé, geitum, svínum, dýrum af úlfaldaætt og hjartardýrum í haldi ef fjarlægingin eða breytingin stofnar rekjanleika dýranna ekki í hættu, þ.m.t. rekjanleiki starfsstöðvarinnar þar sem þau fæddust, og ef áfram verður unnt, ef við á, að sanngreina hvert dýr fyrir sig.

*19. gr.*

**Útskipti á auðkenningu á nautgripum, sauðfé, geitum, svínum, dýrum af úlfaldaætt og hjartardýrum í haldi og frestir til slíkra aðgerða**

1. Lögbæru yfirvaldi er einungis heimilt að leyfa rekstraraðilum að skipta út auðkenningu á nautgripum, sauðfé, geitum, svínum, dýrum af úlfaldaætt og hjartardýrum í haldi ef útskiptin stofna rekjanleika dýranna ekki í hættu, þ.m.t. rekjanleiki starfsstöðvarinnar þar sem þau fæddust, og ef áfram verður unnt, ef við á, að sanngreina hvert dýr fyrir sig.

2. Heimilt er að leyfa útskiptin, sem um getur í 1. mgr., sem hér segir:

a) ef dýrin voru auðkennd með tvenns konar auðkenningum og önnur auðkenningin er orðin ólæsileg eða hefur tapast, að því tilskildu að auðkenniskóði dýrsins haldist óbreyttur og verði áfram eins og kóðinn á auðkenningunni sem er eftir,

b) ef dýrin voru auðkennd með einni eða tveimur auðkenningum sem auðkenniskóði dýrsins birtist á og þessar auðkenningar eru orðnar ólæsilegar eða hafa tapast, að því tilskildu að það verði áfram unnt að greina auðkenniskóða dýrsins með nokkurri vissu og að auðkenniskóði dýrsins haldist óbreyttur,

c) ef sauðfé, geitur eða svín í haldi voru auðkennd með auðkenningu sem einkvæmt skráningarnúmer starfsstöðvar birtist á og þessi auðkenning er orðin ólæsileg eða hefur tapast, að því tilskildu að það verði áfram unnt að greina með nokkurri vissu starfsstöðina þar sem dýrin fæddust eða, ef við á, síðustu starfsstöðina í aðfangakeðjunni og einkvæmt skráningarnúmer þeirrar starfsstöðvar eða, ef við á, þessarar síðustu starfsstöðvar birtist á auðkenningunni sem kemur í staðinn,

d) ef um er að ræða sauðfé og geitur í haldi má heimila að auðkenningunni, sem um getur í a- og b-lið, verði skipt út fyrir nýja auðkenningu þar sem nýr auðkenniskóði birtist að því tilskildu að rekjanleikanum sé ekki stofnað í hættu.

3. Útskipti á auðkenningunni, sem um getur í 1. mgr., skulu framkvæmd eins fljótt og unnt er og áður en hámarksfresturinn, sem aðildarríkið þar sem lögbært yfirvald heimilaði rekstraraðilum að skipta auðkenningunni út ákvarðar, rennur út og áður en dýrin eru tilflutt á aðra starfsstöð.

4. Ef ekki er unnt að endurgera auðkenniskóða nautgripa, sauðfjár, geita og svína í haldi, sem birtist á auðkenningu sem um getur í a- og b-lið III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2035, á rafrænu kennimerki vegna tæknilegra takmarkana skal lögbært yfirvald einungis heimila að nýtt rafrænt kennimerki, þar sem nýr auðkenniskóði birtist, verði sett á þessi dýr ef báðir auðkenniskóðarnir eru skráðir í tölvugagnagrunnana sem um getur í 1. mgr. 109. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

4. KAFLI

**UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI**

*20. gr.*

**Umbreytingarráðstafanir varðandi samþykki fyrir auðkenningu**

Þrátt fyrir 9., 10. og 11. gr. þessarar reglugerðar er aðildarríkjum heimilt, á umbreytingartímabili sem lýkur 20. apríl 2023, að halda áfram að nota auðkenningar sem voru samþykktar fyrir 21. apríl 2021 í samræmi við reglugerðir (EB) nr. 1760/2000 og (EB) nr. 21/2004 og tilskipun 2008/71/EB sem og í samræmi við gerðir sem voru samþykktar á grundvelli þessara reglugerða og þessarar tilskipunar.

*21. gr.*

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

**Tækniforskriftir fyrir upplýsingasnið í tölvugagnagrunnum yfir nautgripi, sauðfé, geitur og svín í haldi**

| Tegund upplýsinga | Lýsing | Snið |
|---|---|---|
| Auðkenniskóði dýrs | Landskóði | Einn af eftirfarandi valkostum:<br>Bókstafakóði: ISO 3166-1 alfa-2 kóði ([1])<br>Talnakóði: ISO 3166-1 talnakóði |
| | Einkvæmur kóði fyrir hvert dýr | 12 tölustafir |
| Rafrænt kennimerki (valkvætt) | | Einn af eftirfarandi valkostum:<br>— Rafrænt eyrnamerki<br>— Vambarstautur<br>— Stunguörmerki<br>— Rafrænt band um kjúkuna |
| Einkvæmt skráningarnúmer starfsstöðvar | | Landskóði og þar á eftir koma 12 alstafir |
| Heiti rekstraraðila starfsstöðvar | | 140 alstafir |
| Heimilisfang rekstraraðila starfsstöðvar | Götuheiti og húsnúmer | 140 alstafir |
| | Póstnúmer | 10 alstafir |
| | Borg | 35 alstafir |
| Dagsetning | | Dagsetning (ÁÁÁÁ-MM-DD) |
| Heildarfjöldi dýra | | 15 tölustafir |

([1]) Að undanskildu Grikklandi en þar skal nota tveggja bókstafa kóðann „EL“.

*II. VIÐAUKI*

1. HLUTI

**Tækniforskriftir auðkenninga fyrir nautgripi, sauðfé, geitur, svín, dýr af úlfaldaætt, hjartardýr og páfagauka í haldi**

1. Auðkenningin, sem um getur í a-, b-, c-, f- og h-lið III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2035, fyrir nautgripi, sauðfé, geitur, svín, dýr af úlfaldaætt, hjartardýr og páfagauka í haldi skal vera:

   a) einnota,

   b) úr efni sem brotnar ekki niður,

   c) þannig að ekki sé hægt að eiga við hana,

   d) auðveld aflestrar allan líftíma dýrsins,

   e) hönnuð þannig að hún haldist tryggilega fest á dýr án þess að valda þeim skaða,

   f) auðveldlega fjarlægjanleg úr fæðukeðjunni.

2. Á auðkenningunni, sem um getur í 1. lið, skal birtast sýnilega, læsilega og óafmáanlega eitt af eftirfarandi:

   a) fyrsti og annar þáttur auðkenniskóða dýrsins í samræmi við 12. gr.,

   b) einkvæmt skráningarnúmer starfsstöðvar dýrsins sem um getur í a-lið 18. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035 eða

   c) alstafaauðkenniskóðinn sem um getur í 1. mgr. 76. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035.

3. Auðkenningin, sem um getur í 1. lið, má innihalda aðrar upplýsingar ef lögbært yfirvald heimilar það og að því tilskildu að auðkenningin uppfylli kröfurnar í 2. lið.

2. HLUTI

**Tækniforskriftir fyrir rafræn kennimerki á nautgripi, sauðfé, geitur, svín, dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi**

1. Á rafrænu kennimerkjunum, sem um getur í c- til f-lið III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2035, skulu birtast fyrsti þáttur auðkenniskóða dýrsins sem þriggja tölustafa landskóði og annar þáttur auðkenniskóða dýrsins í samræmi við 12. gr.

2. Rafrænu kennimerkin, sem um getur í 1. lið, skulu vera:

   a) hlutlausir merkissvarar sem eingöngu eru til aflestrar og nota HDX- eða FDX-B-tækni og uppfylla ISO-staðlana 11784 og 11785 og

   b) lesanleg með tækjum sem uppfylla ISO-staðalinn 11785 og geta lesið af HDX- og FDX-B-merkissvörum.

3. Rafrænu kennimerkin, sem um getur í 1. lið, skulu vera lesanleg í lágmarksálestrarfjarlægð sem hér segir:

   a) að því er varðar nautgripi í haldi:

      i. eyrnamerki í 12 cm fjarlægð þegar þau eru lesin með færanlegu aflestrartæki,

      ii. stunguörmerki í 15 cm fjarlægð þegar þau eru lesin með færanlegu aflestrartæki,

      iii. vambarstautar í 25 cm fjarlægð þegar þeir eru lesnir með færanlegu aflestrartæki,

      iv. öll rafræn kennimerki í 80 cm fjarlægð þegar þau eru lesin með kyrrstæðu aflestrartæki,

b) að því er varðar sauðfé og geitur:

i. eyrnamerki og bönd um kjúkuna í 12 cm fjarlægð þegar þau eru lesin með færanlegu aflestrartæki,

ii. vambarstautar og stunguörmerki í 20 cm fjarlægð þegar þau eru lesin með færanlegu aflestrartæki,

iii. öll rafræn kennimerki í 50 cm fjarlægð þegar þau eru lesin með kyrrstæðu aflestrartæki.

4. Rafrænu kennimerkin, sem um getur í 1. lið, skulu hafa verið prófuð, með jákvæðum niðurstöðum, að því er varðar:

a) samkvæmni við ISO-staðla 11784 og 11785 í samræmi við aðferðina sem um getur í 7. lið ISO-staðals 24631-1 og

b) lágmarksnothæfi m.t.t. álestrarfjarlægðar, sem um getur í 3. lið þessa hluta, í samræmi við aðferðina sem um getur í 7. lið ISO-staðals 24631-3.

_____

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/881** **2021/EES/71/09**

**frá 23. mars 2021**

**um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/689 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ([1]), einkum 29. gr. (inngangsorð og a- og d-liður), 31. gr. (inngangsorð og a- og b-liður 5. mgr.), 32. gr. (inngangsorð og c-liður 2. mgr.), 41. gr. (inngangsorð og a- og b-liður 3. mgr.) og 42. gr. (6. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur um forvarnir og varnir gegn dýrasjúkdómum sem geta borist í dýr eða í menn, þ.m.t. reglur um greiningaraðferðir, reglur um eftirlitsáætlanir Sambandsins og reglur um samþykki framkvæmdastjórnarinnar fyrir útrýmingaráætlunum.

2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 ([2]) bætir við reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og nýtilkomna sjúkdóma í landdýrum, lagardýrum og öðrum dýrum eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/429.

3) Í 83. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 er kveðið á um undanþágu frá þeirri kröfu að framkvæmdastjórnin samþykki þá stöðu að vera laus við tiltekna lagardýrasjúkdóma. Til að draga úr stjórnsýslubyrði ætti að rýmka þessa undanþágu þannig að hún nái yfir svipuð ákvæði um samþykki fyrir tilteknum útrýmingaráætlunum vegna lagardýrasjúkdóma.

4) Ef aðildarríki óskar eftir samþykki fyrir útrýmingaráætlun vegna lagardýrasjúkdóma fyrir allt yfirráðasvæði sitt eða svæði þess eða hólf sem nær yfir meira en 75% af yfirráðasvæði þess eða sem er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi þarf það að sækja um samþykki til framkvæmdastjórnarinnar. Í öllum öðrum tilvikum verður aðildarríkið að fylgja kerfi eigin yfirlýsinga.

5) Kerfi eigin yfirlýsinga um útrýmingaráætlun vegna lagardýrasjúkdóma fyrir svæði eða hólf, aðrar en þær sem framkvæmdastjórnin samþykkir, er skipulagt til að gera ferlið gagnsætt og til að gera það auðveldara og hugsanlega fljótlegra fyrir aðildarríki að fá útrýmingaráætlun samþykkta. Ljúka ætti við allt ferlið á rafrænan hátt nema framkvæmdastjórnin eða annað aðildarríki tilgreini athugunarefni sem ekki er hægt að ráða bót á með fullnægjandi hætti. Ef um er að ræða athugunarefni sem ekki er hægt að ráða bót á með fullnægjandi hætti verður að leggja yfirlýsinguna fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

6) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/367/ESB ([3]) er mælt fyrir um lágmarkskröfur er varða eftirlitsáætlanir vegna fuglainflúensu í alifuglum og í villtum fuglum og í viðaukunum við hana eru settar fram tæknilegar viðmiðunarreglur. Sem stendur er mælt fyrir um þessar kröfur í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689. Í þágu skýrleika og gagnsæis ætti að færa ákvörðun 2010/367/ESB á skrána yfir gerðir sem á að fella úr gildi með 86. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689.

7) Eftir að framseld reglugerð (ESB) 2020/689 var birt komu rangar millivísanir í ljós í IV. viðauka við þá reglugerð. Þessar millivísanir ætti að leiðrétta.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 2.6.2021, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 232/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/367/ESB frá 25. júní 2010 um framkvæmd aðildarríkja á eftirlitsáætlunum vegna fuglainflúensu í alifuglum og villtum fuglum (Stjtíð. ESB L 166, 1.7.2010, bls. 22).

8) Í VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689 er mælt fyrir um sértækar kröfur að því er varðar sjúkdóma í lagardýrum. Þær innihalda almennar kröfur um heilbrigðisheimsóknir og sýnatöku vegna útrýmingaráætlana. Almennu kröfurnar er einnig hægt að nota til að sýna fram á og viðhalda sjúkdómalausri stöðu.

9) Í 5. þætti 2. kafla II. hluta VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689 er mælt fyrir um greiningar- og sýnatökuaðferðir til að greina sýkingu af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu. Samkvæmt nýjustu fyrirliggjandi upplýsingum, sem mælt er fyrir um í handbók Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um greiningarprófanir á lagardýrum ([4]), ætti að uppfæra greiningar- og sýnatökuaðferðirnar.

10) Eftir að framseld reglugerð (ESB) 2020/689 var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* komu mistök í ljós í II. hluta IV. viðauka og í III. hluta VI. viðauka við þá reglugerð. Þessi mistök ætti að leiðrétta.

11) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/689 til samræmis við það.

12) Þar eð framseld reglugerð (ESB) 2020/689 gildir frá og með 21. apríl 2021 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Framseldri reglugerð (ESB) 2020/689 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 83. gr. kemur eftirfarandi:

*„83. gr.*

**Undanþágur frá samþykki frá framkvæmdastjórninni að því er varðar þá stöðu að vera laus við tiltekna lagardýrasjúkdóma og tilteknar útrýmingaráætlanir vegna lagardýrasjúkdóma**

1. Þrátt fyrir kröfuna um að leggja útrýmingaráætlanir fyrir framkvæmdastjórnina til samþykkis, eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. og 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, eða kröfurnar um að fá samþykki frá framkvæmdastjórninni fyrir þeirri stöðu að teljast laus við lagardýrasjúkdóma, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 36. gr. og 4. mgr. 37. gr. þeirrar reglugerðar, skulu slík samþykki fyrir svæði eða hólf, sem ná yfir minna en 75% af yfirráðasvæði aðildarríkis og þar sem vatnasviðið, sem sér svæðinu eða hólfinu fyrir vatni, er ekki sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi, fást í samræmi við eftirfarandi málsmeðferð:

   a) aðildarríki útbýr bráðabirgðayfirlýsingu um sjúkdómaleysi eða um að koma á útrýmingaráætlun fyrir svæðið eða hólfið sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð,

   b) aðildarríkið birtir bráðabirgðayfirlýsinguna með rafrænum hætti og framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum er gert viðvart um birtinguna,

   c) bráðabirgðayfirlýsingin skal öðlast gildi 60 dögum eftir birtingu og svæðið eða hólfið, sem um getur í þessari málsgrein, skal öðlast sjúkdómalausa stöðu eða hljóta samþykki fyrir útrýmingaráætluninni.

2. Innan 60 daga tímabilsins, sem um getur í c-lið 1. mgr., er framkvæmdastjórninni eða aðildarríkjum heimilt að fara fram á nánari útlistun eða viðbótarupplýsingar í tengslum við sannanir til stuðnings sem aðildarríkið, sem útbjó bráðabirgðayfirlýsinguna, lagði fram.

3. Ef a.m.k. eitt aðildarríki eða framkvæmdastjórnin gerir skriflegar athugasemdir á tímabilinu, sem um getur í c-lið 1. mgr., þar sem sett eru fram áhyggjuefni sem tengjast sönnunum til stuðnings yfirlýsingunni skulu framkvæmdastjórnin, aðildarríkið sem útbjó yfirlýsinguna og, ef við á, aðildarríkið sem leitaði nánari skýringa eða viðbótarupplýsinga rannsaka framlagðar sannanir í sameiningu til að leysa málið.

   Í slíkum tilvikum skal tímabilið, sem um getur í c-lið 1. mgr., framlengjast sjálfkrafa um 60 daga frá þeim degi þegar fyrstu athugunarefnin voru borin fram. Þetta tímabil skal ekki framlengt frekar.

([4]) https://www.oie.int/standard-setting/aquatic-manual/access-online/

4. Ef ferlið, sem um getur í 3. mgr., heppnast ekki gilda ákvæðin sem mælt er fyrir um í 31. gr. (3. mgr.), 36. gr. (4. mgr.) og 37. gr. (4. mgr.) reglugerðar (ESB) 2016/429.“

2. Í 86. gr. er eftirfarandi undirlið bætt við á eftir sjötta undirlið:

„– ákvörðun 2010/367/ESB“.

3. Ákvæðum IV. og VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. mars 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*VIÐAUKI*

Ákvæðum IV. og VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í 1. kafla II. hluta er 1. þætti breytt sem hér segir:

i. Í stað c-liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„c) allir nautgripir, sem komið var með inn í stöðina eftir að prófunin eða sýnatakan hófst, sem um getur í i. lið b-liðar, eru upprunnir frá stöðvum sem eru lausar við sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* og

i. eru upprunnir frá aðildarríki eða svæði sem er laust við sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* eða

ii. eru nautgripir, eldri en 6 vikna, sem fengu neikvæðar niðurstöður í ónæmisprófun:

á næstliðnum 30 dögum áður en þeir voru teknir inn í stöðina eða

innan 30 daga eftir að þeir voru teknir inn, að því tilskildu að þeir hafi verið hafðir í einangrun á þessu tímabili og“.

ii. Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir 1. lið er heimilt að veita stöð þá stöðu að vera laus við sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* ef allir nautgripirnir eru upprunnir frá stöðvum sem eru lausar við sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* og:

a) eru upprunnir frá aðildarríki eða svæði sem er laust við sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* eða

b) ef nautgripirnir eru eldri en 6 vikna fengu þeir neikvæðar niðurstöður í ónæmisprófun:

i. á næstliðnum 30 dögum áður en þeir voru teknir inn í stöðina eða

ii. innan 30 daga eftir að þeir voru teknir inn, að því tilskildu að þeir hafi verið í einangrun á þessu tímabili.“

b) Í IV. hluta er 1. kafla breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar 2. liðar í 3. þætti kemur eftirfarandi:

„a) kröfurnar, sem mælt er fyrir um í c- og d-lið 1. liðar 1. þáttar og b-, c-, og d-lið 1. liðar og, ef við á, 2. lið 2. þáttar, eru uppfylltar.“

ii. Í stað 2. liðar 4. þáttar kemur eftirfarandi:

„2. Ef sú staða að vera laus við smitandi slímhúðarpest í nautgripum hefur verið afturkölluð, í samræmi við a-lið 1. liðar, er einungis hægt að ná henni aftur ef kröfurnar, sem mælt er fyrir um í c- og d-lið 1. liðar 1. þáttar og b-, c- og d-lið 1. liðar og, ef við á, 2. lið 2. þáttar, eru uppfylltar.“

2) Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum II. hluta er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsorðanna í 1. þætti 1. kafla kemur eftirfarandi:

„Heilbrigðisheimsóknir og sýnataka vegna eftirlitsins, sem um getur í ii. og iii. lið b-liðar 2. mgr. 3. gr., verða að uppfylla eftirfarandi kröfur:“

ii. Ákvæðum 2. kafla er breytt sem hér segir:

— Í stað inngangsorðanna í 1. þætti kemur eftirfarandi:

„Heilbrigðisheimsóknir og sýnataka vegna eftirlitsins, sem um getur í ii. og iii. lið b-liðar 2. mgr. 3. gr., verða að uppfylla eftirfarandi kröfur:“

— Í stað 5. þáttar kemur eftirfarandi:

„**5. þáttur**

**Greiningar- og sýnatökuaðferðir**

1. Líffæri eða vefjarefni, sem á að taka sýni úr og rannsaka, verður að vera:

a) Vefjafræði: framhluti nýra, lifur, hjarta, bris, garnir, milta og tálkn.

b) Ónæmisvefjaefnafræði: miðhluti nýra og hjarta, þ.m.t. lokur og slagæðarkúla.

c) Hefðbundin víxlritakjarnsýrumögnun (RT-PCR) og greining með magnbundinni víxlrita-kjarnsýrumögnun (RT-qPCR): miðhluti nýra og hjarta.

d) Veiruræktun: miðhluti nýra, hjarta og milta.

Setja má líffærahluta úr að hámarki 5 fiskum í samsett sýni.

2. Greiningaraðferðir sem skal nota til að veita eða viðhalda þeirri stöðu að vera laus við sýkingu af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu, í samræmi við 2., 3. og 4. þátt, verða að vera magnbundin víxlritakjarnsýrumögnun (RT-qPCR) og þar á eftir koma hefðbundin víxlritakjarnsýrumögnun (RT-PCR) og raðgreining HE-gensins í jákvæðum sýnum, í samræmi við nákvæmar aðferðir og verklag sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir fisksjúkdóma samþykkir.

   Ef um er að ræða jákvæðar raðgreiningarniðurstöður vegna blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu verður að prófa frekari sýni áður en upphaflegar varnarráðstafanir, sem kveðið er á um í 55. til 65. gr., koma til framkvæmda.

   Prófa verður þessi sýni sem hér segir, í samræmi við nákvæmar aðferðir og verklag sem tilvísunar-rannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir fisksjúkdóma samþykkir:

   a) skimun sýna með magnbundinni víxlritakjarnsýrumögnun (RT-qPCR) og þar á eftir koma hefðbundin víxlritakjarnsýrumögnun (RT-PCR) og raðgreining HE-gensins í jákvæðum sýnum til að sannreyna HPR-úrfellingu eða

   b) greining á ónæmisvaka blóðþorraveirunnar í vefjasýnum með sértækum mótefnum gegn blóðþorraveiru eða

   c) einangrun í frumurækt og síðan sanngreining sýkingar af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu.

3. Ef þess er krafist að grunur um sýkingu af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu sé staðfestur eða útilokaður, í samræmi við 55. gr., verða eftirfarandi heimsókn, sýnataka og prófunaraðferð að uppfylla eftirfarandi kröfur:

   a) Stöðin sem grunur leikur á um að sé sýkt verður að sæta a.m.k. einni heilbrigðisheimsókn og einni sýnatöku úr 10 dauðvona fiskum ef klínísk einkenni eða vefjaskemmdir eftir dauða, sem eru í samræmi við sýkingu af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu, koma í ljós eða a.m.k. úr 30 fiskum ef klínísk einkenni eða vefjaskemmdir eftir dauða koma ekki í ljós. Prófa skal sýni með því að nota eina eða fleiri af greiningaraðferðunum, sem settar eru fram í 2. lið, í samræmi við nákvæmar greiningaraðferðir og verklag sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir fisksjúkdóma samþykkir.

   b) Ef jákvæð niðurstaða fæst fyrir sýkingu af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu verður að prófa frekari sýni áður en upphaflegar varnarráðstafanir, sem kveðið er á um í 58. gr., koma til framkvæmda. Tilvik þar sem grunur leikur á um sýkingu af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu skal staðfest í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir þar sem notaðar eru ein eða fleiri nákvæmar greiningaraðferðir og verklag sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir fisksjúkdóma samþykkir:

      i. greining á blóðþorraveiru með magnbundinni víxlritakjarnsýrumögnun (RT-qPCR) og þar á eftir koma hefðbundin víxlritakjarnsýrumögnun (RT-PCR) og raðgreining HE-gensins til að sannreyna HPR-úrfellingu eða

      ii. greining á blóðþorraveiru í vefjasýnum með sértækum mótefnum gegn blóðþorraveiru eða

      iii. einangrun og sanngreining á blóðþorraveiru í frumurækt úr a.m.k. einu sýni úr hvaða fiski sem er frá stöðinni.

   c) Ef klínískar niðurstöður, stórsæ meinafræðileg fyrirbæri eða vefjameinafræðilegar niðurstöður, sem eru í samræmi við sýkingu, koma í ljós verður að staðfesta niðurstöðurnar með því að nota eina eða fleiri af greiningaraðferðunum sem settar eru fram í b-lið 3. liðar, í samræmi við nákvæmar aðferðir og verklag sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir fisksjúkdóma samþykkir.

   Hægt er að útiloka grun um sýkingu af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu ef prófanir og heilbrigðisheimsóknir á 12 mánaða tímabili frá því að grunsemdirnar vakna leiða ekki í ljós neinar frekari sannanir fyrir því að veiran sé til staðar.“

iii. Í stað inngangsorðanna í 1. þætti 3. kafla kemur eftirfarandi:

„Heilbrigðisheimsóknir og sýnataka vegna eftirlitsins, sem um getur í ii. og iii. lið b-liðar 2. mgr. 3. gr., verða að uppfylla eftirfarandi kröfur:“

iv. Í stað inngangsorðanna í 1. þætti 4. kafla kemur eftirfarandi:

„Heilbrigðisheimsóknir og sýnataka vegna eftirlitsins, sem um getur í ii. og iii. lið b-liðar 2. mgr. 3. gr., verða að uppfylla eftirfarandi kröfur:“

v. Í stað inngangsorðanna í 1. þætti 5. kafla kemur eftirfarandi:

„Heilbrigðisheimsóknir og sýnataka vegna eftirlitsins, sem um getur í ii. og iii. lið b-liðar 2. mgr. 3. gr., verða að uppfylla eftirfarandi kröfur:“

vi. Í stað inngangsorðanna í 1. þætti 6. kafla kemur eftirfarandi:

„Heilbrigðisheimsóknir og sýnataka vegna eftirlitsins, sem um getur í ii. og iii. lið b-liðar 2. mgr. 3. gr., verða að uppfylla eftirfarandi kröfur:“

b) Ákvæðum III. hluta er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsorðanna í b-lið 3. þáttar 3. kafla kemur eftirfarandi:

„b) stofnendurnýjun fari fram með því að nota lindýr sem eru upprunnin frá stöðvum sem eru:“

ii. Í stað inngangsorðanna í b-lið 3. þáttar 4. kafla kemur eftirfarandi:

„b) stofnendurnýjun fari fram með því að nota lindýr sem eru upprunnin frá stöðvum sem eru:“

iii. Í stað inngangsorðanna í b-lið 3. þáttar 5. kafla kemur eftirfarandi:

„b) stofnendurnýjun fari fram með því að nota lindýr sem eru upprunnin frá stöðvum sem eru:“

iv. Í stað inngangsorðanna í b-lið 3. þáttar 6. kafla kemur eftirfarandi:

„b) stofnendurnýjun fari fram með því að nota krabbadýr sem eru upprunnin frá stöðvum sem eru:“.

_____

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1140** **2021/EES/71/10**

**frá 5. maí 2021**

**um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um forvarnir og varnir gegn tilteknum skráðum sjúkdómum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ([1]), einkum fyrstu málsgrein 67. gr. og 2. mgr. 272. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/687 ([2]) er mælt fyrir um reglur sem bæta við reglugerð (ESB) 2016/429 að því er varðar forvarnir og varnir gegn tilteknum skráðum sjúkdómum, þ.e.a.s. sjúkdómum í A-, B- og C-flokki í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 ([3]). Nánar tiltekið er í framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 kveðið á um takmarkanir og skilyrði vegna tilflutninga á dýrum og afurðum þeirra innan verndarsvæða og frá þeim sem hluta af ráðstöfunum til að verjast útbreiðslu sjúkdóma í A-flokki.

2) Reglurnar sem kveðið er á um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 bæta við þær sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/429. Þær innihalda ýmsa tæknilega þætti ráðstafana sem á að grípa til ef um er að ræða grun um eða staðfestingu á sjúkdómunum sem um getur í a-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429. Þar eð þessar reglur tengjast innbyrðis er mælt fyrir um þær sameiginlega í framseldri reglugerð (ESB) 2020/687. Til glöggvunar og vegna skilvirkrar beitingar þeirra þykir rétt að einnig sé mælt fyrir um reglur til að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 í einni framseldri gerð sem inniheldur röð af víðtækum tæknilegum ráðstöfunum til að verjast viðkomandi skráðum sjúkdómum.

3) Í 3. mgr. 21 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/687 er kveðið á um möguleika lögbærs yfirvalds til að ákvarða hvort það fastsetur takmörkunarsvæði eða ekki við tilteknar aðstæður. Núverandi orðalag í þeirri grein getur verið villandi þar eð unnt er að túlka það á mismunandi hátt. Því ætti að breyta þeirri grein til að kveða skýrt á um þennan möguleika.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 247, 13.7.2021, bls. 50. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 232/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/687 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um forvarnir og varnir gegn tilteknum skráðum sjúkdómum (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 64).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinna reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21).

4) Sjúkdómsvarnaráðstafanir sem kveðið er á um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 ættu að vera í réttu hlutfalli við áhættuna sem um er að ræða. Af þessum sökum ættu takmarkanir og skilyrði einungis að taka til þeirra tegunda dýra og afurða þeirra sem skapa hættu á útbreiðslu tiltekins sjúkdóms í A-flokki, að teknu tilliti til dýrategundanna sem eru skráðar fyrir viðkomandi sjúkdóm í A-flokki.

5) Í 5. mgr. 22 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/687 er kveðið á um þá skyldu að gefa út dýraheilbrigðisvottorð vegna tilflutninga á sendingum af aukaafurðum úr dýrum, sem eru upprunnar á takmörkunarsvæði og fluttar út fyrir það, án þess að dýrategundirnar sem falla undir þetta ákvæði séu tilgreindar. Þess vegna ætti að breyta þessari málsgrein til að takmarka þessa skyldu við sendingar af aukaafurðum úr dýrum af tegundum sem eru skráðar fyrir viðkomandi sjúkdóm í A-flokki.

6) Í 2. mgr. 272. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir sem tengjast niðurfellingu á ýmsum gildandi tilskipunum, þ.e.a.s. tilskipanir ráðsins 92/66/EBE ([4]), 2000/75/EB ([5]), 2001/89/EB ([6]), 2002/60/EB ([7]), 2003/85/EB ([8]) og 2005/94/EB ([9]). Þar er einkum kveðið á um möguleikann á að þessar tilskipanir gildi áfram, í stað samsvarandi greina í þeirri reglugerð, í þrjú ár frá því að sú reglugerð kemur til framkvæmda eða til fyrri dagsetningar sem framkvæmdastjórnin ákvarðar í framseldri gerð. Í samræmi við þetta ákvæði er í 112. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/687 kveðið á um að tilskipanir 92/66/EBE, 2001/89/EB, 2003/85/EB og 2005/94/EB eigi að falla úr gildi frá og með 21. apríl 2021 þar eð mælt er fyrir um reglur í þeirri framseldu reglugerð sem svara til þeirra sem áður var mælt fyrir um í þessum tilskipunum.

7) Í framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 er einnig mælt fyrir um reglur um sjúkdómsvarnaráðstafanir vegna allra sjúkdóma í A-flokki, þ.m.t. afríkusvínapest. Þess vegna ætti að breyta 112. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/687 með því að bæta tilskipun 2002/60/EB, þar sem mælt er fyrir um sértæk ákvæði um varnir gegn afríkusvínapest, á skrána yfir tilskipanir sem eiga að falla úr gildi frá og með 14. júlí 2021.

8) Að auki er í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 ([10]) mælt fyrir um reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma, þ.m.t. sýking af völdum blátunguveiru. Þessar reglur koma til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021. Þess vegna ætti að breyta 112. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/687 með því að bæta tilskipun 2000/75/EB, þar sem mælt er fyrir um sértæk ákvæði um eftirlit með og útrýmingu blátungu, á skrána yfir tilskipanir sem eiga að falla úr gildi frá og með 14. júlí 2021 með það fyrir augum að komast hjá tvítekningu og ósamræmi milli reglna sem eru í gildi að því er varðar eftirlit, útrýmingu og sjúkdómslausa stöðu m.t.t. blátungu í Sambandinu.

9) Í 27. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/687 er mælt fyrir um bönn sem lögbært yfirvald á að koma til framkvæmda á verndar- og eftirlitssvæðum ef sjúkdómur í A-flokki kemur upp til að verjast útbreiðslu sjúkdómsins. Þessi bönn eru skráð í VI. viðauka við þá framseldu reglugerð. Bannið við tilflutningum á sendingum af aukaafurðum úr dýrum frá verndar- og eftirlitssvæðum er þó ófullnægjandi þar eð það á einungis við um tilteknar aukaafurðir úr dýrum. Þetta gæti skapað áhættu á útbreiðslu sjúkdóma meðan sjúkdómsvarnaráðstöfunum, sem kveðið er á um í þeirri framseldu reglugerð, er komið til framkvæmda. Í VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/687 ætti að skýra nánar að allir tilflutningar á sendingum af aukaafurðum úr dýrum frá verndar- og eftirlitssvæðum eru bannaðir.

10) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 til samræmis við það.

---

([4]) Tilskipun ráðsins 92/66/EBE frá 14. júlí 1992 um ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með Newcastle-veiki (Stjtíð. EB L 260, 5.9.1992, bls. 1).

([5]) Tilskipun ráðsins 2000/75/EB frá 20. nóvember 2000 um sérstök ákvæði um eftirlit með og útrýmingu blátungu (Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 74).

([6]) Tilskipun ráðsins 2001/89/EB frá 23. október 2001 um ráðstafanir Bandalagsins til að hafa eftirlit með svínapest (Stjtíð. EB L 316, 1.12.2001, bls. 5).

([7]) Tilskipun ráðsins 2002/60/EB frá 27. júní 2002 um sérákvæði um eftirlit með Afríkusvínapest og um breytingu á tilskipun 92/119/EBE að því er varðar lömunarveiki í svínum og Afríkusvínapest (Stjtíð. EB L 192, 20.7.2002, bls. 27).

([8]) Tilskipun ráðsins 2003/85/EB frá 29. september 2003 um ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki, um niðurfellingu á tilskipun 85/511/EBE og ákvörðunum 89/531/EBE og 91/665/EBE og um breytingu á tilskipun 92/46/EBE (Stjtíð. ESB L 306, 22.11.2003, bls. 1).

([9]) Tilskipun ráðsins 2005/94/EB frá 20. desember 2005 um ráðstafanir Bandalagsins um varnir gegn fuglainflúensu og niðurfellingu tilskipunar 92/40/EBE (Stjtíð. ESB L 10, 14.1.2006, bls. 16).

([10]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).

11) Framseld reglugerð (ESB) 2020/687 kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021. Í þágu réttarvissu ætti þessi reglugerð öðlast gildi sem fyrst.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 er breytt sem hér segir:

1) Í stað inngangsorða 3. mgr. 21. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir 1. mgr. er lögbæru yfirvaldi heimilt að ákveða, eftir að hafa framkvæmt áhættumat að teknu tilliti til sjúkdómssniðsins, að fastsetja ekki takmörkunarsvæði ef sjúkdómur í A-flokki kemur upp á eftirtöldum stöðum:“

2) Í stað 5. mgr. 22. gr. kemur eftirfarandi:

„5. Með aukaafurðum úr dýrum af skráðum tegundum, sem eru upprunnar á takmörkunarsvæði og fluttar út fyrir það, skal fylgja dýraheilbrigðisvottorð sem opinber dýralæknir gefur út þar sem fram kemur að heimilt sé að flytja þær af takmörkunarsvæðinu við skilyrði sem lögbært yfirvald hefur komið á í samræmi við þennan kafla.“

3) Í stað 112. gr. kemur eftirfarandi:

*„112. gr.*

**Niðurfellingar**

1. Tilskipanir 92/66/EBE, 2001/89/EB, 2003/85/EB og 2005/94/EB, sem og þær gerðir sem eru samþykktar á grundvelli þessara tilskipana, skulu falla úr gildi frá og með 21. apríl 2021.

2. Tilskipanir 2000/75/EB og 2002/60/EB, sem og þær gerðir sem eru samþykktar á grundvelli þessara tilskipana, skulu falla úr gildi frá og með 14. júlí 2021.“

4) Ákvæðum VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/687 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Í stað töflunnar í VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/687 kemur eftirfarandi:

| **BÖNN VIÐ STARFSEMI SEM VARÐAR DÝR OG AFURÐIR Í TENGSLUM VIÐ SJÚKDÓMA Í A-FLOKKI[1]** | **FMD** | **RP** | **RVFV** | **LSD** | **CBPP** | **SPGP** | **PPR** | **CCPP** | **CSF** | **ASF** | **AHS** | **SNÍF** | **HPAI** | **NCD** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tilflutningar á dýrum í haldi af skráðum tegundum frá stöðvum á takmörkunarsvæði | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X | ÁEV | X | X |
| Tilflutningar á dýrum í haldi af skráðum tegundum til stöðva á takmörkunarsvæði | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X | ÁEV | X | X |
| Endurnýjun veiðidýrastofna af skráðum tegundum | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X | ÁEV | X | X |
| Kaupstefnur, markaðir, sýningar og aðrir viðburðir þar sem dýrum í haldi af skráðum tegundum er safnað saman, þ.m.t. söfnun og dreifing þessara tegunda | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X | ÁEV | X | X |
| Tilflutningar á sæði, eggfrumum og fósturvísum úr dýrum í haldi af skráðum tegundum frá stöðvum á takmörkunarsvæði | X | X | X | X[2] | X | X | X | X | X | X | X | ÁEV | ÁEV | ÁEV |
| Söfnun á sæði, eggfrumum og fósturvísum úr dýrum í haldi af skráðum tegundum | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X | EB | ÁEV | ÁEV | ÁEV |
| Farandsæðing dýra í haldi af skráðum tegundum | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X | ÁEV | ÁEV | ÁEV |
| Náttúruleg óstaðbundin pörun dýra í haldi af skráðum tegundum | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X | ÁEV | ÁEV | ÁEV |
| Tilflutningar á útungunareggjum frá stöðvum á takmörkunarsvæði | ÁEV | ÁEV | ÁEV | ÁEV | ÁEV | ÁEV | ÁEV | ÁEV | ÁEV | ÁEV | ÁEV | ÁEV | X | X |
| Tilflutningar á nýju kjöti að undanskildum sláturmat úr dýrum í haldi og villtum dýrum af skráðum tegundum frá sláturhúsum eða starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr á takmörkunarsvæði | X | X | X | EB | EB | X | X | EB | X | X | EB | ÁEV | X | X |
| **BÖNN VIÐ STARFSEMI SEM VARÐAR DÝR OG AFURÐIR Í TENGSLUM VIÐ SJÚKDÓMA Í A-FLOKKI[1] (frh.)** | **FMD** | **RP** | **RVFV** | **LSD** | **CBPP** | **SPGP** | **PPR** | **CCPP** | **CSF** | **ASF** | **AHS** | **SNÍF** | **HPAI** | **NCD** |
| Tilflutningar á sláturmat úr dýrum í haldi og villtum dýrum af skráðum tegundum frá sláturhúsum eða starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr á takmörkunarsvæði | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X | EB | ÁEV | X | X |

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tilflutningar á kjötafurðum úr nýju kjöti af skráðum tegundum frá stöðvum á takmörkunarsvæði | | X | X | X | EB | EB | EB | X | EB | X | X | EB | ÁEV | X | X |
| Tilflutningar á hrámjólk og broddi úr dýrum í haldi af skráðum tegundum frá stöðvum á takmörkunarsvæði | | X | X | X | X | EB | X | X | EB | ÁEV | ÁEV | EB | ÁEV | ÁEV | ÁEV |
| Tilflutningar á mjólkurafurðum og afurðum, að stofni til úr broddi, frá stöðvum á takmörkunarsvæði | | X | X | X | X | EB | X | X | EB | ÁEV | ÁEV | EB | ÁEV | ÁEV | ÁEV |
| Tilflutningar á eggjum til manneldis frá stöðvum á takmörkunarsvæði | | ÁEV | ÁEV | ÁEV | ÁEV | ÁEV | ÁEV | ÁEV | ÁEV | ÁEV | ÁEV | ÁEV | ÁEV | X | X |
| Tilflutningar á aukaafurðum úr dýrum í haldi af skráðum tegundum frá stöðvum á takmörkunarsvæði, að undanskildum heilum skrokkum eða hlutum af dauðum dýrum | Húsdýraáburður, þ.m.t. undirburður og notað undirburðarefni | X | X | X | X | EB | X | X | EB | X | X | EB | ÁEV | X | X |
| | Húðir, skinn, ull, burstir og fjaðrir af dýrum | X | X | X | X | EB | X | X | EB | X | X | EB | ÁEV | X | X |
| | Aukaafurðir úr dýrum, aðrar en húsdýraáburður, þ.m.t. undirburður og notað undirburðarefni, og aðrar en húðir, skinn, ull, burstir og fjaðrir af dýrum | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X | ÁEV | X | X |
| **BÖNN VIÐ STARFSEMI SEM VARÐAR DÝR OG AFURÐIR (frh.) Í TENGSLUM VIÐ SJÚKDÓMA Í A-FLOKKI[1]** | | **FMD** | **RP** | **RVFV** | **LSD** | **CBPP** | **SPGP** | **PPR** | **CCPP** | **CSF** | **ASF** | **AHS** | **SNÍF** | **HPAI** | **NCD** |
| Tilflutningar á fóðurefni úr jurtaríkinu og hálmi sem eru fengin á verndarsvæði | | X | X | EB | EB | EB | EB | EB | EB | EB | EB | EB | ÁEV | EB | EB |

ATHUGASEMDIR

[1] Skammstafanir fyrir sjúkdóma í A-flokki í samræmi við II. viðauka

[2] Einungis eggfrumur og fósturvísar

ÁEV = Á ekki við

X = bann

EB = Ekki bannað

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/519** **2021/EES/71/11**

**frá 24. mars 2021**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1375 að því er varðar prófanir vegna tríkínu í hófdýrum og undanþágu Breska konungsríkisins frá því að prófa alisvín vegna tríkínu** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum a-lið fyrstu undirgreinar 8. mgr. 18. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um framkvæmd opinbers eftirlits og um aðgerðir sem lögbær yfirvöld eiga að grípa til í tengslum við framleiðslu á afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis.

2) Tríkína er sníkill sem getur verið fyrir hendi í kjöti af smitnæmum tegundum, s.s. svínum og hestum, og veldur matarbornum sjúkdómum í mönnum þegar sýkts kjöts er neytt. Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1375 ([2]) er mælt fyrir um sértækar reglur um opinbert eftirlit með tríkínu í kjöti, þ.m.t. skilyrði fyrir undanþágu frá tríkínuprófun við innflutning kjöts af alisvínum inn í Sambandið.

3) Hinn 6. júní 2013 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu vísindalegt álit um hættu fyrir heilbrigði manna sem skoðun á kjöti (staktæð hófdýr) á að taka til ([3]). Í því áliti er mælt með að eftirlit með tríkínu í öllum staktæðum hófdýrum (ekki einungis í hestum heldur líka ösnum og múldýrum) sé í miklum forgangi. Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 ([4]) er því mælt fyrir um að prófun fyrir tríkínu í skrokkum allra staktæðra hófdýra sé skyldubundin. Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1375 er mælt fyrir um skyldubundna prófun á hestum og öðrum smitnæmum tegundum. Til að gæta samræmis og komast hjá allri tvíræðni ætti í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1375 einnig að vísa til staktæðra hófdýra í stað hesta.

4) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 ([5]) er leyft að flytja kjöt af alisvínum frá Breska konungsríkinu inn í Sambandið. Í þeirri reglugerð er Breska konungsríkið tilgreint sem ríki sem beitir undanþágu frá tríkínuprófunum á skrokkum og kjöti af alisvínum, sem eru enn á spena og yngri en 5 vikna gömul, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/1375.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 104, 25.3.2021, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 233/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1375 frá 10. ágúst 2015 um sértækar reglur um opinbert eftirlit með tríkínu í kjöti (Stjtíð. ESB L 212, 11.8.2015, bls. 7).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(6), 3263.

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 frá 15. mars 2019 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit (Stjtíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 51).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 frá 12. mars 2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtíð. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1).

5) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 ([6]) fellir reglugerð (ESB) nr. 206/2010 úr gildi frá og með 21. apríl 2021. Í ljósi þeirrar niðurfellingar er VII. viðauka bætt við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1375 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1478 ([7]) frá og með 21. apríl 2021 þar sem þau þriðju lönd eru skráð sem beita undanþágu frá tríkínuprófun sem um getur í 2. mgr. 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/1375.

6) Hinn 12. janúar 2021 lagði Breska konungsríkið fram upplýsingar um að söguleg gögn um samfelldar prófanir, sem hafa farið fram á slátruðum alisvínum, veiti a.m.k. 95% öryggi um það að algengi tríkínu fari ekki yfir 1 á hverja milljón í þeim stofni í samræmi við b-lið 3. mgr. 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/1375. Enn fremur upplýsti Breska konungsríkið framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að beita undanþágu frá tríkínuprófun á skrokkum og kjöti af alisvínum ef dýrin koma frá búi sem opinberlega er viðurkennt að beiti hýsingu við stýrð skilyrði í samræmi við IV. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð.

7) Af þeim sökum ætti að skrá Breska konungsríkið í VII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1375, með fyrirvara um beitingu laga Sambandsins um og innan Breska konungsríkisins að því er varðar Norður-Írland, í samræmi við 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, í tengslum við 2. viðauka við þá bókun.

8) Breyta ætti VII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1375 í því skyni að endurspegla beitingu Breska konungsríkisins á undanþágunum sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 3. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar.

9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1375 til samræmis við það.

10) Þar eð reglugerð (ESB) nr. 206/2010 er felld úr gildi frá og með 21. apríl 2021 og VII. viðauka er bætt við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1375 með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1478 frá og með þeim degi ætti skráning Breska konungsríkisins í þann viðauka að koma til framkvæmda frá og með sama degi.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1375 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

Taka skal sýni kerfisbundið úr skrokkum staktæðra hófdýra, villisvína og annarra dýrategunda, alinna og villtra, sem eru næmar fyrir tríkínusmiti, í sláturhúsum eða starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr, sem hluta af skoðun eftir slátrun.“

b) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. Þar til niðurstöður liggja fyrir úr tríkínurannsókninni og að því tilskildu að stjórnandi matvælafyrirtækisins ábyrgist fullan rekjanleika er heimilt að stykkja skrokka af alisvínum og staktæðum hófdýrum í sex hluta hið mesta í sláturhúsi eða stykkjunarstöð sem er á sama athafnasvæði.“

([6]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1478 frá 14. október 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1375 að því er varðar sýnatöku, tilvísunargreiningaraðferð og innflutningsskilyrði í tengslum við eftirlit með tríkínu (Stjtíð. ESB L 338, 15.10.2020, bls. 7).

2) Í stað inngangsorðanna og a- og b-liðar í III. viðauka kemur eftirfarandi:

Rannsaka skal kjöt af staktæðum hófdýrum, kjöt af villtum veiðidýrum og annað kjöt, sem kann að innihalda tríkínusníkla, í samræmi við eina af þeim meltingaraðferðum, sem tilgreindar eru í I. eða II. kafla I. viðauka, með eftirfarandi breytingum:

a) Taka skal sýni, sem vega a.m.k. 10 g, úr tungu- eða kjálkavöðva staktæðra hófdýra og úr framfæti, tungu eða þind villisvína.

b) Þegar um staktæð hófdýr er að ræða skal taka stærra sýni úr meginvöðva þindarinnar þar sem hann tengist sinarhlutanum ef fyrrgreindir vöðvar eru ekki fyrir hendi. Vöðvinn skal vera laus við bandvef og fitu“.

3) Í stað b-liðar II. kafla í IV. viðauka kemur eftirfarandi:

„b) Fjöldi prófana og niðurstöður úr prófunum vegna tríkínu í alisvínum, villisvínum, staktæðum hófdýrum, villtum dýrum og öllum öðrum smitnæmum dýrum skulu lögð fram í samræmi við IV. viðauka við tilskipun 2003/99/EB. Í gögnum um alisvín skulu a.m.k. koma fram sérstakar upplýsingar í tengslum við:

i. prófanir á dýrum sem eru alin í hýsingu við stýrð skilyrði,

ii. prófanir á gyltum til undaneldis, göltum og eldissvínum.“

4) Í stað VII. viðauka komi eftirfarandi:

*„VII. VIÐAUKI*

**Þriðju lönd eða svæði þeirra sem beita undanþágunum sem um getur í 2. mgr. 13. gr.**

| ISO-kóði lands | Þriðja land eða svæði þess | Athugasemdir |
|---|---|---|
| GB | Breska konungsríkið (*) | Beiting undanþáganna sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 3. gr. |

(*) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, taka vísanir til Breska konungsríkisins, að því er þennan viðauka varðar, ekki til Norður-Írlands.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 4. mgr. 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/1381** **2021/EES/71/12**

**frá 20. júní 2019**

**um gagnsæi og sjálfbærni áhættumats ESB í matvælakeðjunni og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 1829/2003, (EB) nr. 1831/2003, (EB) nr. 2065/2003, (EB) nr. 1935/2004, (EB) nr. 1331/2008, (EB) nr. 1107/2009 og (ESB) 2015/2283 og tilskipun 2001/18/EB** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 43. gr. (2. mgr.), 114. gr. og 168 gr. (b-liður 4. mgr.),

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([4]) er mælt fyrir um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli til að mynda sameiginlegan grundvöll fyrir ráðstafanir sem gilda um lög um matvæli, bæði á vettvangi Sambandsins og landsbundnum vettvangi. Þar er m.a. kveðið á um að lög um matvæli skuli byggjast á áhættugreiningu nema það sé ekki heppilegt vegna aðstæðna eða vegna eðlis ráðstöfunarinnar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 178/2002 er áhættugreining skilgreind sem ferli sem er samsett af þremur innbyrðis tengdum þáttum: áhættumati, áhættustjórnun og áhættukynningu. Að því er varðar áhættumat á vettvangi Sambandsins var Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komið á fót með reglugerðinni sem ábyrgum áhættumatsaðila í Sambandinu í málum er varða öryggi matvæla og fóðurs.

3) Áhættukynning er mikilvægur hluti áhættugreiningarferlisins. Mat á almennum lögum um matvæli (reglugerð (EB) nr. 178/2002) innan ramma áætlunar um markvissa og skilvirka löggjöf frá 2018 („gæðaeftirlit með almennum lögum um matvæli“) leiddi í ljós að áhættukynning telst heilt yfir ekki vera nógu skilvirk. Þetta hefur áhrif á tiltrú neytenda á niðurstöðunni úr áhættugreiningarferlinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 231, 6.9.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 234/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna), II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 440, 6.12.2018, bls. 158.

([2]) Stjtíð. ESB C 461, 21.12.2018, bls. 225.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 17. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 13. júní 2019.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

4) Því er nauðsynlegt að tryggja gagnsæja og samfellda áhættukynningu fyrir alla í allri áhættugreiningunni með þátttöku áhættumatsmanna og áhættustjórnenda Sambandsins og á landsvísu. Slík áhættukynning ætti að styrkja traust borgaranna á því að markmiðið um að tryggja öfluga vernd fyrir heilbrigði manna og hagsmuni neytenda liggi áhættugreiningunni til grundvallar. Þessi áhættukynning ætti einnig að geta stuðlað að virkum og opnum skoðanaskiptum milli allra hagsmunaaðila til að tryggja að í áhættugreiningarferlinu sé tekið tillit til ríkjandi almannahagsmuna og nákvæmni, heildstæðni, gagnsæis, samræmis og ábyrgðar.

5) Í áhættukynningu ætti að leggja sérstaka áherslu á að skýra ekki einungis sjálfar niðurstöðurnar úr áhættumatinu á nákvæman, skýran, heildstæðan, samfelldan og viðeigandi hátt og tímanlega heldur einnig hvernig slíkar niðurstöður eru notaðar, ásamt öðrum lögmætum þáttum ef við á, til að hjálpa til við að móta ákvarðanir um áhættustjórnun. Veita ætti upplýsingar um hvernig ákvarðanir um áhættustjórnun voru teknar og um þætti, aðra en niðurstöður úr áhættumati, sem áhættustjórnendur tóku með í reikninginn sem og hvernig þessir þættir voru vegnir og metnir á móti hver öðrum.

6) Í ljósi þess að skilningur almennings á muninum á hættu og áhættu er óljós ætti að leitast við að skýra þennan greinarmun í áhættukynningu og tryggja þannig að almenningur átti sig betur á þessum greinarmun.

7) Ef gildar ástæður eru til að ætla að matvæli eða fóður geti skapað áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra vegna þess að ekki er farið að tilskildum ákvæðum sem leiðir af vísvitandi brotum á gildandi lögum Sambandsins, sem framin eru með sviksamlegum eða villandi viðskiptaháttum, ættu opinber yfirvöld að upplýsa almenning til samræmis við það eins fljótt og unnt er og tilgreina, að því marki sem unnt er, viðkomandi vörur og áhættuna sem þær geta haft í för með sér.

8) Nauðsynlegt er að fastsetja almenn markmið og meginreglur fyrir áhættukynningu, að teknu tilliti til hlutverks áhættumatsmanna og áhættustjórnenda hvers um sig samhliða því að tryggja óhæði þeirra.

9) Á grundvelli almennra markmiða og meginreglna ætti að koma á almennri áætlun um áhættukynningu í nánu samstarfi við Matvælaöryggisstofnunina og aðildarríkin og í kjölfar viðeigandi samráðs við almenning. Þessi almenna áætlun ætti að stuðla að samþættum ramma um áhættukynningu fyrir alla áhættumatsmenn og áhættustjórnendur á vettvangi Sambandsins og á landsvísu um öll málefni sem tengjast matvælakeðjunni. Hún ætti einnig að veita nauðsynlegan sveigjanleika og ætti ekki að ná yfir aðstæður sem almenna áætlunin um áfallastjórnun tekur sérstaklega til.

10) Í almennu áætluninni um áhættukynningu ætti að tilgreina lykilþætti sem taka skal tillit til þegar tegund og umfang áhættukynningarstarfsemi, sem þörf er á, eru tekin til athugunar, s.s. mismunandi umfang áhættu, eðli áhættunnar og möguleg áhrif hennar á heilbrigði manna, heilbrigði dýra og, ef við á, á umhverfið, hver og hvað verða fyrir beinum eða óbeinum áhrifum af áhættunni, umfang váhrifa frá hættu, hversu brýn áhættan er og hvort unnt er að stjórna henni ásamt örðum þáttum sem hafa áhrif á áhættuskynjun, þ.m.t. gildandi lagarammi og viðeigandi markaðssamhengi.

11) Í almennu áætluninni um áhættutilkynningu ætti einnig að tilgreina úrræði og leiðir sem nota skal og þar ætti að koma á viðeigandi kerfum samræmingar og samstarfs milli áhættumatsmanna og áhættustjórnenda, sem taka þátt í áhættugreiningarferlinu, á vettvangi Sambandsins og á landsvísu, einkum þegar nokkrar stofnanir Sambandsins leggja fram vísindalegar niðurstöður um sömu eða um tengd viðfangsefni, til að tryggja samfellda áhættutilkynningu og opin skoðanaskipti milli allra hagsmunaaðila.

12) Gagnsæi í áhættumatsferlinu stuðlar að því að lögmæti Matvælaöryggisstofnunarinnar verður meira í augum neytenda og almennings þegar hún framfylgir verkefnum sínum, tiltrú þeirra á starf hennar eykst og tryggt er að ábyrgð Matvælaöryggisstofnunarinnar gagnvart borgurum Sambandsins í lýðræðislegu kerfi verður meiri. Því er mikilvægt að styrkja tiltrú almennings og annarra hagsmunaaðila á áhættugreiningunni sem er undirstaða viðkomandi laga Sambandsins og einkum á áhættumatinu, þ.m.t. gagnsæi þess, sem og á skipulagi, starfsháttum og óhæði Matvælaöryggisstofnunarinnar.

13) Rétt þykir að auka hlutverk aðildarríkja sem og viðleitni og þátttöku allra aðila sem eiga aðild að stjórn Matvælaöryggisstofnunarinnar (hér á eftir nefnd stjórnin).

14) Reynslan sýnir að hlutverk stjórnarinnar beinist að stjórnsýslulegum og fjárhagslegum þáttum og hefur ekki áhrif á óhæði vísindalegs starfs sem Matvælaöryggisstofnunin innir af hendi. Því þykir rétt að fulltrúar allra aðildarríkjanna, Evrópuþingsins og framkvæmdastjórnarinnar, sem og frá borgaralegu samfélagi og samtökum iðnaðarins, séu í stjórninni og mæla ætti jafnframt fyrir um að þessir fulltrúar eigi ekki eingöngu að hafa reynslu og sérþekkingu á lögum og stefnum á sviði matvælakeðjunnar, þ.m.t. áhættumat, heldur einnig á sviðum stjórnunar, stjórnsýslu, fjármála og laga og tryggja að þeir starfi á óháðan hátt í þágu almennings.

15) Stjórnarmenn í stjórninni ætti að velja og skipa þannig að tryggt sé að ströngustu kröfur um hæfni séu uppfylltar ásamt víðtækustu viðeigandi fyrirliggjandi reynslu.

16) Við gæðaeftirlit með almennum lögum um matvæli komu í ljós tilteknir annmarkar varðandi hæfni Matvælaöryggisstofnunarinnar til að viðhalda mikilli sérþekkingu sinni til lengri tíma. Einkum hefur umsækjendum fækkað sem sækja um að eiga sæti í sérfræðinganefndum Matvælaöryggisstofnunarinnar. Því þarf að styrkja kerfið og aðildarríki ættu að taka að sér virkara hlutverk til að tryggja að nægilegur fjöldi sérfræðinga sé tiltækur til að uppfylla þörf áhættumatskerfis Sambandsins með tilliti til mikillar vísindalegrar sérþekkingar, óhæðis og þverfaglegrar sérþekkingar.

17) Til að viðhalda sjálfstæði áhættumatsins frá áhættustjórnun og frá öðrum hagsmunum á vettvangi Sambandsins þykir rétt að val framkvæmdastjóra Matvælaöryggisstofnunarinnar og útnefning stjórnarinnar á þeim sem eiga sæti í vísindanefnd og sérfræðinganefndum Matvælaöryggisstofnunarinnar byggist á ströngum viðmiðunum sem tryggja framúrskarandi gæði og óhæði sérfræðinganna en tryggja jafnframt þá þverfaglegu sérþekkingu sem krafist er fyrir hverja sérfræðinganefnd. Í þessu skyni er nauðsynlegt að framkvæmdastjórinn, sem hefur það hlutverk að verja hagsmuni Matvælaöryggisstofnunarinnar og einkum óhæði sérþekkingar hennar, hafi hlutverki að gegna við valið á þessum sérfræðingunum. Stjórnin ætti að leitast við að tryggja, að því marki sem framast er unnt, að sérfræðingar, sem eru skipaðir til að eiga sæti í sérfræðinganefndum, séu vísindamenn sem stunda einnig rannsóknir með virkum hætti og birta niðurstöður sínar í jafningjarýndum vísindaritum, að því tilskildu að þeir uppfylli strangar viðmiðanir um framúrskarandi gæði og óhæði. Tryggja ætti viðeigandi þóknun fyrir sérfræðingana. Einnig ætti að gera frekari ráðstafanir til að tryggja að vísindalegir sérfræðingar geti starfað á óháðan hátt.

18) Mikilvægt er að tryggja skilvirka starfsemi Matvælaöryggisstofnunarinnar og bæta sjálfbærni sérþekkingar hennar. Því er nauðsynlegt að styrkja þann stuðning sem Matvælaöryggisstofnunin og aðildarríkin veita starfi vísindanefndarinnar og sérfræðinganefndanna. Einkum ætti Matvælaöryggisstofnunin að skipuleggja undirbúningsvinnu sem styður við verkefni sérfræðinganefndanna, þ.m.t. með því að óska eftir að starfsfólk Matvælaöryggisstofnunarinnar eða landsbundnar vísindastofnanir, sem starfa með Matvælaöryggisstofnuninni, semji vísindaleg álit til undirbúnings sem þessar sérfræðinganefndir eiga að jafningjarýna og samþykkja. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á óhæði vísindalegra mata Matvælaöryggisstofnunarinnar.

19) Málsmeðferðir við leyfisveitingu byggjast á þeirri meginreglu að það sé umsækjandinn eða tilkynnandinn sem á að sýna fram á að viðfangsefni umsóknar eða tilkynningar uppfylli kröfur Sambandsins. Þessi meginregla byggist á þeirri forsendu að heilbrigði manna, heilbrigði dýra og, ef við á, umhverfið njóti betri verndar þegar sönnunarbyrðin hvílir á umsækjanda eða tilkynnanda þar eð viðkomandi þarf að sanna að viðfangsefni umsóknar eða tilkynningar hans eða hennar sé öruggt áður en það er sett á markað fremur en að opinber yfirvöld þurfi að sanna að viðfangsefnið sé ekki öruggt til að unnt sé að banna það á markaði. Í samræmi við þá meginreglu og gildandi kröfur samkvæmt reglum er umsækjendum eða tilkynnendum skylt að leggja fram viðeigandi rannsóknir, þ.m.t. prófanir, til stuðnings umsóknum eða tilkynningum samkvæmt sérlögum Sambandsins til að sýna fram á öryggi viðfangsefnis og, í sumum tilvikum, virkni þess.

20) Í lögum Sambandsins er kveðið á um innihald umsókna og tilkynninga. Nauðsynlegt er að umsókn eða tilkynning, sem lögð er fyrir Matvælaöryggisstofnunina vegna áhættumats, uppfylli gildandi forskriftir til að tryggja að vísindalegt mat Matvælaöryggisstofnunarinnar sé af mestu gæðum. Skilningur umsækjenda eða tilkynnenda og einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja á þessum forskriftum er ekki alltaf skýr. Því þykir rétt að Matvælaöryggisstofnunin, ef hún er beðin um að leggja fram vísindalegar niðurstöður, veiti hugsanlegum umsækjanda eða tilkynnanda ráðgjöf, að fenginni beiðni, áður en umsókn eða tilkynning er formlega lögð fram. Slík ráðgjöf fyrir framlagningu ætti að varða gildandi reglur og kröfur um innihald umsókna eða tilkynninga og ætti ekki að fjalla um tilhögun rannsókna sem leggja á fram þar eð umsækjandinn ber áfram ábyrgð á því.

21) Ef farið er fram á að Matvælaöryggisstofnunin leggi fram vísindalegar niðurstöður ætti hún að búa yfir þekkingu á öllum rannsóknum sem umsækjandi hefur framkvæmt með það fyrir augum að styðja við umsókn samkvæmt lögum Sambandsins. Í þessu skyni er nauðsynlegt og viðeigandi þegar rekstraraðilar láta framkvæma rannsóknir eða framkvæma rannsóknir, með það fyrir augum að leggja fram umsókn eða tilkynningu, að þeir tilkynni um þessar rannsóknir til Matvælaöryggisstofnunarinnar. Sú skylda að tilkynna um slíkar rannsóknir ætti einnig að gilda um rannsóknarstofur og aðrar prófunarstöðvar sem framkvæma þær. Ekki ætti að birta upplýsingar um tilkynntar rannsóknir fyrr en samsvarandi umsókn hefur verið birt í samræmi við gildandi reglur um gagnsæi. Til að tryggja skilvirka framkvæmd þessarar skyldu þykir rétt að kveða á um tilteknar afleiðingar sem varða málsmeðferð ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum. Í því samhengi ætti Matvælaöryggisstofnunin að mæla fyrir um hagnýtt fyrirkomulag til að koma þessari skyldu til framkvæmda, þ.m.t. málsmeðferð varðandi beiðnir um og birtingu rökstuðnings fyrir því ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum.

22) Í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB ([5]) ættu aðrar prófanir að koma í stað prófana á dýrum, þeim fækkað eða þær mildaðar. Því ætti að forðast, eftir því sem unnt er, að tvítaka prófanir á dýrum undir gildissviði þessarar reglugerðar.

23) Ef um er að ræða umsóknir eða tilkynningar til að óska eftir endurnýjun leyfis eða samþykkis hefur leyfða eða samþykkta efnið eða varan þegar verið á markaði í nokkur ár. Því er reynsla og þekking þegar fyrir hendi að því er varðar efnið eða vöruna. Ef farið er fram á að Matvælaöryggisstofnunin leggi fram vísindalegar niðurstöður þykir rétt að rannsóknir sem eru áætlaðar til stuðnings beiðnum um endurnýjun, þ.m.t. upplýsingar um tillagða tilhögun, sem umsækjandinn eða tilkynnandinn hefur tilkynnt um til Matvælaöryggisstofnunarinnar, séu lagðar fram til samráðs við þriðja aðila. Matvælaöryggisstofnunin ætti kerfisbundið að veita umsækjendum eða tilkynnendum ráðgjöf varðandi innihald fyrirhugaðra umsókna eða tilkynninga um endurnýjun, sem og um tilhögun rannsókna, að teknu tilliti til athugasemda sem hafa borist.

24) Hjá almenningi eru tiltekin áhyggjuefni fyrir hendi að því er varðar að mat Matvælaöryggisstofnunarinnar á sviði málsmeðferðar við leyfisveitingu byggist aðallega á rannsóknum í iðnaði. Það er afar mikilvægt að Matvælaöryggisstofnunin takist á hendur að leita í birtum vísindaskrifum til að hún geti haft hliðsjón af öðrum gögnum og rannsóknum sem til eru um viðfangsefni sem lagt er fyrir hana til mats. Í því skyni að veita viðbótarábyrgð til að tryggja að Matvælaöryggisstofnunin geti haft aðgang að öllum vísindagögnum og rannsóknum, sem skipta máli, sem eru tiltæk um viðfangsefni umsóknar eða tilkynningar um leyfi eða endurnýjun á leyfi eða samþykki þykir rétt að kveða á um samráð við þriðja aðila til að komast að því hvort önnur vísindagögn eða rannsóknir, sem skipta máli, eru tiltæk. Til að auka skilvirkni samráðsins ætti samráðið að eiga sér stað um leið og rannsóknir, sem iðnaðurinn hefur lagt fram í umsókn eða tilkynningu, hafa verið birtar samkvæmt gildandi reglum um gagnsæi. Ef áhætta er fyrir hendi, vegna fresta sem eru í gildi, um að ekki sé unnt að gera tilhlýðilega athugun á niðurstöðum samráðs við almenning þykir rétt að kveða á um takmarkaða lengingu á þessum frestum.

25) Matvælaöryggi er viðkvæmt mál sem er aðalhagsmunamál fyrir alla borgara í Sambandinu. Samhliða því að viðhalda meginreglunni um að það sé iðnaðarins að sanna að farið sé að kröfum Sambandsins er mikilvægt að ákvarða sannprófunarúrræði til viðbótar, þ.e.a.s. að láta framkvæma viðbótarrannsóknir með það að markmiði að sannprófa sannanir sem eru notaðar í tengslum við áhættumat til að fjalla um tiltekin tilvik, sem hafa mikla samfélagslega þýðingu, ef upp kemur alvarlegur ágreiningur eða ósamkvæmar niðurstöður. Með það í huga að þessar sannprófunarrannsóknir yrðu fjármagnaðar af fjárlögum Sambandsins og að notkun á þessu sérstaka sannprófunarúrræði ætti að haldast hófleg ætti framkvæmdastjórnin, að teknu tilliti til sjónarmiða sem Evrópuþingið og aðildarríkin láta í ljós, að bera ábyrgð á að koma því til leiðar að láta framkvæma slíkar sannprófunarrannsóknir. Taka skal tillit til þess að í sumum tilteknum tilvikum geta sannprófunarrannsóknir, sem látið er framkvæma, þurft að hafa víðtækara umfang en sannanirnar sem eiga í hlut, t.d. í tilvikum þegar ný þróun í vísindum verður tiltæk.

26) Gæðaeftirlit með almennum lögum um matvæli sýndi fram á að jafnvel þó að verulegar framfarir hefðu orðið hjá Matvælaöryggisstofnuninni með tilliti til gagnsæis er ekki alltaf litið svo á að áhættumatsferlið, einkum með tilliti til málsmeðferðar við leyfisveitingar sem tekur til matvælakeðjunnar, sé að fullu gagnsætt. Þetta stafar einnig að hluta til af mismunandi reglum um gagnsæi og þagnarskyldu sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og í öðrum geiratengdum lagagerðum Sambandsins. Samspilið milli þessara gerða getur haft áhrif á það hvort almenningur samþykkir áhættumatið.

27) Frumkvæði evrópskra borgara sem ber heitið „Ban glyphosate and protect people and the environment from toxic pesticides“ (bannið glýfosat og verndið fólk og umhverfið fyrir eitruðum varnarefnum) staðfesti enn frekar áhyggjuefni í tengslum við gagnsæi að því er tekur til rannsókna sem iðnaðurinn lét framkvæma og lagði fram í málsmeðferð við leyfisveitingu.

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB frá 22. september 2010 um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni (Stjtíð. ESB L 276, 20.10.2010, bls. 33).

28) Þess vegna er nauðsynlegt að styrkja gagnsæi áhættumats á forvirkan hátt. Gera ætti öll vísindagögn og upplýsingar sem styðja við beiðnir um leyfi eða um samþykki samkvæmt lögum Sambandsins, sem og aðrar beiðnir um vísindalegar niðurstöður, aðgengileg öllum á forvirkan hátt og þau ættu að vera auðveldlega aðgengileg eins snemma og unnt er í áhættumatsferlinu. Þó ætti slík birting upplýsinga opinberlega hvorki að hafa áhrif á neinar reglur sem varða hugverkarétt né á nein ákvæði í lögum Sambandsins sem vernda fjárfestingar af hálfu frumkvöðla við söfnun upplýsinga og gagna til stuðnings viðkomandi umsóknum eða tilkynningum. Það ætti að vera tryggt að slík birting upplýsinga opinberlega teljist ekki vera leyfi til frekari notkunar eða hagnýtingar án þess að tefla í tvísýnu forvirku eðli birtingar upplýsinga opinberlega og auðveldum almennum aðgangi að birtum gögnum og upplýsingum.

29) Til að tryggja gagnsæi áhættumats ætti ekki að birta samantekt á ráðgjöf fyrir framlagningu fyrr en samsvarandi umsókn eða tilkynning hefur verið birt í samræmi við gildandi reglur um gagnsæi.

30) Ef beðið er um álit Matvælaöryggisstofnunarinnar í tengslum við umsóknir eða tilkynningar, sem lagðar eru fram samkvæmt lögum Sambandsins, og með hliðsjón af skyldu hennar til að tryggja almennan aðgang að öllum stuðnings-upplýsingum, að því er varðar miðlun vísindalegra niðurstaðna hennar, ætti Matvælaöryggisstofnunin að bera ábyrgð á að meta beiðnir um trúnað.

31) Til að ákvarða hvaða umfang forvirkrar birtingar upplýsinga opinberlega tryggir að viðeigandi jafnvægi náist ætti að vega og meta viðeigandi rétt almennings til gagnsæis í áhættumatsferlinu á móti réttindum umsækjenda eða tilkynnenda, að teknu tilliti til markmiðanna í reglugerð (EB) nr. 178/2002.

32) Að því er varðar málsmeðferð við umsókn eða tilkynningu, sem kveðið er á um í lögum Sambandsins, sýnir reynslan sem fengist hefur fram að þessu að tiltekin atriði í upplýsingum eru almennt talin viðkvæm og um þau ætti áfram að gilda trúnaður þvert á mismunandi geiratengdar málsmeðferðarreglur. Því er rétt að mæla fyrir um lárétta skrá í reglugerð (EB) nr. 178/2002 yfir atriði í upplýsingum sem geta hugsanlega, ef þær eru birtar, eins og umsækjandi eða tilkynnandi sýnir fram á, skaðað viðkomandi viðskiptahagsmuni að verulegu leyti og sem ætti því ekki að birta opinberlega. Þessi atriði ættu að taka til framleiðslu- og vinnsluferlisins, þ.m.t. aðferðin og nýsköpunarþættir þar að lútandi, sem og tækni- og iðnaðarforskrifta, s.s. óhreinindi sem eru eðlislæg í þeirri vinnslu, annarra en upplýsinga sem skipta máli fyrir mat á öryggi. Einungis skal birta slíkar upplýsingar við mjög takmarkaðar og sérstakar aðstæður sem varða fyrirsjáanleg áhrif á heilbrigði eða, ef gerð er krafa um umhverfismat samkvæmt sérlögum Sambandsins, áhrif á umhverfi eða ef hlutaðeigandi yfirvöld hafa greint brýna þörf á að vernda heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið.

33) Til glöggvunar og til að auka réttarvissu er nauðsynlegt að setja fram sértækar kröfur um málsmeðferð sem umsækjandi eða tilkynnandi skal fylgja að því er varðar beiðni um að upplýsingar, sem lagðar eru fram til að styðja við umsókn eða tilkynningu samkvæmt lögum Sambandsins, séu meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

34) Einnig er nauðsynlegt að setja fram sértækar kröfur, að því er varðar vernd og trúnað um persónuupplýsingar, að því er tekur til gagnsæis áhættumatsferlisins, að teknu tilliti til reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([6]) og (ESB) 2016/679 ([7]). Til samræmis við það ætti ekki að gera neinar persónuupplýsingar aðgengilegar öllum samkvæmt þessari reglugerð nema það sé nauðsynlegt og í réttu hlutfalli við þann tilgang að tryggja gagnsæi, óhæði og áreiðanleika áhættumatsferlisins jafnframt því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Til að tryggja gagnsæi og komast hjá hagsmunaárekstrum er einkum nauðsynlegt að birta nöfn þátttakenda og áheyrnarfulltrúa á tilteknum fundum Matvæla-öryggisstofnunarinnar.

35) Í þeim tilgangi að auka gagnsæi og til að tryggja að beiðnir, sem Matvælaöryggisstofnuninni berast varðandi vísindalegar niðurstöður, séu unnar með skilvirkum hætti ætti að þróa staðlað gagnasnið.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

36) Með hliðsjón af þeirri staðreynd að Matvælaöryggisstofnuninni verður skylt að geyma vísindagögn, þ.m.t. trúnaðargögn og persónuupplýsingar, er nauðsynlegt að tryggja að við slíka geymslu sé fyllsta öryggis gætt.

37) Í því skyni að meta skilvirkni og árangur mismunandi lagaákvæða sem gilda um Matvælaöryggisstofnunina er enn fremur viðeigandi að kveða á um mat framkvæmdastjórnarinnar á Matvælaöryggisstofnuninni. Í þessu mati ætti einkum að fara yfir málsmeðferðina við valið á þeim sem eiga sæti í vísindanefndinni og sérfræðinganefndunum að því er varðar hversu gagnsæ, kostnaðarhagkvæm og hentug hún er til að tryggja óhæði og hæfi og til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

38) Rannsóknir, þ.m.t. prófanir, sem rekstraraðilar leggja fram til stuðnings umsóknum, eru alla jafna í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar meginreglur sem veita samræmdan grundvöll fyrir gæði þeirra, einkum með tilliti til samanburðarnákvæmni niðurstaðna. Þó geta í einhverjum tilvikum komið upp tilvik þar sem ekki er farið að gildandi stöðlum, s.s. þeim sem eru fastsettir með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/10/EB ([8]) eða þeim sem Alþjóðlegu staðlasamtökin þróuðu, og þess vegna eru alþjóðleg og landsbundin kerfi fyrir hendi til að sannprófa slíka fylgni. Því er rétt að framkvæmdastjórnin inni af hendi gagnaöflunarheimsóknir til að meta notkun rannsóknarstofa og annarra prófunarstöðva á viðeigandi stöðlum við framkvæmd prófana og rannsókna sem lagðar eru fyrir Matvælaöryggis-stofnunina sem hluti af umsókn. Þessar gagnaöflunarheimsóknir munu gera framkvæmdastjórninni kleift að greina og miða að því að leiðrétta hugsanlega veikleika í kerfunum og tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum og að veita viðbótarábyrgðir til að fullvissa almenning um gæði rannsóknanna. Framkvæmdastjórnin getur gert tillögu að viðeigandi löggjafarráðstöfunum, sem miða að því að bæta fylgni við viðeigandi staðla, á grundvelli niðurstaðna úr slíkum gagnaöflunarheimsóknum.

39) Til að tryggja samræmi við tillagðar breytingar í reglugerð (EB) nr. 178/2002 ætti að breyta ákvæðum er varða almennan aðgang og vernd trúnaðarupplýsinga í reglugerðum (EB) nr. 1829/2003 ([9]), (EB) nr. 1831/2003 ([10]), (EB) nr. 2065/2003 ([11]), (EB) nr. 1935/2004 ([12]), (EB) nr. 1331/2008 ([13]), (EB) nr. 1107/2009 ([14]), (ESB) 2015/2283 ([15]) og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB ([16]).

40) Til að tryggja að tekið sé tillit til sértækis geira að því er varðar trúnaðarupplýsingar er nauðsynlegt að vega og meta viðeigandi rétt almennings til gagnsæis í áhættumatsferlinu á móti réttindum umsækjenda eða tilkynnenda, að teknu tilliti til sértækra markmiða í sérlögum Sambandsins sem og til fenginnar reynslu. Til samræmis við það er nauðsynlegt að gera sértækar breytingar á reglugerðum (EB) nr. 1829/2003, (EB) nr. 1831/2003, (EB) nr. 1935/2004, (EB) nr. 1331/2008, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) 2015/2283 og tilskipun 2001/18/EB til að kveða á um trúnaðaratriði til viðbótar þeim sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 178/2002.

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/10/EB frá 11. febrúar 2004 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um beitingu meginreglna varðandi góðar starfsvenjur við rannsóknir og sannprófun á beitingu þeirra vegna prófana á íðefnum (Stjtíð. ESB L 50 20.2.2004, bls. 44).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1829/2003 frá 22. september 2003 um erfðabreytt matvæli og fóður (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 1).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29).

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2065/2003 frá 10. nóvember 2003 um reykbragðefni sem eru notuð eða eru ætluð til notkunar í eða á matvælum (Stjtíð. ESB L 309, 26.11.2003, bls. 1)

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 (Stjtíð. ESB L 327,11.12.2015, bls. 1).

([16]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE (Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1).

41) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á réttindi til aðgangs að skjölum sem eru bundin í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 ([17]) og, þegar um er að ræða umhverfisupplýsingar, réttindin sem eru bundin í reglugerð (EB) nr. 1367/2006 ([18]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB ([19]). Réttindin, sem kveðið er á um með þessum gerðum, ættu ekki að takmarkast að neinu leyti af ákvæðum um forvirka dreifingu, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og viðkomandi mati á beiðni um trúnað.

42) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 178/2002, að því er varðar samþykkt á almennri áætlun um áhættukynningu og samþykkt á stöðluðu gagnasniði, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([20]).

43) Til að gera framkvæmdastjórninni, aðildarríkjum, Matvælaöryggisstofnuninni og rekstraraðilum kleift að aðlagast nýju kröfunum sem settar eru með þessari reglugerð en tryggja um leið að Matvælaöryggisstofnunin haldi áfram snurðulausum rekstri sínum er nauðsynlegt að kveða á um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar þessarar reglugerðar.

44) Þar eð skipun þeirra sem eiga sæti í vísindanefndinni og sérfræðinganefndunum er háð því að nýja stjórnin hefji störf er nauðsynlegt að kveða á um sértæk umbreytingarákvæði sem gera það kleift að framlengja núverandi skipunartíma þeirra sem eiga sæti í vísindanefndinni og sérfræðinganefndunum.

45) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([21]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breytingar á reglugerð (EB) nr. 178/2002**

Reglugerð (EB) nr. 178/2002 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 6. gr.:

„4. Áhættukynning skal uppfylla markmiðin og vera í samræmi við almennu meginreglurnar sem settar eru fram í 8. gr. a og 8. gr. b.“

2) Í II. kafla er eftirfarandi þætti bætt við:

„1. þáttur a

**Áhættukynning**

*8. gr. a*

**Markmið með áhættukynningu**

Með áhættukynningu skal stefna að eftirfarandi markmiðum, að teknu tilliti til hlutverks áhættumatsmanna og áhættustjórnenda hvers um sig:

a) að efla vitund um og skilning á þeim sérstöku málefnum sem eru til athugunar, þ.m.t. í tilvikum þar sem um er að ræða ósamræmi í vísindalegu mati, í öllu áhættugreiningarferlinu,

b) að tryggja samræmi, gagnsæi og skýrleika við framsetningu tilmæla og ákvarðana varðandi áhættustjórnun,

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).

([18]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 frá 6. september 2006 um beitingu ákvæða Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum hjá stofnunum og aðilum Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 13).

([19]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

([20]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

([21]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

c) að veita tryggan grundvöll, þ.m.t. eftir því sem við á, vísindalegan grundvöll, til að skilja áhættustjórnunarákvarðanir,

d) að bæta heildarskilvirkni og árangur áhættugreiningarinnar,

e) að ýta undir skilning almennings á áhættugreiningu, þ.m.t. viðkomandi verkefni og ábyrgð áhættumatsmanna og áhættustjórnenda, til að auka tiltrú á niðurstöðum hennar,

f) að tryggja viðeigandi þátttöku neytenda, fóður- og matvælafyrirtækja, vísindasamfélagsins og allra annarra hagsmunaaðila,

g) að tryggja viðeigandi og gagnsæ upplýsingaskipti við hagsmunaaðila í tengslum við áhættu sem tengist matvælakeðjunni,

h) að tryggja miðlun upplýsinga til neytenda varðandi áætlanir um forvarnir gegn áhættu og

i) að stuðla að baráttunni gegn dreifingu rangra upplýsinga og uppruna þeirra.

*8. gr. b*

**Almennar meginreglur um áhættukynningu**

Áhættukynning skal, að teknu tilliti til hlutverks áhættumatsmanna og áhættustjórnenda hvers um sig:

a) tryggja að skipst sé á nákvæmum upplýsingum og öllum viðeigandi upplýsingum á gagnvirkan hátt og tímanlega við alla hagsmunaaðila á grundvelli meginreglunnar um gagnsæi, heiðarleika og viðbragðsflýti,

b) veita gagnsæjar upplýsingar á hverju stigi áhættugreiningarferlisins frá gerð beiðna um vísindalega ráðgjöf til áhættumatsgerðar og samþykktar ákvarðana um áhættustjórnun, þ.m.t. upplýsingar um hvernig ákvarðanir um áhættustjórnun voru teknar og til hvaða þátta var tekið tillit,

c) taka tillit til skynjunar allra hagsmunaaðila á áhættu,

d) stuðla að skilningi og skoðanaskiptum milli allra hagsmunaaðila og

e) vera skýr og aðgengileg, þ.m.t. fyrir þá sem taka ekki beinan þátt í ferlinu eða eru ekki með vísindalegan bakgrunn, um leið og tekið er tilhlýðilegt tillit til viðeigandi lagaákvæða um þagnarskyldu og vernd persónuupplýsinga.

*8. gr. c*

**Almenn áætlun um áhættukynningu**

1. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, samþykkja almenna áætlun um áhættukynningu til að ná fram markmiðunum sem sett eru fram í 8. gr. a í samræmi við almennu meginreglurnar sem settar eru fram í 8. gr. b. Framkvæmdastjórnin skal halda almennu áætluninni uppfærðri, að teknu tilliti til framfara á sviði tækni og vísinda og fenginnar reynslu. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 58. gr. Þegar framkvæmdastjórnin undirbýr þessar framkvæmdargerðir skal hún hafa samráð við Matvælaöryggisstofnunina.

2. Almenn áætlun um áhættukynningu skal stuðla að samþættum ramma um áhættukynningu sem bæði áhættumatsmenn og áhættustjórnendur skulu fylgja á samfelldan og kerfisbundinn hátt, bæði á vettvangi Sambandsins og á landsvísu. Í henni skal:

a) tilgreina lykilþætti sem þarf að taka tillit til þegar tegund og umfang áhættukynningarstarfsemi, sem þörf er á, eru tekin til athugunar,

b) tilgreina mismunandi tegundir og umfang áhættukynningarstarfsemi og helstu viðeigandi úrræði og leiðir sem skal nota í áhættukynningarskyni, að teknu tilliti til þarfa viðkomandi markhópa,

c) fastsetja viðeigandi kerfi samræmingar og samstarfs til að styrkja samræmi áhættukynninga milli áhættumatsmanna og áhættustjórnenda og

d) fastsetja viðeigandi kerfi til að tryggja opin skoðanaskipti milli neytenda, matvæla- og fóðurfyrirtækja, fræðasamfélagsins og allra annarra hagsmunaaðila og viðeigandi þátttöku þeirra.“

3) Í stað annarrar undirgreinar 7. mgr. 22. gr. kemur eftirfarandi:

„Hún skal starfa í náinni samvinnu við þar til bæra aðila í aðildarríkjunum sem vinna sambærileg verk og Matvæla-öryggisstofnunin og, eftir því sem við á, við viðeigandi stofnanir Sambandsins.“

4) Ákvæðum 25. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Hvert aðildarríki skal tilnefna stjórnarmann og varamann sem fulltrúa sinn í stjórninni. Stjórnarmenn og varamenn, sem þannig eru tilnefndir, skulu skipaðir af ráðinu og hafa rétt til að greiða atkvæði.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„1a. Auk stjórnarmanna og varamanna, sem um getur í 1. mgr., skal stjórnin innihalda:

a) tvo stjórnarmenn og tvo varamenn, sem framkvæmdastjórnin skipar sem fulltrúa sína, sem hafa atkvæðisrétt,

b) tvo stjórnarmenn, sem Evrópuþingið skipar, sem hafa atkvæðisrétt,

c) fjóra stjórnarmenn og fjóra varamenn, sem hafa atkvæðisrétt, sem fulltrúa borgaralegs samfélags og hagsmuna matvælakeðjunnar, þ.e.a.s. einn stjórnarmann og einn varamann frá neytendasamtökum, einn stjórnarmann og einn varamann frá frjálsum félagasamtökum á sviði umhverfismála, einn stjórnarmann og einn varamann frá samtökum bænda og einn stjórnarmann og einn varamann frá samtökum iðnaðarins.

Stjórnarmenn og varamenn, sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar, skulu skipaðir af ráðinu í samráði við Evrópuþingið á grundvelli skrár sem framkvæmdastjórnin tekur saman og sendir ráðinu. Skráin skal innihalda fleiri nöfn en stöðurnar eru sem skal fylla. Ráðið skal framsenda skrána, sem framkvæmdastjórnin tekur saman, til Evrópuþingsins ásamt viðeigandi bakgrunnsskjölum. Eins fljótt og unnt er og í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá móttöku þessarar skrár er Evrópuþinginu heimilt að tilkynna ráðinu um afstöðu sína sem skal síðan skipa þessa stjórnarmenn.

1b. Stjórnarmenn og varamenn í stjórninni skulu tilnefndir og skipaðir á grundvelli viðkomandi reynslu þeirra og sérþekkingar á lögum og stefnum á sviði matvælakeðjunnar, þ.m.t. áhættumat, samhliða því að tryggt er að innan stjórnarinnar sé viðeigandi sérþekking á sviðum stjórnunar, stjórnsýslu, fjármála og laga.“

c) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Skipunartími stjórnarmanna og varamanna er fjögur ár og heimilt skal að endurnýja hann. Þó má einungis endurnýja skipunartíma stjórnarmanna og varamanna, sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar í 1. mgr. a, einu sinni.“

d) Í stað annarrar undirgreinar 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„Stjórnin skal taka ákvarðanir með meirihluta atkvæða stjórnarmanna nema kveðið sé á um annað. Varamenn skulu koma í stað stjórnarmanna við fjarveru þeirra og greiða atkvæði fyrir þeirra hönd.“

5) Ákvæðum 28. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Í kjölfar auglýsingar eftir áhugasömum aðilum í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, í viðeigandi leiðandi vísindaritum og á vefsetri Matvælaöryggisstofnunarinnar skal stjórnin, á grundvelli tillögu frá framkvæmdastjóranum, skipa nefndarmenn í vísindanefnd, sem eru ekki nefndarmenn í sérfræðinganefndum, og nefndarmenn í sérfræðinga-nefndir til fimm ára í senn og skal vera unnt að endurnýja skipunartíma þeirra. Matvælaöryggisstofnunin skal birta slíka auglýsingu eftir áhugasömum aðilum eftir að hún hefur upplýst aðildarríkin um nauðsynlegar viðmiðanir og svið sérþekkingar.

Aðildarríkin skulu:

a) birta auglýsingu eftir áhugasömum aðilum á vefsetrum lögbærra yfirvalda sinna og til þess bærra aðila sinna sem takast á hendur svipuð verkefni og Matvælaöryggisstofnunin,

b) upplýsa viðeigandi vísindastofnanir sem eru staðsettar á yfirráðasvæði þeirra,

c) hvetja hugsanlega þátttakendur til að sækja um og

d) gera aðrar viðeigandi ráðstafanir til stuðnings auglýsingunni eftir áhugasömum aðilum.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„5a. Nefndarmenn í vísindanefnd, sem eru ekki nefndarmenn í sérfræðinganefndum, og nefndarmenn í sérfræðinganefndum skulu valdir og skipaðir í samræmi við eftirfarandi verklag:

a) framkvæmdastjórinn skal, á grundvelli umsókna sem berast eftir auglýsingu eftir áhugasömum aðilum, taka saman drög að skrá yfir hæfa umsækjendur sem inniheldur a.m.k. tvöfalt fleiri umsækjendur en þarf til að fylla stöðurnar í vísindanefndinni og sérfræðinganefndunum og senda stjórninni drögin að skránni og tilgreina þá sértæku þverfaglegu sérþekkingu sem þörf er á í hverri sérfræðinganefnd,

b) stjórnin skal, á grundvelli þessara draga að skrá, skipa nefndarmenn í vísindanefnd, sem eru ekki nefndarmenn í sérfræðinganefndum, og nefndarmenn í sérfræðinganefndir og taka saman varaskrá yfir umsækjendur í vísindanefndina og sérfræðinganefndirnar,

c) valferlið og skipun nefndarmanna í vísindanefnd, sem eru ekki nefndarmenn í sérfræðinganefndum, og nefndarmanna í sérfræðinganefndir skulu fara fram á grundvelli eftirfarandi viðmiðana:

i. vísindaleg sérþekking á háu stigi,

ii. óhæði og hagsmunaárekstrar eru ekki fyrir hendi, í samræmi við 2. mgr. 37. gr. og stefnu Matvælaöryggisstofnunarinnar um óhæði og framfylgd þeirrar stefnu að því er varðar þá sem eiga sæti í sérfræðinganefndunum,

iii. þörfin fyrir sértæka þverfaglega sérþekkingu sérfræðinganefndarinnar, sem þeir verða skipaðir í, er uppfyllt og viðeigandi fyrirkomulag varðandi tungumál,

d) ef umsækjendur búa yfir jafngildri vísindalegri sérþekkingu skal stjórnin tryggja að sem víðtækust landfræðileg dreifing og unnt er náist við skipunina.

5b. Ef Matvælaöryggisstofnunin kemst að raun um að tiltekna sérþekkingu vantar í eina eða fleiri sérfræðinganefndir skal framkvæmdastjórinn gera tillögu að útnefningu varamanna í viðkomandi sérfræðinganefndir, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 5. mgr. og 5. mgr. a.

5c. Stjórnin skal samþykkja, á grundvelli tillögu frá framkvæmdastjóranum, reglur um ítarlegt skipulag og tímasetningu málsmeðferðarinnar sem komið er á með 5. mgr. a og 5. mgr. b.

5d. Aðildarríkin og vinnuveitendur nefndarmanna í vísindanefndinni og sérfræðinganefndunum skulu ekki gefa þessum nefndarmönnum eða utanaðkomandi sérfræðingum, sem taka þátt í vinnuhópum vísindanefndarinnar eða sérfræðinganefndanna, fyrirmæli sem samrýmast ekki einstaklingsbundnum verkefnum þessara nefndarmanna eða sérfræðinga eða sem samrýmast ekki verkefnum, skyldum og sjálfstæði Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5e. Matvælaöryggisstofnunin skal styðja við verkefni vísindanefndarinnar og sérfræðinganefnda með því að skipuleggja starf þeirra, einkum undirbúningsvinnu sem starfsfólk Matvælaöryggisstofnunarinnar eða tilnefndar landsbundnar vísindastofnanir, sem um getur í 36. gr., eiga að takast á hendur, þ.m.t. með því að skipuleggja þann möguleika að undirbúa vísindaleg álit sem sérfræðinganefndirnar skulu jafningjarýna áður en þær samþykkja þau.

5f. Í hverri sérfræðinganefnd skal að hámarki vera 21 stjórnarmaður.

5g. Nefndarmenn í sérfræðinganefndum skulu hafa aðgang að ítarlegri þjálfun um áhættumatið.“

c) Í stað b-liðar 9. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) fjölda nefndarmanna í hverri sérfræðinganefnd, en ekki fleiri en hámarksfjöldinn sem kveðið er á um í 5. mgr. f.“

6) Eftirfarandi greinum er bætt við:

*„32. gr. a*

**Ráðgjöf fyrir framlagningu**

1. Ef lög Sambandsins innihalda ákvæði um að Matvælaöryggisstofnunin skuli láta í té vísindalegar niðurstöður, þ.m.t. vísindaleg álit, skal starfsfólk Matvælaöryggisstofnunarinnar, að beiðni hugsanlegs umsækjanda eða tilkynnanda, veita ráðgjöf um reglurnar sem gilda um og innihaldið sem krafist er í umsókn eða tilkynningu áður en hún er lögð fram. Slík ráðgjöf sem starfsfólk Matvælaöryggisstofnunarinnar lætur í té skal ekki hafa áhrif á og ekki vera bindandi að því er varðar síðara mat sérfræðinganefndanna á umsóknum eða tilkynningum. Starfsfólk Matvælaöryggisstofnunarinnar sem veitir ráðgjöfina skal ekki taka þátt í neinni vísindalegri eða tæknilegri undirbúningsvinnu sem skiptir máli, beint eða óbeint, fyrir umsóknina eða tilkynninguna sem ráðgjöfin varðar.

2. Matvælaöryggisstofnunin skal birta almennar leiðbeiningar á vefsetri sínu að því er varðar reglurnar sem gilda um og innihaldið sem krafist er í umsóknum eða tilkynningum, þ.m.t., eftir því sem við á, almennar leiðbeiningar um tilhögun þeirra rannsókna sem krafist er.

*32. gr. b*

**Tilkynning um rannsóknir**

1. Matvælaöryggisstofnunin skal koma á fót og stjórna gagnagrunni fyrir rannsóknir sem rekstraraðilar láta framkvæma eða framkvæma til stuðnings umsókn eða tilkynningu þar sem lög Sambandsins innihalda ákvæði um að Matvælaöryggisstofnunin láti í té vísindalegar niðurstöður í tengslum við hana, þ.m.t. vísindalegt álit.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu rekstraraðilar án tafar tilkynna Matvælaöryggisstofnuninni um heiti og umfang sérhverrar rannsóknar sem þeir framkvæma eða láta framkvæma til stuðnings umsókn eða tilkynningu sem og um rannsóknarstofu eða prófunarstöð sem framkvæmir þessa rannsókn og um upphafsdag hennar og fyrirhugaðan lokadag.

3. Að því er varðar 1. mgr. skulu rannsóknarstofur og aðrar prófunarstöðvar, sem eru staðsettar í Sambandinu, einnig tilkynna Matvælaöryggisstofnuninni án tafar um heiti og umfang sérhverrar rannsóknar sem rekstraraðilar láta framkvæma til stuðnings umsókn eða tilkynningu og sem slíkar rannsóknarstofur eða prófunarstöðvar inna af hendi, upphafsdag hennar og fyrirhugaðan lokadag sem og um heiti rekstraraðilans sem lét framkvæma slíka rannsókn.

Þessi málsgrein skal einnig gilda að breyttu breytanda um rannsóknarstofur og aðrar prófunarstöðvar, sem eru staðsettar í þriðju löndum, að því marki sem sett er fram í viðeigandi samningum og samkomulagi við þessi þriðju lönd, þ.m.t. eins og um getur í 49. gr.

4. Umsókn eða tilkynning skal ekki teljast gild eða tæk ef hún er studd rannsóknum sem ekki hefur verið tilkynnt um fyrir fram í samræmi við 2. eða 3. mgr. nema umsækjandinn eða tilkynnandinn leggi fram gildan rökstuðning fyrir því að tilkynna ekki um slíkar rannsóknir.

Ef ekki hefur verið tilkynnt fyrir fram um rannsóknir í samræmi við 2. eða 3. mgr. og ef gildur rökstuðningur hefur ekki verið lagður fram er heimilt að leggja umsókn eða tilkynningu fram aftur, að því tilskildu að umsækjandinn eða tilkynnandinn tilkynni um þessar rannsóknir til Matvælaöryggisstofnunarinnar, einkum um heiti þeirra og umfang, rannsóknarstofu eða prófunarstöð sem innti þær af hendi sem og um upphafsdag þeirra og fyrirhugaðan lokadag.

Mat á gildi eða lögmæti slíkrar endurframlagðrar umsóknar eða tilkynningar skal hefjast sex mánuðum eftir að tilkynnt er um rannsóknirnar samkvæmt annarri undirgrein.

5. Umsókn eða tilkynning skal ekki teljast gild eða tæk ef rannsóknir, sem áður hefur verið tilkynnt um í samræmi við 2. eða 3. mgr., fylgja ekki með í umsókninni eða tilkynningunni nema umsækjandinn eða tilkynnandinn leggi fram gildan rökstuðning fyrir því að láta slíkar rannsóknir ekki fylgja með.

Ef rannsóknir, sem áður hefur verið tilkynnt um í samræmi við 2. eða 3. mgr., fylgdu ekki með í umsókninni eða tilkynningunni og ef gildur rökstuðningur hefur ekki verið lagður fram er heimilt að leggja umsókn eða tilkynningu fram aftur að því tilskildu að umsækjandinn eða tilkynnandinn leggi fram allar rannsóknir sem tilkynnt var um í samræmi við 2. eða 3. mgr.

Mat á gildi eða lögmæti slíkrar endurframlagðrar umsóknar eða tilkynningar skal hefjast sex mánuðum eftir að rannsóknirnar eru lagðar fram samkvæmt annarri undirgrein.

6. Ef Matvælaöryggisstofnunin kemst að raun um við áhættumat sitt að rannsóknir, sem tilkynnt var um í samræmi við 2. eða 3. mgr., fylgja ekki í heild sinni með í samsvarandi umsókn eða tilkynningu og ef gildur rökstuðningur umsækjandans eða tilkynnandans er ekki fyrir hendi að því er þetta varðar skal stöðva tímabundið þann frest sem Matvælaöryggisstofnunin hefur til að leggja fram vísindalegar niðurstöður sínar. Þessi tímabundna stöðvun skal taka enda sex mánuðum eftir framlagningu allra gagna um þessar rannsóknir.

7. Matvælaöryggisstofnunin skal einungis birta tilkynntar upplýsingar í tilvikum þar sem henni berst samsvarandi umsókn eða tilkynning og eftir að hún hefur tekið ákvörðun um birtingu meðfylgjandi rannsókna í samræmi við 38. til 39. gr. e.

8. Matvælaöryggisstofnunin skal mæla fyrir um hagnýtt fyrirkomulag til að koma ákvæðum þessarar greinar til framkvæmda, þ.m.t. fyrirkomulag að því er varðar að fara fram á og birta gildan rökstuðning í tilvikunum sem um getur í 4., 5. og 6. mgr. Þetta fyrirkomulag skal vera í samræmi við þessa reglugerð og önnur viðeigandi lög Sambandsins.

*32. gr. c*

**Samráð við þriðju aðila**

1. Ef kveðið er á um það í viðeigandi lögum Sambandsins að heimilt sé að endurnýja samþykki eða leyfi, þ.m.t. með tilkynningu, skal hugsanlegur umsækjandi eða tilkynnandi vegna endurnýjunar tilkynna Matvælaöryggisstofnuninni um þær rannsóknir sem hann ætlar sér að framkvæma í þessu skyni, þ.m.t. upplýsingar um hvernig eigi að framkvæma ýmsar rannsóknir til að tryggja að farið sé að kröfum samkvæmt reglum. Í kjölfar slíkrar tilkynningar um rannsóknir skal Matvælaöryggisstofnunin hefja samráð við hagsmunaaðila og almenning um fyrirhugaðar rannsóknir vegna endurnýjunar, þ.m.t. um tillagða tilhögun rannsóknanna. Matvælaöryggisstofnunin skal, að teknu tilliti til athugasemda sem borist hafa frá hagsmunaaðilum og almenningi, sem skipta máli fyrir áhættumatið á fyrirhugaðri endurnýjun, veita ráðgjöf varðandi innihald fyrirhugaðrar umsóknar eða tilkynningar um endurnýjun sem og varðandi tilhögun rannsóknanna. Ráðgjöfin sem Matvælaöryggisstofnunin lætur í té skal ekki hafa áhrif á og ekki vera bindandi að því er varðar síðara mat sérfræðinganefndanna á umsóknum eða tilkynningum um endurnýjun.

2. Matvælaöryggisstofnunin skal hafa samráð við hagsmunaaðila og almenning á grundvelli þeirrar útgáfu umsóknar eða tilkynningar sem þagnarskylda ríkir ekki um, sem Matvælaöryggisstofnunin birtir í samræmi við 38. til 39. gr. e, og tafarlaust eftir slíka birtingu upplýsinga opinberlega í því skyni að sanngreina hvort önnur vísindagögn eða rannsóknir, sem skipta máli, eru tiltækar um viðfangsefnið sem umsóknin eða tilkynningin varðar. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, þegar áhætta er á að ekki sé unnt að gera tilhlýðilega athugun á niðurstöðum samráðs við almenning, sem innt er af hendi í samræmi við þessa málsgrein, vegna frestsins sem Matvælaöryggisstofnun hefur til að leggja fram vísindalegar niðurstöður sínar, er heimilt að lengja þennan frest um í mesta lagi sjö vikur. Þessi málsgrein er með fyrirvara um skyldur Matvælaöryggisstofnunarinnar skv. 33. gr. og gildir ekki um framlagningu umsækjenda eða tilkynnenda á neinum viðbótarupplýsingum meðan áhættumatsferlið stendur yfir.

3. Matvælaöryggisstofnunin skal mæla fyrir um hagnýtt fyrirkomulag til að koma málsmeðferðinni, sem um getur í þessari grein og í 32. gr. a, til framkvæmda.

*32. gr. d*

**Sannprófunarrannsóknir**

Framkvæmdastjórninni er heimilt, í undantekningartilvikum þegar um er að ræða alvarlegan ágreining eða ósamkvæmar niðurstöður, að fara þess á leit að Matvælaöryggisstofnunin láti framkvæma vísindarannsóknir með það að markmiði að sannprófa sannanirnar sem eru notaðar í áhættumatsferli hennar, með fyrirvara um þá skyldu umsækjenda að sýna fram á öryggi viðfangsefnis sem er lagt fram í leyfisveitingakerfi. Rannsóknir, sem látið er framkvæma, geta haft víðtækara umfang en sannanirnar sem falla undir sannprófun.“

7) Ákvæðum 38. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Matvælaöryggisstofnunin skal inna starfsemi sína af hendi með mjög gagnsæjum hætti. Hún skal einkum birta:

a) dagskrár, þátttakendaskrár og fundargerðir stjórnarinnar, ráðgjafarhópsins, vísindanefnda og sérfræðinganefnda og vinnuhópa þeirra,

b) allar vísindalegar niðurstöður sínar, þ.m.t. skulu álit vísindanefndarinnar og sérfræðinganefndanna eftir samþykkt, minnihlutaálit og niðurstöður samráðs, sem fer fram meðan áhættumatsferli stendur yfir, alltaf fylgja með,

c) vísindagögn, rannsóknir og aðrar upplýsingar til stuðnings umsóknum, þ.m.t. viðbótarupplýsingar sem umsækjendur láta í té, sem og önnur vísindagögn og upplýsingar til stuðnings beiðnum frá Evrópuþinginu, framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum um vísindalegar niðurstöður, þ.m.t. vísindalegt álit, að teknu tilliti til verndunar trúnaðarupplýsinga og verndar persónuupplýsinga í samræmi við 39. gr. til 39. gr. e,

d) upplýsingar um á hvaða grundvelli hún byggir vísindalegar niðurstöður sínar, þ.m.t. vísindaleg álit, að teknu tilliti til verndunar trúnaðarupplýsinga og verndar persónuupplýsinga í samræmi við 39. gr. til 39. gr. e,

e) árlegar hagsmunayfirlýsingar stjórnarmanna í stjórninni, framkvæmdastjóra og þeirra sem eiga sæti í ráðgjafarhópi, vísindanefndinni og sérfræðinganefndum sem og þeirra sem eiga sæti í vinnuhópum og hagsmunayfirlýsingar sem gefnar eru í tengslum við dagskrárefni funda,

f) vísindarannsóknir sínar í samræmi við 32. gr. og 32. gr. d,

g) árlega skýrslu um starfsemi sína,

h) beiðnir um vísindalegt álit frá Evrópuþinginu, framkvæmdastjórninni eða aðildarríki, sem hefur verið synjað eða breytt, ásamt rökstuðningi fyrir synjuninni eða breytingunni,

i) samantekt á þeirri ráðgjöf sem hugsanlegum umsækjendum var veitt fyrir framlagningu skv. 32. gr. a og 32. gr. c.

Upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu birtar án tafar að undanskildum upplýsingunum sem um getur í c-lið hennar að því er varðar umsóknir og í i-lið hennar en þær skulu birtar án tafar eftir að umsókn hefur verið talin gild eða tæk.

Upplýsingarnar, sem um getur í annarri undirgrein, skulu birtar á sérstökum hluta af vefsetri Matvælaöryggisstofnunarinnar. Þessi sérstaki hluti skal vera aðgengilegur öllum og auðveldlega aðgengilegur. Það skal vera unnt að hala þessum upplýsingum niður, prenta þær og leita í þeim á rafrænu formi.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a. Birting upplýsinganna, sem um getur í c-, d- og i-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., skal vera með fyrirvara um:

a) allar gildandi reglur að því er varðar hugverkarétt þar sem settar eru takmarkanir á tiltekin not birtu skjalanna eða innihalds þeirra og

b) sérhver ákvæði, sem sett eru fram í lögum Sambandsins, sem vernda fjárfestingar af hálfu frumkvöðla við söfnun upplýsinga og gagna til stuðnings viðkomandi umsóknum um leyfi („gagnaverndarreglur“).

Ekki skal litið svo á að birting upplýsinganna, sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., opinberlega sé beint eða óbeint leyfi eða afnotaleyfi til að nota, endurgera eða nýta á annan hátt, sem brýtur í bága við hugverkarétt eða gagnaverndarreglur, viðkomandi gögn og upplýsingar og innihald þeirra og Sambandið skal ekki bera ábyrgð á notkun þriðju aðila á þeim. Matvælaöryggisstofnunin skal tryggja að þeir sem hafa aðgang að viðkomandi upplýsingum fyrir birtingu þeirra láti í té skýrt formlegt loforð eða undirritaðar yfirlýsingar að því er þetta varðar.“

c) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Matvælaöryggisstofnunin skal mæla fyrir um hagnýtt fyrirkomulag til að koma gagnsæisreglunum, sem um getur í 1. mgr., 1. mgr. a og 2. mgr. þessarar greinar, til framkvæmda, að teknu tilliti til 39. gr. til 39. gr. g og 41. gr.“

8) Í stað 39. gr. kemur eftirfarandi:

*„39. gr.*

**Trúnaðarkvöð**

1. Þrátt fyrir 38. gr. skal Matvælaöryggisstofnunin ekki birta neinar upplýsingar sem farið hefur verið fram á að njóti trúnaðarmeðferðar samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Að fenginni beiðni frá umsækjanda er Matvælaöryggisstofnuninni einungis heimilt að veita heimild fyrir trúnaðarmeðferð, að því er varðar eftirfarandi atriði í upplýsingunum, ef umsækjandinn sýnir fram á að birting slíkra upplýsinga geti hugsanlega skaðað hagsmuni hans að verulegu leyti:

a) framleiðslu- eða vinnsluferlið, þ.m.t. aðferðin og nýsköpunarþættir þar að lútandi, sem og aðrar tækni- og iðnaðarforskriftir sem eru fastur hluti af þessu ferli eða aðferð, að undanskildum upplýsingum sem skipta máli fyrir mat á öryggi,

b) viðskiptatengsl milli framleiðanda eða innflytjanda og umsækjanda eða leyfishafa, eftir atvikum,

c) viðskiptaupplýsingar sem leiða í ljós uppruna, markaðshlutdeild eða starfsstefnu umsækjandans og

d) magnbundna samsetningu viðfangsefnisins í beiðninni, að undanskildum upplýsingum sem skipta máli fyrir mat á öryggi.

3. Skráin yfir upplýsingar, sem um getur í 2. mgr., skal ekki hafa áhrif á nein sérlög Sambandsins.

4. Þrátt fyrir 2. og 3. mgr.:

a) ef brýnar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið, s.s. við neyðarástand, er Matvælaöryggisstofnuninni heimilt að birta upplýsingarnar sem um getur í 2. og 3. mgr.,

b) skulu upplýsingar sem eru hluti af niðurstöðunum, þ.m.t. vísindaleg álit, í vísindalegum niðurstöðum Matvælaöryggisstofnunarinnar og sem tengjast fyrirsjáanlegum áhrifum á heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið, samt sem áður birtar.“

9) Eftirfarandi greinum er bætt við:

*„39. gr a*

**Beiðni um trúnað**

1. Þegar umsækjandi leggur fram umsókn, vísindagögn til stuðnings og aðrar viðbótarupplýsingar í samræmi við lög Sambandsins er honum heimilt að fara fram á að tiltekinn hluti framlagðra upplýsinga sé meðhöndlaður sem trúnaðarmál í samræmi við 2. og 3. mgr. 39. gr. Með slíkri beiðni skal fylgja sannprófanlegur rökstuðningur þar sem sýnt er fram á að birting viðkomandi upplýsinga skaði umrædda hagsmuni verulega í samræmi við 2. og 3. mgr. 39. gr.

2. Ef umsækjandi leggur fram beiðni um trúnað skal hann láta í té útgáfu af framlögðum upplýsingum sem þagnarskylda ríkir ekki um og útgáfu sem þagnarskylda ríkir um í samræmi við stöðluð gagnasnið skv. 39. gr. f, ef þau eru fyrir hendi. Útgáfan sem þagnarskylda ríkir ekki um skal ekki innihalda þær upplýsingar sem umsækjandinn telur að þagnarskylda eigi að ríkja um á grundvelli 2. og 3. mgr. 39. gr. og hann skal tilgreina staði þar sem slíkar upplýsingar hafa verið felldar brott. Útgáfan sem þagnarskylda ríkir um skal innihalda allar framlagðar upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar sem umsækjandinn telur að þagnarskylda eigi að ríkja um. Upplýsingar, sem farið er fram á að séu meðhöndlaðar sem trúnaðarmál í útgáfunni sem þagnarskylda ríkir um, skulu greinilega merktar. Umsækjandinn skal tilgreina með skýrum hætti forsendurnar fyrir því að farið er fram á að mismunandi hlutar upplýsinganna njóti þagnarskyldu.

*39. gr. b*

**Ákvörðun um þagnarskyldu**

1. Matvælaöryggisstofnunin skal:

a) birta þá útgáfu af umsókninni sem þagnarskylda ríkir ekki um, eins og umsækjandinn leggur hana fram, tafarlaust eftir að umsókn hefur verið talin gild eða tæk,

b) hefja, án tafar, ítarlega og sérstaka skoðun á beiðninni um trúnað í samræmi við þessa grein,

c) upplýsa umsækjandann skriflega um þá fyrirætlun sína að birta upplýsingar og ástæðurnar fyrir því áður en hún tekur formlega ákvörðun varðandi beiðnina um trúnað. Ef umsækjandinn er ósammála mati Matvælaöryggisstofnunarinnar er honum heimilt að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eða draga umsókn sína til baka innan tveggja vikna frá þeim degi sem hann var látinn vita af afstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar,

d) samþykkja rökstudda ákvörðun varðandi beiðni um trúnað, að teknu tilliti til athugasemda umsækjandans, innan 10 vikna frá móttöku beiðninnar um trúnað að því er varðar umsóknir og án tafar ef um er að ræða viðbótargögn og upplýsingar; tilkynna umsækjanda um ákvörðun sína og veita upplýsingar um réttinn til að leggja fram staðfestingarumsókn í samræmi við 2. mgr. og upplýsa framkvæmdastjórnina og aðildarríkin, eftir því sem við á, um ákvörðun sína og

e) birta öll viðbótargögn og upplýsingar, þar sem beiðni um trúnað var ekki samþykkt sem rökstudd, í fyrsta lagi tveimur vikum eftir að hún sendir tilkynningu um ákvörðun sína til umsækjandans skv. d-lið.

2. Innan tveggja vikna frá tilkynningu Matvælaöryggisstofnunarinnar til umsækjandans um ákvörðun hennar varðandi beiðni um trúnað skv. 1. mgr. er umsækjandanum heimilt að leggja fram staðfestingarumsókn til að fara þess á leit að Matvælaöryggisstofnunin endurskoði ákvörðun sína. Staðfestingarumsóknin skal hafa áhrif til frestunar. Matvælaöryggisstofnunin skal kanna forsendurnar fyrir staðfestingarumsókninni og skal samþykkja rökstudda ákvörðun varðandi þessa staðfestingarumsókn. Matvælaöryggisstofnunin skal tilkynna umsækjandanum um þá ákvörðun innan þriggja vikna frá framlagningu staðfestingarumsóknarinnar og láta fylgja í þessari tilkynningu upplýsingar um tiltæk úrræði, þ.e.a.s. lögsókn fyrir Dómstól Evrópusambandsins (hér á eftir nefndur Dómstóllinn) gegn Matvælaöryggisstofnuninni skv. 3. mgr. Matvælaöryggisstofnunin skal birta öll viðbótargögn og upplýsingar, þar sem hún samþykkti ekki að beiðni um trúnað væri rökstudd, í fyrsta lagi tveimur vikum eftir að hún sendi tilkynningu um rökstudda ákvörðun sína varðandi staðfestingarumsóknina til umsækjandans samkvæmt þessari málsgrein.

3. Ákvarðanir sem Matvælaöryggisstofnunin tekur samkvæmt þessari grein geta fallið undir lögsókn fyrir Dómstólnum samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 263. og 278. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, eftir því sem við á.

*39. gr. c*

**Endurskoðun þagnarskyldu**

Áður en Matvælaöryggisstofnunin skilar vísindalegum niðurstöðum sínum, þ.m.t. vísindaleg álit, skal hún endurskoða hvort samt sem áður megi birta upplýsingar, sem áður hefur verið samþykkt að njóti trúnaðar, í samræmi við b-lið 4. mgr. 39. gr. Ef svo er skal Matvælaöryggisstofnunin fylgja málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 39. gr. b sem skal gilda að breyttu breytanda.

*39. gr. d*

**Skyldur að því er varðar þagnarskyldu**

1. Matvælaöryggisstofnunin skal hafa til reiðu fyrir framkvæmdastjórnina og aðildarríkin, samkvæmt beiðni, allar upplýsingar í vörslu hennar sem tengjast umsókn eða beiðni frá Evrópuþinginu, framkvæmdastjórninni eða aðildarríkjunum um vísindalegar niðurstöður, þ.m.t. vísindalegt álit, nema annað sé tilgreint í lögum Sambandsins.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að upplýsingar sem þeim berast samkvæmt lögum Sambandsins, sem farið hefur verið fram á að njóti trúnaðarmeðferðar, séu ekki birtar fyrr en Matvælaöryggisstofnunin hefur tekið ákvörðun varðandi þessa beiðni um trúnað og að hún sé orðin endanleg. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu einnig gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að upplýsingar, sem Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt að njóti trúnaðarmeðferðar, séu ekki birtar.

3. Ef umsækjandi dregur eða hefur dregið umsókn til baka skulu Matvælaöryggisstofnunin, framkvæmdastjórnin og aðildarríkin virða trúnað um upplýsingar sem Matvælaöryggisstofnunin hefur veitt heimild fyrir í samræmi við 39. gr. til 39. gr. e. Litið skal svo á að umsóknin hafi verið dregin til baka frá og með því augnabliki þegar þar til bær aðili, sem tók á móti upphaflegu umsókninni, móttekur skriflega beiðni þar að lútandi. Ef umsókn er dregin til baka áður en Matvælaöryggisstofnunin hefur tekið endanlega ákvörðun varðandi beiðni um trúnað skv. 1. eða 2. mgr. 39. gr. b, eftir því sem við á, skulu framkvæmdastjórnin, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunin ekki birta þær upplýsingar sem farið var fram á að trúnaður ríkti um.

4. Stjórnarmenn í stjórn Matvælaöryggisstofnunarinnar, framkvæmdastjórinn, nefndarmenn í vísindanefndinni og sérfræðinganefndum sem og utanaðkomandi sérfræðingar sem taka þátt í vinnuhópum þeirra, þeir sem sitja í ráðgjafarhópnum og starfsfólk Matvælaöryggisstofnunarinnar skulu bundin þagnarskyldu, jafnvel eftir að þau láta af störfum, skv. 339. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

5. Matvælaöryggisstofnunin skal, í samráði við framkvæmdastjórnina, mæla fyrir um hagnýtt fyrirkomulag við að koma reglum um þagnarskyldu, sem mælt er fyrir um í 39. gr., 39. gr. a, 39. gr. b, 39. gr. e og þessari grein, til framkvæmda, þ.m.t. fyrirkomulag varðandi framlagningu og meðhöndlun beiðna um trúnað að því er varðar upplýsingar sem á að birta skv. 38. gr. og að teknu tilliti til 39. gr. f og 39. gr. g. Að því er varðar 2. mgr. 39. gr. b skal Matvælaöryggisstofnunin tryggja að viðeigandi aðskilnaði verkefna sé beitt í tengslum við mat á staðfestingarumsóknum.

*39. gr. e*

**Vernd persónuupplýsinga**

1. Að því er varðar beiðnir um vísindalegar niðurstöður, þ.m.t. vísindaleg álit, samkvæmt lögum Sambandsins skal Matvælaöryggisstofnunin alltaf birta:

a) nafn og heimilisfang umsækjanda,

b) nöfn höfunda birtra rannsókna eða rannsókna sem eru aðgengilegar öllum, sem styðja við slíkar beiðnir, og

c) nöfn allra þátttakenda og áheyrnarfulltrúa á fundum vísindanefndarinnar og sérfræðinganefndanna, vinnuhópa þeirra og öllum öðrum sérstökum hópfundum vegna viðfangsefnisins.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal litið svo á að birting á nöfnum og heimilisföngum einstaklinga sem taka þátt í prófunum á hryggdýrum eða í því að afla eiturefnafræðilegra upplýsinga hafi verulega skaðleg áhrif á einkalíf og heilindi þessara einstaklinga og skuli ekki gerð aðgengileg öllum nema annað sé tilgreint í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðins (ESB) 2016/679 (*) og (ESB) 2018/1725 (**).

3. Reglugerðir (ESB) 2016/679 og (ESB) 2018/1725 skulu gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem innt er af hendi samkvæmt þessari reglugerð. Allar persónuupplýsingar sem eru birtar skv. 38. gr. þessarar reglugerðar og þessari grein skulu einungis notaðar til að tryggja gagnsæi áhættumatsins samkvæmt þessari reglugerð og skulu ekki unnar frekar á einhvern hátt sem er ósamrýmanlegur við þennan tilgang í samræmi við b-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og b-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725, eftir því sem við á.

*39. gr. f*

**Staðlað gagnasnið**

1. Að því er varðar c-lið 1. mgr. 38. gr. og til að tryggja skilvirka vinnslu beiðna til Matvælaöryggisstofnunarinnar um vísindalegar niðurstöður skal samþykkja stöðluð gagnasnið, í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, til að gera það kleift að leggja fram skjöl, leita í þeim, gera afrit af þeim og prenta þau út en tryggja um leið fylgni við kröfur samkvæmt reglum sem settar eru fram í lögum Sambandsins. Þessi stöðluðu gagnasnið skulu:

a) ekki byggjast á stöðlum sem njóta einkaleyfisverndar,

b) tryggja samvirkni við fyrirliggjandi aðferðir til framlagningar gagna að því marki sem mögulegt er,

c) vera notendavæn og aðlöguð til notkunar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

2. Að því er varðar samþykkt stöðluðu gagnasniðanna sem um getur í 1. mgr. skal fylgja eftirfarandi málsmeðferð:

a) Matvælaöryggisstofnunin skal semja drög að stöðluðum gagnasniðum fyrir mismunandi málsmeðferðir við leyfisveitingu og viðeigandi beiðnir frá Evrópuþinginu, framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum um vísindalegar niðurstöður,

b) framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, samþykkja stöðluð gagnasnið, að teknu tilliti til krafna sem gilda um mismunandi málsmeðferðir við leyfisveitingu og annarra lagaramma og eftir nauðsynlegar aðlaganir. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 58. gr.,

c) Matvælaöryggisstofnunin skal gera samþykktu stöðluðu gagnasniðin aðgengileg á vefsetri sínu,

d) ef stöðluð gagnasnið hafa verið samþykkt samkvæmt þessari grein skal einungis leggja fram umsóknir sem og beiðnir frá Evrópuþinginu, framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum um vísindalegar niðurstöður, þ.m.t. vísindalegt álit, í samræmi við þessi stöðluðu gagnasnið.

*39. gr. g*

**Upplýsingakerfi**

Upplýsingakerfi sem Matvælaöryggisstofnunin starfrækir til að geyma gögn sín, þ.m.t. trúnaðargögn og persónuupplýsingar, skulu hönnuð þannig að tryggt sé að allur aðgangur að þeim sé að fullu endurskoðunarhæfur og að hæsta öryggisstigi, sem á við um þá öryggisáhættu sem er í húfi, sé náð, að teknu tilliti til 39. gr. til 39. gr. f.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).“

10) Í stað annarrar undirgreinar 3. mgr. 40. gr. kemur eftirfarandi:

„Matvælaöryggisstofnunin skal birta allar vísindalegar niðurstöður, þ.m.t. vísindaleg álit, sem hún skilar og vísindagögn til stuðnings og aðrar upplýsingar í samræmi við 38. gr. til 39. gr. e.“

11) Ákvæðum 41. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir reglur um þagnarskyldu sem kveðið er á um í 39. gr. til 39. gr. d í þessari reglugerð skal reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 (*) gilda um skjöl sem Matvælaöryggisstofnunin er með í vörslu sinni.

Ef upplýsingar um umhverfismál eiga í hlut skal reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 (**) einnig gilda. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB (***) skal gilda um upplýsingar um umhverfismál sem aðildarríkin eru með í vörslu sinni þrátt fyrir reglur um trúnaðarkvöð sem kveðið er á um í 39. gr. til 39. gr. d í þessari reglugerð.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 frá 6. september 2006 um beitingu ákvæða Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum hjá stofnunum og aðilum Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 13).

(***) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Stjórnin skal samþykkja hagnýtt fyrirkomulag til að koma reglugerð (EB) nr. 1049/2001 og 6. og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1367/2006 til framkvæmda, eigi síðar en 27. mars 2020, og tryggja eins víðtækan aðgang og unnt er að skjölum í hennar vörslu.“

12) Í stað 61. gr. kemur eftirfarandi:

*„61. gr.*

**Endurskoðunarákvæði**

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja reglulega endurskoðun á beitingu þessarar reglugerðar.

2. Eigi síðar en 28. mars 2026 og á fimm ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin meta frammistöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar í tengslum við markmið hennar, umboð, verkefni, málsmeðferð og staðsetningu, í samræmi við leiðbeiningar framkvæmdastjórnarinnar. Þetta mat skal einnig ná yfir áhrifin af 32. gr. a um starfshætti Matvælaöryggisstofnunarinnar með sérstaka áherslu á tengt vinnuálag og hreyfanleika starfsfólks og á hvers konar breytingar á skiptingu tilfanga Matvælaöryggisstofnunarinnar sem getur hafa átt sér stað á kostnað starfsemi sem varðar almannahagsmuni. Í þessu mati skal fjalla um hvort þörf sé á að breyta umboði Matvælaöryggisstofnunarinnar og fjárhagsleg áhrif slíkrar breytingar.

3. Í matinu, sem um getur í 2. mgr., skal framkvæmdastjórnin einnig meta hvort þörf sé á að uppfæra skipulagsramma Matvælaöryggisstofnunarinnar enn frekar að því er varðar ákvarðanir varðandi beiðnir um trúnað og staðfestingar-umsóknir, þ.e.a.s. með því að koma á fót sérstakri kærunefnd eða með öðrum viðeigandi hætti.

4. Ef framkvæmdastjórnin lítur svo á að ekki sé lengur hægt að réttlæta rekstur Matvælaöryggisstofnunarinnar með tilliti til þeirra markmiða sem hún á að uppfylla, umboðs hennar og verkefna getur hún lagt til að viðeigandi ákvæðum þessarar reglugerðar verði breytt til samræmis við það eða felld úr gildi.

5. Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu, ráðinu og stjórninni skýrslu um niðurstöður endurskoðunar sinnar og mats samkvæmt þessari grein. Þessar niðurstöður skulu birtar.“

13) Eftirfarandi grein er bætt við:

*„61 gr. a*

**Gagnaöflunarheimsóknir**

Sérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar skulu inna af hendi gagnaöflunarheimsóknir í aðildarríkjum til að meta notkun rannsóknarstofa og annarra prófunarstöðva á viðeigandi stöðlum við framkvæmd prófana og rannsókna sem lagðar eru fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem hluti af umsókn, sem og fylgni við tilkynningarskylduna sem sett er fram í 3. mgr. 32. gr. b, eigi síðar en 28. mars 2025. Eigi síðar en þann dag skulu sérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar einnig fara í gagnaöflunarheimsóknir til að meta beitingu rannsóknarstöðva og annarra prófunarstöðva, sem eru staðsettar í þriðju löndum, á þessum stöðlum að því marki sem sett er fram í viðeigandi samningum og samkomulagi við þessi þriðju lönd, þ.m.t. eins og um getur í 49. gr.

Gera skal framkvæmdastjórninni, aðildarríkjunum og Matvælaöryggisstofnuninni, sem og metnum rannsóknarstofum og öðrum prófunarstöðvum, viðvart um tilvik, sem koma í ljós í þessum gagnaöflunarheimsóknum, þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum. Framkvæmdastjórnin, Matvælaöryggisstofnunin og aðildarríkin skulu tryggja viðeigandi eftirfylgni með slíkum tilvikum sem koma í ljós þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum.

Niðurstaðan úr þessum gagnaöflunarheimsóknum skal lögð fram í yfirlitsskýrslu. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli þessarar skýrslu, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf, ef við á, einkum að því er varðar nauðsynlega málsmeðferð við eftirlit, þ.m.t. endurskoðanir.“

*2. gr.*

**Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1829/2003**

Reglugerð (EB) nr. 1829/2003 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 3. mgr. 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Umsóknin skal lögð fram í samræmi við stöðluð gagnasnið skv. 39. gr. f í reglugerð (EB) nr. 178/2002, ef þau eru fyrir hendi, og henni skal fylgja eftirfarandi:“

b) Í stað l-liðar kemur eftirfarandi:

„l) auðkenning á þeim hlutum umsóknar og öðrum viðbótarupplýsingum sem umsækjandinn fer fram á að séu meðhöndluð sem trúnaðarmál, ásamt meðfylgjandi sannprófanlegum rökstuðningi, skv. 30. gr. þessarar reglugerðar og 39. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002,“

c) Eftirfarandi lið er bætt við:

„m) samantekt málsskjalanna á stöðluðu formi.“

2) Í stað 7. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi:

„7. Matvælaöryggisstofnunin skal, í samræmi við 1. mgr. 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, birta álit sitt eftir að felldar hafa verið brott allar upplýsingar sem teljast trúnaðarmál í samræmi við 39. gr. til 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og 30. gr. þessarar reglugerðar. Almenningur getur lagt athugasemdir sínar fyrir framkvæmdastjórnina innan 30 daga frá slíkri birtingu.“

3) Í stað 1. mgr. 10. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Matvælaöryggisstofnunin skal, að eigin frumkvæði eða að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkis, skila áliti um það hvort leyfi fyrir vöru, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar, uppfylli ennþá þau skilyrði sem sett eru fram í þessari reglugerð. Hún skal þegar í stað senda þetta álit til framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna og leyfishafans. Matvælaöryggisstofnunin skal, í samræmi við 1. mgr. 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, birta álit sitt eftir að felldar hafa verið brott allar upplýsingar sem teljast trúnaðarmál í samræmi við 39. gr. til 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og 30. gr. þessarar reglugerðar. Almenningur getur lagt athugasemdir sínar fyrir framkvæmdastjórnina innan 30 daga frá slíkri birtingu.“

4) Í stað inngangsorða 2. mgr. 11. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Umsóknin skal lögð fram í samræmi við stöðluð gagnasnið skv. 39. gr. f í reglugerð (EB) nr. 178/2002, ef þau eru fyrir hendi, og henni fylgja eftirfarandi:“

5) Ákvæðum 3. mgr. 17. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Umsóknin skal lögð fram í samræmi við stöðluð gagnasnið skv. 39. gr. f í reglugerð (EB) nr. 178/2002, ef þau eru fyrir hendi, og henni fylgja eftirfarandi:“

b) Í stað l-liðar kemur eftirfarandi:

„l) auðkenning á þeim hlutum umsóknar og öðrum viðbótarupplýsingum sem umsækjandinn fer fram á að séu meðhöndluð sem trúnaðarmál, ásamt meðfylgjandi sannprófanlegum rökstuðningi, skv. 30. gr. þessarar reglugerðar og 39. gr. til 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002“.

c) Eftirfarandi lið er bætt við:

„m) samantekt málsskjalanna á stöðluðu formi.“

6) Í stað 7. mgr. 18. gr. kemur eftirfarandi:

„7. Matvælaöryggisstofnunin skal, í samræmi við 1. mgr. 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, birta álit sitt eftir að felldar hafa verið brott allar upplýsingar sem teljast trúnaðarmál í samræmi við 39. gr. til 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og 30. gr. þessarar reglugerðar. Almenningur getur lagt athugasemdir sínar fyrir framkvæmdastjórnina innan 30 daga frá slíkri birtingu.“

7) Í stað 1. mgr. 22. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Matvælaöryggisstofnunin skal, að eigin frumkvæði eða að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkis, skila áliti um það hvort leyfi fyrir vöru, sem um getur í 1. mgr. 15. gr., uppfylli ennþá þau skilyrði sem sett eru fram í þessari reglugerð. Hún skal þegar í stað senda þetta álit til framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna og leyfishafans. Matvælaöryggisstofnunin skal, í samræmi við 1. mgr. 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, birta álit sitt eftir að felldar hafa verið brott allar upplýsingar sem teljast trúnaðarmál í samræmi við 39. gr. til 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og 30. gr. þessarar reglugerðar. Almenningur getur lagt athugasemdir sínar fyrir framkvæmdastjórnina innan 30 daga frá slíkri birtingu.“

8) Í stað inngangsorða 2. mgr. 23. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Umsóknin skal lögð fram í samræmi við stöðluð gagnasnið skv. 39. gr. f í reglugerð (EB) nr. 178/2002, ef þau eru fyrir hendi, og henni fylgja eftirfarandi:“

9) Í stað 1. og 2. mgr. 29. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Matvælaöryggisstofnunin skal birta umsókn um leyfi, viðeigandi stuðningsupplýsingar og allar viðbótarupplýsingar sem umsækjandinn leggur fram sem og vísindaleg álit sín og álit frá lögbærum yfirvöldum, sem um getur í 4. gr. tilskipunar 2001/18/EB, í samræmi við 38. gr. til 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002, og að teknu tilliti til 30. gr. þessarar reglugerðar.

2. Matvælaöryggisstofnunin skal beita reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (*) við meðhöndlun umsókna um aðgang að skjölum í vörslu Matvælaöryggisstofnunarinnar.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).“

10) Í stað 30. gr. kemur eftirfarandi:

*„30. gr.*

**Trúnaðarkvöð**

1. Í samræmi við skilyrðin og málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 39. gr. til 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og þessari grein:

a) er umsækjanda heimilt að leggja fram beiðni um að tilteknir hlutar upplýsinganna sem látnar eru í té samkvæmt þessari reglugerð séu meðhöndlaðir sem trúnaðarmál, ásamt meðfylgjandi sannprófanlegum rökstuðningi, og

b) Matvælaöryggisstofnunin skal meta beiðnina um trúnað sem umsækjandinn lagði fram.

2. Til viðbótar við þau atriði í upplýsingunum sem um getur í a-, b- og c-lið 2. mgr. 39. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og skv. 3. mgr. 39. gr. hennar er Matvælaöryggisstofnuninni einnig heimilt að veita heimild fyrir trúnaðarmeðferð, að því er varðar eftirfarandi upplýsingar, ef umsækjandinn sýnir fram á að birting slíkra upplýsinga geti hugsanlega skaðað hagsmuni hans að verulegu leyti:

a) upplýsingar um DNA-raðir, að undanskildum röðum sem eru notaðar til að greina, sanngreina og magnákvarða erfðaummyndunina, og

b) kynbótamynstur og kynbótaáætlanir.

3. Hugverkaréttur eða annað skal ekki takmarka notkun greiningaraðferðanna og eftirgerð viðmiðunarefnanna, sem kveðið er á um í 3. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 17. gr., við beitingu þessarar reglugerðar að því er varðar erfðabreyttar lífverur, matvæli eða fóður sem umsókn fjallar um.

4. Þessi grein er með fyrirvara um 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.“

*3. gr.*

**Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1831/2003**

Reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Umsókn um leyfi, sem kveðið er á um í 4. gr. þessarar reglugerðar, skal send framkvæmdastjórninni í samræmi við stöðluð gagnasnið skv. 39. gr. f í reglugerð (EB) nr. 178/2002, ef þau eru fyrir hendi, sem skulu gilda að breyttu breytanda. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa aðildarríkin um umsóknina án tafar og framsenda hana til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin [áður: stofnunin]).“

b) Í stað c-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„c) birta umsóknina og allar upplýsingar sem umsækjandi leggur fram í samræmi við 18. gr.“

2) Í stað 18. gr. kemur eftirfarandi:

*„18. gr.*

**Gagnsæi og trúnaðarkvöð**

1. Matvælaöryggisstofnunin skal birta umsókn um leyfi, viðeigandi stuðningsupplýsingar og allar viðbótarupplýsingar sem umsækjandinn leggur fram sem og vísindaleg álit sín, í samræmi við 38. gr. til 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002, sem skulu gilda að breyttu breytanda.

2. Í samræmi við skilyrðin og málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 39. gr. til 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og í þessari grein er umsækjanda heimilt að leggja fram beiðni um að tilteknir hlutar upplýsinganna sem látnar eru í té samkvæmt þessari reglugerð séu meðhöndlaðir sem trúnaðarmál, ásamt meðfylgjandi sannprófanlegum rökstuðningi. Matvælaöryggisstofnunin skal meta beiðnina um trúnað sem umsækjandinn lagði fram.

3. Til viðbótar við þau atriði í upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. 39. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og skv. 3. mgr. 39. gr. hennar er Matvælaöryggisstofnuninni einnig heimilt að veita heimild fyrir trúnaðarmeðferð, að því er varðar eftirfarandi atriði í upplýsingunum, ef umsækjandinn sýnir fram á að birting slíkra upplýsinga geti hugsanlega skaðað hagsmuni hans að verulegu leyti:

a) rannsóknaráætlun fyrir rannsóknir þar sem sýnt er fram á virkni fóðuraukefnis með tilliti til markmiðanna með fyrirhugaðri notkun þess, eins og skilgreint er í 1. mgr. 6. gr. og í I. viðauka við þessa reglugerð, og

b) forskriftir fyrir óhreinindi í virka efninu og viðeigandi aðferðir til greiningar sem umsækjandinn þróaði innan fyrirtækisins, að undanskildum óhreinindum sem geta haft skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði manna eða umhverfið.

4. Þessi grein er með fyrirvara um 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.“

*4. gr.*

**Breytingar á reglugerð (EB) nr. 2065/2003**

Reglugerð (EB) nr. 2065/2003 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„c) Matvælaöryggisstofnunin skal:

i. þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um umsóknina og láta þeim hana í té ásamt öllum viðbótarupplýsingum sem umsækjandi leggur fram og

ii. birta umsóknina, viðeigandi stuðningsupplýsingar og allar viðbótarupplýsingar sem umsækjandi leggur fram í samræmi við 14. og 15. gr.“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Matvælaöryggisstofnunin skal birta nákvæmar leiðbeiningar, eftir samkomulag við framkvæmdastjórnina, um undirbúning og afhendingu umsóknarinnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, að teknu tilliti til staðlaðra gagnasniða skv. 39. gr. f í reglugerð (EB) nr. 178/2002, ef þau eru fyrir hendi.“

2) Í stað 1. mgr. 14. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Matvælaöryggisstofnunin skal birta umsókn um leyfi, viðeigandi stuðningsupplýsingar og allar viðbótarupplýsingar sem umsækjandinn leggur fram sem og vísindaleg álit sín í samræmi við 38. gr. til 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002.“

3) Í stað 15. gr. kemur eftirfarandi:

*„15. gr.*

**Trúnaðarkvöð**

1. Í samræmi við skilyrðin og málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 39. gr. til 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002:

a) er umsækjanda heimilt að leggja fram beiðni um að tilteknir hlutar upplýsinganna sem látnar eru í té samkvæmt þessari reglugerð séu meðhöndlaðir sem trúnaðarmál, ásamt meðfylgjandi sannprófanlegum rökstuðningi, og

b) Matvælaöryggisstofnunin skal meta beiðnina um trúnað sem umsækjandinn lagði fram.

2. Þessi grein er með fyrirvara um 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.“

*5. gr.*

**Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1935/2004**

Reglugerð (EB) nr. 1935/2004 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„c) Matvælaöryggisstofnunin skal þegar í stað:

i. upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um umsóknina og sjá til þess að þau hafi aðgang að umsókninni og öllum viðbótarupplýsingum sem umsækjandi leggur fram og

ii. birta umsóknina, viðeigandi stuðningsupplýsingar og allar viðbótarupplýsingar sem umsækjandi leggur fram í samræmi við 19. og 20. gr.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Matvælaöryggisstofnunin skal birta nákvæmar leiðbeiningar, eftir samkomulag við framkvæmdastjórnina, um undirbúning og afhendingu umsóknarinnar, að teknu tilliti til staðlaðra gagnasniða skv. 39. gr. f í reglugerð (EB) nr. 178/2002, ef þau eru fyrir hendi, sem skulu gilda að breyttu breytanda.“

2) Í stað 1. mgr. 19. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Matvælaöryggisstofnunin skal birta umsókn um leyfi, viðeigandi stuðningsupplýsingar og allar viðbótarupplýsingar sem umsækjandinn leggur fram sem og vísindaleg álit sín, í samræmi við 38. gr. til 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002, sem skulu gilda að breyttu breytanda, og í samræmi við 20. gr. þessarar reglugerðar.“

3) Í stað 20. gr. kemur eftirfarandi:

*„20. gr.*

**Trúnaðarkvöð**

1. Í samræmi við skilyrðin og málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 39. gr. til 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og í þessari grein:

a) er umsækjanda heimilt að leggja fram beiðni um að tilteknir hlutar upplýsinganna sem látnar eru í té samkvæmt þessari reglugerð séu meðhöndlaðir sem trúnaðarmál, ásamt meðfylgjandi sannprófanlegum rökstuðningi, og

b) Matvælaöryggisstofnunin skal meta beiðnina um trúnað sem umsækjandinn lagði fram.

2. Til viðbótar við þau atriði í upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. 39. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og skv. 3. mgr. 39. gr. hennar er Matvælaöryggisstofnuninni einnig heimilt að veita heimild fyrir trúnaðarmeðferð, að því er varðar eftirfarandi atriði í upplýsingunum, ef umsækjandinn sýnir fram á að birting slíkra upplýsinga geti hugsanlega skaðað hagsmuni hans að verulegu leyti:

a) allar upplýsingar sem veittar eru í nákvæmum lýsingum á grunnefnum og blöndum sem eru notaðar til að framleiða efnið sem fellur undir leyfið, samsetningu blandna, efniviða eða hluta sem umsækjandinn ætlar sér að nota þetta efni í, framleiðsluaðferðir þessara blandna, efniviða eða hluta, óhreinindi og niðurstöður úr flæðiprófunum, að undanskildum upplýsingum sem skipta máli fyrir mat á öryggi,

b) vörumerkið sem efnið verður markaðssett undir sem og vörumerki blandna, efniviða eða hluta sem það skal notað í, eftir atvikum, og

c) allar aðrar upplýsingar sem teljast falla undir trúnað innan sértækra reglna um málsmeðferð sem um getur í n-lið 1. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar.

3. Þessi grein er með fyrirvara um 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.“

*6. gr.*

**Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1331/2008**

Reglugerð (EB) nr. 1331/2008 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 6. gr.:

„5. Matvælaöryggisstofnunin skal birta viðbótarupplýsingar sem umsækjandinn leggur fram í samræmi við 11. og 12. gr.“

2) Í stað 11. gr. kemur eftirfarandi:

*„11. gr.*

**Gagnsæi**

Ef framkvæmdastjórnin fer þess á leit að fá álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar, skal Matvælaöryggisstofnunin birta án tafar umsókn um leyfi, viðeigandi stuðningsupplýsingar og allar viðbótarupplýsingar sem umsækjandinn leggur fram sem og vísindaleg álit sín í samræmi við 38. gr. til 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002. Matvælaöryggisstofnunin skal einnig birta allar beiðnir um álit sín sem og hvers kyns framlengingu á tímabili skv. 1. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar.“

3) Í stað 12. gr. kemur eftirfarandi:

*„12. gr.*

**Trúnaðarkvöð**

1. Við framlagningu umsóknar er umsækjanda heimilt að leggja fram beiðni um að tilteknir hlutar upplýsinganna sem látnar eru í té samkvæmt þessari reglugerð séu meðhöndlaðir sem trúnaðarmál, ásamt meðfylgjandi sannprófanlegum rökstuðningi.

2. Ef farið er fram á álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar, skal hún meta beiðnina um trúnað sem umsækjandinn lagði fram í samræmi við 39. gr. til 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002.

3. Til viðbótar við þau atriði í upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. 39. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og skv. 3. mgr. 39. gr. hennar er Matvælaöryggisstofnuninni einnig heimilt að veita heimild fyrir trúnaðarmeðferð, að því er varðar eftirfarandi atriði í upplýsingunum, ef umsækjandinn sýnir fram á að birting slíkra upplýsinga geti hugsanlega skaðað hagsmuni hans að verulegu leyti:

a) eftir atvikum, upplýsingar sem veittar eru í nákvæmum lýsingum á grunnefnum og grunnefnablöndum og því hvernig þau eru notuð til að framleiða efnið sem fellur undir leyfið og nákvæmar upplýsingar um eðli og samsetningu efniviðanna eða varanna sem umsækjandinn ætlar sér að nota efnið í sem fellur undir leyfið, að undanskildum upplýsingum sem skipta máli fyrir mat á öryggi,

b) eftir atvikum, ítarlegar greiningarupplýsingar um breytileika og stöðugleika einstakra framleiðslulota efnisins sem fellur undir leyfið, að undanskildum upplýsingum sem skipta máli fyrir mat á öryggi.

4. Ef ekki er farið fram á álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar, skal framkvæmdastjórnin meta beiðnina um trúnað sem umsækjandinn lagði fram. Ákvæði 39. gr., 39. gr. a og 39. gr. d í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og 3. mgr þessarar greinar skulu gilda að breyttu breytanda.

5. Þessi grein er með fyrirvara um 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.“

*7. gr.*

**Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1107/2009**

Reglugerð (EB) nr. 1107/2009 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Framleiðandi virks efnis skal leggja umsókn um samþykki fyrir virku efni eða um breytingu á skilyrðum fyrir samþykki fyrir aðildarríki (skýrslugjafaraðildarríkið) ásamt samantekt og fullnaðarmálsskjölum eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar, eða vísindalegum rökstuddum ástæðum fyrir því að leggja tiltekna hluta þessara málsskjala ekki fram, þar sem sýnt er fram á að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. þessarar reglugerðar. Umsóknin skal lögð fram í samræmi við stöðluð gagnasnið skv. 39. gr. f í reglugerð (EB) nr. 178/2002, ef þau eru fyrir hendi, sem skal gilda að breyttu breytanda.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Þegar umsóknin er lögð fram má umsækjandinn, skv. 63. gr., leggja fram beiðni um að farið sé með tilteknar upplýsingar, þ.m.t. tiltekna hluta málsskjalanna, sem trúnaðarmál og hann skal halda þeim upplýsingum algerlega aðskildum frá öðrum upplýsingum.

Aðildarríkin skulu meta óskir um trúnaðarkvaðir. Eftir samráð við Matvælaöryggisstofnunina skal skýrslugjafaraðildarríkið ákveða hvaða upplýsingar skuli meðhöndla sem trúnaðarmál í samræmi við 63. gr.

Matvælaöryggisstofnunin skal, eftir samráð við aðildarríkin, mæla fyrir um hagnýtt fyrirkomulag til að tryggja samræmi í þessu mati.“

2) Í stað 10. gr. kemur eftirfarandi:

*„10. gr.*

**Almennur aðgangur að málsskjölum**

Matvælaöryggisstofnunin skal án tafar gera málsskjölin sem um getur í 8. gr., þ.m.t. allar viðbótarupplýsingar sem umsækjandinn lagði fram, aðgengileg almenningi, að undanskildum öllum upplýsingum sem skýrslugjafaraðildarríkið hefur veitt heimild fyrir að njóti trúnaðarmeðferðar skv. 63. gr.“

3) Í stað 1. mgr. 15. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Framleiðandi virka efnisins skal leggja umsóknina, sem kveðið er á um í 14. gr. þessarar reglugerðar, fyrir aðildarríki ásamt afriti til framkvæmdastjórnarinnar, annarra aðildarríkja og til Matvælaöryggisstofnunarinnar, eigi síðar en þremur árum áður en samþykkið rennur út. Umsóknin skal lögð fram í samræmi við stöðluð gagnasnið skv. 39. gr. f í reglugerð (EB) nr. 178/2002, ef þau eru fyrir hendi, sem skal gilda að breyttu breytanda.“

4) Í stað 16. gr. kemur eftirfarandi:

*„16. gr.*

**Almennur aðgangur að upplýsingum vegna endurnýjunar**

Matvælaöryggisstofnunin skal án tafar meta allar beiðnir um trúnað og gera upplýsingarnar, sem umsækjandinn lagði fram skv. 15. gr., aðgengilegar almenningi sem og allar aðrar viðbótarupplýsingar sem umsækjandinn lagði fram, að undanskildum upplýsingum sem farið hefur verið fram á og Matvælaöryggisstofnunin hefur veitt heimild fyrir að njóti trúnaðarmeðferðar skv. 63. gr.

Matvælaöryggisstofnunin skal, eftir samráð við aðildarríkin, mæla fyrir um hagnýtt fyrirkomulag til að tryggja samræmi í þessu mati.“

5) Í stað 1., 2., og 3. mgr. 63. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Umsækjanda er heimilt að leggja fram beiðni um að tilteknir hlutar upplýsinganna sem lagðar eru fram samkvæmt þessari reglugerð séu meðhöndlaðir sem trúnaðarmál, ásamt meðfylgjandi sannprófanlegum rökstuðningi.

2. Einungis er heimilt að veita heimild fyrir trúnaðarmeðferð, að því er varðar eftirfarandi atriði í upplýsingunum, ef umsækjandinn sýnir fram á að birting slíkra upplýsinga geti hugsanlega skaðað hagsmuni hans að verulegu leyti:

a) upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 39. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002,

b) forskrift fyrir óhreinindi í virka efninu og tengdar aðferðir til greiningar á óhreinindum í framleidda, virka efninu, að undanskildum óhreinindum sem teljast hafa eiturefnafræðilega, visteiturefnafræðilega eða umhverfislega þýðingu og tengdum aðferðum til greiningar á slíkum óhreinindum,

c) niðurstöður úr framleiðslulotum virka efnisins, þ.m.t. óhreinindi, og

d) upplýsingar um heildarsamsetningu plöntuverndarvöru.

2a. Ef Matvælaöryggisstofnunin leggur mat á beiðnir um trúnað samkvæmt þessari reglugerð skulu skilyrðin og málsmeðferðin, sem mælt er fyrir um í 39. gr. til 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og 2. mgr. þessarar greinar, gilda.

2b. Ef aðildarríkin leggja mat á beiðnir um trúnað samkvæmt þessari reglugerð skulu eftirfarandi kröfur og málsmeðferð gilda:

a) einungis er heimilt að veita heimild fyrir trúnaðarmeðferð að því er varðar upplýsingarnar sem eru tilgreindar í 2. mgr.,

b) þegar aðildarríkin hafa ákveðið hvaða upplýsingar skuli meðhöndlaðar sem trúnaðarmál skulu þau upplýsa umsækjandann um ákvörðun sína,

c) aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og Matvælaöryggisstofnunin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að upplýsingar, sem veitt hefur verið heimild fyrir að njóti trúnaðarmeðferðar, séu ekki birtar,

d) ákvæði 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002 skulu gilda að breyttu breytanda,

e) þrátt fyrir 2. mgr. og c- og d-lið þessarar málsgreinar:

i. ef brýnar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið, s.s. við neyðarástand, er aðildarríkjunum heimilt að birta upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr.,

ii. skal samt sem áður birta upplýsingar sem eru hluti af niðurstöðunum í vísindalegum niðurstöðum Matvælaöryggisstofnunarinnar og sem tengjast fyrirsjáanlegum áhrifum á heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið. Í því tilviki skal 39. gr. c í reglugerð (EB) nr. 178/2002 gilda,

f) ef umsækjandi dregur eða hefur dregið umsókn til baka skulu aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og Matvælaöryggisstofnunin virða þann trúnað sem heimild var veitt fyrir í samræmi við þessa grein. Ef umsóknin er dregin til baka áður en aðildarríki hefur tekið ákvörðun um viðkomandi beiðni um trúnað skulu aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og Matvælaöryggisstofnunin ekki birta upplýsingarnar sem farið var fram á að trúnaður ríkti um.

3. Þessi grein er með fyrirvara um tilskipun 2003/4/EB (*) og reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 (**) og (EB) nr. 1367/2006 (***).

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).

(***) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 frá 6. september 2006 um beitingu ákvæða Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum hjá stofnunum og aðilum Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 13).“

*8. gr.*

**Breytingar á reglugerð (ESB) 2015/2283**

Reglugerð (ESB) 2015/2283 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Málsmeðferð vegna leyfis fyrir setningu nýfæðis á markað innan Sambandsins og uppfærslu á skrá Sambandsins, sem kveðið er á um í 9. gr. þessarar reglugerðar, skal hefjast annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar til framkvæmdastjórnarinnar frá umsækjanda, í samræmi við stöðluð gagnasnið skv. 39. gr. f í reglugerð (EB) nr. 178/2002, ef þau eru fyrir hendi. Framkvæmdastjórnin skal gera umsóknina aðgengilega aðildarríkjunum án tafar. Framkvæmdastjórnin skal gera samantekt á umsókninni, sem byggist á upplýsingunum sem um getur í a-, b- og e-lið 2. mgr. þessarar greinar, aðgengilega öllum.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Ef framkvæmdastjórnin fer þess á leit að fá álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) skal Matvælaöryggisstofnunin birta umsóknina, í samræmi við 23. gr., og skal veita álit sitt varðandi það hvort líklegt sé að uppfærslan hafi áhrif á heilbrigði manna.“

2) Í stað 2. mgr. 15. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Innan fjögurra mánaða frá þeim degi þegar framkvæmdastjórnin framsendir gilda tilkynningu, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, er aðildarríki eða Matvælaöryggisstofnuninni heimilt að leggja fyrir framkvæmdastjórnina tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi við setningu þeirra hefðbundnu matvæla sem um er að ræða á markað innan Sambandsins. Ef Matvælaöryggisstofnunin leggur fram tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi skal hún birta tilkynninguna án tafar, skv. 23. gr., sem skal gilda að breyttu breytanda.“

3) Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málslið er bætt við í fyrstu málsgrein:

„Umsóknin skal lögð fram í samræmi við stöðluð gagnasnið skv. 39. gr. f í reglugerð (EB) nr. 178/2002, ef þau eru fyrir hendi.“

b) Eftirfarandi málslið er bætt við í annarri málsgrein:

„Matvælaöryggisstofnunin skal birta umsóknina, viðeigandi stuðningsupplýsingar og allar viðbótarupplýsingar sem umsækjandi leggur fram í samræmi við 23. gr.“

4) Í stað 23. gr. kemur eftirfarandi:

*„23. gr.*

**Gagnsæi og trúnaðarkvöð**

1. Ef framkvæmdastjórnin fer þess á leit að fá álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. og 16. gr. þessarar reglugerðar, skal Matvælaöryggisstofnunin birta umsókn um leyfi, viðeigandi stuðningsupplýsingar og allar viðbótarupplýsingar sem umsækjandinn leggur fram sem og vísindaleg álit sín í samræmi við 38. gr. til 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og þessa grein.

2. Við framlagningu umsóknar er umsækjanda heimilt að leggja fram beiðni um að tilteknir hlutar upplýsinganna sem látnar eru í té samkvæmt þessari reglugerð séu meðhöndlaðir sem trúnaðarmál, ásamt meðfylgjandi sannprófanlegum rökstuðningi.

3. Ef framkvæmdastjórnin fer þess á leit að fá álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. og 16. gr. þessarar reglugerðar, skal Matvælaöryggisstofnunin meta beiðnina um trúnað sem umsækjandinn lagði fram í samræmi við 39. gr. til 39. gr. e í reglugerð (EB) nr. 178/2002.

4. Til viðbótar við þau atriði í upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. 39. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og skv. 3. mgr. 39. gr. hennar er Matvælaöryggisstofnuninni einnig heimilt að veita heimild fyrir trúnaðarmeðferð, að því er varðar eftirfarandi atriði í upplýsingunum, ef umsækjandinn sýnir fram á að birting slíkra upplýsinga geti hugsanlega skaðað hagsmuni hans að verulegu leyti:

a) eftir atvikum, upplýsingar sem veittar eru í nákvæmum lýsingum á grunnefnum og grunnefnablöndum og því hvernig þau eru notuð til að framleiða nýfæðið sem fellur undir leyfið og nákvæmar upplýsingar um eðli og samsetningu tilteknu matvælanna eða matvælaflokkanna sem umsækjandinn ætlar sér að nota nýfæðið í, að undanskildum upplýsingum sem skipta máli fyrir mat á öryggi,

b) eftir atvikum, ítarlegar greiningarupplýsingar um breytileika og stöðugleika einstakra framleiðslulota, að undanskildum upplýsingum sem skipta máli fyrir mat á öryggi.

5. Ef framkvæmdastjórnin fer ekki fram á að fá álit Matvælaöryggisstofnunarinnar skv. 10. og 16. gr. þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin meta beiðnina um trúnað sem umsækjandinn lagði fram. Ákvæði 39. gr., 39. gr. a og 39. gr. d í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og 4. mgr þessarar greinar skulu gilda að breyttu breytanda.

6. Þessi grein er með fyrirvara um 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.“

*9. gr.*

**Breytingar á tilskipun 2001/18/EB**

Tilskipun 2001/18/EB er breytt sem hér segir:

1) Í 6. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„2a. Tilkynningin, sem um getur í 1. mgr., skal lögð fram í samræmi við stöðluð gagnasnið, ef þau eru fyrir hendi samkvæmt lögum Sambandsins.“

2) Í 13. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„2a. Tilkynningin, sem um getur í 1. mgr., skal lögð fram í samræmi við stöðluð gagnasnið, ef þau eru fyrir hendi samkvæmt lögum Sambandsins.“

3) Í stað 25. gr. kemur eftirfarandi:

*„25. gr.*

**Trúnaðarkvöð**

1. Tilkynnanda er heimilt að leggja beiðni fyrir lögbært yfirvald um að tilteknir hlutar upplýsinganna, sem lagðar eru fram samkvæmt þessari tilskipun, séu meðhöndlaðir sem trúnaðarmál, ásamt meðfylgjandi sannprófanlegum rökstuðningi, í samræmi við 3. og 6. mgr.

2. Lögbært yfirvald skal meta beiðnina um trúnað sem tilkynnandinn lagði fram.

3. Að fenginni beiðni frá tilkynnanda er lögbæru yfirvaldi einungis heimilt að veita heimild fyrir trúnaðarmeðferð að því er varðar eftirfarandi atriði í upplýsingunum, að fengnum sannprófanlegum rökstuðningi, ef tilkynnandinn sýnir fram á að birting slíkra upplýsinga geti hugsanlega skaðað hagsmuni hans að verulegu leyti:

a) atriði í upplýsingum sem um getur í a-, b- og c-lið 2. mgr. 39. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002,

b) upplýsingar um DNA-raðir, að undanskildum röðum sem eru notaðar til að greina, sanngreina og magnákvarða erfðaummyndunina, og

c) kynbótamynstur og kynbótaáætlanir.

4. Lögbært yfirvald skal ákveða, eftir samráð við tilkynnanda, hvaða upplýsingar skuli meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og skal upplýsa tilkynnandann um ákvörðun sína.

5. Aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og viðkomandi vísindanefnd(ir) skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að trúnaðarupplýsingar, sem tilkynntar hafa verið eða sem skipst hefur verið á samkvæmt þessari tilskipun, séu ekki birtar.

6. Viðeigandi ákvæði 39. gr. e og 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 skulu gilda að breyttu breytanda.

7. Þrátt fyrir 3., 5. og 6. mgr. þessarar greinar:

a) ef brýnar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið, s.s. við neyðarástand, er lögbæru yfirvaldi heimilt að birta upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. og

b) samt sem áður skal birta upplýsingar sem eru hluti af niðurstöðunum í vísindalegum niðurstöðum viðkomandi vísindanefnda(r) eða niðurstöður í matsskýrslum og sem tengjast fyrirsjáanlegum áhrifum á heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið. Í því tilviki skal 39. gr. c í reglugerð (EB) nr. 178/2002 gilda.

8. Ef tilkynnandi dregur tilkynningu til baka skulu aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og viðkomandi vísindanefnd(ir) virða þann trúnað sem lögbært yfirvald hefur veitt heimild fyrir í samræmi við þessa grein. Ef tilkynningin er dregin til baka áður en lögbært yfirvald hefur tekið ákvörðun um viðkomandi beiðni um trúnað skulu aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og viðkomandi vísindanefnd(ir) ekki birta upplýsingarnar sem farið var fram á að trúnaður ríkti um.“

4) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 28. gr.:

„4. Ef samráð er haft við viðkomandi vísindanefnd, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, skal hún án tafar birta tilkynninguna, viðeigandi stuðningsupplýsingar og allar viðbótarupplýsingar sem tilkynnandinn leggur fram, sem og vísindaleg álit sín, að undanskildum öllum upplýsingum sem lögbært yfirvald hefur veitt heimild fyrir að njóti trúnaðarmeðferðar í samræmi við 25. gr.“

*10. gr.*

**Umbreytingarráðstafanir**

1. Þessi reglugerð skal hvorki gilda um umsóknir samkvæmt lögum Sambandsins né um beiðnir um vísindalegar niðurstöður sem lagðar voru fyrir Matvælaöryggisstofnunina fyrir 27. mars 2021.

2. Kjörtímabili stjórnarmanna Matvælaöryggisstofnunarinnar (hér á eftir nefnd stjórnin) sem sitja í stjórninni 30. júní 2022 skal ljúka á þeim degi. Þrátt fyrir gildistökudagsetningarnar, sem um getur í 11. gr., skal málsmeðferð við tilnefningu og skipun stjórnarmanna í stjórnina, sem sett er fram í 4. lið 1. gr., gilda í þeim tilgangi að gera stjórnarmönnum, sem eru skipaðir samkvæmt þessum reglum, kleift að hefja skipunartíma sinn 1. júlí 2022.

3. Þrátt fyrir gildistökudagsetningarnar, sem um getur í 11. gr., skal skipunartími nefndarmanna í vísindanefndinni og sérfræðinganefndum, sem sitja í nefndinni 30. júní 2021, framlengdur þangað til nefndarmenn í þessari vísindanefnd og þessum sérfræðinganefndum, sem eru skipaðir samkvæmt val- og skipunarmálsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 5. lið 1. gr., hefja skipunartíma sinn.

*11. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 27. mars 2021.

Þó skulu 4. og 5. liður 1. gr. gilda frá 1. júlí 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júní 2019.

| | |
|---|---|
| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
| A. TAJANI | G. CIAMBA |
| *forseti.* | *forseti.* |

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/547** **2021/EES/71/13**

**frá 29. mars 2021**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715 að því er varðar málsmeðferðarreglur vegna uppsetningar og notkunar á upplýsingakerfinu um dýrasjúkdóma (ADIS) og EUROPHYT-kerfinu, útgáfu rafrænna dýraheilbrigðisvottorða, opinberra vottorða, dýraheilbrigðisvottorða/opinberra vottorða og viðskiptaskjala, notkun rafrænna undirskrifta og virkni Traces-kerfisins og niðurfellingu á ákvörðun 97/152/EB** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([1]), einkum 51. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis ([2]) (lög um dýraheilbrigði), einkum 23. gr. (b- til f-liður fyrstu málsgreinar), 30. gr. (ii. liður b-liðar 1. mgr.) og 35. gr. (c-liður fyrstu málsgreinar),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2031 frá 26. október 2016 um verndarráðstafanir gegn plöntuskaðvöldum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 228/2013, (ESB) nr. 652/2014 og (ESB) nr. 1143/2014 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 69/464/EBE, 74/647/EBE, 93/85/EBE, 98/57/EB, 2000/29/EB, 2006/91/EB og 2007/33/EB ([3]), einkum a-, b- og c-lið fyrstu málsgreinar 104. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE ([4]) (reglugerð um opinbert eftirlit), einkum 58. gr. (a-liður fyrstu málsgreinar), 90. gr. (f-liður fyrstu málsgreinar), 102. gr. (a- og b-liður fyrstu undirgreinar 6. mgr.), 103. gr. (6. mgr.) og 134. gr. (a- til d-liður og g-liður fyrstu málsgreinar),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 ([5]) er mælt fyrir um reglur um starfsemi upplýsingastjórnunarkerfis fyrir opinbert eftirlit (IMSOC) og kerfisíhluti þess, þ.e.a.s. kerfið til að innleiða málsmeðferð fyrir hraðviðvörunarkerfið fyrir matvæli og fóður og fyrir stjórnsýsluaðstoð og -samstarf (iRASFF-kerfið), kerfið til að tilkynna um og greina frá upplýsingum um dýrasjúkdóma (ADIS), kerfið til að tilkynna um opinbera staðfestingu á tilvist skaðvalda í plöntum og plöntuafurðum á yfirráðasvæði aðildarríkjanna (EUROPHYT-kerfið) og Traces-kerfið til að skiptast á gögnum, upplýsingum og skjölum. Þar er einnig mælt fyrir um reglur um nauðsynlegar tengingar milli þessara íhluta.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 109, 30.3.2021, bls. 60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 235/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 317, 23.11.2016, bls. 4.

([4]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 frá 30. september 2019 um reglur um starfsemi upplýsingastjórnunarkerfis fyrir opinbert eftirlit og kerfisíhluti þess (IMSOC-reglugerðin) (Stjtíð. ESB L 261, 14.10.2019, bls. 37).

2) Þar er einnig mælt fyrir um reglur um að koma á fót netkerfi fyrir starfrækslu upplýsingakerfisins um dýrasjúkdóma og skráningu tilkynninga- og skýrslugjafasvæða að því er varðar tilkynningar og skýrslugjöf um dýrasjúkdóma í Sambandinu.

3) Í því skyni að tryggja samræmda notkun aðildarríkja á upplýsingakerfinu um dýrasjúkdóma er í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 ([6]) mælt fyrir um reglur um snið og uppbyggingu gagnanna fyrir tilkynningar og skýrslugjöf um sjúkdóma í Sambandinu sem færa skal í þetta kerfi, snið og verklag varðandi skýrslugjöfina sem og um fresti og tíðni tilkynninga og skýrslugjafar.

4) Sameiginlegar reglur um tengiliði í netkerfi upplýsingakerfisins um dýrasjúkdóma ættu að koma fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715 að því er varðar framlagningu tilkynninga og skýrslugjöf í Sambandinu í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002. Í því skyni að uppfylla reglur Sambandsins um vernd persónuupplýsinga ættu þessar reglur einnig að innihalda ákvæði um hámarksgeymslutíma persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu um dýrasjúkdóma.

5) Í þessari reglugerð ætti einnig að mæla fyrir um reglur, sem fella skal inn í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715, að því er varðar tengingar sem eru nauðsynlegar milli upplýsingakerfisins um dýrasjúkdóma og Traces-kerfisins með það fyrir augum að tryggja að skipst sé sjálfkrafa á viðeigandi gögnum sem varða tilkynningar í Sambandinu eða þau gerð aðgengileg í báðum kerfum og að aðilar að netkerfinu fái viðeigandi upplýsingar.

6) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715 er mælt fyrir um reglur um notkun Traces-kerfisins til að senda stöðvunartilkynningar til EUROPHYT-stöðvunarnetkerfisins vegna sendinga af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum frá öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum sem getur fylgt yfirvofandi hætta á að beri með sér skaðvalda eða breiði þá út. Þar er kveðið á um að tengiliður í EUROPHYT-stöðvunarnetkerfinu skuli senda stöðvunartilkynningar vegna sendinga sem viðskipti eru höfð með í Sambandinu en vegna sendinga sem koma inn til Sambandsins skal opinber plöntuheilbrigðiseftirlitsmaður, sem tekur ákvarðanir varðandi þessar sendingar, senda stöðvunartilkynningar.

7) Í ljósi þess að tilkynningar um stöðvaðar sendingar af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum, sem viðskipti eru höfð með í Sambandinu, falla undir gildissvið tilkynninga um vörur sem eru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði, sem falla undir reglugerð (ESB) 2017/625, og tengiliðir í kerfi viðvörunar og samstarfs eiga að skiptast á þeim í iRASFF-kerfinu ættu tilkynningar um þessar stöðvuðu sendingar að fara fram í iRASFF-kerfinu.

8) Til að tryggja enn frekar að iRASFF-kerfið sé einnig notað til að skiptast á tilkynningum um sendingar, sem eru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði, af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum, sem viðskipti eru höfð með í Sambandinu, sem geta skapað áhættu fyrir plöntuheilbrigði þykir rétt að umorða skilgreininguna á hugtakinu „tilkynning um að ekki hafi verið farið að tilskildum ákvæðum“ sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715.

9) Samhliða þessu, til að forðast rugling varðandi merkingu hugtaksins „áhætta“ sem er skilgreint í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715, er einnig nauðsynlegt að fella þessa skilgreiningu brott og aðlaga þess í stað tilteknar skilgreiningar á tilkynningum í iRASFF-kerfinu og skýra nánar mismunandi flokka áhættu í þessum skilgreiningum.

10) Til að forðast rugling varðandi merkingu skilgreindu hugtakanna „kerfi gegn matvælasvindli“ og „tilkynning um matvælasvindl“ í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715 og til að endurspegla betur gildissvið reglugerðar (ESB) 2017/625 í þessum skilgreindu hugtökum er á sama hátt nauðsynlegt að endurnefna þessi skilgreindu hugtök „kerfi gegn svindli“ annars vegar og „tilkynning um svindl“ hins vegar og aðlaga öll ákvæði í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715 sem tengjast matvælasvindli til samræmis við það.

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 frá 7. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar tilkynningu og skýrslugjöf í Sambandinu um skráða sjúkdóma, um snið og málsmeðferðarreglur varðandi framlagningu og skýrslugjöf um áætlanir Sambandsins um eftirlit með sjúkdómum og um útrýmingaráætlanir og um umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu og um tölvuvædda upplýsingakerfið (Stjtíð. ESB L 412, 8.12.2020, bls. 1).

11) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715 er einnig kveðið á um að upplýsingar um stöðvaðar sendingar, sem koma inn til Sambandsins, eigi að innihalda upplýsingarnar sem opinber plöntuheilbrigðiseftirlitsmaður skráir í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið í samræmi við 2. mgr. 55. gr. og 56. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/625, viðbótarupplýsingar um ráðstafanir sem gerðar hafa verið og varða stöðvuðu sendingarnar og upplýsingar sem varða sóttkví sem komið var á.

12) Þar eð samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið inniheldur færslur til að skrá upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar hafa verið og varða stöðvuðu sendingarnar, þ.m.t. tilvik þar sem sóttkví er komið á, er ekki nauðsynlegt að senda einnig stöðvunartilkynningu sem inniheldur sömu upplýsingarnar í Traces-kerfið. Þess vegna ætti að aflétta þeirri skyldu að senda stöðvunartilkynningu, sem inniheldur sömu upplýsingarnar, í Traces-kerfið og í hennar stað að koma skylda um að skrá gögn um stöðvunina í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið.

13) Þar eð tilkynna á um öll tilvik þar sem ekki er farið að reglunum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, sem varða sendingar sem koma inn til Sambandsins eða sem viðskipti eru höfð með í Sambandinu, annaðhvort í Traces-kerfinu eða í iRASFF-kerfinu ætti enn fremur að fella öll ákvæði sem tengjast EUROPHYT-stöðvunartilkynningum brott úr framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715.

14) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715 er mælt fyrir um reglur um notkun rafrænna samræmdra heilbrigðis- og innflutningsskjala og útgáfu rafrænna vottorða fyrir sendingar af dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins. Þessar reglur innihalda m.a. hátt fullvissustig sem tengist því að vottunarmenn færa sönnur á það hverjir þeir eru áður en þeir fá aðgang að því að nota rafræna undirskrift og notkun á fullgildum rafrænum tímastimpli fyrir rafrænu undirskriftina sem áreiðanlegur þriðji aðili býr til.

15) Reynslan hefur sýnt að þetta háa fullvissustig er ekki nauðsynlegt vegna þess að sannvottunaraðferð fyrir skráningu inn í Traces-kerfið, landsbundið kerfi aðildarríkis, rafrænt vottunarkerfi þriðja lands eða alþjóðastofnunar veitir næga vissu fyrir því að undirritunaraðili sé sá sem hann segist vera. Tímastimplun er heldur ekki nauðsynleg. Öruggt flæði gagna innan kerfa og á milli þeirra og notkun á fullgildu rafrænu innsigli, sem er gert til að sanna með áreiðanlegum hætti rétta tímasetningu, heilleika og réttleika gagna, veita fullnægjandi ábyrgðir fyrir því að hægt sé að greina allar síðari breytingar á gögnunum.

16) Því ætti að innleiða breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715 með þessari reglugerð sem gera opinberum dýralæknum, opinberum plöntuheilbrigðiseftirlitsmönnum og vottunarmönnum kleift að nota rafrænar undirskriftir í samræmd heilbrigðis- og innflutningsskjöl og vottorð með lægri fullvissustig kennsla og án þess að skrá tímastimpla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 ([7]).

17) Þessi reglugerð ætti einnig að innihalda breytingar á reglunum í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715 að því er varðar útgáfu rafrænna vottorða eða viðskiptaskjala sem fylgja sendingum af dýrum og tilteknum vörum sem eru tilfluttar milli aðildarríkja skv. 150. gr., 161. gr. (5. mgr.), 167. gr. (4. mgr.), 217. gr. og 223. gr. (5. mgr.) reglugerðar (ESB) 2016/429, sendingum af tilteknum aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem eru ekki ætlaðar til manneldis og sendar innan Sambandsins skv. 17. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([8]) og sendingum af plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum sem eru fluttar út eða endurútfluttar frá Sambandinu skv. 5. mgr. 100. gr. og 6. mgr. 101. gr. reglugerðar (ESB) 2016/2031. Þessar reglur ættu að vera svipaðar og reglurnar um útgáfu rafrænna vottorða fyrir sendingar af dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73).

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

18) Þar eð kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/2031 að einungis skuli senda rafræn plöntuheilbrigðisvottorð vegna útflutnings eða endurútflutnings á plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum frá yfirráðasvæði Sambandsins í gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit eða með rafrænum samskiptum við það ætti í þessari reglugerð að kveða á um að reglur um útgáfu slíkra vottorða, í samræmi við þá reglugerð, verði felldar inn í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715.

19) Með það að markmiði að styrkja framfylgd reglna Sambandsins er í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715 kveðið á um að tengiliðir í netkerfi Traces-kerfisins skuli halda skrár í Traces-kerfinu yfir tiltekin tilvísunargögn, sem eru nauðsynleg til að virkni Traces-kerfisins sé góð, og halda skránum uppfærðum. Þessar skrár ná yfir starfsstöðvar matvælafyrirtækja sem eru samþykktar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 ([9]) og yfir fyrirtæki, stöðvar og rekstraraðila, sem meðhöndla aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, sem eru samþykkt eða skráð í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([10]).

20) Í sama tilgangi ætti í þessari reglugerð að rýmka þessar skrár yfir tilvísunargögn enn frekar þannig að þær nái yfir skráðar og samþykktar starfsstöðvar og rekstraraðila, sem um getur í reglugerð (ESB) 2016/429, sem og yfir tiltekna rekstraraðila í starfsgreininni sem eru skráðir samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/2031, að því marki sem þeir taka þátt í starfsemi sem nær yfir landamæri.

21) Með það fyrir augum að styðja við undirbúning aðildarríkja á áhættugreiningu vegna skoðana eða úttekta sem varða flutning á lifandi dýrum ættu skrárnar yfir tilvísunargögn einnig að innihalda eftirlitsstöðvar, sem eru samþykktar samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1255/97 ([11]), sem og flutningsaðila sem eru með starfsleyfi, ökumenn og fylgdarmenn með skírteini og samþykkt flutningatæki samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 ([12]).

22) Þar eð reglugerð (ESB) 2016/429 kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021 ættu breytingarnar sem varða upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma, nauðsynlegar tengingar milli upplýsingakerfisins um dýrasjúkdóma og Traces-kerfisins og rýmkun skránna yfir tilvísunargögn þannig að þær nái yfir skráðar og samþykktar starfsstöðvar og rekstraraðila samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/429 einnig að koma til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

23) Að teknu tilliti til þess hversu mikilvæg tilvísunargögn eru til að virkni Traces-kerfisins sé góð ætti rýmkun skránna yfir tilvísunargögn úr reglugerðum (EB) nr. 1255/97, (EB) nr. 1/2005 og (ESB) 2016/2031 einnig að koma til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

24) Að teknu tilliti til þess að nauðsynlegt er að þróa iRASFF-kerfið og Traces-kerfið enn frekar að því er varðar tilkynningar um stöðvun ætti að fresta gildistökudegi breytinganna á 3. þætti 3. kafla framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1715 til 1. desember 2021.

25) Í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/152/EB ([13]) kemur fram hvaða upplýsingar um sendingar af dýrum eða dýraafurðum frá þriðju löndum á að færa inn í Traces-kerfið. Sú ákvörðun byggist á 12. gr. ákvörðunar ráðsins 92/438/EBE ([14]) sem var felld úr gildi með 1. mgr. 146. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 frá og með 14. desember 2019. Upplýsingarnar sem settar eru fram í viðaukanum við ákvörðun 97/152/EB koma nú fram í samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjali-A (CHED-A) og í samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjali-P (CHED-P) í A- og B-þætti 2. hluta II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715. Til glöggvunar og samræmingar ætti því að fella ákvörðun 97/152/EB úr gildi.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (Stjtíð ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

([11]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1255/97 frá 25. júní 1997 um viðmiðanir Bandalagsins varðandi eftirlitsstöðvar og breytingar á leiðaráætluninni sem um getur í viðaukanum við tilskipun 91/628/EBE (Stjtíð. EB L 174, 2.7.1997, bls. 1).

([12]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 frá 22. desember 2004 um vernd dýra í flutningi og tengdar aðgerðir og um breytingu á tilskipunum 64/432/EBE og 93/119/EB og reglugerð (EB) nr. 1255/97 (Stjtíð. ESB L 3, 5.1.2005, bls. 1).

([13]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/152/EB frá 10. febrúar 1997 um upplýsingar fyrir tölvuskrá um sendingar frá þriðju löndum á dýrum eða dýraafurðum sem eru endursendar (Stjtíð. EB L 59, 28.2.1997, bls. 50).

([14]) Ákvörðun ráðsins 92/438/EBE frá 13. júlí 1992 um tölvuvæðingu dýraheilbrigðisreglna um innflutning (Shift-áætlunin), breytingu á tilskipunum 90/675/EBE, 91/496/EBE, 91/628/EBE og ákvörðun 90/424/EBE og niðurfellingu á ákvörðun 88/192/EBE (Stjtíð. EB L 243, 25.8.1992, bls. 27).

26) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([15]) og skilaði hún áliti 14. janúar 2021.

27) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breytingar**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715 er breytt sem hér segir:

1. Í 1. kafla er 2. gr. breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 8. liðar falla brott.

b) Í stað 9. liðar kemur eftirfarandi:

„9) „netkerfi hraðviðvörunarkerfisins fyrir matvæli og fóður“: hraðviðvörunarkerfi sem komið var á fót sem netkerfi með 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 fyrir tilkynningarnar sem um getur í 15. til 20. lið þessarar greinar“.

c) Í stað 11. liðar kemur eftirfarandi:

„11) „kerfi gegn svindli“: kerfi sem samanstendur af framkvæmdastjórninni, Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins og samskiptastofnunum sem aðildarríki tilnefna í samræmi við 1. mgr. 103. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 í þeim sértæka tilgangi að greiða fyrir upplýsingaskiptum varðandi tilkynningar um svindl eins og skilgreint er í 21. lið“.

d) Í stað 12. liðar kemur eftirfarandi:

„12) „kerfi viðvörunar og samstarfs“: kerfi sem samanstendur af hraðviðvörunarkerfinu fyrir matvæli og fóður, AAC-kerfinu og kerfum gegn svindli“.

e) Í stað 14. liðar kemur eftirfarandi:

„14) „tilkynning um að ekki hafi verið farið að tilskildum ákvæðum“: tilkynning í iRASFF-kerfinu um að ekki hafi verið farið að reglunum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 sem skapar ekki áhættu í skilningi 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005“.

f) Í stað 20. liðar kemur eftirfarandi:

„20) „tilkynning um höfnun við landamæri“: tilkynning í iRASFF-kerfinu um að framleiðslulotu, gámi eða farmi af matvælum, snertiefni matvæla eða fóðri hafi verið hafnað vegna áhættu eins og um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005“.

g) Í stað 21. liðar kemur eftirfarandi:

„21) „tilkynning um svindl“: tilkynning í iRASFF-kerfinu um að ekki hafi verið farið að tilskildum ákvæðum, að því er varðar grun um ásetningsaðgerð af hálfu fyrirtækja eða einstaklinga í þeim tilgangi að blekkja kaupendur og öðlast óréttmætan ávinning með því, sem er brot á reglunum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625“.

h) Í stað 22. liðar kemur eftirfarandi:

„22) „upprunaleg tilkynning“: tilkynning um að ekki hafi verið farið að tilskildum ákvæðum, viðvörunartilkynning, upplýsingatilkynning. tilkynning um tíðindi, tilkynning um svindl eða tilkynning um höfnun við landamæri“.

i) Ákvæði 33. og 34. liðar falla brott.

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

2. Í 2. kafla er 2. mgr. 6. gr. breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) EUROPHYT-kerfisins og Traces-kerfisins sem gera það kleift að skiptast á gögnum sem varða EUROPHYT-uppkomutilkynningar“.

b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) iRASFF-kerfisins og Traces-kerfisins sem gera það kleift að skiptast á gögnum sem varða fyrri feril rekstraraðila að því er varðar fylgni við reglurnar sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625“.

c) Eftirfarandi lið er bætt við:

„d) upplýsingakerfisins um dýrasjúkdóma og Traces-kerfisins sem gera það kleift að skiptast á gögnum og upplýsingum sem varða tilkynningar í Sambandinu.“

3. Í 3. kafla er 1. þætti breytt sem hér segir:

a) Í stað 12. gr. kemur eftirfarandi:

*„12. gr.*

**Samskiptastofnanir sem bera ábyrgð á skiptum á tilteknum tegundum upplýsinga**

Aðildarríki skulu tilgreina hver þeirra samskiptastofnana, sem er tilnefnd í samræmi við 1. mgr. 103. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, ber ábyrgð á upplýsingaskiptum um tilkynningar um svindl.“

b) Í stað 2. mgr. 13. gr. kemur eftirfarandi:

„2 Aðildarríkjum er heimilt að láta tengilið sinn í kerfinu gegn svindli vera hluta af sameiginlega tengiliðnum sínum.“

c) Í stað 21. gr. kemur eftirfarandi:

*„21. gr.*

**Tilkynningar um svindl**

1. Tengiliðir í kerfinu gegn svindli skulu skiptast á tilkynningum um svindl sem innihalda a.m.k. eftirfarandi:

a) allar upplýsingar sem krafist er skv. 1. mgr. 16. gr.,

b) lýsingu á því sviksamlega athæfi sem grunur leikur á um,

c) auðkenningu á þeim rekstraraðilum sem eiga í hlut, ef unnt er,

d) upplýsingar um hvort rannsókn lögreglu eða réttarfarsleg rannsókn stendur yfir á því sviksamlega athæfi sem grunur leikur á um,

e) upplýsingar um allar leiðbeiningar frá yfirvaldi lögreglu eða dómsvalds um leið og þær liggja fyrir og unnt er að veita þær.

2. Tengiliðir í kerfinu gegn svindli skulu, án ástæðulausrar tafar, senda tengiliðum sínum í netkerfi hraðviðvörunarkerfisins fyrir matvæli og fóður hvers konar upplýsingar sem varða heilbrigðisáhættu.

3. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal, án ástæðulausrar tafar, sannreyna hverja tilkynningu um svindl eftir að hún hefur verið send út.“

d) Í stað 3. mgr. 23. gr. kemur eftirfarandi:

„3 Með fyrirvara um rétt framkvæmdastjórnarinnar til aðgangs skv. 2. mgr. 8. gr. skulu einungis þeir tengiliðir í kerfinu gegn svindli sem senda tilkynningar og fá tilkynningar og beiðnir hafa aðgang að tilkynningum um svindl.“

e) Í stað 2. mgr. 24. gr. kemur eftirfarandi:

„2 Þrátt fyrir 1. mgr. skal sannprófun á því að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum, svindli og tilkynningum um höfnun við landamæri taka til b-, c- og e-liðar þeirrar málsgreinar.“

f) Í stað a-liðar 1. mgr. 25. gr. kemur eftirfarandi:

„a) að tengiliður, sem tilkynnir, afturkalli tilkynningu um að ekki hafi verið farið að tilskildum ákvæðum, tilkynningu um svindl eða eftirfylgnitilkynningu“.

g) Í stað 2. mgr. 27. gr. kemur eftirfarandi:

„2 Ef tilkynning um að ekki hafi verið farið að tilskildum ákvæðum eða um svindl varðar vöru sem er upprunnin í eða dreift til þriðja lands, sem hefur ekki aðgang að iRASFF-kerfinu eða Traces-kerfinu, er framkvæmdastjórninni heimilt að láta viðkomandi þriðja land vita.“

h) Í stað c-liðar 1. mgr. 28. gr. kemur eftirfarandi:

„c) skulu tengiliðir í kerfinu gegn svindli skiptast á upplýsingum varðandi tilkynningar um svindl gegnum tölvupóst“.

4. Í stað 2. þáttar 3. kafla kemur eftirfarandi:

„2. ÞÁTTUR

**Upplýsingakerfi um dýrasjúkdóma (ADIS)**

*29. gr.*

**Netkerfi upplýsingakerfisins um dýrasjúkdóma**

1. Sérhver aðili að netkerfi upplýsingakerfisins um dýrasjúkdóma skal tilnefna a.m.k. einn tengilið sem ber ábyrgð á framlagningu gagna og upplýsinga í upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma varðandi tilkynningu og skýrslugjöf í Sambandinu í samræmi við 3., 4., 6., 7., 8., 11. og 13. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 (*).

2. Sérhver tengiliður í netkerfi upplýsingakerfisins um dýrasjúkdóma skal viðhalda skránni yfir tilkynninga- og skýrslugjafasvæði, sem aðildarríki hans kemur á fót og mælt er fyrir um í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002, og halda henni uppfærðri í upplýsingakerfinu um dýrasjúkdóma.

*29. gr. a*

**Geymslutími persónuupplýsinga**

Persónuupplýsingar úr tilkynningum og skýrslugjöf í Sambandinu, sem um getur í 1. mgr. 29. gr., skulu ekki geymdar lengur en í 10 ár í upplýsingakerfinu um dýrasjúkdóma.

*29. gr. b*

**Viðbúnaðaráætlun fyrir upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma**

1. Ef upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma er ekki tiltækt skulu tengiliðir í netkerfi upplýsingakerfisins um dýrasjúkdóma senda gögn og upplýsingar sem varða tilkynningar og skýrslugjöf í Sambandinu, sem um getur í 1. mgr. 29. gr., með tölvupósti eða með öðrum aðferðum sem eru tilgreindar á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.

2. Um leið og upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma verður tiltækt á ný skulu tengiliðir í netkerfi upplýsingakerfisins um dýrasjúkdóma setja inn í það gögnin og upplýsingarnar sem voru lagðar fram utan kerfisins.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 frá 7. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar tilkynningu og skýrslugjöf í Sambandinu um skráða sjúkdóma, um snið og málsmeðferðarreglur varðandi framlagningu og skýrslugjöf um áætlanir Sambandsins um eftirlit með sjúkdómum og um útrýmingaráætlanir og um umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu og um tölvuvædda upplýsingakerfið (Stjtíð. ESB L 412, 8.12.2020, bls. 1).“

5. Í 3. kafla er 3. þætti breytt sem hér segir:

a) Í stað 30. gr. kemur eftirfarandi:

*„30. gr.*

**EUROPHYT-uppkomunetkerfi**

Sérhver aðili að EUROPHYT-uppkomunetkerfinu skal tilnefna tengilið sem ber ábyrgð á framlagningu EUROPHYT-uppkomutilkynninga í EUROPHYT-kerfinu.“

b) Ákvæði 31. og 33. gr. falla brott.

6. Í 3. kafla er 4. þætti breytt sem hér segir:

a) Í stað 35. gr. kemur eftirfarandi:

*„35. gr.*

**Netkerfi Traces-kerfisins**

Með fyrirvara um 2. mgr. 4. gr. skal hver aðili að netkerfi Traces-kerfisins tilnefna einn eða fleiri tengiliði fyrir þær aðgerðir sem kveðið er á um í d-lið 132. gr. og í 133. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og í annarri löggjöf Sambandsins þar sem vísað er til Traces-kerfisins.“

b) Í stað 39. gr. kemur eftirfarandi:

*„39. gr.*

**Útgáfa rafrænna vottorða fyrir sendingar af dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins og notkun rafrænna undirskrifta**

1. Rafræn dýraheilbrigðisvottorð, opinber vottorð og dýraheilbrigðisvottorð/opinber vottorð vegna sendinga af dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins skulu uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

   a) þau skulu gefin út í einu af eftirtöldum kerfum:

      i. Traces-kerfinu,

      ii. landsbundnu kerfi aðildarríkis,

      iii. rafrænu vottunarkerfi þriðja lands eða alþjóðastofnunar sem getur skipst á gögnum við Traces-kerfið,

      iv. rafrænu vottunarkerfi þriðja lands eða alþjóðastofnunar sem getur skipst á gögnum við landsbundið kerfi aðildarríkis,

   b) þar til bær fulltrúi skal undirrita þau með rafrænni undirskrift,

   c) þau skulu vera með útfært rafrænt innsigli eða fullgilt rafrænt innsigli lögbærs útgáfuyfirvalds eða útfærða rafræna undirskrift eða fullgilda rafræna undirskrift lagalegs fyrirsvarsmanns þess.

2. Ef rafræn dýraheilbrigðisvottorð, opinber vottorð og dýraheilbrigðisvottorð/opinber vottorð eru gefin út í samræmi við iii. eða iv. lið a-liðar 1. mgr. er rafrænnar undirskriftar þar til bæra fulltrúans ekki krafist.

3. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni fyrir fram um útgáfu rafrænna dýraheilbrigðisvottorða, opinberra vottorða og dýraheilbrigðisvottorða/opinberra vottorða í samræmi við iv. lið a-liðar 1. mgr.

4. Lögbært yfirvald skal einungis viðurkenna rafræn plöntuheilbrigðisvottorð, eins og krafist er fyrir aðflutning á plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum inn á yfirráðasvæði Sambandsins í samræmi við 1. þátt VI. kafla reglugerðar (ESB) 2016/2031, þegar þau eru gefin út í samræmi við i. eða iii. lið a-liðar 1. mgr. þessarar greinar.“

c) Eftirfarandi greinum er bætt við á eftir 39. gr.:

*„39. gr a*

**Útgáfa rafrænna vottorða og viðskiptaskjala fyrir tilflutninga á dýrum og vörum milli aðildarríkja og notkun rafrænna undirskrifta**

Rafræn dýraheilbrigðisvottorð, opinber vottorð og dýraheilbrigðisvottorð/opinber vottorð fyrir tilflutninga á dýrum, afurðum úr dýraríkinu og kímefnum milli aðildarríkja og rafræn viðskiptaskjöl fyrir tilteknar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem eru ekki ætlaðar til manneldis og fluttar til annars aðildarríkis, skulu uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) þau skulu gefin út í Traces-kerfinu,

b) opinber dýralæknir eða vottunarmaður skal undirrita þau með rafrænni undirskrift,

c) þau skulu vera með útfært rafrænt innsigli eða fullgilt rafrænt innsigli lögbærs útgáfuyfirvalds.

*39. gr. b*

**Útgáfa rafrænna vottorða fyrir útflutning og endurútflutning á plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum og notkun rafrænna undirskrifta**

Rafræn plöntuheilbrigðisvottorð fyrir útflutning eða endurútflutning á plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum frá yfirráðasvæði Sambandsins til þriðja lands skulu gefin út í einu af eftirtöldum kerfum:

a) Traces-kerfinu, að því tilskildu að vottorðið uppfylli allar eftirfarandi kröfur:

i. vottunarmaður undirritar það með rafrænni undirskrift,

ii. það er með útfært rafrænt innsigli eða fullgilt rafrænt innsigli lögbærs útgáfuyfirvalds,

b) landsbundnu kerfi aðildarríkis, að því tilskildu að vottorðið uppfylli allar eftirfarandi kröfur:

i. vottunarmaður undirritar það með rafrænni undirskrift,

ii. það er sent inn í Traces-kerfið, eigi síðar en þegar vottunarmaðurinn undirritar það rafrænt og sendingin er innsigluð með útfærðu rafrænu innsigli eða fullgildu rafrænu innsigli lögbæra útgáfuyfirvaldsins.“

d) Í stað 41. gr. kemur eftirfarandi:

*„41. gr.*

**Notkun á rafrænu samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjali**

Notkun rekstraraðila eða lögbærs yfirvalds á samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjali á rafrænu formi skal vera í einu af eftirfarandi kerfum:

a) Traces-kerfinu, að því tilskildu að samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið uppfylli allar eftirfarandi kröfur:

i. það er undirritað af rekstraraðilanum, sem ber ábyrgð á sendingunni, með rafrænni undirskrift,

ii. opinber dýralæknir, opinber plöntuheilbrigðiseftirlitsmaður eða vottunarmaður á landamæraeftirlitsstöð eða eftirlitsstað undirritar það með rafrænni undirskrift,

iii. það er með útfært rafrænt innsigli eða fullgilt rafrænt innsigli lögbærs útgáfuyfirvalds,

b) landsbundnu kerfi aðildarríkis, að því tilskildu að samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið uppfylli allar eftirfarandi kröfur:

i. það er undirritað af rekstraraðilanum, sem ber ábyrgð á sendingunni, með rafrænni undirskrift,

ii. opinber dýralæknir, opinber plöntuheilbrigðiseftirlitsmaður eða vottunarmaður á landamæraeftirlitsstöð eða eftirlitsstað undirritar það með rafrænni undirskrift,

iii. það er sent inn í Traces-kerfið, eigi síðar en þegar ákvörðunin um sendinguna er tekin á grundvelli opinbers eftirlits og lögbært útgáfuyfirvald innsiglar sendinguna með útfærðu rafrænu innsigli eða fullgildu rafrænu innsigli.“

e) Í 42. gr. fellur 3. mgr. brott.

f) Í stað 45. gr. kemur eftirfarandi:

*„45. gr.*

**Skrár yfir tilvísunargögn**

1. Hver tengiliður í netkerfi Traces-kerfisins skal halda skrár yfir eftirfarandi í Traces-kerfinu og halda skránum uppfærðum:

a) starfsstöðvar matvælafyrirtækja sem lögbært yfirvald í aðildarríki hans hefur samþykkt í samræmi við 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004,

b) starfsstöðvar, stöðvar og rekstraraðila, sem meðhöndla aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, sem lögbært yfirvald í aðildarríki hans hefur samþykkt eða skráð í samræmi við 47. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

c) eftirlitsstöðvar sem lögbært yfirvald í aðildarríki hans hefur veitt samþykki í samræmi við 3. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1255/97 (*),

d) flutningsaðila sem annast langar ferðir, sem lögbært yfirvald hefur veitt starfsleyfi skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2005 (**),

e) starfsstöðvar sem koma fram í skránni yfir samþykktar starfsstöðvar, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 101. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, að því marki sem þær tilflytja landdýr í haldi og kímefni til annars aðildarríkis eða taka við landdýrum í haldi og kímefnum frá þriðja landi,

f) starfsstöðvar sem koma fram í skránni yfir samþykktar lagareldisstöðvar og fyrirtæki sem framleiða matvæli úr lagardýrum og beita sjúkdómsvörnum, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 185. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, að því marki sem þær tilflytja lagareldisdýr til annars aðildarríkis eða taka við lagareldisdýrum frá þriðja landi,

g) starfsstöðvar og rekstraraðila sem koma fram í skránni yfir skráðar starfsstöðvar og rekstraraðila, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 101. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/429, að því marki sem þær/þeir tilflytja landdýr í haldi og kímefni til annars aðildarríkis eða taka við landdýrum í haldi og kímefnum frá þriðja landi,

h) starfsstöðvar sem koma fram í skránni yfir skráðar lagareldisstöðvar, sem um getur í a-lið 1. mgr. 185. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, að því marki sem þær tilflytja lagareldisdýr til annars aðildarríkis eða taka við lagareldisdýrum frá þriðja landi,

i) flutningsaðila sem lögbært yfirvald hefur veitt starfsleyfi skv. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2005,

j) ökumenn ökutækja á vegum og fylgdarmenn, sem flytja húsdýr af hestaætt eða húsdýr af nautgripa-, sauðfjár-, geita- eða svínakyni eða alifugla, sem lögbært yfirvald hefur veitt hæfisskírteini skv. 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2005,

k) flutningatæki á vegum sem er notað í langar ferðir og búfjárskip sem lögbært yfirvald hefur veitt samþykkisskírteini skv. 1. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2005, eftir því sem við á,

l) rekstraraðila, sem koma fram í skránni yfir rekstraraðila í starfsgreininni, sem flytja inn í Sambandið plöntur, plöntuafurðir og aðra hluti sem krafist er plöntuheilbrigðisvottorðs fyrir eins og um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) 2016/2031,

m) sóttkvíunarstöðvar og einangrunarstöðvar sem eru tilnefndar í samræmi við 60. gr. reglugerðar (ESB) 2016/2031 til að annast starfsemi sem tekur til plantna, plöntuafurða og annarra hluta sem eru fluttir inn á yfirráðasvæði Sambandsins frá þriðju löndum.

2. Tengiliðirnir, sem um getur í 1. mgr., skulu setja upplýsingar inn í Traces-kerfið sem varða hverja skrá, sem um getur í þeirri málsgrein, með því að nota tækniforskriftirnar fyrir sniðið fyrir þessar skrár sem framkvæmdastjórnin lætur í té.

3. Framkvæmdastjórnin skal aðstoða aðildarríki við að gera skrárnar, sem um getur í a- til f-lið 1. mgr., aðgengilegar fyrir almenning með birtingu á vefsetri sínu eða gegnum Traces-kerfið.

---

(*) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1255/97 frá 25. júní 1997 um viðmiðanir Bandalagsins varðandi eftirlitsstöðvar og breytingar á leiðaráætluninni sem um getur í viðaukanum við tilskipun 91/628/EBE (Stjtíð. EB L 174, 2.7.1997, bls. 1).

(**) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 frá 22. desember 2004 um vernd dýra í flutningi og tengdar aðgerðir og um breytingu á tilskipunum 64/432/EBE og 93/119/EB og reglugerð (EB) nr. 1255/97 (Stjtíð. ESB L 3, 5.1.2005, bls. 1).“

*2. gr.*

**Niðurfelling**

Ákvörðun 97/152/EB er felld úr gildi.

*3. gr.*

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021, nema 5. mgr. 1. gr., sem kemur til framkvæmda frá og með 1. desember 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. mars 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1325** **2021/EES/71/14**

**frá 10. ágúst 2021**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/977 að því er varðar gildistíma tímabundinna ráðstafana í tengslum við eftirlit með framleiðslu lífrænt ræktaðra vara** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 28. gr. (6. mgr.), 30. gr. (þriðja undirgrein 2. mgr.) og 38. gr. (c-, d- og e-liður),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) COVID-19 heimsfaraldurinn og þær víðtæku flutningstakmarkanir sem komið var á í aðildarríkjum og í þriðju löndum í formi landsráðstafana eru óvenjuleg og fordæmalaus áskorun fyrir aðildarríki og rekstraraðila í tengslum við framkvæmd eftirlits eins og tilgreint er í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([2]) og (EB) nr. 1235/2008 ([3]).

2) Til að takast á við hinar sérstöku aðstæður vegna yfirstandandi hættuástands í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn gerir framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/977 ([4]) aðildarríkjum kleift að beita tímabundnum ráðstöfunum þar sem vikið er frá reglugerðum (EB) nr. 889/2008 og (EB) nr. 1235/2008 í tengslum við eftirlitskerfi með framleiðslu á lífrænt ræktuðum vörum og tilteknar málsmeðferðarreglur sem kveðið er á um í Traces-kerfinu.

3) Að því er varðar opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi innan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ([5]) gerir framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466 ([6]) aðildarríkjum þar að auki kleift að beita tímabundnum ráðstöfunum til að komast hjá alvarlegum áhættum fyrir heilbrigði starfsfólks lögbærra yfirvalda með hliðsjón af erfiðleikum við að inna af hendi þetta eftirlit og þessa starfsemi og eftir því sem þurfa þykir til að stjórna tengdri alvarlegri röskun á eftirlitskerfum aðildarríkjanna. Gildistími þeirrar reglugerðar var

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 288, 11.8.2021, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 236/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/977 frá 7. júlí 2020 um undanþágu frá reglugerðum (EB) nr. 889/2008 og (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar eftirlit með framleiðslu lífrænt ræktaðra vara vegna COVID-19 heimsfaraldursins (Stjtíð. ESB L 217, 8.7.2020, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466 frá 30. mars 2020 um tímabundnar ráðstafanir til að halda í skefjum áhættum fyrir heilbrigði manna og dýra og plöntuheilbrigði og velferð dýra við tiltekna alvarlega röskun á eftirlitskerfum aðildarríkjanna vegna kórónaveirufaraldursins (COVID-19) (Stjtíð. ESB L 98, 31.3.2020, bls. 30).

framlengdur til 1. júlí 2021 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/83 ([7]). Gildistími framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/977 var því framlengdur til 1. júlí 2021. með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/772 ([8])

4) Aðildarríkin hafa upplýst framkvæmdastjórnina um að í ljósi hættuástandsins í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn haldi alvarleg röskun á starfsemi eftirlitskerfa þeirra í lífræna geiranum áfram fram yfir 1. júlí 2021.

5) Vegna langæis hættuástandsins og tengdra raskana var gildistími framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/466 framlengdur til 1. september 2021 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/984 ([9]).

6) Eftirlitskerfið í lífræna geiranum er þó starfrækt á grundvelli almanaksárs, einkum að því er varðar skoðanir og sýnatökur. Því er nauðsynlegt að beita framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/977 fram yfir 1. september 2021 og framlengja gildistíma hennar til loka ársins 2021 til að tryggja rétta framkvæmd eftirlitsins.

7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/977 til samræmis við það.

8) Nauðsynlegt er að beiting ákvæðanna í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/977, sem er framlengd með þessari reglugerð, raskist ekki. Því er viðeigandi að kveða á um afturvirka beitingu þessarar reglugerðar frá 1. júlí 2021.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/977 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 2021“ í 7. mgr. 1. gr. kemur „31. desember 2021“.

2) Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 2021“ í annarri, þriðju, fjórðu og fimmtu málsgrein 3. gr. kemur „31. desember 2021“.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2021.

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/83 frá 27. janúar 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/466 að því er varðar framkvæmd einstaklinga, sem hafa til þess sérstaka heimild, á opinberu eftirliti og annarri opinberri starfsemi og gildistíma tímabundinna ráðstafana (Stjtíð. ESB L 29, 28.1.2021, bls. 23).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/772 frá 10. maí 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/977 að því er varðar tímabundnar ráðstafanir í tengslum við eftirlit með framleiðslu lífrænt ræktaðra vara, einkum gildistímann (Stjtíð. ESB L 165, 11.5.2021, bls. 28).

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/984 frá 17. júní 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/466 að því er varðar gildistíma tímabundinna ráðstafana (Stjtíð. ESB L 216, 18.6.2021, bls. 202).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. ágúst 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/556** **2021/EES/71/15**

**frá 24. mars 2017**

**um ítarlegt fyrirkomulag varðandi verklagsreglur við eftirlitsúttektir er varða góðar, klínískar starfsvenjur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 536/2014** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 536/2014 frá 16. apríl 2014 um klíníska prófanir á mannalyfjum og niðurfellingu á tilskipun 2001/20/EB ([1]), einkum 7. mgr. 78. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (ESB) nr. 536/2014 er mælt fyrir um lagaramma varðandi framkvæmd klíníska prófana á mannalyfjum í Sambandinu til að tryggja að réttindi, öryggi og velsæld þátttakenda séu vernduð og að gögnin, sem verða til í klínískum prófunum, séu traust og áreiðanleg. Einkum ættu bakhjarl fyrir klíníska prófun og rannsakandi að tryggja að klíníska prófunin sé framkvæmd í samræmi við viðeigandi rannsóknaráætlun og meginreglur um góðar, klíníska starfsvenjur. Samræmi við gildandi lagaskilyrði, rannsóknaráætlun og meginreglur um góðar, klíníska starfsvenjur, þ.m.t. við staðla sem varða heilleika gagna og siðferðilega framkvæmd klíníska prófunar, skal sannprófað með eftirlitsúttektum sem eru framkvæmdar á ábyrgð aðildarríkisins þar sem eftirlitsúttektin fer fram.

2) Eftirlitsúttekt í tengslum við klíníska prófanir getur varðað góða framleiðsluhætti að því er varðar framleiðslu á rannsóknarlyfjum eða góðar, klíníska starfsvenjur að því er varðar framkvæmd klíníska prófana. Með 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014 er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir þar sem ítarlegt fyrirkomulag varðandi eftirlitsúttektir er varða góða framleiðsluhætti, að því er varðar rannsóknarlyf, er tilgreint. Í þessari reglugerð ætti af þeim sökum einungis að mæla fyrir um ítarlegt fyrirkomulag varðandi verklagsreglur við eftirlitsúttektir er varða góðar, klíníska starfsvenjur og kröfur er varða starfsþjálfun og menntun og hæfi eftirlitsmanna með góðum, klínískum starfsvenjum.

3) Aðildarríkjum er heimilt að framkvæma eftirlitsúttektir á klínískum prófunum sem fara fram í þriðju löndum, annaðhvort vegna þess að klíníska prófunin tengist klínískri prófun sem er leyfð í Sambandinu eða vegna þess að vísað er í gögn úr klínísku prófuninni í umsókn um leyfi fyrir klínískri prófun í Sambandinu. Þessar eftirlitsúttektir ættu að gera það kleift að sannprófa hvort slíkar klíníska prófanir voru framkvæmdar í samræmi við staðla sem eru jafngildir stöðlum Sambandsins. Einnig er heimilt að framkvæma eftirlitsúttektir á klínískum prófunum í þriðju löndum til að sannprófa hvort klínísku prófanirnar, sem vísað er í niðurstöður úr í umsóknum um markaðsleyfi í Sambandinu, uppfylla siðareglurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 536/2014 Þess vegna ættu ákvæði um ítarlegt fyrirkomulag varðandi verklagsreglur við eftirlitsúttektir einnig að gilda um eftirlitsúttektir sem eru framkvæmdar utan Sambandsins í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 536/2014.

4) Alþjóðaráðstefnan um samhæfingu (ICH) náði á árinu 1995 samstöðu um að setja fram samræmda nálgun vegna góðra, klíníska starfsvenja. Samkvæmt 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014 ætti bakhjarlinn að taka tilhlýðilegt tillit til ICH-viðmiðunarreglnanna þegar hann gerir drög að rannsóknaráætlun klíníska prófunar og framkvæmir klíníska prófun. Að því marki sem þessar viðmiðunarreglur eru samrýmanlegar við viðeigandi lög Sambandsins og viðmiðunar-reglur ESB ættu eftirlitsmenn að leita upplýsinga í ICH-viðmiðunarreglunum, að teknu tilliti til eiginleika hverrar prófunar.

5) Aðildarríkjum ætti að vera skylt að koma á gæðakerfum til að tryggja að verklagsreglur við eftirlitsúttektir séu virtar og eftirlit haft með þeim með samræmdum hætti. Vel starfhæft gæðakerfi ætti að samanstanda af skipulagseiningu, skýrum ferlum og verklagsreglum, þ.m.t. stöðluðum verklagsreglum sem eftirlitsmenn eiga að fylgja þegar þeir inna verkefni sín af hendi, skýrt skilgreindum upplýsingum um skyldur og ábyrgð eftirlitsmanna og kröfum um áframhaldandi starfsþjálfun sem og fullnægjandi úrræðum og kerfum sem miða að því að útrýma tilvikum þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 80, 25.3.2017, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 1.

6) Nauðsynlegt er að gera eftirlitsmönnum kleift að tryggja skilvirkni ákvæða um góðar, klíníska starfsvenjur í reynd. Þetta markmið ætti að endurspeglast í lágmarkskröfum varðandi menntun og hæfi eftirlitsmanna, einkum að því er varðar menntun þeirra og starfsþjálfun. Af sömu ástæðum ætti að mæla fyrir um nákvæmar reglur um verklagsreglur við eftirlitsúttektir.

7) Til að tryggja skilvirkni eftirlitsúttekta ætti að veita eftirlitsmönnum nauðsynlegt vald til aðgangs að athafnasvæðum og gögnum. Þetta á einkum við um rannsóknarstofur sem eru notaðar til greininga í klínískri prófun, starfsstöðvar samningsbundinna rannsóknarstofnana eða athafnasvæði bakhjarls. Þeir ættu einnig að hafa heimildir til að hafa samband við þátttakendur í prófun í rökstuddum tilvikum.

8) Til að tryggja samræmi við fyrirkomulag eftirlitsúttekta er varða góðar, klíníska starfsvenjur og í samræmi við 77. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014 ættu aðildarríki, ef nauðsyn krefur, að grípa til ráðstafana til úrbóta. Ef alvarlegt frávik á fylgni við ákvæði eða brot kemur í ljós við eftirlitsúttekt eða ef bakhjarlar viðurkenna ekki rannsóknarheimildir eftirlitsmanna ættu aðildarríki að geta gripið til viðurlaga.

9) Til að tryggja vernd trúnaðarupplýsinga, einkum persónuupplýsinga um þátttakendur í klínískum prófunum, sem tengjast heilbrigði þeirra, sem og upplýsinga sem viðskiptaleynd hvílir á, ættu eftirlitsmenn og sérfræðingar, sem taka þátt í eftirlitsúttektum, að vera bundnir af ítrustu trúnaðarkvöðum og gildandi kröfum í lögum Sambandsins, landslögum og alþjóðasamningum. Eftirlitsmenn og sérfræðingar, sem taka þátt í eftirlitsúttektum, ættu að fara að kröfunum í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([1]) við vinnslu persónuupplýsinga.

10) Fella ætti tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/28/EB ([2]) úr gildi til að tryggja að einungis einn bálkur reglna gildi um framkvæmd eftirlitsúttekta er varða góðar, klíníska starfsvenjur við klíníska prófanir, þ.m.t. klíníska prófanir sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/20/EB ([3]) gildir um. Til að tryggja samræmi við 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014, að því er varðar að koma á umbreytingartímabili til að viðhalda gildissviði tilskipunar 2001/20/EB að því er varðar tilteknar beiðnir um leyfi fyrir klíníska prófun, ætti tilskipun 2005/28/EB, að undanskildum 5. og 6. kafla hennar sem vísa til eftirlitsaðferða er varða góðar, klíníska starfsvenjur og eftirlitsmenn, hins vegar að gilda áfram um allar klíníska prófanir sem voru leyfðar á grundvelli tilskipunar 2001/20/EB meðan þetta umbreytingartímabil stendur yfir.

11) Þessi reglugerð ætti að taka gildi um leið og reglugerð (ESB) nr. 536/2014.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um mannalyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

*1. gr.*

**Gildissvið**

Þessi reglugerð gildir um eftirlitsúttektir er varða:

a) klíníska prófanir sem eru framkvæmdar í Sambandinu, þ.m.t. klínísk rannsóknarsetur sem tengjast þessum prófunum en eru staðsett utan Sambandsins,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/28/EB frá 8. apríl 2005 um meginreglur og ítarlegar viðmiðunarreglur um góðar, klíníska starfsvenjur að því er varðar rannsóknarlyf í flokki mannalyfja og einnig um kröfur varðandi leyfi til framleiðslu eða innflutnings á slíkum lyfjum (Stjtíð. ESB L 91, 9.4.2005, bls. 13).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/20/EB frá 4. apríl 2001 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um góðar klíníska starfsvenjur við framkvæmd klíníska prófana á lyfjum sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. EB L 121, 1.5.2001, bls. 34).

b) klínískar prófanir sem vísað er til í umsóknum um leyfi fyrir klínískum prófunum skv. 5. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014,

c) klínískar prófanir sem eru framkvæmdar í þriðju löndum og vísað er til í umsóknum um markaðsleyfi í Sambandinu.

*2. gr.*

**Tímarammi fyrir eftirlitsúttektir**

Eftirlitsúttektir geta farið fram við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

a) fyrir klíníska prófun, meðan á henni stendur eða eftir að henni lýkur,

b) sem hluti af sannprófun á umsóknum um markaðsleyfi,

c) sem eftirfylgni vegna veitingar markaðsleyfis.

*3. gr.*

**Gæðakerfi**

1. Hvert aðildarríki skal koma á vel útfærðu gæðakerfi sem tryggir að verklagsreglur við eftirlitsúttektir séu virtar og eftirlit haft með þeim með samræmdum hætti.

Aðildarríkin skulu halda þessum gæðakerfum uppfærðum.

2. Hver eftirlitsmaður skal hafa aðgang að stöðluðum verklagsreglum, upplýsingum um skyldur sínar og ábyrgð og kröfum um starfsþjálfun og fara eftir þeim.

**II. KAFLI**

EFTIRLITSMENN

*4. gr.*

**Menntun og hæfi, starfsþjálfun og reynsla**

1. Eftirlitsmenn skulu hafa lokið menntun á háskólastigi, eða hafa jafngilda reynslu, á sviði læknisfræði, lyfjafræði, líflyfjafræði, eiturefnafræði eða á öðrum sviðum sem skipta máli m.t.t. meginreglna góðra, klínískra starfsvenja.

2. Eftirlitsmenn skulu hljóta viðeigandi starfsþjálfun, þ.m.t. þátttaka í eftirlitsúttektum. Aðili, sem er tilnefndur til þess, skal meta starfsþjálfunarþarfir þeirra, sem eru nauðsynlegar til að viðhalda eða auka hæfni þeirra, reglulega.

3. Eftirlitsmenn skulu hafa þekkingu á meginreglum og ferlum sem gilda um þróun lyfja og klínískar rannsóknir og hafa þekkingu á gildandi löggjöf Sambandsins og landslöggjöf og viðmiðunarreglum um framkvæmd klínískra prófana og veitingu markaðsleyfa.

4. Eftirlitsmenn skulu búa yfir getu til að taka faglegar ákvarðanir í tengslum við það hvort farið sé að gildandi löggjöf Sambandsins og landslöggjöf og viðmiðunarreglum. Þeir skulu vera færir um að meta heilleika gagna sem og þætti sem tengjast siðferðilegri framkvæmd klínískra prófana.

5. Eftirlitsmenn skulu kunna skil á verklagsreglum og tæknilegum aðferðum til að skrá klínísk gögn og viðhalda þeim og kunna skil á skipulagi og reglum í heilbrigðiskerfum í viðkomandi aðildarríkjum og, ef við á, í þriðju löndum.

6. Eftirlitsmenn skulu vera færir um að meta áhættustig að því er varðar öryggi þátttakenda sem eru skráðir í klíníska prófun sem og að því er varðar heilleika gagna.

7. Eftirlitsmenn skulu hafa vitneskju um gildandi reglur að því er varðar trúnaðarkvöð og vernd persónuupplýsinga.

8. Aðildarríkin skulu halda skrár um menntun og hæfi, starfsþjálfun og reynslu hvers eftirlitsmanns fyrir sig og halda þessum skrám uppfærðum svo lengi sem eftirlitsmaðurinn er að störfum.

*5. gr.*

**Hagsmunaárekstrar og óhlutdrægni**

1. Eftirlitsmenn skulu vera lausir við öll áhrif sem gætu haft áhrif á óhlutdrægni þeirra eða dómgreind.

2. Eftirlitsmenn skulu vera lausir við hagsmunaárekstra. Þeir skulu einkum vera óháðir öllum eftirtöldum aðilum:

a) bakhjarli,

b) rannsakendum sem taka þátt í klínískri prófun,

c) aðilum sem fjármagna klíníska prófun,

d) öðrum aðilum sem taka þátt í framkvæmd klínískrar prófunar.

3. Hver eftirlitsmaður skal gefa yfirlýsingu árlega um fjárhagslega hagsmuni sína og önnur tengsl við aðila sem hugsanlega verður gerð eftirlitsúttekt á. Sú yfirlýsing skal tekin með í reikninginn við úthlutun tiltekinnar eftirlitsúttektar til eftirlitsmanns.

**III. KAFLI**

VERKLAGSREGLUR VIÐ EFTIRLITSÚTTEKT

*6. gr.*

**Viðfangsefni eftirlitsúttektar**

Eftirlitsmenn skulu sannreyna að farið sé að kröfunum í reglugerð (ESB) nr. 536/2014, þ.m.t. verndun réttinda og velsældar þátttakenda í klínískum prófunum og gæði og heilleiki gagna sem verða til í klínískri prófun og samræmi við meginreglur um góðar, klínískar starfsvenjur, þ.m.t. siðfræðilegir þættir og viðeigandi landslöggjöf.

*7. gr.*

**Verklagsreglur sem aðildarríki eiga að koma á**

1. Aðildarríkin skulu fastsetja viðeigandi verklagsreglur, a.m.k. er varða eftirfarandi:

a) tilnefningu sérfræðinga til að fylgja eftirlitsmönnum ef eftirlitsúttekt útheimtir viðbótarsérfræðiþekkingu,

b) skipulagningu eftirlitsúttekta utan Sambandsins,

c) sannprófun á að farið sé að ákvæðum um góðar, klínískar starfsvenjur, þ.m.t. aðferðir vegna athugana á verklagsreglum við stjórnun rannsókna og skilyrðum við skipulagningu, framkvæmd, eftirlit með og skrásetningu klínískra prófana, sem og ráðstafanir vegna eftirfylgni, t.d. endurskoðun á greiningu á frumorsök verulegs fráviks og sannprófun á aðgerðum til úrbóta og forvarnaaðgerðum sem bakhjarlinn kom til framkvæmda.

Aðildarríkin skulu gera þessar verklagsreglur og reglur aðgengilegar öllum.

2. Aðildarríkin skulu einnig skilgreina valdsvið sérfræðinga sem eru tilnefndir til að fylgja eftirlitsmönnum.

*8. gr.*

**Fyrirvaralausar eftirlitsúttektir**

Heimilt er að framkvæma eftirlitsúttektir fyrirvaralaust, ef nauðsyn krefur.

*9. gr.*

**Samstarf milli aðildarríkja**

1. Aðildarríkin skulu starfa hvert með öðru, með framkvæmdastjórninni og með Lyfjastofnun Evrópu við að þróa og bæta almennt viðurkenndar kröfur um eftirlitsúttektir er varða góðar, klíniskar starfsvenjur. Þetta samstarf getur verið í formi sameiginlegra eftirlitsúttekta, umsamdra ferla og verklagsreglna og miðlun reynslu og starfsmenntunar.

2. Framkvæmdastjórnin skal gera öll leiðbeiningarskjöl um almennt viðurkenndar kröfur um framkvæmd eftirlitsúttekta, sem eru þróuð í samstarfi við aðildarríkin og Lyfjastofnun Evrópu, aðgengileg öllum.

3. Lyfjastofnun Evrópu skal vinna úr upplýsingum um eftirlitsúttektir, sem eru fyrirhugaðar, áætlaðar eða framkvæmdar, og gera þær aðgengilegar aðildarríkjunum í því skyni að aðstoða aðildarríkin við að tryggja skilvirkustu notkun á tilföngum til eftirlitsúttekta þegar þau skipuleggja eftirlitsúttektir sínar.

4. Aðildarríkjum er heimilt að fara fram á aðstoð frá lögbæru landsyfirvaldi annars aðildarríkis að því er varðar eftirlitsúttekt.

*10. gr.*

**Valdsvið eftirlitsmanna**

1. Eftirlitsmenn, sem aðildarríkin tilnefna, skulu framkvæma eftirlitsúttektir.

Til að tryggja að nauðsynleg færni sé tiltæk fyrir hverja eftirlitsúttekt er aðildarríkjum heimilt að tilnefna hópa eftirlitsmanna og tilnefna sérfræðinga með viðeigandi menntun og hæfi til að fylgja eftirlitsmönnunum.

2. Eftirlitsmenn skulu eiga rétt á að hafa eftirlit með klínískum rannsóknarsetrum, skjölum, starfsstöðvum, skrám, þ.m.t. skrár einstakra sjúklinga, gæðafyrirkomulagi, gögnum og öllum öðrum tilföngum og aðilum sem lögbært yfirvald telur að tengist klínískri prófun.

3. Þegar eftirlitsmenn inna eftirlitsúttektir af hendi skulu þeir hafa heimildir til að fara inn á staði, önnur tengd athafnasvæði og fá aðgang að gögnum, þ.m.t. skrár einstakra sjúklinga.

4. Eftirlitsmenn skulu eiga rétt á að gera afrit af skrám og prentritum, útprentanir á rafrænum skrám og taka ljósmyndir af athafnasvæðum og búnaði.

5. Eftirlitsmenn skulu eiga rétt á að biðja einhvern fulltrúa starfsfólks eða starfsfólk aðilans sem verið er að gera eftirlitsúttekt á og alla aðila sem taka þátt í klínískri prófun um skýringar er varða viðfangsefni og tilgang eftirlitsúttektarinnar og skrá svörin.

6. Eftirlitsmenn skulu hafa heimildir til að hafa beint samband við þátttakendur í prófun, einkum ef um er að ræða réttmætan grun um að þeir hafi ekki verið upplýstir á fullnægjandi hátt um þátttöku sína í klínísku prófuninni.

7. Aðildarríkin skulu útvega eftirlitsmönnum viðeigandi persónuskilríki.

8. Aðildarríkin skulu koma á laga- og stjórnsýsluramma til að tryggja að eftirlitsmenn frá öðrum aðildarríkjum, þegar farið er fram á það og eftir því sem við á, hafi aðgang að stöðum, öllum athafnasvæðum allra aðila sem tengjast klínískri prófun sem og að tengdum gögnum.

*11. gr.*

**Viðurkenning á niðurstöðum eftirlitsúttekta**

Eftirlitsmenn skulu annast eftirlitsúttektir fyrir hönd Sambandsins. Öll aðildarríkin skulu viðurkenna niðurstöður þessara eftirlitsúttekta.

Ef um er að ræða misræmi milli aðildarríkja í tengslum við sannprófun á að farið sé að gildandi löggjöf skulu aðildarríkin, eða Lyfjastofnun Evrópu innan ramma valdheimilda sinna eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), upplýsa framkvæmdastjórnina um það. Framkvæmdastjórninni er heimilt að krefjast nýrrar eftirlitsúttektar, að höfðu samráði við viðkomandi aðildarríki og Lyfjastofnun Evrópu.

*12. gr.*

**Tilföng**

Aðildarríkin skulu tilnefna fullnægjandi fjölda eftirlitsmanna til að tryggja skilvirka sannprófun á því að klínísk prófun sé í samræmi við viðeigandi kröfur sem og tímanlega skýrslugjöf um niðurstöður eftirlitsúttektar.

*13. gr.*

**Eftirlitsúttektarskýrslur og skrár**

Með fyrirvara um þá skyldu að senda eftirlitsúttektarskýrslur gegnum ESB-gáttina, í samræmi við 6. mgr. 78. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014, skulu aðildarríkin geyma viðkomandi skrár um landsbundnar eftirlitsúttektir í a.m.k. 25 ár sem og skrár um eftirlitsúttektir sem eru inntar af hendi utan yfirráðasvæðis þeirra, þ.m.t. upplýsingar um útkomu úr eftirlitsúttektinni að því er varðar stöðuna m.t.t. fylgni við góðar, klínískar starfsvenjur sem og um hvers konar aðgerðir sem bakhjarl eða aðildarríki grípur til við eftirfylgni með eftirlitsúttektinni. Eftirlitsúttektarskýrslur, sem eru sendar gegnum ESB-gáttina, skulu ekki innihalda persónuupplýsingar um þátttakendur í klínískum prófunum.

*14. gr.*

**Trúnaðarkvöð**

Eftirlitsmenn og sérfræðingar, sem eru tilnefndir í eftirlitsúttektarhópinn, skulu halda trúnað um upplýsingar sem þeir fá aðgang að vegna eftirlitsúttekta á góðum, klínískum starfsvenjum.

**IV. KAFLI**

LOKAÁKVÆÐI

*15. gr.*

**Niðurfelling**

Tilskipun 2005/28/EB er felld úr gildi frá og með þeim degi sem um getur í annarri málsgrein 17. gr.

*16. gr.*

**Umbreytingarákvæði**

Tilskipun 2005/28/EB skal gilda áfram, að undanskildum 5. og 6. kafla hennar, um klíníska prófanir sem tilskipun 2001/20/EB gildir um skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1).

*17. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 6 mánuðum eftir birtingardag tilkynningarinnar, sem um getur í 3. mgr. 82. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014, í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1737** **2021/EES/71/16**

**frá 14. júlí 2020**

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 111/2005 að því er varðar að færa tiltekin forefni fíkniefna á skrá yfir skráð efni** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004 frá 11. febrúar 2004 um forefni ávana- og fíkniefna ([1]), einkum 15. gr.,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 111/2005 frá 22. desember 2004 um reglur um vöktun viðskipta með forefni ávana- og fíkniefna milli Bandalagsins og þriðju landa ([2]), einkum 30. gr. a,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 111/2005 eru skrár yfir skráð efni sem falla undir fjölda samræmdra aðgerða varðandi eftirlit og vöktun sem kveðið er á um í þessum reglugerðum.

2) Með ákvörðunum Fíkniefnanefndar Sameinuðu þjóðanna 62/10, 62/11 og 62/12 sem teknar voru á sextugasta og öðrum fundi hennar 19. mars 2019 var þremur efnum, metýl 3-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýloxíran-2-karboxýlati (hér á eftir nefnt PMK-metýlglýsídat), 3-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýloxíran-2-karboxýlsýru (hér á eftir nefnd PMK-glýsíðsýra) og α-fenýlasetóasetamíði (APAA), bætt við í töflu I í samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 19. desember 1988 ([3]) (hér á eftir nefndur samningur Sameinuðu þjóðanna frá 1988). Að auki var með ákvörðun Fíkniefnanefndar Sameinuðu þjóðanna 63/1, sem tekin var á sextugasta og þriðja fundi hennar 4. mars 2020, efninu metýl-α-fenýlasetóasetati (MAPA) bætt við í töflu I. í samningi Sameinuðu þjóðanna frá 1988.

3) Tilgangur reglugerða (EB) nr. 273/2004 og (EB) nr. 111/2005 er m.a. framkvæmd 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna frá 1988 í Sambandinu. Af þessum sökum ætti að bæta PMK-metýlglýsídati, PMK-glýsíðsýru, α-fenýlasetóasetamíði og metýl-α-fenýlasetóasetati við í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og í viðaukann við reglugerð (EB) nr. 111/2005.

4) Skráðu efnunum, sem skráð eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 111/2005, er skipt í flokka sem mismunandi aðgerðir gilda um til þess að ná hlutfallslegu jafnvægi á milli þeirrar ógnar sem stafar af hverju tilteknu efni og byrðar á lögmæta verslun. Ströngustu aðgerðirnar varðandi eftirlit og vöktun gilda um efni í 1. flokki. Til dæmis þarf að geyma efni í 1. flokki í öruggu húsnæði og hver rekstraraðili, sem á í viðskiptum með slík efni, þarf til þess leyfi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 392, 23.11.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 47, 18.2.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 22, 26.1.2005, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 326, 24.11.1990, bls. 57.

5) PMK-metýlglýsídat og PMK-glýsíðsýra eru milliliðalaus forefni 3,4-metýlendíoxýmetamfetamíns (MDMA), sem er best þekkt undir nafninu „alsæla“ (e. *ecstasy*). Efnin α-fenýlasetóasetamíð og metýl-α-fenýlasetóasetat eru milliliðalaus forefni amfetamíns. Með öðrum orðum er auðvelt að breyta þessum efnum í MDMA eða amfetamín.

6) Rangnotkun og misnotkun MDMA og amfetamíns veldur alvarlegum félagslegum vandamálum og lýðheilsuvandamálum á sumum svæðum í Sambandinu. Að auki framleiða skipulagðir glæpahópar í Sambandinu gífurlegt magn af MDMA og amfetamíni. Einnig er mikið magn af MDMA og amfetamíni flutt út til þriðju landa.

7) Ekki er vitað til þess að lögmæt framleiðsla á, viðskipti með eða notkun á PMK-metýlglýsídati, PMK-glýsíðsýru, α-fenýlasetóasetamíði og metýl-α-fenýlasetóasetati fari fram í Sambandinu. Af þessum sökum myndi innfærsla þessara efna í 1. flokk í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og í viðaukann við reglugerð (EB) nr. 111/2005 ekki hafa í för með sér aukalegt stjórnsýsluálag fyrir rekstraraðila og lögbær yfirvöld í Sambandinu.

8) Í ljósi þeirrar ógnar sem PMK-metýlglýsídat, PMK-glýsíðsýra, α-fenýlasetóasetamíð og metýl-α-fenýlasetóasetat skapa fyrir félagslega heilsu og lýðheilsu í Sambandinu og að teknu tilliti til þess að röðun þeirra mun ekki hafa nein áhrif á lögmæt viðskipti með þau, framleiðslu þeirra og notkun í Sambandinu ætti að skrá þessi efni í 1. flokk í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og í viðaukann við reglugerð (EB) nr. 111/2005.

9) Metýl-2-metýl-3-fenýloxíran-2-karboxýlat (hér á eftir nefnt BMK-metýlglýsídat) og 2- metýl-3-fenýloxíran-2-karboxýlsýra (hér á eftir nefnd BMK-glýsíðsýra) eru einnig efni sem eru milliliðalaus forefni amfetamíns og eru oft notuð til ólöglegrar framleiðslu á amfetamíni. Af þessum sökum ætti að bæta þessum efnum við í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og í viðaukann við reglugerð (EB) nr. 111/2005.

10) Lögmæt framleiðsla á, viðskipti með eða notkun á BMK-metýlglýsídati og BMK-glýsíðsýru í Sambandinu er ekki umtalsverð. Af þessum sökum myndi innfærsla þessara efna í 1. flokk í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og í viðaukann við reglugerð (EB) nr. 111/2005 ekki hafa í för með sér umtalsvert aukalegt stjórnsýsluálag fyrir rekstraraðila og lögbær yfirvöld í Sambandinu.

11) Í ljósi þeirrar ógnar sem BMK-metýlglýsídat og BMK-glýsíðsýra skapa fyrir félagslega heilsu og lýðheilsu í Sambandinu og að teknu tilliti til þess að röðun þeirra mun einungis hafa minni háttar áhrif á lögmæt viðskipti með þau, framleiðslu þeirra og notkun í Sambandinu ætti að skrá þau í 1. flokk í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og í viðaukann við reglugerð (EB) nr. 111/2005.

12) Rauðum fosfór er oft beint frá viðskiptum á innri markaðnum og notaður í Sambandinu til ólöglegrar framleiðslu á metamfetamíni. Hann er notaður sem hvati fyrir efnaumbreytingu efedríns eða sýndarefedríns, sem eru þegar skráð í 1. flokk í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og í viðaukann við reglugerð (EB) nr. 111/2005, í metamfetamín. Af þessum sökum ætti að skrá rauðan fosfór í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004.

13) Metamfetamín er mjög ávanabindandi fíkniefni sem veldur alvarlegum félagslegum vandamálum og lýðheilsuvandamálum á sumum svæðum í Sambandinu.

14) Hins vegar eru mikilvæg og margvísleg lögmæt not fyrir rauðan fosfór, s.s. til framleiðslu á eldtefjandi efnum fyrir plast, í neyðarflugelda og -blys og strokfleti fyrir öryggiseldspýtur og blys.

15) Til að ná hlutfallslegu jafnvægi á milli þeirrar ógnar sem rauður fosfór skapar fyrir félagslega heilsu og lýðheilsu í Sambandinu og byrðar fyrir lögmæt viðskipti með þetta efni á innri markaðnum ætti að skrá rauðan fosfór í flokk 2A í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004.

16) Þó að sem stendur sé ekki vitað hvort rauðum fosfór er einnig beint frá viðskiptum milli Sambandsins og þriðju landa er mjög líklegt að um leið og eftirliti með viðskiptum með þetta efni á innri markaðnum verður komið á í tengslum við reglugerð (EB) nr. 273/2004 muni framleiðendur ólöglegra fíkniefna reyna að afla þess með því að beina því frá slíkum viðskiptum við lönd utan Sambandsins. Af þessum sökum er mikil hætta á að rauðum fosfór verði beint frá viðskiptum, að því er varðar viðskipti milli Sambandsins og þriðju landa, og því ætti einnig að skrá hann í 2. flokk í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 111/2005. Þetta tryggir einnig að samsvörun milli efnanna, sem eru skráð í reglugerðir (EB) nr. 273/2004 og (EB) nr. 111/2005, helst áfram og einfaldar framkvæmd þessara reglugerða fyrir rekstraraðila og lögbær yfirvöld.

17) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 eru sett magnbundin viðmiðunarmörk á viðskipti með tiltekin efni sem fara fram á einu ári. Tilgangurinn með þeim viðauka er að komast hjá því að hindra um of lögmæt viðskipti með þessi efni í tilvikum þar sem mögulegt er að draga úr eða eyða hættunni á því að þeim verði beint inn á ólögmætar brautir með því að takmarka hömlur á viðskipti við magn yfir tilteknum viðmiðunarmörkum. Á grundvelli fyrirliggjandi vísbendinga og samráðs við lögbær yfirvöld aðildarríkjanna ætti að fastsetja þessi viðmiðunarmörk fyrir rauðan fosfór við 0,1 kg.

18) Í þessu samhengi þykir einnig viðeigandi að uppfæra númerin í sameinuðu nafnaskránni (SN-númerin) í reglugerðum (EB) nr. 273/2004 og (EB) nr. 111/2005 á grundvelli nýjustu útgáfu sameinuðu nafnaskrárinnar, sem samþykkt var með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1776 ([4]) og gildir frá og með 1. janúar 2020, til að tryggja rétta flokkun skráðu efnanna.

19) Þar eð lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum nefna efnið α-fenýlasetóasetónítríl alla jafna APAAN ætti að bæta þeirri skammstöfun við í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og í viðaukann við reglugerð (EB) nr. 111/2005.

20) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 273/2004 og (EB) nr. 111/2005 til samræmis við það.

21) Þar eð mikilvæg lögleg framleiðsla, viðskipti með og notkun rauðs fosfórs fyrirfinnst í Sambandinu ætti að gefa rekstraraðilum og lögbærum yfirvöldum nægan tíma til að laga sig að nýju takmörkununum varðandi þetta efni sem innleiddar eru með þessari reglugerð.

22) Með reglugerðum (EB) nr. 273/2004 og (EB) nr. 111/2005 er tilteknum ákvæðum í samningi Sameinuðu þjóðanna frá 1988 komið sameiginlega í framkvæmd. Í ljósi hinna nánu efnislegu tengsla milli þessara tveggja reglugerða er réttlætanlegt að samþykkja breytingarnar með einni framseldri gerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breytingar á reglugerð (EB) nr. 273/2004**

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

**Breytingar á reglugerð (EB) nr. 111/2005**

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 111/2005 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði b-liðar 1. liðar og 2. liðar I. viðauka og b-liðar 2. liðar II. viðauka skulu koma til framkvæmda frá og með 13. janúar 2021.

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1776 frá 9. október 2019 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtíð. ESB L 280, 31.10.2019, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Töflunni „1. FLOKKUR“ er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir α-fenýlasetóasetónítríl kemur eftirfarandi:

| Efni | SN-heiti (ef annað) | SN-númer | CAS-nr. |
|---|---|---|---|
| „*Alfa*-fenýlasetóasetónítríl (APAAN) | | 2926 40 00 | 4468-48-8“ |

ii. Í stað SN-númersins „2939 99 00“ í færslunni fyrir (1R,2S)-(-)-klóróefedrín kemur „2939 79 90“.

iii. Í stað SN-númersins „2939 99 00“ í færslunni fyrir (1S,2R)-(+)-klóróefedrín kemur„2939 79 90“.

iv. Í stað SN-númersins „2939 99 00“ í færslunni fyrir (1S,2S)-(+)-klórósýndarefedrín kemur „2939 79 90“.

v. Í stað SN-númersins „2939 99 00“ í færslunni fyrir (1R,2R)-(-)-klórósýndarefedrín kemur „2939 79 90“.

vi. Eftirfarandi færslum er bætt við á viðeigandi stað í röð eftir SN-númerinu:

| Efni | SN-heiti (ef annað) | SN-númer | CAS-nr. |
|---|---|---|---|
| „Metýl 3-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýloxíran-2-karboxýlat (PMK-metýlglýsídat) | | 2932 99 00 | 13605-48-6 |
| 3-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýloxíran-2-karboxýlsýra (PMK-glýsíðsýra) | | 2932 99 00 | 2167189-50-4 |
| *Alfa*-fenýlasetóasetamíð (APAA) | | 2924 29 70 | 4433-77-6 |
| Metýl-2-metýl-3-fenýloxíran-2-karboxýlat (BMK-metýlglýsídat) | | 2918 99 90 | 80532-66-7 |
| 2- metýl-3-fenýloxíran-2-karboxýlsýra (BMK-glýsíðsýra) | | 2918 99 90 | 25547-51-7 |
| Metýl-α-fenýlasetóasetat (MAPA) | | 2918 30 00 | 16648-44-5“ |

b) Eftirfarandi færslu er bætt við á viðeigandi stað í röð eftir SN-númerinu í töflunni „UNDIRFLOKKUR 2A“:

| Efni | SN-heiti (ef annað) | SN-númer | CAS-nr. |
|---|---|---|---|
| „Rauður fosfór | | 2804 70 00 | 7723-14-0“ |

c) Í stað SN-númersins „2922 43 00“ í færslunni fyrir antranílsýru í töflunni „UNDIRFLOKKUR 2B“ kemur „ úr 2922 43 00“.

d) Í stað SN-númersins „2807 00 10“ í færslunni fyrir brennisteinssýru í töflunni „3. FLOKKUR“ kemur „2807 00 00“.

2) Í töflunni í II. viðauka er eftirfarandi færslu bætt við:

| **Efni** | **Viðmiðunarmörk** |
|---|---|
| „Rauður fosfór | 0,1 kg“ |

*II. VIÐAUKI*

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 111/2005 er breytt sem hér segir:

1) Töflunni „1. FLOKKUR“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir α-fenýlasetóasetónítríl kemur eftirfarandi:

| Efni | SN-heiti (ef annað) | SN-númer | CAS-nr. |
|---|---|---|---|
| „*Alfa*-fenýlasetóasetónítríl (APAAN) | | 2926 40 00 | 4468-48-8“ |

b) Í stað SN-númersins „2939 99 00“ í færslunni fyrir (1R,2S)-(-)-klóróefedrín kemur „2939 79 90“.

c) Í stað SN-númersins „2939 99 00“ í færslunni fyrir (1S,2R)-(+)-klóróefedrín kemur„2939 79 90“.

d) Í stað SN-númersins „2939 99 00“ í færslunni fyrir (1S,2S)-(+)-klórósýndarefedrín kemur „2939 79 90“.

e) Í stað SN-númersins „2939 99 00“ í færslunni fyrir (1R,2R)-(-)-klórósýndarefedrín kemur „2939 79 90“.

f) Eftirfarandi færslum er bætt við á viðeigandi stað í röð eftir SN-númerinu:

| Efni | SN-heiti (ef annað) | SN-númer | CAS-nr. |
|---|---|---|---|
| „Metýl 3-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýloxíran-2-karboxýlat (PMK-metýlglýsídat) | | 2932 99 00 | 13605-48-6 |
| 3-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýloxíran-2-karboxýlsýra (PMK-glýsíðsýra) | | 2932 99 00 | 2167189-50-4 |
| *Alfa*-fenýlasetóasetamíð (APAA) | | 2924 29 70 | 4433-77-6 |
| Metýl-2-metýl-3-fenýloxíran-2-karboxýlat (BMK-metýlglýsídat) | | 2918 99 90 | 80532-66-7 |
| 2- metýl-3-fenýloxíran-2-karboxýlsýra (BMK-glýsíðsýra) | | 2918 99 90 | 25547-51-7 |
| Metýl-α-fenýlasetóasetat (MAPA) | | 2918 30 00 | 16648-44-5“ |

2) Töflunni „2. flokkur“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað SN-númersins „2922 43 00“ í færslunni fyrir antranílsýru kemur „úr 2922 43 00“.

b) Eftirfarandi færslu er bætt við á viðeigandi stað í röð eftir SN-númerinu:

| Efni | SN-heiti (ef annað) | SN-númer | CAS-nr. |
|---|---|---|---|
| „Rauður fosfór | | 2804 70 00 | 7723-14-0“ |

3) Í stað SN-númersins „2807 00 10“ í færslunni fyrir brennisteinssýru í töflunni „3. flokkur“ kemur „2807 00 00“.

4) Töflunni „4. flokkur“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað SN-númersins „3003 40 20“ kemur „3003 41 00“ og í stað SN-númersins „3004 40 20“ kemur „3004 41 00“ í færslunni fyrir lyf og dýralyf sem innihalda efedrín eða sölt þess.

b) Í stað SN-númersins „3003 40 30“ kemur „3003 42 00“ og í stað SN-númersins „3004 40 30“ kemur „3004 42 00“ í færslunni fyrir lyf og dýralyf sem innihalda sýndarefedrín eða sölt þess.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/2101** **2021/EES/71/17**

**frá 15. desember 2020**

**um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu kísilgúr, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Kísilgúr var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu kísilgúr, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. ágúst 2021.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu kísilgúr var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 22. febrúar 2019.

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjendanna og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um hana. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöðu sína ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að kísilgúr uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 27. febrúar 2020. Framkvæmdastjórnin lagði frumendurnýjunarskýrslu og drög að reglugerð um kísilgúr fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 19. maí 2020 annars vegar og 16. júlí 2020 hins vegar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 425, 16.12.2020, bls. 79. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum virkum efnum (Stjtíð ESB L 344, 20.12.2008, bls. 89).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(3), 6054, (14 bls.). Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

9) Að því er varðar viðmiðanirnar til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika, sem voru innleiddar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 ([7]) komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að kísilgúr uppfylli ekki þær viðmiðanir. Því komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að ekki skuli líta á kísilgúr sem efni með innkirtlatruflandi eiginleika.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju málsgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

11) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið kísilgúr, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

12) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir virka efninu kísilgúr byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda kísilgúr.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir kísilgúr.

14) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir.

15) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

16) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1160 ([8]) var samþykkistímabilið fyrir kísilgúr framlengt til 31. ágúst 2021 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um að endurnýja samþykkið var tekin áður en þetta framlengda samþykkistímabil rann út skal þessi reglugerð þó koma til framkvæmda frá og með 1. febrúar 2021.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni**

Samþykki fyrir virka efninu kísilgúr er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

*2. gr.*

**Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011**

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

**Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. febrúar 2021.

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika (Stjtíð ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1160 frá 5. ágúst 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin álammóníumsúlfat, álsílíkat, blóðmjöl, kalsíumkarbónat, koltvísýring, útdrátt úr teviði, fitueimingarleifar, fitusýrur C7 til C20, hvítlaukskjarna, gibberellsýru, gibberellín, vatnsrofin prótín, járnsúlfat, kísilgúr, plöntuolíu/repjuolíu, kalíumbíkarbónat, kvarssand, fisklýsi, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, ógreinótt fiðrildaferómón, tebúkónasól og þvagefni (Stjtíð. ESB L 257, 6.8.2020, bls. 29).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. desember 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

| Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|
| Kísilgúr<br>CAS-nr. 61790-53-2<br>CIPAC-nr. 647 | Ekkert IUPAC-heiti er til fyrir kísilgúr<br>Önnur samheiti:<br>Vatnað kísiltvíoxíð<br>Díatómít | 1 000 g/kg<br>Lágmarksinnihald myndlauss kísiltvíoxíðs sem nemur 800 g/kg<br>Eftirfarandi óhreinindi mega ekki fara yfir eftirfarandi í tæknilega efninu:<br>Kristallað kísiltvíoxíð með kornastærð *undir 10 µm - að hámarki 1 g/kg* | 1. febrúar 2021 | 31. janúar 2036 | Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um kísilgúr, einkum í I. og II. viðbæti við hana.<br>Aðildarríki skulu gefa vernd notenda sérstakan gaum og tryggja að notkunarskilyrðin taki til notkunar á fullnægjandi persónuhlífum, einkum öndunargrímu, og annarra ráðstafana til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.<br>Eingöngu notkun innanhúss er leyfð. Aðildarríki skulu meta alla rýmkun á notkunarmynstrinu umfram notkun í lokuðu geymsluumhverfi til að ákvarða hvort tillögð rýmkun á notkun uppfylli kröfurnar í 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 og samræmdu meginreglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) nr. 546/2011 (2). Í notkunar-skilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. |

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 546/2011 frá 10. júní 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar samræmdar meginreglur um mat á og leyfi fyrir plöntuverndarvörum (Stjtíð. ESB L 155, 11.6.2011, bls. 127).

*II. VIÐAUKI*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 236 um kísilgúr brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

| Nr. | Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki ([1]) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| „143 | Kísilgúr<br>CAS-nr. 61790-53-2<br>CIPAC-nr. 647 | Ekkert IUPAC-heiti er til fyrir kísilgúr<br>Önnur samheiti:<br>Kísilgúr,<br>Díatómít | 1 000 g/kg<br>Lágmarksinnihald myndlauss kísiltvíoxíðs sem nemur 800 g/kg<br>Eftirfarandi óhreinindi eru varasöm í eiturefnafræðilegu tilliti og magn þeirra í tæknilega efninu má ekki vera meira en eftirfarandi:<br>Kristallað kísiltvíoxíð með kornastærð *undir 10 μm - að hámarki 1 g/kg* | 1. febrúar 2021 | 31. janúar 2036 | Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um kísilgúr, einkum í I. og II. viðbæti við hana.<br>Aðildarríki skulu gefa vernd notenda sérstakan gaum og tryggja að notkunarskilyrðin taki til notkunar á fullnægjandi persónuhlífum, einkum öndunargrímu, og annarra ráðstafana til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.<br>Eingöngu notkun innanhúss er leyfð. Aðildarríki skulu meta alla rýmkun á notkunarmynstrinu umfram notkun í lokuðu geymsluumhverfi til að ákvarða hvort tillögð rýmkun á notkun uppfylli kröfurnar í 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 og samræmdu meginreglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 546/2011. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“ |

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/2104** **2021/EES/71/18**

**frá 15. desember 2020**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabili fyrir virka efnið paraffínolíu** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/555 ([3]) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið paraffínolíu framlengt til 31. desember 2020.

3) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu var lögð fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([4]).

4) Þar eð mat á efninu hefur tafist af ástæðum sem umsækjendurnir fá ekki ráðið við er líklegt að samþykki fyrir virka efninu renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess er tekin. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabilið um eitt ár.

5) Því er rétt að breyta viðkomandi færslu 295 í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til að framlengja samþykkistímabilið fyrir virka efnið til 31. desember 2021.

6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

7) Að teknu tilliti til þess að samþykki fyrir efninu rennur út 31. desember 2020 ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 425, 16.12.2020, bls. 93. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/555 frá 24. mars 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir nokkur virk efni sem eru skráð í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 (endurnýjunaráætlun AIR IV) (Stjtíð. ESB L 80, 25.3.2017, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. desember 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 295, paraffínolía, kemur „31. desember 2021“.

_____

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/2105** **2021/EES/71/19**

**frá 15. desember 2020**

**um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu etoxasóli sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. í tengslum við 1. mgr. 24. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Etoxasóli var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/34/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu etoxasóli, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. júlí 2021.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu etoxasóli var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 20. september 2016.

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi einnig drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um hana. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 425, 16.12.2020, bls. 96. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/34/EB frá 17. maí 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum etoxasóli og tepraloxýdími (Stjtíð. ESB L 125, 18.5.2006, bls. 5).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöðu sína ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að etoxasól uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 12. september 2017. Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu og drög að reglugerð um etoxasól fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 21. mars 2018 og endurskoðaða útgáfu af endurnýjunarskýrslunni í mars 2020.

9) Að því er varðar viðmiðanirnar til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika, sem voru innleiddar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 ([7]), er niðurstaða Matvælaöryggisstofnunarinnar sú, á grundvelli vísinda-þekkingar, að það sé afar ólíklegt að etoxasól sé innkirtlatruflandi efni með estrógenvirkni, andrógenvirkni og skjaldkirtilsvirkni. Enn fremur benda fyrirliggjandi gögn til þess að ólíklegt sé að etoxasól sé innkirtlatruflandi efni sem hefur steramyndunarvirkni. Því komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að ekki skuli líta á etoxasól sem efni með innkirtlatruflandi eiginleika.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvæla-öryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju málsgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar um báðar útgáfur endurnýjunarskýrslunnar sem hafa verið athugaðar vandlega.

11) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið etoxasól, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

12) Framkvæmdastjórnin telur þó að etoxasól sé efni sem ráðgert sé að skipta út skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Etoxasól telst vera efni sem safnast fyrir í lífverum og eiturefni í samræmi við lið 3.7.2.2 og fyrsta undirlið í lið 3.7.2.3 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Etoxasól uppfyllir því skilyrðin sem sett eru í öðrum undirlið 4. liðar í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir etoxasóli sem efni sem ráðgert er að skipta út skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

14) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir virka efninu etoxasóli byggist á dæmigerðri notkun sem mítlaeyðir. Þó að ekki sé nauðsynlegt, í ljósi þessa áhættumats, að viðhalda takmörkuninni við notkun eingöngu sem mítlaeyðir er þó nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði og takmarkanir í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar. Einkum er rétt að takmarka notkun plöntuverndarvara sem innihalda etoxasól við notkun á skrautplöntur í varanlegum gróðurhúsum. Takmörkunin við skrautplöntur miðar að því að útiloka fæðutengd váhrif á neytendur vegna þess að það var ekki unnt að ljúka áhættumatinu fyrir unnar vörur og óvissan var of mikil. Þar eð mikil áhætta greindist fyrir lagarlífverur, liðdýr utan markhóps og mítla í jarðvegi miðar takmörkunin við gróðurhús, eins og skilgreint er í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því að koma í veg fyrir váhrif á umhverfið og lífverur utan markhóps.

15) Í því skyni að auka tiltrú á þeirri niðurstöðu að etoxasól hafi ekki innkirtlatruflandi eiginleika ætti umsækjandinn að leggja fram uppfært mat, í samræmi við b-lið í lið 2.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, á viðmiðununum sem mælt er fyrir um í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og í samræmi við leiðbeiningar um greiningu á innkirtlatruflandi efnum ([8]).

16) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(10), 4988. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika (Stjtíð ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33).

([8]) „Guidance for the identification of endocrine disruptors in the context of Regulations (EU) No 528/2012 and (EC) No 1107/2009“, https://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/pub/5311.

17) Með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/869 ([9]) var samþykkistímabilið fyrir etoxasól framlengt til 31. júlí 2021 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu skal þessi reglugerð koma til framkvæmda frá og með 1. febrúar 2021.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni**

Samþykki fyrir virka efninu etoxasóli er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

*2. gr.*

**Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011**

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

**Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. febrúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. desember 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/869 frá 24. júní 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin beflúbútamíð, benalaxýl, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, brómoxýníl, kaptan, sýasófamíð, dímetómorf, etefón, etoxasól, famoxadón, fenamífos, flúmíoxasín, flúoxastróbín, fólpet, formetanat, metríbúsín, milbemektín, *Paecilomyces lilacinus* af stofni 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól og s-metólaklór (Stjtíð. ESB L 201, 25.6.2020, bls. 7).

*I. VIÐAUKI*

| Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|
| etoxasól<br>CAS-nr. 153233-91-1<br>CIPAC-nr. 623 | (RS)-5-tert-bútýl-2-[2-(2,6-díflúórófenýl)-4,5-díhýdró1,3-oxasól-4-ýl]fenetól | ≥ 948 g/kg | 1. febrúar 2021 | 31. janúar 2028 | Einungis skal leyfa notkun á skrautplöntur í varanlegum gróðurhúsum.<br>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um etoxasól, einkum í I. og II. viðbæti við hana.<br>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:<br>— hugsanlegri upptöku þrávirkra umbrotsefna í jarðvegi hjá plöntum í skiptiræktun,<br>— vernd notenda, tryggt skal að notkunarskilyrðin innihaldi fyrirmæli um notkun á fullnægjandi persónuhlífum.<br>Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvæla-öryggisstofnunina að því er varðar liði 3.6.5 og 3.8.2. í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, þ.m.t. uppfært mat á þegar framlögðum upplýsingum og, ef við á, frekari upplýsingar fyrir 5. janúar 2023. |

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

*II. VIÐAUKI*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 99 um etoxasól brott.

2) Í E-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

| Nr. | Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki ([1]) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| „13 | etoxasól<br>CAS-nr. 153233-91-1<br>CIPAC-nr. 623 | (RS)-5-tert-bútýl-2-[2-(2,6-díflúorófenýl)-4,5-díhýdró1,3-oxasól-4-ýl]fenetól | ≥ 948 g/kg | 1. febrúar 2021 | 31. janúar 2028 | Einungis skal leyfa notkun á skrautplöntur í varanlegum gróðurhúsum.<br>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um etoxasól, einkum í I. og II. viðbæti við hana.<br>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:<br>— hugsanlegri upptöku þrávirkra umbrotsefna í jarðvegi hjá plöntum í skiptiræktun,<br>— vernd notenda, tryggt skal að notkunarskilyrðin innihaldi fyrirmæli um notkun á fullnægjandi persónuhlífum.<br>Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar liði 3.6.5 og 3.8.2. í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, þ.m.t. uppfært mat á þegar framlögðum upplýsingum og, ef við á, frekari upplýsingar fyrir 5. janúar 2023.“ |

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/52** **2021/EES/71/20**

**frá 22. janúar 2021**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin benflúralín, dímoxýstróbín, flúasínam, flútólaníl, mekópróp-P, mepíkvat, metíram, oxamýl og pýraklóstróbín** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2094 ([3]) var samþykkistímabilið fyrir virku efnin dímoxýstróbín, mekópróp-P, metíram, oxamýl og pýraklóstróbín framlengt til 31. janúar 2021 og samþykkistímabilið fyrir virku efnin benflúralín, flúasínam, flútólaníl og mepíkvat framlengt til 28. febrúar 2021.

3) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum efnum voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([4]).

4) Þar eð mat á þessum efnum hefur tafist af ástæðum sem umsækjendurnir fá ekki ráðið við er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þeirra hefur verið tekin. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.

5) Enn fremur er gerð krafa um framlengingu á samþykkistímabilinu fyrir virku efnin flútólaníl, mepíkvat og pýraklóstróbín í því skyni að veita þann tíma sem er nauðsynlegur til að vinna mat í tengslum við innkirtlatruflandi eiginleika þessara virku efna í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 13. og 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012.

6) Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar skal framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 23, 25.1.2021, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2094 frá 29. nóvember 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin benflúralín, dímoxýstróbín, flúasínam, flútólaníl, mankóseb, mekópróp-P, mepíkvat, metíram, oxamýl og pýraklóstróbín (Stjtíð ESB L 317, 9.12.2019, bls. 102).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. janúar 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 57, mekópróp-P, kemur „31. janúar 2022“.
2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 81, pýraklóstróbín, kemur „31. janúar 2022“.
3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 115, metíram, kemur „31. janúar 2022“.
4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 116, oxamýl, kemur „31. janúar 2022“.
5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 128, dímoxýstróbín, kemur „31. janúar 2022“.
6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 187, flútólaníl, kemur „28. febrúar 2022“.
7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 188, benflúralín, kemur „28. febrúar 2022“.
8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 189, flúasínam, kemur „28. febrúar 2022“.
9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 191, mepíkvat, kemur „28. febrúar 2022“.

_____

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/79** **2021/EES/71/21**

**frá 27. janúar 2021**

**um að samþykkja ekki virka efnið tópramesón í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt a-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 gildir tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) um virk efni, sem ákvörðun hefur verið samþykkt um í samræmi við 3. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar fyrir 14. júní 2011, að því er varðar málsmeðferð og skilyrði fyrir samþykki. Hinn 9. desember 2003 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun 2003/850/EB ([3]) um virka efnið tópramesón (var áður BAS 670H) í samræmi við 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE.

2) Hinn 12. maí 2003 lagði BASF Aktiengesellschaft (nú BASF SE) umsókn um færslu tópramesóns á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EEC fyrir Frakkland í samræmi við 2. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar. Staðfest var með ákvörðun 2003/850/EB að málsskjölin uppfylltu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfurnar í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.

3) Mat á áhrifum tópramesóns á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið var innt af hendi, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjandinn fyrirhugaði. Frakkland lagði drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 21. júlí 2006.

4) Aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni. Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([4]) um áhættumatið á varnarefnum með virka efninu tópramesóni fyrir framkvæmdastjórnina 13. janúar 2014.

5) Í bréfi dagsettu 29. júní 2020 dró BASF SE umsóknina um samþykki fyrir tópramesóni til baka.

6) Þar eð umsóknin var dregin til baka ætti ekki að samþykkja tópramesón.

7) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir framlagningu frekari umsókna varðandi virka efnið tópramesón skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 29, 28.1.2021, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/850/EB frá 4. desember 2003 um að viðurkenna í grundvallaratriðum heilleika málsskjalanna sem lögð voru fram til nákvæmrar athugunar með tilliti til hugsanlegar færslu BAS 670H og silfurþíósúlfats á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. ESB L 322, 9.12.2003, bls. 28).

([4]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2014. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance topramezone“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(2), 3540, 82 bls., doi:10.2903/j.efsa.2014.3540.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Virkt efni ekki samþykkt**

Virka efnið tópramesón er ekki samþykkt.

*2. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. janúar 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/80** **2021/EES/71/22**

**frá 27. janúar 2021**

**um að samþykkja ekki koltvísýring sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað ([1]), einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Hinn 27. febrúar 2018 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Dr Knoell Consult GmbH um samþykki fyrir koltvísýringi (E 290) af matvælagæðum sem grunnefni (CAS-nr. 124-38-9). Umsóknin varðaði notkun sem svæliefni að lokinni uppskeru gegn skordýrum og mítlum.

2) Koltvísýringur er þegar samþykktur sem virkt efni til notkunar í plöntuverndarvörur frá 1. september 2009 ([2]) og er á skrá í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]).

3) Koltvísýringur er sem stendur leyfður og settur á markað sem plöntuverndarvara í nokkrum aðildarríkjum. Lýsingin á auðkenni efnisins í umsókninni um samþykki sem grunnefni er samhljóða lýsingunni á samþykkta virka efninu.

4) Þrátt fyrir að í þriðju undirgrein sé kveðið á um að líta skuli á matvæli sem grunnefni útilokar d-liður 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1107/2009 samþykki fyrir koltvísýringi af matvælagæðum þar sem ein af viðmiðunum fyrir því að efni fái leyfi sem grunnefni er að það sé ekki sett á markað sem plöntuverndarvara. Sem stendur er þetta hins vegar staðan að því er varðar koltvísýring af matvælagæðum.

5) Þessi reglugerð er með fyrirvara um framlagningu nýrrar umsóknar um samþykki fyrir koltvísýringi sem grunnefni í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 þegar núgildandi samþykki fyrir koltvísýringi sem virku efni hefur runnið út og þegar öll leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda koltvísýring hafa verið afturkölluð eða runnið út.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Efnið koltvísýringur (E 290) er ekki samþykkt sem grunnefni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 29, 28.1.2021, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum virkum efnum (Stjtíð ESB L 344, 20.12.2008, bls. 89).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. janúar 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/81** **2021/EES/71/23**

**frá 27. janúar 2021**

**um samþykki fyrir grunnefninu laukútdrætti úr *Allium cepa* L., í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Hinn 4. september 2018 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá l'Institut de l'agriculture et de l'alimentation Biologique (ITAB) um samþykki fyrir laukútdrætti úr *Allium cepa* L. sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu um laukútdrátt úr *Allium cepa* L. fyrir framkvæmdastjórnina 12. desember 2019 ([2]). Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrsluna ([3]) og drögin að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 18. maí 2020.

3) Upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram sýna að laukútdráttur úr *Allium cepa* L. uppfyllir viðmiðanirnar fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([4]). Auk þess er útdrátturinn ekki að mestu notaður í þeim tilgangi að verja plöntur en hann getur samt sem áður verið gagnlegur við plöntuvernd í vöru sem samanstendur af efninu. Af þessum sökum skal hann talinn grunnefni.

4) Eftir athugun á umsókninni og öllum tengdum gögnum má gera ráð fyrir að laukútdráttur úr *Allium cepa* L. uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja laukútdrátt úr *Allium cepa* L. sem grunnefni.

5) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði fyrir samþykkinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 29, 28.1.2021, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2019. „Technical report on the outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for *Allium cepa* bulb extract for use in plant protection as a fungicide in potatoes, tomatoes and cucumbers." (Tæknileg skýrsla um niðurstöður samráðs við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu um umsókn vegna grunnefnisins laukútdrátts úr *Allium cepa* til notkunar við plöntuvernd sem sveppaeyðir á kartöflur, tómata og gúrkur). EFSA supporting publication 2019:EN-1767. doi:10.2903/sp.efsa.2019.EN-1767.

([3]) „Final Review report for the basic substance *Allium cepa* L. bulb extract finalised in the Standing Committee on Plants, Animals, Food and Feed at its meeting on 22 October 2020 in view of the approval of *Allium cepa* L. bulb extract as basic substance in accordance with Regulation (EC) No 1107/2009 (SANTE/10842/2020 Rev2)."

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

6) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([5]) til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Samþykki fyrir grunnefni**

Efnið laukútdráttur úr *Allium cepa* L., eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt sem grunnefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

**Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011**

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. janúar 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

*I. VIÐAUKI*

| Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|
| Laukútdráttur úr *Allium cepa* L.<br>CAS-nr. ekki úthlutað<br>CIPAC-nr. ekki úthlutað | Á ekki við | Laukurinn sem er notaður til að tilreiða útdráttinn skal vera af matvælagæðum sem uppfylla kröfur í lýsingum efna frá Alþjóðaheilbrigðismála-stofnuninni um valdar jurtir til lækninga að því er varðar Bulbus *Allii Cepae* (1. bindi, Genf, 1999). | 17.2.2021 | Nota skal laukútdrátt úr *Allium cepa* L. í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um laukútdrátt úr *Allium cepa* L. (SANTE/10842/2020 Rev2), einkum í I. og II. viðbæti við hana. |

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

*II. VIÐAUKI*

Í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er eftirfarandi færslu bætt við:

| Talna-gildi | Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|
| „23 | Laukútdráttur úr *Allium cepa* L.<br>CAS-nr. ekki úthlutað<br>CIPAC-nr. ekki úthlutað | Á ekki við | Laukurinn sem er notaður til að tilreiða útdráttinn skal vera af matvælagæðum sem uppfylla kröfur í lýsingum efna frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni um valdar jurtir til lækninga að því er varðar Bulbus *Allii Cepae* (1. bindi, Genf, 1999). | 17.2.2021 | Nota skal laukútdrátt úr *Allium cepa* L. í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um laukútdrátt úr *Allium cepa* L. (SANTE/10842/2020 Rev2), einkum í I. og II. viðbæti við hana.“ |

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/129** **2021/EES/71/24**

**frá 3. febrúar 2021**

**um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu hvítlaukskjarna, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Hvítlaukskjarna var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu hvítlaukskjarna, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. ágúst 2021.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu hvítlaukskjarna var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 28. mars 2019.

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi einnig drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um hana. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 40, 4.2.2021, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum virkum efnum (Stjtíð ESB L 344, 20.12.2008, bls. 89).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöðu sína ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að hvítlaukskjarni uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 16. apríl 2020. Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu um hvítlaukskjarna fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 16. og 17. júlí 2020 og drög að reglugerð, þar sem kveðið er á um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu, 4. desember 2020.

9) Að því er varðar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika, sem voru innleiddar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 ([7]), komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að hvítlaukskjarni teljist ekki uppfylla viðmiðanirnar vegna innkirtlatruflandi eiginleika að því er varðar menn og lífverur utan markhóps eins og mælt er fyrir um í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2018/605, eftir því sem við á.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju málsgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

11) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið hvítlaukskjarna, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

12) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir virka efninu hvítlaukskjarna byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda hvítlaukskjarna.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir hvítlaukskjarna.

14) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

15) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1160 ([8]) var samþykkistímabilið fyrir hvítlaukskjarna framlengt til 31. ágúst 2021 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun á samþykki var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu skal þessi reglugerð koma til framkvæmda frá og með 1. mars 2021.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni**

Samþykki fyrir virka efninu hvítlaukskjarna er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

([6]) „*Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance garlic extract*“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(6), 6116, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2020,6116.

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika (Stjtíð ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1160 frá 5. ágúst 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin álammóníumsúlfat, álsílíkat, blóðmjöl, kalsíumkarbónat, koltvísýring, útdrátt úr teviði, fitueimingarleifar, fitusýrur C7 til C20, hvítlaukskjarna, gibberellsýru, gibberellín, vatnsrofin prótín, járnsúlfat, kísilgúr, plöntuolíu/repjuolíu, kalíumbíkarbónat, kvarssand, fisklýsi, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, ógreinótt fiðrildaferómón, tebúkónasól og þvagefni (Stjtíð. ESB L 257, 6.8.2020, bls. 29).

*2. gr.*

**Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011**

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

**Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. mars 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*I. VIÐAUKI*

| Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|
| Hvítlaukskjarni<br>Markefnaefnisþættir:<br>díallýlsúlfíð (DAS1), díallýldísúlfíð (DAS 2)<br>díallýltrísúlfíð (DAS3), díallýltetrasúlfíð (DAS 4)<br><br>CAS-nr. 8000-78-0, 8008-99-9<br><br>CIPAC-nr. 916 | Hvítlaukskjarni | 1 000 g/kg | 1. mars 2021 | 29. febrúar 2036 | Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um hvítlaukskjarna, einkum í I. og II. viðbæti við hana.<br>Á grundvelli tillagðrar og studdrar notkunar (eins og tilgreint er í II. viðbæti) skulu öll aðildarríkin, í tengslum öll leyfi sem skal veita, breyta eða afturkalla, eins og við á, til skamms tíma gefa eftirfarandi atriðum sérstakan gaum:<br>— Áhættu fyrir lagarlífverur. |

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

*II. VIÐAUKI*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 231 um hvítlaukskjarna brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

| Númer | Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki ([1]) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| „144 | Markefnaefnisþættir hvítlaukskjarna: díallýlsúlfíð (DAS1), díallýldísúlfíð (DAS 2), díallýltrísúlfíð (DAS3), díallýltetrasúlfíð (DAS 4)<br><br>CAS-nr. 8000-78-0<br>8008-99-9<br>CIPAC-nr. 916 | Hvítlaukskjarni | 1 000 g/kg | 1. mars 2021 | 29. febrúar 2036 | Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um hvítlaukskjarna, einkum í I. og II. viðbæti við hana.<br>Á grundvelli tillagðrar og studdrar notkunar (eins og tilgreint er í II. viðbæti) skulu öll aðildarríkin, í tengslum öll leyfi sem skal veita, breyta eða afturkalla, eins og við á, til skamms tíma gefa eftirfarandi atriðum sérstakan gaum:<br>— Áhættu fyrir lagarlífverur.“ |

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/134** **2021/EES/71/25**

**frá 4. febrúar 2021**

**um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6 (áður *Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6), í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. í tengslum við 1. mgr. 22. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Virka efnið sem um er að ræða er sveppur sem var fyrst nefndur *Verticillium lecanii*. Af vísindalegum ástæðum var því heiti síðan breytt í *Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6. Nýlega var því heiti breytt aftur og er nú *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6.

2) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB ([2]) var *Lecanicillium muscarium* (áður *Verticillium lecanii*) af stofni Ve6 bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) .

3) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

4) Samþykkið fyrir virka efninu *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6 (áður *Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6), eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 30. apríl 2021.

5) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6 var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

6) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

7) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 30. janúar 2018.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 42, 5.2.2021, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls.1).

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB frá 8. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum örverum sem virkum efnum (Stjtíð ESB L 330, 9.12.2008, bls. 6).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

8) Matvælaöryggisstofnunin sendi drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

9) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 27. apríl 2020. Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu um *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6 fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 22. október 2020 og drög að reglugerð að því er varðar efnið 4. desember 2020.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvæla-öryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju málsgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

11) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6.

12) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir virka efninu *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6 byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun efnisins sem eingöngu skordýraeyðir.

13) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6 sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6 er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Að teknu tilliti til mats skýrslugjafaraðildarríkisins og Matvælaöryggisstofnunarinnar og fyrirhugaðrar notkunar er *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6 örvera sem búist er við að lítil áhætta stafi af fyrir menn og dýr og fyrir umhverfið. Engin veruleg áhættuefni voru tilgreind og ekki er vitað að *Akanthomyces muscarius* tengist sjúkdómsvaldi manna eða dýra. *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6 hefur verið notað við plöntuvernd í meira en áratug án þess að það hafi leitt til skaðlegra áhrifa á menn og hugsanleg váhrif á menn, lífverur utan markhóps og umhverfið eru talin óveruleg á grundvelli fyrirhugaðrar notkunar (sem er í hátæknigróðurhúsum (varanlegum) og gróðurgöngum (e. *walk-in tunnel*)). Af þessum ástæðum ætti eingöngu að grípa til almennra mildunarráðstafana fyrir rekstraraðila og starfsfólk.

14) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6 sem áhættulitlu efni. Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti því að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

15) Samþykkistímabilið fyrir *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6 (áður *Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6) var síðast framlengt til 30. apríl 2021 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/421 ([7]) til að gera það kleift að ljúka endurnýjunarferlinu áður en tímabilið rynni út. Þar eð ákvörðun um að endurnýja samþykkið var tekin áður en þetta framlengda samþykkistímabil rann út ætti þessi reglugerð þó að koma til framkvæmda fyrir þá dagsetningu.

([6]) „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Akanthomyces muscarius* strain Ve6, formerly *Lecanicillium muscarium* strain Ve6.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(6), 6121. doi: 10.2903/j.efsa.20206121. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/421 frá 18. mars 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin abamektín, *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Aizawai af stofnum ABTS-1857 og GC-91, Bacillus thuringiensis undirteg. Israeliensis (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Kurstaki af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, klópýralíð, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, *Lecanicillium muscarium* (áður Verticillium lecanii) af stofni Ve6, mepanípýrím, *Metarhizium anisopliae* (var. *anisopliae*) af stofni BIPESCO 5/F52, metkónasól, metrafenón, *Phlebiopsis gigantea* af stofnum FOC PG 410.3, VRA 1835 og VRA 1984, pírimíkarb, *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA342, pýrimetaníl, *Pythium oligandrum* M1, rimsúlfúrón, spínósað, *Streptomyces* K61 (áður *S. griseoviridis*), *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofnum IMI 206040 og T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram (Stjtíð. ESB L 84, 20.3.2020, bls. 7).

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni**

Samþykkið fyrir virka efninu *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6 (áður *Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6), eins og tilgreint er í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

**Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011**

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

**Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. mars 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*I. VIÐAUKI*

| Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|
| *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6 (áður *Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6) (2) | Á ekki við | Engin óhreinindi sem skipta máli | 1. mars 2021 | 29. febrúar 2036 | Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6 (áður *Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6), einkum í I. og II. viðbæti við hana.<br><br>Aðildarríkin skulu gefa sérstakan gaum að vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og skulu tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum.<br><br>Framleiðendur skulu tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti meðan á framleiðsluferlinu stendur, eins og mælt er fyrir um í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012, að því er varðar viðmiðunarmörk um örverumengun (3). |

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

(2) Virka efnið, sem um er að ræða, var upphaflega samþykkt sem *Verticillium lecanii* en heiti þess var síðar breytt, af vísindalegum ástæðum, í *Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6 sem var síðar breytt aftur í heitið sem samþykkið var endurnýjað fyrir, *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6.

(3) https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/plant/docs/pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf

*II. VIÐAUKI*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta er færsla 199 um *Lecanicillium muscarium* (áður *Verticilium lecanii*) af stofni Ve6 felld brott.

2) Í D-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

| Nr. | Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| „25 | *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6 (áður *Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6) (2) | Á ekki við | Engin óhreinindi sem skipta máli | 1. mars 2021 | 29. febrúar 2036 | Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6 (áður *Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6), einkum í I. og II. viðbæti við hana.<br><br>Aðildarríkin skulu gefa sérstakan gaum að vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og skulu tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum.<br><br>Framleiðendur skulu tryggja algjöra stjórn á umhverfis-aðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti meðan á fram-leiðsluferlinu stendur, eins og mælt er fyrir um í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012, að því er varðar viðmiðunarmörk um örverumengun (3). |

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
(2) Virka efnið, sem um er að ræða, var upphaflega samþykkt sem *Verticillium lecanii* en heiti þess var síðar breytt, af vísindalegum ástæðum, í *Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6 sem var síðar breytt aftur í heitið sem samþykkið var endurnýjað fyrir, *Akanthomyces muscarius* af stofni Ve6.
(3) https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/plant/docs/pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/413** **2021/EES/71/26**

**frá 8. mars 2021**

**um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu blóðmjöli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. í tengslum við 1. mgr. 22. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Blóðmjöli var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu blóðmjöli, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. ágúst 2021.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu blóðmjöli var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 18. febrúar 2019.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 81, 9.3.2021, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum virkum efnum (Stjtíð ESB L 344, 20.12.2008, bls. 89).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöðu sína ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að blóðmjöl uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 31. Janúar 2020. Framkvæmdastjórnin lagði frumendurnýjunarskýrslu og drög að reglugerð um blóðmjöl fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 16. júlí 2020.

9) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvæla-öryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju málsgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið blóðmjöl, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir blóðmjöli.

11) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir virka efninu blóðmjöli byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda blóðmjöl.

12) Í kjölfar mats af hálfu skýrslugjafaraðildarríkisins og Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til fyrirhugaðrar notkunar voru engin veruleg áhyggjuefni tilgreind.

13) Að því er varðar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika sem settar eru fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 benda niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar til þess að mjög ólíklegt sé að blóðmjöl sé innkirtlatruflandi efni. Því komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að ekki skuli líta á blóðmjöl sem efni með innkirtlatruflandi eiginleika.

14) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að blóðmjöl sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 þar eð blóðmjöl er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Enn fremur er blóð hluti af skrokkum dýra og alla jafna fyrir hendi í fæðu manna.

15) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti því að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

16) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1160 ([7]) var samþykkistímabilið fyrir blóðmjöl framlengt til 31. ágúst 2021 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en tímabilið rynni út. Þar eð ákvörðun um að endurnýja samþykkið var tekin áður en þetta framlengda samþykkistímabil rann út ætti þessi reglugerð þó að koma til framkvæmda fyrir þá dagsetningu.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni**

Samþykkið fyrir virka efninu blóðmjöli, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 18(2),6006, doi: 10.2903/j.efsa.2020.6006. Aðgengilegt á https://www.efsa.europa.eu/fr/efsajournal/pub/6006

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1160 frá 5. ágúst 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin álammóníumsúlfat, álsílíkat, blóðmjöl, kalsíumkarbónat, koltvísýring, útdrátt úr teviði, fitueimingarleifar, fitusýrur C7 til C20, hvítlaukskjarna, gibberellsýru, gibberellín, vatnsrofin prótín, járnsúlfat, kísilgúr, plöntuolíu/repjuolíu, kalíumbíkarbónat, kvarssand, fisklýsi, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, ógreinótt fiðrildaferómón, tebúkónasól og þvagefni (Stjtíð. ESB L 257, 6.8.2020, bls. 29).

*2. gr.*

**Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011**

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

**Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. mars 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

| **Almennt heiti, kenninúmer** | **IUPAC-heiti** | **Hreinleiki** (1) | **Dagsetning samþykkis** | **Samþykki rennur út** | **Sértæk ákvæði** |
|---|---|---|---|---|---|
| Blóðmjöl<br>90989-74-5<br>909 | Á ekki við | 100% blóðmjöl, blóðrauðainnihald: a.m.k. 80% | *1. apríl 2021* | *31. mars 2036* | Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um blóðmjöl, einkum í I. og II. viðbæti við hana.<br><br>Aðildarríki skulu gefa sérstakan gaum:<br>— að verndun fiska og vatnahryggleysingja þegar ómarkvissar úðunaraðferðir eru notaðar og<br>— að því að hringsnúa þarf plöntuverndarvörum, sem innihalda blóðmjöl, til að gera vöruna einsleita fyrir notkun. |

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

*II. VIÐAUKI*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 222 um blóðmjöl brott.

2) Í D-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

| **Nr.** | **Almennt heiti, kenninúmer** | **IUPAC-heiti** | **Hreinleiki** (*) | **Dagsetning samþykkis** | **Samþykki rennur út** | **Sértæk ákvæði** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| „26 | Blóðmjöl<br>90989-74-5<br>909 | Á ekki við | 100% blóðmjöl, blóðrauðainnihald: a.m.k. 80% | *1. apríl 2021* | *31. mars 2036* | Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um blóðmjöl, einkum í I. og II. viðbæti við hana.<br><br>Aðildarríki skulu gefa sérstakan gaum:<br>— að verndun fiska og vatnahryggleysingja þegar ómarkvissar úðunaraðferðir eru notaðar og<br>— að því að hringsnúa þarf plöntuverndarvörum, sem innihalda blóðmjöl, til að gera vöruna einsleita fyrir notkun. |

(*) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/427** **2021/EES/71/27**

**frá 10. mars 2021**

**um samþykki fyrir virka efninu 24-epíbrassínólíði sem áhættulitlu efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. í tengslum við 1. mgr. 22. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 lagði Suntton GmbH umsókn fyrir Austurríki 28. apríl 2017 um samþykki fyrir virka efninu 24-epíbrassínólíði.

2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Austurríki sem skýrslugjafaraðildarríki umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 30. maí 2017.

3) Hinn 6. júní 2018 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

4) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu 22. október 2019.

5) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið 24-epíbrassínólíð uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ([2]), fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 4. maí 2020. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

6) Hinn 17. júlí 2020 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um 24-epíbrassínólíð og 4. desember 2020 drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir 24-epíbrassínólíði.

7) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.

8) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 84, 11.3.2021, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

([2]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance 24-epibrassinolide“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020, 6123 https://doi.org/10.2903/j.efsa.2020.6132. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

9) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að 24-epíbrassínólíð sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. 24-epíbrassínólíð er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í lið 5.1 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

10) Því er rétt að samþykkja 24-epíbrassínólíð sem áhættulítið efni.

11) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Samþykki fyrir virku efni**

Virka efnið 24-epíbrassínólíð, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt eins og mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

**Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011**

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. mars 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

*I. VIÐAUKI*

| Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|
| 24-epíbrassínólíð<br>CAS-nr.: 78821-43-9<br>CIPAC-nr.: Á ekki við | (3aS,5R,6S,7aR,7bS,9aS,10R,12aS,12bS)-10((2S,3R,4R,5R)-3,4-díhýdroxý-5,6-dímetýlheptan-2-ýl)5,6-díhýdroxý-7a,9a-dímetýlhexadekahýdró-3Hbensó[c]indenó[5,4-e]oxepín-3-ón | ≥ 900 g/kg | 31. mars 2021 | 31. mars 2036 | Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni frá 4. desember 2020, einkum í I. og II. viðbæti við hana. |

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

*II. VIÐAUKI*

Í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er eftirfarandi færslu bætt við:

| Nr. | Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| „27 | 24-epíbrassínólíð<br>CAS-nr.: 78821-43-9<br>CIPAC-nr.: Á ekki við | (3aS,5R,6S,7aR,7bS,9aS,10R,12aS,12bS)-10((2S,3R,4R,5R)-3,4-díhýdroxý-5,6-dímetýlheptan-2-ýl)5,6-díhýdroxý-7a,9a-dímetýlhexadekahýdró-3Hbensó[c]indenó[5,4-e]oxepín-3-ón | ≥ 900 g/kg | 31. mars 2021 | 31. mars 2036 | Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni frá 4. desember 2020, einkum í I. og II. viðbæti við hana.“ |

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/459** **2021/EES/71/28**

**frá 16. mars 2021**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu fenpýrasamíni** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum öðrum valkosti í 3. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Fenpýrasamín var samþykkt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 595/2012 ([2]) sem virkt efni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með tilteknum skilyrðum þar sem þess er einkum krafist að aðildarríkið sem hefur umsóknina til meðferðar tilkynni framkvæmdastjórninni, í samræmi við 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, um forskrift fyrir tæknilega efnið sem framleitt er sem verslunarvara.

2) Í desember 2013 lagði umsækjandinn uppfærð málsskjöl, í því skyni að láta í té upplýsingar um forskrift fyrir tæknilega efnið sem framleitt er sem verslunarvara, fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Austurríki innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um fyrir framlagningu þeirra. Skýrslugjafaraðildarríkið lagði mat á uppfærðu málsskjölin í formi viðbótar við drögin að matsskýrslunni.

3) Hinn 23. apríl 2014 sendi Austurríki viðbótina til aðildarríkjanna, umsækjandans og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) til að fá athugasemdir þeirra og safnaði öllum athugasemdunum saman í skýrslugjafartöflu sem var lögð fyrir Matvælaöryggisstofnunina 7. júlí 2014. Matvælaöryggisstofnunin bætti við vísindalegum skoðunum sínum varðandi sérstök atriði sem komu upp í athugasemdafasanum í skýrslugjafartöflunni.

4) Matvælaöryggisstofnunin gaf út tæknilega skýrslu með samantekt á niðurstöðu þessa samráðsferlis um fenpýrasamín 13. ágúst 2014 ([3]).

5) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni, viðbótina og tæknilegu skýrsluna innan fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður og þeirri endurskoðun lauk 18. maí 2020 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um fenpýrasamín.

6) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um fenpýrasamín.

7) Í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar kom fram að hún taldi að þörf væri á að breyta tækniforskriftinni, sem lögð er til í samþykkinu fyrir fenpýrasamíni, úr tilraunaframleiðslu í markaðsframleiðslu. Óhreinindin hýdrasín, sem er upphafsefni, fundust við matið sem óhreinindi sem skipta máli þar eð þau greindust í endurgreindum framleiðslulotum í tilraunaverksmiðju sem og í framleiðslulotum í verksmiðju til markaðsframleiðslu. Með það í huga að óhreinindin hýdrasín, sem skipta máli, eru varasöm í eiturefnafræðilegu tilliti komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að hámarksinnihald þessara óhreininda í tæknilega efninu ætti ekki að fara yfir 0,0001% (1 mg/kg).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 91, 17.3.2021, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 595/2012 frá 5. júlí 2012 um samþykki fyrir virka efninu fenpýrasamíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 176, 6.7.2012, bls. 46).

([3]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2015. „Outcome of the consultation with Member States, the applicant and EFSA on the pesticide risk assessment of confirmatory data for the active substance fenpyrazamine.“ EFSA supporting publication 2014:EN-630.

8) Til þess að tryggja víðtæka vernd fyrir neytendur er því rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir þessi óhreinindi í virka efninu sem framleitt er sem verslunarvara.

9) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]) til samræmis við það.

10) Gefa ætti aðildarríkjunum nægan tíma til að breyta eða afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum, sem innihalda fenpýrasamín, sem eru ekki í samræmi við forskriftina fyrir tæknilega efnið sem framleitt er sem verslunarvara og takmörkunarskilyrði fyrir samþykki.

11) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda fenpýrasamín ætti sá frestur að renna út eigi síðar en 15 mánuðum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011**

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

**Umbreytingarráðstafanir**

Aðildarríkin skulu, ef nauðsyn krefur, breyta eða afturkalla fyrirliggjandi leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda fenpýrasamín sem virkt efni eigi síðar en 6. júlí 2021.

*3. gr.*

**Frestir**

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 6. júlí 2022.

*4. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. mars 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

*VIÐAUKI*

Í stað dálksins „Hreinleiki“ í 25. línu, fenpýrasamín, í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 kemur eftirfarandi:

„≥ 960 g/kg

Eftirfarandi framleiðsluóhreinindi eru varasöm í eiturefnafræðilegu tilliti og magn þeirra í tæknilega efninu má ekki vera meira en:

Hýdrasín: hámarksinnihald: < 0,0001% (1 mg/kg)“

Í stað dálksins „Sértæk ákvæði“ í 25. línu, fenpýrasamín, í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 kemur eftirfarandi:

„B-HLUTI

Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um fenpýrasamín, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 1. júní 2012 og fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 18. maí 2020. Hreinleikinn sem gefinn er upp í þessari færslu byggist á markaðsframleiðslu í verksmiðju.

_____

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/464** **2021/EES/71/29**

**frá 17. mars 2021**

**um að samþykkja ekki *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldpiparhópurinn, útdrátt úr kajennpipar sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Hinn 14. mars 2018 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá fyrirtækinu Bio Natural Protect um samþykki fyrir *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldpiparhópurinn, útdrætti úr kajennpipar sem grunnefni til notkunar sem fæliefni gegn spendýrum og fuglum sem nærast á fræjum. Endurskoðaðri umsókn sem barst 23. maí 2019 fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu um *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldpiparhópurinn, útdrátt úr kajennpipar fyrir framkvæmdastjórnina 31. mars 2020 ([2]). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að forskriftirnar fyrir tillögðum *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldpiparhópurinn, útdrætti úr kajennpipar, þ.m.t. kapsaísín sem er helsti virki efnisþáttur hans, væru ekki vel skilgreindar. Samkvæmt Matvælaöryggisstofnuninni voru upplýsingar um eiginleika er varða afdrif og hegðun í umhverfinu í tengslum við suma af hugsanlegu útdráttarefnisþáttunum, þ.m.t. kapsaísín, enn fremur óljósar og þörf var á frekari rannsóknum á eiturhrifum á allar tegundir sem eru ekki marktegundir. Matvælaöryggisstofnunin tók fram að fyrirtæki hefðu einnig lagt gögn fyrir Efnastofnun Evrópu um að e.t.v. þyrfti að flokka efnisþætti *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldpiparhópurinn, útdráttar úr kajennpipar sem efni sem veldur alvarlegum augnskaða, er hættulegt við inntöku og veldur einnig húðertingu.

3) Að auki greindi vísindanefndin um matvæli hugsanleg erfðaeiturhrif kapsaísíns ([3]).

4) Ekki lá fyrir neitt mat, sem skipti máli, sem fór fram í samræmi við aðra löggjöf Sambandsins eins og um getur í 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 94, 18.3.2021, bls. 1 Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2020. „Technical report on the outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for approval of *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, longum group, cayenne extract to be used in plant protection as repellent to seed-eating mammals and birds.“ EFSA supporting publication 2020:EN-1838. 77. bls. doi:10.2903/sp.efsa.2020.EN-1838.

([3]) Álit vísindanefndarinnar um matvæli um kapsaísín (samþykkt 26. febrúar 2002), https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/fs_food-improvement-agents_flavourings-out120.pdf

5) Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrsluna ([4]) og drögin að þessari reglugerð um að samþykkja ekki *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldpiparhópurinn, útdrátt úr kajennpipar fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 17. júlí 2020.

6) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi tæknilega skýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar og drög framkvæmdastjórnarinnar að endurskoðunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

7) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi efnið.

8) Af þessum sökum, eins og mælt er fyrir um í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar, hefur ekki verið sýnt fram á að kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 séu uppfylltar. Því er rétt að samþykkja ekki *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldpiparhópurinn, útdrátt úr kajennpipar sem grunnefni.

9) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldpiparhópurinn, útdrætti úr kajennpipar sem grunnefni í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Efnið *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldpiparhópurinn, útdráttur úr kajennpipar er ekki samþykkt sem grunnefni.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. mars 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

([4]) https://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/eu-pesticides-db_en

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/904** **2021/EES/71/30**

**frá 5. júní 2019**

**um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Plast hefur mikið notagildi og er hlutfallslega ódýrt sem þýðir að þessi efniviður verður sífellt útbreiddari í daglegu lífi. Þó að plast gegni gagnlegu hlutverki innan hagkerfisins og notkun þess sé nauðsynleg á mörgum sviðum þýðir vaxandi notkun þess í vörur til skammtímanotkunar, sem eru ekki fallnar til endurnotkunar eða kostnaðarhagkvæmrar endurvinnslu, að tengd framleiðslu- og neyslumynstur hafa orðið sífellt óhagkvæmari og línulegri. Í tengslum við aðgerðaáætlun um hringrásarhagkerfi, sem mælt er fyrir um í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 2. desember 2015 sem ber yfirskriftina „Closing the loop – An EU action plan for the Circular Economy“ (Hringnum lokað – aðgerðaáætlun ESB um hringrásarhagkerfið), komst framkvæmdastjórnin því að þeirri niðurstöðu í evrópskri stefnuáætlun um plast, sem mælt er fyrir um í orðsendingu hennar frá 16. janúar 2018 sem ber yfirskriftina „A European Strategy for Plastics in a Circular Economy“ (evrópsk stefnuáætlun um plast í hringrásarhagkerfi), að ráðast yrði gegn sífelldri aukningu á myndun plastúrgangs og að plastúrgangur leki út í umhverfið, einkum út í sjávarumhverfið, til að ná fram hringrásarvistferli fyrir plast. Evrópska stefnuáætlunin um plast er skref í þá átt að koma á hringrásarhagkerfi þar sem við hönnun og framleiðslu á plasti og plastvörum er tekið fullt tillit til þarfa fyrir endurnotkun, viðgerð og endurvinnslu og þar sem sjálfbærari efniviðir eru þróaðir og komið á framfæri. Umtalsverð neikvæð áhrif tiltekinna plastvara á umhverfi, heilbrigði og hagkerfi kalla á að komið verði á sértækum lagaramma til að draga úr þessum neikvæðu áhrifum á árangursríkan hátt.

2) Þessi tilskipun stuðlar að hringrásarnálgunum sem setja í forgang endurnotanlegar vörur, sem eru sjálfbærar og ekki eitraðar, og endurnotkunarkerfi frekar en einnota vörur, fyrst og fremst með það að markmiði að draga úr því magni úrgangs sem myndast. Slíkar forvarnir gegn myndun úrgangs eru hátindur úrgangsmetakerfisins sem er að finna í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([4]). Þessi tilskipun mun stuðla að því að ná fram 12. heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um sjálfbæra þróun til að sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð sem

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 155, 12.6.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 240/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 62, 15.2.2019, bls. 207.

([2]) Stjtíð. ESB C 461, 21.12.2018, bls. 210.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 27. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 21. maí 2019.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

er hluti af áætlun um sjálfbæra þróun árið 2030 sem allsherjarþing SÞ samþykkti 25. september 2015. Með því að halda verðmæti vara og efniviða eins lengi og mögulegt er og mynda minni úrgang getur hagkerfi Sambandsins orðið samkeppnishæfara og þolbetra samhliða því að dregið er úr þrýstingi á verðmætar auðlindir og á umhverfið.

3) Rusl í sjó berst yfir landamæri og er viðurkennt sem vaxandi hnattrænt vandamál. Að draga úr rusli í sjó er lykilaðgerð í því að ná fram 14. heimsmarkmiði SÞ um sjálfbæra þróun þar sem kallað er eftir því að vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun. Sambandið verður að eiga sinn þátt í að koma í veg fyrir og ráðast gegn rusl í sjó og miða að því að verða fyrirmynd fyrir heiminn. Í því samhengi vinnur Sambandið með samstarfsaðilum á mörgum alþjóðlegum vettvöngum, s.s. G20, G7 og SÞ, til að stuðla að samstilltum aðgerðum og þessi tilskipun er hluti af átaki Sambandsins að því er þetta varðar. Til að árangur náist af þessu átaki er einnig mikilvægt að útflutningur á plastúrgangi frá Sambandinu leiði ekki til þess að rusl í sjó aukist annars staðar.

4) Í samræmi við Hafréttarsamning Sameinuðu Þjóðanna (UNCLOS) frá 10. desember 1982 ([5]), alþjóðasamninginn um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna frá 29. desember 1972 (Lundúnasamningurinn) og bókunina við hann frá 1996 (Lundúnabókunin), V. viðauka við alþjóðasamninginn um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL) frá 1973, eins og honum var breytt með bókuninni við hann frá1978, og Basel-samninginn um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra frá 22. mars 1989 ([6]) og við löggjöf Sambandsins um úrgang, þ.e.a.s. tilskipun 2008/98/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB ([7]), er gerð sú krafa að aðildarríkin tryggi umhverfisvæna úrgangsstjórnun til að koma í veg fyrir og draga úr rusli í sjó, bæði frá uppsprettum á sjó og á landi. Í samræmi við löggjöf Sambandsins um vatn, þ.e.a.s. tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ([8]) og 2008/56/EB ([9]), er einnig gerð sú krafa að aðildarríkin ráðist gegn rusli í sjó þegar það grefur undan því að þau nái góðri umhverfislegri stöðu hafsvæða sinna, þ.m.t. sem framlag til 14. heimsmarkmiðs SÞ um sjálfbæra þróun.

5) Á bilinu 80 til 85% af öllu rusli í sjó í Sambandinu, mælt með talningu á rusli á ströndum, er plast þar sem 50% af heildinni eru einnota plasthlutir og 27% eru hlutir tengdir fiskveiðum. Einnota plastvörur ná yfir fjölbreytt svið almennt notaðra, skammlífra neysluvara sem er fleygt eftir að hafa verið notaðar einu sinni í þeim tilgangi sem þeim var ætlaður, eru sjaldan endurunnar og eru gjarnar á að verða að rusli. Umtalsverðum hluta af þeim veiðarfærum sem eru sett á markað er ekki safnað saman til meðhöndlunar. Því eru einnota plastvörur og veiðarfæri sem innihalda plast sérstaklega alvarlegt vandamál í tengslum við rusl í sjó, skapa alvarlega hættu fyrir vistkerfi sjávar, líffræðilega fjölbreytni og heilbrigði manna og skaða starfsemi s.s. ferðaþjónustu, fiskveiðar og sjóflutninga.

6) Viðeigandi úrgangsstjórnun er áfram nauðsynleg til að koma í veg fyrir allt rusl, þ.m.t. rusl í sjó. Núgildandi löggjöf Sambandsins, þ.e.a.s. tilskipanir 2008/98/EB, 2000/59/EB, 2000/60/EB og 2008/56/EB og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1224/2009 ([10]), og stjórntæki gefa nokkur stjórnsýsluleg svör til að takast á við rusl í sjó. Einkum fellur plastúrgangur undir heildarráðstafanir og -markmið Sambandsins um úrgangsstjórnun, s.s. endurvinnslumarkmið fyrir plastumbúðaúrgang sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB ([11]), og markmiðið í evrópsku stefnuáætluninni um plast til að tryggja að eigi síðar en 2030 verði allar plastumbúðir, sem settar eru á markað í Sambandinu, endurnotanlegar eða auðveldlega endurvinnanlegar. Þó eru áhrifin af þessum ráðstöfunum á rusl í sjó ekki fullnægjandi og það er mismunur á umfangi og metnaði landsráðstafana til að koma í veg fyrir og draga úr rusli í sjó. Að auki gætu sumar þessara ráðstafana, einkum markaðshindranir vegna einnota plastvara, skapað viðskiptahindranir og raskað samkeppni í Sambandinu.

([5]) Stjtíð. EB L 179, 23.6.1998, bls. 3.
([6]) Stjtíð. EB L 39, 16.2.1993, bls. 3.
([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB frá 27. nóvember 2000 um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum (Stjtíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 81).
([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).
([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB frá 17. júní 2008 um ramma um aðgerðir Bandalagsins varðandi stefnu í sjávarumhverfismálum (haftilskipunin) (Stjtíð. ESB L 164, 25.6.2008, bls. 19).
([10]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1224/2009 frá 20. nóvember 2009 um að koma á fót eftirlitskerfi í Sambandinu til að tryggja að farið sé að reglum sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 847/96, (EB) nr. 2371/2002, (EB) nr. 811/2004, (EB) nr. 768/2005, (EB) nr. 2115/2005, (EB) nr. 2166/2005, (EB) nr. 388/2006, (EB) nr. 509/2007, (EB) nr. 676/2007, (EB) nr. 1098/2007, (EB) nr. 1300/2008, (EB) nr. 1342/2008 og um niðurfellingu á reglugerðum (EBE) nr. 2847/93, (EB) nr. 1627/94 og (EB) nr. 1966/2006 (Stjtíð. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 1).
([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjtíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10).

7) Til að beina átakinu þangað sem þess er mest þörf ætti þessi tilskipun einungis að ná yfir þær einnota plastvörur sem mest finnst af á ströndum í Sambandinu sem og veiðarfæri sem innihalda plast og vörur úr plasti sem er niðurbrjótanlegt með oxun. Áætlað er að einnota plastvörur, sem ráðstafanir samkvæmt þessari tilskipun ná yfir, nemi u.þ.b. 86% af einnota plastvörum sem fundist hafa við talningar á ströndum í Sambandinu. Tilskipun þessi ætti ekki að ná yfir drykkjarílát úr gleri og málmi þar eð þau eru ekki á meðal þeirra einnota plastvara sem mest finnst af á ströndum í Sambandinu.

8) Örplast fellur ekki beint undir gildissvið þessarar tilskipunar en á þó sinn þátt í rusli í sjó og því ætti Sambandið að samþykkja heildstæða nálgun að því vandamáli. Sambandið ætti að hvetja alla framleiðendur til að setja strangar takmarkanir varðandi örplast í samsetningum sínum.

9) Mengun lands og mengun jarðvegs frá stærri plasthlutum og brotum úr þeim eða örplasti getur verið umtalsverð og slíkt plast getur lekið út í sjávarumhverfið.

10) Þessi reglugerð er sérlög með tilliti til tilskipana 94/62/EB og 2008/98/EB. Ef þær tilskipanir og þessi tilskipun stangast á ætti þessi tilskipun að ganga framar innan gildissviðs hennar. Þetta á við um takmarkanir á setningu á markað. Þessi tilskipun kemur til viðbótar við tilskipanir 94/62/EB og 2008/98/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB ([12]), einkum að því er varðar ráðstafanir til að minnka notkun, kröfur varðandi vörur, kröfur um merkingar og rýmkaða ábyrgð framleiðanda.

11) Einnota plastvörur geta verið framleiddar úr margs konar plasti. Plast er venjulega skilgreint sem fjölliðuefni sem íblöndunarefnum kann að hafa verið bætt við. Eigi að síður myndi sú skilgreining ná yfir tilteknar náttúrulegar fjölliður. Þar eð óbreyttar náttúrulegar fjölliður, í skilningi skilgreiningarinnar á „efni sem hefur ekki verið breytt með efnafræðilegum aðferðum“ í 40. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([13]), koma fyrir náttúrulega í umhverfinu ættu þær ekki að falla undir þessa tilskipun. Að því er varðar þessa tilskipun ætti því að aðlaga skilgreininguna á fjölliðu í 5. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og taka upp aðskilda skilgreiningu. Plast sem er framleitt úr breyttum náttúrulegum fjölliðum eða plast sem er framleitt úr lífgrunduðum grunnefnum, jarðefna-grunnefnum eða tilbúnum grunnefnum kemur ekki fyrir á náttúrulegan hátt og því ætti tilskipun þessi að ná yfir það. Aðlagaða skilgreiningin á plasti ætti því að ná yfir gúmmíhluti, að stofni til úr fjölliðu, og lífgrundað og lífbrjótanlegt plast, óháð því hvort það er úr lífmassa eða er ætlað að lífniðurbrotna með tímanum. Ekki ætti að fjalla um málningu, blek og límefni í þessari tilskipun og því ætti skilgreiningin ekki að ná yfir þessi fjölliðuefni.

12) Skilgreina ætti hugtakið „einnota plastvara“ til að skilgreina gildissvið þessarar tilskipunar með skýrum hætti. Skilgreiningin ætti ekki að ná yfir plastvörur sem eru úthugsaðar, hannaðar og settar á markað til að fara, á vistferli sínum, í gegnum margar ferðir eða hringrásir með enduráfyllingu eða endurnotkun í sama tilgangi og þær voru úthugsaðar til. Einnota plastvörur eru að jafnaði ætlaðar til að vera einungis notaðar einu sinni eða í skamman tíma áður en þeim er fargað. Blautþurrkur til persónulegrar umhirðu og heimilisnota ættu einnig að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar en hún ætti ekki að ná yfir blautþurrkur til notkunar í iðnaði. Til að skýra enn frekar hvort vara skuli teljast vera einnota plastvara að því er varðar þessa tilskipun ætti framkvæmdastjórnin að þróa viðmiðunarreglur um einnota plastvörur. Í ljósi þeirra viðmiðana sem settar eru fram í þessari tilskipun ætti að líta á ílát fyrir skyndibita eða máltíð, öskjur fyrir samlokur, vefjur og salöt með köldum eða heitum matvælum eða matarílát fyrir fersk eða unnin matvæli sem þarfnast ekki frekari tilreiðslu, s.s. ávexti, grænmeti eða eftirrétti, sem dæmi um matarílát sem telja skal til einnota plastvara að því er varðar þessa tilskipun. Dæmi um matarílát, sem ekki skal líta á sem einnota plastvörur að því er varðar þessa tilskipun, eru matarílát með þurrkuðum matvælum eða matvælum sem eru seld köld og þarfnast frekari tilreiðslu, ílát sem innihalda meira en einn neysluskammt matvæla eða matarílát með stökum neysluskömmtum þar sem fleiri einingar eru seldar saman.

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB frá 3. apríl 2014 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum og um niðurfellingu á tilskipun 2001/37/EB (Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 1).

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

Dæmi um drykkjarílát, sem skal líta á sem einnota plastvörur, eru flöskur fyrir drykkjarvörur eða samsettar umbúðir fyrir drykkjarvörur, sem eru notaðar undir bjór, vín, vatn, fljótandi hressingu, safa og nektar, skyndidrykki eða mjólk, en ekki bollar fyrir drykkjarvörur, þar eð þeir eru aðskilinn flokkur einnota plastvara að því er varðar þessa tilskipun. Drykkjarílát úr gleri og málmi ættu ekki að falla undir þessa tilskipun þar eð þau eru ekki á meðal þeirra einnota plastvara sem mest finnst af á ströndum í Sambandinu. Í tengslum við endurskoðun á þessari tilskipun ætti framkvæmdastjórnin þó m.a. að leggja mat á tappa og lok úr plasti sem eru notuð á drykkjarílát úr gleri og málmi.

13) Einnota plastvörur, sem falla undir þessa tilskipun, ættu að vera viðfangsefnið í einni eða fleiri ráðstöfunum með hliðsjón af ýmsum þáttum, s.s. tiltækileika hentugra og sjálfbærari staðgöngukosta, hagkvæmni þess að breyta neyslumynstrum og að hvaða marki þær falla nú þegar undir gildandi löggjöf Sambandsins.

14) Að því er varðar tilteknar einnota plastvörur eru hentugir og sjálfbærari staðgöngukostir enn sem komið er ekki auðveldlega aðgengilegir og búist er við að notkun á flestum slíkum einnota plastvörum muni aukast. Til að snúa þeirri þróun við og stuðla að viðleitni í áttina að sjálfbærari lausnum ætti að gera þá kröfu að aðildarríkin geri nauðsynlegar ráðstafanir, t.d. með því að setja markmið um að minnka landsbundna notkun, til að ná fram metnaðarfullri og varanlegri minnkun á notkun þessara vara án þess að stofna í hættu hollustuháttum á sviði matvæla, matvælaöryggi, góðum hollustustarfsvenjum, góðum framleiðsluháttum, upplýsingum til neytenda eða kröfum um rekjanleika í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([14]), (EB) nr. 852/2004 ([15]) og (EB) nr. 1935/2004 ([16]) og í annarri viðeigandi löggjöf sem tengist matvælaöryggi, hollustuháttum og merkingum. Aðildarríkin ættu að sýna eins mikinn metnað og mögulegt er varðandi þessar ráðstafanir sem ættu að framkalla umtalsverðan viðsnúning á vaxandi neysluþróun og leiða til mælanlegrar magnbundinnar minnkunar. Í þessum ráðstöfunum ætti að taka tillit til áhrifa frá vörum á öllum vistferli þeirra, þ.m.t. þegar þær finnast í sjávarumhverfinu, og virða úrgangsmetakerfið.

Ef aðildarríki ákveða að koma þessari skuldbindingu í framkvæmd með markaðshindrunum ættu þau að tryggja að slíkar hindranir séu hóflegar og án mismununar. Aðildarríki ættu að hvetja til notkunar á vörum sem henta til margnotkunar og sem hentar að undirbúa til endurnotkunar og endurvinnslu eftir að þær eru orðnar að úrgangi.

15) Að því er varðar aðrar einnota plastvörur eru hentugir og sjálfbærari staðgöngukostir, sem eru einnig á viðráðanlegu verði, auðveldlega aðgengilegir. Til að takmarka neikvæð áhrif á umhverfið af slíkum einnota plastvörum ætti að gera þá kröfu að aðildarríkin banni setningu þeirra á markað. Með því yrði stuðlað að notkun á þessum auðveldlega aðgengilegu og sjálfbærari staðgöngukostum sem og á nýsköpunarlausnum í áttina að sjálfbærari viðskiptalíkönum, endurnotanlegum staðgöngukostum og útskiptingu efniviða. Takmarkanir á setningu á markað, sem eru innleiddar með þessari tilskipun, ættu einnig að ná yfir vörur úr plasti sem er niðurbrjótanlegt með oxun þar eð sú gerð plasts lífniðurbrotnar ekki almennilega og stuðlar þannig að örplastmengun í umhverfinu, er ekki myltanleg, hefur neikvæð áhrif á endurvinnslu á venjulegu plasti og skilar ekki sannanlegum umhverfislegum ávinningi. Í ljósi þess hversu algengt þanið pólýstýrenrusl er í sjávarumhverfinu og tiltækileika staðgöngukosta ætti einnig að takmarka notkun á einnota matar- og drykkjarílátum og bollum fyrir drykkjarvörur úr þöndu pólýstýreni.

16) Tóbaksvörusíur sem innihalda plast eru þeir einnota plasthlutir sem næstalgengast er að finna á ströndum í Sambandinu. Draga þarf úr þeim gríðarmiklu umhverfisáhrifum sem stafa af úrgangi eftir neyslu á tóbaksvörum með síum, sem innihalda plast, sem er fleygt beint út í umhverfið. Búist er við að nýsköpun og vöruþróun muni skapa raunhæfa staðgöngukosti fyrir síur sem innihalda plast og þar þarf að auka hraðann. Kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda fyrir tóbaksvörur með síum sem innihalda plast ættu einnig að hvetja til nýsköpunar sem leiðir til þróunar á sjálfbærum staðgöngukostum fyrir tóbaksvörusíur sem innihalda plast. Aðildarríki ættu að stuðla að margs konar ráðstöfunum til að draga úr rusli eftir neyslu á tóbaksvörum með síum sem innihalda plast.

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).

17) Tappar og lok úr plasti, sem eru notuð á drykkjarílát, eru á meðal þeirra einnota plasthluta sem mest finnst af á ströndum í Sambandinu. Því ætti einungis að leyfa að drykkjarílát, sem eru einnota plastvörur, séu sett á markað ef þau uppfylla sértækar kröfur um vöruhönnun sem draga umtalsvert úr dreifingu tappa og loka úr plasti af drykkjarílátum út í umhverfið. Að því er varðar drykkjarílát sem eru bæði einnota plastvörur og umbúðir kemur sú krafa til viðbótar við grunnkröfurnar um samsetningu umbúða og möguleika á endurnotkun og endurnýtingu þeirra, þ.m.t. endurvinnsla, sem sett er fram í II. viðauka við tilskipun 94/62/EB.

Til að greiða fyrir samræmi við kröfuna um vöruhönnun og til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins er nauðsynlegt að þróa samhæfðan staðal, sem er samþykktur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([17]), og fylgni við þennan staðal ætti að leiða til fyrirframætlaðs samræmis við þessar kröfur. Af þeim sökum er tímanleg þróun á samhæfðum staðli í algerum forgangi til að tryggja skilvirka framkvæmd þessarar tilskipunar. Gera ætti ráð fyrir nægum tíma til að þróa samhæfðan staðal og til að gera framleiðendum kleift að aðlaga framleiðsluferli sín í tengslum við framkvæmd kröfu um vöruhönnun. Til að tryggja hringrásarnotkun á plasti þarf að stuðla að útbreiðslu endurunninna efniviða á markaði. Því er viðeigandi að innleiða kröfur um skyldubundið lágmarksinnihald endurunnins plasts í flöskum fyrir drykkjarvörur.

18) Við framleiðslu á plastvörum ætti að taka tillit til alls vistferils þeirra. Við hönnun á plastvörum ætti alltaf að taka tillit til framleiðslu- og notkunaráfangans og endurnotanleika og endurvinnanleika vörunnar. Í tengslum við endurskoðunina, sem á að framkvæma skv 5. mgr. 9. gr. tilskipunar 94/62/EB, ætti framkvæmdastjórnin að taka tillit til hlutfallslegra eiginleika mismunandi umbúðaefna, þ.m.t. samsett efni, á grundvelli vistferilsgreininga með sérstaka áherslu á forvarnir gegn myndun úrgangs og hönnun með tilliti til hringrásarinnar.

19) Í þágu heilbrigðis kvenna ætti að forðast að dömubindi, tíðatappar og hólkar til að koma tíðatöppum fyrir innihaldi hættuleg íðefni. Rétt þykir að framkvæmdastjórnin meti frekari takmarkanir á slík efni innan ramma takmörkunarferlis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

20) Tilteknar einnota plastvörur hafna í umhverfinu vegna þess að þeim er fargað á óviðeigandi hátt gegnum fráveitukerfið eða eru losaðar á annan óviðeigandi hátt út í umhverfið. Förgun í gegnum fráveitukerfi getur að auki valdið umtalsverðum efnahagslegum skaða á fráveitukerfinu með því að stífla dælur og rör. Að því er þessar vörur varðar er oft um að ræða umtalsverðan skort á upplýsingum um efniseiginleika vörunnar eða á viðeigandi aðferðum við förgun úrgangs. Því ætti að setja kröfur um merkingar á einnota plastvörur sem oft er fargað í gegnum fráveitukerfið eða fargað á annan óviðeigandi hátt. Merkingin ætti að upplýsa neytendur um viðeigandi valkosti við meðhöndlun vörunnar sem úrgangs eða um það hvaða úrgangsförgunaraðferðir á að forðast fyrir vöruna í samræmi við úrgangsmetakerfið og um að varan innihaldi plast sem og um þau neikvæðu umhverfisáhrif sem fylgja því að dreifa rusli eða öðrum óviðeigandi aðferðum við förgun vörunnar. Merkingin ætti, eins og við á, annaðhvort að vera á umbúðum vörunnar eða beint á vörunni sjálfri. Veita ætti framkvæmdastjórninni vald til að fastsetja samræmdar, nákvæmar skilgreiningar um merkingarnar og samtímis ætti að prófa, eftir því sem við á, hvernig dæmigerðir hópar neytenda skynja tillagðar merkingar til að tryggja að þær séu gagnlegar og auðskiljanlegar. Nú þegar eru gerðar kröfur um merkingar á veiðarfærum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1224/2009.

21) Að því er varðar einnota plastvörur, sem engir hentugir og sjálfbærari staðgöngukostir eru auðveldlega aðgengilegir fyrir, ættu aðildarríkin, í samræmi við mengunarbótaregluna, einnig að innleiða kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda til að standa straum af nauðsynlegum kostnaði við úrgangsstjórnun og að hreinsa upp rusl sem og kostnaði við ráðstafanir til vitundarvakningar til að koma í veg fyrir og draga úr slíku rusli. Þessi kostnaður ætti ekki að vera hærri en sá kostnaður sem er nauðsynlegur til að veita þessa þjónustu á kostnaðarhagkvæman hátt og þeir aðilar, sem málið varðar, ættu að fastsetja hann sín á milli á gagnsæjan hátt.

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

22) Í tilskipun 2008/98/EB er mælt fyrir um almennar lágmarkskröfur varðandi kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda. Þessar kröfur ættu að gilda um þau kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda sem komið er á með þessari tilskipun, án tillits til þess hvort þeim er komið í framkvæmd með lagagerð eða með samningum samkvæmt þessari tilskipun. Gildi sumra krafnanna veltur á eiginleikum vörunnar. Ekki er þörf á sérstakri söfnun á tóbaksvörum með síum sem innihalda plast, blautþurrkum og blöðrum til að tryggja rétta meðhöndlun í samræmi við úrgangsmetakerfið. Því ætti ekki að vera skylda að koma á fót sérstakri söfnun á þessum vörum. Í þessari tilskipun ætti að fastsetja kröfur um rýmkaða ábyrgð framleiðanda til viðbótar við þær sem mælt er fyrir um í tilskipun 2008/98/EB, t.d. kröfu um að framleiðendur tiltekinna, einnota plastvara standi straum af kostnaði við að hreinsa upp rusl. Einnig ætti að vera mögulegt að standa straum af kostnaði við að setja upp tiltekin grunnvirki til söfnunar á úrgangi eftir neyslu á tóbaksvörum, s.s. viðeigandi sorpílát á stöðum þar sem algengt er að rusl safnist upp. Taka ætti tillit til meðalhófssjónarmiða í aðferðafræðinni við að reikna út kostnaðinn við að hreinsa upp rusl. Til að lágmarka umsýslukostnað ættu aðildarríki að geta ákveðið fjárframlög til að greiða hluta kostnaðar við að hreinsa upp rusl með því að fastsetja viðeigandi fastar fjárhæðir til margra ára.

23) Hátt hlutfall af plasti í rusli í sjó sem stafar af veiðarfærum sem hefur verið fleygt, þ.m.t. sem hafa verið skilin eftir og týnd veiðarfæri, bendir til þess að núgildandi lagakröfur, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1224/2009, tilskipun 2000/59/EB og tilskipun 2008/98/EB, veiti ekki nægilega hvatningu til þess að komið sé með slík veiðarfæri í land til söfnunar og meðhöndlunar. Óbeina gjaldakerfið, sem komið var á fót samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 ([18]), er með kerfi til að fjarlægja hvata fyrir skip til að farga úrgangi sínum í hafi og tryggja rétt til afhendingar. Eigi að síður ætti að bæta við það kerfi með frekari fjárhagslegum hvötum til fiskimanna um að koma með veiðarfæraúrgang sinn í land til að komast hjá hugsanlegri hækkun á óbeina úrgangsgjaldinu sem ber að greiða. Þar eð möguleikinn á að endurvinna plastíhluti veiðarfæra er mikill ættu aðildarríkin, í samræmi við mengunarbótaregluna, að innleiða rýmkaða ábyrgð framleiðanda fyrir veiðarfæri og veiðarfæraíhluti sem innihalda plast til að tryggja sérstaka söfnun á veiðarfæraúrgangi og til að fjármagna umhverfisvæna úrgangsstjórnun veiðarfæraúrgangs, einkum endurvinnslu.

24) Innan ramma rýmkaðrar ábyrgðar framleiðanda fyrir veiðarfæri sem innihalda plast ættu aðildarríkin að vakta og meta veiðarfæri sem innihalda plast í samræmi við kvaðirnar um skýrslugjöf sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

25) Þó að allt rusl í sjó, sem inniheldur plast, skapi hættu fyrir umhverfið og fyrir heilbrigði manna og ráðast ætti gegn því ætti einnig að taka tillit til meðalhófssjónarmiða. Því ætti ekki að líta svo á að fiskimennirnir sjálfir og handverksmenn sem búa til veiðarfæri sem innihalda plast séu framleiðendur og ekki ætti að láta þá axla ábyrgð á því að uppfylla skuldbindingar framleiðanda í tengslum við rýmkaða ábyrgð framleiðanda.

26) Efnahagshvatar og aðrir hvatar til að styðja við sjálfbært val neytenda og ýta undir ábyrga hegðun þeirra geta verið árangursrík verkfæri til að ná fram markmiðum þessarar tilskipunar.

27) Flöskur undan drykkjarvörum, sem eru einnota plastvörur, eru á meðal þeirra hluta í rusli í sjó sem mest finnst af á ströndum í Sambandinu. Þetta stafar af óskilvirkum, sérstökum söfnunarkerfum og lítilli þátttöku neytenda í þessum kerfum. Nauðsynlegt er að stuðla að notkun á skilvirkari, sérstökum söfnunarkerfum. Því ætti að setja lágmarksmarkmið fyrir sérstaka söfnun á flöskum undan drykkjarvörum sem eru einnota plastvörur. Þó að sú skylda að safna úrgangi sérstaklega útheimti að sá úrgangur sé geymdur aðskilinn eftir tegund hans og eðli ætti að vera mögulegt að safna tilteknum tegundum úrgangs saman, að því tilskildu að þetta hamli ekki endurvinnslu í háum gæðaflokki samkvæmt úrgangsmetakerfinu í samræmi við 2. mgr. 10. gr. og a-lið 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2008/98/EB. Setning markmiða fyrir sérstaka söfnun ætti að byggjast á því magni einnota plastflaskna fyrir drykkjarvörur sem sett er á markað í aðildarríki eða, að öðrum kosti, á magni einnota plastflaskna fyrir drykkjarvörur sem verður að úrgangi í aðildarríki. Við útreikning á magni úrgangs sem verður til í aðildarríki ætti að taka tilhlýðilegt tillit til allra einnota plastflaskna fyrir drykkjarvörur sem verða að úrgangi, þ.m.t. þær sem verða að rusli í stað þess að þeim sé fargað í gegnum úrgangssöfnunarkerfi. Aðildarríki ættu að geta náð því lágmarksmarkmiði með því að setja aðskilin markmið fyrir sérstaka söfnun á flöskum undan drykkjarvörum, sem eru einnota plastvörur, innan ramma kerfa fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda með því að koma á fót skilagjaldskerfum eða með öðrum ráðstöfunum sem þeim þykja viðeigandi. Það

([18]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 um móttökuaðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi frá skipum, um breytingu á tilskipun 2010/65/ESB og um niðurfellingu tilskipunar 2000/59/EB (Stjtíð. ESB L 151, 7.6.2019, bls. 116).

mun hafa bein, jákvæð áhrif á söfnunarhlutfallið, gæði efniviðarins sem er safnað og gæði endurvinnanlegu efnanna og bjóða upp á möguleika fyrir endurvinnsluiðnaðinn og markaðinn fyrir endurvinnanlegu efnin. Þetta mun styðja við það að ná endurvinnslutakmörkunum fyrir umbúðaúrgang sem sett voru með tilskipun 94/62/EB.

28) Til að koma í veg fyrir dreifingu á rusli og aðra óviðeigandi förgun úrgangs, sem leiðir af sér rusl í sjó sem inniheldur plast, er nauðsynlegt að neytendur sem nota einnota plastvörur og fiskimenn sem nota veiðarfæri, sem innihalda plast, séu nægilega vel upplýstir um tiltækileika endurnotanlegra staðgöngukosta og endurnotkunarkerfa, hvaða valkostir fyrir úrgangsstjórnun sem eru í boði eiga best við og/eða hvaða valkosti fyrir úrgangsstjórnun á að forðast, um bestu starfsvenjur í tengslum við trausta úrgangsstjórnun og um umhverfisáhrif af slæmum förgunarvenjum sem og um plastinnihald í tilteknum einnota plastvörum og veiðarfærum og áhrifin af óviðeigandi förgun úrgangs á fráveitukerfið. Því ætti að gera þá kröfu að aðildarríkin geri ráðstafanir til vitundarvakningar sem tryggja að slíkum upplýsingum sé miðlað til þessara neytenda og notenda. Upplýsingarnar ættu ekki að innihalda neitt auglýsingaefni sem hvetur til notkunar á einnota plastvörum. Aðildarríkin ættu að geta valið þær ráðstafanir sem henta best á grundvelli eðlis vörunnar eða notkunar hennar. Framleiðendur einnota plastvara og veiðarfæra sem innihalda plast ættu að standa straum af kostnaði við ráðstafanir til vitundarvakningar sem hluta af skyldum sínum samkvæmt rýmkaðri ábyrgð framleiðanda.

29) Markmiðið með þessari tilskipun er að vernda umhverfið og heilbrigði manna. Eins og Evrópudómstóllinn hefur margsinnis bent á þá myndi það ekki samrýmast þeim bindandi áhrifum sem tilskipun hefur, samkvæmt þriðju málsgrein 288. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að undanskilja í grundvallaratriðum þann möguleika að aðilar sem málið varðar geti stuðst við þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í tilskipun. Þetta atriði á einkum við að því er varðar tilskipun sem hefur það markmið að koma í veg fyrir og draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á vatnsumhverfið.

30) Mikilvægt er að vakta magn rusls í sjó í Sambandinu til að meta framkvæmd þessarar tilskipunar. Í samræmi við tilskipun 2008/56/EB er gerð sú krafa að aðildarríki vakti eiginleika og magn rusls í sjó með reglubundnum hætti, þ.m.t. plastrusl í sjó. Þau vöktunargögn skulu einnig tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar.

31) Aðildarríkin ættu að setja reglur um viðurlög vegna brota á þeim ákvæðum landslaga sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að slíkum viðurlögum sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

32) Samkvæmt 22. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([19]) ætti framkvæmdastjórnin að inna af hendi mat á þessari tilskipun Það mat ætti að byggjast á reynslu sem er aflað og gögnum sem er safnað við framkvæmd þessarar tilskipunar og gögnum sem er safnað samkvæmt tilskipunum 2008/56/EB og 2008/98/EB. Matið ætti að skapa grundvöll fyrir mat á hugsanlegum frekari ráðstöfunum, þ.m.t. að setja markmið um minnkun á vettvangi Sambandsins fram til ársins 2030 og eftir það, og mat á því, með hliðsjón af vöktun á rusli í sjó í Sambandinu, hvort endurskoða þurfi viðaukann þar sem einnota plastvörur eru taldar upp og hvort unnt sé að rýmka gildissvið þessarar tilskipunar til að hún nái yfir aðrar einnota vörur.

33) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar tilskipunar ætti að veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald að því er varðar aðferðafræði við útreikning og sannprófun á árlegri notkun á einnota plastvörum, sem markmið um að minnka notkun á hafa verið fastsett fyrir, reglur um útreikning og sannprófun á því að markmiðin um lágmarksinnihald endurunnins plasts í einnota flöskum fyrir drykkjarvörur hafi náðst, nákvæmar skilgreiningar um merkingu sem skal festa á tilteknar einnota plastvörur, aðferðafræði við útreikning og sannprófun á söfnunarmarkmiðum fyrir einnota plastvörur, sem markmið um sérstaka söfnun hafa verið fastsett fyrir, og snið fyrir skýrslugjöf um gögn og upplýsingar um framkvæmd þessarar tilskipunar. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([20]).

34) Rétt þykir að aðildarríkin geti kosið að láta tiltekin ákvæði þessarar tilskipunar koma til framkvæmda með samningum milli lögbærra yfirvalda og þeirrar atvinnugreinar sem um er að ræða, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

35) Baráttan gegn rusli er sameiginleg viðleitni lögbærra yfirvalda, framleiðenda og neytenda. Opinber yfirvöld, þ.m.t. stofnanir Sambandsins, ættu að ganga á undan með góðu fordæmi.

([19]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

([20]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

36) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e.a.s. að koma í veg fyrir og draga úr áhrifum af tilteknum einnota plastvörum, vörum úr plasti sem er niðurbrjótanlegt með oxun og veiðarfærum sem innihalda plast á umhverfið og á heilbrigði manna og til að stuðla að umskiptum yfir í hringrásarhagkerfi, þ.m.t. að hlúa að nýskapandi og sjálfbærum viðskiptalíkönum, vörum og efniviðum og leggja þar með einnig af mörkum til skilvirkrar starfsemi innri markaðarins, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Markmið**

Markmiðin með þessari tilskipun eru að koma í veg fyrir og draga úr áhrifum af tilteknum plastvörum á umhverfið, einkum vatnsumhverfið, og á heilbrigði manna sem og að stuðla að umbreytingu yfir í hringrásarhagkerfi með nýskapandi og sjálfbærum viðskiptalíkönum, vörum og efniviðum og leggja þar með einnig af mörkum til skilvirkrar starfsemi innri markaðarins.

*2. gr.*

**Gildissvið**

1. Þessi tilskipun gildir um þær einnota plastvörur sem taldar eru upp í viðaukanum, um vörur sem eru framleiddar úr plasti sem er niðurbrjótanlegt með oxun og um veiðarfæri sem innihalda plast.

2. Ef þessi tilskipun stangast á við tilskipun 94/62/EB eða 2008/98/EB skal þessi tilskipun gilda.

*3. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „plast“: efniviður sem samanstendur af fjölliðu, eins og skilgreint er í 5. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, sem íblöndunarefnum eða öðrum efnum kann að hafa verið bætt við og sem getur nýst sem aðaluppbyggingarefni fullunninna vara, að undanskildum náttúrulegum fjölliðum sem hefur ekki verið breytt með efnafræðilegum aðferðum,

2) „einnota plastvara“: vara sem er gerð úr plasti að öllu leyti eða að hluta til og sem er ekki úthugsuð, hönnuð og sett á markað til að fara, á vistferli sínum, í gegnum margar ferðir eða hringrásir þar sem henni er skilað aftur til framleiðanda til enduráfyllingar eða endurnotkunar í sama tilgangi og hún var úthugsuð til,

3) „plast sem er niðurbrjótanlegt með oxun“: efniviðir úr plasti sem innihalda íblöndunarefni sem leiða til þess, með oxun, að plastefnið sundrast í öragnir eða til efnafræðilegs niðurbrots,

4) „veiðarfæri“: hver sá hlutur eða hluti af búnaði sem er notaður við fiskveiðar eða í lagareldi til að einangra, fanga eða ala líffræðilegar auðlindir hafsins eða sem flýtur á yfirborði hafsins og er notað með það fyrir augum að laða að og fanga eða ala slíkar líffræðilegar auðlindir hafsins,

5) „veiðarfæraúrgangur“: öll veiðarfæri sem falla undir skilgreininguna á úrgangi í 1. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB, þ.m.t. allir aðskildir íhlutir, efni eða efniviðir sem voru hluti af eða festir við slík veiðarfæri þegar þeim var fleygt, þ.m.t. þegar þau voru skilin eftir eða týndust,

6) „setning á markað“: það að vara er boðin fram í fyrsta sinn á markaði aðildarríkis,

7) „að bjóða fram á markaði“: öll afhending vöru til dreifingar, neyslu eða til notkunar á markaði aðildarríkis meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,

8) „samhæfður staðall“: samhæfður staðall eins og hann er skilgreindur í c-lið 1. liðar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012,

9) „úrgangur“: úrgangur eins og hann er skilgreindur í 1. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

10) „kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda“: kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda eins og það er skilgreint í 21. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

11) „framleiðandi“:

a) sérhver einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í aðildarríki sem framleiðir í atvinnuskyni, fyllir á, selur eða flytur inn, án tillits til þess hvaða söluaðferð er notuð, þ.m.t. með fjarsölusamningum eins og skilgreint er í 7. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB ([21]), og setur á markað í því aðildarríki einnota plastvörur, áfylltar einnota plastvörur eða veiðarfæri sem innihalda plast, þó ekki einstaklingar sem stunda fiskveiðar eins og skilgreint er í 28. lið 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1380/2013 ([22]) eða

b) sérhver einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í einu aðildarríki eða í þriðja landi sem selur í atvinnuskyni beint til einkaheimila, eða til annarra notenda en einkaheimila, í öðru aðildarríki með fjarsölusamningum, eins og skilgreint er í 7. lið 2. gr. tilskipunar 2011/83/ESB, einnota plastvörur, áfylltar einnota plastvörur eða veiðarfæri sem innihalda plast, þó ekki einstaklingar sem stunda fiskveiðar eins og skilgreint er í 28. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1380/2013,

12) „söfnun“: söfnun eins og hún er skilgreind í 10. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

13) „sérstök söfnun“: sérstök söfnun eins og hún er skilgreind í 11. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

14) „meðhöndlun“: meðhöndlun eins og hún er skilgreind í 14. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

15) „umbúðir“: umbúðir eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 3. gr. tilskipunar 94/62/EB,

16) „lífbrjótanlegt plast“: plast sem getur brotnað niður með eðlisfræðilegu, lífrænu niðurbroti þannig að það brotnar að lokum niður í koltvísýring ($CO_2$), lífmassa og vatn og er, í samræmi við evrópska staðla um umbúðir, endurheimtanlegt með myltingu og loftfirrðri meltun,

17) „móttökuaðstaða í höfnum“: móttökuaðstaða í höfnum eins og hún er skilgreind í e-lið 2. gr. tilskipunar 2000/59/EB,

18) „tóbaksvara“: tóbaksvara eins og hún er skilgreind í 4. lið 2. gr. tilskipunar 2014/40/ESB.

*4. gr.*

**Minnkun á notkun**

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ná því að minnka notkun á einnota plastvörum, sem eru taldar upp í A-hluta viðaukans, á metnaðarfullan og varanlegan hátt í samræmi við heildarmarkmiðin í stefnu Sambandsins í úrgangsmálum, einkum forvarnir gegn myndun úrgangs, sem leiðir af sér umtalsverðan viðsnúning á vaxandi neysluþróun. Með þessum ráðstöfunum skal ná fram mælanlegri magnbundinni minnkun á notkun einnota plastvara, sem eru taldar upp í A-hluta viðaukans, á yfirráðasvæði aðildarríkis eigi síðar en á árinu 2026, samanborið við árið 2022.

([21]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB frá 25. október 2011 um réttindi neytenda, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 85/577/EBE og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 64).

([22]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1380/2013 frá 11. desember 2013 um sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna, um breytingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1954/2003 og (EB) nr. 1224/2009 og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 2371/2002 og (EB) nr. 639/2004 og ákvörðun ráðsins 2004/585/EB (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 22).

Eigi síðar en 3. júlí 2021 skulu aðildarríki útbúa lýsingu á þeim ráðstöfunum sem þau hafa samþykkt samkvæmt fyrstu undirgrein, tilkynna framkvæmdastjórninni um lýsinguna og birta hana opinberlega. Aðildarríki skulu fella ráðstafanirnar sem settar eru fram í lýsingunni inn í áætlanirnar eða verkefnin, sem um getur í 11. gr., við fyrstu uppfærslu á þessum áætlunum eða verkefnum þar á eftir í samræmi við viðeigandi lagagerðir Sambandsins, sem gilda um þessar áætlanir eða verkefni, eða inn í aðrar áætlanir sem eru teknar saman sérstaklega í þeim tilgangi.

Ráðstafanirnar geta m.a. innihaldið landsbundin markmið um að minnka notkun, ráðstafanir til að tryggja að endurnotanlegir staðgöngukostir fyrir einnota plastvörurnar, sem taldar eru upp í A-hluta viðaukans, séu boðnir fram á sölustað til lokaneytenda, efnahagsleg stjórntæki, s.s. stjórntæki sem tryggja að þessar einnota plastvörur séu ekki boðnar fram án endurgjalds á sölustað til lokaneytenda, og samninga eins og um getur í 3. mgr. 17. gr. Aðildarríkin geta lagt á markaðshindranir, með undanþágu frá 18. gr. tilskipunar 94/62/EB, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að slíkar vörur verði að rusli til þess að tryggja þeim sé skipt út fyrir staðgöngukosti sem eru endurnotanlegir eða sem innihalda ekki plast. Ráðstafanirnar geta verið breytilegar með hliðsjón af umhverfisáhrifum þessara einnota plastvara á öllum vistferli þeirra, þ.m.t. þegar þær verða að rusli.

Ráðstafanir sem eru samþykktar samkvæmt þessari málsgrein skulu vera hóflegar og án mismununar. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 ([23]) þegar krafa er gerð um slíkt samkvæmt þeirri tilskipun.

Til að uppfylla ákvæði fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal hvert aðildarríki vakta einnota plastvörur, sem eru taldar upp í A-hluta viðaukans, sem eru settar á markað og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að minnka notkun og skal gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um þá framvindu sem náðst hefur, í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar og 1. mgr. 13. gr., með það fyrir augum að koma á bindandi magnbundnum markmiðum Sambandsins um að minnka notkun.

2. Eigi síðar en 3. janúar 2021 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerð þar sem mælt er fyrir um aðferðafræði við útreikning og sannprófun á metnaðarfullri og varanlegri minnkun á notkun þeirra einnota plastvara sem eru taldar upp í A-hluta viðaukans. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

*5. gr.*

**Takmarkanir á setningu á markað**

Aðildarríkin skulu banna að einnota plastvörur, sem taldar eru upp í B-hluta viðaukans, og vörur úr plasti sem er niðurbrjótanlegt með oxun séu settar á markað.

*6. gr.*

**Kröfur varðandi vörur**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að einungis megi setja einnota plastvörur, sem eru taldar upp í C-hluta viðaukans, sem eru með tappa og lok úr plasti á markað ef tapparnir og lokin eru áfram föst við ílátin meðan fyrirhuguð notkun á vörunum stendur yfir.

2. Að því er varðar þessa grein skal ekki líta svo á að tappar eða lok úr málmi með plastinnsiglum séu úr plasti.

3. Eigi síðar en 3. október 2019 skal framkvæmdastjórnin fara þess á leit að evrópskar staðlastofnanir þrói samhæfða staðla í tengslum við kröfuna sem um getur í 1. mgr. Þessir staðlar skulu einkum mæta þeirri þörf að tryggja nauðsynlegan styrkleika, áreiðanleika og öryggi lokunarbúnaðar fyrir drykkjarílát, þ.m.t. fyrir kolsýrða drykki.

([23]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 frá 9. september 2015 um tilhögun miðlunar upplýsinga um tæknireglugerðir og reglur um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. ESB L 241, 17.9.2015, bls. 1).

4. Frá og með birtingardegi tilvísana í samhæfðu staðlana, sem um getur í 3. mgr., í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* skulu einnota plastvörur, sem um getur í 1. mgr., sem eru í samræmi við þessa staðla eða hluta þeirra teljast vera í samræmi við kröfuna sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

5. Að því er varðar flöskur fyrir drykkjarvörur sem eru taldar upp í F-hluta viðaukans skal hvert aðildarríki fyrir sig tryggja að:

a) frá árinu 2025 innihaldi flöskur fyrir drykkjarvörur, sem eru taldar upp í F-hluta viðaukans, sem eru framleiddar úr pólýetýlentereþalati sem helsta efnisþættinum (PET-flöskur), a.m.k. 25% af endurunnu plasti, reiknað sem meðaltal fyrir allar PET-flöskur sem eru settar á markað á yfirráðasvæði þess aðildarríkis og

b) frá árinu 2030 innihaldi flöskur fyrir drykkjarvörur, sem eru taldar upp í F-hluta viðaukans, a.m.k. 30% af endurunnu plasti, reiknað sem meðaltal fyrir allar slíkar flöskur fyrir drykkjarvörur sem eru settar á markað á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

Eigi síðar en 1. janúar 2022 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um reglur um útreikning og sannprófun á markmiðunum sem eru fastsett í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

*7. gr.*

**Kröfur um merkingar**

1. Aðildarríki skulu tryggja að á sérhverri einnota plastvöru, sem er talin upp í D-hluta viðaukans, sem er sett á markað sé áberandi, auðlæsileg og óafmáanleg merking á umbúðunum eða á vörunni sjálfri til að upplýsa neytendur um eftirfarandi:

a) viðeigandi valkosti fyrir úrgangsstjórnun varðandi vöruna eða úrgangsförgunaraðferðir sem á að forðast fyrir þá vöru í samræmi við úrgangsmetakerfið og

b) að varan innihaldi plast og um þau neikvæðu áhrif á umhverfið sem fylgja því að dreifa rusli eða öðrum óviðeigandi aðferðum við förgun vörunnar sem úrgangs.

Framkvæmdastjórnin skal koma á samræmdum nákvæmum skilgreiningum um merkingar í samræmi við 2. mgr.

2. Eigi síðar en 3. júlí 2020 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerð til að koma á samræmdum nákvæmum skilgreiningum um merkingar, sem um getur í 1. mgr., þar sem:

a) kveðið er á um að merkingar á einnota plastvörur, sem eru taldar upp í 1., 2. og 3. lið D-hluta viðaukans, skuli settar á söluumbúðir og safnumbúðir þessara vara. Þegar mörgum sölueiningum er stillt upp saman á sölustað skal vera merking á umbúðum hverrar sölueiningar. Ekki skal krafist merkingar á umbúðum með minni yfirborðsflöt en 10 $cm^2$,

b) kveðið er á um að merkingar á einnota plastvörur, sem eru taldar upp í 4. lið D-hluta viðaukans, skuli settar á vöruna sjálfa og

c) tekið er tillit til sjálfstæðrar nálgunar sem fyrir er innan geirans og gefinn sérstakur gaumur að því að nauðsynlegt er að forðast upplýsingar sem villa um fyrir neytendum.

Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

3. Ákvæðin í þessari grein sem varða tóbaksvörur eru til viðbótar við þau sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/40/ESB.

*8. gr.*

**Rýmkuð ábyrgð framleiðanda**

1. Aðildarríki skulu tryggja að kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda verði komið á fót fyrir allar einnota plastvörur sem eru taldar upp í E-hluta viðaukans, sem eru settar á markað í aðildarríkinu, í samræmi við 8. gr. og 8. gr. a í tilskipun 2008/98/EB.

2. Aðildarríki skulu tryggja að framleiðendur einnota plastvara, sem eru taldar upp í I. lið E-hluta viðaukans við þessa tilskipun, standi straum af kostnaði samkvæmt ákvæðum um rýmkaða ábyrgð framleiðanda í tilskipunum 2008/98/EB og 94/62/EB og, að því marki sem hann er ekki þegar innifalinn, standi straum af eftirfarandi kostnaði:

a) kostnaði við ráðstafanir til vitundarvakningar, sem um getur í 10. gr. þessarar tilskipunar, sem varða þessar vörur,

b) kostnaði við sorphirðu vegna þeirra vara sem er fleygt í almenn söfnunarkerfi, þ.m.t. innviðir og rekstur þeirra, og við flutning og meðhöndlun úrgangsins í kjölfarið og

c) kostnaði við að hreinsa upp rusl, sem leiðir af þessum vörum, og við flutning og meðhöndlun ruslsins í kjölfarið.

3. Aðildarríki skulu tryggja að framleiðendur einnota plastvara, sem eru taldar upp í II. og III. lið E-hluta viðaukans, standi a.m.k. straum af eftirfarandi kostnaði:

a) kostnaði við ráðstafanir til vitundarvakningar, sem um getur í 10. gr., sem varða þessar vörur,

b) kostnaði við að hreinsa upp rusl, sem leiðir af þessum vörum, og við flutning og meðhöndlun ruslsins í kjölfarið og

c) kostnaði við gagnasöfnun og skýrslugjöf í samræmi við c-lið 1. mgr. 8. gr. a í tilskipun 2008/98/EB.

Að því er varðar einnota plastvörur, sem eru taldar upp í III. lið E-hluta viðaukans við þessa tilskipun, skulu aðildarríki tryggja að framleiðendur standi þar að auki straum af kostnaði við sorphirðu vegna þeirra vara sem er fleygt í almenn söfnunarkerfi, þ.m.t. innviðir og rekstur þeirra, og við flutning og meðhöndlun úrgangsins í kjölfarið. Kostnaðurinn getur tekið til uppsetningar á sérstökum innviðum til sorphirðu vegna þessara vara, s.s. viðeigandi sorpílát á stöðum þar sem algengt er að rusl safnist upp.

4. Kostnaður sem standa skal straum af, sem um getur í 2. og 3. mgr., skal ekki vera hærri en sá kostnaður sem er nauðsynlegur til að veita þá þjónustu sem þar er getið um á kostnaðarhagkvæman hátt og þeir aðilar, sem málið varðar, ættu að fastsetja hann sín á milli á gagnsæjan hátt. Kostnaður við að hreinsa upp rusl skal takmarkast við starfsemi af hálfu opinberra yfirvalda eða fyrir þeirra hönd. Aðferðin við útreikninginn skal þróuð þannig að gert sé ráð fyrir að kostnaður við að hreinsa upp rusl sé fastsettur á hlutfallslegan hátt. Til að lágmarka umsýslukostnað er aðildarríkjum heimilt að ákveða fjárframlög til að greiða hluta kostnaðar við að hreinsa upp rusl með því að fastsetja fastar fjárhæðir til margra ára.

Framkvæmdastjórnin skal, í samráði við aðildarríkin, gefa út leiðbeiningar um viðmiðanir varðandi kostnað við að hreinsa upp rusl sem um getur í 2. og 3. mgr.

5. Aðildarríki skulu skilgreina hlutverk og ábyrgð allra aðila, sem málið varðar, með skýrum hætti.

Að því er varðar umbúðir skal skilgreina þessi hlutverk og ábyrgðir í samræmi við tilskipun 94/62/EB.

6. Hvert aðildarríki skal heimila framleiðendum, sem eru með staðfestu í öðru aðildarríki og setja vörur á markað þess fyrrnefnda, að útnefna einstakling eða lögaðila með staðfestu á yfirráðasvæði þess sem viðurkenndan fulltrúa í þeim tilgangi að uppfylla skyldur framleiðanda sem tengjast kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðenda á yfirráðasvæði þess.

7. Hvert aðildarríki skal tryggja að framleiðandi með staðfestu á yfirráðasvæði þess, sem selur einnota plastvörur sem eru taldar upp í E-hluta viðaukans og veiðarfæri, sem innihalda plast, í öðru aðildarríki þar sem hann hefur ekki staðfestu, útnefni viðurkenndan fulltrúa í því aðildarríki. Viðurkenndi fulltrúinn skal vera sá einstaklingur sem ber ábyrgð á því að uppfylla skuldbindingar þess framleiðanda samkvæmt þessari tilskipun á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

8. Aðildarríki skulu tryggja að kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda verði komið á fót fyrir veiðarfæri sem innihalda plast, sem eru sett á markað í aðildarríkinu, í samræmi við 8. gr. og 8. gr. a í tilskipun 2008/98/EB.

Aðildarríki, sem eru með hafsvæði eins og skilgreint er í 1. lið 3. gr. tilskipunar 2008/56/EB, skulu fastsetja árlegt, landsbundið lágmarkssöfnunarhlutfall vegna endurvinnslu á veiðarfæraúrgangi sem inniheldur plast.

Aðildarríki skulu vakta veiðarfæri, sem innihalda plast, sem sett eru á markað í aðildarríkinu sem og veiðarfæraúrgang, sem inniheldur plast, sem er safnað og þau skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. þessarar tilskipunar, með það fyrir augum að koma á bindandi magnbundnum söfnunarmarkmiðum Sambandsins.

9. Að því er varðar kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda, sem komið er á fót skv. 8. mgr. þessarar greinar, skulu aðildarríki tryggja að framleiðendur veiðarfæra, sem innihalda plast, standi straum af kostnaði við sérstaka söfnun á veiðarfærum, sem innihalda plast, sem hafa verið afhent til viðeigandi móttökuaðstöðu í höfnum í samræmi við tilskipun (ESB) 2019/883, eða til annarra sambærilegra söfnunarkerfa sem falla utan gildissviðs þeirrar tilskipunar, og kostnaði við flutning þeirra og meðhöndlun í kjölfarið. Framleiðendur skulu einnig standa straum af kostnaði við ráðstafanir til vitundarvakningar, sem um getur í 10. gr., varðandi veiðarfæri sem innihalda plast.

Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein, koma til viðbótar við kröfur sem gilda um úrgang frá fiskiskipum í lögum Sambandsins um móttökuaðstöðu í höfnum.

Með fyrirvara um tækniráðstafanir, sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 850/98 ([24]), skal framkvæmdastjórnin fara þess á leit við evrópskar staðlastofnanir að þær þrói samhæfða staðla í tengslum við hringrásarhönnun veiðarfæra til að hvetja til undirbúnings fyrir endurnotkun og greiða fyrir endurvinnanleika við lok vistferilsins.

*9. gr.*

**Sérstök söfnun**

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja sérstaka söfnun til endurvinnslu:

a) eigi síðar en 2025: á magni úrgangs úr einnota plastvörum, sem eru taldar upp í F-hluta viðaukans, sem jafngildir 77%, miðað við þyngd, af slíkum einnota plastvörum sem eru settar á markað á tilteknu ári,

b) eigi síðar en 2029: á magni úrgangs úr einnota plastvörum, sem eru taldar upp í F-hluta viðaukans, sem jafngildir 90%, miðað við þyngd, af slíkum einnota plastvörum sem eru settar á markað á tilteknu ári.

Telja má að einnota plastvörur, sem eru taldar upp í F-hluta viðaukans, sem eru settar á markað í aðildarríki jafngildi því magni úrgangs sem fellur til frá slíkum vörum, þ.m.t. sem rusl, í því aðildarríki á sama árinu.

Til að ná því markmiði er aðildarríkjum m.a. heimilt að:

a) koma á fót skilagjaldskerfum,

b) ákvarða markmið um sérstaka söfnun fyrir viðeigandi kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda.

Fyrsta málsgrein skal gilda með fyrirvara um a-lið 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

2. Framkvæmdastjórnin skal greiða fyrir upplýsingaskiptum og miðlun bestu starfsvenja milli aðildarríkjanna um viðeigandi ráðstafanir til að uppfylla markmiðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr., m.a. um skilagjaldskerfi. Framkvæmdastjórnin skal birta opinberlega niðurstöður slíkra upplýsingaskipta og miðlun bestu starfsvenja.

3. Eigi síðar en 3. júlí 2020 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerð þar sem mælt er fyrir um aðferðafræði við útreikning og sannprófun á markmiðunum um sérstaka söfnun sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

*10. gr.*

**Ráðstafanir til vitundarvakningar**

Aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að upplýsa neytendur og til að hvetja til ábyrgrar neysluhegðunar neytenda til að draga úr rusli frá vörum, sem falla undir þessa tilskipun, og þau skulu gera ráðstafanir til að upplýsa neytendur einnota plastvara, sem eru taldar upp í G-hluta viðaukans, og notendur veiðarfæra, sem innihalda plast, um eftirfarandi:

a) tiltækileika endurnotanlegra staðgöngukosta, endurnotkunarkerfa og valkosta fyrir úrgangsstjórnun er varða þessar einnota plastvörur og veiðarfæri, sem innihalda plast, sem og bestu starfsvenjur við úrgangsstjórnun sem eru inntar af hendi í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

b) áhrifin á umhverfið af því að dreifa rusli og af annarri óviðeigandi förgun úrgangs úr þessum einnota plastvörum og veiðarfæra, sem innihalda plast, einkum á sjávarumhverfið og

([24]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 850/98 frá 30. mars 1998 um varðveislu fiskiauðlinda með tæknilegum ráðstöfunum til verndunar ungviði sjávarlífvera (Stjtíð. EB L 125, 27.4.1998, bls. 1).

c) áhrifin á fráveitukerfið af óviðeigandi aðferðum við förgun úrgangs úr þessum einnota plastvörum.

*11. gr.*

**Samræming ráðstafana**

Með fyrirvara um fyrstu undirgrein 1. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar skal hvert aðildarríkin tryggja að ráðstafanir, sem eru gerðar til að lögleiða þessa tilskipun og koma henni í framkvæmd, myndi órjúfanlegan hluta af og séu í samræmi við áætlanir þess um ráðstafanir sem komið var á fót í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2008/56/EB að því er varðar þau aðildarríki sem eru með hafsvæði, áætlanir um ráðstafanir sem komið var á fót í samræmi við 11. gr. tilskipunar 2000/60/EB, úrgangsstjórnunaráætlanir og áætlanir um forvarnir gegn myndun úrgangs sem komið var á fót í samræmi við 28. og 29. gr. tilskipunar 2008/98/EB og áætlanir um móttöku og meðhöndlun úrgangs sem komið var á fót samkvæmt tilskipun (ESB) 2019/883.

Ráðstafanir, sem aðildarríkin gera til að lögleiða 4. til 9. gr. þessarar tilskipunar og koma þeim í framkvæmd, skulu vera í samræmi við lög Sambandsins um matvæli til að tryggja að hollustuháttum á sviði matvæla og matvælaöryggi sé ekki stofnað í hættu. Aðildarríkin skulu hvetja til notkunar á sjálfbærum staðgöngukostum fyrir einnota plast, þegar unnt er, fyrir snertiefni matvæla.

*12. gr.*

**Nákvæmar skilgreiningar og viðmiðunarreglur um einnota plastvörur**

Í því skyni að ákvarða hvort líta eigi á matarílát sem einnota plastvöru að því er varðar þessa tilskipun skal, til viðbótar við viðmiðanirnar sem eru taldar upp í viðaukanum að því er varðar matarílát, tilhneiging þeirra til að verða að rusli vegna umfangs þeirra eða stærðar, einkum ílát fyrir staka neysluskammta, gegna afgerandi hlutverki.

Eigi síðar en 3. júlí 2020 skal framkvæmdastjórnin, í samráði við aðildarríkin, birta viðmiðunarreglur, þ.m.t. dæmi um hvað skuli teljast vera einnota plastvara að því er varðar þessa tilskipun, eins og við á.

*13. gr.*

**Upplýsingakerfi og skýrslugjöf**

1. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu fyrir hvert almanaksár að því er varðar eftirfarandi:

a) gögn um einnota plastvörur, sem eru taldar upp í A-hluta viðaukans, sem hafa verið settar á markað í aðildarríkinu á hverju ári, til að sýna fram á minnkun á notkun í samræmi við 1. mgr. 4. gr.,

b) upplýsingar um ráðstafanir sem aðildarríkið gerði að því er varðar 1. mgr. 4. gr.,

c) gögn um einnota plastvörur, sem eru taldar upp í F-hluta viðaukans, sem hefur verið safnað í sérstakri söfnun í aðildarríkinu á hverju ári til að sýna fram á að markmið um sérstaka söfnun, í samræmi við 1. mgr. 9. gr., hafi náðst,

d) gögn um veiðarfæri, sem innihalda plast, sem eru sett á markað og um veiðarfæraúrgang sem er safnað í aðildarríkinu á hverju ári,

e) upplýsingar um endurunnið innihald í flöskum fyrir drykkjarvörur, sem eru taldar upp í F-hluta viðaukans, til að sýna fram á að markmiðin, sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 6. gr., hafi náðst og

f) gögn um úrgang eftir notkun á einnota plastvörum, sem eru taldar upp í III. lið E-hluta viðaukans, sem hefur verið safnað í samræmi við 3. mgr. 8. gr.

Aðildarríkin skulu gefa skýrslu um gögnin og upplýsingarnar rafrænt innan 18 mánaða frá lokum skýrslugjafarársins sem þeim var safnað fyrir. Gefa skal skýrslu um gögnin og upplýsingarnar á sniðinu sem framkvæmdastjórnin ákvarðar í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar.

Fyrsta skýrslutímabilið skal vera almanaksárið 2022, að undanskildum e- og f-lið fyrstu undirgreinar en að því er þá varðar skal fyrsta skýrslutímabilið vera almanaksárið 2023.

2. Gögnum og upplýsingum úr skýrslugjöf aðildarríkjanna í samræmi við þessa grein skal fylgja skýrsla um gæðaeftirlit. Gefa skal skýrslu um gögnin og upplýsingarnar á sniðinu sem framkvæmdastjórnin ákvarðar í samræmi við 4. mgr.

3. Framkvæmdastjórnin skal fara yfir gögnin og upplýsingarnar úr skýrslugjöfinni í samræmi við þessa grein og birta skýrslu um niðurstöðurnar úr yfirferð sinni. Í skýrslunni skal meta skipulagningu gagna- og upplýsingasöfnunarinnar, uppruna gagnanna og upplýsinganna og aðferðafræðina sem er notuð í aðildarríkjunum sem og heilleika, áreiðanleika og samkvæmni gagnanna og upplýsinganna og hversu tímanleg þau eru. Matið má innihalda sérstök tilmæli um úrbætur. Skýrslan skal tekin saman að lokinni fyrstu skýrslugjöf aðildarríkjanna um gögn og upplýsingar og eftir það með því millibili sem gert er ráð fyrir í 3. mgr. c í 12. gr. tilskipunar 94/62/EB.

4. Eigi síðar en 3. janúar 2021 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um snið fyrir skýrslugjöf um gögn og upplýsingar í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar.

Eigi síðar en 3. júlí 2020 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um snið fyrir skýrslugjöf um gögn í samræmi við c- og d-lið 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar.

Eigi síðar en 1. janúar 2022 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um snið fyrir skýrslugjöf um gögn og upplýsingar í samræmi við e- og f-lið 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr. Taka skal tillit til sniðsins sem var þróað skv. 12. gr. tilskipunar 94/62/EB.

*14. gr.*

**Viðurlög**

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög vegna brota á þeim ákvæðum landslaga sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að slíkum viðurlögum sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Eigi síðar en 3. júlí 2021 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um umræddar reglur og ráðstafanir og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar á þeim.

*15. gr.*

**Mat og endurskoðun**

1. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma mat á þessari tilskipun eigi síðar en 3. júlí 2027. Matið skal grundvallast á þeim upplýsingum sem eru aðgengilegar í samræmi við 13. gr. Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni allar viðbótar-upplýsingar sem eru nauðsynlegar að því er varðar matið og undirbúning skýrslunnar sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu um helstu niðurstöður úr matinu, sem innt var af hendi í samræmi við 1. mgr., fyrir Evrópuþingið, ráðið og Efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á. Í þeirri tillögu skal, ef við á, setja bindandi magnbundin markmið um að minnka notkun og setja bindandi söfnunarhlutfall fyrir veiðarfæraúrgang.

3. Skýrslan skal innihalda:

a) mat á þörf fyrir að endurskoða viðaukann þar sem einnota plastvörur eru taldar upp, þ.m.t. að því er varðar tappa og lok úr plasti sem eru notuð á drykkjarílát úr gleri og málmi,

b) rannsókn á hagkvæmni þess að fastsetja bindandi söfnunarhlutföll fyrir veiðarfæraúrgang og bindandi magnbundin markmið Sambandsins um að minnka notkun, einkum á einnota plastvörum sem eru taldar upp í A-hluta viðaukans, að teknu tilliti til notkunarhlutfalls og þeirrar minnkunar sem þegar hefur nást í aðildarríkjum,

c) mat á breytingunum á efniviðum sem eru notaðir í einnota plastvörur, sem falla undir þessa tilskipun, sem og nýjum neyslumynstrum og viðskiptalíkönum sem byggjast á endurnotanlegum staðgöngukostum; alltaf þegar mögulegt er skal það innihalda heildargreiningu á vistferlum til að meta umhverfisáhrif af slíkum vörum og staðgöngukostum þeirra og

d) mat á framförum á sviði vísinda og tækni varðandi viðmiðanir eða staðal fyrir lífbrjótanleika í sjávarumhverfinu sem á við um einnota plastvörur innan gildissviðs þessarar tilskipunar og einnota staðgöngukosti þeirra sem tryggja fullt niðurbrot í koltvísýring ($CO_2$), lífmassa og vatn innan tímamarka sem eru nægilega stutt til að plastið nái ekki að skaða sjávarlíf og leiða ekki til þess að plast safnist upp í umhverfinu.

4. Sem hluta af matinu, sem er innt af hendi skv. 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin endurskoða þær ráðstafanir sem eru gerðar samkvæmt þessari tilskipun að því er varðar einnota plastvörur, sem eru taldar upp í III. lið E-hluta viðaukans, og skal leggja fram skýrslu um helstu niðurstöður. Í skýrslunni skal einnig íhuga valkosti er varða bindandi ráðstafanir til að minnka úrgang eftir notkun á einnota plastvörum, sem eru taldar upp í III. lið E-hluta viðaukans, þ.m.t. sá möguleiki að fastsetja bindandi söfnunarhlutföll fyrir þennan úrgang sem verður til eftir notkun. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á.

*16. gr.*

**Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót skv. 39. gr. tilskipunar 2008/98/EB. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

*17. gr.*

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 3. júlí 2021. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Samt sem áður skulu aðildarríkin beita nauðsynlegum ráðstöfunum til að fara að:

— ákvæðum 5. gr. frá 3. júlí 2021,

— ákvæðum 1. mgr. 6. gr. frá 3. júlí 2024,

— ákvæðum 1. mgr. 7. gr. frá 3. júlí 2021,

— ákvæðum 8. gr. eigi síðar en 31. desember 2024, en eigi síðar en 5. janúar 2023 í tengslum við kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda, sem er komið á fót fyrir 4. júlí 2018, og í tengslum við einnota plastvörur sem eru taldar upp í III. lið E-hluta viðaukans.

Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í þessari málsgrein skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim skal fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Að því tilskildu að almenn og sértæk markmið um úrgangsstjórnun, sem sett eru fram í 4. og 8. gr., náist er aðildarríkjum heimilt að lögleiða ákvæðin, sem sett eru fram í 4. gr. (1. mgr.) og 8. gr. (1. og 8. mgr.), nema að því er varðar einnota plastvörur sem eru taldar upp í III. lið E-hluta viðaukans, með samningum milli lögbærra yfirvalda og hlutaðeigandi atvinnuvega.

Slíkir samningar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) samningar skulu vera framfylgjanlegir,

b) í samningum verður að tilgreina markmið ásamt viðeigandi tímamörkum,

c) samningar skulu birtir í stjórnartíðindum hvers ríkis eða opinberu skjali, sem almenningur hefur jafnt aðgengi að, og komið á framfæri við framkvæmdastjórnina,

d) reglulegt eftirlit skal vera með þeim árangri sem næst samkvæmt samningnum, gefa skal skýrslu um hann til lögbærra yfirvalda og til framkvæmdastjórnarinnar og koma honum á framfæri við almenning samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í samningnum,

e) lögbær yfirvöld skulu setja ákvæði um að sú framvinda, sem náðst hefur samkvæmt samningi, skuli könnuð og

f) ef ekki er staðið við samning skulu aðildarríkin beita viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar með laga- eða stjórnsýslufyrirmælum.

*18. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*19. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. júní 2019.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

A. TAJANI

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

G. CIAMBA

*forseti.*

*VIÐAUKI*

A-HLUTI

**Einnota plastvörur sem falla undir 4. gr. um minnkun á notkun**

1) Bollar fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. lok þeirra.

2) Matarílát, þ.e. ílát s.s. öskjur, með eða án loks, sem eru notaðar undir matvæli sem:

   a) eru ætluð til neyslu á staðnum, annaðhvort á sölustað eða annars staðar,

   b) er alla jafna neytt beint upp úr ílátinu og

   c) eru tilbúin til neyslu án frekari tilreiðslu, s.s. eldunar, suðu eða hitunar,

   þar með talin matarílát sem eru notuð undir skyndibita eða aðra máltíð sem er tilbúin til neyslu á staðnum, að undanskildum drykkjarílátum, diskum og pökkum og umbúðum sem innihalda matvæli.

B-HLUTI

**Einnota plastvörur sem falla undir 5. gr. um takmarkanir á setningu á markað**

1) Pinnar úr baðmullarpinnum, nema þeir falli undir gildissvið tilskipunar ráðsins 90/385/EBE ([1]) eða tilskipunar ráðsins 93/42/EBE ([2]).

2) Hnífapör (gafflar, hnífar, skeiðar, matprjónar).

3) Diskar.

4) Sogrör, nema þau falli undir gildissvið tilskipunar 90/385/EBE eða tilskipunar 93/42/EBE.

5) Hræripinnar fyrir drykkjarvörur.

6) Prik sem skal festa við blöðrur og sem halda þeim uppi, nema blöðrur til notkunar í iðnaði eða annarrar notkunar í atvinnuskyni og til notkunar þar sem þeim er ekki dreift til neytenda, þ.m.t. búnaður á slík prik.

7) Matarílát úr þöndu pólýstýreni, þ.e. ílát s.s. öskjur, með eða án loks, sem eru notaðar undir matvæli sem:

   a) eru ætluð til neyslu á staðnum, annaðhvort á sölustað eða annars staðar,

   b) er alla jafna neytt beint upp úr ílátinu og

   c) eru tilbúin til neyslu án frekari tilreiðslu, s.s. eldunar, suðu eða hitunar,

   þar með talin matarílát sem eru notuð undir skyndibita eða aðra máltíð sem er tilbúin til neyslu á staðnum, að undanskildum drykkjarílátum, diskum og pökkum og umbúðum sem innihalda matvæli.

8) Drykkjarílát úr þöndu pólýstýreni, þ.m.t. tappar þeirra og lok.

9) Bollar fyrir drykkjarvörur úr þöndu pólýstýreni, þ.m.t. lok þeirra.

([1]) Tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki (Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17).

([2]) Tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki (Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1).

C-HLUTI

**Einnota plastvörur sem falla undir 1. til 4. mgr. 6. gr. um kröfur varðandi vörur**

Drykkjarílát sem taka allt að þrjá lítra, þ.e. ílát sem eru notuð undir vökva, s.s. flöskur fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. tappar þeirra og lok, og samsettar umbúðir fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. tappar þeirra og lok, en ekki:

a) drykkjarílát úr gleri eða plasti sem eru með tappa og lok úr plasti,

b) drykkjarílát sem eru ætluð fyrir og notuð undir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er í g-lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([3]), sem eru í vökvaformi.

D-HLUTI

**Einnota plastvörur sem falla undir 7. gr. um kröfur um merkingar**

1) Dömubindi (innlegg), tíðatappar og hólkar til að koma tíðatöppum fyrir.

2) Blautþurrkur, þ.e. forbleyttar þurrkur til persónulegrar umhirðu og heimilisnota.

3) Tóbaksvörur með síum og síur sem eru settar á markað til notkunar í samsetningu með tóbaksvörum.

4) Bollar fyrir drykkjarvörur.

E-HLUTI

**I. Einnota plastvörur sem falla undir 2. mgr. 8. gr. um rýmkaða ábyrgð framleiðanda**

1) Matarílát, þ.e. ílát s.s. öskjur, með eða án loks, sem eru notaðar undir matvæli sem:

   a) eru ætluð til neyslu á staðnum, annaðhvort á sölustað eða annars staðar,

   b) er alla jafna neytt beint upp úr ílátinu og

   c) eru tilbúin til neyslu án frekari tilreiðslu, s.s. eldunar, suðu eða hitunar,

   þar með talin matarílát sem eru notuð undir skyndibita eða aðra máltíð sem er tilbúin til neyslu á staðnum, að undanskildum drykkjarílátum, diskum og pökkum og umbúðum sem innihalda matvæli.

2) Pakkar og umbúðir úr sveigjanlegu efni sem innihalda matvæli sem eru ætluð til neyslu á staðnum úr pakkanum eða umbúðunum án frekari tilreiðslu.

3) Drykkjarílát sem taka allt að þrjá lítra, þ.e. ílát sem eru notuð undir vökva, s.s. flöskur fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. tappar þeirra og lok, og samsettar umbúðir fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. tappar þeirra og lok, en ekki ílát úr gleri eða málmi sem eru með tappa og lok úr plasti.

4) Bollar fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. lok þeirra.

5) Þunnir burðarpokar úr plasti eins og þeir eru skilgreindir í 1. lið c í 3. gr. tilskipunar 94/62/EB.

**II. Einnota plastvörur sem falla undir 3. mgr. 8. gr. um rýmkaða ábyrgð framleiðanda**

1) Blautþurrkur, þ.e. forbleyttar þurrkur til persónulegrar umhirðu og heimilisnota.

2) Blöðrur, nema blöðrur til notkunar í iðnaði eða annarrar notkunar í atvinnuskyni og til notkunar þar sem þeim er ekki dreift til neytenda.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

**III. Aðrar einnota plastvörur sem falla undir 3. mgr. 8. gr. um rýmkaða ábyrgð framleiðanda**

Tóbaksvörur með síum og síur sem eru settar á markað til notkunar í samsetningu með tóbaksvörum.

F-HLUTI

**Einnota plastvörur sem falla undir 9. gr. um sérstaka söfnun og 5. mgr. 6. gr. um kröfur varðandi vörur**

Flöskur fyrir drykkjarvörur sem taka allt að þrjá lítra, þ.m.t. tappar þeirra og lok, en ekki:

a) flöskur fyrir drykkjarvörur, úr gleri eða plasti, sem eru með tappa og lok úr plasti,

b) flöskur fyrir drykkjarvörur sem eru ætlaðar fyrir og notaðar undir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er í g-lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 609/2013, sem eru í vökvaformi.

G-HLUTI

**Einnota plastvörur sem falla undir 10. gr. um vitundarvakningu**

1) Matarílát, þ.e. ílát s.s. öskjur, með eða án loks, sem eru notaðar undir matvæli sem:

   a) eru ætluð til neyslu á staðnum, annaðhvort á sölustað eða annars staðar,

   b) er alla jafna neytt beint upp úr ílátinu og

   c) eru tilbúin til neyslu án frekari tilreiðslu, s.s. eldunar, suðu eða hitunar,

   þar með talin matarílát sem eru notuð undir skyndibita eða aðra máltíð sem er tilbúin til neyslu á staðnum, að undanskildum drykkjarílátum, diskum og pökkum og umbúðum sem innihalda matvæli.

2) Pakkar og umbúðir úr sveigjanlegu efni sem innihalda matvæli sem eru ætluð til neyslu á staðnum úr pakkanum eða umbúðunum án frekari tilreiðslu.

3) Drykkjarílát sem taka allt að þrjá lítra, þ.e. ílát sem eru notuð undir vökva, s.s. flöskur fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. tappar þeirra og lok, og samsettar umbúðir fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. tappar þeirra og lok, en ekki ílát úr gleri eða málmi sem eru með tappa og lok úr plasti.

4) Bollar fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. lok þeirra.

5) Tóbaksvörur með síum og síur sem eru settar á markað til notkunar í samsetningu með tóbaksvörum.

6) Blautþurrkur, þ.e. forbleyttar þurrkur til persónulegrar umhirðu og heimilisnota.

7) Blöðrur, nema blöðrur til notkunar í iðnaði eða annarrar notkunar í atvinnuskyni og til notkunar þar sem þeim er ekki dreift til neytenda.

8) Þunnir burðarpokar úr plasti eins og þeir eru skilgreindir í 1. lið c í 3. gr. tilskipunar 94/62/EB.

9) Dömubindi (innlegg), tíðatappar og hólkar til að koma tíðatöppum fyrir.

_____

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/958** **2021/EES/71/31**

**frá 28. júní 2018**

**um meðalhófsprófun áður en samþykkt er ný lögverndun starfsgreina** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 46. gr., 1. mgr. 53. gr. og 62. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Frelsi til að velja sér starfsgrein telst til grundvallarréttinda. Sáttmáli Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálinn“) tryggir frelsi til að velja sér starfsgrein sem og frelsi til atvinnurekstrar. Frjáls för launafólks, staðfesturéttur og frelsi til að veita þjónustu eru grundvallarreglur innri markaðarins, sem bundnar eru í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE). Reglur í hverju ríki um sig um skipulag hvað varðar aðgang að lögvernduðum starfsgreinum ættu því ekki að leiða til óréttmætra eða óhóflegra takmarkana á því að þessi grundvallarréttindi séu nýtt.

2) Ef sértæk ákvæði um samræmingu á kröfum um aðgang að lögverndaðri starfsgrein eða iðkun hennar, sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins, eru ekki fyrir hendi er það á valdsviði aðildarríkis að ákveða hvort og hvernig setja eigi reglur sem varða starfsgrein innan marka meginreglunnar um bann við mismunun og meðalhófsreglunnar.

3) Meðalhófsreglan er ein af almennum meginreglum laga Sambandsins. Af dómaframkvæmd ([3]) leiðir að landsráðstafanir sem geta hindrað framgang grundvallarréttinda sem tryggð eru í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, eða gert þau síður fýsileg þurfi að uppfylla fjögur skilyrði, þ.e.: þeim skal beitt á jafnréttisgrundvelli, þær skulu rökstuddar með vísan til þess að þær varði almannahagsmuni, þær verða að vera til þess fallnar að tryggja að það markmið sem stefnt er að náist og þær mega ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði.

4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB ([4]) felur í sér að aðildarríkin eru skuldbundin til að meta meðalhóf krafna sinna um takmarkanir á aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra og til að tilkynna framkvæmdastjórninni um niðurstöður þess mats, sem setur af stað „gagnkvæma matsferlið“. Það ferli þýðir að aðildarríkin hafa þurft að skima alla eigin löggjöf sem varðar allar þær starfsgreinar sem lögverndaðar voru á yfirráðasvæði þeirra.

5) Niðurstöður gagnkvæma matferlisins leiddu í ljós skort á gagnsæi að því er varðar viðmiðanirnar sem aðildarríkjunum er ætlað að nota þegar þau meta meðalhóf krafna sem takmarka aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra sem og mismunandi athugun á slíkum kröfum á öllum stigum reglusetningar. Til að komast hjá uppskiptingu innri markaðarins og til að ryðja úr vegi hindrunum á því að hefja og stunda tiltekið launað starf eða sjálfstæða atvinnustarfsemi ætti að vera fyrir hendi sameiginleg nálgun á vettvangi Sambandsins sem kemur í veg fyrir að óhóflegar ráðstafanir séu samþykktar.

6) Í orðsendingu sinni frá 28. október 2015 sem ber titilinn „Áætlun um stafrænan innri markað uppfærð: aukin tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki“ greindi framkvæmdastjórnin þörf á því að samþykkja meðalhófsramma um greiningu fyrir aðildarríkin þegar þau taka gildandi lögverndanir starfsgreina til endurskoðunar eða þegar þau leggja til nýjar slíkar lögverndanir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 173, 9.7.2018, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 243/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 288, 31.8.2017, bls. 43.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. júní 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 21. júní 2018.

([3]) Dómur Evrópudómstólsins frá 30. nóvember 1995, *Gebhard*, C-55/94, ECLI:EU:C:1995:411, 37. mgr.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22).

7) Markmiðið með þessari tilskipun er að setja reglur um að aðildarríki framkvæmi meðalhófsmat áður en þau innleiða nýja lögverndun starfsgreinar eða breyta gildandi lögverndunum, til þess að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins og tryggja á sama tíma gagnsæi og öfluga neytendavernd.

8) Starfsemi sem þessi tilskipun tekur til ætti að varða þær lögvernduðu starfsgreinar sem falla undir gildissvið tilskipunar 2005/36/EB. Þessi tilskipun ætti að gilda að því er varðar kröfur sem takmarka aðgengi að gildandi lögverndaðri starfsgrein eða iðkun hennar eða nýjar starfsgreinar sem aðildarríkin eru að íhuga hvort þau eigi að setja reglur um. Þessi tilskipun ætti að gilda til viðbótar við tilskipun 2005/36/EB og með fyrirvara um önnur ákvæði sem mælt er fyrir um í sérstökum gerðum Sambandsins sem varða aðgengi að tiltekinni lögverndaðri starfsgrein eða iðkun hennar.

9) Þessi tilskipun er með fyrirvara um valdheimildir aðildarríkjanna til að skilgreina skipulag og inntak mennta- og starfsþjálfunarkerfa sinna og einkum hvað varðar möguleika þeirra til að fela fagfélögum vald til að skipuleggja eða hafa yfirumsjón með sérfræðimenntun og starfsþjálfun. Ákvæði sem takmarka ekki aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra, þ.m.t. ritstjórnarlegar breytingar, tæknilegar aðlaganir á námsefni þjálfunarnámskeiða eða nútímavæðing þjálfunarreglugerða ættu ekki að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar. Þegar starfsmenntun eða starfsþjálfun samanstendur af starfsemi sem er launuð ættu staðfesturétturinn og frelsi til að veita þjónustu að vera tryggð.

10) Ef aðildarríki lögleiða sértækar kröfur að því er varðar reglusetningu varðandi tiltekna starfsgrein sem er komið á með sérstakri gerð Sambandsins, sem ekki gefur aðildarríkjunum frelsi til að velja nákvæmlega hvernig þær skulu lögleiddar, ætti meðalhófsmatið, sem kveðið er á um í sértækum ákvæðum þessarar tilskipunar, ekki að eiga við.

11) Aðildarríki ættu að geta stuðst við sameiginlegan regluramma sem byggður er á skýrt skilgreindum lagahugtökum varðandi mismunandi leiðir til lögverndunar starfsgreina í Sambandinu. Nokkrar leiðir eru til lögverndunar starfsgreina, t.d. með því að veita einungis handhöfum faglegrar menntunar og hæfis aðgengi að tiltekinni starfsemi eða iðkun hennar. Aðildarríki er einnig heimilt að setja reglur um einn þátt iðkunar starfsgreinar með því að setja skilyrði um notkun starfsheita eða með því að leggja kröfur um menntun og hæfi einungis á sjálfstætt starfandi einstaklinga, launaða fagmenn eða á stjórnendur eða lagalega fyrirsvarsmenn fyrirtækja, einkum þegar starfsemin er stunduð af lögaðila í formi atvinnufyrirtækis.

12) Áður en aðildarríkin innleiða ný eða breyta gildandi ákvæðum laga eða stjórnsýslufyrirmæla sem takmarka aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra ættu þau að meta meðalhóf slíkra ákvæða. Umfang matsins ætti að vera í réttu hlutfalli við eðli, innihald og umfang ákvæðisins sem innleiða á.

13) Það er aðildarríkjanna að sýna fram á rökstuðning og meðalhóf. Þeim ástæðum sem aðildarríki skírskotar til í rökstuðningi fyrir lögverndun ætti því að fylgja greining á því hvort sú ráðstöfun sem það aðildarríki hefur samþykkt sé viðeigandi og standist meðalhóf, ásamt sérstökum gögnum sem styðja við rök aðildarríkisins. Þótt aðildarríki þurfi ekki endilega að leggja fram tiltekna rannsókn eða tiltekið form upplýsinga eða efnis sem staðfestir meðalhóf slíkrar ráðstöfunar áður en hún er samþykkt ætti aðildarríkið að gera hlutlæga greiningu, þar sem tekið er tillit til sérstakra aðstæðna þess aðildarríkis, sem sýnir fram á að markmiðum almannahagsmuna sé raunveruleg hætta búin.

14) Aðildarríki ættu að framkvæma meðalhófsmat með hlutlægum og óháðum hætti, þ.m.t. þar sem starfsgrein er óbeint lögvernduð með því að veita tiltekinni sérfræðistofnun vald til að setja reglur. Þetta mat gæti falið í sér álitsgerð frá óháðum aðila, þ.m.t. frá starfandi stofnunum sem eru hluti af innlendu löggjafarferli, sem hlutaðeigandi aðildarríki hafa falið það verkefni að veita slíkt álit. Þetta er einkum mikilvægt í þeim tilfellum þar sem matið er unnið af staðaryfirvöldum, eftirlitsaðilum eða fagfélögum sem, vegna nálægðar við staðbundnar aðstæður og sérhæfðrar þekkingar, gætu í tilteknum tilfellum verið betur í stakk búin til að greina bestu leiðina við að ná markmiðum sem varða almannahagsmuni en ákvarðanir þeirra gætu verið til hagsbóta fyrir starfandi rekstraraðila á kostnað nýrra markaðsaðila.

15) Rétt þykir að fylgjast með hvort meðalhófs sé gætt í nýjum eða breyttum ákvæðum sem takmarka aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra eftir að þau hafa verið samþykkt. Endurskoðun á því hvort meðalhófs sé gætt í takmarkandi innlendri ráðstöfun á sviði lögverndaðra starfsgreina ætti ekki aðeins að byggja á markmiðum þeirrar innlendu ráðstöfunar við samþykkt hennar heldur einnig á mati á áhrifum hennar eftir að hún var samþykkt. Mat á því hvort meðalhófs hafi verið gætt við innlendu ráðstöfunina ætti að byggja á þeirri þróun sem átt hefur sér stað á sviði lögvernduðu starfsgreinarinnar frá því að ráðstöfunin var samþykkt.

16) Líkt og viðurkennd dómaframkvæmd hefur staðfest eru allar óréttmætar takmarkanir sem stafa af innlendum lögum sem takmarka staðfesturétt eða frelsi til að veita þjónustu bannaðar, þ.m.t. öll mismunun á grundvelli ríkisfangs eða búsetu.

17) Ef það að hefja og stunda launað starf eða sjálfstæða atvinnustarfsemi er háð tilteknum skilyrðum sem varða sérstaka faglega menntun og hæfi, sem mælt er fyrir um beint eða óbeint af aðildarríkjunum, er nauðsynlegt að tryggja að slík skilyrði séu rökstudd með vísan til almannahagsmuna svo sem eins og í skilningi sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, þ.e. allsherjarreglu, almannaöryggi og lýðheilsu eða á grundvelli brýnna ástæðna með tilliti til almannahagsmuna, sem eru viðurkenndir sem slíkir í dómaframkvæmd Dómstólsins. Einnig er nauðsynlegt að skýra að meðal brýnna ástæðna með tilliti til almannahagsmuna, sem viðurkenndar eru af Dómstólnum eru eftirfarandi: varðveisla fjárhagslegs stöðugleika almannatryggingakerfisins, vernd neytenda, þjónustuþega, þ.m.t. með því að tryggja gæði handverksvinnu, sem og starfsmanna, að tryggja tilhlýðilega réttarvörslu, að tryggja að viðskipti fari heiðarlega fram, að berjast gegn svikum, skattsvikum og skattahagræðingu og tryggja skilvirkni skattaeftirlits, öryggi í flutningum, vernd umhverfisins og þéttbýlisumhverfis, heilbrigði dýra, hugverkaréttur, vernd og varðveisla sögulegs og listræns þjóðararfs, markmið félagsmálastefnu og markmið stefnu í menningarmálum. Samkvæmt viðurkenndri dómaframkvæmd geta einskærar efnahagslegar ástæður, þ.e. það að styðja við þjóðarbúskapinn á kostnað mannfrelsis, sem og algerar stjórnsýslulegar ástæður, svo sem framkvæmd eftirlits eða öflun tölfræðilegra upplýsinga, ekki talist brýnir almannahagsmunir.

18) Það er aðildarríkjanna að ákvarða hversu mikla vernd þau vilja veita almannahagsmunum og hversu mikla reglusetningu þau vilja, innan viðmiðunarmarka meðalhófs. Sú staðreynd að eitt aðildarríki setur reglur sem eru mildari en annað aðildarríki þýðir ekki að reglur síðartalda aðildarríkisins séu óhóflegar og samræmist ekki lögum Sambandsins.

19) Að því er varðar lýðheilsuvernd skal, samkvæmt 1. mgr. 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, tryggja að heilsa manna njóti öflugrar verndar við mótun og framkvæmd allra stefna og aðgerða Sambandsins. Þessi tilskipun er að fullu í samræmi við það markmið.

20) Til að tryggja að ákvæðin sem þau innleiða og breytingarnar sem þau gera á gildandi ákvæðum séu í réttu hlutfalli ættu aðildarríkin að taka tillit til viðmiðana við mat á meðalhófi og viðbótarviðmiðana sem skipta máli fyrir lögvernduðu starfsgreinina sem er verið að greina. Ef aðildarríki áformar að setja reglur um starfsgrein eða breyta gildandi reglum skal taka tillit til eðlis áhættunnar sem tengist þeim almannahagsmunum sem stefnt er að, einkum áhættu fyrir þá sem njóta þjónustunnar, þ.m.t. fyrir neytendur, fagmenn eða þriðju aðila. Einnig ætti að hafa í huga að á sviði sérfræðiþjónustu er venjulega ósamræmi í upplýsingum milli neytenda og fagmanna, þar sem sérfræðingar búa yfir mikilli tækniþekkingu sem neytendur búa e.t.v. ekki yfir.

21) Kröfur um faglega menntun og hæfi skulu aðeins teljast nauðsynlegar þar sem fyrirliggjandi ráðstafanir, eins og t.d. lög um vöruöryggi eða lög um neytendavernd geta ekki talist hentug eða raunverulega árangursrík til að ná því markmiði sem stefnt er að.

22) Til þess að ráðstöfun uppfylli kröfur um meðalhóf þarf hún að vera til þess fallin að hún tryggi að það markmið sem stefnt er að náist. Ráðstöfun skal aðeins teljast til þess fallin að tryggja að það markmið sem stefnt er að náist ef hún raunverulega endurspeglar viðleitni til að ná því markmiði með samræmdum og kerfisbundnum hætti, t.d. þar sem tekist er á við sambærilega áhættu sem tengist tiltekinni starfsemi með sambærilegum hætti og þar sem öllum undantekningum frá viðkomandi takmörkunum er beitt í samræmi við tilgreint markmið. Enn fremur ætti innlenda ráðstöfunin að stuðla með skilvirkum hætti að því að markmiðinu sem stefnt er að verði náð og ef hún hefur ekki áhrif á grundvöll rökstuðningsins ætti hún því ekki að teljast viðeigandi.

23) Aðildarríkin ættu að taka tilhlýðilegt tillit til heildaráhrifa ráðstöfunarinnar á frjálsa för fólks og frjálsa þjónustustarfsemi, á frjálst val neytenda og gæði þjónustu sem veitt er. Á grundvelli þess ættu aðildarríki einkum að ganga úr skugga um hvort umfang takmarkananna á aðgengi að lögverndaðri starfsgrein eða iðkun hennar er í réttu hlutfalli við mikilvægi markmiðanna sem stefnt er að og þann ávinning sem vænst er.

24) Aðildarríki ættu að bera saman innlendu ráðstöfunina sem um ræðir og aðra síður hamlandi valkosti sem myndu leiða til þess að ná sama markmiði en hefði færri takmarkanir í för með sér. Ef ráðstafanirnar eru aðeins rökstuddar með vísan til neytendaverndar og ef áhættan sem tilgreind er takmarkast við tengslin milli fagmannsins og neytandans, og hefur því ekki neikvæð áhrif á þriðju aðila, ættu aðildarríki að meta hvort þau geti náð markmiði sínu með valkostum sem eru

síður hamlandi en það að einskorða starfsemina við fagmenn. Til dæmis ef neytendur geta með sanngjörnum hætti valið milli þess að nýta sér þjónustu fagmanna sem hafa full réttindi og hæfi eða ekki ætti að notast við síður hamlandi valkosti á borð við vernd starfsheita eða skráningu í firmaskrá. Taka skal til athugunar reglusetningu með einkaréttar-bundinni starfsemi og lögvernduðum starfsheitum þar sem ráðstafanirnar miða að því að koma í veg fyrir að hagsmunir almennings, t.d. lýðheilsa, bíði alvarlegan skaða.

25) Ef við á, m.t.t. eðlis og innihalds ráðstöfunarinnar sem metin er ættu aðildarríki einnig að taka tillit til eftirtalinna þátta: sambandsins milli umfangs atvinnustarfsemi sem fellur undir tiltekna starfsgrein og faglegrar menntunar og hæfis sem krafist er, hversu flókin verkefnin eru, einkum að því er varðar stig, eðli og lengd þjálfunar eða reynslu sem krafist er, að fyrir hendi eru mismunandi leiðir til að hljóta faglega menntun og hæfi, hvort deila megi starfsemi sem bundin er tilteknum fagmönnum með öðrum fagmönnum og hversu mikla sjálfsstjórn lögvernduð starfsgrein hefur, sér í lagi þar sem starfsemi sem tengist lögverndaðri starfsgrein er fylgt eftir undir stjórn og á ábyrgð fagmanns sem býr yfir viðeigandi menntun og hæfi.

26) Þessi tilskipun tekur tillit til framfara í vísindum og tækni og stuðlar að eðlilegri starfsemi innri markaðarins, þ.m.t. í stafrænu umhverfi. Í ljósi örra tæknibreytinga og tækniþróunar gætu uppfærslur aðgangskrafna verið sérlega mikilvægar fyrir fjölda starfsgreina, einkum að því er varðar sérfræðiþjónustu sem veitt er með rafrænum hætti. Ef aðildarríki lögverndar starfsgrein ætti að taka þá staðreynd til greina að vísinda- og tækniþróun gæti dregið úr eða aukið ósamræmi í upplýsingum milli fagmanna og neytenda. Ef almannahagsmunum er veruleg hætta búin af vísinda- og tækniþróun er það aðildarríkjanna að hvetja fagmenn til að halda í við þá þróun, ef nauðsyn krefur.

27) Aðildarríkin ættu að láta gera heildstætt mat á þeim aðstæðum þar sem ráðstöfunin er samþykkt og hrint í framkvæmd og einkum kanna áhrif nýrra eða breyttra ákvæða þegar þau fara saman við aðrar kröfur sem takmarka aðgengi að starfsgrein eða iðkun hennar. Það að hefja og stunda tiltekna starfsemi kann að vera háð ýmiss konar kröfum, eins og t.d. reglum sem varða skipulag starfsgreinarinnar, skylduaðild að fagsamtökum eða sérfræðistofnun, siðareglum starfsgreina, umsjón og ábyrgð. Við mat á áhrifum nýju eða breyttu ákvæðanna ættu aðildarríkin því að taka tillit til fyrirliggjandi krafna, þ.m.t. til stöðugrar starfsþróunar, skylduaðildar að fagsamtökum eða sérfræðistofnunum, fyrirkomulags við skráningar eða leyfisveitingar, magntakmarkana, krafna um sérstök lögákveðin rekstrarform og hlutafjáreign, svæðisbundinna takmarkana, þverfaglegra takmarkana og reglna um ósamrýmanleika, krafna um tryggingavernd, krafna um tungumálakunnáttu, að því marki sem nauðsynlegt er til að starfa innan starfsgreinarinnar, fastsettra lágmarks- og/eða hámarksgjaldskrárkrafna og krafna varðandi auglýsingar.

28) Innleiðing viðbótarkrafna gæti hentað til að ná markmiðum almannahagsmuna. Það eitt að einstaklingsbundin eða samanlögð áhrif þeirra skuli metin þýðir ekki að þessar kröfur séu fljótt á litið óhóflegar. Til dæmis kann kvöð um að undirgangast stöðuga starfsþróun að vera viðeigandi til að tryggja að fagmenn fylgist grannt með þróun á sínu sviði, svo fremi sem það mæli ekki fyrir um óhófleg skilyrði sem hafa mismunun í för með sér fyrir nýja aðila. Á sama hátt kann skylduaðild að fagsamtökum eða sérfræðistofnunum að teljast viðeigandi þar sem ríkið hefur falið þessum fagsamtökum eða sérfræðistofnunum að standa vörð um viðkomandi markmið almannahagsmuna, t.d. að hafa umsjón með lögmætri ástundun starfsgreinarinnar eða að skipuleggja eða hafa umsjón með samfelldri starfsþjálfun. Ef ekki er hægt að tryggja sjálfstæði starfsgreinar með öðrum hætti gætu aðildarríki íhugað að beita verndarráðstöfunum eins og þeim að takmarka hlutafjáreign aðila utan starfsgreinarinnar eða kveða á um að meirihluti atkvæðisréttar sé í höndum aðila sem starfa innan starfsgreinarinnar, svo fremi að slíkar verndarráðstafanir gangi ekki lengra en nauðsynlegt er til að vernda markmið almannahagsmuna. Aðildarríki gætu íhugað að koma á fastsettum lágmarks- og/eða hámarksgjaldskrárkröfum sem þjónustuveitendurnir verða að fara að, einkum að því er varðar þjónustu þar sem þetta telst nauðsynlegt fyrir skilvirka beitingu á meginreglunni um endurgreiðslu kostnaðar, svo fremi sem slík takmörkun telst hófleg og, ef nauðsyn krefur, að kveðið sé á um undanþágur frá lágmarks- og/eða hámarksgjaldskrám. Ef innleiðing viðbótarkrafna er tvítekning á kröfum sem aðildarríki hefur þegar innleitt í tengslum við aðrar reglur eða verklagsreglur geta slíkar kröfur ekki talist hóflegar til að ná því markmiði sem stefnt er að.

29) Samkvæmt II. bálki tilskipunar 2005/36/EB geta aðildarríki ekki lagt á þjónustuveitendur með staðfestu í öðru aðildarríki, sem veita tímabundna og óreglulega sérfræðiþjónustu, kröfur eða takmarkanir sem bannaðar eru í þeirri tilskipun, svo sem starfsleyfi frá, skráningu hjá eða aðild að fagsamtökum eða sérfræðistofnun eða það að hafa fulltrúa á yfirráðasvæði gistiaðildarríkis í þeim tilgangi að hafa aðgang að eða stunda lögverndaða starfsgrein. Aðildarríki geta, ef nauðsyn krefur, krafið þjónustuveitendur sem óska eftir að veita þjónustu tímabundið, um upplýsingar í formi skriflegrar

yfirlýsingar fyrir veitingu fyrstu þjónustunnar og um að endurnýja þessa yfirlýsingu árlega. Til þess að auðvelda veitingu sérfræðiþjónustu er því nauðsynlegt að ítreka, að teknu tilliti til eðlis þjónustu sem veitt er tímabundið eða óreglulega, að kröfur, eins og t.d. um sjálfvirka tímabundna skráningu eða bráðabirgðaaðild að fagsamtökum eða sérfræðistofnunum, um yfirlýsingar og skjöl sem og greiðsla hvers konar þóknunar eða gjalda, ættu að vera hóflegar. Þessar kröfur eiga ekki að vera óhófleg byrði á þjónustuveitandann eða að hindra hann í því að nýta sér frelsi til að veita þjónustu eða gera það síður fýsilegt. Aðildarríki ættu einkum að meta hvort kröfur um að veita tilteknar upplýsingar og skjöl í samræmi við tilskipun 2005/36/EB og möguleikinn á að afla frekari upplýsinga með samvinnu aðildarríkja á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn, séu hóflegar og fullnægjandi til að komast hjá alvarlegri hættu á að þjónustuveitendur sniðgangi gildandi reglur. Þessi tilskipun ætti hins vegar ekki að gilda um ráðstafanir sem ætlað er að tryggja að farið sé að gildandi ráðningarskilmálum og skilyrðum.

30) Líkt og viðurkennd dómaframkvæmd hefur staðfest telst heilbrigði og líf manna fremst í forgangi þeirra hagsmuna sem sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins verndar. Af þeim sökum ættu aðildarríki að taka tilhlýðilegt tillit til þess markmiðs að tryggja öfluga heilsuvernd manna þegar mat er lagt á kröfur til heilbrigðisstarfsgreina, t.d. um einkaréttarbundna starfsemi, lögvernduð starfsheiti, stöðuga starfsþróun eða reglur sem varða skipulag starfsgreinarinnar, siðareglur starfsgreinarinnar og umsjón, en virða á sama tíma lágmarkskröfur um menntun, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2005/36/EB. Aðildarríki ættu einkum að tryggja að lögverndun heilbrigðisstarfsgreina, sem hafa áhrif á lýðheilsu og öryggi sjúklinga, sé hófleg og stuðli að því að tryggja aðgang að heilbrigðisþjónustu, sem sáttmálinn viðurkennir sem grundvallarréttindi, sem og að veita borgurum á yfirráðasvæði sínu örugga og skilvirka þjónustu í háum gæðaflokki. Við það að koma á fót stefnumiðum um heilbrigðisþjónustu skal taka mið af nauðsyn þess að tryggja aðgengi, mikil gæði þjónustu og nægt og öruggt framboð lyfja, í samræmi við lýðheilsuþörf á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis sem og nauðsyn þess að tryggja faglegt sjálfstæði faglærðs heilbrigðisstarfsfólks. Að því er varðar rökstuðning fyrir lögverndun heilbrigðisstarfsgreina ættu aðildarríki að taka tillit til þess markmiðs að tryggja öfluga heilsuvernd manna, þ.m.t. aðgengi borgara að heilbrigðisþjónustu í háum gæðaflokki og nægt og öruggt framboð lyfja, að teknu tilliti til vikmarka ákvörðunarréttar sem um getur í 1. gr. þessarar tilskipunar.

31) Til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins er mjög mikilvægt að aðildarríkin veiti borgurum, hagsmunasamtökum og öðrum viðkomandi hagsmunaaðilum, þ.m.t. aðilum vinnumarkaðarins, upplýsingar áður en þau innleiða nýjar kröfur eða breyta gildandi kröfum sem takmarka aðgengi að lögverndaðri starfsgrein eða iðkun hennar. Aðildarríkin ættu að virkja alla aðila sem hlut eiga að máli og veita þeim tækifæri til að kynna sjónarmið sín. Þar sem það á við ættu aðildarríkin að hafa samráð við almenning í samræmi við málsmeðferð í hverju ríki fyrir sig.

32) Aðildarríki ættu einnig að taka fullt tillit til réttinda borgara til aðgangs að réttarkerfinu, sem tryggð eru með 47. gr. sáttmálans og 1. mgr. 19. gr. sáttmálans um Evrópusambandið (SESB). Þar af leiðir að í samræmi við málsmeðferðarreglur sem mælt er fyrir um í landslögum og stjórnskipulegum meginreglum ættu landsdómstólar að hafa tækifæri til að meta meðalhóf krafna sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar til að tryggja hverjum einstaklingi og lögaðila rétt til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns gagnvart takmörkunum á frelsi til velja sér starfsgrein, á staðfesturétti og á frelsi til að veita þjónustu.

33) Í þeim tilgangi að miðla upplýsingum um bestu starfsvenjur ættu aðildarríkin að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hvetja til þess að fullnægjandi og uppfærðum upplýsingum um lögverndun starfsgreina, sem og um áhrif slíkra lögverndana, sé miðlað til annarra aðildarríkja. Framkvæmdastjórnin ætti að greiða fyrir þeirri miðlun upplýsinga.

34) Til að auka gagnsæi og stuðla að meðalhófsmati, sem byggist á sambærilegum viðmiðunum ættu upplýsingarnar sem aðildarríkin leggja fram, með fyrirvara um 346. gr. SUSE, að vera auðveldlega aðgengilegar í gagnagrunni yfir lögverndaðar starfsgreinar svo önnur aðildarríki og hagsmunaaðilar geti lagt athugasemdir fyrir framkvæmdastjórnina og hlutaðeigandi aðildarríki. Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til þessara athugasemda í yfirlitsskýrslu sinni sem útbúin er í samræmi við tilskipun 2005/36/EB.

35) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins og komast hjá óhóflegum takmörkunum á aðgengi að lögverndaðri starfsgrein eða iðkun hennar, og þessum markmiðum verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Efni**

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um sameiginlegan ramma fyrir framkvæmd meðalhófsmats áður en innleidd eru ný eða breytt er gildandi ákvæðum laga eða stjórnsýslufyrirmæla sem takmarka aðgengi að lögverndaðri starfsgrein eða iðkun hennar í því skyni að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins en tryggja um leið öfluga neytendavernd. Hún hefur ekki áhrif á valdsvið aðildarríkjanna, ef samræming og vikmörk ákvörðunarréttar eru ekki fyrir hendi, til að ákveða hvort og hvernig setja eigi reglur sem varða starfsgrein innan marka meginreglunnar um bann við mismunun og meðalhófsreglunnar.

*2. gr.*

**Gildissvið**

1. Þessi tilskipun gildir um ákvæði laga eða stjórnsýslufyrirmæla sem takmarka aðgengi að lögverndaðri starfsgrein eða beina eða óbeina iðkun hennar, þ.m.t. notkun starfsheita og fagleg starfsemi sem heimiluð er á grundvelli slíks titils, sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2005/36/EB.

2. Ef sértækum kröfum varðandi tiltekna lögverndaða starfsgrein er komið á fót með sérstakri gerð Sambandsins, sem ekki gefur aðildarríkjunum frelsi til að velja nákvæmlega hvernig þær skulu lögleiddar, gilda samsvarandi ákvæði þessarar tilskipunar ekki.

*3. gr.*

**Skilgreiningar**

Að því er varðar þessa tilskipun gilda þær skilgreiningar sem settar voru fram í tilskipun 2005/36/EB.

Að auki er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „lögverndað starfsheiti“: leið til að setja reglur um starfsgrein þar sem notkun á starfsheiti í atvinnustarfsemi eða í flokki atvinnustarfsemi er beint eða óbeint bundin, á grundvelli laga eða stjórnsýslufyrirmæla, skilyrði um sérstaka faglega menntun og hæfi og þar sem óviðeigandi notkun slíks starfsheitis er háð viðurlögum,

b) „einkaréttarbundin starfsemi“: leið til að setja reglur um starfsgrein þar sem aðgengi að atvinnustarfsemi eða flokki atvinnustarfsemi er beint eða óbeint bundið, á grundvelli laga eða stjórnsýslufyrirmæla, við þá sem eru aðilar að lögverndaðri starfsgrein og hafa sérstaka faglega menntun og hæfi, þ.m.t. þar sem starfseminni er deilt með öðrum lögvernduðum starfsgreinum.

*4. gr.*

**Fyrirframmat á nýjum ráðstöfunum og eftirliti**

1. Aðildarríki skulu láta fara fram mat á meðalhófi í samræmi við þær reglur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun áður en þau innleiða ný eða breyta gildandi ákvæðum laga eða stjórnsýslufyrirmæla sem takmarka aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra.

2. Umfang matsins sem um getur í 1. mgr. skal vera í réttu hlutfalli við eðli, innihald og umfang ákvæðisins.

3. Þeim ákvæðum sem um getur í 1. mgr. skal fylgja skýring sem er nægjanlega ítarleg svo unnt sé að leggja mat á hvort farið sé að meðalhófsreglunni.

4. Rökstuðning fyrir því að telja að ákvæði sem um getur í 1. mgr. sé réttlætanlegt og standist meðalhóf skal styrkja með eigindlegum og eftir því sem unnt er og við á, megindlegum þáttum.

5. Aðildarríki skulu tryggja að matið sem um getur í 1. mgr. fari fram með hlutlægum og óháðum hætti.

6. Aðildarríki skulu fylgjast með því hvort ný eða breytt ákvæði laga eða stjórnsýslufyrirmæla sem takmarka aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra séu, eftir samþykkt þeirra, í samræmi við meðalhófsregluna, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þróunar sem hefur átt sér stað frá því viðkomandi ákvæði voru samþykkt.

*5. gr.*

**Bann við mismunun**

Þegar aðildarríki innleiða ný eða breyta gildandi ákvæðum laga eða stjórnsýslufyrirmæla sem takmarka aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra skulu þau tryggja að þau ákvæði feli hvorki í sér beina né óbeina mismunun á grundvelli ríkisfangs eða búsetu.

*6. gr.*

**Rökstuðningur með vísan til markmiða sem varða almannahagsmuni**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að ákvæði laga eða stjórnsýslufyrirmæla sem takmarka aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra, sem þau hyggjast innleiða og breytingarnar sem þau hyggjast gera á gildandi ákvæðum séu rökstudd með vísan til almannahagsmuna.

2. Aðildarríki skulu einkum hafa í huga hvort ákvæðin sem um getur í 1. mgr. séu rökstudd á hlutlægan hátt á grundvelli allsherjarreglu, almannaöryggi eða lýðheilsu eða á grundvelli brýnna ástæðna með tilliti til almannahagsmuna, t.d. varðveisla fjárhagslegs stöðugleika almannatryggingakerfisins, vernd neytenda, viðtakenda þjónustu og launafólks, að tryggja tilhlýðilega réttarvörslu, að tryggja að viðskipti fari heiðarlega fram, að berjast gegn svikum, skattsvikum og skattahagræðingu og tryggja skilvirkni skattaeftirlits, öryggi í flutningum, vernd umhverfisins og þéttbýlisumhverfis, heilbrigði dýra, hugverkaréttur, vernd og varðveisla sögulegs og listræns þjóðararfs, markmið félagsmálastefnu og markmið stefnu í menningarmálum.

3. Ástæður sem eru eingöngu efnahagslegs eðlis eða einskærar stjórnsýsluástæður skulu þó ekki teljast brýnir almannahagsmunir sem réttlæta takmörkun á aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra.

*7. gr.*

**Meðalhóf**

1. Aðildarríki skulu tryggja að ákvæði laga eða stjórnsýslufyrirmæla sem takmarka aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra, sem þau innleiða og breytingar sem þau gera á gildandi ákvæðum séu til þess fallin að ná því markmiði sem stefnt er að og að þau gangi ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði.

2. Í því skyni skulu aðildarríki, áður en þau innleiða ákvæðin sem um getur í 1. mgr., taka tillit til:

a) eðlis áhættunnar sem tengist þeim almannahagsmunum sem stefnt er að, einkum áhættu fyrir þá sem njóta þjónustunnar, þ.m.t. fyrir neytendur, fagmenn eða þriðju aðila,

b) hvort gildandi reglur, sérstakar eða almenns eðlis, eins og t.d. þær sem er að finna í lögum um vöruöryggi eða lögum um neytendavernd, séu ófullnægjandi til að ná því markmiði sem stefnt er að,

c) hentugleika ákvæðisins að því er varðar hvort það sé viðeigandi til að ná því markmiði sem stefnt er að og hvort það raunverulega endurspegli það markmið með samræmdum og kerfisbundnum hætti og takist þannig á við tilgreindar hættur með sambærilegum hætti og gert er í sambærilegri starfsemi,

d) áhrifa af frjálsri för fólks og frjálsri þjónustustarfsemi í Sambandinu á val neytenda og gæði þjónustu sem veitt er,

e) möguleikans á að notast við síður hamlandi leiðir til að ná markmiðum almannahagsmuna; að því er þennan lið varðar, ef ákvæðin eru aðeins rökstudd með vísan til neytendaverndar og ef áhættan sem tilgreind er takmarkast við tengslin milli fagmannsins og neytandans, og hefur því ekki neikvæð áhrif á þriðju aðila, skulu aðildarríki einkum meta hvort þau geti náð markmiði sínu með valkostum sem eru síður hamlandi en einkaréttarbundin starfsemi,

f) áhrifanna af nýjum eða breyttum ákvæðum, þegar þau fara saman við önnur ákvæði sem takmarka aðgengi að starfsgreininni eða iðkun hennar og einkum hvernig nýju eða breyttu ákvæðin, sameinuð öðrum kröfum stuðla að, og hvort þau séu nauðsynleg til að ná, sömu markmiðum almannahagsmuna.

Aðildarríki skulu einnig taka tillit til eftirfarandi þátta ef það á við m.t.t. eðlis og innihalds ákvæðisins sem er verið að innleiða eða breyta:

a) sambandsins milli umfangs þeirrar starfsemi sem fellur undir tiltekna starfsgrein eða er bundin við hana og þeirrar faglegu menntunar og hæfis sem krafist er,

b) sambandsins milli þess hversu flókin viðkomandi verkefni eru og nauðsynjar þess að þeir sem sinna þeim verkefnum búi yfir sérstakri faglegri menntun og hæfi, einkum að því er varðar stig, eðli og lengd þjálfunar eða reynslu sem krafist er,

c) möguleikans á öflunar faglegrar menntunar og hæfis með öðrum leiðum,

d) hvort og hvers vegna megi eða megi ekki deila starfsemi, sem bundin er tilteknum starfsgreinum, með öðrum starfsgreinum,

e) hversu mikla sjálfstjórn lögvernduð starfsgrein hefur og áhrifa af skipulags- og eftirlitsráðstöfunum á að það markmið sem stefnt er að náist, einkum þar sem starfsemi sem tengist lögverndaðri starfsgrein er fylgt eftir undir stjórn og á ábyrgð fagmanns sem býr yfir viðeigandi menntun og hæfi,

f) vísinda- og tækniþróunar sem kann að draga úr eða auka ósamræmi í upplýsingum milli fagmanna og neytenda með markverðum hætti.

3. Að því er varðar f-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. skulu aðildarríki meta áhrif nýrra eða breyttra ákvæða þegar þau fara saman við eina eða fleiri kröfur, með það í huga að slík áhrif kunna að vera jákvæð sem og neikvæð, og einkum af eftirfarandi:

a) einkaréttarbundinni starfsemi, lögvernduðu starfsheiti eða annars konar reglugerðarformi í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/36/EB,

b) kvöðum um að undirgangast stöðuga starfsþróun,

c) reglum sem tengjast skipulagi starfsgreinarinnar, siðareglum hennar og eftirliti,

d) skylduaðild að fagsamtökum eða sérfræðistofnunum, fyrirkomulagi við skráningar eða leyfisveitingar, einkum þar sem þessar kröfur ganga út frá skilyrðum um sérstaka faglega menntun og hæfi,

e) magntakmörkunum, einkum kröfum sem takmarka fjölda leyfa til að starfa við starfsgreinina eða kröfum um lágmarks- eða hámarksfjölda starfsmanna, stjórnenda eða fulltrúa sem hafa sérstaka faglega menntun og hæfi,

f) kröfum um sérstök lögákveðin rekstrarform eða kröfur sem tengjast hlutafjáreign eða stjórn félags, að því marki sem þær kröfur tengjast beint starfsemi lögvernduðu starfsgreinarinnar,

g) svæðisbundnum takmörkunum, þ.m.t. þar sem starfsgreinin er lögvernduð innan hluta yfirráðasvæðis aðildarríkis með hætti sem er frábrugðinn því hvernig hún er lögvernduð innan annarra hluta þess,

h) kröfum sem takmarka að stunda megi lögverndaða starfsemi í sameiningu eða í samstarfi við aðra, sem og reglur um ósamrýmanleika,

i) kröfum sem varða vátryggingavernd eða aðra persónulega eða sameiginlega vernd fyrir starfsmenn með tilliti til starfsábyrgðar,

j) kröfum um tungumálakunnáttu, að því marki sem nauðsynlegt er til að starfa innan starfsgreinarinnar,

k) kröfum um fastsettar lágmarks- og/eða hámarksgjaldskrár,

l) kröfum varðandi auglýsingar.

4. Áður en aðildarríki innleiða ný eða breyta gildandi ákvæðum skulu þau að auki tryggja að þau ákvæði samræmist meginreglunni um meðalhóf fyrir sérstakar kröfur sem tengjast tímabundinni eða óreglulegri þjónustustarfsemi, sem kveðið er á um í II. bálki tilskipunar 2005/36/EB, þ.m.t.:

a) sjálfvirka tímabundna skráningu eða bráðabirgðaaðild að fagsamtökum eða sérfræðistofnun, sem um getur í a-lið fyrstu málsgreinar 6. gr. tilskipunar 2005/36/EB,

b) fyrir fram veitta yfirlýsingu skv. 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2005/36/EB, skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. þeirrar greinar eða aðrar sambærilegar kröfur,

c) greiðslu þóknunar eða gjalda sem krafist er vegna stjórnsýslumeðferðar, sem tengist aðgengi að lögverndaðri starfsgrein eða iðkun hennar, sem þjónustuveitandinn stofnar til.

Þessi málsgrein skal ekki gilda um ráðstafanir sem ætlað er að tryggja að farið sé að gildandi ráðningarskilmálum og skilyrðum sem aðildarríki koma til framkvæmda í samræmi við lög Sambandsins.

5. Þar sem ákvæði sem um getur í þessari grein varða lögverndun heilbrigðisstarfsgreina og hafa áhrif á öryggi sjúklinga skulu aðildarríki taka tillit til markmiðsins um að tryggja öfluga heilsuvernd manna.

*8. gr.*

**Upplýsingar til hagsmunaaðila og þátttaka þeirra**

1. Aðildarríki skulu með viðeigandi hætti koma upplýsingum á framfæri til borgara, þeirra sem nýta þjónustuna og annarra viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. til þeirra sem ekki tilheyra viðkomandi starfsgrein, áður en þau innleiða ný eða breyta gildandi ákvæðum laga eða stjórnsýslufyrirmæla sem takmarka aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra.

2. Aðildarríki skulu, með fullnægjandi hætti, virkja alla aðila sem hlut eiga að máli og veita þeim tækifæri til að kynna sjónarmið sín. Þar sem það á við skulu aðildarríkin að hafa samráð við almenning í samræmi við málsmeðferð í hverju ríki fyrir sig.

*9. gr.*

**Raunhæf úrræði til að leita réttar síns**

Aðildarríkin skulu tryggja að raunhæft úrræði til að leita réttar síns sé fyrir hendi að því er varðar málefni sem þessi tilskipun tekur til, í samræmi við málsmeðferðarreglur sem mælt er fyrir um í landslögum.

*10. gr.*

**Upplýsingaskipti milli aðildarríkja**

1. Með tilliti til skilvirkrar beitingar þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hvetja til upplýsingaskipta meðal aðildarríkjanna um málefni sem þessi tilskipun tekur til og um nákvæmlega hvernig þau lögvernda starfsgrein eða um áhrif slíkrar lögverndunar. Framkvæmdastjórnin skal auðvelda slík upplýsingaskipti.

2. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau opinberu yfirvöld sem bera ábyrgð á að senda og taka við upplýsingum við beitingu 1. málsgreinar.

*11. gr.*

**Gagnsæi**

1. Aðildarríkin skulu skrá í gagnagrunn yfir lögverndaðar starfsgreinar, sem um getur í 1. mgr. 59. gr. tilskipunar 2005/36/EB, rökstuðning fyrir því að ákvæði sem metin eru í samræmi við þessa tilskipun séu rökstudd sem réttlætanleg og að meðalhófs sé gætt og skal það, ásamt ákvæðunum, tilkynnt framkvæmdastjórninni skv. 5. mgr. 59. gr. tilskipunar 2005/36/EB sem skal framkvæmdastjórnin gera slíka skráningu öllum aðgengilega.

2. Aðildarríkjunum og öðrum hagsmunaaðilum er heimilt að leggja athugasemdir fyrir framkvæmdastjórnina eða fyrir aðildarríkið sem tilkynnti um ákvæðin og rökstuðninginn fyrir því að þau séu réttlætanleg og standist meðalhóf. Framkvæmdastjórnin skal taka tilhlýðilegt tillit til þessara athugasemda í yfirlitsskýrslu sinni sem útbúin er í samræmi við 8. mgr. 59. gr. tilskipunar 2005/36/EB.

*12. gr.*

**Endurskoðun**

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 18. janúar 2024 og síðan á fimm ára fresti, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd og nothæfi þessarar reglugerðar, þ.m.t. m.a. gildissvið hennar og árangur.

2. Skýrslunni, sem um getur í 1. mgr., skulu fylgja tillögur um viðeigandi lagabreytingar, eftir því sem við á.

*13. gr.*

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að hlíta þessari tilskipun eigi síðar en 30. júlí 2020. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*14. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*15. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 28. júní 2018.

| | |
|---|---|
| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
| A. TAJANI | L. PAVLOVA |
| *forseti.* | *forseti* |

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1263** **2021/EES/71/32**

**frá 20. september 2018**

**um eyðublöð fyrir veitendur bögglaútburðarþjónustu til að leggja fram upplýsingar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/644** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/644 frá 18. apríl 2018 um bögglaútburðarþjónustu yfir landamæri ([1]), einkum 4. mgr. 4. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Í reglugerð (ESB) 2018/644 er mælt fyrir um sértæk ákvæði til að stuðla að bættri bögglaútburðarþjónustu yfir landamæri til viðbótar við ákvæðin sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB ([2]). Þessi ákvæði varða einkum lögboðið eftirlit í tengslum við bögglaútburðarþjónustu og gagnsæi gjaldskráa fyrir tiltekna bögglaútburðarþjónustu yfir landamæri.

2) Með reglugerð (ESB) 2018/644 er þess krafist að veitendur bögglaútburðarþjónustu leggi fyrir eftirlitsyfirvaldið, í því aðildarríki þar sem þeir hafa staðfestu, upplýsingar um sig sjálfa með því að nota eyðublað sem framkvæmdastjórnin gefur út.

3) Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/644 er þess krafist að veitendur bögglaútburðarþjónustu leggi aðeins einu sinni fram upplýsingar um sig sjálfa og að þeir tilkynni eftirlitsyfirvaldinu í hverju aðildarríki fyrir sig um hvers konar breytingar á þeim upplýsingum innan 30 daga. Í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/644 er þess krafist að ár hvert séu lagðar fram upplýsingar um starfsemi veitanda bögglaútburðarþjónustu. Því er viðeigandi að gefa út tvö mismunandi eyðublöð til að leggja fram þessar upplýsingar.

4) Til þess að koma í veg fyrir tvítalningu bögglа ættu veitendur bögglaútburðarþjónustu, þegar þeir veita upplýsingar um fjölda bögglа og veltu í tengslum við bögglа sem hafa verið meðhöndlaðir á næstliðnu almanaksári, tilgreina hvort samið hafi verið um bögglaútburðarþjónustuna við sendandann eða hvort þjónustan hafi verið veitt fyrir hönd annars veitanda bögglaútburðarþjónustu. Afhendingin ætti einnig að fela í sér upplýsingar um hvort bögglarnir séu sendir til eða mótteknir frá ákvörðunarstöðum innan eða utan Sambandsins þar sem þetta mun hafa áhrif á þau þrep póstútburðarkeðjunnar sem sá veitandi annast.

5) Að því gefnu að eftirlitsyfirvald í hverju aðildarríki fyrir sig eigi að annast vinnslu á umbeðnum upplýsingum og í ljósi sérfræðiþekkingar þessara yfirvalda hafa eyðublöðin verið samin í náinni samvinnu við evrópskan hóp eftirlitsaðila með póstþjónustu.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 21. gr. tilskipunar 97/67/EB,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Eyðublöðin, til að leggja fram upplýsingarnar sem um getur í 1. og 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/644, eru sett fram í I. og II. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 238, 21.9.2018, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 246/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 112, 2.5.2018, bls. 19.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar Bandalagsins á sviði póstþjónustu og umbætur á þeirri þjónustu (Stjtíð. EB L 15, 21.1.1998, bls. 14).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. september 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

*I. viðauki*

| **Eyðublað til að leggja fram upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/644** (1) | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tafla 1. Upplýsingar um veitanda bögglaútburðarþjónustu** | | | | | | |
| **Heiti** | | | | | | |
| **Réttarstaða og -form** | | | | | | |
| **Skráningarnúmer í fyrirtækjaskrá eða svipaðri skrá** | | | | | | |
| **Virðisaukaskattsnúmer** | | | | | | |
| **Heimilisfang fyrirtækis** | | | | | | |
| **Ef við á, heiti hóps eða sérleyfiskerfi veitenda bögglaútburðarþjónustu sem veitandi bögglaútburðarþjónustu tilheyrir.** | | | | | | |
| **Dagur sem upplýsingar eru lagðar fram** | | | | | | |
| **Tafla 2. Samskiptaupplýsingar tengiliðar** | | | | | | |
| **Eiginnafn og kenninafn** | | | | | | |
| **Starfsheiti** | | | | | | |
| **Tölvupóstfang** | | | | | | |
| **Símanúmer** | | | | | | |
| **Tafla 3. Tegund þeirrar bögglaútburðarþjónustu sem veitt er** (2)**.** | | | | | | |
| **Þrep í póstburðarkeðjunni** | | | | | | |
| **Tollaf-greiðsla** | **Flokkun** | **Flutningar** | **Dreifing** | **Innan gildissviðs almennrar þjónustukvaðar (USO)** (3) | **Utan gildissviðs almennrar þjónustukvaðar** | **Skýringar/ athugasemdir** |
| | | | | | | |
| **Tafla 4. Nákvæm lýsing á þeirri bögglaútburðarþjónustu sem veitt er** (4)**.** | | | | | | |
| | | | | | | |
| **Tafla 5. Almennir skilmálar og skilyrði fyrir bögglaútburðarþjónustu** (5)**.** | | | | | | |
| | | | | | | |
| **Tengill (tenglar):** | | | | | | |
| | | | | | | |

(1) Í samræmi við 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/644 er eftirlitsyfirvöldum í hverju aðildarríki fyrir sig heimilt að setja fram kröfur um upplýsingar til viðbótar við kröfurnar sem um getur í 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar. Krafan um að leggja fram upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/644, fellur undir 6. og 7. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

(2) Haka skal í reitina sem svara til þeirrar þjónustu sem veitt er. Ekki skal haka í reitinn ef undirverktaki veitir þjónustuna.

(3) Alþjónustuskylda.

(4) Veita skal þessar upplýsingar, ef mögulegt er, og tilgreina hvort virðisauki sé veittur.

(5) Láta skal afrit af viðeigandi skjölum fylgja með sem viðauka við þetta eyðublað. Einnig skal veita nánari upplýsingar um meðferð kærumála fyrir notendur og allar mögulegar takmarkanir á bótaábyrgð. Ef viðeigandi skjöl eru aðgengileg á netinu skal tilgreina tengilinn (tenglana).

*II. VIÐAUKI*

| **Eyðublað til að leggja fram upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/644** (1) | |
|---|---|
| **Heiti veitanda bögglaútburðarþjónustu** | |
| **Skráningarnúmer í fyrirtækjaskrá eða svipaðri skrá** | |
| **Dagur sem upplýsingar eru lagðar fram** (2) | |
| **Nafn tengiliðar** | |
| **Árið sem upplýsingar eru lagðar fram** | |

**Tafla 1. Fjöldi** (3) **böggla sem voru meðhöndlaðir á næstliðnu almanaksári og ársvelta í bögglaútburðarþjónustu fyrir næstliðið almanaksár** (4) **í aðildarríkinu þar sem veitandi bögglaútburðarþjónustu hefur staðfestu** (5)**.**

**Tafla 1.1. Bögglaútburðarþjónusta í hverju aðildarríki**

| | **Eining** | **Samið við sendanda** | **Meðhöndlun fyrir hönd annars veitanda** | **Athugasemdir** |
|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi böggla** (6) | | | | |
| **Velta í bögglaútburðarþjónustu** (7) | | | | |

**Tafla 1.2. Innsendir bögglar útburðarþjónustu yfir landamæri (innan og utan Sambandsins/Evrópska efnahagssvæðisins (EES))**

| | **Eining** | **Samið við sendanda** | **Meðhöndlun fyrir hönd annars veitanda** | **Athugasemdir** |
|---|---|---|---|---|
| **Heildarfjöldi innsendra böggla** (1) | | | | |
| **þar af fjöldi innsendra böggla frá svæðum <u>INNAN</u> Sambandsins/EES** (1) | | | | |
| **þar af fjöldi innsendra böggla frá svæðum <u>UTAN</u> Sambandsins/EES** (1) | | | | |
| **Velta í útburðarþjónustu innsendra böggla** (2) | | | | |
| **þar af velta í útburðarþjónustu innsendra böggla frá svæðum <u>INNAN</u> Sambandsins/EES** (2) | | | | |
| **þar af velta í útburðarþjónustu innsendra böggla frá svæðum <u>UTAN</u> Sambandsins/EES** (2) | | | | |

**Tafla 1.3. Útsendir bögglar útburðarþjónustu yfir landamæri (innan og utan Sambandsins/EES)**

| | **Eining** | **Samið við sendanda** | **Meðhöndlun fyrir hönd annars veitanda** | **Athugasemdir** |
|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi böggla** (1) | | | | |
| **þar af fjöldi útsendra böggla til svæða <u>INNAN</u> Sambandsins/EES** (1) | | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **þar af fjöldi útsendra böggla til svæða UTAN Sambandsins/EES** (1) | | | | |
| **Heildarvelta í útburðarþjónustu útsendra böggla** (2) | | | | |
| **þar af velta í útburðarþjónustu útsendra böggla til svæða INNAN Sambandsins/ EES** (2) | | | | |
| **þar af velta í útburðarþjónustu útsendra böggla til svæða UTAN Sambandsins/ EES** (2) | | | | |

**Tafla 2. Fjöldi einstaklinga sem störfuðu hjá veitanda bögglaútburðarþjónustu á næstliðnu almanaksári og tóku þátt í veitingu bögglaútburðarþjónustu í því aðildarríki þar sem veitandinn hefur staðfestu.**

| | **30/06/20XX** | **31/12/20XX** | **Athugasemdir** |
|---|---|---|---|
| Fullt starf | | | |
| Hlutastarf | | | |
| Tímabundið starf Starfsmenn | | | |
| Sjálfstætt starfandi einstaklingur | | | |
| **SAMTALS** | | | |

**Tafla 3. Upplýsingar varðandi tegund bögglaútburðarþjónustu sem undirverktakar hjá veitendum bögglaútburðarþjónustu veita** (8)

| | **Heiti undirverktaka** | **Tollafgreiðsla** | **Flokkun** | **Flutningar** | **Dreifing** | **Athugasemdir** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Heildarfjöldi undirverktaka** (9) | | | | | | |
| **Undirverktaki 1** (10) | | | | | | |
| **Undirverktaki 2** (5) | | | | | | |
| **Undirverktaki 3** (5) | | | | | | |
| **Undirverktaki 4** (5) | | | | | | |
| **Undirverktaki 5** (5) | | | | | | |

| **Tafla 4. Heiti undirverktaka hjá veitendum bögglaútburðarþjónustu** ([11]) | | |
|---|---|---|
| **Númeraröð undirverktaka** | **Heiti undirverktaka** | **Athugasemdir** |
| **(…)** ([12]) | **(…)** | |
| | | |
| | | |
| **Tafla 5. Allar verðskrár sem eru aðgengilegar almenningi og gilda 1. janúar hvert almanaksár um bögglaútburðarþjónustu** ([13]) | | |
| **Skrá fylgir með sem viðauki ....**<br><br>**Tengill (tenglar):** | | |

([1]) Í samræmi við 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/644 er eftirlitsyfirvöldum í hverju aðildarríki fyrir sig heimilt að setja fram kröfur um upplýsingar til viðbótar við kröfurnar sem um getur í 3. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar. Krafan um að leggja fram upplýsingarnar, sem um getur í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/644, fellur undir 6. og 7. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

([2]) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. á að leggja fram eyðublaðið eigi síðar en 30. júní hvert almanaksár.

([3]) Telja skal með sendingar á formi staðlaðra böggla og vörusendinga sem eru meðhöndluð í póstútburðarkeðjunni sem bréfapóstur.

([4]) Ef upplýsingarnar, sem eru veittar, eru byggðar á mati skal lýsa á hvaða grunni þær byggjast.

([5]) Veita skal upplýsingar um raunverulega bögglaútburðarþjónustu sem fyrirtæki veitti í aðildarríki á næstliðnu ár (sem um getur hér að framan sem „árið sem upplýsingarnar eru lagðar fram“).

([6]) Tilgreina skal fjöldann í þúsundum (1 000).

([7]) Tilgreina skal fjárhæðina í þúsundum í gjaldmiðli hvers aðildarríkis, að virðisaukaskatti undanskildum.

([8]) Meta skal áætlaðan fjölda undirverktaka sem veita hvers konar þjónustu innan póstburðarkeðjunnar.

([9]) Tilgreina skal fjölda undirverktaka sem eru hluti af hverju viðeigandi þrepi (samanlagður fjöldi gæti farið yfir heildarfjölda undirverktaka þar sem sumir undirverktakanna kunna að veita þjónustu á ýmsum þrepum).

([10]) Tilgreina skal heiti fimm stærstu undirverktakanna og hvaða þrep útburðarkeðjunnar þeir annast.

([11]) Veita skal upplýsingar um undirverktaka á næstliðnu almanaksári.

([12]) Veita skal upplýsingar annaðhvort millilíðalaust í töflunni eða skjal skal fylgja þessu eyðublaði með skrá yfir undirverktakana.

([13]) Skráin skal fylgja með þessu eyðublaði og, ef skráin er tiltæk á netinu, skal tilgreina tengilinn (tenglana).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/349** **2021/EES/71/33**

**frá 2. mars 2020**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1916 að því er varðar notkunarskilyrði tiltekinna svæða í eða milli borga** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í Bandalaginu ([1]), einkum 4. mgr. 8. gr. b,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Í kjölfar samþykktar framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1916 ([2]) hefur komið í ljós, að því er varðar notkunarskilyrði tiltekinna svæða í eða milli borga, að skilmálar hennar voru ekki í samræmi við 3. mgr. 8. gr. b tilskipunar 96/53/EB.

2) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1916 til samræmis við það.

3) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi sem fyrst eða daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 2. mgr. 10. gr. i tilskipunar 96/53/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1916**

Í stað 1. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkjum er heimilt að banna notkun ökutækja eða samtengdra ökutækja, sem eru með búnað í notkunarstöðu, að teknu tilliti til sérstakra einkenna svæða í eða milli borga, þar sem hámarkshraðinn er 50 km/klst. eða minni og þar sem líklegt er að óvarðir vegfarendur séu á ferli.“

*2. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 63, 3.3.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 249/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 235, 17.9.1996, bls. 59.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1916 frá 15. nóvember 2019 um ítarleg ákvæði varðandi búnað á afturhluta ökutækja sem dregur úr loftnúningsviðnámi samkvæmt tilskipun ráðsins 96/53/EB (Stjtíð. ESB L 297, 18.11.2019, bls. 3).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. mars 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/699** **2021/EES/71/34**

**frá 21. desember 2020**

**um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi, um framleiðslu á hlutum sem nota á við viðhald og um að taka tillit til þátta sem tengjast öldrun loftfara við vottun** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 1. mgr. 19. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ([2]) er mælt fyrir um kröfur um þróun og tiltækileika leiðbeininga um áframhaldandi lofthæfi, um framleiðslu á hlutum og búnaði sem ætlaðir eru til ísetningar í almenningsloftför, um að handhafar hönnunarsamþykkis taki saman gögn, málsmeðferðarreglur, leiðbeiningar og handbækur sem nauðsynleg eru til að tryggja áframhaldandi lofthæfi almenningsloftfars sem og um samþykki fyrir breytingum og viðgerðum á tegundavottorðum og takmörkuðum tegundarvottorðum.

2) Handhöfum hönnunarsamþykkis ber að þróa leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi sem hluta af vottun framleiðsluvöru eða hluta sem ættu að tryggja, ef þær eru rétt framkvæmdar, að framleiðsluvaran eða hlutinn haldi lofthæfi sínu á fyrirhuguðum endingartíma sínum. Þar sem gildandi reglur eru ekki nógu skýrar gætu handhafar tegundarvottorða túlkað á ólíkan hátt hvað átt er við með heildstæðum leiðbeiningum um áframhaldandi lofthæfi og að hvaða marki þeim beri að hafa eftirlit með gögnum sem innihalda leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi.

3) Því er nauðsynlegt að setja fram skilgreiningu á hugtakinu „leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi“ og fella þessar leiðbeiningar undir tegundarvottorðið til að efla eftirlit handhafa hönnunarsamþykkis með þessum leiðbeiningum, þ.m.t. með breytingum á þeim.

4) Kröfur varðandi skráahald, handbækur og leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi er að finna í mismunandi köflum I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, sem leiðir til tvítekningar á svipuðum kröfum. Því ætti að sameina þessar kröfur í eina kröfu fyrir hvert þessara viðfangsefna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 145, 28.4.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

5) Hluti eða búnaður er einungis hæfur til ísetningar í tegundarvottaða framleiðsluvöru þegar hann er í öruggu rekstrarástandi og EASA-eyðublað nr. 1 hefur verið gefið út til að votta að hlutinn eða búnaðurinn hafi verið framleiddur í samræmi við samþykkt hönnunargögn, nema um sé að ræða staðlaðan hluta eða hlutinn uppfylli tilteknar kröfur og hefur verið settur í ELA 1- eða ELA 2-loftfar.

6) EASA-eyðublað nr. 1 má einungis gefið út af framleiðslufyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við G-kafla I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða sem sýnir fram á að hlutar og búnaður samrýmist viðeigandi hönnunargögnum í samræmi við verklagsreglurnar sem komið er á fót í F-kafla I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012. Í síðara tilvikinu verður lögbært yfirvald einnig að fullgilda EASA-eyðublað nr. 1, sem framleiðslufyrirtækið hefur gefið út. Hvað varðar hluta og búnað sem hafa óveruleg áhrif á öryggi starfrækslunnar ef þau samrýmast ekki hönnunargögnunum, veita strangar framleiðslukröfur, samkvæmt vottun með EASA-eyðublaði nr. 1, ekki aukið öryggi fyrir flugrekstur og útgáfa EASA-eyðublaðs nr. 1 hefur óþarfa stjórnsýsluálag í för með sér.

7) Því ætti að vera heimilt að framleiða tiltekna hluta og búnað án þess að þurfa að votta að þeir samrýmist samþykktum hönnunargögnum með því að gefa út EASA-eyðublað nr. 1, sem og að heimila ísetningu slíkra hluta og búnaðar í tegundarvottaðar framleiðsluvörur.

8) Líta má svo á að öldrunarþættir byrji að hafa áhrif frá þeirri stundu sem loftfarið var framleitt. Öldrunarhraði loftfars byggist á þáttum svo sem aldri, fjölda notkunarskipta í flugi og fjölda flugtíma. Reynsla af notkun hefur sýnt að nauðsynlegt er að uppfæra stöðugt þekkingu um heilleika burðarvirkis eldra loftfars. Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1159 ([3]) eru innleiddar nýjar kröfur fyrir loftför í notkun í því skyni að uppfæra þekkingu varðandi öldrunarþætti á grundvelli reynslu af starfrækslu í rauntíma og notkun nútímatækja fyrir greiningar og prófanir. Þessar kröfur ættu að tryggja að handhafar hönnunarsamþykkis fylgi málsmeðferðarreglum, taki saman gögn og geri leiðbeiningar og handbækur varðandi fyrirliggjandi hönnun tiltækar flugrekendum svo þeir geti hrint þeim í framkvæmd með tímanlegum hætti til að koma í veg fyrir öldrunartengda bilun í burðarvirki.

9) Þegar burðarvirki stórrar flugvélar með tegundarvottorð er breytt og ákvæði framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1159 hafa verið uppfyllt fellur samþykki fyrir slíkum breytingum eða viðgerðum í framtíðinni ekki undir þessar kröfur um áframhaldandi heilleika burðarvirkis. Þegar sótt er um nýtt tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð fyrir stórar flugvélar er enn fremur engin krafa um að tryggja að áætlunin um áframhaldandi heilleika burðarvirkis haldi gildi sínu allan endingartíma flugvélarinnar.

10) Því er nauðsynlegt að breyta gildandi reglum til að ná sama öryggisstigi í tengslum við breytingar eða viðgerðir á burðarvirki stórra flugvéla í framtíðinni, sem eru þróaðar og samþykktar í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, og að bæta við kröfu um að allir framtíðarhandhafar tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél tryggi að áætlunin um áframhaldandi heilleika burðarvirkis haldi gildi sínu allan endingartíma flugvélarinnar.

11) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383 ([4]) var enn fremur innleidd regla um að sá aðili eða fyrirtæki sem framkvæmir staðfestingu á lofthæfi loftfara, sem falla undir kröfurnar sem settar eru fram í V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 ([5]), gefi einnig út lofthæfistaðfestingarvottorðið (ARC). Því ætti að breyta liðum 21.A.174 og 21.B.325 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 til að laga þá að kröfunum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1159 frá 5. ágúst 2020 um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1321/2014 og (ESB) nr. 2015/640 að því er varðar innleiðingu nýrra viðbótarlofthæfikrafna (Stjtíð. ESB L 257, 6.8.2020, bls. 14).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383 frá 8. júlí 2019 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og tilslakanir fyrir loftför í almannaflugi að því er varðar viðhald og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (Stjtíð. ESB L 228, 4.9.2019, bls. 1).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

12) Enn fremur er hugtakið „áframhaldandi lofthæfi“ ekki notað með samræmdum hætti í reglugerð nr. 748/2012 þegar vísað er til gagnanna sem handhafi hönnunarsamþykkis leggur fram. Því er nauðsynlegt að breyta liðum 21.A.181, 21.A.211 og 21.A.431B í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

13) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/897 ([6]) var liðum 21.A.15, 21.A.93 og 21.A.432C í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 breytt. Í b- og d-lið 21.A.15, í b-lið 21.A.93 og í b-lið 21.A.432C má finna málfræðivillu í tengslum við tilvísun í möguleikann á að bæta vottunaráætluninni síðar við upphaflegu umsóknina. Því ætti að leiðrétta reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

14) Til að tryggja rétta framkvæmd þessarar reglugerðar ættu aðildarríkin og hagsmunaaðilar sem verða fyrir áhrifum að fá nægan tíma til að aðlaga verklagsreglur sínar að nýja reglurammanum áður en þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit 12/2016 ([7]) og 07/2019 ([8]) sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins lagði fram skv. 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Fyrirtæki, sem ber ábyrgð á framleiðslu framleiðsluvara, hluta og búnaðar, skal sýna fram á getu sína í samræmi við ákvæði I. viðauka (21. hluta). Ekki er krafist þess að sýnt sé fram á getu m.t.t. hluta eða búnaðar sem fyrirtæki framleiðir og sem, í samræmi við ákvæði I. viðauka (21. hluta), er hæfur til ísetningar í tegundarvottaða framleiðsluvöru, án þess að opinbert viðhaldsvottorð fylgi (þ.e.a.s. EASA-eyðublað nr. 1).“

2) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Ákvæði I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eru leiðrétt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda 18. maí 2022, að undanskilinni 2. gr. og 4., 6., 9. og 15. lið í I. viðauka, sem koma til framkvæmda 18. maí 2021.

([6]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/897 frá 12. mars 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar að fella inn í I. viðauka áhættumiðaða sannprófun á því að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar og framkvæma kröfur um umhverfisvernd (Stjtíð. ESB L 144, 3.6.2019, bls. 1).

([7]) Álit 12/2016: Burðarvirki eldri loftfara (*Ageing aircraft structures*).

([8]) Álit 07/2019: Leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi – Ísetning hluta og búnaðar sem eru afhentir eftir viðhald án EASA-eyðublaðs nr. 1 eða sambærilegs eyðublaðs (*Instructions for continued airworthiness – Installation of parts and appliances that are released without an EASA Form 1 or equivalent*).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. desember 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*I. VIÐAUKI*

Ákvæðum I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað efnisyfirlitsins kemur eftirfarandi:

„Efnisyfirlit

21.1 Almenn ákvæði

**A-ÞÁTTUR — TÆKNILEGAR KRÖFUR**

A-KAFLI – ALMENN ÁKVÆÐI

21.A.1 Gildissvið

21.A.2 Verk, unnin af öðrum en umsækjanda um vottorð eða handhafa vottorðs

21.A.3A Bilanir, ólag og gallar

21.A.3B Lofthæfifyrirmæli

21.A.4 Samræming hönnunar og framleiðslu

21.A.5 Skráahald

21.A.6 Handbækur

21.A.7 Leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi

B-KAFLI — TEGUNDARVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ TEGUNDARVOTTORÐ

21.A.11 Gildissvið

21.A.13 Gjaldgengi

21.A.14 Sýnt fram á getu

21.A.15 Umsókn

21.A.19 Breytingar sem útheimta nýtt tegundarvottorð

21.A.20 Sýnt fram á að kröfur tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd hafi verið uppfylltar

21.A.21 Kröfur um útgáfu tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs

21.A.31 Tegundarhönnun

21.A.33 Skoðanir og prófanir

21.A.35 Flugprófun

21.A.41 Tegundarvottorð

21.A.44 Skyldur handhafa

21.A.47 Framsalshæfi

21.A.51 Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.62 Tiltækileiki gagna um örugga starfrækslu

21.A.65 Áframhaldandi heilleiki burðarvirkis fyrir burðarvirki flugvéla

(C-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

D-KAFLI — BREYTINGAR Á TEGUNDARVOTTORÐUM OG TAKMÖRKUÐUM TEGUNDARVOTTORÐUM

21.A.90A Gildissvið

21.A.90B Staðlaðar breytingar

21.A.90C Sjálfstæðar breytingar á leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi

21.A.91 Flokkun breytinga á tegundarvottorði

21.A.92 Gjaldgengi

21.A.93 Umsókn

21.A.95 Kröfur um samþykki fyrir minni háttar breytingu

21.A.97 Kröfur um samþykki fyrir meiri háttar breytingu

21.A.101 Tegundarvottunargrunnur, vottunargrunnur gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði

21.A.108 Tiltækileiki gagna um örugga starfrækslu

21.A.109 Skyldur og EPA-merking

E-KAFLI — VIÐBÓTARTEGUNDARVOTTORÐ

21.A.111 Gildissvið

21.A.112A Gjaldgengi

21.A.112B Sýnt fram á getu

21.A.113 Umsókn um viðbótartegundarvottorð

21.A.115 Kröfur um samþykki fyrir meiri háttar breytingum í formi viðbótartegundarvottorðs

21.A.116 Framsalshæfi

21.A.117 Breytingar á þeim hluta framleiðsluvöru sem viðbótartegundarvottorð nær til

21.A.118A Skyldur og EPA-merking

21.A.118B Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.120B Tiltækileiki gagna um örugga starfrækslu

F-KAFLI — FRAMLEIÐSLA ÁN SAMÞYKKIS FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21.A.121 Gildissvið

21.A.122 Gjaldgengi

21.A.124 Umsókn

21.A.125A Útgáfa staðfestingar á samkomulagi

21.A.125B Frávik

21.A.125C Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.126 Framleiðslueftirlitskerfi

21.A.127 Prófanir: loftför

21.A.128 Prófanir: hreyflar og loftskrúfur

21.A.129 Skyldur framleiðanda

21.A.130 Samræmisyfirlýsing

G-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21.A.131 Gildissvið

21.A.133 Gjaldgengi

21.A.134 Umsókn

21.A.135 Útgáfa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki

21.A.139 Gæðakerfi

21.A.143 Starfsemislýsing

21.A.145 Skilyrði fyrir samþykki

21.A.147 Breytingar á samþykktu framleiðslufyrirtæki

21.A.148 Breytingar á staðsetningu

21.A.149 Framsalshæfi

21.A.151 Skilmálar samþykkis

21.A.153 Breytingar á skilmálum samþykkis

21.A.157 Rannsóknir

21.A.158 Frávik

21.A.159 Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.163 Réttindi

21.A.165 Skyldur handhafa

H-KAFLI — LOFTHÆFIVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ LOFTHÆFIVOTTORÐ

21.A.171 Gildissvið

21.A.172 Gjaldgengi

21.A.173 Flokkun

21.A.174 Umsókn

21.A.175 Tungumál

21.A.177 Lagfæring eða breyting

21.A.179 Framsalshæfi og endurútgáfa innan aðildarríkja

21.A.180 Skoðanir

21.A.181 Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.182 Auðkenning loftfara

I-KAFLI — HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ

21.A.201 Gildissvið

21.A.203 Gjaldgengi

21.A.204 Umsókn

21.A.207 Lagfæring eða breyting

21.A.209 Framsalshæfi og endurútgáfa innan aðildarríkja

21.A.210 Skoðanir

21.A.211 Gildistími og áframhaldandi gildi

J-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR HÖNNUNARFYRIRTÆKI

21.A.231 Gildissvið

21.A.233 Gjaldgengi

21.A.234 Umsókn

21.A.235 Útgáfa samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki

21.A.239 Hönnunartryggingarkerfi

21.A.243 Gögn

21.A.245 Skilyrði fyrir samþykki

21.A.247 Breytingar á hönnunartryggingarkerfi

21.A.249 Framsalshæfi

21.A.251 Skilmálar samþykkis

21.A.253 Breytingar á skilmálum samþykkis

21.A.257 Rannsóknir

21.A.258 Frávik

21.A.259 Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.263 Réttindi

21.A.265 Skyldur handhafa

K-KAFLI — HLUTAR OG BÚNAÐUR

21.A.301 Gildissvið

21.A.303 Samræmi við viðeigandi kröfur

21.A.305 Samþykki hluta og búnaðar

21.A.307 Hæfi hluta og búnaðar til ísetningar

(L-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

M-KAFLI — VIÐGERÐIR

21.A.431A Gildissvið

21.A.431B Staðlaðar viðgerðir

21.A.432A Gjaldgengi

21.A.432B Sýnt fram á getu

21.A.432C Umsókn um samþykki fyrir hönnun viðgerðar

21.A.433 Kröfur um samþykki fyrir hönnun viðgerðar

21.A.435 Flokkun og samþykki fyrir hönnun viðgerðar

21.A.439 Framleiðsla hluta til viðgerða

21.A.441 Framkvæmd viðgerða

21.A.443 Takmarkanir

21.A.445 Óviðgerðar skemmdir

21.A.451 Skyldur og EPA-merking

(N-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

O-KAFLI — EVRÓPSKAR TÆKNIFORSKRIFTARHEIMILDIR

21.A.601 Gildissvið

21.A.602A Gjaldgengi

21.A.602B Sýnt fram á getu

21.A.603 Umsókn

21.A.604 Evrópsk tækniforskriftarheimild (ETSO-heimild) fyrir aukaaflstöð (APU)

21.A.605 Kröfur varðandi gögn

21.A.606 Kröfur um útgáfu ETSO-heimildar

21.A.607 Réttindi sem ETSO-heimild veitir

21.A.608 Hönnunar- og afkastayfirlýsing (DDP)

21.A.609 Skyldur handhafa ETSO-heimilda

21.A.610 Samþykki fyrir fráviki

21.A.611 Hönnunarbreytingar

21.A.615 Skoðun af hálfu Flugöryggisstofnunarinnar

21.A.619 Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.621 Framsalshæfi

P-KAFLI — FLUGLEYFI

21.A.701 Gildissvið

21.A.703 Gjaldgengi

21.A.705 Lögbært yfirvald

21.A.707 Umsókn um flugleyfi

21.A.708 Flugskilyrði

21.A.709 Umsókn um samþykki flugskilyrða

21.A.710 Samþykki flugskilyrða

21.A.711 Útgáfa flugleyfis

21.A.713 Breytingar

21.A.715 Tungumál

21.A.719 Framsalshæfi

21.A.721 Skoðanir

21.A.723 Gildistími og áframhaldandi gildi

21.A.725 Endurnýjun flugleyfis

21.A.727 Skyldur handhafa flugleyfis

21.A.729 Skráahald

Q-KAFLI — AUÐKENNING FRAMLEIÐSLUVARA, HLUTA OG BÚNAÐAR

21.A.801 Auðkenning framleiðsluvara

21.A.803 Meðferð auðkennisgagna

21.A.804 Auðkenning hluta og búnaðar

21.A.805 Auðkenning þýðingarmikilla hluta

21.A.807 Auðkenning hluta/búnaðar sem samræmast evrópskri tækniforskrift

B-ÞÁTTUR — VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI – ALMENN ÁKVÆÐI

21.B.5 Gildissvið

21.B.20 Skyldur lögbæra yfirvaldsins

21.B.25 Kröfur varðandi skipulag lögbæra yfirvaldsins

21.B.30 Skráðar verklagsreglur

21.B.35 Breytingar á skipulagi og verklagsreglum

21.B.40 Lausn deilumála

21.B.45 Tilkynning/samræming

21.B.55 Skráahald

21.B.60 Lofthæfifyrirmæli

B-KAFLI — TEGUNDARVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ TEGUNDARVOTTORÐ

21.B.70 Vottunarforskriftir

21.B.75 Sérstök skilyrði

21.B.80 Tegundarvottunargrunnur fyrir tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð

21.B.82 Vottunargrunnur gagna um örugga starfrækslu fyrir tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð loftfars

21.B.85 Tilgreining viðeigandi krafna um umhverfisvernd og vottunarforskrifta fyrir tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð

21.B.100 Umfang þátttöku

21.B.103 Útgáfa tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs

(C-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

D-KAFLI — BREYTINGAR Á TEGUNDARVOTTORÐUM OG TAKMÖRKUÐUM TEGUNDARVOTTORÐUM

21.B.105 Tegundarvottunargrunnur, kröfur um umhverfisvernd og vottunargrunnur gagna um örugga starfrækslu fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði

21.B.107 Útgáfa samþykkis fyrir breytingu á tegundarvottorði

E-KAFLI — VIÐBÓTARTEGUNDARVOTTORÐ

21.B.109 Tegundarvottunargrunnur, kröfur um umhverfisvernd og vottunargrunnur gagna um örugga starfrækslu fyrir viðbótartegundarvottorð

21.B.111 Útgáfa viðbótartegundarvottorðs

F-KAFLI — FRAMLEIÐSLA ÁN SAMÞYKKIS FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21.B.120 Rannsókn

21.B.125 Frávik

21.B.130 Útgáfa staðfestingar á samkomulagi

21.B.135 Staðfestingu á samkomulagi viðhaldið

21.B.140 Breyting á staðfestingu á samkomulagi

21.B.145 Takmörkun, tímabundin ógilding og afturköllun staðfestingar á samkomulagi

21.B.150 Skráahald

G-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21.B.220 Rannsókn

21.B.225 Frávik

21.B.230 Útgáfa vottorðs

21.B.235 Samfellt eftirlit

21.B.240 Breyting á samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki

21.B.245 Tímabundin ógilding og afturköllun samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki

21.B.260 Skráahald

H-KAFLI — LOFTHÆFIVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ LOFTHÆFIVOTTORÐ

21.B.320 Rannsókn

21.B.325 Útgáfa lofthæfivottorða

21.B.326 Lofthæfivottorð

21.B.327 Takmarkað lofthæfivottorð

21.B.330 Tímabundin ógilding og afturköllun lofthæfivottorða og takmarkaðra lofthæfivottorða

21.B.345 Skráahald

I-KAFLI — HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ

21.B.420 Rannsókn

21.B.425 Útgáfa hljóðstigsvottorða

21.B.430 Tímabundin ógilding og afturköllun hljóðstigsvottorðs

21.B.445 Skráahald

J-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR HÖNNUNARFYRIRTÆKI

K-KAFLI — HLUTAR OG BÚNAÐUR

(L-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

M-KAFLI — VIÐGERÐIR

21.B.450 Tegundarvottunargrunnur og kröfur um umhverfisvernd fyrir samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar

21.B.453 Útgáfa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar

(N-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

O-KAFLI — EVRÓPSKAR TÆKNIFORSKRIFTARHEIMILDIR

21.B.480 Útgáfa ETSO-heimildar

P-KAFLI — FLUGLEYFI

21.B.520 Rannsókn

21.B.525 Útgáfa flugleyfa

21.B.530 Afturköllun flugleyfa

21.B.545 Skráahald

Q-KAFLI — AUÐKENNING FRAMLEIÐSLUVARA, HLUTA OG BÚNAÐAR

Viðbætar

I. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 1 — Opinbert viðhaldsvottorð,

II. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 15 — Lofthæfistaðfestingarvottorð,

III. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 20a — Flugleyfi,

IV. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 20b — Flugleyfi (gefið út af samþykktum fyrirtækjum),

V. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 24 — Takmarkað lofthæfivottorð,

VI. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 25 — Lofthæfivottorð,

VII. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 45 — Hljóðstigsvottorð,

VIII. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 52 — Samræmisyfirlýsing fyrir loftfar,

IX. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 53 — Viðhaldsvottorð,

X. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 55 — Vottorð um samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki,

XI. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 65 — Staðfesting á samkomulagi vegna framleiðslu án samþykkis fyrir framleiðslu-fyrirtæki,

XII. viðbætir — Flokkar reynsluflugs og tilheyrandi starfsréttindi áhafnar sem tekur þátt í flugprófunum 85.“

2) Eftirfarandi liðir 21.A.5, 21.A.6 og 21.A.7 bætast við:

**„21.A.5 Skráahald**

Handhafi tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, samþykkis fyrir breytingu eða hönnun viðgerða eða ETSO-heimildar skal hafa tiltækar fyrir Flugöryggisstofnunina allar viðeigandi hönnunarupplýsingar, teikningar og prófunarskýrslur, að meðtöldum skoðunarskrám fyrir framleiðsluvöruna eða hlutinn/búnaðinn, sem prófaður er vegna vottunar, og varðveita þær í því skyni að veita upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvörunnar, áframhaldandi gildi gagnanna um örugga starfrækslu og samræmi við viðeigandi kröfur um umhverfisvernd er varða framleiðsluvöruna eða hlutinn/búnaðinn.

**21.A.6 Handbækur**

Handhafi tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs eða viðbótartegundarvottorðs skal leggja fram, viðhalda og uppfæra frumeintök af öllum handbókum eða breytingum á þeim handbókum sem krafist er í viðeigandi tegundarvottunargrunni, viðeigandi vottunargrunni gagna um örugga starfrækslu og kröfum um umhverfisvernd er varða framleiðsluvöruna eða hlutinn/búnaðinn og afhenda Flugöryggisstofnuninni afrit fari hún þess á leit.

**21.A.7 Leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi**

a) Handhafi tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, samþykkis fyrir breytingu eða hönnun viðgerða skal sýna fram á að hann fari að viðeigandi tegundarvottunargrunni, sem Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilkynnt um í samræmi við 21.B.80, með því að þróa eða vísa til leiðbeininga sem nauðsynlegar eru til að tryggja að lofthæfistaðall, sem tengist tegund loftfars og öllum tilheyrandi hlutum, sé viðhaldið á endingartíma loftfarsins.

b) Handhafi neðangreindra vottorða eða samþykkja skal láta í té a.m.k. eitt eintak af heildstæðum leiðbeiningum um áframhaldandi lofthæfi:

1. tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs til handa hverjum þekktum eiganda framleiðsluvöru við afhendingu vörunnar eða við útgáfu fyrsta lofthæfivottorðs eða takmarkaðs lofthæfivottorðs fyrir viðkomandi loftfar, hvort sem á sér stað fyrr,

2. viðbótartegundarvottorðs eða samþykkis fyrir hönnunarbreytingu til handa öllum þekktum notendum framleiðsluvörunnar, sem breytingin hefur áhrif á, við afhendingu á framleiðsluvörunni sem var breytt,

3. samþykkis fyrir hönnun viðgerðar til allra þekktra notenda framleiðsluvörunnar, sem verður fyrir áhrifum af viðgerðinni, við afhendingu á framleiðsluvörunni sem viðgerð var framkvæmd á. Heimilt er að gefa út viðhaldsvottorð fyrir framleiðsluvöruna, hlutann eða búnaðinn, sem gert var við, áður en viðkomandi leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi hafa verið fullfrágengnar, en aðeins í takmarkaðan tíma og í samráði við Flugöryggisstofnunina.

Eftir það skulu þessir handhafar hönnunarsamþykkis gera þessar leiðbeiningar tiltækar öllum öðrum aðilum sem er skylt að fylgja þessum leiðbeiningum, sé þess farið á leit.

c) Þrátt fyrir b-lið er handhafa tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs heimilt að bíða með að gera þann hluta leiðbeininganna um áframhaldandi lofthæfi sem lýtur að langtímaáætlun fyrir framkvæmd reglubundins viðhalds tiltækan þar til framleiðsluvaran eða breytta framleiðsluvaran hefur verið tekin í notkun, en hann skal gera þessar leiðbeiningar aðgengilegar áður en notkun þessara gagna er krafist fyrir framleiðsluvöruna eða breyttu framleiðsluvöruna.

d) Handhafi hönnunarsamþykkis, sem er skylt að láta í té leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi í samræmi við b-lið, skal einnig gera breytingar á þeim leiðbeiningum aðgengilegar öllum þekktum notendum framleiðsluvöru, sem breytingin hefur áhrif á, og, sé þess farið á leit, öllum öðrum aðilum sem er skylt að fara að þessum breytingum. Sé farið fram á það skal viðkomandi handhafi hönnunarsamþykkis sýna Flugöryggisstofnuninni fram á það að aðferðin við að gera breytingar á leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi aðgengilegar, í samræmi við þennan lið, sé fullnægjandi.“

3) Í stað 21.A.41 kemur eftirfarandi:

**„21.A.41 Tegundarvottorð**

Tegundarvottorð og takmarkað tegundarvottorð skulu fela í sér tegundarhönnun, starfrækslumörk, leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi, gagnablað tegundarvottorðs fyrir lofthæfi og losun mengunarefna, viðeigandi tegundarvottunargrunn og þær kröfur um umhverfisvernd sem Flugöryggisstofnunin skráir að hafi verið uppfylltar sem og hvers konar önnur skilyrði eða takmarkanir sem mælt er fyrir um fyrir framleiðsluvöruna í viðeigandi vottunarforskriftum og kröfum um umhverfisvernd. Tegundarvottorð og takmarkað tegundarvottorð loftfars skulu þar að auki fela í sér viðeigandi vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu, gögn um örugga starfrækslu og gagnablað tegundarvottorðs fyrir hljóðstig. Gagnablað tegundarvottorðs og takmarkaðs tegundarvottorðs loftfars skal fela í sér færslu um að kröfur varðandi koltvísýringslosun hafi verið uppfylltar og gagnablað tegundarvottorðs fyrir hreyfil skal fela í sér færslu um að kröfur varðandi losun mengunarefna hafi verið uppfylltar.“

4) Í stað 21.A.44 kemur eftirfarandi:

**„21.A.44 Skyldur handhafa**

Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal:

a) takast á hendur skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 21.A.3A, 21.A.3B, 21.A.4, 21.A.55, 21.A.57, 21.A.61, 21.A.62 og 21.A.65, og skal í þeim tilgangi uppfylla áfram hæfiskröfur til að vera gjaldgengur skv. 21.A.14 og

b) tilgreina merkinguna í samræmi við Q-kafla.“

Frá og með 18. maí 2022 ber að líta á skylduna um að uppfylla skyldurnar, sem tilgreindar eru í a-lið, sem tilvísun í liði 21.A.3A, 21.A.3B, 21.A.4, 21.A.5, 21.A.6, 21.A.7, 21.A.62 og 21.A.65 og í þeim tilgangi skal hver handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs uppfylla áfram hæfiskröfur til að vera gjaldgengur skv. 21.A.14.

5) Liðir 21.A.55, 21.A.57 og 21.A.61 eru felldir brott.

6) Eftirfarandi liður 21.A.65 bætist við:

**„21.A.65 Áframhaldandi heilleiki burðarvirkis fyrir burðarvirki flugvéla**

Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél skal tryggja að áætlunin um áframhaldandi heilleika burðarvirkis haldi gildi sínu allan endingartíma flugvélarinnar, að teknu tilliti til reynslu af notkun og núverandi starfrækslu.“

7) Í stað 2. liðar a-liðar í 21.A.90B kemur eftirfarandi:

„2. sem fylgja hönnunargögnum, sem tilgreind eru í vottunarforskriftum sem Flugöryggisstofnunin gefur út og innihalda samþykktar aðferðir, tækni og venjur, sem nota skal í tengslum við framkvæmd og greiningu á stöðluðum breytingum, þ.m.t. tilheyrandi leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi, og“.

8) Eftirfarandi liður 21.A.90C bætist við:

**„21.A.90C Sjálfstæðar breytingar á leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi**

a) Sjálfstæðar breytingar á leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi eru breytingar sem ekki er hægt að rekja beint til breytinga á tegundarhönnun eða hönnun viðgerðar.

b) Aðeins handhafi hönnunarsamþykkis, sem þessar leiðbeiningar voru gerðar fyrir, getur gert sjálfstæðar breytingar á leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi.

c) Liðir 21.A.91 til 21.A.109 gilda ekki um sjálfstæðar breytingar á leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi sem:

1. hafa ekki áhrif á þáttinn um lofthæfitakmarkanir í leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi og

2. krefjast þess ekki að handhafi samþykkis hönnunar sýni fram á að tilskildar kröfur um vottunargrunn séu uppfylltar.

d) Handhafi hönnunarsamþykkis skal samþykkja sjálfstæðar breytingar á leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í c-lið, samkvæmt málsmeðferðarreglum sem samið hefur verið um við Flugöryggisstofnunina.“

9) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 21.A.101:

a) Í stað fyrsta málsliðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Nema kveðið sé á um annað í h-lið, og þrátt fyrir a-lið, væri hægt að nota fyrri breytingu á vottunarforskriftunum, sem um getur í a-lið, og breytingar á öllum öðrum tengdum vottunarforskriftum í einhverjum af eftirfarandi aðstæðum, nema fyrri breytingin hafi tekið gildi fyrir þann dag sem samsvarandi vottunarforskriftir, sem eru felldar inn með tilvísun í tegundarvottorðinu, öðluðust gildi:“.

b) Eftirfarandi h-liður bætist við:

„h) Að því er varðar stórar flugvélar, sem falla undir lið 26.300 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/640 (*), skal umsækjandinn uppfylla vottunarforskriftirnar þar sem kveðið er á um öryggisstig sem jafngildir a.m.k. því sem kveðið er á um í 26.300, 26.320 og 26.330 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/640, nema fyrir umsækjendur um viðbótartegundarvottorð sem ekki þurfa að taka tillit til liðar 26.303.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 frá 23. apríl 2015 um viðbótarlofthæfisforskriftir fyrir tiltekna tegund starfrækslu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 (Stjtíð. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 18)“.

10) Liðir 21.A.105 og 21.A.107 falla brott.

11) Í stað a-liðar í 21.A.109 kemur eftirfarandi:

„a) takast á hendur skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 21.A.4, 21.A.5, 21.A.7 og 21.A.108, og“.

12) Í stað 1. liðar a-liðar í 21.A.118A kemur eftirfarandi:

„1. sem mælt er fyrir um í 21.A.3A, 21.A.3B, 21.A.4, 21.A.5, 21.A.6, 21.A.7 og 21.A.120B,“.

13) Liðir 21.A.119 og 21.A.120A falla brott.

14) Í stað 21.A.307 kemur eftirfarandi:

**„21.A.307 Hæfi hluta og búnaðar til ísetningar**

a) Hluti eða búnaður skal teljast hæfur til ísetningar í tegundarvottaða framleiðsluvöru þegar hann er í öruggu rekstrarástandi, er merktur í samræmi við Q-kafla og honum fylgir opinbert viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) til vottunar þess að hluturinn hafi verið framleiddur í samræmi við samþykkt hönnunargögn.

b) Þrátt fyrir a-lið, og að því tilskildu að skilyrði c-liðar séu uppfyllt, teljast eftirfarandi hlutar eða búnaður hæfir til ísetningar í tegundarvottaða framleiðsluvöru, án þess að EASA-eyðublað nr. 1 sé gefið út:

1) staðlaður hlutur,

2) hluti eða búnaður á ELA1- eða ELA2-loftfari, sem:

i. er ekki með tiltekinn endingartíma og er hvorki hluti af aðalburðarvirkinu eða stýrisbúnaðinum,

ii. er tilgreindur til ísetningar í tiltekið loftfar,

iii. er ætlaður til ísetningar í loftfar, sem eigandinn staðfestir að samræmist gildandi skilyrðum í i. og ii. lið og tekur hann á sig ábyrgð á að farið sé að þessum skilyrðum,

3) hluti eða búnaður, sem hefur óveruleg áhrif á öryggi framleiðsluvörunnar ef hann samrýmist ekki samþykktum hönnunargögnum og sem handhafi hönnunarsamþykkisins hefur auðkennt sem slíkan í leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi; til að ákvarða áhrif á öryggi vegna hluta eða búnaðar, sem samrýmist ekki kröfum, getur handhafi hönnunarsamþykkisins tilgreint í leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi sértæk sannprófunarstörf, sem sá sem annast ísetningu hlutans eða búnaðarins á að inna af hendi,

4) ef um er að ræða staðlaða breytingu, í samræmi við 21.A.90B, eða staðlaða viðgerð, í samræmi við 21.A.431B, hluti eða búnaður, sem hefur óveruleg áhrif á öryggi framleiðsluvörunnar ef hann samrýmist ekki hönnunargögnum og sem er auðkenndur þannig í vottunarforskriftunum fyrir staðlaðar breytingar og staðlaðar viðgerðir, sem gefnar eru út í samræmi við 2. lið a-liðar 21.A.90B og 2. lið a-liðar 21.A.431B; til að ákvarða áhrif á öryggi vegna hluta eða búnaðar, sem samrýmist ekki kröfum, má tilgreina í vottunarforskriftunum, sem um getur hér að ofan, þau sértæku sannprófunarstörf sem sá aðili sem annast ísetningu hlutans eða búnaðarins í framleiðsluvöruna á að inna af hendi,

5) hluti eða búnaður sem er undanþeginn lofthæfivottun í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 (*) og

6) hluti eða búnaður sem er hluti af samstæðu, eins og tilgreint er í 1.-5. lið b-liðar.

c) Hlutar og búnaður, sem skráð eru í b-lið, hæfa til ísetningar í tegundarvottaða framleiðsluvöru án þess að þeim fylgi EASA-eyðublað nr. 1, að því tilskildu að sá sem annast ísetningu sé handhafi skjals, sem gefið er út af þeim aðila eða fyrirtæki sem framleiddi hlutann eða búnaðinn, þar sem nafn, hlutanúmer og útgáfudagur hlutans eða búnaðarins kemur fram og þar sem því er lýst yfir að hlutinn eða búnaðurinn samrýmist hönnunargögnum.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 379/2014 frá 7. apríl 2014 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 123, 24.4.2014, bls. 1).“

15) Ákvæðum a-liðar 21.A.433 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. þegar ekkert einkenni eða eiginleiki hefur verið tilgreindur sem gæti gert framleiðsluvöruna ótrygga til þeirrar notkunar sem óskað er eftir vottun fyrir,“.

b) Eftirfarandi 5. liður bætist við:

„5. þegar sýnt hefur verið fram á, vegna viðgerðar á flugvél sem fellur undir 26.302 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/640, að heilleiki burðarvirkis í tengslum við viðgerðina og viðkomandi burðarvirki er að lágmarki jafngildur þeim heilleika burðarvirkis sem kveðið er á um fyrir grunnburðarvirkið í lið 26.302 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/640.“

16) Liðir 21.A.447 og 21.A.449 falla brott.

17) Ákvæðum 21.A.451 er breytt sem hér segir:

a) Í stað i. liðar 1. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„i. sem mælt er fyrir um í 21.A.3A, 21.A.3B, 21.A.4, 21.A.5, 21.A.7, 21.A.439, 21.A.441 og 21.A.443,“.

b) Í stað 1. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„1. takast á hendur skyldurnar sem mælt er fyrir um í 21.A.4, 21.A.5 og 21.A.7 og“.

18) Í stað b-liðar í 21.A.609 kemur eftirfarandi:

„b) útbúa og halda dagrétta skrá með heildstæðum tæknigögnum og skrám í samræmi við 21.A.5 fyrir hverja gerð af hverjum hluta/búnaði sem ETSO-heimild hefur verið gefin út fyrir,“.

19) Liður 21.A.613 fellur brott.

20) Í stað 21.A.804 kemur eftirfarandi:

**„21.A.804 Auðkenning hluta og búnaðar**

a) Merkja skal hvern hluta eða búnað, sem er hæfur til ísetningar í tegundarvottaða framleiðsluvöru, á varanlegan og læsilegan hátt með:

1. heiti, vörumerki eða tákni, sem auðkennir framleiðandann, eins og tilgreint er í viðeigandi hönnunargögnum,

2. hlutanúmeri, eins og það er skilgreint í viðeigandi hönnunargögnum, og

3. stöfunum „EPA“ (evrópskt hlutasamþykki) þegar um er að ræða hlut eða búnað sem er framleiddur í samræmi við samþykkt hönnunargögn, sem tilheyra ekki handhafa tegundarvottorðs viðkomandi framleiðsluvöru, nema þegar um er að ræða hluta/búnað sem samræmist evrópskri tækniforskrift og fyrir hluta og búnað sem falla undir b-lið 21.A.307.

b) Ef Flugöryggisstofnunin samþykkir að hlutinn eða búnaðurinn sé of lítill eða að óhagkvæmt sé að merkja hlutann eða búnaðinn með þeim upplýsingum sem krafist er í a-lið skulu upplýsingarnar, sem ekki var hægt að setja á hlutann eða búnaðinn, koma fram í opinberu viðhaldsvottorði sem fylgir hlutanum eða búnaðinum, eða á umbúðum hans, þrátt fyrir ákvæði a-liðar.“

———

*II. VIÐAUKI*

Ákvæði I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eru leiðrétt sem hér segir:

1) Ákvæði 21.A.15 eru leiðrétt sem hér segir:

a) Í stað fyrsta málsliðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Umsókn um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð skal að lágmarki innihalda lýsandi bráðabirgðagögn fyrir framleiðsluvöruna, upplýsingar um fyrirhugaða notkun framleiðsluvörunnar og þá tegund starfrækslu sem óskað er eftir vottun fyrir. Þar að auki skal hún innihalda vottunaráætlun til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar, í samræmi við 21.A.20, ella skal slíkri vottunaráætlun bætt við eftir að upphaflega umsóknin hefur verið lögð fram, og skal hún samanstanda af:“.

b) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) Umsókn um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð loftfars skal innihalda viðbótarumsókn um samþykki á gögnum um örugga starfrækslu, ella skal slíkri viðbótarumsókn bætt við eftir að upphaflega umsóknin hefur verið lögð fram.“

2) Ákvæði 21.A.93 eru leiðrétt sem hér segir:

a) Í stað fyrsta málsliðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Umsókn skal innihalda vottunaráætlun til að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar í samræmi við 21.A.20, ella skal slíkri vottunaráætlun bætt við eftir að upphaflega umsóknin hefur verið lögð fram, sem samanstendur af:“.

b) Í stað 2. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„2. að sækja um framlengingu á frestinum, sem kveðið er á um í fyrsta málslið c-liðar, fyrir upprunalegu umsóknina og leggja til nýja dagsetningu fyrir útgáfu samþykkisins. Í því tilviki skal umsækjandinn uppfylla kröfur tegundarvottunargrunnsins, vottunargrunns gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað í samræmi við lið 21.A.101 og tilkynnt í samræmi við 21.B.105, fyrir dagsetningu sem umsækjandinn velur. Sú dagsetning skal þó ekki vera eldri en nýja dagsetningin, sem umsækjandinn leggur til fyrir útgáfu samþykkisins, en sem nemur meira en fimm árum fyrir umsókn um breytingu á tegundarvottorði eða takmörkuðu tegundarvottorði stórrar flugvélar eða stórrar þyrilvængju og ekki eldri en þrjú ár fyrir umsókn um breytingu á öllum öðrum tegundarvottorðum eða takmörkuðum tegundarvottorðum.“

3) Í stað ii. liðar 3. liðar b-liðar 21.A.174 kemur eftirfarandi:

„ii. í ríki sem ekki er aðildarríki:

— yfirlýsingu frá lögbæru yfirvaldi ríkisins, þar sem loftfarið er eða var skráð, sem endurspeglar lofthæfistöðu loftfarsins í loftfaraskrá þess við yfirfærslu,

— massa- og jafnvægisskýrslu með hleðsluáætlun,

— flughandbók þegar slíkrar handbókar er krafist í lofthæfireglum fyrir loftfarið,

— fyrri skrár til að ákvarða framleiðslu-, breytinga- og viðhaldskröfur í tengslum við loftfarið, þ.m.t. allar takmarkanir sem tengjast takmörkuðu lofthæfivottorði sem er gefið út í samræmi við 21.B.327,

— tilmæli um að gefa út lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð og lofthæfistaðfestingarvottorð eftir staðfestingu á lofthæfi í samræmi við I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 (*) eða lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014,

— dagsetninguna þegar fyrsta lofthæfivottorðið var gefið út og, ef kröfurnar í III. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn gilda, gögnin um mæligildi koltvísýrings.

---

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).“

4) Í stað 1. liðar a-liðar í 21.A.181 kemur eftirfarandi:

„1. að viðeigandi kröfur um tegundarhönnun og áframhaldandi lofthæfi séu uppfylltar og“.

5) Í stað 1. liðar a-liðar í 21.A.211 kemur eftirfarandi:

„1. að viðeigandi kröfur um tegundarhönnun, umhverfisvernd og áframhaldandi lofthæfi séu uppfylltar og“.

6) Í stað 2. liðar a-liðar í 21.A.431B kemur eftirfarandi:

„2) sem fylgja hönnunargögnum, sem tilgreind eru í vottunarforskriftum sem Flugöryggisstofnunin gefur út og innihalda samþykktar aðferðir, tækni og venjur, sem nota skal í tengslum við framkvæmd og greiningu á stöðluðum viðgerðum, þ.m.t. tilheyrandi leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi, og“.

7) Í stað fyrstu málsgreinar í b-lið 21.A.432C kemur eftirfarandi:

„b) Umsókn um samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar skal fela í sér vottunaráætlun, ella skal slíkri vottunaráætlun bætt við eftir að upphaflega umsóknin hefur verið lögð fram, og skal hún innihalda:“.

8) Í stað d-liðar 21.A.711 kemur eftirfarandi:

„d) Samþykkt fyrirtæki getur gefið út flugleyfi (EASA-eyðublað nr. 20b, sjá IV. viðbæti) samkvæmt réttindum sem eru veitt í samræmi við M.A.711 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eða CAMO.A.125 í V. viðauka c (CAMO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eða CAO.A.095 í V. viðauka d (CAO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, þegar flugskilyrðin sem um getur í 21.A.708 í þessum viðauka hafa verið samþykkt í samræmi við 21.A.710 í þessum viðauka.“

9) Í stað c-liðar 21.B.325 kemur eftirfarandi:

„c) Auk viðeigandi lofthæfivottorðs, sem vísað er til í a- eða b-lið, fyrir loftfar sem upprunnið er í ríki utan Bandalagsins, skal lögbært yfirvald skráningaraðildarríkis gefa út:

1. fyrsta lofthæfistaðfestingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 15a, sjá II. viðbæti) fyrir ný eða notuð loftför, sem falla undir I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014,

2. fyrsta lofthæfistaðfestingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 15c, sjá II. viðbæti) fyrir ný loftför, sem falla undir V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014,

3. fyrsta lofthæfistaðfestingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 15c, sjá II. viðbæti) fyrir notuð loftför, sem falla undir V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, þegar lögbært yfirvald hefur staðfest lofthæfi.“

10) Í stað EASA-eyðublaðs nr. 15c – Lofthæfistaðfestingarvottorð í II. viðbæti kemur eftirfarandi:

**„Lofthæfistaðfestingarvottorð — EASA-eyðublað nr. 15c**

ATHUGASEMD: aðilar og fyrirtæki, sem framkvæma staðfestingu á lofthæfi í tengslum við 100 klst./árlegu skoðunina, geta notað bakhlið þessa eyðublaðs til að gefa út viðhaldsvottorðið sem um getur í ML.A.801 og samsvarar 100 klst./árlegu skoðuninni.

**LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ (ARC) (fyrir loftför sem samrýmast ákvæðum ML-hluta)**

Tilvísunarnúmer lofthæfistaðfestingarvottorðs: ……..

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 vottar:

[HEITI LÖGBÆRA YFIRVALDSINS] (**)

hér með:

☐…..að staðfesting á lofthæfi hafi farið fram í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 á eftirfarandi loftfari:

[eða]

☐…..eftirfarandi nýju loftfari:

Framleiðandi loftfars:……..Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið:……

Einkennisstafir loftfars:……Raðnúmer loftfars:……

(og að þetta loftfar) telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur: .....Síðasti gildisdagur: ……..

Flugtími flugskrokks (FH) við dagsetningu staðfestingar (*): ……..

Undirskrift: .....Númer heimildar (ef við á): …….

[EÐA]

[HEITI SAMÞYKKTS FYRIRTÆKIS, HEIMILISFANG og TILVÍSUNARNÚMER SAMÞYKKIS] (**)

[eða]

[FULLT HEITI VIÐHALDSVOTTA OG SKÍRTEINISNÚMER 66. HLUTA (EÐA LANDSBUNDIÐ JAFNGILDI ÞESS)] (**)

hér með að staðfesting á lofthæfi hafi farið fram í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 á eftirfarandi loftfari:

Framleiðandi loftfars:……..Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið:……

Einkennisstafir loftfars:……Raðnúmer loftfars:……

og að þetta loftfar telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur: .....Síðasti gildisdagur: ……..

Flugtími flugskrokks (FH) við dagsetningu staðfestingar (*): ……..

Undirskrift: .....Númer heimildar (ef við á): …….

==========

Fyrsta framlenging: loftfarið uppfyllir skilyrðin í c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta).

Útgáfudagur: .....Síðasti gildisdagur: ……..

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (*): …… ……

Undirskrift: .....Númer heimildar: ……

Heiti fyrirtækis: .....Tilvísunarnúmer samþykkis: ……..

==========

Önnur framlenging: loftfarið uppfyllir skilyrðin í c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta).

Útgáfudagur: .....Síðasti gildisdagur: ……..

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (*): …… ……

Undirskrift: .....Númer heimildar: ……

Heiti fyrirtækis: .....Tilvísunarnúmer samþykkis: ……..

(*) Að undanskildum loftbelgjum og loftskipum.

(**) Útgefandi eyðublaðsins getur sniðið það að sínum þörfum með því að eyða þeim heitum, vottunaryfirlýsingum, tilvísunum í viðkomandi loftfar og útgáfuupplýsingum sem skipta ekki máli í hans tilviki.

EASA-eyðublað nr. 15c, 4. útgáfa“.

_____

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/685** **2021/EES/71/35**

**frá 22. apríl 2021**

**um leiðréttingu á pólsku útgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91([1]), einkum 1. mgr. 17. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Í pólsku útgáfunni af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 ([2]) er villa í 1. lið a-liðar M.A.201 í I. viðauka og í 1. lið a-liðar ML.A.201 í V. viðauka b að því er varðar gildissvið krafnanna sem á að uppfylla áður en flug getur átt sér stað. Í 3. lið a-liðar M.A.201 í I. viðauka, inngangsorðum M.A.901 í I. viðauka, 3. lið a-liðar ML.A.201 í V. viðauka b og inngangsorðum ML.A.901 í V. viðauka b er villa að því er varðar lofthæfivottorðið. Í e-lið M.A.302 í I. viðauka er villa að því er varðar að lengja tímann á milli viðhaldsverkefna, sem eigandinn eða fyrirtækið sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfars, kann að leggja til. Í e-lið M.A.402 í I. viðauka og 5. lið b-liðar ML.A.402 í V. viðauka b er villa að því er varðar þær takmarkanir sem viðhald er framkvæmt innan. Í f-lið M.A.901 í I. viðauka er villa að því er varðar möguleikann á því að framlengja gildistíma lofthæfistaðfestingarvottorðs. Í EASA-eyðublöðum nr. 15a, 15b og 15c í III. viðbæti við I. viðauka og IV. viðbæti við V. viðauka b eru villur að því er varðar dagsetninguna sem vísar til útgáfu vottorðsins og í öðrum málslið c-liðar 145.A.55 í II. viðauka er villa að því er varðar umfang skuldbindinga viðhaldsfyrirtækisins um að varðveita afrit af skrám.

2) Í pólsku útgáfunni af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 eru enn fremur villur í b-lið M.A.201 í I. viðauka, í öðrum undirlið 3. liðar í I. viðbæti við I. viðauka, í ii. lið 3. liðar c-liðar ML.1 í V. viðauka b, í b-lið ML.A.201 í V. viðauka b, í 2. lið c-liðar í I. viðbæti við V. viðauka b og ii. lið 2. liðar í CAO.1 í V. viðauka d að því er varðar tilvísanir til leigu loftfars og leigutaka loftfars.

3) Því ætti að leiðrétta pólsku útgáfuna af reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

*(Á ekki við um íslensku útgáfuna).*

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 143, 27.4.2021, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 258/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. apríl 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/883** **2021/EES/71/36**

**frá 1. júní 2021**

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 2. mgr. 4. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 ([2]) var stofnuð skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins.

2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 sendu tiltekin aðildarríki og Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) framkvæmdastjórninni upplýsingar sem skipta máli við uppfærslu þeirrar skrár. Þriðju lönd og alþjóðastofnanir veittu einnig viðeigandi upplýsingar. Upplýsingarnar, sem voru veittar, stuðla að þeirri ákvörðun að uppfæra ætti skrána.

3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur sem myndu liggja til grundvallar ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Sambandsins eða ákvörðun um breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er að finna í skránni í viðauka A eða B við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér öll viðkomandi gögn, til að leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina og við nefndina sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 2111/2005 („flugöryggisnefnd ESB“).

5) Framkvæmdastjórnin lagði fyrir flugöryggisnefnd ESB upplýsingar um yfirstandandi sameiginlegt samráð, innan ramma reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 ([3]), við lögbær yfirvöld og flugrekendur eftirfarandi ríkja: Armeníu, Indónesíu, Kasakstans, Kirgistans, Moldóvu, Pakistans og Rússlands. Framkvæmdastjórnin upplýsti einnig flugöryggisnefnd ESB um stöðu flugöryggis í Dóminíska lýðveldinu, Miðbaugs-Gíneu, Líbíu, Nepal og Suður-Súdan.

6) Flugöryggisstofnunin upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefnd ESB um tæknimat, sem var framkvæmt í tengslum við upphaflega matið, og stöðuga vöktun heimilda flugrekenda frá þriðja landi (TCO-heimild) sem gefnar eru út samkvæmt ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 ([4]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 2.6.2021, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 260/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 frá 22. mars 2006 þar sem mælt er fyrir um framkvæmdarreglur um skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 8).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 frá 29. apríl 2014 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugrekstur flugrekenda frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 133, 6.5.2014, bls. 12).

7) Flugöryggisstofnunin upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefnd ESB einnig um niðurstöður greiningar á skoðunum á hlaði sem voru framkvæmdar innan ramma áætlunarinnar um öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA-áætlunarinnar) í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([5]).

8) Flugöryggisstofnunin upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefnd ESB enn fremur um verkefni á sviði tækniaðstoðar í þriðju löndum sem verða fyrir áhrifum flugrekstrarbanns samkvæmt reglugerð (EB) nr. 474/2006. Þar að auki lagði Flugöryggisstofnunin fram upplýsingar um áætlanir og beiðnir um frekari tækniaðstoð og samstarf til að auka stjórnsýslulega og tæknilega getu flugmálayfirvalda á sviði almenningsflugs í þriðju löndum með það fyrir augum að aðstoða þau við að ráða bót á því þegar ekki hefur verið farið að gildandi, alþjóðlegum öryggiskröfum um almenningsflug. Aðildarríki voru hvött til að bregðast við slíkum beiðnum á tvíhliða grundvelli í samráði við framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnunina. Í þessu samhengi ítrekaði framkvæmdastjórnin nytsemi þess að veita alþjóðlega flugsamfélaginu upplýsingar, einkum fyrir tilstuðlan samstarfsúrræða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar til aðstoðar við framkvæmd flugöryggismála, varðandi tækniaðstoð við þriðju lönd sem Sambandið og aðildarríki þess láta í té til að bæta flugöryggi um allan heim.

9) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu lagði fyrir framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefnd ESB uppfærðar upplýsingar um stöðu SAFA-viðvörunarkerfisins og viðvörunarkerfis flugrekenda í þriðju löndum (TCO-viðvörunarkerfis), þ.m.t. tölfræðilegar upplýsingar um viðvörunarskilaboð vegna flugrekenda sem er bannað að stunda flugrekstur.

**Flugrekendur í Sambandinu**

10) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunarinnar á upplýsingum, sem fengust úr skoðunum á hlaði á loftförum flugrekenda í Sambandinu og úr eftirliti með stöðlun á vegum Flugöryggisstofnunarinnar sem og á upplýsingum úr sérstökum skoðunum og úttektum, sem flugmálayfirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu, hafa mörg aðildarríki gert tilteknar ráðstafanir til að framfylgja lögum og upplýst framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefnd ESB um þær.

11) Aðildarríki ítrekuðu að þau væru tilbúin að grípa til nauðsynlegra aðgerða ef viðeigandi upplýsingar um öryggismál gefa til kynna yfirvofandi öryggisáhættu sem hlýst af því að flugrekendur í Sambandinu fara ekki að viðeigandi öryggiskröfum.

**Flugrekendur frá Armeníu**

12) Í júní 2020 voru flugrekendur frá Armeníu færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006, með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/736 ([6]).

13) Hinn 15. apríl 2021 héldu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin, aðildarríki og fulltrúar Flugmálastjórnar Armeníu (CAC) tæknifund þar sem Flugmálastjórn Armeníu veitti upplýsingar um eftirlitsstarfsemi sína og um árgangur áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta sem var þróuð í júlí 2020. Flugmálastjórn Armeníu lagði einnig fram yfirlit yfir þær áskoranir sem komu upp á síðasta ári, upplýsingar um heildarstöðu flugumhverfisins í Armeníu og gloppur sem komið hafa í ljós á mismunandi ábyrgðasviðum Flugmálastjórnar Armeníu sem gefa þarf sérstakan gaum.

14) Auk þess fjallaði Flugmálastjórn Armeníu á þessum fundi ítarlega um stöðu framkvæmda á aðgerðum til úrbóta, sem framkvæmdar voru í kjölfar athugasemda sem vakið var máls á við matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð í febrúar 2020, og gaf yfirlit yfir áhættustýringarferli Flugmálastjórnar Armeníu.

15) Í þessu samhengi upplýsti Flugmálastjórn Armeníu framkvæmdastjórnina um að flugrekandaskírteini flugrekendanna *Atlantis European Airways* og *Mars Avia* hefðu verið afturkölluð og að nýju flugrekendurnir *Fly Armenia Airways* (flugrekandaskírteini nr. 070), *Novair* (flugrekandaskírteini nr. 071) og *Shirak Avia* (flugrekandaskírteini nr. 072) hefðu fengið vottun. Þar eð Flugmálastjórn Armeníu hefur ekki sýnt fram á fullnægjandi getu til að hrinda í framkvæmd og framfylgja viðeigandi öryggiskröfum tryggir útgáfa flugrekandaskírteina fyrir þessa nýju flugrekendur ekki að farið sé að alþjóðlegum öryggiskröfum á fullnægjandi hátt.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/736 frá 2. júní 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 172, 3.6.2020, bls. 7).

16) Framkvæmdastjórnin tekur mið af framvindu Flugmálastjórnar Armeníu við að ráða bót á flugöryggisvandamálum sem í júní 2020 urðu til þess að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Armeníu, voru færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006. Á þessari stundu liggja þó ekki fyrir fullnægjandi gögn til að réttlæta léttingu rekstrartakmarkana af flugrekendum frá Armeníu. Framkvæmdastjórnin mun halda áfram að vakta og meta hvernig ástandið þróast í framtíðinni.

17) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það svo, að því er varðar flugrekendur frá Armeníu, að breyta ætti skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að færa flugrekendurna *Fly Armenia Airways*, *Novair* og *Shirak Avia* í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 og fella flugrekendurna *Atlantis European Airways* og *Mars Avia* brott út þeim viðauka.

18) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Armeníu, uppfylli viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför allra þeirra flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

**Flugrekendur frá Indónesíu**

19) Í júní 2018 voru allir flugrekendur frá Indónesíu felldir brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006, með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/871 ([7]).

20) Hinn 26. febrúar 2021 veitti Flugmálastjórn Indónesíu (DGCA) upplýsingar og uppfærðar upplýsingar um öryggiseftirlit fyrir tímabilið september 2020 til febrúar 2021. Til viðbótar við uppfærðar upplýsingar um áætlunina um aðgerðir til úrbóta, sem var þróuð á grundvelli matsheimsóknar aðila frá Sambandinu á starfsstöð í mars 2018, innihéldu upplýsingarnar, sem Flugmálastjórn Indónesíu lagði fram, einnig uppfærslur sem gerðar hafa verið á skránni yfir handhafa flugrekendaskírteina, skráð loftför, slys, alvarleg flugatvik og atvik í flugi, sem og framfylgdarráðstafanir sem Flugmálastjórn Indónesíu hefur gert.

21) Eftir að hafa skoðað mótteknar upplýsingar og gögn telur framkvæmdastjórnin að ráðin hafi verið fullnægjandi bót á öllum útistandandi athugasemdum, úr matsheimsókn á starfsstöð í mars 2018, og að þeim málum sé því lokið. Í ljósi þess árangurs sem náðst hefur telur framkvæmdastjórnin það nægja að Flugmálastjórn Indónesíu sendi uppfærslu einu sinni á ári í stað tvisvar eins og hún hefur gert hingað til.

22) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það svo að það séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Indónesíu.

23) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Indónesíu, uppfylli viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför allra þeirra flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

24) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna yfirvofandi öryggisáhættu, sem hlýst af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin þurft að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

**Flugrekendur frá Kasakstan**

25) Í desember 2016 voru flugrekendur frá Kasakstan felldir brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006, með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2214 ([8]).

26) Sem hluti af sívöktun kerfis um eftirlit með flugöryggi í Kasakstan var, í febrúar 2020, hafið formlegt samráð við lögbær yfirvöld í Kasakstan. Í því samhengi fékk flugöryggisnefnd ESB, á fundum sínum í maí og nóvember 2020, yfirlit yfir stöðu öryggiseftirlits í Kasakstan.

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/871 frá 14. júní 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 152, 15.6.2018, bls. 5).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2214 frá 8. desember 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 334, 9.12.2016, bls. 6).

27) Í kjölfar fundar flugöryggisnefndar ESB í nóvember 2020 hafa framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnunin viðhaldið stöðugu sambandi við flugmálayfirvöld Kasakstans (AAK). Í því samhengi var haldinn myndfundur hinn 26. mars 2021 milli framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunarinnar, aðildarríkjanna og fulltrúa frá bæði Flugmálastjórn Kasakstans (CAC KZ) og flugmálayfirvöldum Kasakstans. Á þessum tæknifundi fjölluðu flugmálayfirvöld Kasakstans ítarlega um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til í því skyni að bæta öryggiseftirlit í Kasakstan, þ.m.t. yfirlit yfir eftirlitsstarfsemi sína, áætlanir um ráðningar og þjálfun tæknimenntaðs starfsfólks og þær framfylgdaraðgerðir sem gripið hefur verið til gagnvart nokkrum flugrekendum sem hafa fengið vottun í Kasakstan. Flugmálayfirvöld Kasakstans lögðu einnig áherslu á skuldbindingu sína um að fylgja frekar eftir stefnu sinni um stöðugar úrbætur, þ.m.t. hið mikilvæga verk við þróun öryggiseftirlits.

28) Enn fremur kynntu Flugmálayfirvöld Kasakstans áætlanir sínar fyrir 2021-2025, þ.m.t. samþykkt nýrra laga um loftferðir og afleiddar breytingar á innlendum lagaramma í Kasakstan.

29) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga má draga þá ályktun að verulegt átak hafi verið gert til að ráða bót á öryggisástandinu í Kasakstan og að samsvarandi framfarir hafi átt sér stað. Jafnvel þótt framkvæmdastjórnin viðurkenni þær framfarir sem orðið hafa fram til þessa ætti hún samt að halda áfram að vakta og meta hvernig ástandið þróast í framtíðinni. Í þessu samhengi hyggst framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunarinnar og aðildarríkja, skipuleggja matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð í Kasakstan.

30) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það svo að það séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Kasakstan.

31) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Kasakstan, uppfylli viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför allra þeirra flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

32) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna yfirvofandi öryggisáhættu, sem hlýst af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin þurft að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

**Flugrekendur frá Kirgistan**

33) Í október 2006 voru flugrekendur frá Kirgistan færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006, með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 1543/2006 ([9]).

34) Að beiðni yfirvalda í Kirgistan og sem hluti af sívöktunarstarfsemi héldu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og fulltrúar Flugmálastjórnar Kirgistans (CAA KG) tæknifund, 25. nóvember 2020, þar sem Flugmálastjórnin lagði fram ítarlega kynningu á skipulagi sínu og starfsemi, þ.m.t. grundvallarreglur sínar varðandi stjórn öryggiseftirlits. Meðal annarra upplýsinga sem Flugmálastjórn Kirgistans lagði fram voru þær áskoranir sem hún stendur frammi fyrir í tengslum við starfsmannahald, yfirlit yfir lagaramma Kirgistans, sem og um skipulega nálgun varðandi tækniþróun í tengslum við uppbyggingu getu á sviði flugöryggis. Flugmálastjórnin lagði einnig fram uppfærslur sem gerðar hafa verið á skránni yfir handhafa flugrekandaskírteina og skráð loftför.

35) Sem eftirfylgni við tæknifundinn, 25. nóvember 2020, upplýsti Flugmálastjórn Kirgistans, 14. desember 2020, framkvæmdastjórnina um að flugrekendurnir *Heli Sky* (flugrekandaskírteini nr. 47), *Valor Air* (flugrekandaskírteini nr. 07), *AeroStan* (flugrekandaskírteini nr. 08), *KAP.KG Aircompany* (flugrekandaskírteini nr. 52) og *FlySky Airlines* (flugrekandaskírteini nr. 53) séu virkir handhafar flugrekandaskírteina. Þar eð Flugmálastjórn Kirgistans hefur ekki sýnt fram á að hún hafi fullnægjandi getu til að hrinda í framkvæmd og framfylgja viðeigandi öryggiskröfum tryggir útgáfa flugrekandaskírteina fyrir þessa nýju flugrekendur ekki að farið sé að alþjóðlegum öryggiskröfum á fullnægjandi hátt.

([9]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1543/2006 frá 12. október 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins, sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 910/2006 (Stjtíð. ESB L 283, 14.10.2006, bls. 27).

36) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það svo að breyta ætti skránni yfir flugrekendur frá Kirgistan, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendunum *AeroStan, FlySky Airlines, Heli Sky, KAP.KG Aircompany* og *Valor Air* í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

37) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Kirgistan, uppfylli viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför allra þeirra flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

**Flugrekendur frá Moldóvu**

38) Í apríl 2019 voru allir flugrekendur frá Moldóvu, að undanskildum flugrekendunum *Air Moldova*, *Fly One* og *Aerotranscargo*, færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006, með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/618 ([10]).

39) Í bréfi dagsettu 2. mars 2021 lagði Flugmálastjórn Moldóvu (CAAM) fram upplýsingar og ítarlega uppfærslu á áætlun um aðgerðir til úrbóta þar sem brugðist er við þeim athugasemdum og tilmælum sem komu fram við matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð í febrúar 2019.

40) Eftir að hafa skoðað mótteknar upplýsingar og gögn telur framkvæmdastjórnin að útskýringarnar, sem gefnar voru um áætlunina um aðgerðir til úrbóta, séu vel uppbyggðar og fullnægjandi.

41) Að beiðni yfirvalda í Moldóvu og sem hluti af sívöktunarstarfsemi héldu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og fulltrúar Flugmálastjórnar Moldóvu tæknifund, 25. mars 2021, þar sem Flugmálastjórn Moldóvu lagði fram ítarlegt yfirlit yfir skipulag sitt og starfsemi, þ.m.t. grundvallarreglur sínar varðandi stjórn öryggiseftirlits. Auk þess lagði Flugmálastjórn Moldóvu fram uppfært yfirlit yfir raunverulega stöðu og þróun mála með hliðsjón af áætlun sinni um aðgerðir til úrbóta þar sem brugðist er við þeim athugasemdum og tilmælum sem komu fram við matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð í febrúar 2019. Flugmálastjórn Moldóvu lýsti því yfir að mikill meirihluti athugasemda í áætluninni um aðgerðir til úrbóta hafi verið leiddar til lykta og að einungis fjórar séu ófrágengnar.

42) Á þessum fundi upplýsti Flugmálastjórn Moldóvu framkvæmdastjórnina um að allir flugrekendur í Moldóvu hafi hlotið endurvottun samkvæmt nýrri reglugerð um flugrekstur sem innleiddi ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([11]) í löggjöf Moldóvu. Í Moldóvu eru sem stendur 11 handhafar flugrekandaskírteinis. Meirihluti þeirra átta handhafa flugrekandaskírteinis, sem eru ekki handhafar TCO-heimildar, stunda flugrekstur frá bækistöðvum utan Moldóvu. Samkvæmt Flugmálastjórn Moldóvu fer eftirlit með þessum bækistöðvum, sem eru utan landamæra Moldóvu, fram samkvæmt alþjóðlegum öryggiskröfum.

43) Enn fremur upplýsti Flugmálastjórn Moldóvu framkvæmdastjórnina um að nýi flugrekandinn *HiSky* (flugrekandaskírteini nr. MD 025) hefði fengið vottun. Þar eð Flugmálastjórn Moldóvu hefur ekki sýnt fram á að hún hafi fullnægjandi getu til að hrinda í framkvæmd og framfylgja viðeigandi öryggiskröfum tryggir útgáfa flugrekandaskírteinis fyrir þennan nýja flugrekanda ekki að farið sé að alþjóðlegum öryggiskröfum á fullnægjandi hátt.

44) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga virðist sem Flugmálastjórn Moldóvu hafi gert verulegt átak í framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna. Á þessari stundu liggja þó ekki fyrir fullnægjandi gögn til að réttlæta léttingu rekstrartakmarkana af flugrekendum frá Moldóvu. Sannprófa ætti framlagðar upplýsingar um endurbætur enn frekar með matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð í Moldóvu.

45) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það svo, að því er varðar flugrekendur frá Moldóvu, að breyta ætti skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekandanum *HiSky* í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

([10]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/618 frá 15. apríl 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 106, 17.4.2019, bls. 1).

([11]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

46) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Moldóvu, uppfylli viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför allra þeirra flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

47) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna yfirvofandi öryggisáhættu, sem hlýst af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin þurft að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

**Flugrekendur frá Pakistan**

48) Í mars 2007 var flugrekandinn *Pakistan International Airlines* færður í viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006, með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 235/2007 ([12]), og síðar felldur brott í nóvember 2007, með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1400/2007 ([13]).

49) Yfirlýsing flugmálaráðherra Pakistans, 24. júní 2020, leiddi í ljós að fjölmörg flugmannsskírteini, sem Flugmálastjórn Pakistans (PCAA) hefur gefið út, voru fengin með sviksamlegum hætti.

50) Þessi yfirlýsing og skortur á skilvirku öryggiseftirliti af hálfu Flugmálastjórnar Pakistans hefur leitt til þess að Flugöryggisstofnunin ákvað að fella TCO-heimildir flugrekandans *Pakistan International Airlines* og flugrekandans *Vision Air* tímabundið úr gildi frá og með 1. júlí 2020.

51) Hinn 1. júlí 2020 hóf framkvæmdastjórnin samráð við Flugmálastjórn Pakistans, skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006, og fór fram á það við Flugmálastjórn Pakistans að hún legði fram upplýsingar um viðbrögð sín við yfirlýsingu flugmálaráðherrans. Framkvæmdastjórnin fór einkum fram á upplýsingar varðandi eftirlit með flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Pakistan, þ.m.t. öryggisstjórnunarkerfi þeirra, og einnig gögn þess efnis að svipaðar aðstæður séu ekki til staðar á öðrum sviðum sem falla einnig undir öryggiseftirlit Flugmálastjórnar Pakistans, s.s. við vottun öryggis- og þjónustuliða, leyfisveitingu til flugvirkja eða vottun flugrekenda.

52) Árið 2020 skipulagði framkvæmdastjórnin tvo tæknifundi með Flugmálastjórn Pakistans, 9. júlí og 25. september.

53) Við undirbúning fyrir fund flugöryggisnefndar ESB í maí 2021 og að teknu tilliti til krafna Flugöryggisstofnunarinnar um málsmeðferð í tengslum við tímabundna niðurfellingu TCO-heimilda flugrekandanna *Pakistan International Airlines* og *Vision Air* skipulagði framkvæmdastjórnin tæknifund 15. og 16. mars 2021 til að tryggja samræmingu milli framkvæmdastjórnarinnar og Flugöryggisstofnunarinnar að því er varðar skuldbindingar þeirra. Fulltrúar aðildarríkjanna sóttu þessa fundi.

54) Ýmis málefni voru rædd á þessum fundum, einkum veiting flugliðaskírteina, flugrekstur, lofthæfi, tilkynning atvika og viðbrögð Flugmálastjórnar Pakistans við öryggistilmælum og eftirfylgni af þeirra hálfu.

55) Flugmálastjórn Pakistans lagði fram viðeigandi gögn og upplýsingar sem framkvæmdastjórnin og sérfræðingar Flugöryggisstofnunarinnar hafa metið. Þó að sýnt hafi verið fram á að Flugmálastjórn Pakistans búi yfir nægilegum fjölda starfsfólks með haldgóða þekkingu hafa nokkur vandamál varðandi skipulag komið í ljós sem vert er að taka til athugunar. Til þeirra má telja skort á gæðastjórnun skjalfestra verklagsreglna, skort á leiðbeiningum til eftirlitsmanna, ferli varðandi menntun og hæfi í tengslum við atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks sem uppfyllir ekki kröfur, lítið eða ekkert eftirlit með aðgerðum til úrbóta í kjölfar ágalla sem koma í ljós, auk skorts á getu til viðeigandi greiningar á frumorsök.

56) Flugmálastjórn Pakistans gat enn fremur ekki sýnt fram á að Pakistan hafi tilkynnt Alþjóðaflugmálastofnuninni um mikilvægar undanþágur sínar frá gildandi alþjóðlegum öryggiskröfum í 1. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar eins og mælt er fyrir um í þættinum „Leyfisveitingar starfsfólks“.

57) Á grundvelli mats á fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum viðurkennir framkvæmdastjórnin viðleitni Flugmálastjórnar Pakistans til að samþykkja aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem tilgreindir voru. Framkvæmdastjórnin ætti þó að halda áfram að fylgjast með ástandinu í Pakistan, þ.m.t. með matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð í Pakistan.

([12]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 235/2007 frá 5. mars 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 66, 6.3.2007, bls. 3).

([13]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1400/2007 frá 28. nóvember 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 311, 29.11.2007, bls. 12).

58) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það svo að það séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Pakistan.

59) Aðildarríki ættu að halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Pakistan, uppfylli viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför allra þeirra flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

60) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna yfirvofandi öryggisáhættu, sem hlýst af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin þurft að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

**Flugrekendur frá Rússlandi**

61) Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafa haldið áfram að vakta náið öryggisframmistöðu flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Rússlandi og starfrækja flug í Sambandinu, þ.m.t. með því að setja það í forgang að loftför tiltekinna rússneskra flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

62) Hinn 14. apríl 2021 héldu fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunarinnar og aðildarríkjanna fund með fulltrúum Flugmálastjórnar Rússlands (FATA) til að endurskoða öryggisframmistöðu flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Rússlandi, á grundvelli skýrslna um skoðanir á hlaði, sem framkvæmdar voru á tímabilinu 15. október 2020 til 14. apríl 2021, og til að greina þau tilvik þar sem Flugmálastjórn Rússlands ætti að styrkja eftirlitsstarfsemi sína.

63) Engir verulegir eða endurteknir annmarkar í öryggismálum komu í ljós við yfirferð á gögnum um SAFA-skoðanir hjá flugrekendum sem hafa fengið vottun í Rússlandi.

64) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. upplýsingar sem Flugmálastjórn Rússlands lagði fram á fundinum 14. apríl 2021, telur framkvæmdastjórnin að á þessu stigi hafi Flugmálastjórn Rússlands þá getu og þann vilja sem til þarf til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum þegar þeir koma í ljós. Af þessum ástæðum var ekki talið nauðsynlegt að veita rússneskum flugmálayfirvöldum eða flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Rússlandi, áheyrn hjá flugöryggisnefnd ESB.

65) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Rússlandi í skrána.

66) Aðildarríkin ættu að halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur í Rússlandi uppfylli viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur á skilvirkan hátt með því að framkvæma skoðanir á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

67) Ef þessar skoðanir leiða í ljós að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að viðeigandi alþjóðlegum öryggiskröfum, er framkvæmdastjórninni heimilt að setja rekstrarbann á hlutaðeigandi flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Rússlandi, og bæta þeim í viðauka A eða viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

68) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við það.

69) Í 5. og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 er viðurkennt að nauðsynlegt sé að taka ákvarðanir með skjótum hætti og, eftir því sem við á, eins fljótt og unnt er, miðað við afleiðingarnar sem það getur haft fyrir öryggi. Því er nauðsynlegt, til að vernda viðkvæmar upplýsingar og farþega, að ákvarðanir, sem teknar eru í tengslum við uppfærslu á skránni yfir flugrekendur, sem sæta flugrekstrarbanni eða takmörkunum á flugrekstri innan Sambandsins, séu birtar og að þær öðlist gildi um leið og þær hafa verið samþykktar.

70) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndar ESB sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 474/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað viðauka A kemur texti I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Í stað viðauka B kemur texti II. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. júní 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*Fyrir hönd forsetans,*

Adina VĂLEAN

*framkvæmdastjóri.*

———

*I. VIÐAUKI*

*„VIÐAUKI A*

**SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR, SEM ER BANNAÐ AÐ STUNDA FLUGREKSTUR INNAN SAMBANDSINS, MEÐ UNDANÞÁGUM** ([1])

| **Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)** | **Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis** | **Þriggja stafa ICAO-kóði** | **Ríki flugrekanda** |
|---|---|---|---|
| *AVIOR AIRLINES* | ROI-RNR-011 | ROI | Venesúela |
| *BLUE WING AIRLINES* | SRBWA-01/2002 | BWI | Súrínam |
| *IRAN ASEMAN AIRLINES* | FS-102 | IRC | Íran |
| *IRAQI AIRWAYS* | 001 | IAW | Írak |
| *MED-VIEW AIRLINE* | MVA/AOC/10-12/05 | MEV | Nígería |
| *AIR ZIMBABWE (PVT)* | 177/04 | AZW | Zimbabwe |
| **Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Afganistan, þ.m.t.** | | | **Afganistan** |
| *ARIANA AFGHAN AIRLINES* | AOC 009 | AFG | Afganistan |
| *KAM AIR* | AOC 001 | KMF | Afganistan |
| **Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Angóla, að undanskildum flugrekendunum *TAAG Angola Airlines* og *Heli Malongo*, þ.m.t.** | | | **Angóla** |
| *AEROJET* | AO-008/11-07/17 TEJ | TEJ | Angóla |
| *GUICANGO* | AO-009/11-06/17 YYY | Óskráður | Angóla |
| *AIR JET* | AO-006/11-08/18 MBC | MBC | Angóla |
| *BESTFLYA AIRCRAFT MANAGEMENT* | AO-015/15-06/17YYY | Óskráður | Angóla |
| *HELIANG* | AO 007/11-08/18 YYY | Óskráður | Angóla |
| *SJL* | AO-014/13-08/18YYY | Óskráður | Angóla |
| *SONAIR* | AO-002/11-08/17 SOR | SOR | Angóla |
| **Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Armeníu, þ.m.t.** | | | **Armenía** |
| *AIRCOMPANY ARMENIA* | AM AOC 065 | NGT | Armenía |
| *ARMENIA AIRWAYS* | AM AOC 063 | AMW | Armenía |
| *ARMENIAN HELICOPTERS* | AM AOC 067 | KAV | Armenía |

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

| **Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)** | **Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis** | **Þriggja stafa ICAO-kóði** | **Ríki flugrekanda** |
|---|---|---|---|
| *ATLANTIS ARMENIAN AIRLINES* | AM AOC 068 | AEU | Armenía |
| *FLY ARMENIA AIRWAYS* | AM AOC 070 | FBB | Armenía |
| *NOVAIR* | AM AOC 071 | NAI | Armenía |
| *SHIRAK AVIA* | AM AOC 072 | SHS | Armenía |
| *SKYBALL* | AM AOC 073 | Á ekki við | Armenía |
| **Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kongó (Brazzaville), þ.m.t.** | | | **Kongó (Brazzaville)** |
| *CANADIAN AIRWAYS CONGO* | CG-CTA 006 | TWC | Kongó (Brazzaville) |
| *EQUAFLIGHT SERVICES* | CG-CTA 002 | EKA | Kongó (Brazzaville) |
| *EQUAJET* | RAC06-007 | EKJ | Kongó (Brazzaville) |
| *TRANS AIR CONGO* | CG-CTA 001 | TSG | Kongó (Brazzaville) |
| *SOCIETE NOUVELLE AIR CONGO* | CG-CTA 004 | Óskráður | Kongó (Brazzaville) |
| **Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, þ.m.t.** | | | **Lýðstjórnarlýðveldið Kongó** |
| *AIR FAST CONGO* | AAC/DG/OPS-09/03 | Óskráður | Lýðstjórnarlýðveldið Kongó |
| *AIR KATANGA* | AAC/DG/OPS-09/08 | Óskráður | Lýðstjórnarlýðveldið Kongó |
| *BUSY BEE CONGO* | AAC/DG/OPS-09/04 | Óskráður | Lýðstjórnarlýðveldið Kongó |
| *COMPAGNIE AFRICAINE D'AVIATION (CAA)* | AAC/DG/OPS-09/02 | Óskráður | Lýðstjórnarlýðveldið Kongó |
| *CONGO AIRWAYS* | AAC/DG/OPS-09/01 | Óskráður | Lýðstjórnarlýðveldið Kongó |
| *KIN AVIA* | AAC/DG/OPS-09/10 | Óskráður | Lýðstjórnarlýðveldið Kongó |
| *MALU AVIATION* | AAC/DG/OPS-09/05 | Óskráður | Lýðstjórnarlýðveldið Kongó |

| **Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)** | **Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis** | **Þriggja stafa ICAO-kóði** | **Ríki flugrekanda** |
|---|---|---|---|
| *SERVE AIR CARGO* | AAC/DG/OPS-09/07 | Óskráður | Lýðstjórnarlýðveldið Kongó |
| *SWALA AVIATION* | AAC/DG/OPS-09/06 | Óskráður | Lýðstjórnarlýðveldið Kongó |
| *MWANT JET* | AAC/DG/OPS-09/09 | Óskráður | Lýðstjórnarlýðveldið Kongó (RDC) |
| **Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Djibútí, þ.m.t.** | | | **Djibútí** |
| *DAALLO AIRLINES* | Óskráð | DAO | Djibútí |
| **Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Miðbaugs-Gíneu, þ.m.t.** | | | **Miðbaugs-Gínea** |
| *CEIBA INTERCONTINENTAL* | 2011/0001/MTTCT/DGAC/SOPS | CEL | Miðbaugs-Gínea |
| *CRONOS AIRLINES* | 2011/0004/MTTCT/DGAC/SOPS | Óskráður | Miðbaugs-Gínea |
| **Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Eritreu, þ.m.t.** | | | **Eritrea** |
| *ERITREAN AIRLINES* | AOC No 004 | ERT | Eritrea |
| *NASAIR ERITREA* | AOC No 005 | NAS | Eritrea |
| **Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kirgistan, þ.m.t.** | | | **Kirgistan** |
| *AEROSTAN* | *08* | *BSC* | Kirgistan |
| *AIR COMPANY AIR KG* | 50 | Óskráður | Kirgistan |
| *AIR MANAS* | 17 | MBB | Kirgistan |
| *AVIA TRAFFIC COMPANY* | 23 | AVJ | Kirgistan |
| *FLYSKY AIRLINES* | 53 | FSQ | Kirgistan |
| *HELI SKY* | 47 | HAC | Kirgistan |
| *KAP.KG AIRCOMPANY* | 52 | KGS | Kirgistan |
| *SKY KG AIRLINES* | 41 | KGK | Kirgistan |

| **Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)** | **Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis** | **Þriggja stafa ICAO-kóði** | **Ríki flugrekanda** |
|---|---|---|---|
| *TEZ JET* | 46 | TEZ | Kirgistan |
| *VALOR AIR* | 07 | VAC | Kirgistan |
| **Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líberíu.** | | | **Líbería** |
| **Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líbíu, þ.m.t.** | | | **Líbía** |
| *AFRIQIYAH AIRWAYS* | 007/01 | AAW | Líbía |
| *AIR LIBYA* | 004/01 | TLR | Líbía |
| *AL MAHA AVIATION* | 030/18 | Óskráður | Líbía |
| *BURAQ AIR* | 002/01 | BRQ | Líbía |
| *GLOBAL AVIATION AND SERVICES* | 008/05 | GAK | Líbía |
| *LIBYAN AIRLINES* | 001/01 | LAA | Líbía |
| *LIBYAN WINGS AIRLINES* | 029/15 | LWA | Líbía |
| *PETRO AIR* | 025/08 | PEO | Líbía |
| **Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Moldóvu, að undanskildum flugrekendunum *Air Moldova, Fly One og Aerotranscargo*, þ.m.t.** | | | **Moldóva** |
| *Î.M „VALAN ICC“ SRL* | MD009 | VLN | Moldóva |
| *CA “AIM AIR” SRL* | MD015 | AAM | Moldóva |
| *CA „AIR STORK“ SRL* | MD018 | MSB | Moldóva |
| *CA “HISKY” SRL* | MD025 | HYM | Moldóva |
| *Î M „MEGAVIATION“ SRL* | MD019 | ARM | Moldóva |
| *CA „PECOTOX-AIR“ SRL* | MD020 | PXA | Moldóva |
| *CA „TERRA AVIA“ SRL* | MD022 | TVR | Moldóva |
| *CA „FLY PRO“ SRL* | MD023 | PVV | Moldóva |
| **Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Nepal, þ.m.t.** | | | **Nepal** |
| *AIR DYNASTY HELI. S.* | 035/2001 | Óskráður | Nepal |

| **Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)** | **Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis** | **Þriggja stafa ICAO-kóði** | **Ríki flugrekanda** |
|---|---|---|---|
| *ALTITUDE AIR* | 085/2016 | Óskráður | Nepal |
| *BUDDHA AIR* | 014/1996 | BHA | Nepal |
| *FISHTAIL AIR* | 017/2001 | Óskráður | Nepal |
| *SUMMIT AIR* | 064/2010 | Óskráður | Nepal |
| *HELI EVEREST* | 086/2016 | Óskráður | Nepal |
| *HIMALAYA AIRLINES* | 084/2015 | HIM | Nepal |
| *KAILASH HELICOPTER SERVICES* | 087/2018 | Óskráður | Nepal |
| *MAKALU AIR* | 057A/2009 | Óskráður | Nepal |
| *MANANG AIR PVT* | 082/2014 | Óskráður | Nepal |
| *MOUNTAIN HELICOPTERS* | 055/2009 | Óskráður | Nepal |
| *PRABHU HELICOPTERS* | 081/2013 | Óskráður | Nepal |
| *NEPAL AIRLINES CORPORATION* | 003/2000 | RNA | Nepal |
| *SAURYA AIRLINES* | 083/2014 | Óskráður | Nepal |
| *SHREE AIRLINES* | 030/2002 | SHA | Nepal |
| *SIMRIK AIR* | 034/2000 | Óskráður | Nepal |
| *SIMRIK AIRLINES* | 052/2009 | RMK | Nepal |
| *SITA AIR* | 033/2000 | Óskráður | Nepal |
| *TARA AIR* | 053/2009 | Óskráður | Nepal |
| *YETI AIRLINES* | 037/2004 | NYT | Nepal |
| **Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Saó Tóme og Prinsípe, þ.m.t.** | | | **Saó Tóme og Prinsípe** |
| *AFRICA'S CONNECTION* | 10/AOC/2008 | ACH | Saó Tóme og Prinsípe |
| *STP AIRWAYS* | 03/AOC/2006 | STP | Saó Tóme og Prinsípe |
| **Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Síerra Leóne** | | | **Síerra Leóne** |
| **Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Súdan, þ.m.t.** | | | **Súdan** |

| **Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)** | **Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis** | **Þriggja stafa ICAO-kóði** | **Ríki flugrekanda** |
|---|---|---|---|
| *ALFA AIRLINES SD* | 54 | AAJ | Súdan |
| *BADR AIRLINES* | 35 | BDR | Súdan |
| *BLUE BIRD AVIATION* | 11 | BLB | Súdan |
| *ELDINDER AVIATION* | 8 | DND | Súdan |
| *GREEN FLAG AVIATION* | 17 | GNF | Súdan |
| *HELEJETIC AIR* | 57 | HJT | Súdan |
| *KATA AIR TRANSPORT* | 9 | KTV | Súdan |
| *KUSH AVIATION CO.* | 60 | KUH | Súdan |
| *NOVA AIRWAYS* | 46 | NOV | Súdan |
| *SUDAN AIRWAYS CO.* | 1 | SUD | Súdan |
| *SUN AIR* | 51 | SNR | Súdan |
| *TARCO AIR* | 56 | TRQ | Súdan“. |

*II. VIÐAUKI*

*„VIÐAUKI B*

**SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM SÆTA REKSTRARTAKMÖRKUNUM INNAN SAMBANDSINS** [1]

| **Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)** | **Númer flugrekandaskírteinis (AOC)** | **Þriggja stafa ICAO-kóði** | **Ríki flugrekanda** | **Tegund loftfars sem sætir takmörkunum** | **Skrásetningarmerki og, ef það er fyrir hendi, framleiðsluraðnúmer þeirra loftfara sem sæta takmörkunum** | **Skráningarríki** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *AIR SERVICE COMORES* | 06-819/TA-15/DGACM | KMD | Kómorur | Öll loftför, að undanskildum: LET 410 UVP. | Öll loftför, að undanskildum: D6-CAM (851336). | Kómorur |
| *IRAN AIR* | FS100 | IRA | Íran | Öll loftför af tegundinni Fokker F100 og af tegundinni Boeing B747. | Loftför af tegundinni Fokker F100, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteininu; loftför af tegundinni Boeing B747, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteininu | Íran |
| *AIR KORYO* | GAC-AOC/KOR-01 | KOR | Norður-Kórea | Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni TU-204. | Öll loftför, að undanskildum: P-632, P-633. | Norður-Kórea“. |

(1) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka B, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/411** **2021/EES/71/37**

**frá 19. nóvember 2019**

**um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðins 2009/45/EB um öryggisreglur og -staðla fyrir farþegaskip að því er varðar öryggiskröfur fyrir farþegaskip í innanlandssiglingum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB frá 6. maí 2009 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip ([1]), einkum 2. mgr. 10. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Gerðar hafa verið breytingar á alþjóðasamningunum sem um getur í a-lið 2. gr. tilskipunar 2009/45/EB. Ítarleg endurskoðun á tæknilegum þáttum hefur einnig sýnt að sumum fyrri breytingum á alþjóðasamningunum hefur verið sleppt.

2) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2108 ([2]) voru gerðar breytingar á skilgreiningu á „jafngildu efni“ til að taka til álskipa innan gildissviðs tilskipunar 2009/45/EB. Til að tryggja samræmda framkvæmd er nauðsynlegt að setja fram ýmsar tæknilegar útskýringar í viðaukana við tilskipun 2009/45/EB að því er varðar álskip.

3) Í tilskipun (ESB) 2017/2108 hafa farþegaskip, sem eru styttri en 24 metrar að lengd, enn fremur verið undanþegin gildissviði tilskipunar 2009/45/EB. Því ætti að fella tæknilegar kröfur fyrir þau skip brott úr I. viðauka við tilskipun 2009/45/EB.

4) Reynslan hefur sýnt að ýmiss konar tvíræðni og ósamræmi er í tæknilegu kröfunum í tengslum við tilvísanir sem vantar eða tilvísanir sem eru rangar.

5) Komið hefur í ljós í tengslum við áætlun um markvissa og skilvirka löggjöf (REFIT) að úrelta eyðublaðið í I. viðauka við tilskipun 2009/45/EB hefur haft í för með sér að mjög erfitt er orðið að bera öryggisstaðla fyrir farþegaskip í innanlandssiglingum saman við gildandi alþjóðlegar kröfur. Í REFIT-gæðaeftirlitinu voru tilmæli um að einfalda þann viðauka til að gera hann læsilegri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 83, 19.3.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 163, 25.6.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2108 frá 15. nóvember 2017 um breytingu á tilskipun ráðsins 2009/45/EB um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip (Stjtíð. ESB L 315, 30.11.2017, bls. 40).

6) Með hliðsjón af þessari einföldun og meiri læsileika, jafnframt því að uppfæra tæknilegar kröfur, er talið viðeigandi að skipta I. viðauka við tilskipun 2009/45/EB upp í tvo hluta, þar sem annar hlutinn gildir um skip þar sem kjölurinn var lagður eða sem voru á svipuðu smíðastigi fyrir 19. september 2021 og hinn hlutinn gildir um skip þar sem kjölurinn var lagður eða sem voru á svipuðu smíðastigi 19. september 2021 eða síðar. Í 1. þætti I. viðauka skulu vera mikilvægustu uppfærslurnar að því er varðar niðurfellingu allra ákvæða um farþegaskip, sem eru undir 24 metrum að lengd, ákvæða um varnir gegn hávaða, verklagsreglna um dráttaraðgerð í neyðartilvikum og krafna varðandi skip sem nota eldsneyti með lágu blossamarki.

7) Reynslan af tilskipun 2009/45/EB hefur sýnt að það gæti tekið allt að 30 mánuði að leiða hverja uppfærslu af alþjóðlegum reglum í landslög. Í niðurstöðu REFIT-gæðaeftirlitsins hefur því verið mælst til þess að kannað verði hvort unnt væri að hraða núgildandi uppfærsluferli til að draga úr lögleiðingarkostnaði fyrir aðildarríkin. Reynslan af framkvæmd annarra tilskipana á þessu sviði hefur sýnt að uppfærsla tæknilegra krafna með hjálp reglugerðar styttir tímann sem það tekur að aðlaga endurskoðaðar kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og losar aðildarríkin undan kostnaði við lögleiðingu. Því ætti að fastsetja tæknilegar öryggiskröfur og samsvarandi skírteiniseyðublöð, sem mælt er fyrir um í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2009/45/EB, með hjálp reglugerðar.

8) Til að veita rekstraraðilum nægan tíma til laga sig að hinum breyttu tæknilegu kröfum, sem er að finna í viðaukunum við þessa reglugerð, sem og að gera aðildarríkjunum kleift að fella úr gildi landsbundnar ráðstafanir sínar til að lögleiða viðaukana við tilskipun 2009/45/EB, ásamt því að aðlaga ákvæði landslaga sinna til að tryggja að hinar breyttu tæknilegu kröfur virki sem skyldi, ætti að fresta gildistökudegi þeirra.

9) Því ætti að breyta tilskipun 2009/45/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Tilskipun 2009/45/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað I. viðauka kemur texti I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Í stað II. viðauka kemur texti II. viðauka við þessa reglugerð.

3) Í stað III. viðauka kemur texti III. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 19. september 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. nóvember 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

*EFNISYFIRLIT*

*I. VIÐAUKI* ..... 302

1. ÞÁTTUR ..... 302

Öryggiskröfur fyrir ný og gömul farþegaskip í innanlandssiglingum þar sem kjölurinn var lagður eða sem voru á svipuðu smíðastigi fyrir 19. september 2021. ..... 302

I. KAFLI ..... 302

ALMENN ÁKVÆÐI ..... 302

KAFLI II-1 ..... 303

SMÍÐI — NIÐURHÓLFUN OG STÖÐUGLEIKI, VÉLBÚNAÐUR OG RAFBÚNAÐUR ..... 303

A-HLUTI ..... 303

ALMENNT ..... 303

1. Regla II-1/A/1: Skilgreiningar varðandi B-hluta (R 2) ..... 303

2. Regla II-1/A/2: Skilgreiningar varðandi C-, D- og E-hluta (R 3) ..... 304

HLUTI A-1 ..... 305

BURÐARVIRKI SKIPA ..... 305

1. Regla II-1/A-1/1: Nýr búnaður úr efni sem inniheldur asbest (R 3-5) ..... 305

2. Regla II-1/A-1/2: Smíðateikningar varðveittar um borð og í landi (R 3-7) ..... 305

3. Regla II-1/A-1/3: Dráttar- og legufærabúnaður (R 3-8) ..... 305

4. Regla II-1/A-1/4: Varnir gegn hávaða (R 3-12) ..... 306

5. Regla II-1/A-1/5: Verklagsreglur um dráttaraðgerð í neyðartilvikum (R 3-4) ..... 306

B-HLUTI ..... 306

STÖÐUGLEIKI Í ÓLEKU ÁSTANDI, NIÐURHÓLFUN OG STÖÐUGLEIKI Í LÖSKUÐU ÁSTANDI ..... 306

Hluti B-1 ..... 306

Skip smíðuð 1. janúar 2009 eða síðar – valkvæð beiting ályktunar MSC.216(82) ..... 306

Hluti B-2 ..... 306

Skip smíðuð fyrir 1. janúar 2009 ..... 306

1. Regla II-1/B-2/1: Stöðugleiki í óleku ástandi, ályktun A.749(18) eins og henni var breytt með ályktun MSC.75(69) ..... 306

2. Regla II-1/B-2/2: Vatnsþétt niðurhólfun ..... 307

3. Regla II-1/B-2/3: Kaflengd (R 4) ..... 307

4. Regla II-1/B-2/4: Leyfileg lengd hólfa (R 6) ..... 308

5. Regla II-1/B-2/5: Þéttleiki (R 5) ..... 308

6. Regla II-1/B-2/6: Niðurhólfunarstuðull ..... 308

7. Regla II-1/B-2/7: Sérkröfur varðandi niðurhólfun skips (R 7) ..... 308

8. Regla II-1/B-2/8: Stöðugleiki í löskuðu ástandi (R 8) ..... 308

8-1 Regla II-1/B-2/8-1: Stöðugleiki ekjufarþegaskipa í löskuðu ástandi (R 8-1) ..... 313

8-2 Regla II-1/B-2/8-2: Sérkröfur varðandi ekjufarþegaskip sem mega flytja 400 manns eða fleiri (R 8-2) ..... 313

8-3 Regla II-1/B-2/8-3: Sérkröfur varðandi farþegaskip, önnur en ekjufarþegaskip, sem mega flytja 400 manns eða fleiri 314

9. Regla II-1/B-2/9: Þil í fremstu og öftustu lest og vélarúmi (R 10) ..... 314

10. Regla II-1/B-2/10: Tvöfaldur botn (R 12) ..... 315

11. Regla II-1/B-2/11: Ákvörðun, merking og skráning hleðslumerkja niðurhólfunar (R 13) ..... 316

12. Regla II-1/B-2/12: Smíði og fyrsta prófun vatnsþéttra þilja o.s.frv. (R 14) ..... 316

13. Regla II-1/B-2/13: Op á vatnsþéttum þiljum (R 15) ..... 317

14. Regla II-1/B-2/14: Skip sem flytja vöruflutningabifreiðar og starfsmenn þeirra (R 16) ..... 322

15. Regla II-1/B-2/15: Op í byrðingsplötum neðan við kaflínu (R 17) ..... 322

16. Regla II-1/B-2/16: Vatnsþéttni farþegaskipa ofan kaflínu (R 20) ..... 324

17. Regla II-1/B-2/17: Lokun farmhleðsludyra (R 20-1) ..... 324

17-1 Regla II-1/B-2/17-1: Vatnsþéttni milli ekjuþilfars (skilrúmsþilfars) og rýma fyrir neðan (R 20-2) ..... 325

17-2 Regla II-1/B-2/17-2: Aðgangur að ekjuþilförum (R 20-3) ..... 325

17-3 Regla II-1/B-2/17-3: Lokun þilja á ekjuþilfari (R 20-4) ..... 325

18. Regla II-1/B-2/18: Upplýsingar um stöðugleika (R 22) ..... 326

19. Regla II-1/B-2/19: Áætlanir um aðgerðir vegna leka (R 23) ..... 326

20. Regla II-1/B-2/20: Þéttleiki bols og yfirbyggingar, lekavarnir og lekastjórnun (R 23-2) ..... 326

21. Regla II-1/B-2/21: Merking, tímabundin notkun og reglubundin aðalskoðun vatnsþéttra hurða o.s.frv. (R 24) ..... 327

22. Regla II-1/B-2/22: Færslur í dagbók (R 25) ..... 327

23. Regla II-1/B-2/23: Lyftanlegir pallar og skábrautir fyrir bifreiðar ..... 327

24. Regla II-1/B-2/24: Handrið ..... 327

C-HLUTI ..... 327

VÉLBÚNAÐUR ..... 327

1. Regla II-1/C/1: Almennt (R 26) ..... 327

2. Regla II-1/C/2: Brunahreyflar (R 27) ..... 328

3. Regla II-1/C/3: Austurkerfi (R 21) ..... 328

4. Regla II-1/C/4: Fjöldi og gerð austurdælna (R 21) ..... 330

5. Regla II-1/C/5: Búnaður til að knýja aftur á bak (R 28) ..... 331

6. Regla II-1/C/6: Stýrisbúnaður (R 29) ..... 331

7. Regla II-1/C/7: Viðbótarkröfur fyrir rafknúinn og raf- og vökvadrifinn stýrisbúnað (R 30) ..... 333

8. Regla II-1/C/8: Loftræstikerfi í vélarúmum (R 35) ..... 334

9. Regla II-1/C/9: Samband milli stjórnpalls og vélarúms (R 37) ..... 334

10. Regla II-1/C/10: Viðvörunarbúnaður fyrir vélstjóra (R 38) ..... 334

11. Regla II-1/C/11: Staðsetning neyðarbúnaðar (R 39) ..... 334

12. Regla II-1/C/12: Stjórntæki véla (R 31) ..... 335

13. Regla II-1/C/13: Gufulagnakerfi (R 33) ..... 337

14. Regla II-1/C/14: Þrýstiloftskerfi (R 34) ..... 337

15. Regla II-1/C/15: Varnir gegn hávaða (R 36) ..... 337

16. Regla II-1/C/16: Lyftur ..... 337

D-HLUTI ..... 338

RAFBÚNAÐUR ..... 338

1. Regla II-1/D/1: Almennt (R 40) ..... 338

2. Regla II-1/D/2: Aðalrafaflgjafi og lýsing (R 41) ..... 338

3. Regla II-1/D/3: Neyðarrafaflgjafi (R 42) ..... 339

4. Regla II-1/D/4: Viðbótarneyðarlýsing fyrir ekjuskip (R 42-1) ..... 340

5. Regla II-1/D/5: Varúðarráðstafanir gegn raflosti, eldi og öðrum hættum af völdum rafmagns (R 45) ..... 340

E-HLUTI ..... 342

VIÐBÓTARKRÖFUR VARÐANDI SKIP SEM ERU SMÍÐUÐ ÞANNIG AÐ VÉLARÚM ERU ÓMÖNNUÐ TÍMABUNDIÐ ..... 342

Sérstakt mat (R 54) ..... 342

1. Regla II-1/E/1: Almennt (R 46) ..... 342

2. Regla II-1/E/2: Brunavarnir (R 47) ..... 342

3. Regla II-1/E/3: Vörn gegn flæði (R 48) ..... 342

4. Regla II-1/E/4: Stjórnun framdrifsvéla frá stjórnpalli (R 49) ..... 343

5. Regla II-1/E/5: Samskipti (R 50) ..... 343

6. Regla II-1/E/6: Viðvörunarkerfi (R 51) ... 343

7. Regla II-1/E/7: Öryggiskerfi (R 52) ... 344

8. Regla II-1/E/8: Sérkröfur um vélbúnað, katla og rafbúnað (R 53) ... 344

9. Regla II-1/E/9: Sjálfvirkt stýri- og viðvörunarkerfi (R 53.4) ... 344

G-HLUTI ... 345

Skip sem nota eldsneyti með lágu blossamarki ... 345

1. Regla II-1/G/1: Kröfur varðandi skip sem nota eldsneyti með lágu blossamarki (R 57) ... 345

KAFLI II-2 ... 345

ELDVARNIR, ELDSKYNJUN OG SLÖKKVIBÚNAÐUR ... 345

A-HLUTI ... 345

ALMENNT ... 345

1. Regla II-2/A/1: Meginreglur (R 2) ... 345

2. Regla II-2/A/2: Skilgreiningar (R 3) ... 346

3. Regla II-2/A/3: Slökkvidælur, aðalbrunalagnir, brunahanar, brunaslöngur og stútar (R 4) ... 351

4. Regla II-2/A/4: Föst slökkvikerfi (R 5 + 8 + 9 + 10) ... 353

5. Regla II-2/A/5: Handslökkvitæki (R 6) ... 357

6. Regla II-2/A/6: Slökkvikerfi í vélarúmum (R 7) ... 358

7. Regla II-2/A/7: Sérstakt fyrirkomulag í vélarúmum (R 11) ... 360

8. Regla II-2/A/8: Sjálfvirkt úðakerfi (sprinkler), eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi (R 12) ... 360

9. Regla II-2/A/9: Fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi (R 13) ... 362

10. Regla II-2/A/10: Fyrirkomulag varðandi eldsneytisolíu, smurolíu og aðrar eldfimar olíutegundir (R 15) ... 365

11. Regla II-2/A/11: Slökkvibúningur (R 17) ... 369

12. Regla II-2/A/12: Úðakerfi (sprinkler) (R 18) ... 370

13. Regla II-2/A/13: Brunavarnaráætlanir (R 20) ... 373

14. Regla II-2/A/14: Ástand búnaðar og viðhald ... 373

15. Regla II-2/A/15: Leiðbeiningar, þjálfun um borð og æfingar ... 374

16. Regla II-2/A/16: Rekstur ... 375

B-HLUTI ... 375

ELDVARNIR ... 375

1. Regla II-2/B/1: Burðarvirki (R 23) ... 375

2. Regla II-2/B/2: Lóðrétt afmörkuð aðalsvæði og lárétt svæði (R 24) ... 376

3. Regla II-2/B/3: Þil innan lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis (R 25) ..... 377

4. Regla II-2/B/4: Eldtraustleiki þilja og þilfara í nýjum skipum sem mega flytja fleiri en 36 farþega (R 26) ..... 377

5. Regla II-2/B/5: Eldtraustleiki þilja og þilfara í nýjum skipum sem mega flytja 36 farþega eða færri og gömlum skipum í flokki B sem mega flytja fleiri en 36 farþega (R 27) ..... 383

6. Regla II-2/B/6: Neyðarútgangar (R 28) ..... 388

6-1 Regla II-2/B/6-1: Undankomuleiðir um borð í ekjufarþegaskipum (R 28-1) ..... 392

7. Regla II-2/B/7: Gegnumtök og op á skilrúmum í flokki A og B (R 30, 31) ..... 393

8. Regla II-2/B/8: Vörn stigaganga og lyfta í vistarverum og þjónusturýmum (R 29) ..... 396

9. Regla II-2/B/9: Loftræstikerfi skipa sem eru smíðuð fyrir 1. janúar 2018 (R 32) ..... 397

9a Regla II-2/B/9a: Loftræstikerfi í skipum ..... 401

10. Regla II-2/B/10: Gluggar og kýraugu (R 33) ..... 404

11. Regla II-2/B/11: Takmörkuð notkun brennanlegra efna (R 34) ..... 405

12. Regla II-2/B/12: Ýmsir verkhlutar smíðinnar (R 35) ..... 406

13. Regla II-2/B/13: Föst eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi og sjálfvirktýringar-, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi (R 14) (R 36) ..... 407

14. Regla II-2/B/14: Vörn sérstakra rýma (R 37) ..... 408

15. Regla II-2/B/15: Brunavarsla, eldskynjun, viðvörunarbúnaður og kallkerfi (R 40) ..... 411

16. Regla II-2/B/16: Endurbætur gamalla skipa í flokki B sem mega flytja fleiri en 36 farþega (R 41-1) ..... 412

17. Regla II-2/B/17: Sérkröfur um skip sem flytja hættulegan farm (R 41) ..... 414

18. Regla II-2/B/18: Sérkröfur um þyrluaðstöðu ..... 414

III. KAFLI ..... 414

BJÖRGUNARBÚNAÐUR ..... 414

1. Regla III/1: Skilgreiningar (R 3) ..... 414

2. Regla III/2: Fjarskipti, björgunarför og léttbátar, einstaklingsbjörgunarbúnaður (R 6 + 7 + 18 + 21 + 22) ..... 414

3. Regla III/3: Neyðarviðvörunarkerfi, kallkerfi, söfnunarlistar og neyðarfyrirmæli, starfsfólk við þráðlaus fjarskipti, notkunarreglur, þjálfunarhandbók og leiðbeiningar um viðhald (R 6 + 8 + 9 + 19 + 20) ..... 416

4. Regla III/4: Mönnun björgunarfara og verkstjórn (R 10) ..... 418

5. Regla III/5: Samsöfnun í björgunarför og hvernig farið skal um borð í þau (R 11 + 23 + 25) ..... 418

5-1 Regla III/5-1: Kröfur varðandi ekjufarþegaskip (R 26) ..... 419

5-2 Regla III/5-2: Þyrlupallar og svæði þaðan sem fólki er lyft um borð í þyrlur (R 28) ..... 421

5-3 Regla III/5-3: Stoðkerfi fyrir ákvarðanir skipstjóra (R 29) ..... 421

6. Regla III/6: Sjósetningarstaðir (R 12) ..... 422

7. Regla III/7: Geymsla björgunarfara (R 13 + 24) ..... 422

8. Regla III/8: Geymsla léttbáta (R 14) ..... 423

8a Regla III/8a: Geymsla kerfis til rýmingar skips (R 15) ..... 423

9. Regla III/9: Fyrirkomulag við sjósetningu og upptöku björgunarfara (R 16) ..... 423

10. Regla III/10: Fyrirkomulag á því að fara um borð í, sjósetja og taka upp léttbáta (R 17) ..... 424

10a Regla III/10a: Björgun fólks úr sjó ..... 425

11. Regla III/11: Neyðarfyrirmæli (R 19) ..... 425

12. Regla III/12: Ástand búnaðar, viðhald og skoðanir (R 20) ..... 425

13. Regla III/13: Þjálfun í að yfirgefa skip og æfingar (R 19 + R 30) ..... 425

14. Regla III/14: Skráning (R 19.5) ..... 426

IV. KAFLI ..... 427

ÞRÁÐLAUS FJARSKIPTI ..... 427

1. Regla IV/1: Þráðlaus fjarskiptabúnaður ..... 427

2. ÞÁTTUR ..... 427

Öryggiskröfur fyrir ný farþegaskip í innanlandssiglingum þar sem kjölurinn var lagður eða sem voru á svipuðu smíðastigi 19. september 2021 eða síðar. ..... 427

I. KAFLI ..... 427

ALMENN ÁKVÆÐI ..... 427

KAFLI II-1 ..... 428

SMÍÐI — BURÐARVIRKI, NIÐURHÓLFUN OG STÖÐUGLEIKI, VÉLBÚNAÐUR OG RAFBÚNAÐUR ..... 428

A-HLUTI ..... 428

ALMENNT ..... 428

Regla II-1/A/3: Skilgreiningar varðandi hluta A-1 og C-, D- og E-hluta ..... 428

HLUTI A-1 ..... 429

BURÐARVIRKI SKIPA ..... 429

Regla II-1/A-1/3-2: Varnarhúð á sérnota sjókjölfestugeymum ..... 429

Regla II-1/A-1/3-4: Verklagsreglur um dráttaraðgerð í neyðartilvikum ..... 429

Regla II-1/A-1/3-5: Nýr búnaður úr efni sem inniheldur asbest ..... 429

Regla II-1/A-1/3-7: Smíðateikningar varðveittar um borð og í landi ..... 430

Regla II-1/A-1/3-8: Dráttar- og legufærabúnaður ..... 430

Regla II-1/A-1/3-9: Búnaður til að komast um borð í skip og frá borði ..... 430

Regla II-1/A-1/3-12: Varnir gegn hávaða ..... 430

B-HLUTI ..... 431

STÖÐUGLEIKI Í ÓLEKU ÁSTANDI, NIÐURHÓLFUN OG STÖÐUGLEIKI Í LÖSKUÐU ÁSTANDI ..... 431

C-HLUTI ..... 431

VÉLBÚNAÐUR ..... 431

Regla II-1/C/26: Almennt ..... 431

Regla II-1/C/27: Brunahreyflar ..... 431

Regla II-1/C/28: Búnaður til að knýja aftur á bak ..... 431

Regla II-1/C/29: Stýrisbúnaður ..... 431

Regla II-1/C/30: Viðbótarkröfur fyrir rafknúinn og raf- og vökvadrifinn stýrisbúnað ..... 434

Regla II-1/C/31: Stjórntæki véla ..... 434

Regla II-1/C/33: Gufulagnakerfi ..... 435

Regla II-1/C/34: Þrýstiloftskerfi ..... 436

Regla II-1/C/35: Loftræstikerfi í vélarúmum ..... 436

Regla II-1/C/35-1: Austurkerfi ..... 436

Regla II-1/C/37: Samband milli stjórnpalls og vélarúms ..... 439

Regla II-1/C/38: Viðvörunarbúnaður fyrir vélstjóra ..... 439

Regla II-1/C/39: Staðsetning neyðarbúnaðar ..... 439

D-HLUTI ..... 440

RAFBÚNAÐUR ..... 440

Regla II-1/D/40: Almennt ..... 440

Regla II-1/D/41: Aðalrafaflgjafi og lýsing ..... 440

Regla II-1/D/42: Neyðarrafaflgjafi ..... 440

Regla II-1/D/42-1: Viðbótarneyðarlýsing fyrir ekjuskip ..... 442

Regla II-1/D/44: Ræsibúnaður fyrir neyðarrafalasamstæður ..... 442

Regla II-1/D/45: Varúðarráðstafanir gegn raflosti, eldi og öðrum hættum af völdum rafmagns ..... 443

E-HLUTI ..... 444

VIÐBÓTARKRÖFUR VARÐANDI SKIP SEM ERU SMÍÐUÐ ÞANNIG AÐ VÉLARÚM ERU ÓMÖNNUÐ TÍMABUNDIÐ ..... 444

Regla II-1/E/46: Almennt ..... 444

Regla II-1/E/47: Brunavarnir ..... 444

Regla II-1/E/48: Vörn gegn flæði ..... 444

Regla II-1/E/49: Stjórnun framdrifsvéla frá stjórnpalli ..... 445
Regla II-1/E/50: Samskipti ..... 445
Regla II-1/E/51: Viðvörunarkerfi ..... 445
Regla II-1/E/52: Öryggiskerfi ..... 446
Regla II-1/E/53: Sérkröfur um vélbúnað, katla og rafbúnað ..... 446
Regla II-1/E/54: Sérstakt mat ..... 446
G-HLUTI ..... 447
Skip sem nota eldsneyti með lágu blossamarki ..... 447
Regla II-1/G/57: Kröfur varðandi skip sem nota eldsneyti með lágu blossamarki ..... 447
Z-HLUTI ..... 447
SÉRKRÖFUR Í TILSKIPUN 2009/45/EB ..... 447
Regla II-1/Z/100: Lyftanlegir pallar og skábrautir fyrir bifreiðar ..... 447
Regla II-1/Z/101: Handrið ..... 447
Regla II-1/Z/102: Lyftur ..... 447
KAFLI II-2 ..... 447
ELDVARNIR, ELDSKYNJUN OG SLÖKKVIBÚNAÐUR ..... 447
A-HLUTI ..... 447
ALMENNT ..... 447
Regla II-2/A/1: Beiting ..... 447
Regla II-2/A/2: Brunavarnamarkmið og virknikröfur ..... 448
Regla II-2/A/3: Skilgreiningar ..... 448
B-HLUTI ..... 452
VARNIR GEGN ELD- OG SPRENGIHÆTTU ..... 452
Regla II-2/B/4: Líkindi á íkviknun ..... 452
Regla II-2/B/5: Möguleg eldsútbreiðsla ..... 457
Regla II-2/B/6: Möguleg reykmyndun og eiturhrif ..... 458
C-HLUTI ..... 459
ELDI HALDIÐ Í SKEFJUM ..... 459
Regla II-2/C/7: Eldskynjun og -viðvörun ..... 459
Regla II-2/C/8: Takmörkun útbreiðslu reyks ..... 461
Regla II-2/C/9: Einangrun elds ..... 462
Regla II-2/C/10: Slökkvistarf ..... 484
Regla II-2/C/11: Heilleiki burðarvirkis ..... 492

D-HLUTI ..... 493

UNDANKOMA ..... 493

Regla II-2/D/12: Tilkynning til áhafnar og farþega ..... 493

Regla II-2/D/13: Neyðarútgangar ..... 494

E-HLUTI ..... 499

KRÖFUR VARÐANDI REKSTUR ..... 499

Regla II-2/E/14: Ástand búnaðar og viðhald ..... 499

Regla II-2/E/15: Leiðbeiningar, þjálfun um borð og æfingar ..... 500

Regla II-2/E/16: Rekstur ..... 501

G-HLUTI ..... 502

SÉRKRÖFUR ..... 502

Regla II-2/G/18: Sérkröfur um þyrluaðstöðu ..... 502

Regla II-2/G/19: Sérkröfur um skip sem flytja hættulegan farm ..... 502

Regla II-2/G/20: Vörn sérstakra rýma og ekjufarmrýma ..... 502

III. KAFLI ..... 506

BJÖRGUNARBÚNAÐUR ..... 506

Regla III/1: Skilgreiningar (R 3) ..... 506

Regla III/2: Fjarskipti, björgunarför og léttbátar, einstaklingsbjörgunarbúnaður (R 6 + 7 + 18 + 21 + 22) ..... 506

Regla III/3: Neyðarviðvörunarkerfi, kallkerfi, söfnunarlistar og neyðarfyrirmæli, starfsfólk við þráðlaus fjarskipti, notkunarreglur, þjálfunarhandbók og leiðbeiningar um viðhald (R 6 + 8 + 9 + 19 + 20) ..... 508

Regla III/4: Mönnun björgunarfara og verkstjórn (R 10) ..... 510

Regla III/5: Samsöfnun í björgunarför og hvernig farið skal um borð í þau (R 11 + 23 + 25) ..... 510

Regla III/5-1: Kröfur varðandi ekjufarþegaskip (R 26) ..... 511

Regla III/5-2: Þyrlupallar og svæði þaðan sem fólki er lyft um borð í þyrlur (R 28) ..... 512

Regla III/5-3: Stoðkerfi fyrir ákvarðanir skipstjóra (R 29) ..... 512

Regla III/6: Sjósetningarstaðir (R 12) ..... 513

Regla III/7: Geymsla björgunarfara (R 13 + 24) ..... 513

Regla III/8: Geymsla léttbáta (R 14) ..... 514

Regla III/8a: Geymsla kerfis til rýmingar skips (R 15) ..... 514

Regla III/9: Fyrirkomulag við sjósetningu og upptöku björgunarfara (R 16) ..... 514

Regla III/10: Fyrirkomulag á því að fara um borð í, sjósetja og taka upp léttbáta (R 17) ..... 515
Regla III/10a: Björgun fólks úr sjó ..... 515
Regla III/11: Neyðarfyrirmæli (R 19) ..... 515
Regla III/12: Ástand búnaðar, viðhald og skoðanir (R 20) ..... 516
Regla III/13: Þjálfun í að yfirgefa skip og æfingar (R 19 + R 30) ..... 516
Regla III/14: Skráning (R 19.5) ..... 517
IV. KAFLI ..... 517
ÞRÁÐLAUS FJARSKIPTI ..... 517
Regla IV/1: Þráðlaus fjarskiptabúnaður ..... 517

*I. VIÐAUKI*

*„I. VIÐAUKI*

1. ÞÁTTUR

**Öryggiskröfur fyrir ný og gömul farþegaskip í innanlandssiglingum þar sem kjölurinn var lagður eða sem voru á svipuðu smíðastigi fyrir 19. september 2021**

I. KAFLI

**ALMENN ÁKVÆÐI**

1. Ákvæði 1. þáttar gilda um ný og gömul farþegaskip þar sem kjölurinn var lagður eða sem voru á svipuðu smíðastigi fyrir 19. september 2021.

4. Gömul skip í flokki C og D þurfa ekki að uppfylla reglur í kafla II-1 og II-2 í þessum þætti, að því tilskildu að stjórnvald fánaríkisins, sem þessum skipum er heimilt að sigla undir fána hjá, sjái til þess að þau fari eftir innlendum reglum fánaríkisins og að slíkar reglur tryggi jafngilt öryggisstig og þær reglur sem gilda um ný skip í flokki C og D eða gömul skip í flokki B.

6. Óháð því sem kveðið er á um í b-lið í grein 6.1 þurfa skip í flokki D, sem ekki sigla út fyrir hafsvæði A 1, eins og það er skilgreint í reglu IV/2.12 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, ekki að fara að flutningskröfum IV. kafla SOLAS-samþykktarinnar frá 1974 en þau skulu a.m.k. fara að ákvæðum IV. kafla þessa viðauka.

7. Ákvæði um skyggni frá stjórnpalli í reglu V/22 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, skulu, að því marki sem telja má sanngjarnt og framkvæmanlegt, einnig gilda um skip sem eru styttri en 55 metrar að lengd, eins og „lengd“ er skilgreind í reglu V/2 í SOLAS- samþykktinni frá 1974.

8. Þar sem þess er krafist í þessum þætti að IMO-ályktun sé beitt gagnvart gömlum skipum þurfa skip, sem eru smíðuð allt að tveimur árum eftir þann dag þegar Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti ályktunina, ekki að vera í samræmi við ályktunina, að því tilskildu að þau séu í samræmi við viðeigandi eldri ályktun eða ályktanir, séu þær fyrir hendi.

10. Ábendingin „(R . . .)“, sem fylgir allmörgum fyrirsögnum reglna í þessum þætti, vísar til reglna SOLAS-samþykktarinnar frá 1974, en á henni eru fyrrnefndu reglurnar byggðar, þ.e.:

.1 Kafli II-1: í hluta A-1 er vísað til SOLAS-samþykktarinnar, þ.m.t. breytingar frá 2006.

.2 Kafli II-1: í A- og B-hluta er vísað til SOLAS-samþykktarinnar, þ.m.t. breytingar frá 96/98.

.3 Kafli II-2: í reglu II-2/A/1 og II-2/A/2 í A-hluta er vísað til SOLAS-samþykktarinnar, þ.m.t. breytingar frá 1999/2000. í reglu II-2/A/1 í 3. lið er vísað til F-hluta (Önnur hönnun og fyrirkomulag) endurskoðaðs kafla II-2 (breytingar frá 2000) SOLAS-samþykktarinnar frá 1974, fyrir ný skip sem eru smíðuð 1. janúar 2003 eða síðar. Kafli II-2: í reglu II-2/A/3 – II-2/A/16 í A-hluta og reglu II-2/B/1 – II-2/B/18 í B-hluta er vísað til SOLAS-samþykktarinnar, þ.m.t. breytingar frá 96/98.

.4 III. kafli: vísað er til SOLAS-samþykktarinnar, breytinga frá 96/98 og breytinga frá 2001–2003.

11. Ákvæði sem gilda um skip í flokki A er að finna í:

reglu II-1/A-1/1 í kafla II-1/A-1,

reglu II-1/B-2/1, II-1/B-2/23 og II-1/B-2/24 í kafla II-1/B-2,

reglu II-1/C/1, II-1/C/3 og II-1/C/16 í kafla II-1/C,

reglu II-2/A/4, II-2/A/9 og II-2/A/12 í kafla II-2/A og

reglu II-2/B/6 í kafla II-2/B.

12. Ákvæði, sem gilda um ekjufarþegaskip í flokki A, í:

reglu II-1/B-2/17-2 og II-1/B-2/20 í kafla II-1/B-2.

KAFLI II-1

**SMÍÐI — NIÐURHÓLFUN OG STÖÐUGLEIKI, VÉLBÚNAÐUR OG RAFBÚNAÐUR**

*A-HLUTI*

***ALMENNT***

1. **Regla II-1/A/1: Skilgreiningar varðandi B-hluta (R 2)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 .1 Hleðslumerki niðurhólfunar er vatnslínan sem er lögð til grundvallar þegar ákvarða skal niðurhólfun skipsins.

.2 Dýpsta (efsta) hleðslumerki niðurhólfunar er vatnslínan, sem svarar til mestu djúpristu, sem er leyfð samkvæmt viðeigandi kröfum varðandi niðurhólfun.

.2 Lengd skipsins er lengd mæld milli lóðlína sem eru við enda dýpstu (efstu) hleðslumerkja niðurhólfunar.

.3 Breidd skipsins er mesta breidd á milli banda utanvert, mæld við eða undir dýpsta (efsta) hleðslumerki niðurhólfunar.

.4 Djúprista er lóðrétt fjarlægð frá mótaðri grunnlínu miðskipa að viðkomandi hleðslumerki niðurhólfunar.

.5 Burðargeta er munur í tonnum talið milli sæþunga skips, í vatni með eðlisþyngdina 1,025 við hleðsluvatnslínu sem svarar til skilgreinds sumarfríborðs, og eigin þyngdar skipsins.

.6 Eigin þyngd er sæþungi skips í tonnum án farms, eldsneytis, smurolíu, sjókjölfestu, ferskvatns og veituvatns í geymum, vista og án farþega og áhafnar og persónulegra muna þeirra.

.7 Skilrúmsþilfar er efsta þilfarið sem vatnsþétt þil um þvert skip ná upp undir.

.8 Kaflína er lína dregin a.m.k. 76 mm undir efri brún skilrúmsþilfars við skipshlið.

.9 Þéttleiki rýmis er sá hundraðshluti rýmisins sem getur fyllst af vatni. Mæla skal rúmtak rýmisins, sem nær upp fyrir kaflínu, upp að henni og ekki hærra.

.10 Vélarúm nær frá mótaðri grunnlínu að kaflínu og er á milli ystu vatnsþéttu aðalþiljanna sem liggja um þvert skip og afmarka rýmin þar sem aðalframdrifsvélar og hjálparvélar og katlarnir, sem nýtast til knúnings, eru höfð.

.11 Farþegarými er það rými sem er ætlað til íbúðar og afnota fyrir farþega, en þó eru ekki meðtalin rými fyrir farangur, geymslu, matvæli og póst.

.12 Vatnsþéttur merkir, með tilliti til smíði, að vatn eða sjór kemst ekki í gegnum burðarvirkið, á hvorn veginn sem er, við þann vatnsþrýsting sem gera má ráð fyrir í óleku eða löskuðu ástandi skipsins.

.13 Veðurþéttur merkir að vatn eða sjór kemst ekki inn í skipið hvernig sem sjólag er.

.14 Ekjufarþegaskip er farþegaskip með ekjufarmrými eða sérstök rými eins og þau eru skilgreind í reglu II-2/A/2.

2. **Regla II-1/A/2: Skilgreiningar varðandi C-, D- og E-hluta (R 3)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 .1 Stjórnkerfi fyrir stýrisbúnað er búnaður sem er notaður til að senda fyrirmæli frá stjórnpalli til aflvélar stýrisbúnaðar. Í stjórnkerfi stýrisbúnaðar eru sendar, móttökubúnaður, stjórnolíudælur og tilheyrandi hreyflar, hreyflastillar, lagnir og kaplar.

.2 Aðalstýrisbúnaður er vélbúnaðurinn, stýrihreyfiliðar, aflvél stýrisbúnaðar, ef hún er fyrir hendi, og hjálparbúnaður og tæki til að yfirfæra snúningsátak á stýrisásinn (t.d. stýrissveif eða stýriskvaðrantur), sem nauðsynlegur er til að hreyfa stýrið, í þeim tilgangi að stýra skipinu við venjulegar þjónustuaðstæður.

.2 Aflvél stýrisbúnaðar er:

.1 í rafmagnsstýrisbúnaði: rafhreyfill og tilheyrandi rafbúnaður,

.2 í raf- og vökvadrifnum stýrisbúnaði: rafhreyfill og tilheyrandi rafbúnaður ásamt viðtengdri dælu,

.3 í vökvadrifnum stýrisbúnaði: aflvél ásamt viðtengdri dælu.

.3 Varastýrisbúnaður er búnaður, þó ekki hluti af aðalstýrisbúnaði, sem er nauðsynlegur til að stýra skipinu ef til bilunar kemur í aðalstýrisbúnaði, öðrum en stýrissveif, stýriskvaðranti eða íhlutum sem gegna sama hlutverki.

.4 Eðlilegar starfs- og dvalaraðstæður merkja að skipið sem heild, vélbúnaður, þjónustubúnaður, aðalframdrifs- og hjálparvélbúnaður, stýrisbúnaður og tilheyrandi tæki og búnaður til að tryggja örugga siglingu og til að takmarka brunahættu og hættu á vatnsflæði, búnaður til samskipta og merkjasendinga innan- og utanborðs, neyðarútgangar og vindur fyrir neyðarbáta, sé í lagi og starfi eðlilega og að hönnunarskilyrðum varðandi þægindi sé fullnægt.

.5 Neyðaraðstæður eru þær aðstæður þegar búnaður, sem er nauðsynlegur til að viðhalda eðlilegum starfs- og dvalaraðstæðum, starfar ekki vegna bilunar í aðalrafaflgjafa.

.6 Aðalrafaflgjafi er gjafi sem veitir rafafli til aðalraftöflu til dreifingar til alls nauðsynlegs búnaðar til að viðhalda eðlilegum starfs- og dvalaraðstæðum um borð.

.7 Vélarvana skip er ástand skips þar sem aðalframdrifsvélar, katlar og hjálparvélar eru ekki í gangi vegna skorts á afli.

.8 Aðalorkustöð er rýmið þar sem aðalrafaflgjafi er staðsettur.

.9 Aðalraftafla er tafla sem er tengd aðalrafaflgjafanum beint og ætluð til dreifingar á raforku til búnaðar skipsins.

.10 Neyðartafla er tafla sem fær orku beint frá neyðarrafaflgjafa eða bráðabirgðaneyðarafli verði bilun í aðalraforkukerfi og er ætluð til dreifingar á raforku til neyðarbúnaðar.

.11 Neyðarrafaflgjafi er rafaflgjafi sem á að veita orku til neyðartöflu verði bilun í aðalrafaflgjafa.

.12 Mesti notkunarhraði áfram er sá hraði sem skipið er hannað til að halda þegar það er á siglingu á hafi úti við mestu leyfilegu djúpristu þess.

.13 Mesti hraði aftur á bak er sá hraði sem áætlað er að skipið geti náð við hannað hámarksvélarafl aftur á bak við mestu leyfilegu djúpristu þess.

.14(a) Vélarúm eru öll vélarúm í flokki A svo og öll önnur rými sem í er vélbúnaður til að knýja skipið, katlar, eldsneytisolíubúnaður, gufuvélar og brunahreyflar, rafalar og aðalrafvélabúnaður, olíuáfyllistöðvar, kælivélabúnaður, andveltibúnaður, loftræsti- og loftjöfnunarbúnaður og sambærileg rými og stokkar sem liggja að þannig rýmum.

.14(b) Vélarúm í flokki A eru þau rými og stokkar sem liggja að þeim rýmum sem í eru:

.1 brunahreyflar, sem notaðir eru til meginframdrifs skipsins, eða

.2 brunahreyflar til annarra nota en til meginframdrifs skipsins þar sem heildarúttaksafl þess vélbúnaðar er a.m.k. 375 kW eða

.3 olíukyntur ketill eða eldsneytisolíubúnaður.

.15 Aflhreyfikerfi er vökvadrifinn búnaður sem veitir afli til að snúa stýrisás og samanstendur af aflvél eða -vélum stýrisbúnaðar, ásamt tilheyrandi lögnum og tengihlutum og stýrihreyfiliða. Í aflhreyfikerfum geta verið sameiginlegir vélaríhlutir, t.d. stýrissveif, stýriskvaðrantur og stýrisás eða íhlutir sem gegna sama hlutverki.

.16 Stjórnstöðvar eru þau rými þar sem fjarskiptabúnaður skipsins eða aðalsiglingatæki þess eru eða þar sem neyðaraflgjafinn er staðsettur eða þar sem brunaviðvörunarkerfinu eða slökkvibúnaðinum er stjórnað.

*HLUTI A-1*

***BURÐARVIRKI SKIPA***

1. **Regla II-1/A-1/1: Nýr búnaður úr efni sem inniheldur asbest (R 3-5)**

ÖLL SKIP

.1 Þessi regla II-1/A-1/1 gildir um efni sem notuð eru í burðarvirki, vélbúnað, raflagnir og búnað sem fellur undir reglur þessa viðauka .

.2 Nýr búnaður úr efni sem inniheldur asbest er bannaður í öllum skipum.

2. **Regla II-1/A-1/2: Smíðateikningar varðveittar um borð og í landi (R 3-7)**

SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2012 EÐA SÍÐAR:

.1 Um borð í öllum skipum, sem eru smíðuð 1. janúar 2012 eða síðar, skal vera sett af smíðateikningum, eins og það er smíðað, auk annarra teikninga sem sýna síðari breytingar á burðarvirkinu.

.2 Félagið, eins og það er skilgreint í reglu IX/1.2 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, skal eiga aukaeintak af slíkum teikningum í landi.

.3 Vísað er til IMO MSC/Circ. 1135 „Smíðateikningar, eins og skipið er smíðað, sem skulu varðveittar um borð í skipi og í landi“.

3. **Regla II-1/A-1/3: Dráttar- og legufærabúnaður (R 3-8)**

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. janúar 2012 EÐA SÍÐAR:

.1 Í skipum skal vera fyrirkomulag, búnaður og tengihlutir sem þola nægjanlegt vinnuálag til að tryggja öryggi allra dráttar- og legufæraaðgerða í tengslum við venjulega notkun skipsins.

.2 Fyrirkomulag, búnaður og tengihlutir, sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu vera í samræmi við staðla sem eru tilgreindir til flokkunar í reglum viðurkenndrar stofnunar eða jafngildum reglum sem stjórnvald starfar eftir í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2009/15/EB.

.3 Vísað er til IMO MSC/Circ. 1175 „leiðbeiningar um dráttar- og legufærabúnað um borð“.

.4 Allir fylgihlutir eða hluti búnaðar, sem kveðið er á um í þessari reglu II-1/A-1/3, skal greinilega merktur með öryggistengdum notkunartakmörkunum, að teknu tilliti til styrkleika festinga við burðarvirki skipsins.

4. **Regla II-1/A-1/4: Varnir gegn hávaða (R 3-12)**

SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2018 EÐA SÍÐAR:

.1 Skip sem eru 1600 brúttótonn að stærð eða stærri skulu smíðuð þannig að dregið sé úr hávaðastigi um borð og að starfsfólk sé verndað gegn hávaða, í samræmi við IMO-kóðann um hávaðastig um borð í skipum, sem var samþykktur með ályktun siglingaöryggisnefndarinnar MSC.337(91) og sem Alþjóðasiglingamálastofnunin má breyta.

5. **Regla II-1/A-1/5: Verklagsreglur um dráttaraðgerð í neyðartilvikum (R 3-4)**

SKIP Í FLOKKI B:

.1 Í skipum skal vera verklagsregla um dráttaraðgerð í neyðartilvikum sem varðar viðkomandi skip sérstaklega. Slík verklagsregla skal vera um borð í skipinu til nota í neyðartilvikum og skal byggjast á fyrirliggjandi fyrirkomulagi og búnaði sem er fyrir hendi um borð.

.2 Verklagsreglan (vísað er til „Leiðbeininga fyrir eigendur/rekstraraðila um að útbúa verklagsreglur um dráttaraðgerð í neyðartilvikum“ (MSC.1/Circ. 1255) skal fela í sér:

.1 teikningar af fram- og afturþilfari sem sýna mögulegt fyrirkomulag við dráttaraðgerð í neyðartilvikum,

.2 skrá yfir búnað um borð sem hægt er að nota við dráttaraðgerð í neyðartilvikum,

.3 samskiptabúnað og -aðferðir og

.4 dæmi um verklagsreglur til að greiða fyrir undirbúningi og framkvæmd dráttaraðgerðar í neyðartilvikum.

*B-HLUTI*

***STÖÐUGLEIKI Í ÓLEKU ÁSTANDI, NIÐURHÓLFUN OG STÖÐUGLEIKI Í LÖSKUÐU ÁSTANDI***

*Hluti B-1*

**Skip smíðuð 1. janúar 2009 eða síðar – valkvæð beiting ályktunar MSC.216(82)**

Að því er varðar skip í flokki B, C og D, þar sem kjölurinn var lagður 1. janúar 2009 eða síðar eða skipin voru á svipuðu smíðastigi á þeim degi, gilda kröfurnar í hluta B-2 eða, að öðrum kosti, viðeigandi ákvæði í B-hluta kafla II-I í SOLAS-samþykktinni eins og mælt er fyrir um í 2. viðauka við ályktun MSC 216(82).

*Hluti B-2*

**Skip smíðuð fyrir 1. janúar 2009**

1. **Regla II-1/B-2/1: Stöðugleiki í óleku ástandi, ályktun A.749(18) eins og henni var breytt með ályktun MSC.75(69)**

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D:

Allir flokkar nýrra skipa skulu uppfylla viðeigandi ákvæði um farþegaskip í kóðanum um stöðugleika í óleku ástandi sem samþykktur var með IMO-ályktun A.749(18), með áorðnum breytingum.

Telji aðildarríkin ekki við hæfi að beita viðmiðunum um mikinn vind og velting, sem kveðið er á um í IMO-ályktun A.749(18), með áorðnum breytingum, er heimilt að beita annarri aðferð sem tryggir viðunandi stöðugleika. Þau ættu að leggja fram sönnun um það hjá framkvæmdastjórninni sem staðfestir hvort jafngildu öryggisstigi sé náð.

GÖMUL SKIP Í FLOKKI A OG B

Öll gömul skip í flokki A og B skulu uppfylla, við öll hleðslutilvik, eftirfarandi viðmiðanir um stöðugleika eftir að tilhlýðileg leiðrétting hefur verið gerð vegna áhrifa óhefts yfirborðs vökva í geymum í samræmi við skilyrðin í lið .3.3 í IMO-ályktun A.749(18), með áorðnum breytingum, eða samsvarandi skilyrði.

a) Flöturinn undir réttiarmsboglínunni (GZ-boglínunni) skal ekki vera minni en:

i. 0,055 metraradíanar að 30° hallahorni,

ii. 0,09 metraradíanar að 40° hallahorni eða flæðihorni, þ.e. því hallahorni þar sem neðri brúnir opa á bol, yfirbyggingu eða þilfarshúsum, sem ekki er unnt að loka veðurþétt, eru byrjuð að færast í sjó ef það horn er minna en 40°,

iii. 0,03 metraradíanar milli hallahornanna 30 og 40° eða á milli 30° og flæðihornsins ef það horn er minna en 40°.

b) Réttiarmurinn GZ skal vera a.m.k. 0,20 metrar við hallahorn sem er jafnt og 30° eða stærra.

c) Hámarksréttiarmurinn GZ skal verða við hallahorn sem skal helst vera stærra en 30° og ekki minna en 25°.

d) Byrjunarmálmiðjuhæð þverskips skal ekki vera minni en 0,15 metrar.

Taka skal tillit til a.m.k. þeirra hleðslutilvika sem eru talin upp í lið 3.5.1.1 í IMO-ályktun A.749((18), með áorðnum breytingum, til þess að sannreyna að framangreind viðmið um stöðugleika séu uppfyllt.

Öll gömul skip í flokki A og B skulu einnig uppfylla þær viðbótarviðmiðanir sem eru tilgreindar í lið 3.1.2.6 (viðbótarviðmiðanir fyrir farþegaskip) og lið 3.2 (viðmiðanir um mikinn vind og velting) í IMO-ályktun A.749(18), með áorðnum breytingum.

Telji aðildarríkin ekki við hæfi að beita viðmiðunum um mikinn vind og velting, sem kveðið er á um í IMO-ályktun A.749(18), með áorðnum breytingum, er heimilt að beita annarri aðferð sem tryggir viðunandi stöðugleika. Þau ættu að leggja fram sönnun um það hjá framkvæmdastjórninni sem staðfestir hvort jafngildu öryggisstigi sé náð.

2. **Regla II-1/B-2/2: Vatnsþétt niðurhólfun**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Öll skip skulu niðurhólfuð með vatnsþéttum þiljum að skilrúmsþilfari í vatnsþétt hólf og skal reikna út hámarkslengd hólfanna samkvæmt sérkröfum sem eru tilgreindar hér á eftir.

Í stað þeirra krafna er heimilt að nota reglurnar um niðurhólfun og stöðugleika farþegaskipa, sem svara til B-hluta II. kafla alþjóðasamnings um öryggi mannslífa á hafinu frá 1960, eins og fram kemur í IMO-ályktun A.265(VIII), ef þær eru notaðar í heild.

Allir aðrir hlutar í burðarvirki innanborðs, sem hafa áhrif á niðurhólfun skipsins, skulu vera vatnsþéttir.

3. **Regla II-1/B-2/3: Kaflengd (R 4)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Kaflengd á tilteknum punkti er stærsti hluti af lengd skipsins sem getur, með þennan punkt að miðpunkti og samkvæmt skilyrðum um þéttleika sem eru tilgreind hér á eftir, fyllst af sjó án þess að skipið sígi lengra en að kaflínu.

.2 Á skipi, sem er ekki með skilrúmsþilfar stafna á milli, er hægt að ákvarða kaflengdina, á hvaða punkti sem er, í hugsaðri óslitinni kaflínu sem er aldrei minna en 76 mm undir efsta hluta þilfars á skipshlið þar sem viðeigandi þil og skipshliðar eru vatnsþéttar upp að henni.

.3 Ef hluti af hugsaðri kaflínu er umtalsvert fyrir neðan þilfarið, þangað sem þilin ná, er stjórnvaldi fánaríkisins heimilt að víkja í takmörkuðum mæli frá kröfum varðandi vatnsþéttni þess hluta þiljanna sem er ofan kaflínu og næst undir hærra þilfari.

4. **Regla II-1/B-2/4: Leyfileg lengd hólfa (R 6)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Leyfileg hámarkslengd hólfs, í hvaða punkti á skipslengdinni sem miðpunkturinn er, fæst með því að margfalda kaflengd með viðeigandi tölu sem kallast niðurhólfunarstuðull.

5. **Regla II-1/B-2/5: Þéttleiki (R 5)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Þau ströngu skilyrði sem um getur í reglu II-1/B-2/3 eiga við um þéttleika rýma neðan kaflínu.

Þegar kaflengd er ákvörðuð skal tilgreina áætlaðan meðalþéttleika rýma neðan kaflínu í töflu í reglu II-1/B-2/8.3.

6. **Regla II-1/B-2/6: Niðurhólfunarstuðull**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B:

Niðurhólfunarstuðull skal vera sem hér segir: 1,0 ef skipið má flytja færri en 400 farþega og 1,0 ef skipið má flytja 400 farþega eða fleiri með lengdina L < 55 og 0,5 ef skipið má flytja 400 farþega eða fleiri.

Gömul ekjufarþegaskip í flokki B skulu uppfylla þessa kröfu eigi síðar en þann dag sem mælt er fyrir um í 2. lið í reglu II-1/B-2/8-2.

GÖMUL SKIP Í FLOKKI B SEM EKKI ERU EKJUFARÞEGASKIP:

Niðurhólfunarstuðull skal vera sem hér segir: 1,0

7. **Regla II-1/B-2/7: Sérkröfur varðandi niðurhólfun skips (R 7)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Ef vatnsþétt þil, í einum eða fleiri hlutum skips, ná að hærra þilfari en í öðrum hlutum skipsins og æskilegt er að nýta þessa framlengingu á þiljum við útreikning á kaflengdinni er heimilt að nota sérstakar kaflínur fyrir hvern slíkan hluta skipsins að því tilskildu að:

.1 skipshliðar nái eftir allri skipslengdinni að því þilfari sem svarar til efri kaflínu og að litið sé svo á að öll op á byrðingsplötum neðan þessa þilfars eftir allri skipslengdinni séu neðan kaflínu að því er varðar reglu II-1/B-2/15 og

.2 þau tvö hólf sem liggja næst „þrepinu“ í skilrúmsþilfarinu séu hvort um sig innan leyfilegrar lengdar sem svarar til kaflínu hvors um sig og að auki sé samanlögð lengd þeirra ekki meira en tvöföld sú leyfilega lengd sem grundvallast á neðri kaflínu.

.2 Hólf má vera umfram leyfilega lengd, sem er ákvörðuð samkvæmt ákvæðum í reglu II-1/B-2/4, að því tilskildu að samanlögð lengd hverra tveggja samliggjandi hólfa, þar sem annað er það hólf sem um ræðir, sé ekki meiri en kaflengdin eða tvöföld hin leyfilega lengd, eftir því hvort er minna.

.3 Í aðalþili þverskips mega vera skot, að því tilskildu að allir hlutar skotsins liggi innan lóðréttra flata beggja megin í skipinu, sem skulu vera sem svarar 1/5 af breidd skipsins og skal þetta bil mælt hornrétt á miðlínu skipsins við dýpsta (efsta) hleðslumerki niðurhólfunar. Lendi hluti skotsins utan þessara marka skal líta á það sem þrep í samræmi við lið .6.

.4 Ef aðalþil þverskips er með skoti eða þrepi skal nota samsvarandi slétt þil til að ákvarða niðurhólfunina.

.5 Ef vatnsþétt aðalhólf þverskips er hólfað niður í minni einingar og ljóst er að stjórnvald fánaríkisins telur að aðalhólfið fyllist ekki af sjó eða vatni, enda þótt gert sé ráð fyrir skemmd á skipshlið sem nemur 3,0 metrum auk 3% af skipslengdinni, eða 11,0 metrum, eða 10% af skipslengdinni, eftir því hvort er minna, má leyfa hlutfallslega viðbót við leyfilega lengd sem annars er ákveðin í slíkum vatnsþéttum hólfum. Í því tilviki skal rúmtak áætlaðrar raunverulegrar flothæfni á óskemmdri hlið ekki vera meira en rúmtak áætlaðrar flothæfni á skemmdu hliðinni.

Frávik frá þessum lið verða einungis leyfð ef ætla má að þau komi ekki í veg fyrir að ákvæði reglu II-1/B-2/8 séu uppfyllt.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.6 Aðalþil þverskips má vera með þrepi, að því tilskildu að einu af eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

.1 Samanlögð lengd beggja hólfanna, sem þilið aðskilur, skal ekki vera meiri en 90% af kaflengdinni eða tvöföld leyfileg lengd, þó skal samanlögð lengd hólfanna tveggja sem um ræðir ekki vera meiri en leyfileg lengd í skipum þar sem niðurhólfunarstuðull er 1.

.2 Setja skal aukahólf í beina línu aftan við þrepið til að viðhalda sama öryggisstigi og tryggt er með sléttu þili.

.3 Hólfin, sem þrepið nær yfir, skal ekki vera umfram leyfilega lengd sem svarar til kaflínu 76 mm undir þrepinu.

.7 Á skipum, sem eru 100 metrar að lengd og lengri, skal festa eitt af aðalþiljum þverskips aftan við stafnhylkið og skal bilið frá fremri lóðlínu ekki vera meira en leyfileg lengd.

.8 Ef bilið milli tveggja samliggjandi aðalþilja þverskips, eða samsvarandi sléttra þilja, eða bilið milli flata þverskips, sem liggja um næstu þrep í þiljum, er minna en 3,0 metrar auk 3% af skipslengdinni, eða 11,0 metrar, eða 10% af skipslengdinni, eftir því hvort er minna, skal aðeins litið á annað þessara þilja sem hluta af niðurhólfun skipsins.

.9 Ef þess er krafist að niðurhólfunarstuðull sé 0,50 skal samanlögð lengd hvaða tveggja samliggjandi hólfa sem vera skal ekki vera meiri en kaflengdin.

8. **Regla II-1/B-2/8: Stöðugleiki í löskuðu ástandi (R 8)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1.1 Skip skal vera nægilega stöðugt í óleku ástandi við allar þjónustuaðstæður þannig að það þoli að eitthvert eitt þeirra aðalhólfa sem krafist er að sé innan kaflengdarinnar fyllist af sjó.

.1.2 Ef tvö samliggjandi aðalhólf eru aðskilin með þili, sem hefur þrep samkvæmt skilyrðum í undirlið 6.1 í reglu II-1/B-2/7, skal stöðugleiki í óleku ástandi vera nægilegur til að skipið þoli flæði inn í þessi tvö samliggjandi hólf.

.1.3 Ef þess er krafist að niðurhólfunarstuðull sé 0,50 skal stöðugleiki í óleku ástandi vera nægilegur til að skipið þoli að vatn flæði inn í hvaða tvö samliggjandi hólf sem er.

.2.1 Kröfurnar í undirlið .1 skulu ákvarðaðar með útreikningum, sem eru í samræmi við liði .3, .4 og .6, þar sem tekið er tillit til hlutfalla og hönnunareinkenna skipsins og fyrirkomulags og staðsetningar leku hólfanna. Þessir útreikningar skulu miðast við að skipið sé í versta ástandi sem vænta má að því er varðar stöðugleika.

.2.2 Ef fyrirhugað er að setja upp þilför, innri klæðningu eða þil langskipa, sem eru nægilega þétt til að hefta vatnsflæði verulega, skal taka viðeigandi tillit til slíkra hindrana við útreikninga.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B SEM EKKI ERU EKJUFARÞEGASKIP, SMÍÐUÐ 29. APRÍL 1990 EÐA SÍÐAR:

.2.3 Ákvarða skal stöðugleika við endanlegt ástand eftir löskun og að lokinni útjöfnun, þar sem við á, með eftirfarandi hætti:

.2.3.1 Jákvæð afgangsréttiarmsboglína skal hafa 15° lágmarksendingu umfram jafnvægishorn. Þessi mörk má lækka í 10° að lágmarki þegar flöturinn undir réttiarmsboglínunni er hinn sami og tilgreint er í undirlið .2.3.2, margfaldað með hlutfallinu 15/bil, þar sem bilið er gefið upp í gráðum.

.2.3.2 Flöturinn undir réttiarmsboglínunni skal vera minnst 0,015 metraradíanar, mælt frá jafnvægishorni að því hallahorni hér á eftir sem er minna:

.1 hallahorninu þar sem stigvaxandi flæði á sér stað,

.2 22° (mælt við réttan kjöl) ef flæðir inn í eitt hólf eða 27° (mælt við réttan kjöl) ef flæðir inn í tvö samliggjandi hólf á sama tíma.

.2.3.3 Afgangsréttiarmur skal vera innan marka jákvæðs stöðugleika, að teknu tilliti til mesta hallavægis við eftirfarandi aðstæður:

.1 allir farþegar safnast saman á annað borðið,

.2 sjósetning allra fullhlaðinna björgunarfara á öðru borði með bátsuglum (sjóstýrðri losun),

.3 vegna vindálags,

eins og það er reiknað með formúlunni:

$$\mathrm{GZ(metres)} = \frac{\text{heeling moment}}{\text{displacement}} + 0{,}04$$

Þó skal réttiarmurinn aldrei vera minni en 0,10 metrar.

.2.3.4 Eftirfarandi forsendur eru notaðar til útreiknings á hallavægi í lið .2.3.3:

.1 Hallavægi af völdum þess að farþegar safnast saman:

.1.1 fjórir menn á hvern fermetra,

.1.2 massi hvers farþega er 75 kg,

.1.3 farþegar skulu dreifast um auð þilfarssvæði á annað borðið á þilför þar sem söfnunarstöðvar eru staðsettar og þannig að þeir myndi eins mikið gagnstætt hallavægi og unnt er.

.2 Hallavægi við sjósetningu allra fullhlaðinna björgunarfara á annarri skipshliðinni með bátsuglum (sjóstýrðri losun):

.2.1 gert skal ráð fyrir að allir lífbátar og léttbátar á því borði sem skipið hallast í eftir að leki kemur að því, sveiflist út fullhlaðnir og tilbúnir til sigs,

.2.2 gert skal ráð fyrir hámarkshallavægi við sjósetningu lífbáta sem er komið þannig fyrir að þeir eru sjósettir fullhlaðnir úr þeirri stöðu sem þeir eru geymdir í,

.2.3 gert skal ráð fyrir að fullhlaðinn björgunarfleki, sem er sjósettur með bátsuglum og festur við hverja bátsuglu á því borði sem skipið hallast í eftir að leki kemur að því, sveiflist út tilbúinn til sigs,

.2.4 gert skal ráð fyrir að farþegar utan björgunarbúnaðar, sem hefur verið sveiflað út, auki hvorki áhrif á hallavægi né réttivægi,

.2.5 gert skal ráð fyrir að björgunarbúnaður á gagnstæðu borði við það borð sem skipið hallast í sé í þeirri stöðu sem hann er geymdur í.

.3 Hallavægi vegna vindálags:

.3.1 flokkur B: reiknað er með vindálagi frá 120 N/m$^2$,

flokkur C og D: reiknað er með vindálagi frá 80 N/m$^2$,

.3.2 flöturinn, sem er notaður, er vörpuð hliðarmynd skipsins ofan vatnslínu miðað við ólaskað ástand skipsins,

.3.3 hallavægisarmurinn skal vera lóðrétta bilið frá punkti í miðju meðaldjúpristu, miðað við ólaskað ástand skipsins, að þyngdarmiðju hliðarmyndarinnar.

.2.4 Ef um er að ræða meiri háttar stigvaxandi flæði, þ.e. réttiarmur lækkar hratt um 0,04 metra eða meira, er litið svo á að réttiarmsboglínan hætti þar sem horn stigvaxandi flæðis byrjar og mæla ætti bilið og flötinn, sem um getur í liðum .2.3.1 og .2.3.2, við það horn.

.2.5 Ef stigvaxandi flæði er takmarkað og heldur ekki áfram með fullum krafti og veldur viðunandi lækkun réttiarms um minna en 0,04 metra skal því sem eftir er af boglínunni sleppt að hluta þar sem gert er ráð fyrir að rýmið, sem flætt hefur inn í með stigvaxandi hraða, hafi verið þannig frá upphafi.

.2.6 Meðan á flæði stendur skal hámarksréttiarmur vera a.m.k. 0,05 metrar og lágmarksending réttiarma a.m.k. 7°. Í öllum tilvikum þarf einungis að gera ráð fyrir einni rifu á bol og einu fríu yfirborði.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.3 Við útreikning á stöðugleika í löskuðu ástandi skal ákvarða rúmtak og þéttleika með eftirfarandi hætti:

| Rými | Þéttleiki (%) |
|---|---|
| Undir farm og vistir | 60 |
| Undir vistarverur | 95 |
| Undir vélbúnað | 85 |
| Undir vökva | 0 eða 95 (*) |

(*) Eftir því hvort leiðir til strangari krafna.

Gert er ráð fyrir meiri þéttleika flata í rýmum þar sem tiltölulega lítill hluti vistarvera eða vélarúms er í grennd við leka vatnsborðið og í þeim rýmum sem eru allajafna ekki nýtt undir farm eða til geymslu.

.4 Gert er ráð fyrir að umfang leka sé eftirfarandi:

.1 langskipa: 3,0 metrar auk 3% af skipslengdinni, eða 11,0 metrar, eða 10% af skipslengdinni, eftir því hvort er minna,

.2 þverskipa (mælt innanborðs frá skipssíðu, hornrétt að miðlínu dýpsta (efsta) hleðslumerkis niðurhólfunar): bil sem er 1/5 af breidd skipsins og

.3 lóðrétt: frá grunnlínu upp á við án takmarkana,

.4 ef minni leki en tilgreint er í undirliðum .4.1, .4.2 og .4.3 veldur alvarlegri aðstæðum vegna halla eða taps á málmiðjuhæð skal gera ráð fyrir þeim leka í útreikningunum.

.5 Halda skal ósamhverfu flæði í lágmarki í samræmi við fyrirkomulag um borð. Ef nauðsynlegt reynist að leiðrétta stór hallahorn skal það gert með sjálfvirkum hætti eftir því sem mögulegt er en ef fyrir hendi er stjórnbúnaður fyrir þverflæðibúnað skal vera unnt að beita honum ofan skilrúmsþilfars. Á nýjum skipum í flokki B, C og D skal hámarkshallahorn eftir flæði og fyrir útjöfnun ekki vera stærra en 15°. Ef þverflæðibúnaðar er krafist skal tími útjöfnunar ekki vera lengri en 15 mínútur. Skipstjóri skipsins skal fá viðeigandi upplýsingar um notkun þverflæðibúnaðar.

.6 Endanlegt ástand á skipinu eftir leka og við ósamhverft flæði að lokinni útjöfnun skal vera sem hér segir:

.1 þegar um er að ræða samhverft flæði skal jákvæð afgangsmálmiðjuhæð vera a.m.k. 50 mm, reiknað á grundvelli aðferðarinnar fyrir stöðugan sæþunga,

.2a þegar um er að ræða ósamhverft flæði skal hallahorn flæðis í eitt hólf ekki vera stærra en 7° fyrir skip í flokki B (ný og gömul) og 12° fyrir skip í flokki C og D (ný), nema kveðið sé á um annað í lið 6.2b.

Þegar flæðir samtímis inn í tvö samliggjandi hólf er leyfilegt að miða við 12° fyrir gömul og ný skip í flokki B, að því tilskildu að niðurhólfunarstuðullinn sé hvergi hærri en 0,50 í þeim hluta skipsins sem vatn flæðir inn í,

.2b þegar um er að ræða gömul skip í flokki B, sem eru ekki ekjufarþegaskip, smíðuð fyrir 29. apríl 1990, skal hornið ekki vera stærra en 7° þegar um er að ræða ósamhverft flæði en þó geta stjórnvöld, í undantekningartilvikum, heimilað aukið hallahorn vegna ósamhverfs hallavægis, en í engu tilviki skal endanlegt hallahorn vera stærra en 15°,

.3 kaflínan skal í engu tilviki færast í sjó á lokastigi flæðis. Ef talið er að kaflínan geti færst í sjó meðan á flæði stendur getur stjórnvald fánaríkisins krafist rannsókna og þeirra ráðstafana sem það telur nauðsynlegar til að tryggja öryggi skipsins.

.7 Skipstjóri skipsins skal fá nauðsynleg gögn til að viðhalda nægilegum stöðugleika í óleku ástandi við venjulegar þjónustuaðstæður þannig að skipið geti staðist umtalsverðan leka. Ef um er að ræða skip þar sem þverflæðis er krafist skal láta skipstjóra í té upplýsingar um það stöðugleikaástand sem hallaútreikningar eru byggðir á og hann skal átta sig á því að komi leki að skipinu kann það að valda auknum halla við erfiðari aðstæður.

.8 Gögnum, sem um getur í lið .7 og gera skipstjóra kleift að viðhalda nægilegum stöðugleika í óleku ástandi, skulu fylgja upplýsingar þar sem tilgreind er leyfileg hámarkshæð þungamiðju skipsins fyrir ofan kjöl (KG) eða að öðrum kosti leyfileg lágmarksmálmiðjuhæð (GM) við ýmiss konar djúpristu eða sæþunga sem taka til hvers konar þjónustuaðstæðna. Í upplýsingunum skulu koma fram áhrif ýmiss konar stafnhalla, að teknu tilliti til rekstrartakmarkana.

.9 Á hverju skipi skal djúpristukvarði vera greinilega merktur á stefni og skut. Ef djúpristumerki eru ekki þannig staðsett að auðvelt sé að lesa á þau eða geri takmarkanir tengdar starfi tiltekinnar atvinnugreinar það að verkum að erfitt er að lesa á þau skal koma fyrir á skipinu áreiðanlegu kerfi er gefur til kynna djúpristu svo að unnt sé að ákvarða djúpristu við stefni og skut.

.10 Að lokinni lestun skipsins og fyrir brottför þess skal skipstjórinn kanna stafnhalla og stöðugleika skipsins og einnig ganga úr skugga um og skrá að skipið uppfylli kröfur í viðeigandi reglum um stöðugleika. Ætíð skal ákvarða stöðugleika skipsins með útreikningum. Heimilt er að nota rafræna hleðslu- og stöðugleikatölvu eða jafngildar aðferðir í þessu skyni.

.11 Ekki getur komið til álita að stjórnvald fánaríkisins veiti tilslakanir frá kröfum um stöðugleika í löskuðu ástandi nema sýnt sé fram á að málmiðjuhæð í óleku ástandi við hvers konar aðstæður, sem þarf til að uppfylla þessar kröfur, sé umfram það sem til er ætlast við fyrirhugaðar aðstæður.

.12 Aðeins er heimilt að veita tilslakanir frá kröfum um stöðugleika í löskuðu ástandi í undantekningartilvikum og með fyrirvara um að stjórnvald fánaríkisins hafi sannfærst um að hlutföll, fyrirkomulag og aðrir eiginleikar skipsins, sem hagkvæmt og sanngjarnt er að krefjast við tilteknar aðstæður, séu eins og best verður á kosið með tilliti til stöðugleika eftir að leki kemur að skipinu.

8-1 **Regla II-1/B-2/8-1: Stöðugleiki ekjufarþegaskipa í löskuðu ástandi (R 8-1)**

GÖMUL EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B:

.1 Gömul farþegaskip í flokki B skulu uppfylla ákvæði reglu II-1/B-2/8 eigi síðar en þann dag sem fyrsta reglubundna aðalskoðun fer fram, eftir síðasta dag til að uppfylla ákvæði sem er tilgreindur hér á eftir, í samræmi við gildi A/Amax, eins og það er skilgreint í viðauka við MSC/Circ. 574, „útreikningsaðferð til að meta eiginleika gamalla ekjufarþegaskipa til að þola áraun við notkun með einfaldaðri aðferð, byggð á ályktun A.265(VIII)“.

| Gildi A/Amax: | Síðasti dagur til að uppfylla ákvæði: |
|---|---|
| minna en 85% | 1. október 1998 |
| 85% eða meira en minna en 90% | 1. október 2000 |
| 90% eða meira en minna en 95% | 1. október 2002 |
| 95% eða meira en minna en 97,5% | 1. október 2004 |
| 97,5% eða meira | 1. október 2005 |

8-2 **Regla II-1/B-2/8-2: Sérkröfur varðandi ekjufarþegaskip sem mega flytja 400 manns eða fleiri (R 8-2)**

NÝ EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B:

Þrátt fyrir ákvæði reglu II-1/B-2/8 og II-1/B-2/8-1:

.1 skulu ný ekjufarþegaskip, sem staðfest er að megi flytja 400 manns eða fleiri, vera í samræmi við ákvæði liðar .2.3 í reglu II-1/B-2/8 og skal þá gert ráð fyrir að lekinn geti verið hvar sem er á skipslengdinni L,

.2 skulu gömul ekjufarþegaskip, sem staðfest er að megi flytja 400 manns eða fleiri, uppfylla kröfur liðar .1, eigi síðar en þann dag sem fyrsta reglubundna aðalskoðun fer fram, eftir síðasta dag til að uppfylla ákvæði sem tilgreindur er í undirliðum .2.1, .2.2 eða .2.3, og er miðað við þá dagsetningu sem kemur síðar:

| .2.1 Gildi A/Amax: | Síðasti dagur til að uppfylla ákvæði: |
|---|---|
| minna en 85% | 1. október 1998 |
| 85% eða meira en minna en 90% | 1. október 2000 |
| 90% eða meira en minna en 95% | 1. október 2002 |
| 95% eða meira en minna en 97,5% | 1. október 2004 |
| 97,5% eða meira | 1. október 2010 |

.2.2 Fjöldi manns sem heimilt er að hafa um borð:

| | |
|---|---|
| 1500 eða fleiri 1. október 2002. | |
| 1000 eða fleiri en færri en 1500 | 1. október 2006 |
| 600 eða fleiri en færri en 1000 | 1. október 2008 |
| 400 eða fleiri en færri en 600 | 1. október 2010 |

.2.3 Aldur skips: 20 ár eða eldri

Með aldri skips er átt við tímann sem er liðinn frá því að kjölur er lagður eða skipið er á svipuðu smíðastigi eða því var breytt í ekjufarþegaskip.

8-3 **Regla II-1/B-2/8-3: Sérkröfur varðandi farþegaskip, önnur en ekjufarþegaskip, sem mega flytja 400 manns eða fleiri**

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SEM ERU SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR, ÖNNUR EN EKJUFARÞEGASKIP.

Þrátt fyrir ákvæði í reglu II-I/B-2/8 skulu farþegaskip, önnur en ekjufarþegaskip, sem staðfest er að megi flytja 400 manns eða fleiri, vera í samræmi við ákvæði undirliða 2.3 og 2.6 í reglu II-1/B-2/8 og skal þá gert ráð fyrir að lekinn geti verið hvar sem er á skipslengdinni L.

9. **Regla II-1/B-2/9: Þil í fremstu og öftustu lest og vélarúmi (R 10)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Í skipinu skal vera stafnþil eða árekstrarþil sem skal vera vatnsþétt upp undir skilrúmsþilfari. Fjarlægð þessa þils skal vera minnst 5% af skipslengdinni frá fremri lóðlínu og mest 3 metrar að viðbættum 5% af skipslengdinni.

.2 Ef einhver hluti skipsins skagar fram fyrir fremri lóðlínu neðansjávar, t.d. perustefni, skal fjarlægðin, sem tilgreind er í lið .1, mæld frá punkti sem er annaðhvort:

.1 við miðju þessarar framlengingar eða

.2 á stað sem nær 1,5% af skipslengdinni fram fyrir fremri lóðlínu eða

.3 3 metrum framan við fremri lóðlínu og er miðað við þá mælingu sem gefur minnsta gildi.

.3 Á skipum með langa yfirbyggingu framskips skal stafnþilið eða árekstrarþilið vera veðurþétt upp að næsta heila þilfari ofan við skilrúmsþilfarið. Framlengingunni skal komið þannig fyrir að hún geti ekki skemmst af völdum stafnhurðar ef stafnhurðin skemmist eða losnar frá.

.4 Framlengingin, sem krafist er í lið .3, þarf ekki endilega að vera í beinu framhaldi af þilinu fyrir neðan, að því tilskildu að hlutar hennar séu ekki staðsettir framan við fremri mörkin sem eru tilgreind í lið .1 eða .2.

Á gömlum skipum í flokki B hins vegar:

.1 þar sem skábraut er hluti af framlengingu stafnþilsins (árekstrarþilsins) ofan við skilrúmsþilfarið skal sá hluti skábrautarinnar, sem er meira en 2,3 metrum ofan við skilrúmsþilfarið, ekki ná meira en 1,0 metra fram fyrir fremri mörkin sem eru tilgreind í liðum .1 og .2,

.2 þar sem gömul skábraut uppfyllir ekki kröfur varðandi framlengingu stafnþils (árekstrarþils) og staða skábrautar kemur í veg fyrir að framlengingunni sé komið fyrir innan þeirra marka sem eru tilgreind í lið .1 eða .2, skal koma henni fyrir rétt aftan við aftari mörkin sem eru tilgreind í lið .1 eða .2. Þetta takmarkaða aftara bil skal ekki vera stærra en nauðsynlegt er til að tryggja að ekki verði hindranir við skábrautina. Framlenging stafnþils (árekstrarþils) skal opnast fram á við og uppfylla kröfur liðar .3 þannig að hún geti ekki skemmst af völdum skábrautar ef skábrautin skemmist eða losnar frá.

.5 Skábrautir, sem uppfylla ekki framangreindar kröfur, teljast ekki vera framlenging á stafnþili (árekstrarþili).

.6 Með sama hætti skulu vera á skipinu skutþil og þil sem skilja vélarúm frá farm- og farþegarými að framan og aftan og skulu þau einnig vera vatnsþétt upp að skilrúmsþilfari. Þó mega skutþil vera með þrepum neðan við skilrúmsþilfar, að því tilskildu að ekki sé dregið úr öryggi skipsins með tilliti til niðurhólfunar.

.7 Skutpípur skulu í öllum tilvikum vera umluktar vatnsþéttum rýmum. Hringþétti í skuti skal komið fyrir í vatnsþéttum skrúfuásgöngum eða öðru vatnsþéttu rými, aðskildu frá rými fyrir skutpípur, með því rúmtaki að kaflínan færist ekki í sjó þótt það fyllist af sjó vegna leka í hringþétti í skuti.

10. **Regla II-1/B-2/10: Tvöfaldur botn (R 12)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Á skipum sem eru styttri en 50 metrar skal vera tvöfaldur botn sem nær frá stafnþili að skutþili eins og við verður komið og skal hann samrýmast hönnun og góðri nýtingu skipsins.

.2 Skip, sem eru 50 metrar að lengd og lengri, en þó styttri en 61 metri, skulu vera með tvöföldum botni sem nær a.m.k. frá vélarúmi að stafnþili eða svo nálægt því þili sem frekast er unnt.

.3 Skip, sem eru 61 metri að lengd og lengri en þó styttri en 76 metrar, skulu vera með tvöfaldan botn a.m.k. utan vélarúmsins og skal hann ná að stafn- og skutþiljum eða svo nálægt þeim þiljum sem frekast er unnt.

.4 Skip, sem eru 76 metrar að lengd og lengri, skulu vera með tvöfaldan botn miðskips og skal hann ná að stafn- og skutþiljum eða svo nálægt þeim þiljum sem frekast er unnt.

.5 Á skipum, sem eiga að vera með tvöföldum botni, skal dýpt botnsins vera í samræmi við reglur viðurkenndrar stofnunar og innri botninn ná svo langt út til hliðanna að botninn sé varinn þangað sem austur nær. Sú vörn er talin nægileg ef skurðarlínan milli ytri brúna tvöfalda botnsins og austurbyrðingsins liggur hvergi undir láréttum fleti sem gengur gegnum punktinn þar sem miðbandið í skipinu sker þverskipa hornalínu sem myndar 25° horn við grunnlínuna og sker hana í punkt sem liggur í hálfrar skipsbreiddar fjarlægð frá miðlínu skipsins.

.6 Litlir brunnar í tvöföldum botni með tengingu við tæmingarfyrirkomulag í farmrýmum o.s.frv. mega ekki vera dýpri en nauðsynlegt er. Þeir mega í engu tilviki vera dýpri en tvöfaldi botninn við miðlínu, að frádregnum 460 mm, eða ná niður fyrir láréttan flöt sem um getur í lið .5. Þó er heimilt að setja brunn, sem nær að ytri botninum, við aftari enda skrúfuásganganna. Stjórnvald fánaríkisins getur heimilað aðra brunna (t.d. fyrir smurolíu undir aðalvélum) ef það telur að fyrirkomulagið veiti vörn jafngilda þeirri vörn sem tvöfaldur botn, sem samrýmist þessari reglu II-1/B-2/10, veitir.

.7 Ekki er nauðsynlegt að setja tvöfaldan botn í meðalstór vatnsþétt hólf, sem eru einungis notuð undir vökva, að því tilskildu að það dragi ekki úr öryggi skipsins, að mati stjórnvalds fánaríkisins, ef botn eða hlið skipsins verður fyrir skemmdum.

.8 Þrátt fyrir lið .1 í þessari reglu II-1/B-2/10 getur stjórnvald fánaríkisins heimilað að sleppa megi tvöföldum botni í þeim hluta skipsins, sem er með niðurhólfunarstuðul undir 0,5, telji það að ísetning tvöfalds botns í þeim hluta samrýmist ekki hönnun og góðri nýtingu skipsins.

11. **Regla II-1/B-2/11: Ákvörðun, merking og skráning hleðslumerkja niðurhólfunar (R 13)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Til þess að unnt sé að viðhalda þeirri niðurhólfun sem krafist er skal ákvarða og setja hleðslumerki, sem svara til viðurkenndrar djúpristu niðurhólfunar, á skipshliðar miðskips. Ef sérstök rými hafa verið útbúin á skipinu til að vera ýmist vistarverur fyrir farþega eða farmrými er þó heimilt, fari eigandi fram á það, að ákvarða og merkja eitt eða fleiri viðbótarhleðslumerki sem svara til þeirrar djúpristu niðurhólfunar sem stjórnvald fánaríkisins kann að samþykkja vegna mismunandi þjónustuaðstæðna.

.2 Hleðslumerki niðurhólfunar, sem hafa verið ákvörðuð og merkt, skulu skráð í öryggisskírteini farþegaskips og skal nota táknið C.1 ef hleðslumerki niðurhólfunar er aðeins eitt.

Ef hleðslumerki niðurhólfunar eru fleiri en eitt skal auðkenna önnur skilyrði með táknunum C.2, C.3, C.4 o.s.frv. ([1]).

.3 Fríborðið, sem svarar til hvers þessara hleðslumerkja, skal mælt á sama stað og frá sömu þilfarslínu og þau fríborð sem eru sett í samræmi við gildandi alþjóðasamning um hleðslumerki skipa.

.4 Á öryggisskírteini farþegaskips skal tilgreina með skýrum hætti það fríborð sem svarar til hvers viðurkennds hleðslumerkis niðurhólfunar og þjónustuaðstæðurnar sem það er viðurkennt fyrir.

.5 Undir engum kringumstæðum má hleðslumerki niðurhólfunar koma ofan við dýpsta (efsta) hleðslumerki í sjó eins og það er ákveðið með tilliti til styrkleika skipsins eða gildandi alþjóðasamnings um hleðslumerki skipa.

.6 Hvar svo sem hleðslumerki niðurhólfunar er komið fyrir á skipi má aldrei hlaða það svo að hleðslumerki það, sem á við árstíð og stað og er sett í samræmi við gildandi alþjóðasamning um hleðslumerki skipa, fari í kaf.

.7 Undir engum kringumstæðum skal hlaða skip þannig að hleðslumerki niðurhólfunar, fyrir þá ferð og þær aðstæður, fari í kaf.

12. **Regla II-1/B-2/12: Smíði og fyrsta prófun vatnsþéttra þilja o.s.frv. (R 14)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Hvert vatnsþétt þil til niðurhólfunar, bæði þverskipa og langskipa, skal þannig gert að það þoli, með viðeigandi varastyrk, þrýsting af hámarksvatnssúlu sem það gæti orðið fyrir ef leki kemur að skipinu en a.m.k. þrýsting af vatnssúlu sem nær upp undir kaflínu. Smíði þessara þilja skal vera í samræmi við reglur viðurkenndrar stofnunar.

.2.1 Þrep og skot í þiljum skulu vera vatnsþétt og með sama styrk og þil á sama stað.

.2.2 Liggi bönd eða bjálkar um vatnsþétt þilfar eða þil skal þetta þilfar eða þil vera vatnsþétt án þess að til þess sé notað tré eða sement.

.3 Ekki er skylt að prófa aðalhólfin með því að fylla þau vatni. Ef engar prófanir eru gerðar með því að fylla hólfin vatni skal láta fara fram prófun með vatnsbunu þar sem því verður komið við. Sú prófun skal fara fram eins seint og unnt er þegar verið er að útbúa skipið. Ef óhentugt reynist að gera prófun með vatnsbunu vegna hættu á skemmdum á vélbúnaði, einangrun rafbúnaðar eða hluta búnaðar hans er heimilt að í hennar stað komi ítarleg sjónræn skoðun á lóðuðum samskeytum auk þess sem til viðbótar komi, ef nauðsynlegt telst, aðferðir eins og litaprófun eða úthljóðslekaprófun eða jafngild prófun. Undir öllum kringumstæðum skal fara fram nákvæm skoðun á vatnsþéttum þiljum.

([1]) Heimilt er að setja rómverska tölustafi eða bókstafi í stað arabískra tölustafa á eftir bókstafnum „C“ í hleðslumerki niðurhólfunar ef stjórnvald fánaríkis telur það nauðsynlegt til að greina það frá alþjóðlegum hleðslumerkjum niðurhólfunar.

.4 Stafnhylkið, tvöfaldir botnar (þ.m.t. holkilir) og innri byrðingar skulu prófuð með vatnssúlu sem svarar til krafna í lið .1.

.5 Prófa skal vatnsþéttni geyma, sem ætlaðir eru undir vökva og eru hluti af niðurhólfun skipsins, með þrýstingi af vatnssúlu sem nær upp að dýpsta (efsta) hleðslumerki niðurhólfunar eða vatnssúlu sem svarar til tveggja þriðju hluta af dýpt skipsins, mældri frá efra jaðri kjalar að kaflínu út undan geymunum, og skal taka þann þrýstinginn sem er meiri en þó má hæð súlunnar aldrei vera minna en 0,9 metra yfir geymistoppnum. Ef óhentugt reynist að gera prófun með vatni er hægt að gera loftlekaprófun og skal þá beita að hámarki 0,14 bara loftþrýstingi á geymana.

.6 Prófanirnar, sem um getur í liðum .4 og .5, eru gerðar í þeim tilgangi að tryggja að niðurhólfun sé vatnsþétt og ekki ber að líta á þær sem leið til að prófa getu hólfs til að geyma eldsneytisolíu eða til annarra sérstakra nota sem nauðsynlegt gæti verið að gera strangari prófanir á, allt eftir því hversu hátt vökvinn nær í geyminum eða tengihlutum hans.

13. **Regla II-1/B-2/13: Op á vatnsþéttum þiljum (R 15)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Takmarka skal fjölda opa á vatnsþéttum þiljum sem samrýmist hönnun og góðri nýtingu skipsins. Þessi op skulu vera með fullnægjandi lokunarbúnaði.

.2.1 Þar sem pípur, niðurfallsrennur, rafstrengir o.s.frv. eru leidd gegnum vatnsþétt þil skal gera ráðstafanir til að tryggja að þilin séu áfram vatnsþétt.

.2.2 Ekki er heimilt að setja loka, sem eru ekki hluti af lagnakerfi, í vatnsþétt þil til niðurhólfunar.

.2.3 Ekki skal nota blý eða önnur efni, sem eru viðkvæm fyrir hita, í búnað sem fer í gegnum vatnsþétt þil til niðurhólfunar þar sem skerðing á slíkum búnaði í eldsvoða myndi draga úr vatnsþéttni þiljanna.

.3.1 Ekki er heimilt að hafa hurðir, mannop eða inngangsop:

.1 á stafnþili (árekstrarþili) undir kaflínu,

.2 á vatnsþéttum þiljum þverskips sem skilja að farmrými og aðliggjandi farmrými, þó með þeim undantekningum sem kveðið er á um í lið .10.1 og reglu II-1/B-2/14.

.3.2 Með þeim undantekningum sem kveðið er á um í lið .3.3 má ekki rjúfa stafnþil (árekstrarþil) nema til að leiða eina pípu í gegnum það undir kaflínu til þess að ausa stafnhylkið, að því tilskildu að þessi pípa sé með loka sem hægt er að skrúfa fyrir með handafli frá stað fyrir ofan skilrúmsþilfarið og skal lokakistan fest á stafnþilið (árekstrarþilið) inni í stafnhylkinu. Þó er heimilt að festa þennan loka á bakhlið stafnþilsins (árekstrarþilsins), að því tilskildu að auðvelt sé að komast að honum við allar þjónustuaðstæður og að hann sé ekki staðsettur í farmrými.

.3.3 Ef tvær mismunandi tegundir vökva eru hafðar í stafnhylki má rjúfa árekstrarþilið til að leiða tvær pípur í gegnum það og skal festa hvora um sig með þeim hætti sem krafist er í lið .3.1, að því tilskildu að ekki sé fyrir hendi hentug leið til að festa seinni pípuna og að öryggi skipsins haldist óbreytt með hliðsjón af viðbótarniðurhólfun stafnhylkisins.

.4 Í þeim rýmum þar sem aðalframdrifsvélar og hjálparvélar, auk katla, sem stuðla að því að knýja skipið, eru staðsettar má aðeins hafa einar dyr til umferðar um hvert aðalþil þverskips, að frátöldum dyrum að skrúfuásgöngum. Ef tveir eða fleiri skrúfuásar eru á skipinu skal tengigangur vera á milli ganganna. Aðeins skal hafa einar dyr milli vélarúms og ganganna þar sem skrúfuásarnir tveir eru staðsettir og aðeins tvennar dyr þar sem skrúfuásar eru fleiri en tveir. Öllum þessum dyrum skal lokað með rennihurðum og skulu þær þannig staðsettar að þröskuldar þeirra liggi eins hátt og unnt er. Handknúinn búnaður fyrir þessar hurðir ofan skilrúmsþilfars skal vera staðsettur utan vélarúma.

.5.1 GÖMUL SKIP Í FLOKKI B OG NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D

Unnt skal vera að opna og loka dyrum með vatnsþéttum rennihurðum eða hurðum á lömum eða samsvarandi. Ekki má nota hurðir þar sem málmplötur eru einungis festar með boltum eða hurðir sem lokast með þunga sínum eða með falli lóðs.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D

Vatnsþéttar hurðir, aðrar en þær sem kveðið er á um í lið .10.1 eða reglu II-1/B-2/14, skulu vera rennihurðir sem er stjórnað með vélarafli, samrýmast kröfum liðar .7 og sem unnt er að loka samtímis frá aðalstjórnborði á stjórnpalli á innan við 60 sekúndum þegar skipið er upprétt.

.5.2 GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Rennihurðum má stjórna annaðhvort með:

— handafli eingöngu eða

— vélarafli og handafli.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

Ef vatnsþéttar hurðir eru ekki fleiri en tvær og þær staðsettar í vélarúmi eða á þiljum, sem afmarka það rými, getur stjórnvald fánaríkisins heimilað að þeim sé eingöngu stjórnað með handafli. Ef um er að ræða rennihurðir, sem er stjórnað með handafli, skal loka þeim áður en skip leggur frá bryggju í siglingu með farþega og hafa þær lokaðar meðan á siglingu stendur.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.5.3 Vatnsþéttum rennihurðum skal vera hægt að loka með vélarafli eða handafli hvort sem þeim er stjórnað með vélarafli eða ekki jafnvel þótt skipið hallist allt að 15° á hvort borðið sem er. Einnig skal taka tillit til krafta sem geta verkað á aðra hlið hurðanna, t.d. þegar vatn streymir gegnum dyrnar sem svarar til stöðugs vatnsþrýstings frá a.m.k. 1 metra vatnssúlu ofan við þröskuldinn við miðlínu hurðarinnar.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.5.4 Stjórntæki fyrir vatnsþéttar hurðir, þ.m.t. vökvalagnir og rafstrengir, skulu vera eins nærri þilinu þar sem hurðirnar eru og unnt er til þess að draga svo sem kostur er úr líkum á því að skemmdir, sem kunna að vera á skipinu, hafi áhrif á þau. Vatnsþéttum hurðum og stjórntækjum þeirra skal þannig fyrir komið að skemmdir á skipinu á svæði sem er 1/5 af breidd þess, sem er mæld hornrétt á miðlínu dýpsta (efsta) hleðslumerkis niðurhólfunar, hafi ekki áhrif á virkni vatnsþéttra hurða utan þess hluta skipsins sem verður fyrir skemmdum.

.5.5 Á hverri vatnsþéttri rennihurð, sem er stjórnað með vélarafli eða handafli, skal vera búnaður sem sýnir á öllum stöðum þaðan sem fjarstýrt er hvort hurðin sé opin eða lokuð. Fjarstýringu skal aðeins hafa á stjórnpalli, eins og krafist er í lið .7.1.5, og þar sem búnaði til að stjórna með handafli er komið fyrir ofan við skilrúmsþilfar samkvæmt kröfum liðar .7.1.4.

GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.5.6 Dyrum með vatnsþéttum hurðum, sem uppfylla ekki kröfur liða .5.1–.5.5, skal loka áður en ferð hefst og hafa þær lokaðar meðan á siglingu stendur. Skrá skal í dagbók hvenær þessar dyr eru opnaðar þegar skipið liggur við bryggju og hvenær þeim er lokað áður en skipið lætur úr höfn.

GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.6.1 Rennihurðum, sem er stjórnað með handafli, skal annaðhvort rennt lárétt eða lóðrétt. Unnt skal vera að stjórna búnaðinum beggja vegna hurðarinnar og á aðgengilegum stað ofan skilrúmsþilfars með samfelldum sveifarsnúningi eða annarri viðurkenndri aðferð sem tryggir sama öryggi. Þegar dyrum er lokað með handafli á uppréttu skipi skal aðgerðin ekki taka meira en 90 sekúndur.

GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.6.2 Rennihurðum, sem er stjórnað með vélarafli, skal annaðhvort rennt lárétt eða lóðrétt. Ef hurð er stjórnað með vélarafli frá aðalstjórnbúnaði skal drifbúnaðinum þannig fyrir komið að einnig sé hægt að stjórna hurðinni með vélarafli beggja vegna hurðarinnar sjálfrar. Staðbundin stjórntæki, sem tengjast aflbúnaðinum, skulu vera beggja megin við þilið og þannig fyrir komið að þeir sem fara um dyrnar geti haldið báðum handföngunum í opinni stöðu án þess að unnt sé að ræsa lokunarbúnaðinn fyrir slysni. Á rennihurðum, sem er stjórnað með vélarafli, skal vera handknúinn búnaður sem hægt er að nota við sjálfar hurðirnar beggja vegna og frá aðgengilegum stað ofan skilrúmsþilfars með samfelldum sveifarsnúningi eða annarri viðurkenndri aðferð sem tryggir sama öryggi. Gengið skal úr skugga um að gefin verði viðvörun með hljóðmerki þegar dyrnar byrja að lokast sem heyrist þar til þær hafa lokast að fullu. Til viðbótar við hljóðmerkið er þess krafist að á svæðum þar sem umhverfishávaði er mikill sé gefið ljósmerki við dyrnar með reglulegu millibili.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.7.1 Eftirfarandi á við um allar vatnsþéttar hurðir sem er stjórnað með vélarafli:

.1 Þeim skal rennt lóðrétt eða lárétt.

.2 Þær skulu, með fyrirvara um lið .11, allajafna takmarkast við 1,2 metra óhindraða hámarksbreidd. Stjórnvald fánaríkisins getur heimilað stærri hurðir, að því marki sem nauðsynlegt er talið, vegna góðrar nýtingar skipsins, að því tilskildu að tekið sé tillit til annarra öryggisráðstafana, einnig þeirra sem eru taldar upp hér á eftir:

.2.1 Taka skal sérstakt tillit til styrkleika hurðarinnar og lokunarbúnaðar til að koma í veg fyrir leka.

.2.2 Hurðin skal staðsett utan við lekasvæði B/5.

.2.3 Dyrnar skulu vera lokaðar meðan á siglingu stendur nema í takmarkaðan tíma ef brýna nauðsyn ber til samkvæmt ákvörðun stjórnvalds fánaríkisins.

.3 Á hurðum skal vera nauðsynlegur búnaður til að opna dyrnar eða loka þeim með rafafli, vökvaafli eða öðru afli sem stjórnvald fánaríkisins viðurkennir.

.4 Þær skulu vera búnar handknúnum búnaði. Unnt skal vera að opna og loka dyrunum með handafli beggja vegna hurðarinnar og loka þeim frá aðgengilegum stað ofan skilrúmsþilfars með samfelldum sveifarsnúningi eða annarri aðferð sem tryggir sama öryggi að mati stjórnvalds fánaríkisins. Snúningsátt eða önnur hreyfing skal sjást greinilega á öllum stjórnstöðum. Þegar dyrum er lokað með handafli á uppréttu skipi skal aðgerðin ekki taka meira en 90 sekúndur.

.5 Á hurðunum skal vera stjórnbúnaður til að opna dyrnar eða loka þeim með vélarafli beggja vegna og loka þeim með vélarafli frá aðalstjórnborði á stjórnpalli.

.6 Á þeim skal vera hljóðmerkjabúnaður, sem er frábrugðinn öðrum viðvörunarbúnaði á svæðinu, og skal hann gefa hljóðmerki í hvert sinn sem dyrunum er lokað með afli úr fjarlægð og skal merkið heyrast í minnst 5 sekúndur og mest 10 sekúndur áður en hurðin byrjar að hreyfast og heyrast þar til dyrunum hefur verið lokað. Ef dyrunum er lokað með handafli úr fjarlægð nægir að hljóðmerkið heyrist á meðan hurðin hreyfist. Til viðbótar við hljóðmerkið getur stjórnvald fánaríkisins krafist þess að á svæðum fyrir farþega og þar sem umhverfishávaði er mikill sé gefið ljósmerki við hurðina með reglulegu millibili.

.7 Dyrnar skulu lokast með því sem næst sama hraða þegar þeim er lokað með vélarafli. Tíminn sem líður frá því að hurðin byrjar að hreyfast þar til dyrnar hafa lokast skal í engu tilviki vera styttri en 20 sekúndur og aldrei lengri en 40 sekúndur á uppréttu skipi.

.7.2 Neyðartaflan skal veita nauðsynlegu rafafli til að knýja vatnsþéttar rennihurðir annaðhvort beint eða um sérhæfða dreifingartöflu ofan skilrúmsþilfars; neyðartafla skal veita rafafli til tilheyrandi stjórntækja, merkjabúnaðar og viðvörunarbúnaðar annaðhvort beint eða um sérhæfða dreifingartöflu ofan skilrúmsþilfars og skal vera unnt að veita rafafli til þeirra um varaneyðarorkugjafa ef bilun verður í aðal- eða neyðarrafaflgjafa.

.7.3 Aflknúnar vatnsþéttar rennihurðir skulu annaðhvort vera búnar:

.1 Miðlægu vökvadrifnu kerfi með tveimur sjálfstæðum orkugjöfum, sem eru hvor um sig með hreyfli og dælu, til að loka öllum dyrunum samtímis. Auk þess skulu vera fyrir hendi nægilega stórir vökvageymar fyrir allan búnaðinn til að virkja allar hurðirnar þrisvar sinnum a.m.k., þ.e. loka, opna og loka aftur, í 15° hliðarhalla. Ferlið skal virka þegar geymirinn er við tengiþrýsting dælunnar (e. *pump cut-in pressure*). Velja skal vökva með tilliti til þess hvaða hiti verður að líkindum í búnaðinum þegar hann er í notkun. Aflknúna kerfið skal hannað til að draga svo sem kostur er úr möguleika á að ein bilun í vökvalögnum valdi því að fleiri en ein hurð verði óstarfhæf. Vökvadrifna kerfinu skal fylgja búnaður sem varar við of litlu vökvamagni í hringrásargeymum fyrir aflknúin kerfi og of litlum gasþrýstingi eða annar skilvirkur búnaður sem fylgist með tapi á safnorku í vökvageymum. Í þessum viðvörunarbúnaði skal bæði vera hljóðmerki og ljósmerki og skal hann staðsettur í aðalstjórnborði á stjórnpalli, eða:

.2 Sjálfstæðu vökvadrifnu kerfi fyrir hverja hurð þar sem hver orkugjafi er með hreyfil og dælu til að opna og loka dyrunum. Auk þess skal vera fyrir hendi nægilega stór vökvageymir til að virkja hurðina þrisvar sinnum a.m.k., þ.e. loka, opna og loka aftur, í 15° hliðarhalla. Ferlið skal virka þegar geymarnir eru við tengiþrýsting dælunnar (e. *pump cut-in pressure*). Velja skal vökva með tilliti til þess hvaða hiti verður að líkindum í búnaðinum þegar hann er í notkun. Í aðalstjórnborði á stjórnpalli skal vera samstæðubúnaður sem varar við of lágum gasþrýstingi eða annar búnaður sem fylgist með tapi á safnorku í vökvageymum. Vísir, sem sýnir tap á safnorku, skal vera á hverjum stjórnstað.

.3 Sjálfstæðu rafkerfi og hreyfli fyrir hverja hurð og skal hver orkugjafi vera hreyfill sem hægt er að opna og loka dyrunum með. Orkugjafinn skal sjálfkrafa fá orku frá bráðabirgðaneyðarrafafli ef bilun verður í aðal- eða neyðarrafaflgjafa og skal hann hafa næga getu til að virkja hurðina þrisvar sinnum, þ.e. loka, opna og loka aftur, í 15° hliðarhalla.

Kerfum, sem eru tilgreind í liðum .7.3.1, .7.3.2 og .7.3.3, skal komið fyrir með eftirfarandi hætti:

Aðskilja skal aflkerfi fyrir vatnsþéttar rennihurðir, sem er stjórnað með vélarafli, frá öðrum aflkerfum. Ein bilun í raf- eða vökvadrifnum aflkerfum, að frátöldum vökvaliðum, skal ekki koma í veg fyrir að hægt sé stjórna hurðinni með handafli.

.7.4 Stjórntæki skulu vera beggja vegna þilsins og minnst 1,6 metra frá gólfi og skal þeim þannig fyrir komið að þeir sem fara um dyrnar geti haldið báðum handföngum í opinni stöðu án þess að ræsa lokunarbúnaðinn fyrir slysni. Handföngin, sem eru notuð til að opna og loka dyrunum, skulu hreyfast í sömu átt og hurðin og skal stefnan greinilega merkt. Vökvadrifnum stjórntækjum fyrir vatnsþéttar hurðir í vistarverum skal þannig fyrir komið að börn geti ekki sett þau í gang ef einungis þarf eina aðgerð til að loka dyrunum, til að mynda á bak við þilhurðir með rennilokum í a.m.k. 170 cm hæð yfir þilfari.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

Beggja vegna hurðarinnar skal vera skilti með leiðbeiningum um hvernig dyrabúnaðinum skuli stjórnað. Beggja vegna hverrar hurðar skal einnig vera skilti með texta eða myndum þar sem varað er við þeirri hættu sem þeim er búin sem standa í dyrunum eftir að hurðin er byrjuð að lokast. Skiltin skulu vera úr varanlegu efni og þau kyrfilega fest. Í texta á skilti með leiðbeiningum eða viðvörunum skulu einnig vera upplýsingar um lokunartíma hurðarinnar.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.7.5 Rafbúnaður og íhlutir fyrir vatnsþéttar rennihurðir skulu, eftir því sem unnt er, staðsettir ofan við skilrúmsþilfar og utan hættusvæða.

.7.6 Hlífar utan um rafíhluti, sem verður að hafa neðan skilrúmsþilfars, skulu veita viðeigandi vörn gegn vatni.

.7.7 Rafrásir fyrir rafstraum, stjórntæki, merkjabúnað og viðvörunarbúnað skulu varðar gegn bilunum þannig að bilun í rafrásum einnar hurðar leiði ekki til bilunar í rafrásum annarrar hurðar. Skammhlaup eða aðrar bilanir í rafrásum fyrir viðvörunar- eða mælabúnað hurðar skulu ekki leiða til þess að sú hurð verði óvirk. Sjá skal til þess að vatnsleki inn í rafbúnað, sem er staðsettur neðan skilrúmsþilfars, leiði ekki til þess að dyr með slíkri hurð opnist.

.7.8 Ein rafbilun í aflkerfi eða stjórnkerfi fyrir rennihurðir, sem er stjórnað með vélarafli, skal ekki leiða til þess að lokaðar dyr opnist. Hafa skal stöðugt eftirlit með orkubirgðum í rafrásum eins nærri hverjum hreyfli, sem krafist er samkvæmt lið .7.3, og unnt er. Við orkutap skulu heyrast eða sjást hljóðmerki og ljósmerki frá viðvörunarbúnaði í aðalstjórnborði á stjórnpalli.

.8.1 Á aðalstjórnborði á stjórnpalli skal vera „aðalvalrofi“ fyrir tvenns konar aðgerðir: fyrir „handstýringu“ sem gerir kleift að opna og loka öllum dyrum á hverjum stað eftir notkun án sjálfvirkrar lokunar og fyrir „sjálfstýringu“ þar sem opnum dyrum er lokað með sjálfvirkum hætti. Ef stillt er á „sjálfstýringu“ skal vera unnt að opna dyrnar á staðnum og loka aftur með sjálfvirkum hætti þegar „handstýringu“ er lokið. Allajafna skal „aðalvalrofi“ stilltur á „handstýringu“. Einungis skal stillt á „sjálfstýringu“ í neyðartilvikum eða við prófanir.

.8.2 Í aðalstjórnborði á stjórnpalli skal birtast skýringarmynd sem sýnir staðsetningu allra hurða með ljósmerki sem sýnir hvort dyr eru opnar eða lokaðar. Rautt ljós gefur til kynna að dyrnar séu eins opnar og unnt er og grænt ljós að þeim hafi verið lokað að fullu. Þegar dyrum er lokað með fjarstýringu skal rautt blikkandi ljós gefa til kynna lokun að hluta. Við hverja hurð skal rafrás ljósmerkis vera óháð rafrás stjórntækja.

.8.3 Ekki skal vera unnt að opna dyr með fjarstýringu frá aðalstjórnstöð.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.9.1 Allar dyr með vatnsþéttum hurðum skulu vera lokaðar meðan á siglingu stendur nema að því leyti sem er tilgreint í liðum .9.2 og .9.3. Einungis er heimilt að opna dyr með vatnsþéttum hurðum, sem eru breiðari en 1,2 metrar samkvæmt lið .11, við þær kringumstæður sem greint er frá í þeim lið. Dyr, sem eru opnaðar í samræmi við þennan lið, skulu tilbúnar til lokunar án tafar.

.9.2 Heimilt er að opna dyr með vatnsþéttum hurðum meðan á siglingu stendur til að hleypa farþegum eða áhöfn í gegnum þær eða þegar nauðsyn ber til vegna vinnu í næsta nágrenni við þær. Loka verður dyrunum án tafar þegar umferðin er komin í gegn eða þeirri vinnu lokið sem opna þurfti vegna.

.9.3 Heimilt er að halda tilteknum dyrum með vatnsþéttum hurðum opnum meðan á siglingu stendur en þó því aðeins að slíkt sé talið bráðnauðsynlegt vegna öryggis og góðrar nýtingar á vélarbúnaði skipsins eða til að heimila farþegum allajafna óhindraðan aðgang um farþegarýmið. Stjórnvald fánaríkisins getur aðeins tekið slíka ákvörðun að lokinni vandlegri athugun á þeim áhrifum sem það hefði á nýtingu skipsins og eiginleika þess til að þola áraun. Dyr, sem heimilað er að halda opnum með þessum hætti, skal tilgreina skilmerkilega í upplýsingum um stöðugleika skipsins og ætíð skal vera unnt að loka þeim án tafar.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.10.1 Setja má vatnsþéttar hurðir af viðeigandi gerð í vatnsþétt þil sem skipta farmi milli þilfarsrýma telji stjórnvald fánaríkisins þær nauðsynlegar. Þessar hurðir geta verið á lömum, veltihurðir eða rennihurðir en þær skulu ekki vera með fjarstýringu. Þær skulu festar eins hátt og eins langt frá byrðingsplötum og unnt er, þó skulu ystu lóðréttu brúnir aldrei vera fjær byrðingsplötum en 1/5 af breidd skipsins en það bil er mælt hornrétt á miðlínu dýpsta (efsta) hleðslumerkis niðurhólfunar.

.10.2 Loka skal þessum dyrum áður en ferð hefst og hafa þær lokaðar meðan á siglingu stendur. Skrá skal í dagbók hvenær þessar dyr eru opnaðar þegar skipið liggur við bryggju og hvenær þeim er lokað áður en skipið lætur úr höfn. Ef hægt er að komast að þessum dyrum meðan á siglingu stendur skal vera á þeim búnaður sem kemur í veg fyrir að hægt sé að opna þær án heimildar. Stjórnvald fánaríkisins skal taka til sérstakrar athugunar tillögur um ísetningu hurða, fjölda þeirra og fyrirkomulag.

.11 Færanlegar plötur mega ekki vera á þiljum nema í vélarúmi. Setja skal plöturnar á sinn stað áður en skipið lætur úr höfn og ekki má fjarlægja þær meðan á siglingu stendur nema brýna nauðsyn beri til að mati skipstjórans. Stjórnvald fánaríkisins getur ekki heimilað að fleiri en ein vatnsþétt rennihurð, sem er stjórnað með vélarafli, sé sett í stað þessara færanlegu platna á hverju aðalþili þverskips, sem er stærra en þau sem eru tilgreind í lið 7.1.2, að því tilskildu að þessum dyrum sé lokað áður en skipið lætur úr höfn og þeim haldið lokuðum í ferðinni nema þegar brýna nauðsyn ber til annars að mati skipstjórans. Þessar dyr þurfa ekki að vera í samræmi við kröfur liðar .7.1.4 að því er varðar algera lokun með handknúnum búnaði á innan við 90 sekúndum. Skrá skal í dagbók hvenær þessar dyr eru opnaðar og þeim lokað, hvort skipið hefur látið úr höfn eða liggur við bryggju.

14. **Regla II-1/B-2/14: Skip sem flytja vöruflutningabifreiðar og starfsmenn þeirra (R 16)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Regla II-1/B-2/14 á við um farþegaskip sem eru hönnuð eða er breytt til að flytja vöruflutningabifreiðar og starfsmenn þeirra.

.2 Ef heildarfjöldi farþega á skipi af þessu tagi, þ.m.t. starfsmenn ökutækja, er ekki meiri en N = 12 + A/25, þar sem A = heildarþilfarssvæði (fermetrar) í rýmum fyrir vöruflutningabifreiðar og óhindruð hæð í geymslum og við inngang í rýmin er ekki minni en fjórir metrar skulu ákvæði liðar .10 í reglu II-1/B-2/13 gilda að því er varðar vatnsþéttar hurðir að öðru leyti en því að heimilt er að setja hurðirnar í hvaða hæð sem er á vatnsþétt þil sem skipta farmrýmum. Að auki skulu vera mælar á stjórnpalli er sýna sjálfkrafa hvenær hverjum dyrum er lokað og allar læsingar tryggilega frágengnar.

.3 Þegar ákvæðum þessa kafla er beitt gagnvart skipi af þessu tagi er litið svo á að N tákni þann hámarksfjölda farþega sem skip getur fengið staðfestan í skírteini í samræmi við II-1/B-2/14:.

15. **Regla II-1/B-2/15: Op í byrðingsplötum neðan við kaflínu (R 17)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Fækka skal fjölda opa á byrðingsplötum í það lágmark sem samrýmist hönnun og góðri nýtingu skipsins.

.2.1 Aðferðir, sem eru notaðar til að loka opum á byrðingsplötu, skulu vera í samræmi við fyrirhugaðan tilgang og notkunarstað.

.2.2 Með fyrirvara um kröfur gildandi alþjóðasamnings um hleðslumerki skipa skulu engin kýraugu staðsett þannig að sylla þeirra sé neðan línu sem er dregin samsíða skilrúmsþilfari á skipshlið og skal lægsti punktur þeirra vera 2,5% af breidd skipsins ofan dýpsta (efsta) hleðslumerkis niðurhólfunar, eða 500 mm, ef það er meira.

.2.3 Öll kýraugu með syllur undir kaflínu skulu þannig smíðuð að ekki sé unnt að opna þau án samþykkis skipstjórans.

.2.4 Ef lægsti punktur fyrir syllur kýrauga, sem um getur í lið .2.3, eru á milliþilfari og neðan línu sem er dregin samsíða skilrúmsþilfarinu á skipshlið, er 1,4 metrar, auk 2,5% af breidd skipsins ofan vatnsborðs þegar skipið lætur úr höfn, skulu öll kýraugu á milliþilfari lokuð og vatnsþétt og þeim læst áður en skipið lætur úr höfn og er óheimilt að opna þau fyrr en skipið kemur í næstu höfn. Við beitingu þessa liðar má leyfa frávik ef siglt er á vatni.

.2.5 Kýraugu og blindhlerar þeirra, sem ekki er hægt að komast að meðan á siglingu stendur, skulu lokuð og sjóbúin tryggilega áður en skipið lætur úr höfn.

.3 Hafa skal eins fá niðurföll, frárennsli og önnur svipuð op á byrðingsplötum og unnt er, annaðhvort með því að nýta hvert frárennslisop fyrir eins margar skólpleiðslur og aðrar leiðslur og hægt er eða með öðrum viðunandi hætti.

.4 Gengið skal þannig frá aðgengi að og skilvirkni inntaks- og frárennslisopa á byrðingsplötum að vatn komist ekki inn í skipið fyrir slysni.

.4.1 Með fyrirvara um kröfur í gildandi alþjóðasamningi um hleðslumerki skipa og að frátöldu því sem kveðið er á um í lið .5 skal hvert frárennslisop á byrðingsplötum frá rýmum neðan kaflínu vera annaðhvort með einum sjálfvirkum einstefnuloka, sem loka má fyrir frá stað ofan skilrúmsþilfars, eða tveimur sjálfvirkum einstefnulokum án slíks útbúnaðar, að því tilskildu að lokinn um borð sé staðsettur ofan dýpsta (efsta) hleðslumerkis niðurhólfunar og að komast megi að honum til þess að skoða hann við allar þjónustuaðstæður.

Þegar skrúfað er fyrir loku á lokunarbúnaði skal ætíð vera greiður aðgangur að þeim stað ofan skilrúmsþilfars sem lokað er frá og skal búnaður sýna hvort lokinn er opinn eða lokaður.

.4.2 Kröfur gildandi alþjóðasamnings um hleðslumerki skipa skulu gilda um frárennslisop um byrðingsplötur frá rýmum ofan kaflínu.

.5 Aðal- og aukasjóinntök og -frárennslisop í vélarúmi í tengslum við vinnslu vélbúnaðar skulu búin aðgengilegum lokum milli leiðslna og byrðingsplatna eða milli leiðslna og smíðaðra kassa á byrðingsplötum. Lokunum má stjórna á staðnum og við þá skulu vera vísar sem sýna hvort þeir eru opnir eða lokaðir.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Tryggja skal gott aðgengi til að stjórna handhjólum eða handföngum fyrir sjóloka. Allir lokar notaðir sem sjólokar skulu lokast þegar handhjólum þeirra er snúið réttsælis.

.2 Frárennsliskranar eða -lokar á skipshlið fyrir útblástursvatn frá kötlum skulu vera á vel aðgengilegum stöðum og ekki neðan þilfarsplatna. Kranar eða lokar skulu þannig hannaðir að auðvelt sé að greina hvort þeir séu opnir eða lokaðir. Öryggishlífar skulu fylgja krönum sem eru þannig hannaðar að ekki sé unnt að taka lykilinn af þegar kraninn er opinn.

.3 Merkja skal greinilega alla loka og krana í leiðslukerfum, til að mynda í kerfum fyrir austur og kjölfestuvatn, brennsluolíu og smurolíu, slökkvibúnað og frárennsli, kælivatn og skólp o.s.frv., með tilliti til notkunar.

.4 Unnt skal vera að loka fyrir aðrar frárennslisleiðslur á skipshlið með jafngildum aðferðum ef þær eru leiddar út neðan við dýpsta (efsta) hleðslumerki niðurhólfunar; ef þær eru leiddar út ofan við dýpsta (efsta) hleðslumerki niðurhólfunar skal vera á þeim venjulegur stormloki. Í báðum tilvikum má sleppa lokunum ef leiðslurnar eru jafnsverar og óbeint frárennsli um byrðing frá salernum og handlaugum og sé frárennsli um gólf frá þvottaherbergjum o.s.frv. búið blindhlera eða það varið með öðrum hætti gegn vatnsgusum. Veggir þessara leiðslna þurfa þó ekki að vera þykkari en 14 mm.

.5 Þegar notaður er loki með beinum lokunarbúnaði skal staðurinn sem honum er stýrt frá ætíð vera vel aðgengilegur og fyrir hendi skal vera búnaður sem sýnir hvort lokinn er opinn eða lokaður.

.6 Ef lokum með beinum lokunarbúnaði er komið fyrir í vélarúmum þarf aðeins að vera hægt að stýra þeim á staðnum, að því tilskildu að sá staður sé vel aðgengilegur við allar aðstæður.

.6 Allir tengihlutir og lokar á byrðingi, sem krafist er samkvæmt reglu II-1/B-2/15, skulu vera úr stáli, bronsi eða öðru viðurkenndu þanþolnu efni. Ekki má nota loka úr venjulegu steypujárni eða svipuðu efni. Allar leiðslur, sem vísað er til í þessari reglu II-1/B-2/15, skulu vera úr stáli eða jafngildu efni að mati stjórnvalds fánaríkisins.

.7 Landgöngu- og farmhlið undir kaflínu skulu vera nægilega sterk. Þeim skal lokað tryggilega og sjóbúin vatnsþétt áður en skipið leggur úr höfn og þau skulu vera lokuð meðan á siglingu stendur.

.8 Þessum hliðum skal í engu tilviki þannig fyrir komið að lægsti punktur þeirra sé neðan dýpsta (efsta) hleðslumerkis niðurhólfunar.

16. **Regla II-1/B-2/16: Vatnsþéttni farþegaskipa ofan kaflínu (R 20)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Gera skal allar viðeigandi og mögulegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vatn komist inn ofan við skilrúmsþilfarið og dreifist þar. Þessar ráðstafanir geta m.a. falist í því að setja upp hlutaþil eða styrkingar. Þegar vatnsþéttum hlutaþiljum og styrkingum er komið fyrir á skilrúmsþilfari, ofan við eða fast við aðalþil til niðurhólfunar skulu samskeyti við byrðing vera vatnsþétt og tengingar við skilrúmsþilfar til þess að draga úr vatnsflæði eftir þilfarinu þegar slagsíða kemur á skipið vegna leka. Ef vatnsþétt hlutaþil er ekki í beinu framhaldi af þilinu fyrir neðan skal skilrúmsþilfarið á milli vera algerlega vatnsþétt.

.2 Skilrúmsþilfar eða þilfar fyrir ofan það skal vera veðurþétt. Öll op á óvörðu veðurþilfari skulu vera með nægilega háum og sterkum körmum og hentugum útbúnaði svo að þeim megi loka fljótt og gera veðurþétt. Austuropum, opnum handriðum og niðurföllum skal komið fyrir með þeim hætti sem nauðsyn krefur til þess að hægt sé að losa vatn af veðurþilfari fljótt hvernig sem viðrar.

.3 Í gömlum skipum í flokki B skulu op loftröra, sem opnast inn í yfirbygginguna, vera a.m.k. kosti einn metra ofan við vatnslínu þegar skipið hallar um 15° eða við hámarkshallahorn við meðalflæði samkvæmt beinum útreikningum, eftir því hvort hornið er stærra. Einnig mega loftrör frá geymum, öðrum en olíugeymum, liggja gegnum hliðar yfirbyggingarinnar. Ákvæði þessa liðar gilda með fyrirvara um ákvæði gildandi alþjóðasamnings um hleðslumerki skipa.

.4 Kýraugu, landgangshlið, farmhlið og annar lokunarbúnaður á byrðingsplötum fyrir ofan kaflínu skulu vera hönnuð og smíðuð með fullnægjandi hætti og nægilega sterk miðað við þau rými sem þau eru sett í og afstöðu þeirra til dýpsta (efsta) hleðslumerkis niðurhólfunar.

.5 Öll kýraugu í rýmum neðan við næsta þilfar ofan við skilrúmsþilfarið skulu vera með traustum blindhlerum að innanverðu sem er þannig fyrir komið að auðvelt sé að loka þeim og sjóbúa vatnsþétt.

17. **Regla II-1/B-2/17: Lokun farmhleðsludyra (R 20-1)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Eftirtöldum dyrum ofan kaflínu skal lokað og læst áður en skip leggur upp í siglingu og hafa skal þær lokaðar og læstar þar til skipið leggst að bryggju í næstu höfn:

.1 farmhleðsludyrum á byrðingi eða við mörk lokaðra yfirbygginga,

.2 stefnislokum á stöðum eins og tilgreint er í lið .1.1,

.3 farmhleðsludyrum á stafnþili (árekstrarþili),

.4 veðurþéttum skábrautum sem er annar lokunarbúnaður en sá sem er skilgreindur í liðum .1.1–.1.3, að báðum liðum meðtöldum. Heimilt er að opna dyr eða hafa þær opnar þegar skip er á leið til eða frá bryggju ef ekki er unnt að opna þær eða loka þeim á meðan skipið liggur við bryggju en þó aðeins að því marki sem nauðsynlegt telst til að unnt sé að virkja þær án tafar. Innri stafndyr verða þó ætíð að vera lokaðar.

.2 Þrátt fyrir kröfur liða .1.1 og .1.4 getur stjórnvald fánaríkisins heimilað að hafa megi tilteknar dyr opnar, óski skipstjóri þess, ef nauðsyn krefur vegna reksturs skipsins eða vegna farar farþega um borð eða frá borði þegar skipið liggur tryggilega við akkeri og að því tilskildu að ekki sé dregið úr öryggi skipsins.

.3 Skipstjóri skal sjá til þess að framfylgt sé skilvirku eftirlits- og tilkynningakerfi varðandi lokun og opnun dyra sem um getur í lið .1.

.4 Áður en skipið leggur upp í siglingu skal skipstjóri sjá til þess að skráð sé í dagbók, eins og krafist er í reglu II-1/B-2/22, hvenær hurðum, sem eru tilgreindar í lið .1, er síðast lokað og tilteknar hurðir opnaðar í samræmi við lið .2.

17-1 **Regla II-1/B-2/17-1: Vatnsþéttni milli ekjuþilfars (skilrúmsþilfars) og rýma fyrir neðan (R 20-2)**

NÝ EKJUFARÞEGASKIP FLOKKI Í B, C OG D:

.1.1 með fyrirvara um ákvæði liða .1.2 og .1.3 skal lægsti punktur allra aðgangsopa inn í rými neðan við skilrúmsþilfar ekki vera minna en 2,5 metrum ofan við skilrúmsþilfarið,

.1.2 þar sem skábrautum fyrir ökutæki hefur verið komið fyrir, í því skyni að veita aðgang að rýmum neðan við skilrúmsþilfar, skal vera hægt að loka opum þeirra veðurþétt til að koma í veg fyrir innstreymi vatns undir þiljur þannig að gefnar séu viðvaranir og upplýsingar um það birtist á stjórnpalli,

.1.3 stjórnvald fánaríkisins getur heimilað að sett séu sérstök aðgangsop að rýmum neðan við skilrúmsþilfar að því tilskildu að þau séu nauðsynleg vegna góðrar nýtingar skipsins, til að mynda vegna flutnings á vélbúnaði og vistum, með því skilyrði að þau séu vatnsþétt og að gefnar séu viðvaranir og upplýsingar um þau birtist á stjórnpalli,

.1.4 loka skal aðgangsopunum, sem um getur í liðum .1.2 og .1.3, áður en skipið leggur frá bryggju á leið í siglingu og skulu þau vera lokuð þar til skipið leggst að bryggju í næstu höfn,

.1.5 skipstjóri skal sjá til þess að skilvirku eftirlits- og tilkynningakerfi sé framfylgt varðandi lokun og opnun aðgangsopa, sem um getur í liðum .1.2 og .1.3, og

.1.6 skipstjóri skal sjá til þess að skráð sé í dagbók, eins og krafist er í reglu II-1/B-2/22, áður en skipið leggur frá bryggju á leið í siglingu hvenær aðgangsopum, sem um getur í liðum .1.2 og .1.3, er síðast lokað,

.1.7 ný ekjufarþegaskip í flokki C sem eru styttri en 40 metrar og ný ekjufarþegaskip í flokki D geta, í stað þess að uppfylla liði .1.1–.1.6, uppfyllt liði .2.1–.2.3, að því tilskildu að karmar og þröskuldar séu í a.m.k. 600 mm hæð á opnum ekjufarmrýmum og a.m.k. 380 mm í lokuðum ekjufarmrýmum.

GÖMUL EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B:

.2.1 öll aðgangsop frá ekjuþilfari inn í rými fyrir neðan skilrúmsþilfar skulu vera veðurþétt og á stjórnpalli skal vera búnaður sem sýnir hvort þau eru opin eða lokuð,

.2.2 loka skal öllum þessum aðgangsopum áður en skipið leggur frá bryggju á leið í siglingu og þau skulu vera lokuð þar til skipið leggst að bryggju í næstu höfn,

.2.3 þrátt fyrir kröfurnar í lið .2.2 getur stjórnvald fánaríkisins heimilað að sum aðgangsop séu opnuð á siglingu en þó aðeins til að hleypa umferð í gegn og, ef nauðsyn krefur, vegna góðrar nýtingar skipsins.

17-2 **Regla II-1/B-2/17-2: Aðgangur að ekjuþilförum (R 20-3)**

ÖLL EKJUFARÞEGASKIP:

Skipstjóri eða annar tilnefndur yfirmaður skal sjá til þess að engir farþegar hafi aðgang að lokuðu ekjuþilfari á meðan skipið er í siglingu nema með ótvíræðu samþykki hans.

17-3 **Regla II-1/B-2/17-3: Lokun þilja á ekjuþilfari (R 20-4)**

NÝ EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B:

.1 Öll þil þverskips og langsum, sem hefta flæði sjávar sem hefur safnast fyrir á ekjuþilfari, skulu vera á sínum stað og tryggilega fest áður en skipið leggur frá bryggju og þeim skal haldið í því ástandi þar til skipið leggst næst að bryggju.

.2 Þrátt fyrir kröfurnar í lið .1 getur stjórnvald fánaríkisins heimilað að sum aðgangsop á þessum þiljum séu opnuð á siglingu en þó aðeins til að hleypa umferð í gegn og, ef nauðsyn krefur, vegna góðrar nýtingar skipsins.

18. **Regla II-1/B-2/18: Upplýsingar um stöðugleika (R 22)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Hallaprófa skal farþegaskip þegar það er fullsmíðað og ákvarða stöðugleikaþætti þess. Láta skal skipstjóra í té gögn, sem stjórnvald fánaríkisins hefur samþykkt, er veita honum á hraðan og einfaldan máta nákvæmar upplýsingar um stöðugleika skipsins við ýmiss konar þjónustuaðstæður.

.2 Þegar breytingar eru gerðar á skipi, sem hafa veruleg áhrif á gögn um stöðugleika til skipstjóra, skal láta í té ný stöðugleikagögn. Ef nauðsyn krefur skal gera nýja hallaprófun á skipinu.

.3 Framkvæma skal útreikninga á eigin þyngd skips með reglubundnu millibili og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti til að kanna hvort breytingar hafi orðið á sæþunga eigin þyngdar skipsins og langskipsþyngdarmiðju. Endurtaka skal hallaprófun, í samanburði við viðurkennd stöðugleikagögn, ef vart verður við eða búist er við að frávik frá sæþunga eigin þyngdar skipsins reynist meira en 2% eða ef frávik frá langskipsþyngdarmiðju reynist meira en 1% af lengd skipsins.

.4 Stjórnvaldi fánaríkisins er heimilt að veita einstöku skipi undanþágu frá hallaprófun, að því tilskildu að til séu grunnstöðugleikagögn frá hallaprófun systurskips og stjórnvaldið telji að frá þessum grunngögnum sé unnt að gera áreiðanleg stöðugleikagögn fyrir skipið sem ráðgert er að veita undanþágu. Vísað er til MSC/Circ. 1158.

.5 Ef ekki eru skilyrði til að framkvæma nákvæmt hallapróf skal sæþungi eigin þyngdar skips og þyngdarmiðja ákvarðast með mælingu á eigin þyngd skips og ítarlegum útreikningum. Vísað er til upplýsinga í reglu 2.7 í kóða um háhraðaför frá 2000.

19. **Regla II-1/B-2/19: Áætlanir um aðgerðir vegna leka (R 23)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Til leiðbeiningar fyrir yfirmann á vakt skulu ætíð vera fyrir hendi teikningar er sýna greinilega op á hverju þilfari og op á mörkum vatnsþéttra hólfa ásamt lokunarbúnaði þeirra og stöðu stjórntækja fyrir hann, svo og fyrirkomulag við leiðréttingu á hliðarhalla vegna flæðis. Enn fremur skulu liggja fyrir bæklingar með framangreindum upplýsingum fyrir yfirmenn skipsins.

20. **Regla II-1/B-2/20: Þéttleiki bols og yfirbyggingar, lekavarnir og lekastjórnun (R 23-2)**

.1 Á stjórnpalli skulu vera vísar fyrir allar dyr á byrðingi, hleðsludyr og hvern þann annan lokunarbúnað sem flætt getur um inn í sérstök rými eða ekjufarmrými ef hann er skilinn eftir opinn eða ekki gengið tryggilega frá honum. Mælakerfið skal hannað samkvæmt meginreglunni um virkt öryggi og varað skal við með ljósmerki ef dyr hafa ekki lokast að fullu eða einhver hluti öryggisbúnaðar er ekki rétt staðsettur og læstur og með hljóðmerki ef dyrnar eða lokunarbúnaðurinn hefur opnast eða öryggisbúnaður tryggir ekki lengur öryggi. Í mælaborði á stjórnpalli skal vera valhnappur merktur „höfn/sigling“ sem er þannig stilltur að hljóðmerki sé gefið á stjórnpalli ef skip lætur úr höfn með stafnhurð, innri hurðir, skábraut í skuti eða aðrar hurðir á byrðingi opnar eða ef lokunarbúnaður er ekki í réttri stöðu. Aflgjafi fyrir mælakerfið skal vera óháður aflgjafa sem stjórnar og festir hurðirnar tryggilega. Ekki er ástæða til að breyta mælakerfi sem stjórnvald fánaríkisins hefur samþykkt og er um borð í gömlum skipum.

.2 Sjónvarpseftirlitskerfi og vatnslekaeftirlitskerfi skal þannig fyrir komið að þau sendi upplýsingar á stjórnpall og til stjórnstöðvar vélarúms verði vart leka um innri og ytri stafnhurðir, hurðir í skuti eða aðrar hurðir á byrðingi sem gæti náð inn í sérstök rými eða ekjufarmrými.

.3 Nota skal skilvirkar aðferðir til að hafa stöðugt eftirlit með sérstökum rýmum og ekjufarmrýmum, til að mynda sjónvarpseftirlitskerfi, þannig að unnt sé að greina hreyfingu ökutækja við slæm veðurskilyrði og óleyfilegar ferðir farþega þangað á meðan skipið er á siglingu.

.4 Geyma skal, á viðeigandi stað um borð, gögn er varða rétta tilhögun við lokun og opnun allra dyra á byrðingi, farmdyra og annars lokunarbúnaður sem flætt gæti um inn í sérstök rými eða ekjufarmrými ef hann er skilinn eftir opinn eða ótryggilega sjóbúinn.

21. **Regla II-1/B-2/21: Merking, tímabundin notkun og reglubundin aðalskoðun vatnsþéttra hurða o.s.frv. (R 24)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Í hverri viku skulu fara fram æfingar í því að stjórna vatnsþéttum hurðum, kýraugum, lokum og lokunarbúnaði fyrir niðurföll.

.2 Daglega skal prófa allar vatnsþéttar hurðir á aðalþiljum þverskips sem eru notaðar á siglingu.

.3 Skoða skal a.m.k. kosti vikulega og úti á rúmsjó vatnsþéttar hurðir og allan vélbúnað og álestrarmæla sem tengjast þeim, alla loka sem skrúfa verður fyrir til að gera hólf vatnsþétt og alla loka sem eru nauðsynlegir til þverflæðistjórnar.

.4 Setja skal viðeigandi merkingar á lokana, hurðirnar og vélbúnaðinn til þess að unnt sé að tryggja hámarksöryggi með þeim.

22. **Regla II-1/B-2/22: Færslur í dagbók (R 25)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Loka skal dyrum með hurðum á lömum, færanlegum plötum, kýraugum og farmhliðum og öðrum opum, sem krafist er að séu lokuð meðan á siglingu stendur samkvæmt viðkomandi reglum, áður en skipið lætur úr höfn. Skrá skal í dagbók opnanir og lokanir (ef þær eru heimilar samkvæmt viðkomandi reglum).

.2 Skrá skal í dagbók allar æfingar og skoðanir, sem er krafist samkvæmt reglu II-1/B-2/21, ásamt nákvæmri skrá yfir galla sem kunna að koma í ljós.

23. **Regla II-1/B-2/23: Lyftanlegir pallar og skábrautir fyrir bifreiðar**

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Smíði, uppsetning og stjórnun hengiþilfara til flutninga á ökutækjum farþega skal vera í samræmi við reglur sem stjórnvald fánaríkisins setur. Smíðin skal vera í samræmi við viðeigandi reglur viðurkenndrar stofnunar.

24. **Regla II-1/B-2/24: Handrið**

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

1. Á þilförum utan dyra, sem farþegum er heimill aðgangur að og þar sem ekki er borðstokkur í fullnægjandi hæð, skal vera handrið í a.m.k. 1100 mm hæð frá þilfari og skal hönnun þess og smíði miðuð við að koma í veg fyrir að farþegar geti klifrað upp á handriðið eða fallið af þilfarinu fyrir slysni.

2. Á stigum og stigapöllum á slíkum þilförum utan dyra skulu vera handrið smíðuð á sama hátt.

*C-HLUTI*

***VÉLBÚNAÐUR***

1. **Regla II-1/C/1: Almennt (R 26)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Vélbúnaði, kötlum og öðrum þrýstihylkjum, tilheyrandi lagnakerfi og tengihlutum skal þannig fyrir komið og þessir hlutir varðir á þann hátt að hætta fyrir menn um borð verði sem minnst og skal gefa sérstakan gaum að þeim hlutum sem hreyfast, heitum flötum og öðru sem hættulegt getur talist.

.2 Búnaður skal vera fyrir hendi til að halda við eða endurheimta gangfærni framdrifsvéla, jafnvel þótt ein af nauðsynlegum hjálparvélum verði óstarfhæf.

.3 Unnt skal vera að gangsetja vélar í vélarvana skipi án utanaðkomandi aðstoðar.

NÝ SKIP Í FLOKKI B OG C:

.4 Aðalframdrifs- og hjálparvélar, sem eru nauðsynlegar til að knýja skipið og vegna öryggis þess skulu, eins og þær eru niðursettar, vera gangfærar hvort sem skipið er upprétt eða við hvert hallahorn allt að 15° hliðarhalla á annað hvort borðið eða veltur allt að 22,5° á annað hvort borðið og heggur samtímis allt að 7,5° fram eða aftur.

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.5 Búnaður skal vera fyrir hendi til að stöðva framdrifsvélar og skrúfu í neyðartilviki frá viðeigandi stöðum utan vélarúms/stjórnklefa vélarúms, þ.e. frá opnu þilfari eða stýrishúsi.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

.6 Staðsetning og fyrirkomulag loftröra fyrir brennsluolíugeyma, setgeyma og smurolíugeyma skal vera þannig að þó að loftrör brotni hafi það ekki í för með sér beina hættu á að sjór eða regnvatn komist inn. Um borð í öllum skipum skulu vera tveir brennsluolíugeymar fyrir hverja gerð eldsneytis, sem notuð er til að knýja skipið áfram og nauðsynlegan búnað þess, eða samsvarandi fyrirkomulag og skal hvor þeirra rúma eldsneytismagn til að knýja framdrifsvélbúnaðinn óslitið með hámarksafköstum, sem og rafala þess við hefðbundið álag á sjó, í a.m.k. átta klukkustundir í skipum í flokki B og a.m.k. fjórar klukkustundir í skipum í flokki C og D.

2. **Regla II-1/C/2: Brunahreyflar (R 27)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Brunahreyfla, þar sem borvídd strokka er meiri en 200 mm eða þar sem rúmmál sveifarhúss er 0,6 $m^3$ eða meira, skal búa öryggislokum gegn sprengingu í sveifarhúsi og skulu þeir vera af heppilegri gerð og með nægilega stóru útstreymisopi. Öryggislokunum skal þannig fyrir komið eða þeim fylgja þannig búnaður að tryggt sé að útstreymi frá þeim sé þannig stýrt að sem minnst hætta sé á að starfsmenn slasist.

3. **Regla II-1/C/3: Austurkerfi (R 21)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1.1 Um borð skulu vera afkastamiklar austurdælur sem geta við allar raunhæfar aðstæður dælt úr og tæmt sérhvert vatnsþétt hólf sem er að staðaldri ekki notað sem vatnsgeymir, sjókjölfesta, olíugeymir eða geymir undir vökva og þar sem annar afkastamikill dælibúnaður er fyrir. Fyrir hendi skal vera afkastamikill búnaður til að tæma vatn úr einangruðum farmrýmum.

.1.2 Samþykkja má hreinlætiskerfis-, kjölfestu- eða austurdælur sem aðskildar aflausturdælur ef þeim fylgja nauðsynlegar tengingar við austurkerfið.

.1.3 Öll austurrör sem eru notuð í eða undir eldsneytisgeymum eða í kötlum eða vélarúmum, þ.m.t. rými fyrir olíusetgeyma eða eldsneytisolíudælubúnað, skulu gerð úr stáli eða öðru viðeigandi efni.

.1.4 Dælukerfum fyrir austur og kjölfestu skal þannig komið fyrir að vatn utan frá eða frá rýmum fyrir sjókjölfestu geti ekki streymt inn í farmrými eða vélarúm eða frá einu hólfi til annars. Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að sjór flæði óvart inn í djúptanka með tengingar við austur og kjölfestu þegar í þeim er farmur og að frárennsli fari um austurdælu þegar í geymunum er sjókjölfesta.

.1.5 Öllum lokakistum og lokum, sem er stjórnað með handafli í tengslum við austurkerfi, skal þannig komið fyrir að auðvelt sé að komast að þeim við eðlilegar kringumstæður.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1.6 Gera skal ráðstafanir vegna tæmingar lokaðra farmrýma á skilrúmsþilfari.

.1.6.1 Ef hæð fríborðs á skilrúmsþilfari er þannig að þilfarsbrún fer í kaf þegar skipið hallast meira en 5° skal nota nægilegan fjölda niðurfalla í hentugri stærð til beinnar losunar fyrir borð og skal þeim komið fyrir í samræmi við kröfur í reglu II-1/B-2/15.

.1.6.2 Ef hæð fríborðs er þannig að brún skilrúmsþilfars fer í kaf þegar skipið hallast um 5° eða minna skal dæla úr lokuðum farmrýmum á skilrúmsþilfari inn í viðeigandi rými, eitt eða fleiri, af hæfilegri stærð þar sem fyrir er búnaður sem varar við hárri vatnsstöðu og viðeigandi búnaður til losunar fyrir borð. Auk þess skal ganga úr skugga um að:

.1 fjöldi, stærð og staðsetning niðurfallanna sé með þeim hætti að ekki safnist fyrir óeðlilega mikið magn óhefts vatns,

.2 í fyrirkomulagi við dælingu, sem er krafist samkvæmt þessari reglu II-1/C/3, sé tekið tillit til þeirra krafna sem eiga við um föst slökkvikerfi með háþrýstiýringu,

.3 vatn, sem er mengað bensíni eða öðrum hættulegum efnum, sé ekki losað inn í vélarúm eða önnur rými þar sem íkveikjuhætta gæti verið fyrir hendi og

.4 á þilfarsniðurföllum sé búnaður til að koma í veg fyrir að eldkæfandi gas sleppi út ef notuð eru slökkvikerfi með koltvísýringi fyrir lokuð farmrými.

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D:

.1.6.3 Fyrir hendi skal vera nægileg dælingargeta á ekjuþilförum og ökutækjaþilförum þannig að niðurföll, frárennslisop á stjórnborða og bakborða geti tekið við því vatni sem berst frá úða- og slökkvidælum, með tilliti til síðu- og stafnhalla skipsins.

.1.6.4 Efýringarbúnaður og brunahanar eru í setustofum fyrir farþega og áhöfn skal þar vera nægilegur fjöldi niðurfalla til að taka við því vatnsmagni sem til verður við slökkvistarf með ýringarstútum og tveimur brunaslöngum með stútum. Niðurföll skulu staðsett á besta stað, til að mynda í hverju horni.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.2.1 Austurdælukerfið, sem krafist er í lið .1.1, skal vera starfhæft við allar raunhæfar aðstæður eftir slys, án tillits til þess hvort skipið er á réttum kili eða með slagsíðu. Í þessu skyni skulu soggreinar almennt hafðar í síðum nema í þröngum hólfum í enda skipsins þar sem ein soggrein kann að nægja. Í hólfum með óvenjulegu lagi kann að vera þörf á viðbótarsoggreinum. Fyrirkomulagið skal vera þannig að vatn í hólfunum renni auðveldlega til sogröranna.

.2.2 Þar sem því verður við komið skal setja aflknúnu austurdælurnar í aðskilin vatnsþétt hólf og koma þeim þannig fyrir eða staðsetja þær þannig að ekki verði flæði í þessum hólfum við sama leka. Ef aðalfram-drifsvélar, hjálparvélar og katlar eru í tveimur eða fleiri vatnsþéttum hólfum skal hafa þær dælur sem nota má til austurs eins víða og mögulegt er í hólfunum.

.2.3 Að undanskildum viðbótardælunum, sem aðeins má koma fyrir í fremstu hólfum skipsins, skal koma hverri tilskilinni austurdælu þannig fyrir að hún dæli vatni úr hverju því rými sem krafist er að sé tæmt samkvæmt lið .1.1.

.2.4 Hver aflknúin austurdæla skal geta dælt kjölvatninu gegnum tilskilið aðalausturrör með hraða sem er a.m.k. 2 m/s. Sjálfstæðar, aflknúnar austurdælur, sem staðsettar eru í vélarúmum, skulu tengdar beint við sogrör úr þessum rýmum, en ekki skal krafist fleiri en tveggja slíkra sogröra í neinu rými. Þar sem eru tvö eða fleiri sogrör skal a.m.k. eitt vera á hvoru borði skipsins. Sogrörum, sem tengd eru beint, skal komið fyrir á viðeigandi hátt og skal þvermál sogröra í vélarúmi ekki vera minna en það sem krafist er fyrir aðalausturrörið.

.2.5 Auk þess sem austurdælur eru tengdar beint við eitt eða fleiri sogrör, eins og krafist er í lið .2.4, skal liggja neyðarausturdæla, sem er tengd beint við sogrör með einstefnuloka, frá stærstu sjálfstæðu aflknúnu dælunni að því marki þar sem vélarúmið tæmist; sogrörið skal hafa sama þvermál og aðalinntakið til dælnanna sem notaðar eru.

.2.6 Spindlar botnloka og beinna sjóinntaka eiga að ná vel upp fyrir gólf vélarúmsins.

.2.7 Allar sogröralagnir austurkerfis, sem liggja að dælutengjum, skulu vera óháðar öðrum lögnum.

.2.8 Þvermálið „d“ á aðal- og hliðarlögnum austurkerfa skal reiknað samkvæmt eftirfarandi formúlu. Þó er heimilt að jafna raunverulega innra þvermálið við næstu stöðluðu stærð, sé það talið viðunandi að mati stjórnvalds fánaríkisins:

aðallagnir fyrir austurkerfi:

$$d = 25 + 1.68\sqrt{(L\,(B + D))}$$

hliðarlögn austurkerfis milli austurbrunna og soghliðar (austurkerfis):

$$d = 25 + 2.15\sqrt{(L_1(B + D))}$$

þar sem:

d er innra þvermál aðallagnar austurkerfis (í millimetrum),

L og B eru lengd og breidd skipsins (í metrum),

L1 er lengd hólfsins og

D er dýpt skipsins að skilrúmsþilfari (í metrum), að því tilskildu að í skipum með lokuðum farmrýmum á skilrúmsþilfari, sem í er innra frárennsli, í samræmi við kröfur liðar .1.6.2, og sem ná eftir endilöngu skipinu, skuli D mælt að næsta þilfari fyrir ofan skilrúmsþilfar. Ef lengd lokuðu farmrýmanna er styttri skal D teljast mótuð dýpt að skilrúmsþilfari auk lh/L þar sem l og h eru heildarlengd annars vegar og heildarhæð hins vegar á lokuðu farmrýmunum.

.2.9 Gerðar skulu ráðstafanir til að koma í veg fyrir að það flæði inn í hólf, sem sogrör þjónar, ef rör í öðru hólfi rofnar eða skemmist á annan hátt við árekstur eða strand. Þess vegna skal einstefnuloki settur á rörið í hólfinu, sem það opnast inn í, ef einhver hluti rörsins er nær hlið skipsins en sem nemur einum fimmta af breidd skipsins (mælt hornrétt á miðlínu til móts við neðsta hleðslumerki hólfa), eða er í holkili.

.2.10 Lokakistum, krönum og lokum í tengslum við austurdælukerfið skal komið þannig fyrir að ef flæðir inn starfi ein austurdæla í hvaða hólfi sem er; skemmd á dælu eða röri hennar, sem tengist aðalausturröri á stað, sem liggur utan línu sem er dregin við einn fimmta af skipsbreiddinni frá skipshlið, skal ekki gera austurkerfið óstarfhæft. Ef aðeins er eitt lagnakerfi, sem er sameiginlegt öllum dælunum, verður að vera hægt að stýra nauðsynlegum lokum til að stjórna sogrörunum fyrir ofan skilrúmsþilfarið. Ef til staðar er, auk aðalausturdælukerfisins, neyðarausturdælukerfi skal það vera óháð aðalkerfinu og því komið þannig fyrir að dæla sé starfhæf í hvaða hólfi sem er ef flæðir með þeim hætti sem tilgreint er í lið .2.1. Í því tilviki þarf aðeins að vera hægt að stjórna nauðsynlegum lokum fyrir starfrækslu neyðarkerfisins frá stað ofan skilrúmsþilfars.

.2.11 Stjórntæki krananna og lokanna, sem um getur í lið .2.10, og sem stjórna má frá stað ofan skilrúmsþilfars, skulu vera greinilega merkt á notkunarstað þeirra og á þeim vera hægt að sjá hvort þeir eru opnir eða lokaðir.

4. **Regla II-1/C/4: Fjöldi og gerð austurdælna (R 21)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

allt að 250 farþegar: ein aðalvélardæla og ein sjálfstæð, aflknúin dæla, sem staðsett er og knúin utan vélarúmsins,

fleiri en 250 farþegar: ein aðalvélardæla og tvær sjálfstæðar, aflknúnar dælur og skal ein þeirra vera staðsett og knúin utan vélarúmsins.

Önnur sjálfstæðu, aflknúnu dælnanna má koma í stað aðalvélardælunnar.

Mjög lítil hólf má tæma með færanlegum handdælum.

5. **Regla II-1/C/5: Búnaður til að knýja aftur á bak (R 28)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Skip skulu hafa nægilegt afl til að fara aftur á bak, svo tryggt sé að skipið láti fullkomlega að stjórn við allar eðlilegar aðstæður.

.2 Sýna skal fram á og skrá hæfni vélbúnaðarins til að snúa við þrýstikrafti skrúfunnar á nægilega stuttum tíma svo stöðva megi skipið innan hæfilegrar vegalengdar frá því það sigldi með mesta notkunarhraða áfram.

.3 Stöðvunartímar, stefnur skipsins og vegalengdir, sem skráð eru við prófanir, ásamt niðurstöðum prófana til að ákvarða hæfni skipa með margar skrúfur til siglingar og stefnubreytinga þegar ein eða fleiri skrúfur eru óstarfhæfar, skulu vera um borð til nota fyrir skipstjóra eða tilnefnt starfsfólk.

6. **Regla II-1/C/6: Stýrisbúnaður (R 29)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Sérhvert skip skal búið fullnægjandi aðal- og varastýrisbúnaði. Aðalstýrisbúnaðurinn og varastýrisbúnaðurinn skulu vera þannig að bilun í öðrum þeirra geri hinn ekki óstarfhæfan.

.2 Aðalstýrisbúnaðurinn og stýrisásinn, ef fyrir hendi, skulu:

.2.1 vera af nægilegum styrkleika og gera kleift að stýra skipinu á mesta notkunarhraða áfram og vera hannaðir þannig að þeir verði ekki fyrir skemmdum við mesta hraða aftur á bak,

.2.2 geta snúið stýrinu úr 35° á annað borðið yfir í 35° á hitt borðið þegar skipið flýtur við mestu leyfilegu djúpristu þess á hafi úti og siglir áfram á mesta notkunarhraða og, við sömu skilyrði, úr 35° á annað hvort borðið yfir í 30° á hitt borðið á eigi lengri tíma en 28 sekúndum. Ef ekki er unnt að sýna fram á að þessi krafa sé uppfyllt meðan á reynslusiglingu stendur, þegar skipið flýtur við mestu leyfilegu djúpristu þess á hafi úti og siglir áfram á hraða, sem samsvarar samfelldum hámarkssnúningshraða aðalvélarinnar og hámarkshönnunarskurði skrúfu, geta skip, óháð smíðadagsetningu þeirra, sýnt fram á að þau uppfylli þessa kröfu með einni af eftirfarandi aðferðum:

.1 við reynslusiglingu þar sem skipið er án stafnhalla og stýrið algjörlega á kafi og skipið siglir áfram á hraða sem samsvarar samfelldum hámarkssnúningshraða aðalvélarinnar og hámarkshönnunarskurði skrúfu eða

.2 ef stýrið getur ekki verið alveg á kafi meðan á reynslusiglingu stendur, skal reikna út hentugan siglingahraða beint áfram miðað við flatarmál þess hluta af stýrisblaðinu sem er á kafi við þau hleðslutilvik sem lögð eru til fyrir reynslusiglinguna; reiknaður siglingahraði beint áfram verður að yfirfæra kraft og snúningsátak á aðalstýrisbúnaðinn sem er a.m.k. jafnmikið og ef prófunin væri gerð þegar skipið flýtur við mestu leyfilegu djúpristu þess og siglir áfram á hraða sem samsvarar samfelldum hámarkssnúningi aðalvélarinnar og hámarkshönnunarskurði skrúfu, eða

.3 kraftur og snúningsátak stýris við þau hleðslutilvik sem lögð eru til fyrir reynslusiglinguna hafa verið áætluð með áreiðanlegum hætti og framreiknað til að líkja eftir tilvikum með fulla hleðslu; hraði skipsins skal samsvara samfelldum hámarkssnúningi aðalvélarinnar og hámarkshönnunarskurði skrúfu,

.2.3 vera aflknúnir, þar sem það er talið nauðsynlegt til að uppfylla kröfur liðar .2.2.2 og ávallt þegar þess er krafist að þvermál stýrisáss sé yfir 120 mm við stýrissveifina, að undanskilinni styrkingu til siglinga í hafís, til að uppfylla lið .2.2.1.

.3 Sé varastýrisbúnaður til staðar skal hann:

.1 vera af nægilegum styrkleika og gera kleift að stýra skipinu á stjórnhæfum hraða og skal í neyð vera unnt að gangsetja hann á fljótvirkan hátt,

.2 geta snúið stýrinu úr 15° á annað borðið yfir í 15° á hitt borðið á eigi lengri tíma en 60 sekúndum þegar skipið flýtur við mestu leyfilegu djúpristu þess á hafi úti og siglir á helmingi mesta notkunarhraða áfram eða 7 hnútum, eftir því hvort er meira. Ef ekki er unnt að sýna fram á að þessi krafa sé uppfyllt meðan á reynslusiglingu stendur og skipið flýtur við mestu leyfilegu djúpristu þess á hafi úti og siglir áfram á helmingi þess hraða sem samsvarar samfelldum hámarkssnúningi aðalvélarinnar og hámarkshönnunarskurði skrúfu eða 7 hnútum, eftir því hvort er meira, geta skip, óháð smíðadagsetningu þeirra, sýnt fram á að þessi krafa sé uppfyllt með einni af eftirfarandi aðferðum:

.1 við reynslusiglingu þar sem skipið er án stafnhalla og stýrið algjörlega á kafi og skipið siglir áfram á helmingi þess hraða sem samsvarar samfelldum hámarkssnúningi aðalvélarinnar og við hámarkshönnunarskurð skrúfu eða 7 hnútum, eftir því hvort er meira, eða

.2 ef stýrið getur ekki verið alveg á kafi meðan á reynslusiglingu stendur, skal reikna út hentugan siglingahraða beint áfram miðað við flatarmál þess hluta af stýrisblaðinu sem er á kafi við þau hleðslutilvik sem lögð eru til fyrir reynslusiglinguna; reiknaður siglingahraði beint áfram verður að yfirfæra kraft og snúningsátak á varastýrisbúnaðinn, sem er a.m.k. jafnmikið og ef prófunin væri gerð þegar skipið flýtur við mestu leyfilegu djúpristu þess á hafi úti og siglir áfram á helmingi þess hraða sem samsvarar samfelldum hámarkssnúningi aðalvélarinnar og við hámarkshönnunarskurð skrúfu eða 7 hnútum, eftir því hvort er meira, eða

.3 kraftur og snúningsátak stýris við þau hleðslutilvik sem lögð eru til fyrir reynslusiglinguna hafa verið áætluð með áreiðanlegum hætti og framreiknað til að líkja eftir tilvikum með fulla hleðslu,

.3 vera aflknúinn, þar sem það er talið nauðsynlegt til að uppfylla kröfur liðar .3.2 og ávallt þegar krafist er stýrisáss með yfir 230 mm þvermál við stýrissveifina, að undanskilinni styrkingu til siglinga í hafís.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.4 Aflvélar stýrisbúnaðar skulu vera:

.1 þannig að þær endurræsist sjálfkrafa þegar afl fæst að nýju eftir aflrof og

.2 þannig að hægt sé að setja þær í gang frá stjórnpalli. Rofni afl til einhverrar af aflvélum stýrisbúnaðar skal gefið sýnilegt og heyranlegt viðvörunarmerki á stjórnpalli.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.5 Þar sem aðalstýrisbúnaður samanstendur af tveimur eða fleiri aflvélum, sem eru nákvæmlega eins, þarf ekki að hafa varastýrisbúnað ef:

.1 aðalstýrisbúnaðurinn gerir kleift að stjórna stýrinu, eins og krafist er í undirlið .2.2.2, þó einhver aflvélanna sé ekki starfhæf,

.2 aðalstýrisbúnaði er komið fyrir þannig að ef bilun verður í lagnakerfi eða einhverri aflvéla hans sé unnt að einangra bilunina þannig að viðhalda megi stjórnhæfi skipsins eða endurheimta það fljótt.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.6 Stjórntæki stýrisbúnaðar skulu vera:

.1 fyrir aðalstýrisbúnað, bæði á stjórnpalli og í stýrisvélarrými,

.2 þegar aðalstýrisbúnaður er í samræmi við lið .5, með tveimur sjálfstæðum stjórnkerfum sem báðum má stjórna frá stjórnpalli. Þetta krefst þess ekki að það séu tvö stýri eða stýrissveifar; ef stjórnkerfi samanstendur af vökvadrifnum fjarstýrðum stýrisdæluhreyfli þarf ekki að setja upp annað sjálfstætt kerfi,

.3 fyrir varastýrisbúnað, í stýrisvélarrými og, ef hann er aflknúinn, skal einnig vera hægt að stjórna honum frá stjórnpalli og hann vera óháður stjórnkerfi aðalstýrisbúnaðar.

.7 Stjórnkerfi aðal- og varastýrisbúnaðar, sem stjórna má frá stjórnpalli, skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

.1 ef það er rafknúið skal því þjónað af sérstakri aðskilinni rafrás, sem fær afl frá stýrisbúnaðaraflgrein frá stað innan stýrisvélarrýmisins eða beint frá safnteinum raftöflunnar sem sjá viðkomandi stýrisbúnaðar-aflgrein fyrir orku frá stað á raftöflunni sem liggur að rafveitunni til stýrisbúnaðaraflgreinarinnar,

.2 ráðstafanir skulu gerðar í stýrisvélarrými til að hægt sé að aftengja hvers kyns stjórnkerfi, sem stjórna má frá stjórnpalli, frá þeim stýrisbúnaði sem þau þjóna,

.3 hægt skal vera að setja kerfið í gang frá stjórnpalli,

.4 ef rafafl rofnar til stjórnkerfisins skal gefið sýnilegt og heyranlegt viðvörunarmerki á stjórnpalli og

.5 skammhlaupsvarnir skulu aðeins vera til staðar fyrir rafrásir sem veita orku til stjórnbúnaðar stýrisbúnaðar.

.8 Rafaflgreinar og stjórnkerfisstýrisbúnaður með tilheyrandi íhlutum, köplum og rörum, sem krafist er í þessari reglu II-1/C/6 og reglu II-1/C/7, skulu aðskildar eins og hægt er í fullri lengd þeirra.

.9 Boðskiptaleið skal vera milli stjórnpalls og stýrisvélarrýmisins eða stýris sem staðsett er annars staðar.

.10 Staða stýrisblaðs (-blaða) skal:

.1 sýnd á stjórnpalli skipsins ef aðalstýrisbúnaðurinn er aflknúinn; stýrisvísirinn skal sýna stöðu stýris óháð stjórnkerfi stýrisbúnaðarins,

.2 vera sjáanleg í stýrisvélarrýminu.

.11 Vökvadrifinn stýrisbúnaður skal vera með:

.1 búnaði til að halda vökvanum hreinum, með tilliti til gerðar og hönnunar vökvakerfisins,

.2 búnaði, sem varar við of lágu vökvamagni í hverjum hringrásargeymi og gefur vísbendingu um leka eins fljótt og unnt er; sýnileg og heyranleg viðvörunarmerki skulu gefin á stjórnpalli og í vélarúmi þar sem auðveldlega er tekið eftir þeim og

.3 föstum vökvageymi með nægilegu rými til að endurhlaða a.m.k. eitt aflhreyfikerfi, þar á meðal hringrásargeyminn, þar sem þess er krafist að aðalstýrisbúnaðurinn sé aflknúinn. Vökvageymirinn skal vera varanlega tengdur við lagnir þannig að auðveldlega megi endurhlaða vökvadrifnu kerfin frá stað innan stýrisvélarrýmisins og á honum skal vera mælir sem gefur til kynna hversu mikið magn er í honum.

.12 Stýrisvélarrýmin skulu vera:

.1 auðveldlega aðgengileg og aðskilin frá vélarúmum, eins og kostur er, og

.2 innréttuð þannig að greiður aðgangur sé að vélbúnaði stýrisbúnaðar og stjórntækjum. Innréttingin skal m.a. taka til handriða og rista eða annarra yfirborðsflata, sem ekki mega vera hálir, til að tryggja viðeigandi vinnuskilyrði ef vökvakerfið lekur.

7. **Regla II-1/C/7: Viðbótarkröfur fyrir rafknúinn og raf- og vökvadrifinn stýrisbúnað (R 30)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Setja skal upp búnað á stjórnpalli og á hentugum stjórnstað aðalvéla til að sýna hvort rafknúinn og raf- og vökvadrifinn stýrisbúnaður sé í gangi.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.2 Allar rafknúnar eða raf- og vökvadrifnar stýrisvélar, sem samanstanda af einni eða fleiri aflvélum, skulu tengdar a.m.k. tveimur sérgreinum frá aðalraftöflunni; þó má önnur rafrásin fá afl frá neyðartöflunni. Rafknúnar eða raf- og vökvadrifnar varastýrisvélar, sem tilheyra rafknúnu eða raf- og vökvadrifnu aðalstýrisvélinni, má tengja við eina af rafrásunum sem veita orku til aðalstýrisbúnaðarins. Rafrásirnar, sem sjá rafknúnu eða raf- og vökvadrifnu stýrisvélunum fyrir orku, skulu hafa nægilega afkastagetu til að sjá öllum hreyflum, sem geta verið tengdir þeim í einu og kunna að þurfa að starfa samtímis, fyrir orku.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.3 Skammhlaupsvarnir og viðvörun vegna yfirálags skulu vera fyrir hendi fyrir rafrásir og hreyfla rafknúins og raf- og vökvadrifins stýrisbúnaðar. Þar sem yfirstraumsvörn er höfð, þar á meðal fyrir ræsistraum, skal hún þola a.m.k. tvöfaldan straum við fullt álag rafhreyfilsins eða rafrásarinnar, sem henni er ætlað að verja, og komið fyrir þannig að hún hleypi viðeigandi ræsistraumi í gegn.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

Viðvörunarkerfin, sem krafist er í þessum lið, skulu vera bæði heyranleg og sýnileg og skulu vera staðsett á áberandi stað í aðalvélarúmi eða stjórnklefa þar sem aðalvél er stjórnað að jafnaði og eins og kann að vera krafist í reglu II-1/E/6.

.4 Þegar varastýrisbúnaður, sem krafist er í undirlið .3.3 í reglu II-1/C/6 að sé aflknúinn, er ekki rafknúinn eða hann er knúinn með rafhreyfli, sem aðallega er ætlaður til annars, má tengja aðalstýrisbúnaðinn einni rafrás frá aðalraftöflunni. Þegar slíkur rafhreyfill, sem aðallega er ætlaður til annars, er notaður til að veita orku til slíks varastýrisbúnaðar, er stjórnvaldi fánaríkis heimilt að fella niður kröfur liðar .3 ef það telur varnarfyrirkomulagið, ásamt kröfum liðar .4 í reglu II-1/C/6 sem gilda um varastýrisbúnaðinn, fullnægjandi.

8. **Regla II-1/C/8: Loftræstikerfi í vélarúmum (R 35)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Nægileg loftræsting skal vera í vélarúmum í flokki A til að tryggja að þegar vélar eða katlar þar starfa af fullum krafti við öll veðurskilyrði, þar á meðal í óveðri, sé nægilegt loftstreymi til rýmanna til að tryggja öryggi og vellíðan starfsfólks og vinnslu vélanna.

9. **Regla II-1/C/9: Samband milli stjórnpalls og vélarúms (R 37)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

A.m.k. tvær sjálfstæðar boðskiptaleiðir skulu vera til að gefa skipanir frá stjórnpalli til þess staðar í vélarúmi eða stjórnklefa þaðan sem hraða og stefnu þrýstikrafts skrúfunnar er stjórnað að jafnaði: önnur þeirra skal vera vélsími sem gefur sjónrænt til kynna skipanir og svör bæði í vélarúmi og á stjórnpalli. Viðeigandi boðskiptaleið skal vera fyrir hendi frá stjórnpallinum og vélarúminu til sérhvers annars staðar þaðan sem hægt er að stjórna hraða eða stefnu þrýstikrafts skrúfna.

10. **Regla II-1/C/10: Viðvörunarbúnaður fyrir vélstjóra (R 38)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Koma skal fyrir viðvörunarbúnaði fyrir vélstjóra, sem er stjórnað frá stjórnklefa vélarúmsins eða frá stjórnunarstaðnum, eftir því sem við á, og skal viðvörunin vera auðheyranleg í vistarverum vélstjóra og/eða á stjórnpalli, eftir því sem við á.

11. **Regla II-1/C/11: Staðsetning neyðarbúnaðar (R 39)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Neyðarrafaflgjafar, slökkvidælur, austurdælur, að undanskildum þeim sem þjóna sérstaklega rýmum framan við stafnþil (árekstrarþil), föst slökkvikerfi, sem krafist er í kafla II-2, og annar neyðarbúnaður, sem er nauðsynlegur vegna öryggis skipsins, nema akkerisvindur, skal ekki settur upp fyrir framan stafnþil (árekstrarþil).

12. **Regla II-1/C/12: Stjórntæki véla (R 31)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Aðalframdrifs- og hjálparvélar, sem nauðsynlegar eru til að knýja skipið og vegna öryggis þess, skulu búnar starfhæfum búnaði til stjórnunar og starfrækslu þeirra.

.2 Þar sem unnt er að fjarstýra framdrifsvélum frá stjórnpalli og þar sem vélarúm skulu vera mönnuð, skal eftirfarandi gilda:

.1 hraðanum, stefnu þrýstikrafts og, ef við á, skurði skrúfunnar skal vera unnt að stjórna fullkomlega frá stjórnpalli við allar siglingaraðstæður, þar á meðal við stjórnun skipsins,

.2 fjarstýringin skal framkvæmd, fyrir hverja skrúfu fyrir sig, með stjórnbúnaði sem er hannaður og smíðaður þannig að við stjórn hans sé ekki þörf á að veita vinnslu vélarinnar sérstaka athygli í smáatriðum; þar sem eru margar skrúfur, sem hannaðar eru til að starfa samtímis, er heimilt að þeim sé stjórnað með einum stjórnbúnaði,

.3 aðalframdrifsvélarnar skulu tengdar búnaði til neyðarstöðvunar á stjórnpalli sem skal vera óháður stjórnkerfi stjórnpallsins,

.4 skipanir til framdrifsvéla frá stjórnpalli skulu koma fram í stjórnklefa aðalvélanna eða á stjórnstaðnum, eftir því sem við á,

.5 fjarstýring á framdrifsvélum skal aðeins vera möguleg frá einum stað í einu; á hverjum þeirra er heimilt að hafa samtengda stjórnstaði. Á hverjum stað skal vera álestrartæki sem sýnir frá hvaða stað framdrifsvélunum er stjórnað. Færsla á stjórnun milli stjórnpallsins og vélarúmsins skal aðeins vera möguleg úr aðalvélarúmi eða stjórnklefa aðalvélar; kerfið skal bjóða upp á möguleika á að koma í veg fyrir að þrýstikraftur breytist verulega þegar skipt er um stjórnunarstað,

.6 unnt skal vera að stjórna framdrifsvélunum þaðan sem þær eru staðsettar jafnvel þótt einhver hluti fjarstýrikerfisins bili,

.7 fjarstýrikerfið skal hannað þannig að viðvörun sé gefin ef það bilar; snúningshraðinn og stefna þrýstikraftsins, sem kerfið er stillt á, skal haldast óbreytt þar til staðbundin stjórnun tekur við,

.8 á stjórnpalli skulu vera álestrartæki sem sýna:

.1 skrúfuhraðann og snúningsáttina, ef um er að ræða skrúfur með föstum skurði,

.2 skrúfuhraðann og skurðinn ef um er að ræða skiptiskrúfur,

.9 koma skal fyrir viðvörunartæki á stjórnpalli og í vélarúmi til að sýna lágan ræsiloftsþrýsting og skal stilla það á það magn að enn sé unnt að ræsa aðalvél. Ef fjarstýrikerfi framdrifsvélanna er hannað fyrir sjálfvirka ræsingu skal takmarka fjölda samfelldra, sjálfvirkra tilrauna til ræsingar sem misheppnast til að viðhalda nægilegum ræsiloftsþrýstingi til að ræsa þær þaðan sem þær eru staðsettar.

.3 Þar sem aðalframdrifsvélarnar og tilheyrandi vélbúnaður, þ.m.t. aðalraforkugjafar, eru mismunandi mikið sjálfvirk eða fjarstýrð og eru undir stöðugu handvirku eftirliti frá stjórnklefa þá skal fyrirkomulag og stjórnbúnaður vera þannig, með tilliti til hönnunar, búnaðar og uppsetningar, að starfsemi vélanna sé jafn örugg og afkastamikil og hún væri í beinni vörslu. Í þessu skyni skulu reglur frá og með II-1/E/1 til og með II-1/E/5 gilda, eftir því sem við á. Sérstaklega skal gæta að því að verja slík rými gegn bruna og vatnselg.

.4 Almennt skulu sjálfvirk ræsi-, starfrækslu- og stjórnkerfi útbúin þannig að unnt sé að grípa inn í sjálfvirka búnaðinn handvirkt. Bilun í einhverjum hluta slíkra kerfa skal ekki koma í veg að hægt sé að grípa inn í handvirkt.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

.5 Aðalframdrifs- og hjálparvélar, sem nauðsynlegar eru til að knýja skipið, stýra því og vegna öryggis þess, skulu búnar starfhæfum búnaði til stjórnunar og starfrækslu þeirra. Öll stjórnkerfi, sem nauðsynleg eru til að knýja skipið, stýra því og vegna öryggis þess, skulu vera óháð hvert öðru og hönnuð þannig að bilun í einu kerfi dragi ekki úr virkni annarra kerfa.

.6 Þar sem unnt er að fjarstýra framdrifsvélum frá stjórnpalli skal eftirfarandi gilda:

.1 hraðanum, stefnu þrýstikrafts og, ef við á, skurði skrúfunnar skal vera unnt að stjórna fullkomlega frá stjórnpalli við allar siglingaraðstæður, þar á meðal við stjórnun skipsins,

.2 einn stjórnbúnaður skal stjórna hverri sjálfstæðri skrúfu, með sjálfvirkni alls tilheyrandi búnaðar, þar á meðal, ef nauðsynlegt er, búnaðar sem kemur í veg fyrir yfirálag á framdrifsvélarnar; þar sem eru margar skrúfur, sem hannaðar eru til að starfa samtímis, er heimilt að þeim sé stjórnað með einum stjórnbúnaði,

.3 aðalframdrifsvélarnar skulu tengdar búnaði til neyðarstöðvunar á stjórnpalli sem skal vera óháður stjórnkerfi stjórnpallsins,

.4 skipanir til framdrifsvéla frá stjórnpalli skulu koma fram í stjórnklefa aðalvélanna og á stjórnstaðnum.

.5 fjarstýring á framdrifsvélunum skal aðeins vera möguleg frá einum stað í einu; á hverjum þeirra er heimilt að hafa samtengda stjórnstaði. Á hverjum stað skal vera álestrartæki sem sýnir frá hvaða stað framdrifsvélunum er stjórnað. Færsla á stjórnun milli stjórnpallsins og vélarúmsins skal aðeins vera möguleg úr aðalvélarúmi eða stjórnklefa aðalframdrifsvéla; kerfið skal bjóða upp á möguleika á að koma í veg fyrir að þrýstikraftur breytist verulega þegar skipt er um stjórnunarstað,

.6 unnt skal vera að stjórna framdrifsvélunum þaðan sem þær eru staðsettar, jafnvel þótt einhver hluti fjarstýrikerfisins bili; einnig skal vera unnt að stjórna hjálparvélum, sem nauðsynlegar eru til að knýja skipið og vegna öryggis þess, við eða í námunda við vélarnar sem um ræðir,

.7 fjarstýrikerfið skal hannað þannig að viðvörun sé gefin ef það bilar; snúningshraðinn og stefna þrýstikraftsins, sem kerfið er stillt á, skal haldast óbreytt þar til staðbundin stjórnun tekur við,

.8 á stjórnpalli, í stjórnklefa aðalvélar eða á stjórnstað vélarinnar og skulu vera álestrartæki sem sýna:

.8.1 skrúfuhraðann og snúningsáttina, ef um er að ræða skrúfur með föstum skurði, og

.8.2 skrúfuhraðann og skurðinn ef um er að ræða skiptiskrúfur,

.9 koma skal fyrir viðvörunartæki á stjórnpalli og í vélarúmi til að sýna lágan ræsiloftsþrýsting og skal stilla það á það magn að enn sé unnt að ræsa aðalvél. Ef fjarstýrikerfi framdrifsvélanna er hannað fyrir sjálfvirka ræsingu skal takmarka fjölda samfelldra, sjálfvirkra tilrauna til ræsingar sem misheppnast til að viðhalda nægilegum ræsiloftsþrýstingi til að ræsa þær þaðan sem þær eru staðsettar.

.7 Þar sem aðalframdrifsvélarnar og tilheyrandi vélbúnaður, þ.m.t. aðalraforkugjafar, eru mismunandi mikið sjálfvirk eða fjarstýrð og eru undir stöðugu handvirku eftirliti frá stjórnklefa þá skal fyrirkomulag og stjórnbúnaður vera þannig, með tilliti til hönnunar, búnaðar og uppsetningar, að starfsemi vélanna sé jafn örugg og afkastamikil og þær væru í beinni vörslu. Í þessu skyni skulu reglur frá og með II-1/E/1 til og með II-1/E/5 gilda, eftir því sem við á. Sérstaklega skal gæta að því að verja slík rými gegn bruna og vatnselg.

.8 Almennt skulu sjálfvirk ræsi-, starfrækslu- og stjórnkerfi útbúin þannig að unnt sé að grípa inn í sjálfvirka búnaðinn handvirkt. Bilun í einhverjum hluta slíkra kerfa skal ekki koma í veg að hægt sé að grípa inn í handvirkt.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. janúar 2012 EÐA SÍÐAR:

.9 Sjálfvirknikerfi í nýjum skipum í flokki B, C eða D, sem smíðuð eru 1. janúar 2012 eða síðar, skulu hönnuð með þeim hætti að yfirmanni siglingavaktar berist viðvörun í tæka tíð, um að yfirvofandi sé að framdrifskerfið hægi eða slökkvi á sér, til þess að meta siglingaaðstæður þegar neyðarástand skapast. Kerfið á einkum að stjórna, vakta, tilkynna, vara við og grípa til öryggisaðgerða til þess að hægja eða stöðva framdrif á meðan yfirmanni siglingarvaktar er gefinn tími til þess að grípa handvirkt inn í, nema í þeim tilvikum þar sem handvirkt inngrip mun innan skamms tíma valda allsherjarbilun í vélinni og/eða framdrifsbúnaði, t.d. ef um er að ræða yfirhraða.

13. **Regla II-1/C/13: Gufulagnakerfi (R 33)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Allar gufulagnir og tengi við þær, sem gufa kann að fara um, skulu hönnuð, smíðuð og uppsett þannig að þau standist mesta vinnuálag sem þau gætu orðið fyrir.

.2 Gerðar skulu ráðstafanir til að tæma sérhvert gufurör þar sem hættulegt vatnshögg gæti annars átt sér stað.

.3 Ef gufurör eða tengi gæti fengið inn á sig gufu frá einhverjum aflgjafa með hærri þrýstingi en þeim sem það er hannað fyrir skal koma fyrir viðeigandi þrýstingsloka, öryggisloka og þrýstingsmæli.

14. **Regla II-1/C/14: Þrýstiloftskerfi (R 34)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Búnaður skal vera fyrir hendi til að koma í veg fyrir yfirþrýsting í hvaða hluta þrýstiloftskerfa sem er svo og alls staðar þar sem vatnsgildrur eða sveifarhús á loftþjöppum og kælum geta orðið fyrir hættulegum yfirþrýstingi vegna leka inn í þau frá þrýstiloftsbúnaði. Viðeigandi fyrirkomulag til að losa þrýsting skal vera fyrir hendi í öllum kerfum.

.2 Aðalræsiloftsbúnaðinn fyrir aðalframdrifsvélar, ef um brunahreyfla er að ræða, skal verja á hæfilegan hátt gegn áhrifum frá baksprengingum og sprengingum inni í ræsiloftsrörunum.

.3 Öll rör frá ræsiloftsþjöppum skulu lögð beint til ræsiloftshylkja og öll ræsiloftsrör frá ræsiloftshylkjum til aðal- og hjálparvéla skulu vera algerlega aðskilin frá þrýstirörakerfi ræsiloftsþjappanna.

.4 Gera skal ráðstafanir sem tryggja að sem minnst olía komist í þrýstiloftskerfin og að unnt sé að tappa af þessum kerfum.

15. **Regla II-1/C/15: Varnir gegn hávaða (R 36)** ([2])

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM FALLA EKKI UNDIR REGLU II-1/A-1/4:

Gera skal ráðstafanir til að draga úr hávaða í vélum í vélarúmi að því marki sem telst viðunandi. Ef ekki er unnt að draga nægilega mikið úr hávaðanum skal einangra eða útiloka hávaðavaldinn á viðeigandi hátt eða koma upp hljóðeinangruðu skýli ef þess er krafist að rýmið sé mannað. Starfsmönnum, sem þurfa að fara inn í slík rými, skulu látnar í té heyrnarhlífar.

16. **Regla II-1/C/16: Lyftur**

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D:

.1 Farþega- og vörulyftur skulu, að því er varðar stærð, hönnun, leyfilegan farþegafjölda og/eða vörumagn, vera í samræmi við ákvæði sem stjórnvald fánaríkisins setur í hverju tilviki fyrir sig eða fyrir hverja tegund búnaðar.

.2 Teikningar af uppsetningu og viðhaldsleiðbeiningar, ásamt ákvæðum um reglubundnar aðalskoðanir, skulu samþykkt af stjórnvaldi fánaríkisins sem skal skoða og samþykkja búnaðinn áður en hann er tekinn í notkun.

.3 Þegar samþykki hefur fengist gefur stjórnvald fánaríkisins út vottorð sem haft skal um borð.

.4 Stjórnvald fánaríkisins getur heimilað að sérfræðingur, í umboði stjórnvalda, eða viðurkennd stofnun annist reglubundnar aðalskoðanir.

([2]) Samanber kóða um hávaðastig um borð í skipum í IMO-ályktun A.468 (XII).

*D-HLUTI*

***RAFBÚNAÐUR***

1. **Regla II-1/D/1: Almennt (R 40)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Rafbúnaður skal vera þannig að:

.1 tryggð sé öll hjálparþjónusta sem nauðsynleg er til að viðhalda eðlilegum starfs- og dvalaraðstæðum í skipinu án þess að grípa þurfi til neyðarrafaflgjafa,

.2 tryggð sé sú þjónusta sem nauðsynleg er til að viðhalda öryggi á neyðarstundu og

.3 tryggt sé öryggi farþega, áhafnar og skipsins gegn hættu af völdum rafmagns.

.2 Stjórnvald fánaríkisins skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja samræmda framkvæmd og beitingu ákvæða í þessum hluta að því er varðar rafbúnað ([3]).

2. **Regla II-1/D/2: Aðalrafaflgjafi og lýsing (R 41)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Í nýjum skipum í flokki C og D þar sem eingöngu er notað rafafl til að knýja hjálparbúnað, sem er nauðsynlegur vegna öryggis skipsins, og í nýjum og gömlum skipum í flokki B þar sem eingöngu er notað rafafl til að drífa hjálparbúnað, sem er nauðsynlegur til þess að knýja skipið og vegna öryggis þess, skulu vera a.m.k. tvær aðalrafalasamstæður sem eru nægilega öflugar til að knýja áðurnefndan búnað þótt önnur samstæðan starfi ekki.

.2.1 Aðalrafljósakerfið, sem sér fyrir lýsingu í þeim hlutum skipsins sem farþegar eða áhöfn hafa jafnan aðgang að og nota, skal fá rafmagn frá aðalrafaflgjafa.

.2.2 Aðalrafljósakerfi skal vera komið fyrir þannig að eldur, eða annað slys í þeim rýmum þar sem aðalrafaflgjafinn, tilheyrandi spennubreytar, ef einhverjir eru, aðalraftafla og aðalljósatafla eru staðsett, geri ekki neyðarljósakerfið, sem krafist er í reglu II-1/D/3, óvirkt.

.2.3 Neyðarljósakerfinu skal vera komið fyrir þannig að eldur eða annað slys í rýmum þar sem neyðarrafafl-gjafinn, tilheyrandi spennubreytar, ef einhverjir eru, neyðartafla og neyðarljósatafla eru staðsett, geri ekki aðalljósakerfið, sem krafist er í þessari reglu II-1/D/2, óvirkt.

.3 Aðalraftaflan skal vera, eftir því sem kostur er, staðsett þannig gagnvart annarri aðalorkustöðinni að aðeins eldur eða annað slys í rýminu þar sem rafaflgjafinn og raftaflan eru staðsett geti haft áhrif á venjulegar raforkubirgðir.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2012 EÐA SÍÐAR:

.4 Í skipum í flokki B, C og D, sem eru smíðuð 1. janúar 2012 eða síðar, skal vera viðbótarlýsing í öllum svefnklefum, til að gefa skýrt til kynna hvar útgangur er, svo farþegar geti ratað að dyrunum. Þegar rafmagn fer af venjulegri lýsingu í svefnklefa skal slík lýsing, sem getur tengst neyðaraflgjafa eða sjálfstæðum rafaflgjafa í hverjum svefnklefa, kvikna sjálfkrafa og loga í a.m.k. 30 mínútur.

([3]) Vísað er til tilmæla sem gefin voru út af AlþjóðaraftæknineFndinni, einkum ritröð 60092 – Rafbúnaður í skipum.

3. **Regla II-1/D/3: Neyðarrafaflgjafi (R 42)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Í hverju skipi skal vera sjálfstæður neyðarrafaflgjafi með neyðartöflu, sem staðsett er fyrir ofan skilrúmsþilfar, á stað sem greiður aðgangur er að og sem er ekki samliggjandi afmörkunum vélarúma í flokki A eða þeirra rýma þar sem aðalrafaflgjafi eða aðalraftafla eru.

.1 Kröfuna í fyrsta lið þarf ekki að uppfylla þegar skip er hannað með tveimur aukavélarúmum, sem eru aðskilin með a.m.k. einu vatnsþéttu eldvarnarhólfi og tveimur skilrúmum eða smíði af öðrum toga sem veitir sama öryggisstig, og þegar a.m.k. einn rafali með tilheyrandi skiptiborði o.s.frv. er í hverju vélarúmi.

.2 Neyðarrafaflgjafinn má annaðhvort vera rafgeymir, sem uppfyllir kröfur liðar .5 án endurhleðslu eða of mikils spennufalls, eða rafali, sem uppfyllir kröfur liðar .5, sem knúinn er af vélum með brunahreyflum og með sjálfstæðu veitukerfi eldsneytis með blossamarki sem er ekki lægra en 43 °C, og sjálfvirkum ræsibúnaði fyrir ný skip og viðurkenndum ræsibúnaði fyrir gömul skip, og sem í er neyðarrafaflgjafi til bráðabirgða samkvæmt lið .6.

.3 Neyðarrafaflgjafinn skal vera þannig að hann starfi skilvirkt þótt skipið hallist allt að 22,5° og þótt stafnhalli skipsins sé 10° frá réttum kili. Auðvelt skal vera að ræsa neyðarrafalasamstæðurnar í hvaða kulda sem búast má við og ræsa þær sjálfvirkt í nýjum skipum.

.4 Hafa skal neyðartöfluna eins nálægt neyðaraflgjafanum og við verður komið.

.5 Neyðaraflgjafinn, sem krafist er í lið .1, skal:

.1 almennt geta starfað í:

12 klukkustundir í skipum í flokki B (nýjum og gömlum),

6 klukkustundir í skipum í flokki C (nýjum),

3 klukkustundir í skipum í flokki D (nýjum ),

.2 einkum geta starfrækt þá hluta eftirtalins búnaðar samtímis í þann tíma sem fram kemur hér að framan fyrir hinar ýmsu tegundir skipa:

a) eina sjálfstæða aflknúna austurdælu og eina af slökkvidælunum,

b) neyðarlýsingu:

1. við hverja söfnunarstöð eða stað þar sem farið er um borð í björgunarför og á skipssíðunum, eins og kveðið er á um í lið .3. í reglu III/5,

2. í öllum göngum, stigum og útgöngum sem liggja að söfnunarstöðvum eða stöðum þar sem farið er um borð í björgunarför,

3. í vélarúmum og á þeim stað þar sem neyðarrafali er staðsettur,

4. í stjórnstöðvum þar sem loftskeytabúnaður og aðalsiglingatæki eru staðsett,

5. eins og krafist er í undirlið .1.3.7 í reglu II-2/B/16 og undirlið .1.7 í reglu II-2/B/6,

6. við alla staði þar sem slökkvibúningar eru geymdir,

7. við eina aflknúna austursdælu og eina af slökkvidælunum sem um getur í undirlið a, og á þeim stað þar sem þær eru settar í gang,

c) siglingaljós skipsins,

d) 1. allan samskiptabúnað,

2. almenna viðvörunarkerfið,

3. eldskynjunarkerfið og

4. öll merki, sem nauðsyn er á í neyðartilviki, ef þau eru gefin með rafmagni frá aðalrafalasamstæðum skipsins,

e) ýringardælu skipsins, ef einhver er, og ef hún gengur fyrir rafmagni og

f) morslampa skipsins til merkjagjafa í dagsbirtu, ef hann er knúinn af aðalrafaflgjafa skipsins,

.3 geta knúið, í hálfa klukkustund, aflknúnar vatnsþéttar hurðir ásamt tilheyrandi stjórntækjum, merkjabúnaði og viðvörunarbúnaði.

.6 Bráðabirgðarafaflgjafinn til nota í neyðartilvikum, sem krafist er í lið .2, skal samanstanda af rafgeymi sem er staðsettur á hentugum stað til nota í neyð og geta drifið í hálfa klukkustund án endurhleðslu eða of mikils spennufalls:

a) lýsinguna sem krafist er í 1. lið b-liðar í lið .2 í reglu II-1/D/3,

b) vatnsþéttu hurðirnar, sem krafist er í liðum .7.2 og .7.3 í reglu II-1/B-2/13, þó ekki endilega allar samtímis nema fyrir hendi sé sjálfstæður bráðabirgðasafnorkugjafi og

c) tilheyrandi stjórntæki, merkjabúnað og viðvörunarbúnað sem krafist er í lið .7.2 í reglu II-1/B-2/13.

.7 SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Ef rafafls er þörf til að koma framdrifsvélunum aftur í gang skulu afköst vera nægileg til að koma framdrifsvélum skipsins, ásamt öðrum vélbúnaði, í gang, eftir því sem við á, í vélarvana skipi, innan 30 mínútna frá því að rafmagn fer af.

4. **Regla II-1/D/4: Viðbótarneyðarlýsing fyrir ekjuskip (R 42-1)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Auk neyðarlýsingarinnar, sem krafist er í b-lið undirliðar .5.2 í reglu II-1/D/3, skal, í hverju skipi með ekjufarmrýmum eða sérstökum rýmum, vera:

.1 viðbótarraflýsing í öllum almennum farþegarýmum og á göngum, sem getur lýst í a.m.k. þrjár klukkustundir eftir að allir aðrir rafaflgjafar hafa brugðist, hver sem síðuhalli skipsins er. Lýsingin skal vera þannig að auðveldlega megi greina neyðarútganga. Aflgjafinn fyrir viðbótarlýsinguna skal samanstanda af rafgeymum sem eru hafðir inni í ljóseiningunum sem eru stöðugt hlaðnar, þar sem því verður komið við, frá neyðartöflunni. Stjórnvald fánaríkisins getur einnig samþykkt hvers kyns aðra lýsingu sem er a.m.k. jafn skilvirk. Viðbótarlýsingin skal vera þannig að allar bilanir í ljósum blasi við þegar í stað. Endurnýja skal alla rafgeyma með reglubundnu millibili með hliðsjón af endingartíma þeirra við þau tilteknu loftslagsskilyrði sem þeir eru notaðir við og

.2 handlampi með endurhlaðanlegum rafhlöðum á hverjum gangi í áhafnarrými, í hverju tómstundarými og vinnurými, sem eru að jafnaði notuð, nema fyrir hendi sé viðbótarneyðarlýsing, eins og krafist er í lið .1.

5. **Regla II-1/D/5: Varúðarráðstafanir gegn raflosti, eldi og öðrum hættum af völdum rafmagns (R 45)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Óvarðir málmhlutar rafvéla eða rafbúnaðar, sem eru ekki spennuhafa en geta orðið það vegna bilana, skulu jarðtengdir, nema vélarnar eða búnaðurinn:

.1 fái spennu sem er ekki hærri en 50 V ef um jafnstraum er að ræða eða 50 V ferningsmeðaltal milli leiðara; ekki skal nota einvafsspenna til þess að ná þessari spennu eða

.2 fái spennu sem er ekki hærri en 250 V frá spennum með aðskilin, einangruð vöf og sem tengjast aðeins einu tæki eða

.3 sé smíðaður samkvæmt grundvallarreglunni um tvöfalda einangrun.

.2 Smíði og uppsetningu allra raftækja skal þannig háttað að þau valdi ekki slysi við eðlilega meðferð eða snertingu.

.3 Hliðar, bök og, sé það talið nauðsynlegt, einnig framhliðar raftaflnanna skal verja á viðeigandi hátt. Óvarða, spennuhafa hluti er hafa spennu miðað við jörð hærri en þá spennu sem tilgreind er í lið .1.1 skal ekki setja á framhlið slíkra raftaflna. Þar sem nauðsynlegt er skulu lagðar mottur eða grindur úr einangrandi efni við framhlið og bakhlið töflunnar.

.4 Þar sem ójarðtengt rafveitukerfi er notað skal vera fyrir hendi tæki sem hefur stöðugt eftirlit með einangruninni til jarðar og sem gefur frá sér heyranlegt eða sýnilegt merki ef einangrunargildin verða óeðlilega lág.

.5.1 Öll málmslíður og hlífar rafstrengja skulu vera samtengd og jarðtengd.

.5.2 Allir rafstrengir og -taugar, sem liggja utan búnaðar, skulu a.m.k. vera úr brunatregu efni og lagðir þannig að upprunalegir brunatregðueiginleikar þeirra séu óskertir. Þar sem slíkt er nauðsynlegt til tiltekinnar notkunar getur stjórnvald fánaríkis heimilað notkun á sérstökum gerðum rafstrengja sem uppfylla ekki framangreind ákvæði, t.d. tíðnitaugum senditækja.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.5.3 Rafstrengir og -taugar, sem eru fyrir nauðsynlegan búnað eða neyðarbúnað fyrir afl, lýsingu, innanskipssamskipti eða merkjagjafir, skulu leidd, eins og við verður komið, framhjá eldhúsum, þvottaklefum, vélarúmum í flokki A og vélarreisnum þeirra og öðrum rýmum þar sem mikil eldhætta er. Í nýjum og gömlum ekjufarþegaskipum skal lagning rafstrengja fyrir neyðarviðvörunarkerfi og kallkerfi, sem fram fer 1. júlí 1998 eða eftir þann dag, vera samþykkt af stjórnvaldi fánaríkisins með hliðsjón af tilmælum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Rafstrengir, sem tengja slökkvidælur við neyðartöfluna, skulu hafa brunamótstöðu þegar þeir liggja um rými þar sem mikil eldhætta er. Eins og við verður komið skal leggja þessa rafstrengi þannig að útilokað sé að þeir verði ónothæfir vegna þess að þilin hitni sökum elds í aðliggjandi rými.

.6 Rafstrengir og -taugar skulu leidd á þann hátt að þau verði ekki fyrir núningi eða öðrum skemmdum. Ganga skal frá endum og samskeytum allra leiðara þannig að frumeiginleikar þeirra haldist, s.s. rafleiðni, efniseiginleikar og brunatregðueiginleikar og, þar sem nauðsynlegt er, brunamótstöðueiginleikar.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.7.1 Sérhverja rafrás skal verja gegn skammhlaupi og gegn yfirálagi, nema annað sé heimilað í reglum II-1/C/6 og II-1/C/7.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.7.2 Ljósabúnaði skal komið fyrir þannig að hann valdi hvorki hitaaukningu, sem gæti leitt til skemmda á raftaugunum, né því að aðliggjandi efni hitni óhóflega.

.8.1 Rafgeymar skulu lokaðir af á viðeigandi hátt og rými, sem eru notuð sérstaklega undir þá, skulu smíðuð og loftræst á fullnægjandi hátt.

.8.2 Óheimilt er að nota rafbúnað eða annan búnað sem getur valdið íkveikju í eldfimri uppgufun í þessum rýmum.

.9 Rafveitukerfum skal komið fyrir þannig að eldur á einhverju af lóðrétt afmörkuðu aðalsvæðunum, eins og skilgreint er í lið .9 í reglu II-2/A/2, trufli ekki búnað sem nauðsynlegur er vegna öryggis á einhverju öðru slíku svæði. Fullnægja má þessari kröfu með því að aðskilja, eins og kostur er, bæði lóðrétt og lárétt, aðal- og neyðarkvíslstrengi sem liggja í gegnum slík rými.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. janúar 2012 EÐA SÍÐAR:

.10 Engan rafbúnað skal setja upp í rými þar sem líklegt er að eldfimar blöndur safnist fyrir, t.d. í rýmum, sem eru fyrst og fremst ætluð fyrir rafgeyma, í skápum undir málningu, asetýlenbirgðageymslum eða sambærilegum rýmum, nema stjórnvöld séu fullviss um að slíkur búnaður sé:

.1 nauðsynlegur til reksturs skipsins,

.2 af þeirri tegund sem mun ekki valda íkviknun í blöndunni sem um er að ræða,

.3 viðeigandi fyrir rýmið, sem um er að ræða, og

.4 með viðeigandi vottun til öruggrar notkunar í ryki, gufum eða gösum sem búast má við.

*E-HLUTI*

***VIÐBÓTARKRÖFUR VARÐANDI SKIP SEM ERU SMÍÐUÐ ÞANNIG AÐ VÉLARÚM ERU ÓMÖNNUÐ TÍMABUNDIÐ***

**Sérstakt mat (R 54)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Stjórnvald fánaríkisins skal meta sérstaklega hvort í öllum nýjum skipum í flokki B, C og D og gömlum skipum í flokki B sé óhætt að hafa vélarúm ómönnuð tímabundið og, sé svo, þá hvort nauðsynlegt er að setja fram viðbótarkröfur við þær sem mælt er fyrir um í þessum reglum til að ná sama öryggi og í vélarúmum sem eru að jafnaði mönnuð.

1. **Regla II-1/E/1: Almennt (R 46)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Fyrirkomulag skal vera þannig að tryggt sé að öryggi skipsins sé við allar siglingaraðstæður, þar á meðal við stjórntök skipsins, jafn mikið og öryggi skips með mönnuðum vélarúmum.

.2 Gera skal ráðstafanir til að tryggja að búnaðurinn starfi á áreiðanlegan hátt og að viðunandi fyrirkomulagi sé komið á varðandi reglulegar skoðanir og kerfisbundnar prófanir til að tryggja samfellda, áreiðanlega starfsemi.

.3 Í hverju skipi skulu vera skjöl því til sönnunar að það megi starfrækja með vélarúmum ómönnuðum tímabundið.

2. **Regla II-1/E/2: Brunavarnir (R 47)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Séð skal fyrir búnaði til að skynja og vara við eldi á byrjunarstigi í:

.1 fæðiloftsstokkum og upptrekki ketilsins og

.2 skolloftsgreinum framdrifsvéla nema það sé talið ónauðsynlegt í sérstökum tilvikum.

.2 Á brunahreyflum, sem eru 2250 kW og þar yfir, eða þar sem borvídd strokka er meiri en 300 mm, skulu vera skynjarar fyrir olíuúða á sveifarhúsinu eða hitaskynjarar fyrir legur vélarinnar eða jafngildur búnaður.

3. **Regla II-1/E/3: Vörn gegn flæði (R 48)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Austurbrunnar í vélarúmum, sem eru ómönnuð tímabundið, skulu staðsettir þannig, og eftirliti með þeim þannig háttað, að nema megi uppsöfnun vökva við eðlilegan halla og stafnhalla og þeir ættu að vera nægilega stórir til að rúma auðveldlega eðlilegt frárennsli á meðan vélarúmið er ómannað.

.2 Þegar austurdælur eru ræstar sjálfkrafa skal vera til staðar búnaður sem gefur til kynna þegar innstreymi vatns er meira en dælan ræður við eða þegar dælan starfar oftar en búast má við undir eðlilegum kringumstæðum. Í slíkum tilvikum má heimila minni austursbrunna sem geta tekið við afrennslinu á hæfilega löngum tíma. Ef austursdælur eru með sjálfvirkri stýringu skal gefa sérstakan gaum að kröfum um forvarnir gegn olíumengun.

.3 Stjórnbúnaður allra loka fyrir sjóinntök, frárennsli fyrir neðan sjólínu eða austursog skal staðsettur þannig að nægur tími gefist til að beita honum ef vatn streymir inn í rýmið, að teknu tilliti til þess tíma sem búast má við að það taki að komast að og beita slíkum stjórnbúnaði. Gera skal ráðstafanir til að beita megi stjórnbúnaðinum frá stað ofan þeirra marka sem vatn getur flætt upp að í rýminu þegar skipið er fullhlaðið.

4. **Regla II-1/E/4: Stjórnun framdrifsvéla frá stjórnpalli (R 49)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Við allar siglingaraðstæður, þar á meðal við stjórntök skipsins, skal vera unnt að stjórna fullkomlega frá stjórnpalli hraðanum, stefnu þrýstikrafts og, ef við á, skurði skrúfunnar.

.1 Slík fjarstýring skal framkvæmd með sérstökum stjórnbúnaði fyrir hverja sjálfstæða skrúfu, með sjálfvirkni alls tilheyrandi búnaðar, þar á meðal, ef nauðsynlegt er, búnaðar sem kemur í veg fyrir yfirálag á framdrifsvélarnar.

.2 Aðalframdrifsvélarnar skulu tengdar búnaði til neyðarstöðvunar sem staðsettur er á stjórnpalli og sem er óháður stjórnkerfi stjórnpallsins.

.2 Skipanir til framdrifsvéla frá stjórnpalli skulu koma fram í stjórnklefa aðalvélanna eða á stjórnstað framdrifsvéla, eftir því sem við á.

.3 Fjarstýring á framdrifsvélum skal vera möguleg frá aðeins einum stað í einu; á slíkum stöðum er heimilt að hafa samtengda stjórnstaði. Á hverjum stað skal vera álestrartæki sem sýnir frá hvaða stað framdrifsvélunum er stjórnað. Færslan á stjórnun milli stjórnpallsins og vélarúmsins skal aðeins vera möguleg úr aðalvélarúmi eða stjórnklefa aðalframdrifsvéla. Kerfið skal hafa möguleika á að koma í veg fyrir að þrýstikraftur breytist verulega þegar skipt er um stjórnunarstað.

.4 Unnt skal vera að stjórna öllum vélum, sem nauðsynlegar eru til öruggrar notkunar skipsins, á staðnum jafnvel þótt einhver hluti sjálfvirka stýrikerfisins eða fjarstýrikerfisins bili.

.5 Sjálfvirka fjarstýrikerfið skal hannað þannig að viðvörun sé gefin ef það bilar. Snúningshraðinn og stefna þrýstikraftsins, sem kerfið er stillt á, skal haldast óbreytt þar til staðbundin stjórnun tekur við.

.6 Á stjórnpalli skulu vera álestrartæki sem sýna:

.1 skrúfuhraðann og snúningsátt, ef um er að ræða skrúfur með föstum skurði, eða

.2 skrúfuhraðann og skurðinn ef um er að ræða skiptiskrúfur.

.7 Fjöldi samfelldra, sjálfvirkra tilrauna til ræsingar sem misheppnast skal takmarkaður til að viðhalda nauðsynlegum loftþrýstingi til ræsingar. Komið skal fyrir viðvörunarbúnaði, sem gefur til kynna of lágan loftþrýsting til ræsingar, og skal stilla hann á það magn að enn sé unnt að ræsa framdrifsvélarnar.

5. **Regla II-1/E/5: Samskipti (R 50)**

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B OG NÝ SKIP Í FLOKKI C OG D

Fyrir hendi skal vera áreiðanleg aðferð til munnlegra samskipta milli stjórnklefa aðalframdrifsvéla eða stjórnstaðar þeirra, eftir því sem við á, og stjórnpalls og vistarveru vélstjóra.

6. **Regla II-1/E/6: Viðvörunarkerfi (R 51)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Viðvörunarkerfi, sem gefur til kynna bilun sem gefa þarf gaum, skal vera fyrir hendi og skal það:

.1 geta gefið frá sér heyranlegt viðvörunarmerki í stjórnklefa aðalvéla eða á stjórnstað framdrifsvéla og gefa sýnilega til kynna á hentugum stað sérhvert viðvörunarmerki sem gefið er,

.2 vera tengt almennum rýmum vélstjóra og svefnklefum þeirra með valrofa, til að tryggja tengingu við a.m.k. einn af þessum klefum; heimila má annað fyrirkomulag ef það telst vera jafngilt,

.3 setja af stað heyranlegt og sýnilegt viðvörunarmerki á stjórnpalli við hverjar þær aðstæður sem krefjast athygli eða aðgerða af hálfu vakthafandi yfirmanns,

.4 vera hannað, að því marki sem framkvæmanlegt er, samkvæmt meginreglunni um virkt öryggi, og

.5 setja af stað viðvörunarmerki til vélstjóra, sem krafist er í reglu II-1/C/10, ef ekki hefur verið brugðist við viðvörunarmerki á staðnum innan ákveðins tíma.

.2.1 Stöðugur straumur skal vera á viðvörunarkerfi og á því skal vera sjálfvirk skipting yfir á varaaflgjafa ef bilun verður í hefðbundnum aflgjafa.

.2.2 Bilun í aðalaflgjafa viðvörunarkerfis skal gefin til kynna með viðvörunarmerki.

.3.1 Viðvörunarkerfið skal geta gefið til kynna fleiri en eina bilun samtímis og skal svörun við einu viðvörunarmerki ekki koma í veg fyrir að annað merki sé gefið.

.3.2 Svörun á þeim stað sem um getur í lið .1 við hvers konar viðvörunarmerki skal koma fram á stöðunum þar sem merkið var gefið til kynna. Viðvörunarmerki skulu vera órofin uns þeim er svarað og sýnileg viðvörunarmerki skulu vera órofin uns gert hefur verið við bilunina og skal þá viðvörunarkerfi endurstillast sjálfkrafa á hefðbundin notkunarskilyrði.

7. **Regla II-1/E/7: Öryggiskerfi (R 52)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Hafa skal þannig öryggiskerfi að alvarleg bilun í starfsemi véla- eða ketilbúnaðar, sem skyndileg hætta stafar af, leiði til sjálfvirkrar stöðvunar þess hluta búnaðarins, auk þess sem viðvörun skal gefin. Stöðvun á framdrifskerfinu skal ekki vera sjálfvirk nema í þeim tilvikum sem geta leitt til alvarlegra skemmda, algerrar bilunar eða sprengingar. Þar sem fyrirkomulagið er þannig að unnt er að fara framhjá stöðvun aðalvélabúnaðarins skal það vera þannig að ekki sé mögulegt að gera það óviljandi. Sýnileg merki skulu gefa til kynna hvort þetta hafi verið gert. Sjálfvirkur stjórnbúnaður til að slökkva á og hægja á vélbúnaði skal vera aðskilinn frá viðvörunarbúnaði.

8. **Regla II-1/E/8: Sérkröfur um vélbúnað, katla og rafbúnað (R 53)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Aðalrafaflgjafi skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

.1 Þar sem að jafnaði er séð fyrir rafafli með einum rafala skal vera viðeigandi álagsstýring sem tryggir samfelldan straum til búnaðar sem nauðsynlegur er til að knýja skipið og stýra því og tryggja öryggi þess. Gerðar skulu viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þegar virkni rafala, sem er í gangi, hættir skal vera til taks vararafali, sem ræsist og tengist aðaltöflu á sjálfvirkan hátt, svo unnt sé að knýja skipið áfram og stýra því og tryggja öryggi þess með sjálfvirkri endurræsingu nauðsynlegs hjálparvélbúnaðar jafnvel þótt nauðsynlegt reynist að ræsa nokkrum sinnum.

.2 Ef fleiri en einn rafali sjá venjulega fyrir rafafli samtímis til hliðstæðra starfa skulu gerðar ráðstafanir, t.d. með álagsstýringu, til að tryggja að þótt einn þeirra verði óvirkur að þeir sem eftir eru haldi áfram að starfa án yfirálags þannig að unnt sé að knýja skipið og stýra því og tryggja öryggi þess.

.2 Ef krafist er tvöfalds búnaðar fyrir aðrar hjálparvélar, sem nauðsynlegar eru til að knýja skipið, skal vera til staðar sjálfvirkur skiptibúnaður.

9. **Regla II-1/E/9: Sjálfvirkt stýri- og viðvörunarkerfi (R 53.4)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Stjórnkerfið skal vera þannig að öryggi búnaðar, sem nauðsynlegur er fyrir starfsemi aðalframdrifsvéla og tilheyrandi hjálparvéla, sé tryggt með nauðsynlegri sjálfvirkni.

.2 Viðvörunarkerfi skal vera á sjálfvirka skiptibúnaðinum.

.3 Viðvörunarkerfi, sem uppfyllir reglu II-1/E/6, skal vera fyrir allan mikilvægan þrýsting, hitastig, vökvaborð og aðrar nauðsynlegar færibreytur.

.4 Miðlæg stjórnstöð skal búin nauðsynlegum viðvörunartöflum og búnaði sem sýnir allar viðvaranir.

.5 Ráðstafanir skulu gerðar til að halda tilskildum ræsiloftsþrýstingi ef brunahreyflar, sem eru nauðsynlegir til meginframdrifs, eru ræstir með þrýstilofti.

*G-HLUTI*

***SKIP SEM NOTA ELDSNEYTI MEÐ LÁGU BLOSSAMARKI***

1. **Regla II-1/G/1: Kröfur varðandi skip sem nota eldsneyti með lágu blossamarki (R 57)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D [OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B]:

Skip, óháð því hvenær þau eru smíðuð, sem er breytt til að nota eða byrja að nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti með blossamarki sem er lægra en leyfilegt er samkvæmt undirlið .1.1 í reglu II-2/A/10, skulu uppfylla kröfur IGF-kóðans, eins og skilgreint er í SOLAS II-1/2.28.

KAFLI II-2

**ELDVARNIR, ELDSKYNJUN OG SLÖKKVIBÚNAÐUR**

*A-HLUTI*

***ALMENNT***

1. **Regla II-2/A/1: Meginreglur (R 2)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Brunavarnamarkmið þessa kafla eru eftirfarandi:

.1 að fyrirbyggja bruna og sprengingar,

.2 að draga úr hættu á að menn láti lífið af völdum elds,

.3 að draga úr hættu á tjóni á skipum, farmi og umhverfinu af völdum bruna,

.4 að einangra eld og sprengingar, halda þeim í skefjum og slökkva í rýminu þar sem upptökin eru og

.5 að sjá farþegum og áhöfn fyrir viðunandi neyðarútgöngum sem greiður aðgangur er að.

.2 Til að ná megi brunavarnamarkmiðunum, sem mælt er fyrir um í lið .1, byggjast reglur þessa kafla á eftirtöldum meginreglum, sem teknar eru upp í þeim, eftir því sem við á, með hliðsjón af gerðum skipa og hugsanlegri brunahættu:

.1 skipum er skipt í lóðrétt aðalsvæði með afmörkunum sem hafa mótstöðuafl bæði að því er varðar hita og styrk,

.2 vistarverur eru aðskildar frá öðrum hlutum skipsins með afmörkunum sem hafa mótstöðuafl bæði að því er varðar hita og styrk,

.3 notkun brennanlegra efna er takmörkuð,

.4 eldur er skynjaður á því svæði þar sem hann kemur upp,

.5 eldur er einangraður og hann slökktur í því rými þar sem hann kemur upp,

.6 neyðarútgangar og aðgangar fyrir slökkvilið eru varðir,

.7 greiður aðgangur er að slökkvibúnaði,

.8 möguleika á íkviknun eldfimra gufa í farmrýmum er haldið í lágmarki.

.3 Brunavarnamarkmiðunum, sem sett eru fram í lið .1, skal náð með því að tryggja að farið sé að forskriftum þessa kafla eða eftir annarri hönnun og fyrirkomulagi sem samrýmast F-hluta endurskoðaðs kafla II-2 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, sem gildir um skip smíðuð 1. janúar 2003 eða síðar. Skip skal talið uppfylla kröfurnar um virkni, sem settar eru fram í lið .2 og hafa náð brunavarnamarkmiðunum, sem sett eru fram í lið .1, þegar annað af eftirfarandi hefur verið uppfyllt:

.1 hönnun og fyrirkomulag skipsins í heild uppfyllir viðeigandi forskriftir þessa kafla,

.2 hönnun og fyrirkomulag skipsins í heild hafa verið endurskoðuð og samþykkt í samræmi við F-hluta endurskoðaðs kafla II-2 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, sem gildir um skip smíðuð 1. janúar 2003 eða síðar,

.3 hluti eða hlutar af hönnun skipsins og fyrirkomulagi hafa verið endurskoðuð og samþykkt í samræmi við framangreindan F-hluta endurskoðaðs kafla II-2 í SOLAS-samþykktinni og aðrir hlutar skipsins uppfylla viðeigandi forskriftir þessa kafla.

.4 Öll skip sem gangast undir meiri háttar viðgerðir, breytingar og endurbætur, sem og búnaður til þeirra verka, sem falla ekki undir skilgreininguna í lið zh í 2. gr. tilskipunar 2009/45/EB, skulu a.m.k. halda áfram að uppfylla kröfurnar sem áður giltu um þau skip.

GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.5 Þrátt fyrir ákvæði liðar .4 skulu gömul skip í flokki B, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, uppfylla eftirfarandi kröfur þegar fram fara á þeim viðgerðir, breytingar, endurbætur og búnaður til þeirra verka:

.1 öll efni, sem notuð eru í þessi skip, skulu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um efni sem notuð eru í ný skip í flokki B og

.2 allar viðgerðir, breytingar, endurbætur og búnaður til þeirra verka, sem fela í sér að skipt er um efni sem nemur 50 tonnum eða meira, annað en það sem krafist er í reglu II-2/B/16, skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru um ný skip í flokki B.

2. **Regla II-2/A/2: Skilgreiningar (R 3)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Eldtraust efni er efni sem hvorki brennur né gefur frá sér nægilegt magn af eldfimum gufum til sjálfsíkveikju þegar það er hitað upp í u.þ.b. 750 °C; sýnt skal fram á þetta með brunaprófun í samræmi við IMO-ályktun A.799(19) „endurskoðuð tilmæli um prófunaraðferðir til viðurkenningar á því að bygging-arefni í skip sé eldtraust efni“. Öll önnur efni eru brennanleg efni.

.1.a AÐ ÞVÍ ER VARÐAR SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Eldtraust efni er efni sem hvorki brennur né gefur frá sér nægilegt magn af eldfimum gufum til sjálfsíkveikju þegar það er hitað upp í u.þ.b. 750 °C og skal það ákveðið í samræmi við kóða um brunaprófunaraðferðir. Öll önnur efni eru brennanleg efni.

.2 Stöðluð brunaprófun er prófun þar sem sýnishorn úr viðkomandi þiljum eða þilförum eru hituð upp í prufuofni við hita sem er nokkurn veginn í samræmi við staðlaða tímahitaferilinn. Yfirborð sýnishornsins skal vera a.m.k. 4,65 $m^2$ og hæð þess (eða lengd þilfars) 2,44 metrar; sýnishornin skulu vera eins lík ráðgerðri smíði og unnt er og vera með a.m.k. einni samsetningu, þar sem það á við. Staðlaði tímahitaferilinn er ákveðinn með jafnri boglínu sem dregin er í gegnum eftirfarandi hitapunkta sem mældir eru inni í ofninum:

| | |
|---|---|
| upphafshiti inni í ofninum | 20 °C |
| að loknum fyrstu 5 mínútunum | 576 °C |
| að loknum 10 mínútum | 679 °C |
| að loknum 15 mínútum | 738 °C |
| að loknum 30 mínútum | 841 °C |
| að loknum 60 mínútum | 945 °C |

.2a. AÐ ÞVÍ ER VARÐAR SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Stöðluð brunaprófun er prófun þar sem sýnishorn úr viðkomandi þiljum og þilförum eru hituð upp í prufuofni við hita sem er nokkurn veginn í samræmi við staðlaða tímahitaferilinn. Prófunaraðferðirnar skulu vera í samræmi við kóða um brunaprófunaraðferðir.

.3 Skilrúm í flokki A eru þau skilrúm sem mynduð eru af þiljum og þilförum sem uppfylla eftirfarandi:

.1 þau skulu smíðuð úr stáli eða öðru jafngildu efni,

.2 þau skulu vera hæfilega afstífuð,

.3 þau skulu smíðuð þannig að ekki komist reykur og eldur í gegnum þau áður en staðlaðri einnar klukkustundar brunaprófun lýkur,

.4 þau skulu einangruð með samþykktum, eldtraustum efnum þannig að hvorki meðalhiti bakhliðarinnar hækki meira en 140 °C yfir upprunalega hitann né að hiti á nokkrum stað, þ.m.t. samsetningar, hækki meira en 180 °C yfir upprunalegan hita innan eftirfarandi tímamarka:

| | |
|---|---|
| flokkur A-60 | 60 mínútur |
| flokkur A-30 | 30 mínútur |
| flokkur A-15 | 15 mínútur |
| flokkur A-0 | 0 mínútur |

.5 Stjórnvald fánaríkisins skal krefjast prófunar á frumgerð þils eða þilfars til að tryggja að þau uppfylli framangreindar kröfur um þéttleika og hitastigshækkun í samræmi við IMO-ályktun A.754(18).

Að því er varðar skip í flokki B, C og D, smíðuð 1. janúar 2003 eða síðar, kemur „kóði um brunaprófunaraðferðir“ í stað „IMO-ályktunar A.754(18)“.

.4 Skilrúm í flokki B eru þau skilrúm sem mynduð eru af þiljum, þilförum, loftum eða veggklæðningum sem uppfylla eftirfarandi:

.1 þau skulu smíðuð þannig að þau hindri að eldur komist í gegnum þau áður en staðlaðri hálfrar klukkustundar brunaprófun lýkur,

.2 þau skulu hafa einangrunargildi þannig að meðalhiti bakhliðarinnar hækki hvorki meira en 140 °C yfir upprunalega hitann né að hitinn á nokkrum stað, þ.m.t. samsetningar, hækki meira en 225 °C yfir upprunalegan hita innan eftirfarandi tímamarka:

| | |
|---|---|
| flokkur B-15 | 15 mín. |
| flokkur B-0 | 0 mín. |

.3 þau skulu gerð úr samþykktum, eldtraustum efnum og allt efni, sem haft er við gerð og uppsetningu á skilrúmum í flokki B, skal vera eldtraust, með þeirri undantekningu að nota má brennanlegan spón ef hann uppfyllir aðrar kröfur þessa kafla,

.4 stjórnvald fánaríkisins skal krefjast prófunar á frumgerð skilrúms til að tryggja að hún uppfylli framangreindar kröfur um þéttleika og hitahækkun í samræmi við IMO-ályktun A.754(18).

Að því er varðar skip í flokki B, C og D, smíðuð 1. janúar 2003 eða síðar, kemur „kóði um brunaprófunaraðferðir“ í stað „IMO-ályktunar A.754(18)“.

.5 Skilrúm í flokki C eru þau skilrúm sem smíðuð eru úr samþykktum, eldtraustum efnum. Þau þurfa hvorki að uppfylla kröfur um reykþéttleika eða eldmótstöðu né takmarkanir á hitahækkun. Heimilt er að nota brennanlegan spón ef hann uppfyllir aðrar kröfur þessa kafla.

.6 Samfelld loft eða veggklæðningar í flokki B eru þau loft eða veggklæðningar í flokki B sem enda við skilrúm í flokki A eða B.

.8 Lágt eldsútbreiðslumark merkir að umrætt yfirborð hindri nægilega útbreiðslu elds og skal það ákvarðað með brunaprófun, í samræmi við IMO-ályktun A.653(16), um þil, loft og yfirborðsefni þilfara.

.8a AÐ ÞVÍ ER VARÐAR SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Lágt eldsútbreiðslumark merkir að umrætt yfirborð hindri nægilega útbreiðslu elds og skal það ákveðið í samræmi við kóða um brunaprófunaraðferðir.

.9 Lóðrétt afmörkuð aðalsvæði eru þau svæði sem bol, yfirbyggingu og þilfarshúsum er skipt í með skilrúmum í flokki A og sem að jafnaði eru hvorki lengri né breiðari en 40 m á neinu þilfari.

.10 Vistarverur eru þau rými sem notuð eru sem almenn rými, gangar, salerni, svefnklefar, skrifstofur, sjúkrarými, rými fyrir kvikmyndasýningar, leiki og tómstundaiðju, rakarastofur, býtibúr án eldunartækja og sambærileg rými.

.11 Almenn rými eru þeir hlutar vistarveranna sem notaðir eru sem salir, borðsalir, setustofur og önnur sambærileg rými sem eru lokuð á varanlegan hátt.

.12 Þjónusturými eru þau rými sem notuð eru sem eldhús, býtibúr með eldunartækjum, skápar, klefar undir póst og verðmæti, geymslur, verkstæði sem ekki eru hlutar af vélarúmum og sambærileg rými, ásamt stokkum sem liggja að þannig rýmum.

.13 Farmrými eru öll rými fyrir farm (þ.m.t. farmolíugeymar) og stokkar sem liggja að þannig rýmum.

.13-1 Ökutækjarými eru farmrými til flutnings á vélknúnum ökutækjum með eldsneyti á geymum sínum til eigin nota.

.14 Ekjufarmrými eru rými sem eru yfirleitt ekki hólfuð niður á neinn hátt og eru töluvert löng, ná jafnvel eftir endilöngu skipinu, þar sem ökutæki með eldsneyti á geymum sínum til eigin nota og/eða vörur eru lestaðar eða losaðar, yfirleitt lárétt, (í umbúðum eða lausu, í eða á járnbrautavögnum eða bílum, ökutækjum (þ.m.t. tankbílar og tankjárnbrautarvagnar), eftirvögnum, gámum, vörubrettum, tönkum sem hægt er að taka af eða í/á svipuðum geymslueiningum eða öðrum geymum).

.15 Opin ekjufarmrými eru ekjufarmrými sem annaðhvort eru opin í báða enda eða opin í annan endann og í er viðunandi náttúruleg loftræsting, sem nær til allrar lengdarinnar, í gegnum varanleg op á útsíðu skipsins eða þilfarinu, eða ofan frá, og sem á skipum, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, eru að heildarflatarmáli a.m.k. 10% af heildarflatarmáli hliða rýmisins.

.15-1 Opin ökutækjarými eru ökutækjarými sem annaðhvort eru opin í báða enda eða opin í annan endann og í er viðunandi náttúruleg loftræsting, sem nær til allrar lengdarinnar, í gegnum varanleg op á útsíðu skipsins eða þilfarinu, eða ofan frá, og sem á skipum, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, eru að heildarflatarmáli a.m.k. 10% af heildarflatarmáli hliða rýmisins.

.16 Lokuð ekjufarmrými eru ekjufarmrými sem eru hvorki opin ekjufarmrými né veðurþilför.

.16-1 Lokuð ökutækjarými eru ökutækjarými sem eru hvorki opin ökutækjarými né veðurþilför.

.17 Veðurþilfar er þilfar sem er alveg berskjaldað fyrir veðri að ofan og frá a.m.k. tveimur hliðum.

.18 Sérstök rými eru þau lokuðu ökutækjarými fyrir ofan eða neðan skilrúmsþilfar, sem ökutækin geta keyrt inn í og út úr og sem farþegar hafa aðgang að. Sérstök rými mega vera á fleiri en einu þilfari, að því tilskildu að óhindruð heildarhæð fyrir ökutæki sé ekki yfir 10 metrar.

.19.1 Vélarúm í flokki A eru þau rými og stokkar sem liggja að þeim rýmum sem í eru:

.1 brunahreyflar, sem notaðir eru til meginframdrifs skipsins, eða

.2 brunahreyflar til annarra nota en til meginframdrifs skipsins þar sem heildarúttaksafl þess vélbúnaðar er a.m.k. 375 kW eða

.3 olíukyntur ketill eða eldsneytisolíubúnaður.

.19.2 Vélarúm eru öll vélarúm í flokki A svo og öll önnur rými sem í er vélbúnaður til að knýja skipið, katlar, eldsneytisolíubúnaður, gufuvélar og brunahreyflar, rafalar og aðalrafvélabúnaður, olíuáfyllistöðvar, kælivélabúnaður, andveltibúnaður, loftræsti- og loftjöfnunarbúnaður og sambærileg rými og stokkar sem liggja að þannig rýmum.

.20 Eldsneytisolíubúnaður er búnaður sem notaður er til undirbúnings á yfirfærslu eldsneytisolíu yfir í olíukynta katla, eða búnaður sem notaður er til undirbúnings á yfirfærslu hitaðrar olíu til brunahreyfils og nær yfir hvers konar olíuþrýstidælur, síur og hitara sem meðhöndla olíu við meiri þrýsting en 0,18 N/mm$^2$.

.21 Stjórnstöðvar eru þau rými þar sem fjarskiptabúnaður skipsins eða aðalsiglingatæki þess eru eða þar sem neyðaraflgjafinn er staðsettur eða þar sem brunaviðvörunarkerfinu eða slökkvibúnaðinum er stjórnað.

.21.1 Aðalstjórnstöð er stjórnstöð fyrir eftirtalinn stjórnbúnað og vísa:

.1 fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi,

.2 sjálfvirktýringar-, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi,

.3 stjórnborð með vísum fyrir eldvarnarhurðir,

.4 lokun dyra með eldvarnarhurðum,

.5 stjórnborð með vísum fyrir vatnsþéttar hurðir,

.6 lokun dyra með vatnsþéttum hurðum,

.7 loftblásara,

.8 almennt viðvörunarkerfi/eldviðvörunarkerfi,

.9 boðskiptakerfi, þ.m.t. sími, og

.10 hljóðnema fyrir kallkerfi.

.21.2 Aðalstjórnstöð, sem jafnan er mönnuð, er aðalstjórnstöð þar sem jafnan er ábyrgur maður úr áhöfn skipsins.

.22 Klefar sem í eru húsgögn og húsbúnaður sem takmörkuð eldhætta stafar af eru, að því er varðar reglu II-2/B/4, þeir klefar sem í eru húsgögn og húsbúnaður sem takmörkuð eldhætta stafar af (hvort heldur um er að ræða svefnklefa, almenn rými, skrifstofur eða aðrar vistarverur) þar sem:

.1 öll húsgögn með hirslum, s.s. skrifborð, fataskápar, snyrtiborð, kommóður og þess háttar, eru smíðuð úr viðurkenndum eldtraustum efnum eingöngu, nema hvað á yfirborðsflötum þeirra má vera brennanlegur spónn allt að 2,0 mm,

.2 öll frístandandi húsgögn, s.s. stólar, sófar og borð, eru smíðuð með römmum úr eldtraustum efnum,

.3 öll hengi, gluggatjöld og önnur textílefni, sem hengd eru upp, hafa a.m.k. sömu eldþolseiginleika og ullarefni í hlutföllunum 0,8 kg/m$^2$, í samræmi við IMO-ályktun A.471(XII), með áorðnum breytingum;

að því er varðar skip í flokki B, C og D, smíðuð 1. janúar 2003 eða síðar, kemur „kóði um brunaprófunaraðferðir“ í stað „IMO-ályktunar A.471(XII), með áorðnum breytingum“,

.4 öll gólfefni hafa a.m.k. sömu eldþolseiginleika og samsvarandi ullarefni sem notað er í sama tilgangi.

Að því er varðar skip í flokki B, C og D, smíðuð 1. janúar 2003 eða síðar, skal þessi undirliður vera svohljóðandi:

öll gólfefni hafa lágt eldsútbreiðslumark,

.5 allir óvarðir fletir á þiljum, veggklæðningum og loftum hafa lágt eldsútbreiðslumark og

.6 öll bólstruð húsgögn hafa viðnám gegn íkviknun og útbreiðslu elds í samræmi við brunaprófunarferli fyrir bólstruð húsgögn sem kveðið er á um í IMO-ályktun A.652(16).

Að því er varðar skip í flokki B, C og D, smíðuð 1. janúar 2003 eða síðar, kemur „kóði um brunaprófunaraðferðir“ í stað „IMO-ályktunar A.652(16)“.

AÐ ÞVÍ ER VARÐAR SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

.7 allur sængurfatnaður hefur viðnám gegn íkviknun og útbreiðslu elds í samræmi við kóða um brunaprófunaraðferðir.

.23 Ekjufarþegaskip er farþegaskip með ekjufarmrými eða sérstök rými eins og þau eru skilgreind í þessari reglu II-2/A/2.

.24 Kóði um brunaprófunaraðferðir merkir alþjóðlegur kóði um brunaprófunaraðferðir eins og hann var samþykktur með ályktun MSC.61(67), með áorðnum breytingum.

.25 Kóði um brunaöryggiskerfi merkir alþjóðlegur kóði um brunaöryggiskerfi eins og hann var samþykktur með ályktun MSC.98(73), með áorðnum breytingum.

.26 Blossamark er það hitastig í °C (prófun í lokuðum bolla) þegar efni hefur gefið frá sér nægilega mikið af eldfimum gufum til að það kvikni í, ákvarðað með viðurkenndu blossamarkstæki.

.27 Forskriftir merkja þær forskriftir um smíði, stærðartakmarkanir eða brunaöryggiskerfi sem tilgreind eru í þessum kafla.

.28 Brunaspjald, að því er varðar framkvæmd reglu II-2/B/9a, er búnaður sem er settur upp í loftrás, sem er opinn við venjulegar kringumstæður þannig að loft geti flætt þar um og er lokaður við eldsvoða og hindrar þannig flæði um loftræstirásina í þeim tilgangi að hindra að eldur komist í gegn. Í tengslum við skilgreininguna hér að framan má nota eftirfarandi hugtök:

.1 sjálfvirkt brunaspjald: brunaspjald sem lokast sjálfkrafa þegar það kemst í snertingu við myndefni bruna,

.2 handvirkt brunaspjald: brunaspjald sem áhöfninni er ætlað að opna eða loka handvirkt og

.3 fjarstýrt brunaspjald: brunaspjald sem áhöfnin lokar með stjórnbúnaði sem er staðsettur í nokkurri fjarlægð frá fjarstýrða spjaldinu.

.29 Reykspjald, að því er varðar framkvæmd reglu II-2/B/9a, er búnaður, sem er settur upp í loftrás, sem er opinn við venjulegar kringumstæður þannig að loft geti flætt þar um og lokaður við eldsvoða og hindrar þannig flæði um loftrásina í þeim tilgangi að hindra að reykur og heitar lofttegundir komist í gegn. Ekki er gert ráð fyrir því að reykspjald stuðli að eldtraustleika þegar um er að ræða eldtraust skilrúm sem er rofið með loftrás. Í tengslum við skilgreininguna hér að framan má nota eftirfarandi hugtök:

.1 sjálfvirkt reykspjald: reykspjald sem lokast sjálfkrafa þegar það kemst í snertingu við reyk eða heitar lofttegundir,

.2 handvirkt reykspjald: reykspjald sem áhöfninni er ætlað að opna og loka handvirkt og

.3 fjarstýrt reykspjald: reykspjald sem áhöfnin lokar með stjórnbúnaði sem er staðsettur í nokkurri fjarlægð frá reykspjaldinu.

3. **Regla II-2/A/3: Slökkvidælur, aðalbrunalagnir, brunahanar, brunaslöngur og stútar (R 4)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1.1 Í öllum skipum skulu vera slökkvidælur, aðalbrunalagnir, brunahanar, brunaslöngur og stútar í samræmi við kröfur þessarar reglu II-2/A/3.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ FYRIR 1. JANÚAR 2003:

.1.2 Ef þörf er á fleiri en einni sjálfstæðri slökkvidælu skal setja upp, á aðgengilegum og vel vörðum stað utan vélarúmsins, einangrunarloka til að aðgreina þann hluta aðalbrunalagna sem liggur innan vélarúmsins, þar sem aðalslökkvidæla eða -dælur eru, frá öðrum hlutum aðalbrunalagnarinnar. Aðalbrunalögn skal komið þannig fyrir að þegar einangrunarlokar eru lokaðir sé hægt að veita vatni með slökkvidælu utan vélarúmsins til allra brunahana í skipinu, nema þeirra sem eru í vélarúminu og sem um getur hér að framan, um lagnir sem ekki liggja í gegnum það. Í undantekningatilvikum geta stuttir hlutar af inntaks- og frárennslislögnum neyðarslökkvidælu legið í gegnum vélarúmið, ef ómögulegt reynist að leggja þær framhjá því, að því tilskildu að traustleiki aðalbrunalagnarinnar sé tryggður með sterkri stálhlíf sem umlykur hana.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

.1.3 Setja skal upp einangrunarloka, á aðgengilegum og vel vörðum stað utan vélarúmsins, til að aðgreina þann hluta aðalbrunalagna sem liggur innan vélarúmsins, þar sem aðalslökkvidæla eða -dælur eru, frá öðrum hlutum aðalbrunalagnarinnar. Aðalbrunalögn skal komið þannig fyrir að þegar einangrunarlokar eru lokaðir sé hægt að veita vatni til allra brunahana í skipinu, nema þeirra sem eru í vélarúminu og sem um getur hér að framan, með annarri dælu eða neyðarslökkvidælu. Neyðardælan, sjóinntak hennar, inntaks- og frárennslislagnir og einangrunarlokar skulu vera staðsett utan vélarúmsins. Ef því verður ekki við komið er heimilt að hafa sjókistuna innan vélarúmsins ef lokanum er fjarstýrt úr sama hólfi og neyðardælan er í og soggreinin er höfð eins stutt og hægt er. Stuttir hlutar soggreina- eða frárennslislagna mega liggja í gegnum vélarúmið ef þeir eru umluktir sterkri stálhlíf eða einangraðir samkvæmt kröfum A-60. Rör þessi skulu vera efnismikil eða a.m.k. 11 mm að þykkt og soðin, að undanskildum samskeytum með flönsum við sjóinntökulokann.

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B OG NÝ SKIP Í FLOKKI C OG D

.2 *Afkastageta slökkvidælna*

.1 Slökkvidælurnar, sem krafist er, skulu geta veitt til slökkvistarfs a.m.k. tveimur þriðju hlutum af því vatnsmagni sem krafist er að austurdælur afkasti þegar þær eru notaðar til austurs, með þeim þrýstingi sem um getur í lið .4.2.

.2 Í hverju skipi, sem samkvæmt þessari reglu II-2/A/3 skal hafa fleiri en eina afldrifna slökkvidælu, skal sérhver slökkvidæla, sem krafist er, afkasta a.m.k. 80% af tilskildum heildarafköstum, deilt niður á lágmarksfjölda tilskilinna slökkvidælna, þó aldrei minna en 25 $m^3$/klst., og skal hver slík dæla í öllum tilvikum geta gefið frá sér a.m.k. vatnsbunurnar tvær sem krafist er. Þessar slökkvidælur skulu geta séð aðalbrunalagnakerfinu fyrir vatni við tilskilin skilyrði.

.3 Í skipum, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, sem í eru fleiri dælur en krafist er, skulu viðbótardælur afkasta a.m.k. 25 $m^3$/klst. og geta gefið frá sér a.m.k. vatnsbunurnar tvær sem krafist er í lið .5 í þessari reglu II-2/A/3.

.3 *Fyrirkomulag slökkvidælna, aðalbrunalagna og vatnsbirgða sem tilbúnar eru til notkunar*

.1 Í skipum skulu vera aflknúnar slökkvidælur sem hér segir:

.1 í skipum sem mega flytja fleiri en 500 farþega: a.m.k. þrjár, þar af má ein vera drifin af aðalvélinni,

.2 í skipum sem mega flytja 500 farþega eða færri: a.m.k. tvær, þar af má ein vera drifin af aðalvélinni.

.2 Heimilt er að nota hreinlætiskerfis-, kjölfestu- eða austurdælur eða dælur til almennra nota sem slökkvidælur, að því tilskildu að þær séu ekki að jafnaði notaðar til að dæla olíum og að þær hafi hentugan búnað til að skipta yfir ef þær eru notaðar öðru hvoru til að færa eða dæla eldsneytisolíu.

.3 Sjólagnakerfi, slökkvidælur og aflgjafar þeirra skulu vera þannig að tryggt sé að ekki verði allar slökkvidælur óvirkar ef eldur kemur upp í einhverju hólfi skips sem má flytja fleiri en 250 farþega.

Ef eldur í einhverju hólfi getur gert allar slökkvidælur óvirkar skal, í nýjum skipum í flokki B, sem mega flytja 250 farþega eða færri, vera annar búnaður sem veitir vatni til slökkvistarfa, þ.e. sérstök aflknúin neyðarslökkvidæla og skulu aflgjafi hennar og sjólagnakerfi vera staðsett utan vélarúms. Þessi sérstaka aflknúna neyðardæla skal uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi fyrir skip smíðuð 1. janúar 2003 eða síðar.

.4 Í nýjum skipum í flokki B sem mega flytja fleiri en 250 farþega skal fyrirkomulag vatnsbirgða, sem tilbúnar eru til notkunar, vera þannig að a.m.k. ein kraftmikil vatnsbuna sé þegar í stað tiltæk frá sérhverjum vatnshana innandyra og að áframhaldandi vatnsrennsli sé tryggt með sjálfvirkri gangsetningu tilskilinnar slökkvidælu.

.5 Í skipum þar sem vélarúm er ómannað eða þar sem þess er einungis krafist að einn maður sé á vakt skal tafarlaust vera hægt að veita vatni, með viðeigandi þrýstingi, frá aðalbrunalagnakerfi, annaðhvort með fjarstýrðri gangsetningu einnar af aðalslökkvidælunum frá stjórnpalli og brunavarnastöðinni, ef hún er fyrir hendi, eða með því að hafa stöðugan háþrýsting í aðalbrunalagnakerfinu á einni af aðalslökkvidælunum.

.6 Á mötunarloka sérhverrar slökkvidælu skal vera einstefnuloki.

.4 *Þvermál á aðalbrunalögn og þrýstingur í henni.*

.1 Þvermál aðalbrunalagnar og greina hennar skal vera nægilegt til að veita vel því hámarksvatnsmagni sem krafist er að tvær slökkvidælur, sem starfa samtímis, anni.

.2 Þegar tvær dælur dæla samtímis vatni um stútana, sem tilgreindir eru í lið .8, og nægilega marga brunahana þarf til að gefa vatnsmagnið, sem tilgreint er í lið .4.1, skal eftirfarandi lágmarksþrýstingur vera á öllum brunahönunum:

| Skip í flokki B sem mega flytja: | Nýtt | Gamalt |
|---|---|---|
| fleiri en 500 farþega | 0,4 N/mm$^2$ | 0,3 N/mm$^2$ |
| allt að 500 farþega | 0,3 N/mm$^2$ | 0,2 N/mm$^2$ |

.3 Hámarksþrýstingur á hvern brunahana má ekki vera meiri en svo að sýna megi fram á að unnt sé að hafa stjórn á brunaslöngu með góðu móti.

.5 *Fjöldi og staðsetning brunahana*

.1 Fjöldi og staðsetning brunahana skal vera þannig að minnst tvær vatnsbunur, sem ekki koma frá sama brunahana, þar af önnur úr einni brunaslöngulengd, nái til sérhvers hluta skipsins sem er að jafnaði aðgengilegur farþegum eða áhöfn á meðan skipið er á siglingu, og sérhvers hluta farmrýma þegar þau eru tóm, sérhvers hluta ekjufarmrýmis eða sérstaks rýmis, en í síðastnefnda tilvikinu skulu bunurnar tvær ná til sérhvers hluta slíks rýmis, hvor um sig úr einni brunaslöngulengd. Enn fremur skulu slíkir brunahanar staðsettir nálægt inngangi vörðu rýmanna.

.2 Í vistarverum, þjónusturýmum og vélarúmum skal fjöldi og staðsetning brunahana vera þannig að uppfylla megi kröfur liðar .5.1 þegar allar vatnsþéttar dyr og dyr á þiljum lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða eru lokaðar.

.3 Þar sem aðgangur að neðri hluta vélarúmsins er úr aðliggjandi öxulgangi skulu vera tveir brunahanar fyrir utan, en þó í námunda við inngang að því vélarúmi. Þegar slíkur aðgangur er frá öðrum rýmum skulu í einu þeirra rýma vera tveir brunahanar nálægt inngangi í vélarúmið. Þetta ákvæði þarf ekki að uppfylla ef göngin eða aðliggjandi rými eru ekki hluti af undankomuleið.

.6 *Rör og brunahanar*

.1 Efni sem auðveldlega verða ónothæf við hita skulu ekki notuð í aðalbrunalagnir og brunahana nema þau séu varin á fullnægjandi hátt. Rörin og brunahanana skal staðsetja þannig að auðvelt sé að tengja brunaslöngurnar við þá. Rörunum og brunahönunum skal komið þannig fyrir að ekki sé hætta á að frjósi í þeim. Í skipum sem geta verið með farm á þilfari skal staðsetja brunahanana þannig að þeir séu ávallt vel aðgengilegir og rörin skulu, eftir því sem við verður komið, lögð þannig að komist verði hjá skemmdum af völdum farmsins.

.2 Loki skal vera fyrir hverri brunaslöngu þannig að fjarlægja megi hvaða brunaslöngu sem er meðan slökkvidælurnar eru í gangi.

.3 Í skipum, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, skal setja einangrunarloka á allar greinar aðalbrunalagnar á opnu þilfari sem notaðar eru til annars en slökkvistarfs.

.7 *Brunaslöngur*

.1 Brunaslöngur skulu vera úr efni sem ekki er viðkvæmt fyrir skemmdum og samþykkt af stjórnvaldi fánaríkisins og vera nægilega langar til þess að vatnsbuna úr þeim nái að öllum rýmum þar sem þær eru ætlaðar til notkunar. Sérhver brunaslanga skal útbúin með stút og nauðsynleg tengi. Hægt skal vera að skipta á öllum stútum og tengjum innbyrðis. Slöngur, sem tilgreindar eru í þessum kafla sem „brunaslöngur“, skulu, ásamt tilheyrandi tengihlutum og verkfærum, hafðar tilbúnar til notkunar á áberandi stöðum í námunda við brunahanana eða tengingarnar. Enn fremur skulu brunaslöngur innandyra í skipum, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, ætíð vera tengdar við brunahanana.

.2 A.m.k. ein brunaslanga skal vera á hvern brunahana sem krafist er í lið .5. Lengd brunaslöngunnar skal takmarkast við 20 m á þilfari og í yfirbyggingu og 15 m í vélarúmi en í minni skipum við 15 m á þilfari og yfirbyggingu og 10 m í vélarúmi.

.8 *Stútar*

.1.1 Að því er varðar þennan kafla skulu staðlaðar stútastærðir vera 12 mm, 16 mm og 19 mm eða eins nærri því og kostur er. Í þeim tilvikum þegar önnur kerfi eru notuð, s.s. þokukerfi, má heimila annað þvermál á stútum.

.1.2 Allir stútar skulu vera af viðurkenndri tvívirkri gerð (þ.e. fyrir úða/bunu) og með lokunarbúnaði.

.2 Fyrir vistarverur og þjónusturými þarf ekki að nota stærri stúta en 12 mm.

.3 Fyrir vélarúm og svæði utan dyra skal stærð stúta vera þannig að mesta mögulega vatnsmagn fáist með tveimur bunum við þann þrýsting sem tilgreindur er í lið .4 frá minnstu dælunni, að því tilskildu að ekki þurfi stærri stút en 19 mm.

4. **Regla II-2/A/4: Föst slökkvikerfi (R 5 + 8 + 9 + 10)**

.1 *Föst gasslökkvikerfi: Almennt (R 5.1*)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ FYRIR 1. JANÚAR 2003, OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Á rörunum, sem nauðsynleg eru til að koma slökkvimiðli inn í varin rými, skulu vera stýrilokar sem eru merktir þannig að þeir gefi skýrt til kynna til hvaða rýma rörin liggja. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til þess að miðillinn geti ekki farið inn í neitt rými fyrir slysni.

.2 Koma skal lögnum til dreifingar á slökkvimiðlinum þannig fyrir og staðsetja stútana, sem hann kemur úr, þannig að miðillinn dreifist jafnt.

.3 Séð skal til þess að hægt sé að loka, utan vörðu rýmanna, öllum opum sem loft gæti streymt inn um eða lofttegundir sloppið út um.

.4 Séð skal til þess að sjálfvirkt, heyranlegt viðvörunarmerki sé gefið þegar slökkvimiðli er sleppt inn í rými þar sem starfsmenn eru jafnan að störfum eða sem þeir hafa aðgang að. Viðvörunarkerfið skal fara af stað með hæfilegum fyrirvara áður en miðlinum er sleppt.

.5 Greiður aðgangur skal vera að stjórntækjum sérhvers fasts gasslökkvikerfis, þeim skal vera auðvelt að stjórna og þeim skipt niður á eins fáa staði og mögulegt er á stöðum sem ólíklegt er að lokist af ef upp kemur eldur í varða rýminu. Á hverjum stað skulu vera skýrar leiðbeiningar um stjórn kerfisins með tilliti til öryggis starfsmanna.

.6 Sjálfvirk losun slökkvimiðilsins skal vera óheimil, nema þar sem hún er leyfð fyrir staðbundnar sjálfvirkar einingar, sem koma til viðbótar og eru óháðar öllum föstum slökkvikerfum, sem gerð er krafa um, í vélarúmum yfir búnað sem mikil eldhætta stafar af eða á lokuðum svæðum innan vélarúms þar sem mikil eldhætta er.

.7 Ef slökkvimiðillinn á að verja fleiri en eitt rými þarf magnið, sem er til ráðstöfunar, ekki að vera meira en mesta nauðsynlega magn til að verja eitt slíkt rými.

.8 Þar sem ekki er annað heimilað skulu þrýstihylki, sem slökkvimiðill skal geymdur í, vera staðsett utan vörðu rýmanna í samræmi við lið .1.11.

.9 Gerðar skulu ráðstafanir til þess að áhöfn eða starfsmenn í landi geti athugað magn slökkvimiðils í hylkjunum án áhættu.

.10 Hylki til geymslu á slökkvimiðli og tilheyrandi hlutar þrýstibúnaðar skulu hönnuð með tilliti til ákveðinna starfsreglna með hliðsjón af staðsetningu þeirra og hámarkshitastigs umhverfisins sem búast má við þegar þau eru í notkun.

.11 Þegar slökkvimiðill er geymdur utan varins rýmis skal hann geymdur í klefa, sem staðsettur er á öruggum stað og greiður aðgangur er að, með góðri loftræstingu. Æskilegast er að allir inngangar að slíkri geymslu séu frá opnu þilfari og þeir skulu í öllum tilvikum vera óháðir rýminu sem varið er.

Aðgangsdyr skulu opnast út og þil og þilför, þ.m.t. hurðir og annar lokunarbúnaður fyrir hvers konar op á þeim, sem afmarka slíka klefa frá aðliggjandi lokuðum rýmum, skulu vera loftþétt. Við notkun taflnanna um eldtraustleika þilja og þilfara í reglum II-2/B/4 eða II-2/B/5, eftir því sem við á, skal farið með slíkar geymslur sem stjórnstöðvar.

.12 Notkun slökkvimiðils, sem getur sjálfkrafa eða við væntanleg notkunarskilyrði myndað eiturgas í því magni að hættulegt er fólki eða myndað lofttegundir sem eru skaðlegar umhverfinu, er óheimil fyrir slökkvikerfi um borð í nýjum skipum og fyrir nýjan búnað sem settur er upp í gömlum skipum.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

.13 Föst gasslökkvikerfi skulu uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

.14 Séð skal til þess að hægt sé að loka, utan varða rýmisins, öllum opum sem loft gæti streymt inn um eða lofttegundir sloppið út um.

.15 Þegar slökkvimiðill er geymdur utan varins rýmis skal hann geymdur í klefa sem staðsettur er á bak við stafnþil (árekstrarþil) og er ekki til annarra nota. Æskilegast er að allir inngangar að slíkri geymslu séu frá opnu þilfari og þeir skulu í öllum tilvikum vera óháðir rýminu sem varið er. Sé geymslan undir þiljum skal hún ekki vera meira en einu þilfari fyrir neðan opið þilfar og þangað skal vera greiður aðgangur um stiga eða rimlastiga frá opna þilfarinu.

Í rýmum undir þiljum eða rýmum þar sem ekki er aðgangur frá opnu þilfari skal vera vélrænt loftræstikerfi, hannað til að flytja útblástur frá botni rýmisins og skal það afkasta a.m.k. sex loftskiptum á klukkustund. Aðgangsdyr skulu opnast út og þil og þilför, þ.m.t. hurðir og annar lokunarbúnaður fyrir hvers konar op á þeim, sem afmarka slíka klefa frá aðliggjandi lokuðum rýmum, skulu vera loftþétt. Farið skal með slíkar geymslur líkt og brunavarnastöðvar að því er varðar beitingu taflna 4.1, 4.2, 5.1, 5.2, 5.1(a) og 5.2(a) í B-hluta þessa kafla.

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.16 Ef rúmmál frílofts í loftmóttökubúnaði er svo mikið í einhverju rými að losun þess myndi hafa alvarleg áhrif á skilvirkni fasta slökkvikerfisins ef upp kæmi eldur skal bæta við aukamagni af slökkvimiðli.

.17 Birgjar fyrir fastan slökkvibúnað skulu láta í té lýsingu á búnaðinum ásamt gátlista fyrir viðhald, á ensku og á opinberu tungumáli eða tungumálum fánaríkisins.

.18 Magn slökkvimiðilsins skal athugað a.m.k. einu sinni á ári, annaðhvort af sérfræðingi í umboði stjórnvalda, birgi búnaðarins eða viðurkenndri stofnun.

.19 Reglubundin athugun, sem yfirvélstjóri skipsins annast eða stjórnendur skipsins skipuleggja, skal skráð í skipsdagbók og skal þar koma fram umfang athugunarinnar og hvenær hún fór fram.

.20 Slökkvibúnaður, sem ekki er gerð krafa um og er t.d. settur upp í geymslum, skal, að því er varðar smíði og stærð, uppfylla kröfur þessarar reglu II-2/A/4 fyrir þá gerð búnaðar sem um ræðir.

.21 Allar dyr að rýmum, sem eru varin með $CO_2$-búnaði, skulu merktar með: „Þetta rými er varið með $CO_2$-búnaði og það skal rýmt þegar viðvörunarbúnaður fer í gang.“

.2 Koltvísýringskerfi (R 5.2)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ FYRIR 1. JANÚAR 2003, OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1.1 Að því er varðar farmrými skal magn $CO_2$, sem fyrir hendi er, samsvara að lágmarki því rúmtaki af fríum $CO_2$ sem jafngildir 30% af brúttórúmtaki stærsta farmrýmisins sem er varið á þann hátt í skipinu, nema kveðið sé á um annað.

Ef tenging er á milli loftrása milli tveggja eða fleiri farmrýma skal litið á þau sem eitt rými. Í skipum, sem notuð eru til flutnings á ökutækjum, skal nauðsynlegt magn $CO_2$ reiknað sem 45% af heildarrúmmetrafjölda stærsta farmrýmisins.

.1.2 Að því er varðar vélarúm skal magn $CO_2$, sem fyrir hendi er, samsvara a.m.k. því rúmtaki af fríum $CO_2$ sem jafngildir því rúmtaki sem stærra er af eftirfarandi:

.1 40% af brúttórúmtaki stærsta vélarúmsins sem varið er á þann hátt; í því rúmtaki er ekki innifalinn sá hluti reisnarinnar sem er yfir þeirri hæð þar sem láréttur þversniðsflötur reisnarinnar er 40% eða minna af láréttum þversniðsfleti rýmisins, sem um ræðir, mælt miðja vegu milli geymistoppsins og neðsta hluta reisnarinnar eða

.2 35% af brúttórúmmáli stærsta vélarúmsins, sem varið er á þann hátt, að meðtalinni reisninni; ef tvö eða fleiri vélarúm eru ekki algjörlega aðskilin skulu þau talin sem eitt rými.

.2 Að því er varðar þennan lið skal umfang frís koltvísýrings vera 0,56 $m^3$/kg.

.3 Fasta lagnakerfið skal vera þannig að veita megi 85% af gasinu inn í rýmið á innan við tveimur mínútum.

.4 Losunarbúnaður fyrir koltvísýring:

.1 Tvö aðskilin stjórntæki skulu vera til að losa koltvísýring inn í varið rými og til að tryggja að viðvörunarkerfið fari af stað. Annað stjórntækið skal vera til að veita gasinu frá geymsluhylkjum þess. Hitt stjórntækið skal notað til að opna loka lagnanna sem veita gasinu inn í varða rýmið.

.2 Stjórntækin tvö skulu staðsett í kassa sem greinilega skal merktur til losunar inn í ákveðið rými. Ef kassinn, sem stjórntækin eru í, á að vera læstur skal lykill að kassanum vera í lokuðu hólfi með gleri, sem hægt er að brjóta, á áberandi stað við hlið kassans.

.5 Stjórnvald fánaríkis skal tryggja að rýmunum, þar sem $CO_2$-hylkin eru staðsett, sé komið fyrir á heppilegan hátt, með tilliti til aðgengis að þeim, loftræstingar og boðskiptabúnaðar. Það skal gera viðeigandi öryggisráðstafanir að því er varðar smíði, uppsetningu, merkingu, áfyllingu og prófun $CO_2$-hylkja, -röra og -tengihluta og að því er varðar stjórntæki og viðvörunarbúnað fyrir slíkan búnað.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

.6 Koltvísýringskerfi skulu uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

.7 Stjórnvald fánaríkis skal tryggja að rýmunum, þar sem $CO_2$-hylkin eru staðsett, sé komið fyrir á heppilegan hátt, með tilliti til aðgengis að þeim, loftræstingar og boðskiptabúnaðar. Það skal gera viðeigandi öryggisráðstafanir að því er varðar smíði, uppsetningu, merkingu, áfyllingu og prófun $CO_2$-hylkja, -röra og -tengihluta og að því er varðar stjórntæki og viðvörunarbúnað fyrir slíkan búnað.

.3 *Föst slökkvikerfi með þungri froðu í vélarúmum (R 8)*

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ FYRIR 1. JANÚAR 2003, OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Þar sem sett er upp í vélarúmi fast slökkvikerfi með þungri froðu, til viðbótar við það sem krafist er í reglu II-2/A/6, skal kerfið geta látið frá sér á innan við fimm mínútum, um froðustúta, nægilegt magn af froðu til að þekja stærsta einstaka svæðið, sem eldsneytisolía gæti dreifst yfir, með 150 mm þykku lagi af froðu. Kerfið skal geta losað froðu sem hentar til að slökkva olíueld. Hafa verður búnað til að dreifa froðunni á skilvirkan hátt um varanlegt lagnakerfi, búið stýrilokum eða -krönum, til viðeigandi froðustúta og til að beina henni á skilvirkan hátt, með föstum úðurum, að öðrum stöðum í varða rýminu þar sem eldhætta er. Þensluhlutfall froðunnar skal ekki vera hærra en 12 á móti 1.

.2 Greiður aðgangur skal vera að stjórntækjum slíkra kerfa, þeim skal vera auðvelt að stjórna og þeim skipt niður á eins fáa staði og mögulegt er á stöðum sem ólíklegt er að lokist af ef upp kemur eldur í varða rýminu.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

.3 Föst slökkvikerfi með þungri froðu í vélarúmum skulu uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

.4 *Föst slökkvikerfi í vélarúmum með léttri froðu (R 9)*

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ FYRIR 1. JANÚAR 2003, OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Sérhvert fast slökkvikerfi með léttri froðu, sem krafist er í vélarúmum, skal geta dælt út um fasta froðustúta nægilegu magni af froðu til að fylla stærsta rýmið, sem verja á, á hraðanum einn metri á dýpt á mínútu að lágmarki. Magn froðuvökvans, sem fyrir hendi er, skal nægja til að mynda froðu sem nemur fimm sinnum rúmtaki stærsta rýmisins sem verja á. Þensluhlutfall froðunnar skal ekki vera hærra en 1000 á móti 1.

.2 Fæðistokkar fyrir froðu, loftinntök fyrir froðutæki og fjöldi froðublandara skulu tryggja árangursríka framleiðslu og dreifingu froðunnar.

.3 Fyrirkomulag fæðistokka til froðutækis skal vera þannig að ef upp kemur eldur í rýminu, sem varið er, hafi það ekki áhrif á froðubúnaðinn.

.4 Greiður aðgangur skal vera að froðutækinu, aflgjafa þess, froðuvökvanum og stjórnbúnaði kerfisins, auðvelt skal vera að stjórna þeim og þeim skal skipt niður á eins fáa staði og mögulegt er, á stöðum sem ólíklegt er að lokist af ef upp kemur eldur í varða rýminu.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

.5 Föst slökkvikerfi með léttri froðu í vélarúmum skulu uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

.5 *Föst slökkvikerfi með háþrýstiýringu í vélarúmum (R 10)*

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ FYRIR 1. JANÚAR 2003, OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Með öllum tilskildum föstum slökkvikerfum með háþrýstiýringu í vélarúmum skulu fylgja úðastútar af viðurkenndri gerð.

.2 Fjöldi og fyrirkomulag stútanna skal vera þannig að tryggð sé skilvirk meðaldreifing vatns sem nemur a.m.k. 5 l/m$^2$ á mínútu í rýmunum sem verja á. Aukning meðalútstreymis kemur til greina, ef nauðsyn ber til, á sérlega hættulegum stöðum. Stútum skal komið fyrir ofan við austurbrunna, geymistoppa og á öðrum svæðum þar sem líklegt er að eldsneytisolía dreifist og einnig ofan við staði í vélarúmum þar sem sérstök hætta er á eldi.

.3 Kerfinu má skipta í hluta og skal vera hægt að stjórna dreifilokum þess frá stöðum utan rýmanna, sem verja á, sem greiður aðgangur er að og sem ólíklegt er að lokist af ef upp kemur eldur í varða rýminu.

.4 Nauðsynlegum þrýstingi skal haldið stöðugum á kerfinu og dælan, sem sér kerfinu fyrir vatni, skal fara sjálfkrafa í gang ef þrýstingslækkun verður.

.5 Dælan skal geta séð öllum hlutum kerfisins samtímis fyrir vatni með nauðsynlegum þrýstingi í hverju því hólfi sem verja á. Dælan og stjórntæki hennar skulu sett upp utan rýmisins eða rýmanna sem verja á. Ekki á að vera mögulegt að eldur í rýminu eða rýmunum, sem varin eru með vatnsýringarkerfinu, geti lamað kerfið.

.6 Varúðarráðstafanir skulu gerðar til að koma í veg fyrir að stútar stíflist af óhreinindum í vatninu eða tæringu lagna, stúta, loka og dælu.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ FYRIR 1. JANÚAR 2003:

.7 Dælan má vera drifin af sjálfstæðum brunahreyfilsbúnaði en ef hún er háð afli frá neyðarrafalanum, sem settur er upp í samræmi við ákvæði D-hluta kafla II-1, skal rafalanum komið þannig fyrir að hann fari sjálfkrafa í gang ef aflskortur verður í aðalaflstöð svo að afl fyrir dæluna, sem krafist er í lið .5, sé tafarlaust fyrir hendi. Ef dælan er drifin af óháðum brunahreyfilsbúnaði skal hann staðsettur þannig að eldur, sem upp kemur í varða rýminu, hafi ekki áhrif á loftinnblástur til vélarinnar.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

.8 Föst slökkvikerfi með háþrýstiýringu í vélarúmum skulu uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

5. **Regla II-2/A/5: Handslökkvitæki (R 6)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ FYRIR 1. JANÚAR 2003, OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Öll slökkvitæki skulu vera af viðurkenndri gerð og hönnun.

.2 Magn slökkvimiðils í þeim vökva-handslökkvitækjum sem krafist er skal ekki vera meira en 13,5 lítrar og ekki minna en 9 lítrar. Önnur slökkvitæki skulu vera a.m.k. eins meðfærileg og 13,5 lítra vökvaslökkvitæki og skulu ekki hafa minni slökkvigetu en 9 lítra vökvaslökkvitæki.

.3 Varahleðslur skulu vera um borð og skulu þær nema 50% af heildarmagni fyrir hverja gerð slökkvitækja um borð. Annað slökkvitæki af sömu gerð gildir sem varahleðsla fyrir slökkvitæki sem ekki er auðveldlega hægt að endurhlaða um borð.

.4 Að jafnaði skulu ekki vera handslökkvitæki með koltvísýringi í vistarverum. Þar sem slík slökkvitæki eru í loftskeytaklefa, við raftöflu og á öðrum sambærilegum stöðum, skal stærð sérhvers rýmis, þar sem eru eitt eða fleiri slökkvitæki, vera nægileg til að þjöppun gufu, sem getur átt sér stað við sprautun takmarkist við 5% eða minna af nettórúmtaki rýmisins að því er varðar þessa reglu II-2/A/5. Koltvísýringsmagnið skal reiknað 0,56 m$^3$/kg.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

.5 Handslökkvitæki skulu uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

.6 Ekki skulu vera koltvísýringsslökkvitæki í vistarverum. Í stjórnstöðvum og öðrum rýmum, sem í eru raf- eða rafeindabúnaður eða -tæki sem nauðsynleg eru öryggi skipsins, skulu vera slökkvitæki með slökkvimiðli sem hvorki leiðir rafmagn né getur skaðað búnað og tæki.

.7 Slökkvitæki skulu staðsett þannig að þau séu tilbúin til notkunar á aðgengilegum stöðum, þar sem hægt er að ná í þau hratt og auðveldlega hvenær sem eldur kemur upp og þannig að veður, titringur eða ytri aðstæður skerði ekki starfhæfi þeirra. Á handslökkvitækjum skal vera búnaður sem sýnir hvort þau hafa verið notuð.

.8 Varahleðslur skulu vera um borð og skal hleðsla þeirra nema 100% fyrir fyrstu tíu slökkvitækin og 50% fyrir önnur slökkvitæki sem hægt er að endurhlaða um borð.

.9 Viðbótarhandslökkvitæki, af þeirri gerð, með þeirri afkastagetu og í því magni sem fram kemur í lið .13 hér á eftir, skulu koma í stað varahleðslna fyrir þau slökkvitæki sem ekki er hægt að endurhlaða um borð.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.10 Slökkvitæki, sem hlaðin eru slökkvimiðli, sem getur sjálfkrafa eða við væntanleg notkunarskilyrði myndað eiturgas í því magni að hættulegt er fólki eða myndað lofttegundir sem eru skaðlegar umhverfinu, eru óheimil.

.11 Slökkvitæki skulu henta til að slökkva þá elda sem líklegt er að gætu kviknað í námunda við slökkvitækið.

.12 Staðsetja skal eitt handslökkvitækjanna, sem ætluð eru til nota í tilteknu rými, í námunda við innganginn að því.

.13 Lágmarksfjöldi slökkvitækja skal vera sem hér segir:

.1 í vistarverum og þjónusturýmum:

slökkvitæki skulu staðsett þannig að slökkvitæki sé ekki í meira en tíu metra göngufjarlægð frá neinum stað í rýminu,

.2 slökkvitæki, sem hentar til notkunar á háspennusvæðum, skal staðsett í námunda við sérhverja rafmagnstöflu eða undirtöflu sem er 20 kW eða meira,

.3 í eldhúsum skulu slökkvitæki staðsett þannig að slökkvitæki sé ekki í meira en tíu metra göngufjarlægð frá neinum stað í rýminu,

.4 slökkvitæki skal vera í námunda við skápa undir málningu og geymslur fyrir mjög eldfim efni,

.5 a.m.k. eitt slökkvitæki skal staðsett á stjórnpalli og í hverri stjórnstöð.

.14 Handslökkvitæki til notkunar í vistarverum eða þjónusturýmum skulu vera eins samræmd í notkun og við verður komið.

.15 Reglubundin aðalskoðun slökkvitækja:

stjórnvald fánaríkisins skal tryggja að handslökkvitæki séu skoðuð reglulega og virkni þeirra og þrýstingur prófaður.

6. **Regla II-2/A/6: Slökkvikerfi í vélarúmum (R 7)**

Í vélarúmum í flokki A skal vera:

Í NÝJUM SKIPUM Í FLOKKI B, C OG D:

.1 eitthvert eftirtalinna fastra slökkvikerfa:

.1 gaskerfi, sem uppfyllir ákvæði liða .1 og .2 í reglu II-2/A/4, eða jafngilt vatnskerfi, sem uppfyllir ákvæði IMO MSC/Circ. 1165, með áorðnum breytingum, með hliðsjón af deginum sem smíði skipsins lauk,

.2 slökkvikerfi sem notar létta froðu, sem uppfyllir viðeigandi ákvæði liðar .4 í reglu II-2/A/4, með hliðsjón af deginum sem smíði skipsins lauk,

.3 slökkvikerfi með háþrýstiýringu, sem uppfyllir viðeigandi ákvæði liðar .5 í reglu II-2/A/4, með hliðsjón af deginum sem smíði skipsins lauk,

.2 a.m.k. eitt froðuhandslökkvitæki, sem samanstendur af froðustúti af spangerð sem hægt er að tengja við aðalbrunalögn með brunaslöngu, ásamt færanlegum geymi með a.m.k. 20 lítrum af froðuvökva og einum varageymi; stúturinn skal geta gefið frá sér nothæfa froðu sem hentar til að slökkva olíueld, með hraða sem nemur a.m.k. 1,5 $m^3$ á mínútu,

.3 nægilega mörg viðurkennd froðuslökkvitæki, sem hvert um sig rúmar minnst 45 lítra eða jafngildi þess, í hverju þessara rýma, til að unnt sé að beina froðu eða öðru sem er jafngildi hennar að öllum hlutum eldsneytis- og smurolíuþrýstikerfa, drifbúnaði og öðrum stöðum þar sem hætta er á eldi; auk þess skulu vera nægilega mörg froðuhandslökkvitæki eða jafngildi þeirra sem skulu staðsett þannig að slökkvitæki sé ekki í meira en tíu metra göngufjarlægð frá neinum stað í rýminu og a.m.k. tvö slík slökkvitæki skulu vera í hverju þessara rýma,

GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.4 eitt föstu slökkvikerfanna, sem tilgreind eru í lið .1 hér að framan og að auki, í sérhverju rými sem í eru brunahreyflar eða olíusetgeymar eða eldsneytisolíubúnaður, eitt froðuslökkvitæki sem rúmar minnst 45 lítra, eða jafngildi þess, í hverju þessara rýma, til að unnt sé að beina froðu eða öðru sem er jafngildi hennar að öllum hlutum eldsneytis- og smurolíuþrýstikerfa, drifbúnaði og öðrum stöðum þar sem hætta er á eldi og

.5 eitt handslökkvitæki, sem hentar til að slökkva olíuelda, fyrir hver 746 kW, eða hluta af því í slíkum vélum, að því tilskildu að eigi færri en tvö eða fleiri en sex slík slökkvitæki séu í þannig rými;

heimilt er að nota fast kerfi með þungri froðu í stað sumra af handslökkvitækjunum sex sem krafa er gerð um í þessari reglu II-2/A/6,

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.6 í hverju vélarúmi skulu vera tveir viðeigandi þokustútar, sem geta samanstaðið af L-laga röri úr málmi, þar sem lengri hlutinn er u.þ.b. tveir metrar að lengd og hægt að tengja við brunaslöngu en stutti endinn u.þ.b. 250 mm að lengd og tengdur við fastan þokustút eða hann má tengja við vatnsýringarstút.

Í NÝJUM SKIPUM Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMLUM SKIPUM Í FLOKKI B:

.7 þegar hituð olía er notuð til upphitunar er heimilt að krefjast þess að auki að í ketilrýmum sé varanlega uppsettur eða færanlegur búnaður fyrir staðbundin kerfi til að sprauta vatni í bunum undir þrýstingi eða til að dreifa froðu ofan og neðan við gólf til að slökkva elda.

Í NÝJUM SKIPUM Í FLOKKI B, C OG D, SEM SMÍÐUÐ ERU FRÁ OG MEÐ 1. JANÚAR 2003 OG Í NÝJUM SKIPUM Í FLOKKI B, C OG D, SEM ERU SMÍÐUÐ FYRIR 1. JANÚAR 2003 OG MEGA FLYTJA FLEIRI EN 400 FARÞEGA, OG Í GÖMLUM SKIPUM Í FLOKKI B SEM MEGA FLYTJA FLEIRI EN 400 FARÞEGA:

.8 .1 Auk fasta slökkvikerfisins, sem krafist er í þessari reglu II-2/A/6, skulu vélarúm í flokki A, sem eru meira en 500 $m^3$ að rúmmáli, varin með viðurkenndri gerð af föstu vatnskerfi eða jafngildu slökkvikerfi til staðbundinnar notkunar sem byggist á leiðbeiningum í IMO MSC/Circ. 913 „leiðbeiningar um viðurkenningu á föstum vatnsslökkvikerfum til staðbundinnar notkunar í vélarúmum í flokki A“.

Ef um er að ræða vélarúm, sem eru ómönnuð tímabundið, skal slökkvikerfið bæði vera sjálfvirkt og hægt að setja það af stað með handafli. Ef um er að ræða vélarúm, sem eru alltaf mönnuð, er nóg að hægt sé að setja slökkvikerfið af stað með handafli.

.2 Föst slökkvikerfi til staðbundinnar notkunar eiga að verja svæði, eins og þau sem talin eru upp hér á eftir, án þess að nauðsynlegt sé að stöðva vélina, láta áhöfn rýma svæðið eða loka svæðum:

.1 þá hluta brunahreyfla, sem notaðir eru til meginframdrifs og orkuframleiðslu, sem brunahætta stafar af, og að því er varðar skip, sem eru smíðuð 1. janúar 2018 eða síðar, þá hluta allra brunahreyfla sem brunahætta stafar af,

.2 framhliðar ketils,

.3 þá hluta brennsluofna sem brunahætta stafar af og

.4 hreinsunarbúnað fyrir hitaða brennsluolíu.

.3 Þegar kerfi til staðbundinnar notkunar fara í gang skulu þau gefa frá sér ljósmerki og einkennandi hljóðmerki til viðvörunar í varða rýminu og á stöðvum sem eru alltaf mannaðar. Viðvörunarmerkið skal gefa til kynna hvaða tiltekna kerfi fór í gang. Viðvörunarkerfið, sem lýst er í þessum lið, kemur til viðbótar við en ekki í staðinn fyrir eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi sem krafist er annars staðar í þessum kafla.

7. **Regla II-2/A/7: Sérstakt fyrirkomulag í vélarúmum (R 11)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Ljórar, dyr, loftháfar, op á reykháfum til loftræstingar og önnur op að vélarúmum skulu vera eins fá og komist verður af með, að teknu tilliti til loftræstingar og þess að skipið gangi rétt og öryggis sé gætt.

.2 Ljórar skulu vera úr stáli og ekki vera í þeim rúður úr gleri. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að hægt sé að hleypa reyk út úr rýminu, sem verja á, ef upp kemur eldur.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.3 Hurðum, öðrum en aflknúnum vatnsþéttum hurðum, skal komið þannig fyrir að tryggt sé að hægt sé að loka dyrunum fullkomlega ef eldur kemur upp í rýminu, með aflknúnum lokunarbúnaði eða sjálflokandi hurðum sem geta lokast á móti allt að 3,5° halla og eru með búnaði til að halda hurðinni í opinni stöðu með krókum, þeirrar gerðar sem tekur við ef annar búnaður bilar, með fjarstýrðum losunarbúnaði.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.4 Gluggar skulu ekki vera á flötum sem afmarka vélarúm. Þetta útilokar þó ekki notkun glers í stjórnklefum sem eru inni í vélarúmunum.

.5 Stjórntæki skulu vera fyrir hendi til þess að:

.1 opna og loka ljórum, loka opum á reykháfum sem að jafnaði gera kleift að loftræsta og loka brunaspjöldum í loftræstingu,

.2 hægt sé að hleypa úr reyk,

.3 loka aflknúnum hurðum eða setja í gang losunarbúnað á öðrum hurðum en aflknúnum, vatnsþéttum hurðum,

.4 stöðva loftblásara og

.5 stöðva allar þrýsti- og sogviftur, eldsneytisolíufæridælur, sambyggðar eldsneytisolíudælur (olíuverk) og aðrar svipaðar eldsneytisdælur. Í skipum, sem eru smíðuð 1. janúar 2003 eða síðar, merkja aðrar svipaðar eldsneytisdælur flutningsdælur smurolíu, hringrásardælur upphitunarolíu og olíuskilvindur. Þó þarf liður .6 í þessari reglu II-2/A/7 ekki að gilda um olíuvatnsskiljur.

.6 Stjórntækin, sem krafist er í lið .5 í þessari reglu II-2/A/7 og í undirlið .2.5 í reglu II-2/A/10, skulu staðsett utan rýmisins sem um ræðir, á stað sem ekki lokast af ef upp kemur eldur í rýmunum sem þau eru notuð fyrir. Slík stjórntæki og stjórntæki fyrir hvers konar slökkvikerfi sem krafist er skulu staðsett á einum stjórnstað eða skipt niður á eins fáa staði og mögulegt er. Öruggur aðgangur skal vera frá opnu þilfari að slíkum stöðum.

.7 Ef aðgangur er að neðri hluta vélarúms í flokki A úr aðlægum öxulgangi skal vera í honum, nálægt vatnsþéttu hurðinni, léttbyggð eldhlífðarhurð úr stáli sem unnt er að opna og loka báðum megin frá.

8. **Regla II-2/A/8: Sjálfvirkt ýringar-, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi (R 12)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ FYRIR 1. JANÚAR 2003, OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Öll tilskilin, sjálfvirk ýringar-, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi skulu ávallt geta farið í gang tafarlaust og ekki skal þurfa neinar aðgerðir áhafnarinnar til að gangsetja þau. Rör skulu vera full af vatni en stuttir óvarðir hlutar þeirra mega vera vatnslausir ef slíkt er talið nauðsynleg varúðarráðstöfun. Sérhvern hluta kerfisins, sem getur fengið á sig hita undir frostmarki meðan á siglingu stendur, skal verja fyrir frosti á viðeigandi hátt. Nauðsynlegum þrýstingi skal haldið stöðugum á kerfinu og það stöðugt vera tengt við nægan vatnsforða eins og krafist er í þessari reglu II-2/A/8.

.2 Sérhver hlutiýringarkerfisins skal búinn tæki sem sjálfvirkt gefur sýnilega og heyranlega viðvörun á einum eða fleiri viðvörunarstöðvum hvenær sem ýringarhaus fer í gang. Í slíkum einingum skal koma fram í hvaða hluta, sem kerfið þjónar, eldur hefur komið upp og skulu þær vera miðlægar á stjórnpalli og auk þess skulu sýnileg og heyranleg viðvörunarmerki frá einingunni gefin á stað, öðrum en á stjórnpalli, þannig að tryggt sé að áhöfnin fái tafarlaust boð um að eldur hafi kviknað. Viðvörunarkerfið skal vera þannig að það gefi til kynna ef einhver bilun verður í því.

.3 Ýringarkerfi skal skipt niður í aðskilda hluta og skulu ekki vera fleiri en 200 ýringarhausar í hverjum hluta. Hver hluti ýringarhausa skal ekki þjóna fleiri en tveimur þilförum og ekki vera staðsettur á fleiri en einu lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði nema sýna megi fram á að fyrirkomulag, þar sem hluti ýringarhausa þjónar fleiri en tveimur þilförum eða er staðsettur á fleiri en einu lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði, muni ekki veikja brunavarnir skipsins.

.4 Hægt skal vera að einangra sérhvern hluta ýringarkerfisins með aðeins einum stöðvunarloka. Stöðvunarloki sérhvers hluta skal vera vel aðgengilegur og staðsetning hans greinilega og varanlega merkt. Ráðstafanir skulu gerðar svo óviðkomandi aðili geti ekki breytt stöðu stöðvunarlokans.

.5 Mæli, sem sýnir þrýstinginn á kerfinu, skal komið fyrir við stöðvunarloka sérhvers hluta og í miðstöð.

.6 Ýringarhausar skulu vera tæringarþolnir í sjávarlofti. Í vistarverum og þjónusturýmum skal ýringarkerfið fara í gang við hita á bilinu 68–79 °C, nema ef um er að ræða staði eins og þurrkklefa þar sem búast má við háu hitastigi en þar er heimilt að hækka hitastigið, sem kerfið fer í gang við, um allt að 30 °C yfir hámarkshitastiginu við neðri brún þilfarsins fyrir ofan.

.7 Við sérhverja viðvörunarstöð skal hanga uppi skrá eða teikning, sem sýnir þau rými, sem viðkomandi eining í ýringarkerfinu tekur til og í hvaða hluta kerfisins svæðið er staðsett. Hentugar leiðbeiningar um prófanir og viðhald skulu vera til staðar.

.8 Staðsetja skal ýringarhausa við loft og þeim raðað þannig að þeir myndi hentugt mynstur til að viðhalda meðalútstreymi, sem er a.m.k. 5 l/m$^2$ á mínútu yfir svæðið.

Staðsetja skal ýringarhausa eins fjarri loftbitum og öðru sem líklegt er að hindri vatnsstrauminn og hægt er og á þeim stöðum að úðað sé vel yfir brennanleg efni í rýminu.

.9 Hafa skal þrýstigeymi, sem rúmar a.m.k. tvöfalt það vatnsmagn sem tilgreint er í þessum lið. Í geyminum skal vera stöðug hleðsla af ferskvatni, sem jafngildir því vatnsmagni sem dælt er út á einni mínútu með dælunni sem tilgreind er í lið .12 og fyrirkomulagið skal vera þannig að unnt sé að viðhalda þeim loftþrýstingi í geyminum sem tryggir að þegar stöðuga ferskvatnshleðslan hefur verið notuð þá sé þrýstingurinn ekki undir vinnuþrýstingi ýringarkerfisins, að viðbættum þeim þrýstingi sem stafar frá vatnssúlunni sem mæld er frá botni geymisins að hæsta ýringarhaus í kerfinu. Hentugur búnaður skal hafður til að bæta við þrýstilofti og ferskvatni á geyminn. Haft skal sjónglas sem sýnir rétta vatnshæð í geyminum.

.10 Hafa skal búnað sem kemur í veg fyrir að sjór komist í geyminn. Á þrýstigeymi skal vera skilvirkur öryggisloki og þrýstingsmælir. Stöðvunarlokar eða kranar skulu vera á öllum tengingum mælisins.

.11 Hafa skal sjálfstæða, aflknúna dælu sem eingöngu hefur það hlutverk að sjá sjálfvirkt um að stöðugt útstreymi sé úr ýringarhausunum. Dælan skal fara sjálfvirkt í gang við minnkun á þrýstingi í kerfinu áður en stöðugu ferskvatnshleðslunni á þrýstigeyminum hefur verið eytt.

.12 Dælan og lagnakerfið skulu vera þannig að unnt sé að viðhalda nauðsynlegum þrýstingi í þeirri hæð þar sem hæsti ýringarhausinn er, til þess að tryggja stöðugt útstreymi vatns, sem er nægilega mikið til að þekja samtímis 280 m$^2$ lágmarkssvæði, miðað við þau afköst sem tilgreind eru í lið .8. Í nýjum skipum í flokki C og D, sem eru styttri en 40 metrar og þar sem heildarflatarmál varins svæðis er minna en 280 m$^2$, er stjórnvaldi heimilt að tilgreina viðeigandi flatarmál svæðis til að ákvarða stærð dælna og annarra íhluta.

.13 Hafa skal, við þrýstihlið dælunnar, prófunarloka með stuttu frárennslisröri sem er opið í annan endann. Innra þverskurðarflatarmál lokans og rörsins skal vera nægilegt til að útstreymi geti átt sér stað, með þeim afköstum dælunnar sem krafist er, um leið og þrýstingnum, sem tilgreindur er í lið .9, er viðhaldið í kerfinu.

.14 Þar sem unnt er skal sjóinntak dælunnar vera í því rými þar sem dælan er og fyrir komið þannig að þegar skipið er á floti sé óþarfi að loka fyrir sjólögnina til dælunnar vegna annars en eftirlits eða viðgerðar á henni.

.15 Dælan fyrir úringarkerfið, ásamt geyminum, skal höfð á stað sem er hæfilega langt frá sérhverju vélarúmi í flokki A og skal ekki staðsett í neinu rými sem krafist er að sé varið með úringarkerfinu.

.16 Ekki færri en tveir aflgjafar skulu vera fyrir sjódælurnar og sjálfvirka viðvörunar- og eldskynjunarkerfið. Ef dælan er rafknúin skal hún vera tengd við aðalrafala og neyðaraflgjafa. Einn aflgjafi dælunnar skal koma frá aðalraftöflu og einn frá neyðartöflu eftir aðskildum kvíslstrengjum sem eingöngu eru notaðir í þeim tilgangi. Ekki skal leggja kvíslstrengi í gegnum eldhús, vélarúm og önnur lokuð rými þar sem mikil eldhætta er, nema það sé nauðsynlegt til að komast að viðkomandi raftöflum, og skulu þeir liggja að sjálfvirkum skiptirofa sem staðsettur er nálægt úringardælunni. Þessi rofi hleypir afli frá aðalraftöflunni eins lengi og afl er fáanlegt þaðan og er hannaður til að skipta sjálfvirkt yfir á neyðartöfluna ef bilun verður. Rofar á aðalraftöflu og neyðarraftöflu skulu vera skýrt merktir og skal vera slökkt á þeim að jafnaði. Enginn annar rofi skal heimilaður á þessum strengjum. Einn aflgjafi viðvörunar- og eldskynjunarkerfisins skal vera neyðaraflgjafi. Ef einn aflgjafi dælunnar er brunahreyfill skal hann, auk þess að uppfylla ákvæði liðar .15, vera staðsettur þannig að eldur í einhverju vörðu rými hafi ekki áhrif á loftinnblástur til vélarinnar.

.17 Úringarkerfið skal hafa tengingu við aðalbrunalögn skipsins með læsanlegum einstefnuloka sem unnt er að loka handvirkt við tenginguna þannig að komið sé í veg fyrir bakstreymi frá úringarkerfinu til aðalbruna-lagnarinnar.

.18 Hafa skal prófunarloka til að prófa sjálfvirka viðvörunarkerfið fyrir sérhvern hluta úringarkerfisins með því að láta sambærilegt vatnsmagn og það sem notað er við starfsemi eins úringarhauss renna út. Prófunarlokinn fyrir hvern hluta skal staðsettur nálægt stöðvunarlokanum fyrir þann hluta.

.19 Hafa skal búnað til að prófa sjálfvirkni dælunnar ef þrýstingur fellur í kerfinu.

.20 Hafa skal rofa á einum af viðvörunarstöðvunum, sem tilgreindur er í lið .2, þannig að unnt sé að prófa viðvörunina og merkin fyrir sérhvern hluta úringarkerfisins.

.21 Hafa skal minnst sex úringarhausa til vara fyrir sérhvern hluta úringarkerfisins.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

.22 Sjálfvirkt úringar-, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi skal vera af viðurkenndri gerð og uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

.23 Í nýjum skipum í flokki C og D, sem eru styttri en 40 metrar og þar sem heildarflatarmál varins svæðis er minna en 280 $m^2$, er stjórnvaldi fánaríkisins heimilt að tilgreina viðeigandi flatarmál svæðis til að ákvarða stærð dælna og annarra íhluta.

9. **Regla II-2/A/9: Fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi (R 13)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ FYRIR 1. JANÚAR 2003, OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 *Almenn ákvæði*

.1 Sérhvert tilskilið, fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi með handboðum skal ávallt geta farið í gang tafarlaust.

.2 Eftirlit skal haft með því hvort aflgjafar og rafrásir, sem nauðsynleg eru fyrir starfrækslu kerfisins, verði straumlaus eða bilanir verði, eftir því sem við á. Við bilun skal koma fram sýnilegt og heyranlegt bilunarmerki á stjórnborði sem skal vera ólíkt brunaviðvörunarmerkinu.

.3 Ekki skulu vera færri en tveir aflgjafar fyrir rafbúnaðinn sem notaður er við starfsemi eldviðvörunar- og eldskynjunarkerfisins og skal einn þeirra vera neyðaraflgjafi. Aflið skal koma frá aðskildum kvíslstrengjum sem þjóna einungis þessum tilgangi. Þannig kvíslstrengir skulu liggja að sjálfvirkum skiptirofa í eða við stjórnborð eldskynjunarkerfisins.

.4 Skynjurunum og handboðunum skal skipt niður í hluta. Ef einhver skynjaranna eða handboðanna fer í gang skal koma fram sýnilegt og heyranlegt brunaviðvörunarmerki á stjórnborði og viðvörunarstöðvum. Hafi ekki verið brugðist við merkjunum innan tveggja mínútna skal heyranlegt viðvörunarmerki hljóma sjálfkrafa um allar vistarverur áhafnar, þjónusturými, stjórnstöðvar og vélarúm. Þetta hljóðmerkjakerfi þarf ekki að vera óaðskiljanlegur hluti eldskynjunarkerfisins.

.5 Stjórnborðið skal vera staðsett á stjórnpalli eða í aðalbrunavarnastöð.

.6 Viðvörunarstöðvar skulu, að lágmarki, gefa til kynna í hvaða hluta skynjari eða handboði fór af stað. A.m.k. ein stöð skal staðsett þannig að ábyrgir menn úr áhöfn hafi ávallt greiðan aðgang að henni á meðan skipið er á hafi úti eða í höfn, nema þegar það er ekki í notkun. Ein viðvörunarstöð skal staðsett á stjórnpalli ef stjórnborðið er staðsett í aðalbrunavarnastöðinni.

.7 Skýrar upplýsingar um rýmin, sem varin eru, og staðsetningu hvers hluta skulu vera til sýnis í eða við sérhverja viðvörunarstöð.

.8 Ef eldskynjunarkerfi hefur ekki þann möguleika að hægt sé að bera kennsl á hvern skynjara fyrir sig úr fjarlægð skal að jafnaði ekki heimila að neinn hluti nái yfir fleiri en eitt þilfar innan vistarvera, þjónusturýma og stjórnstöðva nema um sé að ræða hluta sem umluktur stigagangur er hluti af. Til að forðast síðbúna uppgötvun eldsupptaka skal fjöldi lokaðra rýma innan hvers hluta takmarkaður að ákvörðun stjórnvalds fánaríkisins. Aldrei skulu fleiri en 50 lokuð rými leyfð innan eins hluta. Ef eldskynjunarkerfið byggist á eldskynjurum, sem bera má kennsl á hvern fyrir sig úr fjarlægð, mega hlutarnir ná yfir nokkur þilför og þjóna hvaða fjölda lokaðra rýma sem er.

.9 Ef ekki er eldskynjunarkerfi um borð, sem gerir kleift að bera kennsl á sérhvern skynjara úr fjarlægð, skal hluti skynjara hvorki þjóna rýmum á bæði borð skipsins né fleiri en einu þilfari né heldur skal hann staðsettur á fleiri en einu lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði nema stjórnvald fánaríkis heimili, ef það er sannfært um að slíkt veiki ekki brunavarnir skipsins, að þessi hluti skynjara þjóni skipinu á bæði borð og fleiri en einu þilfari. Í skipum með eldskynjurum, sem bera má kennsl á hvern fyrir sig, má hluti þjóna rýmum á bæði borð skipsins og á nokkrum þilförum en má ekki vera staðsettur innan fleiri en eins lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis.

.10 Hluti með eldskynjurum, sem nær yfir stjórnstöð, þjónusturými eða vistarverur, skal ekki taka til vélarúms.

.11 Skynjarar skulu fara í gang við hita, reyk eða aðrar afleiðingar bruna, loga eða hvers konar samsetninga þessara þátta. Stjórnvald fánaríkis getur tekið til athugunar að nota aðra skynjara, sem fara í gang við aðra þætti sem gefa til kynna eld á byrjunarstigi, að því tilskildu að næmi þeirra sé ekki minna en þessara skynjara. Logaskynjarar skulu aðeins notaðir sem viðbót við reyk- eða hitaskynjara.

.12 Viðeigandi leiðbeiningar og íhlutir til prófunar og viðhalds skulu vera fyrir hendi.

.13 Virkni eldskynjunarkerfisins skal prófuð með reglubundnu millibili með hætti sem stjórnvald fánaríkisins telur fullnægjandi, með búnaði, sem gefur frá sér hæfilega heitt loft, eða reyk eða úðaagnir, sem eru nægilega þéttar eða stórar, eða öðru sem tengist eldi á byrjunarstigi, sem skynjarinn er hannaður til að sýna svörun við.

Allir skynjarar skulu vera af gerð sem gerir mögulegt að prófa hvort þeir starfi rétt og nota þá svo áfram undir eðlilegu eftirliti án þess að neinir íhlutir séu endurnýjaðir.

.14 Eldskynjunarkerfið skal ekki notað í neinum öðrum tilgangi, nema hvað heimila má lokun dyra með eldvarnarhurðum og slíkar aðgerðir frá stjórnborði.

.15 Eldskynjunarkerfi með möguleika á að bera kennsl á staðsetningu svæðis skal komið þannig fyrir að:

— straumlykkja geti ekki skemmst í eldi á fleiri en einum stað,

— ráðstafanir séu gerðar til að tryggja að hvers kyns bilun, (t.d. straumrof, skammhlaup, bilun í jarðtengingu) sem á sér stað í lykkjunni, geri ekki alla lykkjuna óvirka,

— gerðar séu allar ráðstafanir sem hægt er til að koma aftur á fyrri stillingu kerfisins ef bilun verður (rafræn, raftæknileg eða upplýsingatæknileg),

— brunaviðvörunarmerkið, sem fyrst er gefið, komi ekki í veg fyrir að aðrir skynjarar gefi frá sér frekari brunaviðvörunarmerki.

.2 *Kröfur um uppsetningu*

.1 Handboðar skulu vera í vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum. Einn handboði skal vera staðsettur við hvern útgang. Greiður aðgangur skal vera að handboðum á göngum hvers þilfars þannig að handboði sé ekki í meira en 20 m fjarlægð frá neinum stað á ganginum.

.2 Reykskynjarar skulu settir upp í öllum stigum, göngum og undankomuleiðum í vistarverum.

.3 Þar sem þörf er á föstu eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi til að verja rými, önnur en þau sem tilgreind eru í lið .2.2 hér að framan, skal a.m.k. einn skynjari, sem uppfyllir kröfur liðar .1.11, settur upp í hverju slíku rými.

.4 Skynjarar skulu staðsettir þannig að virkni þeirra sé sem best. Forðast skal að staðsetja þá nálægt loftbitum og loftrásum eða annars staðar þar sem loftstreymismynstur gæti haft neikvæð áhrif á virkni þeirra og á stöðum þar sem þeir geta orðið fyrir höggi eða skemmdum. Að jafnaði skulu skynjarar, sem staðsettir eru í loftinu, vera í a.m.k. 0,5 metra fjarlægð frá þiljum.

.5 Hámarksfjarlægð á milli skynjara skal vera í samræmi við töfluna hér á eftir.

| Gerð skynjara | Hámarksgólfsvæði á skynjara ($m^2$) | Hámarksfjarlægð á milli miðpunkta þeirra (m) | Hámarksfjarlægð frá þiljum (m) |
|---|---|---|---|
| Hiti | 37 | 9 | 4.5 |
| Reykur | 74 | 11 | 5.5 |

Stjórnvald fánaríkis getur krafist eða heimilað aðra fjarlægð á grundvelli niðurstaðna úr prófunum sem sýna eiginleika skynjaranna.

.6 Forðast skal að raflagnir, sem eru hluti af kerfinu, liggi í gegnum eldhús, vélarúm og önnur lokuð rými þar sem eldhætta er mikil, nema þar sem slíkt er nauðsynlegt fyrir eldskynjunar- eða brunaviðvörunarkerfi í slíkum rýmum eða til að tengjast viðeigandi aflgjafa.

.3 *Kröfur um hönnun*

.1 Kerfið og búnaðurinn skulu hönnuð til að standast breytingar og truflanir á afhendingarspennu, hitabreytingar umhverfisins, titring, raka, högg og slög og tæringu, sem algengt er að séu um borð í skipum.

.2 Reykskynjarar, sem skulu settir upp í stigum, göngum og undankomuleiðum í vistarverum, eins og krafist er í lið .2.2, skulu vera vottaðir til að fara í gang áður en reykur verður þéttari en sem nemur 12,5% myrkvun á metra, en þó ekki fyrr en þéttleiki reyksins fer yfir 2% myrkvun á metra.

Reykskynjarar, sem skal setja upp í öðrum rýmum, skulu fara í gang innan skynjunarmarka sem stjórnvald fánaríkisins hefur sætt sig við, með tilliti til þess að forðast sé að reykskynjarinn sé ónæmur eða ofurnæmur.

.3 Hitaskynjarar skulu vera vottaðir til að fara í gang áður en hitinn verður hærri en 78 °C en þó ekki fyrr en hitinn fer yfir 54 °C þegar hitaaukningin er innan við 1 °C á mínútu. Ef hitaaukningin er hraðari skal hitaskynjarinn fara af stað innan hitamarka, sem stjórnvald fánaríkisins setur, með tilliti til þess að reykskynjarinn sé hvorki ónæmur né ofurnæmur.

.4 Hækka má hitann, sem kerfið fer í gang við, um allt að 30 °C yfir hámarkshita við neðri brún þilfarsins í þurrkklefum og á sambærilegum stöðum þar sem hiti andrúmsloftsins er að jafnaði hár.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

.4.1 Fasta eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfið skal vera af viðurkenndri gerð og uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

.4.2 Handboðar, sem uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi, skulu vera víða í vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum. Einn handboði skal vera staðsettur við hvern útgang. Greiður aðgangur skal vera að handboðum á göngum hvers þilfars þannig að handboði sé ekki í meira en 20 m fjarlægð frá neinum stað á ganginum.

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D:

.5 Auk framangreindra ákvæða skal stjórnvald fánaríkisins tryggja að uppfyllt séu öryggisákvæði um búnaðinn, að því er varðar sjálfstæði hans frá öðrum uppsetningum eða kerfum, tæringarþol íhluta hans, raforkuaflgjafa til stjórnkerfis hans, og að leiðbeiningar um starfrækslu hans og viðhald séu fáanlegar.

10. **Regla II-2/A/10: Fyrirkomulag varðandi eldsneytisolíu, smurolíu og aðrar eldfimar olíutegundir (R 15)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 *Takmarkanir á notkun olíu sem eldsneytis*

.1 Ekki skal nota neina eldsneytisolíu með blossamarki undir 60 °C nema annað sé leyft í þessum lið.

.2 Nota má eldsneytisolíu með blossamarki sem er ekki undir 43 °C fyrir neyðarrafala.

.3 Stjórnvaldi fánaríkisins er heimilt að leyfa almenna notkun eldsneytisolíu með blossamarki undir 60 °C en ekki undir 43 °C, að teknu tilliti til þeirra aukavarúðarráðstafana sem það telur nauðsynlegar og að því tilskildu að hitastig andrúmslofts í rýminu, þar sem slík eldsneytisolía er geymd eða notuð, fari ekki upp fyrir 10 °C undir blossamarki eldsneytisolíunnar. Á skipum, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, má leyfa notkun eldsneytisolíu með blossamarki undir 60 °C en ekki undir 43 °C, sbr. þó eftirfarandi:

.3.1 brennsluolíugeymar, að undanskildum þeim sem eru í hólfum með tvöföldum botni, skulu vera staðsettir utan vélarúma í flokki A,

.3.2 hægt skal vera að mæla hita olíunnar á soggrein eldsneytisolíudælunnar,

.3.3 stöðvunarlokar og/eða -kranar skulu vera inntaks- og úttaksmegin á eldsneytisolíusíum og

.3.4 rör skulu, eftir föngum, vera samtengd með logsuðu, með kringlóttum, keilulaga tengjum eða kúlulaga tengjum.

Blossamark olía skal ákvarðað með viðurkenndri aðferð í lokuðum bolla (e. *closed cup method*).

.4 Á skipum, sem G-hluti í kafla II-1 gildir um, má leyfa notkun eldsneytisolíu með lægra blossamark en tilgreint er í lið 1.1.

.2 *Fyrirkomulag varðandi eldsneytisolíu*

Í skipum þar sem eldsneytisolía er notuð skal fyrirkomulag varðandi geymslu hennar, dreifingu og notkun vera þannig að öryggi skipsins og manna um borð sé tryggt og a.m.k. í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

.1.1 Hlutar eldsneytisolíukerfisins, sem innihalda hitaða olíu við hærri þrýsting en 0,18 N/mm$^2$ skulu, eftir því sem hægt er, ekki vera á stöðum þar sem gallar og leki sjást ekki auðveldlega. Vélarúm skulu vera vel upplýst þar sem slíkir hlutar eldsneytisolíukerfisins eru.

.1.2 Með hitaðri olíu er átt við olíu við hitastig sem er, eftir upphitun, hærra en 60 °C eða hærra en gildandi blossamark olíunnar ef það er lægra en 60 °C.

.2 Loftræsting vélarúma skal vera nægileg góð til að koma í veg fyrir að olíugufa safnist upp við öll venjuleg skilyrði.

.3 Eldsneytisolíugeymar skulu, að svo miklu leyti sem hægt er, vera hluti af burðarvirki skipsins og staðsettir utan vélarúma. Ef eldsneytisolíugeymar, aðrir en geymar með tvöföldum botni, þurfa að liggja að eða innan vélarúma skal a.m.k. ein lóðréttra hliða þeirra vera við vegg sem afmarkar vélarúmið og æskilegast er að þeir liggi upp við geyma með tvöföldum botni en liggi að vélarúmi að eins litlu leyti og unnt er. Ef slíkir geymar eru staðsettir innan vélarúms skal ekki vera í þeim eldsneytisolía með lægra blossamarki en 60 °C. Forðast skal notkun lausra eldsneytisolíugeyma og skal hún bönnuð í vélarúmum.

.4 Enginn eldsneytisolíugeymir skal vera staðsettur þar sem rennsli eða leki úr honum getur valdið hættu ef eldsneytið drýpur á heita fleti. Gera skal varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að olía, sem lekur undir þrýstingi frá dælu, síu eða hitara, komist í snertingu við heita fleti.

.5 Á sérhverju eldsneytisolíuröri, sem olía gæti lekið úr ef það skemmdist, frá geymslutanki, setgeymi eða daggeymi, sem rúmar 500 lítra eða meira, sem staðsettur er fyrir ofan geyminn með tvöfalda botninum skal vera krani eða loki, alveg við tankinn, sem hægt er að loka frá öruggum stað utan rýmisins ef upp kemur eldur í rýminu þar sem slíkir geymar eru staðsettir. Ef svo óvenjulega vill til að djúpir geymar séu staðsettir í öxulgangi, göngum fyrir röralagnir eða sambærilegu rými skal vera loki á geyminum en ef eldur kemur upp á að vera hægt að loka fyrir með aukaloka á rörinu eða rörunum utan ganganna eða sambærilega rýmisins. Ef slíkum aukaloka er komið fyrir í vélarúminu skal vera hægt að stýra honum frá stað utan rýmisins.

.1 Í skipum, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, skal fjarstýring fyrir lokann á eldsneytisgeymi neyðarrafala vera á öðrum stað en fjarstýring fyrir aðra loka í vélarúmum.

.2 Í skipum, sem smíðuð eru 1. janúar 2012 eða síðar og eru minni en 500 brúttótonn, skal eldsneytisgeymir sem er staðsettur fyrir ofan geyminn með tvöfalda botninum vera útbúinn með krana eða loka.

.3 Í skipum sem eru smíðuð fyrir 1. janúar 2012 og eru minni en 500 brúttótonn skal krana eða loka, sem tilgreindur er í fyrsta lið, einnig komið fyrir í eldsneytisgeymum, sem rúma minna en 500 lítra og eru staðsettir fyrir ofan geyminn með tvöfalda botninum, eigi síðar en við fyrstu reglubundnu aðalskoðun 1. janúar 2012 eða síðar.

.6 Hægt skal vera að staðfesta á öruggan og skilvirkan hátt magn eldsneytisolíu í sérhverjum eldsneytisolíugeymi.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Dýpilrör mega ekki enda í neinu rými þar sem skapast getur hætta á íkviknun frá leka úr rörinu. Endar þeirra skulu alls ekki liggja í farþega- eða áhafnarrýmum. Almennt skulu endar dýpilröra ekki liggja í vélarúmum. Stjórnvaldi fánaríkisins er þó heimilt að leyfa að dýpilrör endi í vélarúmum þar sem annað er óframkvæmanlegt, að því tilskildu að uppfyllt séu eftirtalin skilyrði:

.1.1 að til viðbótar sé til staðar mælitæki til að mæla magn olíunnar, sem er í samræmi við kröfur undirliðar .2.6.2:

.1.2 dýpilrör endi langt frá stöðum þar sem hætta er á íkveikju, nema varúðarráðstafanir séu gerðar, s.s. uppsetning góðra hlífa sem koma í veg fyrir að eldsneytisolían komist í snertingu við íkveikjuvald ef hún hellist niður úr enda röranna,

.1.3 á endum dýpilröra skal vera sjálflokandi lokunarbúnaður og sjálflokandi öryggiskrani með lítið þvermál, sem staðsettur er neðan við lokunarbúnaðinn, í þeim tilgangi að tryggja að engin eldsneytisolía sé fyrir hendi, áður en opnað er fyrir hann. Gera skal ráðstafanir til að tryggja að eldsneytisolíuleki úr öryggiskrananum feli ekki í sér hættu á íkviknun.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.2 Leyfa má annan búnað til að mæla eldsneytisolíumagn í eldsneytisolíugeymum ef ekki þarf að rjúfa geyminn fyrir neðan efsta hluta hans til að setja upp slíkan búnað, að því tilskildu að eldsneyti leki ekki út ef búnaðurinn bregst eða geymarnir yfirfyllast.

.3 Búnaðinum, sem lýst er í undirlið .2.6.2, skal viðhaldið í góðu ástandi til að tryggja að hann starfi alltaf rétt við notkun.

.7 Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir yfirþrýsting í olíugeymum og öllum hlutum eldsneytisolíukerfa, þ.m.t. áfyllingarrör sem dælur um borð þjóna. Allir öryggislokar og loft- eða yfirfallsrör skulu liggja að stað þar sem ekki er hætta á bruna eða sprengingu vegna útstreymis olíu og gufu og skulu ekki liggja inn í áhafnarrými, farþegarými eða sérstök rými, lokuð ekjurými, vélarúm eða svipuð rými í skipum sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar.

.8 Eldsneytisolíurör, lokar þeirra og tengihlutir skulu vera úr stáli eða öðru viðurkenndu efni, nema hvað leyfð er takmörkuð notkun sveigjanlegra röra. Slík sveigjanleg rör og festingar skulu vera úr viðurkenndum og nægilega sterkum efnum sem hafa brunamótstöðu.

Lokar, sem settir eru á eldsneytisolíugeyma og eru undir stöðugum þrýstingi, mega vera úr stáli eða kúlugrafítsteypujárni. Þó er leyft að nota loka úr venjulegu steypujárni í lagnakerfi sem eru hönnuð fyrir lægri þrýsting en 7 bör og lægri hita en 60 °C.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.9 Allar háþrýstileiðslur fyrir eldsneyti utan dyra, milli háþrýstidælna fyrir eldsneyti og eldsneytisspíssa, skulu varðar með klæddu lagnakerfi sem getur hindrað að eldsneyti leki við bilun háþrýstileiðslu. Klætt rör er ytra rör sem háþrýstieldsneytisrör er sett inn í og eru þau sambyggð. Á klædda lagnakerfinu skal vera búnaður til að safna saman því sem lekur niður og ráðstafanir gerðar til að viðvörunarkerfi fari í gang ef bilun verður í eldsneytisleiðslunni.

.10 Allt yfirborð sem hefur hita yfir 220 °C, sem bilun í eldsneytiskerfinu gæti haft áhrif á, skal einangrað á viðeigandi hátt.

.11 Hlífar skulu vera utan um eldsneytisolíuleiðslur eða þær varðar á annan viðeigandi hátt til að forðast, eins og unnt er, að olía ýrist eða drjúpi á heitt yfirborð, inn í loftinntak vélbúnaðar eða aðra staði þar sem hætta er á íkviknun. Í slíku lagnakerfi skulu vera eins fá tengi og hægt er.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

.12 Eldsneytisolíuleiðslur skulu ekki vera staðsettar rétt fyrir ofan eða nálægt búnaði sem gefur frá sér mikinn hita, þ.m.t. katlar, gufuleiðslur, fráblástursgreinar, hljóðdeyfar eða annar búnaður sem krafist er að sé einangraður. Eldsneytisolíuleiðslur skulu staðsettar, að því marki sem unnt er, langt frá heitu yfirborði, rafbúnaði eða öðrum búnaði þar sem hætta er á íkviknun og skulu vera hlífar utan um þær eða þær varðar á annan viðeigandi hátt til að forðast að olía ýrist eða drjúpi á staði þar sem hætta er á íkviknun. Í slíku lagnakerfi skulu vera eins fá tengi og hægt er.

.13 Íhlutir eldsneytiskerfis dísilvélar skulu hannaðir með hliðsjón af mesta hámarksþrýstingi sem myndast getur við notkun kerfisins, þ.m.t. með hliðsjón af hvers konar háþrýstingsslögum sem dælur til eldsneytisspíssa mynda og senda til baka inn í eldsneytis- og yfirfallsleiðslur. Samskeyti eldsneytis- og yfirfallsleiðslna skulu hönnuð með hliðsjón af því að þau geti komið í veg fyrir að eldsneytisolía undir þrýstingi sprautist eða leki út á siglingu og að loknu viðhaldi.

.14 Ef búnaður samanstendur af mörgum vélum, sem fá eldsneyti frá sömu upptökum, skal vera hægt að einangra eldsneytis- og yfirfallslagnir til hverrar vélar fyrir sig. Slík einangrun skal ekki hafa áhrif á vinnslu hinna vélanna og henni skal vera hægt að stýra frá stað sem ekki lokast af ef upp kemur eldur í einhverri af vélunum.

.15 Þar sem stjórnvald fánaríkis getur heimilað að veita olíu og brennanlegum vökvum í gegnum vistarverur og þjónusturými skulu rörin, sem olíunni og brennanlegu vökvunum er veitt um, vera úr efni sem stjórnvaldið samþykkir með hliðsjón af eldhættu.

.16 Gömul skip í flokki B skulu uppfylla kröfur undirliða .2.9–.2.11; þó má nota heppilegan umbúnað fyrir vélar með 375 kW úttaksafl eða minna, þar sem dælur til eldsneytisspíssa þjóna fleiri en einum spíss, í stað klædda lagnakerfisins í undirlið .2.9.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.3 *Fyrirkomulag varðandi smurolíu*

Fyrirkomulag varðandi geymslu, dreifingu og notkun olíu, sem notuð er fyrir smurolíuþrýstikerfi, skal vera þannig að öryggi skipsins og manna um borð sé tryggt og skal slíkt fyrirkomulag í vélarúmum a.m.k. uppfylla kröfur liða .2.1, .2.4, .2.5, .2.6, .2.7, .2.8, .2.10 og .2.11, nema hvað:

.1 Þetta útilokar ekki að sett séu sjónglös á smurolíukerfin, að því tilskildu að prófun sýni fram á að brunamótstaða þeirra sé nægileg. Ef notuð eru sjónglös skulu vera á rörinu lokar í báðum endum. Lokinn í neðri enda rörsins skal vera sjálflokandi.

.2 Dýpilrör má leyfa í vélarúmum; ekki þarf að fara eftir kröfum liða .2.6.1.1 og .2.6.1.3 með því skilyrði að á dýpilrörunum sé viðeigandi lokunarbúnaður.

Á skipum, smíðuðum 1. janúar 2003 eða síðar, skulu ákvæði liðar .10.2.5 einnig gilda um smurolíugeyma, að undanskildum þeim sem rúma minna en 500 lítra, og geymslutanka með loka sem lokað er fyrir við eðlilegan rekstur skipsins eða þar sem ljóst er að óráðgerð notkun hraðloka á smurolíugeymi gæti stofnað öruggri notkun aðalframdrifsvéla og nauðsynlegra hjálparvéla þess í hættu.

.4 *Fyrirkomulag varðandi aðrar eldfimar olíutegundir*

Fyrirkomulag varðandi geymslu, dreifingu og notkun annarra eldfimra olíutegunda, sem notaðar eru undir þrýstingi, fyrir aflfærslukerfi, stjórn- og gangsetningarkerfi og hitunarkerfi skulu vera þannig að öryggi skipsins og manna um borð sé tryggt. Á stöðum þar sem möguleiki er á íkviknun skal slíkt fyrirkomulag a.m.k. fullnægja kröfum liða .2.4, .2.6, .2.10 og .2.11 og ákvæðum liða .2.7 og .2.8 að því er varðar styrk og smíði.

.5 *Vélarúm sem eru ómönnuð tímabundið*

Auk krafna 1.–4. ákvæðis skulu eldsneytisolíu- og smurolíukerfin fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

.1 Ef daggeymar fyrir eldsneytisolíu eru fylltir sjálfvirkt eða með fjarstjórnun skulu þeir vera útbúnir þannig að þeir yfirfyllist ekki. Sams konar ráðstafanir skal gera vegna annars búnaðar sem meðhöndlar sjálfvirkt eldfima vökva, t.d. hreinsunarbúnað fyrir eldsneytisolíu, sem staðsetja skal, hvenær sem því verður við komið, í sérstöku rými sem ætlað er fyrir hreinsunarbúnað svo og hitara þeirra.

.2 Þar sem dag- eða setgeymar fyrir eldsneytisolíu eru með hitunarbúnaði og hitinn getur farið yfir blossamark eldsneytisolíunnar skal hafa viðvörunarbúnað sem gefur til kynna háan hita.

.6 *Bann við flutningi á eldfimum olíum í stafnhylkjum*

Brennsluolía, smurolía og aðrar eldfimar olíur skulu ekki fluttar í stafnhylkjum.

11. **Regla II-2/A/11: Slökkvibúningur (R 17)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Í skipum, sem eru smíðuð fyrir 1. júlí 2019, skal slökkvibúningur samanstanda af:

.1.1 Persónuhlífum sem samanstanda af:

.1 hlífðarfatnaði sem verndar húðina fyrir hita frá eldinum og fyrir bruna af völdum gufu; ytra byrðið skal vera vatnsþétt,

.2 stígvélum og hönskum úr gúmmíi eða öðru efni sem leiðir ekki rafmagn,

.3 hörðum hjálmi sem veitir góða vörn gegn höggi,

.4 öryggisrafljósi (handljósi) af viðurkenndri gerð sem lýsir í a.m.k. þrjár klukkustundir,

.5 slökkviliðsöxi.

.1.2 Öndunartæki af viðurkenndri gerð, sem samanstendur af sjálfstæðu öndunartæki með samþjöppuðu súrefni (SCBA-tæki), og skal loftmagnið í hylkjum þess vera a.m.k. 1200 lítrar eða öðru sjálfstæðu öndunartæki sem getur starfað í a.m.k. 30 mínútur; sérhvert SCBA-tæki skal hafa fullhlaðin varahylki með geymslurými sem nemur a.m.k. 2400 lítrum af frílofti með eftirfarandi undantekningum:

i. ef fimm eða fleiri SCBA-tæki eru um borð í skipinu þarf samanlögð varahleðsla frílofts ekki að vera meiri en 9600 lítrar eða

ii. ef búnaður er um borð í skipinu til að endurhlaða lofthylkin með ómenguðu lofti undir fullum þrýstingi skal varahleðsla fullhlöðnu varahylkjanna fyrir hvert SCBA-tæki vera a.m.k. 1200 lítrar af frílofti og þess skal ekki krafist að samanlögð varahleðsla frílofts um borð í skipinu sé meiri en 4800 lítrar.

Öll lofthylki fyrir SCBA-tæki skulu vera jafngild.

.1.3 Sjálfstæð öndunartæki með lofti undir þrýstingi fyrir slökkvibúninga skulu eigi síðar en 1. júlí 2019 uppfylla ákvæði liðar 2.1.2.2 í 3. kafla kóðans um brunaöryggiskerfi.

.1a Að því er varðar skip, sem eru smíðuð 1. júlí 2019 eða síðar, skulu slökkvibúningar uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi. Sérhvert SCBA-tæki skal hafa fullhlaðin varahylki með geymslurými sem nemur a.m.k. 2400 lítrum af frílofti með eftirfarandi undantekningum:

i. ef fimm eða fleiri SCBA-tæki eru um borð í skipinu þarf samanlögð varahleðsla frílofts ekki að vera meiri en 9600 lítrar eða

ii. ef búnaður er um borð í skipinu til að endurhlaða lofthylkin með ómenguðu lofti undir fullum þrýstingi skal varahleðsla fullhlöðnu varahylkjanna fyrir hvert SCBA-tæki vera a.m.k. 1200 lítrar af frílofti og þess skal ekki krafist að samanlögð varahleðsla frílofts um borð í skipinu sé meiri en 4800 lítrar.

.2 Hverju öndunartæki skal fylgja nægilega löng og sterk, eldtraust líflína, sem festa má með króki sem smellt er utan um ólar tækisins, eða stakt belti til að koma í veg fyrir að öndunartækið losni þegar líflínan er notuð.

.3 Í nýjum skipum í flokki B, gömlum skipum í flokki B og nýjum skipum í flokki C og D, sem eru 40 metrar að lengd eða lengri, skulu vera a.m.k. tveir slökkvibúningar.

.1 Í skipum, sem eru 60 metrar að lengd eða lengri, skulu, ef heildarlengd allra farþegarýma og þjónusturýma á þilfarinu, sem slík rými eru á, er meira en 80 metrar eða ef slík þilför eru fleiri en eitt, þá á því þilfari þar sem þau ná mestri heildarlengd, auk þess vera tveir slökkvibúningar og tvö sett af persónuhlífum fyrir hverja 80 metra, eða hluta af þeim, af slíkri heildarlengd.

Í skipum, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skulu vera tveir aukaslökkvibúningar fyrir hvert lóðrétt, afmarkað aðalsvæði, nema stigaganga sem mynda sérstök, lóðrétt, afmörkuð aðalsvæði, og fyrir lóðrétt, afmörkuð aðalsvæði af takmarkaðri lengd í stefni og skut skipsins þar sem ekki eru vistarverur, vélarúm eða aðaleldhús.

.2 Í skipum, sem eru 40 metrar að lengd eða lengri en styttri en 60 metrar, skulu vera tveir slökkvibúningar.

.3 Í nýjum skipum í flokki B og gömlum skipum í flokki B, sem eru styttri en 40 metrar, skulu einnig vera tveir slökkvibúningar en aðeins ein varahleðsla af lofti fyrir sjálfstætt öndunartæki.

.4 Í skipum í flokki C og D, sem eru styttri en 40 metrar, þurfa ekki að vera neinir slökkvibúningar.

.4a Fjarskipti slökkviliðsmanna:

Um borð í skipum, þar sem þess er krafist að um borð sé a.m.k. einn slökkvibúningur og sem eru smíðuð 1. janúar 2018 eða síðar, skulu vera a.m.k. tvær tvíátta færanlegar metrabylgjutalstöðvar fyrir hvert teymi slökkviliðsmanna svo þeir geti haft samskipti sín á milli. Fyrir skip, sem eru knúin fljótandi jarðgasi, eða ekjufarþegaskip, með lokuðu ekjurými eða sérstök rými, skulu þær tvíátta færanlegar metrabylgjutalstöðvar vera sprengiheldar eða sjálftryggar. Skip smíðuð fyrir 1. janúar 2018 skulu uppfylla kröfur þessarar reglu II-2/A/11 eigi síðar en við fyrstu skoðun eftir 1. júlí 2019.

.5 Slökkvibúningar eða sett af persónuhlífum fyrir slökkvimenn skulu geymd þar sem auðveldur aðgangur er að þeim og þau eru tilbúin til notkunar og þau skulu, þar sem fleiri en einn slökkvibúningur eða eitt sett af persónuhlífum er um borð, geymd á stöðum sem eru fjarri hver öðrum. A.m.k. einn slökkvibúningur og eitt sett af persónuhlífum skulu vera til staðar á hverjum slíkum stað.

.6 Í samræmi við ákvæði 3. liðar 9. gr. tilskipunar 2009/45/EB má undanskilja skip frá einni eða fleiri kröfum þessarar reglu II-2/A/11 ef stjórnvald fánaríkis telur ákvæði þessarar reglu um þann búnað sem skal vera um borð ósanngjörn og/eða tæknilega óhentug.

12. **Regla II-2/A/12: Ýmis ákvæði (R 18)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Þar sem skilrúm í flokki A eru rofin vegna þess að rafstrengir, röralagnir, stokkar, loftrásir o.s.frv. eða burðarbitar eða aðrir bitar eða hlutar burðarvirkis liggja í gegnum þau skal gera ráðstafanir til að tryggja að brunamótstaða skilrúmanna sé óskert, að því marki sem telja má sanngjarnt og framkvæmanlegt.

Í skipum, sem eru smíðuð 1. janúar 2003 eða síðar, þar sem skilrúm í flokki A eru rofin, skulu slík gegnumtök prófuð í samræmi við kóðann um brunaprófunaraðferðir til að tryggja að brunamótstaða skilrúmanna sé óskert.

Ef um er að ræða loftræstirásir gilda ákvæði undirliðar 1.4 í reglu II-2/B/9, undirliðar .2.2a í reglu II-2/B/9, undirliðar .2.2b í reglu II-2/B/9, liðar .3 í reglu II-2/B/9; undirliðar .1.2 í reglu II-2/B/9a og undirliðar .3.1 í reglu II-2/B/9a, eins og við á.

Prófunar er þó ekki krafist ef gegnumtök fyrir röralagnir eru gerð úr stáli eða jafngildu efni sem er 3 mm á þykkt eða meira og ekki lengra en 900 mm (helst 450 mm hvoru megin við skilrúmið) og engin op eru á þeim.

Slík gegnumtök skulu einangruð á viðeigandi hátt með því að framlengja einangrunina í sömu hæð á skilrúminu.

.2 Þar sem skilrúm í flokki B eru rofin, vegna þess að rafstrengir, röralagnir, stokkar, loftrásir o.s.frv. liggja í gegnum þau eða vegna uppsetningar loftræstitengibúnaðar, ljósabúnaðar og sambærilegra tækja, skal gera ráðstafanir til að tryggja að brunamótstaða skilrúmanna sé óskert, að því marki sem telja má sanngjarnt og framkvæmanlegt. Í skipum, sem eru smíðuð 1. janúar 2003 eða síðar, skal gera ráðstafanir vegna slíkra gegnumtaka til að tryggja að brunamótstaða skilrúmanna sé óskert.

Röralagnir úr öðru efni en stál og kopar, sem liggja gegnum skilrúm í flokki B, skulu varðar með:

.1 brunaprófuðum búnaði fyrir gegnumtök, sem hentar með hliðsjón af brunamótstöðu skilrúmsins sem hann liggur í gegnum og tegund rörs sem notað er, eða

.2 stálslíðri sem er ekki þynnra en 1,8 mm og ekki styttra en 900 mm þegar um er að ræða rör sem eru 150 mm eða meira að þvermáli og ekki styttra en 600 mm ef rörið er minna en 150 mm að þvermáli (helst skal vera sama lengd hvoru megin skilrúmsins).

Rörið skal vera tengt endum slíðursins með flönsum eða tengjum eða bilið milli slíðurs og rörs skal ekki vera meira en 2,5 mm eða bil, sem kann að vera milli rörs og slíðurs, vera þétt með eldtraustu efni eða öðru viðeigandi efni.

.3 Rör, sem liggja í gegnum skilrúm í flokki A eða B, skulu vera úr viðurkenndum efnum, að teknu tilliti til þess hita sem krafist er að viðkomandi skilrúm standist.

Í skipum, sem eru smíðuð 1. janúar 2003 eða síðar, skulu óeinangruð málmrör, sem liggja í gegnum skilrúm í flokki A eða B, vera úr efnum með bræðsluhitastig sem er hærra en 950 °C fyrir skilrúm í flokki A-0 og 850 °C fyrir skilrúm í flokki B-0.

.4 Í vistarverum, þjónusturýmum eða stjórnstöðvum skal efnisval fyrir rör og smíði röra, sem flytja olíur og aðra eldfima vökva, miðað við brunahættuna.

.5 Efni, sem verða auðveldlega ónothæf við hita, skulu ekki notuð í utanborðsniðurföll, frárennsli hreinlætistækja og önnur frárennsli sem eru nálægt sjólínu og þar sem galli í efninu gæti aukið hættu á flæði ef eldur kemur upp.

.6 Ef rafmagnsofnar eru notaðir skulu þeir vera fastir og gerðir þannig að sem minnst eldhætta stafi af þeim. Ekki skal nota ofna með hitafleti sem eru það óvarðir að kviknað geti í fötum, gluggatjöldum og þvíumlíku eða þau geti sviðnað af hita frá hitafletinum.

.7 Öll sorpílát skulu vera úr eldtraustum efnum; engin op skulu vera á hliðum þeirra eða botni.

.8 Á þeim stöðum sem olíur gætu borist til skal yfirborð einangrunarinnar vera olíuhelt og þola olíugufur.

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D: Á stöðum þar sem hætta er á olíuslettum eða olíugufum, s.s. í vélarúmum í flokki A, skal yfirborð einangrunarinnar vera olíuhelt og þola olíugufur. Þar sem ysta lag er ógötuð stálplata eða önnur eldtraust efni (ekki ál) má það lag vera fest með lóðun eða hnoðun o.s.frv.

.9 Skápar undir málningu og eldfima vökva skulu varðir með viðurkenndum slökkvibúnaði, sem gera áhöfninni kleift að slökkva eld án þess að fara inn í rýmið.

Í skipum sem eru smíðuð 1. janúar 2003 eða síðar:

.1 Skápar undir málningu skulu varðir með einum af eftirfarandi kerfum:

.1.1 koltvísýringskerfi sem hannað er til að gefa frá sér frían koltvísýring sem nemur 40% af brúttórúmtaki varða rýmisins,

.1.2 duftslökkvibúnaði sem hannaður er til að gefa frá sér duft sem nemur a.m.k. 0,5 kg á $m^3$,

.1.3 vatnsúða- eða úðingarkerfi sem er hannað til að gefa frá sér 5 l/$m^2$ á mínútu; vatnsúðakerfi má tengja við aðalbrunalögn skipsins eða

.1.4 kerfi sem veitir jafngilda vernd samkvæmt ákvörðun stjórnvalds fánaríkisins.

Í öllum tilvikum skal vera hægt að stjórna kerfinu utan varða rýmisins.

.2 Skápar undir eldfima vökva skulu varðir með viðeigandi slökkvibúnaði sem samþykktur er af stjórnvaldi fánaríkisins.

.3 Í skápum, sem ná yfir minna en 4 $m^2$ af flatarmáli þilfars og veita ekki aðgang að vistarverum, er heimilt að hafa, í stað fasts kerfis, koltvísýringshandslökkvitæki sem er nægilega stórt til að gefa frá sér frían koltvísýring sem nemur 40% af brúttórúmmáli rýmisins.

Inni í skápnum skal vera op til að hægt sé að tæma slökkvimiðilinn út í varða rýmið án þess að fara inn í það. Handslökkvitækið, sem krafist er, skal geymt nálægt opinu. Í staðinn er heimilt að hafa op eða tengi fyrir brunaslöngu til að auðveldara sé að komast í vatn úr aðalbrunalögn.

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.10 Djúpsteikingarpottar, suðu- og grilltæki:

ef djúpsteikingarpottar, suðu- og grilltæki eru sett upp og notuð í rýmum utan aðaleldhúss skal stjórnvald fánaríkisins setja viðbótaröryggisreglur varðandi þá sérstöku eldhættu sem fylgir notkun þess konar búnaðar.

Í skipum, sem eru smíðuð 1. janúar 2003 eða síðar, skulu djúpsteikingartæki búin eftirfarandi:

.1 sjálfvirku eða handstýrðu slökkvikerfi sem prófað er samkvæmt alþjóðlegum staðli í samræmi við útgáfu ISO-staðalsins 15371:2000 *Ships and marine technology — Fire-extinguishing systems for protection of galley deep-fat cooking equipment — Fire tests*,

.2 aðal- og varahitastilli með viðvörunarbúnaði sem gerir notanda viðvart ef annar hitastillirinn bilar,

.3 búnaði sem slekkur sjálfvirkt á rafmagni þegar slökkvikerfið fer í gang,

.4 viðvörunarkerfi sem gefur til kynna að slökkvitækið í eldhúsinu, þar sem búnaðurinn er, sé í gangi og

.5 stjórntæki til að stjórna slökkvikerfinu handvirkt sem eru skilmerkilega merkt svo áhöfn eigi auðvelt með að nota þau.

Í skipum, sem eru smíðuð fyrir 1. janúar 2003, skal uppsetning nýrra djúpsteikingartækja uppfylla kröfur þessa liðar.

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D:

.11 Hitabrýr:

Þegar gerðar eru brunavarnaráðstafanir skal stjórnvald fánaríkisins gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir varmaleiðni um hitabrýr, s.s. milli þilfara og þilja.

Í skipum, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, skal einangrun þilfars eða þils ná a.m.k. 450 mm fram fyrir gegnumtök, skurðpunkta eða endapunkta, þegar um er að ræða stál- og álsmíði. Ef rými er skipt upp með þilfari eða þili í flokki A, sem hefur einangrun með annað gildi, skal einangrunin með hærra gildinu halda áfram a.m.k. 450 mm yfir á þilfarið eða þilið ásamt einangruninni með lægra gildinu.

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.12 Háþrýstihylki undir gas:

Öll færanleg ílát undir samþjappað, fljótandi eða niðurbrotið gas undir þrýstingi, sem gætu verið eldsmatur ef eldur kæmi upp, skulu eftir notkun sett þegar í stað á viðeigandi stað fyrir ofan skilrúmsþilfarið þaðan sem er aðgangur beint út á opið þilfar.

13. **Regla II-2/A/13: Brunavarnaráætlanir (R 20)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Í öllum skipum skulu almennar yfirlitsteikningar ætíð vera uppsettar á áberandi stað, til leiðbeiningar fyrir yfirmenn skipsins, þar sem fram koma greinilega stjórnstöðvar á sérhverju þilfari, hinar ýmsu brunasamstæður sem umluktar eru með skilrúmum í flokki A, þær samstæður sem umluktar eru með skilrúmum í flokki B ásamt upplýsingum um eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi, ýringarkerfi, slökkvitæki, aðgönguleiðir að hinum ýmsu hólfum, þilförum o.s.frv. og loftræstikerfi, ásamt upplýsingum um stjórnstaði loftblásara, staðsetningu brunaspjalda og kenninúmer loftræstiviftanna sem þjóna hverri samstæðu. Einnig býðst sá valkostur að setja áðurgreindar upplýsingar fram í bæklingi og skal hverjum starfsmanni afhent eintak af honum auk þess sem eitt eintak skal ávallt vera til staðar um borð á aðgengilegum stað. Brunavarnaáætlanir og bæklingar skulu uppfærð og öllum breytingum bætt inn í eins fljótt og kostur er. Lýsingar á slíkum áætlunum eða í slíkum bæklingum skulu vera á opinberu tungumáli fánaríkisins. Ef það tungumál er hvorki enska né franska skal fylgja með þýðing á annað þessara tungumála. Ef skipið er í siglingum innanlands í öðru aðildarríki skal fylgja með þýðing á opinbert tungumál þess hafnarríkis, ef það er hvorki enska né franska.

Í nýjum skipum í flokki B, C og D, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, skulu upplýsingar í brunavarna-áætlunum og bæklingum og myndrænu táknin, sem nota á í brunavarnaáætlununum, uppfylla ákvæði IMO-ályktana A.756(18) og A.952(23).

.2 Brunavarnakort eða bæklingur með slíku korti skal vera varanlega geymdur í tvíriti á áberandi merktum, veðurþéttum, umluktum stað utan þilfarshúss til aðstoðar slökkviliði úr landi.

14. **Regla II-2/A/14: Ástand búnaðar og viðhald**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 *Almennar kröfur*

Eldvarnar- og slökkvikerfi og slökkvitæki skulu ætíð vera tilbúin til notkunar meðan skip er í notkun.

Skip telst ekki vera í notkun þegar:

.1 það er í viðgerð eða því hefur verið lagt (annaðhvort við akkeri eða í höfn) eða í þurrkví,

.2 eigandi skipsins eða fulltrúi hans lýsir því yfir að það sé ekki í notkun og

.3 engir farþegar eru um borð.

Eftirfarandi eldvarnarkerfum skal haldið vel við til að tryggja að þau virki eins og ætlast er til ef eldur kemur upp:

.1.1 Ástand búnaðar

.1 byggingatæknilegar brunavarnir, þ.m.t. skilrúm með brunamótstöðu og vörn opa og gegnumtaka á slíkum skilrúmum,

.2 eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi og

.3 neyðarútgangar og tengdur búnaður.

Eldvarnarkerfum og slökkvitækjum skal haldið vel við og skulu þau ávallt vera tilbúin til tafarlausrar notkunar. Slökkvitæki, sem hafa verið tæmd, skulu þegar í stað endurhlaðin eða þeim skipt út fyrir jafngild tæki.

.1.2 Viðhald, prófanir og skoðanir

Viðhald, prófanir og skoðanir skulu fara fram samkvæmt leiðbeiningum í IMO MSC/Circ. 850 og þannig að þess sé gætt að tryggja áreiðanleika slökkvikerfa og slökkvitækja. Viðhaldsáætlun skal vera um borð í skipinu og vera reiðubúin til skoðunar hvenær sem þess kann að vera krafist af stjórnvaldi fánaríkisins.

Viðhaldsáætlunin skal a.m.k. taka til eftirfarandi eldvarnarkerfa, slökkvikerfa og slökkvitækja þar sem þau eru fyrir hendi:

.1 aðalbrunalagna, slökkvidælna og brunahana, þ.m.t. brunaslöngur og stútar,

.2 fastra eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfa,

.3 fastra slökkvikerfa og annars slökkvibúnaðar,

.4 sjálfvirks ýringar-, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfis,

.5 loftræstikerfis, þ.m.t. bruna- og reykspjöld, viftur og stjórnbúnaður þeirra,

.6 neyðarstöðvunar eldsneytisskömmtunar,

.7 eldvarnarhurða, þ.m.t. stjórnbúnaður þeirra,

.8 almenns neyðarviðvörunarkerfis,

.9 öndunartækis til undankomu í neyð,

.10 handslökkvitækis ásamt varahleðslum og

.11 slökkvibúninga.

Viðhaldsáætlunin má vera í tölvu.

.2 *Viðbótarkröfur*

Í nýjum skipum í flokki B, C og D, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar og mega flytja fleiri en 36 farþega, skal þróa viðhaldsáætlun fyrir ljósabúnað, sem hafður er neðarlega, og fyrir kallkerfi til viðbótar við viðhaldsáætlunina sem um getur í lið .1.2.

15. **Regla II-2/A/15: Leiðbeiningar, þjálfun um borð og æfingar**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 *Leiðbeiningar, skyldur og skipulag*

.1 Skipverjar skulu fá leiðbeiningar um brunavarnir um borð í skipinu.

.2 Skipverjar skulu fá leiðbeiningar um þau störf sem þeim eru falin.

.3 Skipuleggja skal hópa sem bera ábyrgð á slökkvistörfum. Þessir hópar skulu geta sinnt skyldum sínum hvenær sem er á meðan skipið er á siglingu.

.2 *Þjálfun um borð og æfingar*

.1 Skipverjar skulu þjálfaðir í að þekkja fyrirkomulag skipsins, sem og staðsetningu og virkni hvers konar slökkvikerfa og slökkvitækja sem þeir kunna að þurfa að nota.

.2 Þjálfun í notkun öndunartækja til undankomu í neyð telst vera hluti af þjálfun um borð.

.3 Meta skal reglulega frammistöðu þeirra skipverja sem falið er að sinna slökkvistörfum með þjálfun um borð og æfingum til að finna hvar þörf er á umbótum, sjá til þess að hæfni til slökkvistarfa sé stöðugt fyrir hendi og tryggja að búnaður slökkviliðsins sé ætíð tilbúinn til notkunar.

.4 Þjálfun um borð í notkun slökkvikerfa og slökkvitækja skipsins skal skipulögð og hún fara fram í samræmi við ákvæði reglu III/19.4.1 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, með áorðnum breytingum.

.5 Brunaæfingar skulu haldnar og skráðar í samræmi við ákvæði reglna III/19.3.5, III/19.5 og III/30 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, með áorðnum breytingum.

.6 Í skipum, sem falla undir ákvæði reglu II-2/A/11, skal fylla á eða skipta út hylkjum í öndunartækjum, sem eru notuð við æfingar, fyrir brottför.

.3 *Þjálfunarhandbækur*

Þjálfunarhandbók skal vera í öllum mat- og tómstundasölum áhafnar eða í hverjum áhafnarklefa. Þjálfunarhandbókin skal skrifuð á vinnutungumáli í skipinu. Þjálfunarhandbókin, sem getur verið í nokkrum bindum, skal innihalda þær leiðbeiningar og upplýsingar sem krafist er í þessum lið, settar fram á einfaldan hátt og með skýringarmyndum þar sem hægt er. Í stað handbókarinnar er heimilt að veita hvaða hluta þessara upplýsinga sem er með aðstoð hljóð- og myndmiðla. Í þjálfunarhandbókinni skal eftirfarandi skýrt í smáatriðum:

.1 almenn framkvæmd brunavarna og varúðarráðstafanir vegna hættu af völdum reykinga, rafmagns, eldfimra vökva og svipaðra, algengra hætta um borð í skipum,

.2 almennar leiðbeiningar um brunavarnir og reglur þeim tengdar, þ.m.t. reglur varðandi tilkynningu um eld og um notkun handboða,

.3 merking hinna ýmsu viðvörunarkerfa í skipinu,

.4 beiting og notkun slökkvikerfa og slökkvitækja,

.5 virkni og notkun eldvarnarhurða,

.6 virkni og notkun bruna- og reykspjalda og

.7 kerfi og búnaður til neyðarútgöngu.

.4 *Brunavarnaáætlanir*

Brunavarnaráætlanir skulu uppfylla kröfur reglu II-2/A/13.

16. **Regla II-2/A/16: Rekstur**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Um borð skulu vera bæklingar með upplýsingum og leiðbeiningum um viðeigandi rekstur skipsins og meðhöndlun farms með tilliti til brunavarna.

.2 Bæklingurinn um viðbrögð við eldsvoða, sem skylt er að hafa, skal innihalda nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar um öruggan rekstur skipsins og meðhöndlun farms með tilliti til brunavarna. Í bæklingnum skulu vera upplýsingar um ábyrgð áhafnarinnar á almennum brunavörnum skipsins meðan á fermingu þess og affermingu stendur og á siglingu. Að því er varðar skip, sem flytja hættulegan farm, skulu vera í brunavarnabæklingnum vísanir til viðeigandi leiðbeininga um slökkvistörf og meðhöndlun farms í neyðartilvikum sem er að finna í alþjóðlega kóðanum um siglingu með hættulegan varning.

.3 Brunavarnabæklingurinn skal skrifaður á vinnutungumáli í skipinu.

.4 Heimilt er að sameina brunavarnabæklinginn þjálfunarhandbókunum sem krafist er í lið .3 í reglu II-2/A/15.

*B-HLUTI*

***ELDVARNIR***

1. **Regla II-2/B/1: Burðarvirki (R 23)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Bolur, yfirbygging, aðalþil, þilför og þilfarshús skulu vera smíðuð úr stáli eða öðru jafngildu efni. Þegar notuð er skilgreiningin stál eða annað jafngilt efni, eins og hún er sett fram í lið za í 2. gr. tilskipunar 2009/45/EB, skal „viðeigandi brunaáraun“ vera samkvæmt kröfunum um traustleika og einangrun sem fram koma í töflunum í reglu II-2/B/4 og reglu II-2/B/5. Til dæmis skal „viðeigandi brunaáraun“ vera hálf klukkustund þegar skilrúmum, s.s. þilförum eða hliðum og endum þilfarshúsa, er skipað í flokk B-0 að því er varðar eldtraustleika.

.2 Ef einhver hluti burðarvirkisins er úr álblendi gildir eftirfarandi:

.1 Einangrun hluta úr álblendi í skilrúmunum í flokki A eða B, nema burðarvirkis sem er ekki álagsberandi, skal vera þannig að hiti í kjarna burðarvirkisins hækki ekki meira en 200 °C yfir hitastig umhverfisins, meðan á viðeigandi brunaáraun stendur í staðlaðri brunaprófun.

.2 Sérstakan gaum skal gefa að einangrun hluta úr álblendi í stoðum, styttum og öðrum hlutum burðarvirkis, sem nauðsynlegir eru til að bera uppi þá staði þar sem lífbátar og björgunarflekar eru geymdir og sjósettir og þá staði þaðan sem farið er um borð í þá, og skilrúmum í flokki A og B til þess að tryggja:

.1 að fyrir þá hluta burðarvirkis, sem bera uppi geymslustaði fyrir lífbáta og björgunarfleka og skilrúm í flokki A, gildi takmörkunin á hitahækkuninni, sem tilgreind er í lið .2.1., að lokinni einni klukkustund og

.2 að fyrir þá hluta burðarvirkis, sem krafist er að beri uppi skilrúm í flokki B, gildi takmörkunin á hitahækkuninni, sem tilgreind er í lið .2.1., að lokinni hálfri klukkustund.

.3 Þök og reisnir vélarúma í flokki A skulu smíðuð úr stáli og vera nægilega einangruð og skal sérhverju opi á þeim, ef einhver eru, komið fyrir á viðeigandi hátt og þau varin til að hindra útbreiðslu elds.

2. **Regla II-2/B/2: Lóðrétt afmörkuð aðalsvæði og lárétt svæði (R 24)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1.1 Í skipum, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skulu bolur, yfirbygging og þilfarshús hólfuð niður í lóðrétt afmörkuð aðalsvæði með skilrúmum í flokki A-60.

Þrep og skot skulu vera sem fæst en þar sem þau eru nauðsynleg skulu þau einnig vera skilrúm í flokki A-60.

Ef öðrum megin við skilrúm er svæði á opnu þilfari, hreinlætisaðstaða eða áþekkt rými eða geymir, þ.m.t. brennsluolíugeymir, tómarými eða hjálparvélarúm þar sem lítil eða engin eldhætta er, eða ef brennsluolíugeymar eru báðum megin við skilrúm er heimilt að færa staðalinn niður í A-0.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1.2 Í nýjum skipum í flokki B, C og D, sem mega flytja 36 farþega eða færri, og í gömlum skipum í flokki B, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skulu bolur, yfirbygging og þilfarshús, sem gegna hlutverki vistarvera og þjónusturýma, hólfuð niður í lóðrétt afmörkuð aðalsvæði með skilrúmum í flokki A. Einangrunargildi þessara skilrúma skulu vera í samræmi við töflurnar í reglu II-2/B/5.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.2 Þilin, sem afmarka lóðrétt afmörkuðu aðalsvæðin ofan skilrúmsþilfars, skulu vera í sömu línu og vatnsþéttu niðurhólfunarþilin sem staðsett eru næst fyrir neðan skilrúmsþilfarið, þar sem því verður við komið. Lengd og breidd lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða má auka allt upp í 48 metra í því skyni að láta enda lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða standast á við vatnsþéttu niðurhólfunarþilin eða í því skyni að koma fyrir stóru almennu rými sem nær eftir endilöngu lóðrétt afmarkaða aðalsvæðinu, að því tilskildu að lóðrétt afmarkaða aðalsvæðið sé ekki meira en 1600 $m^2$ að heildarflatarmáli á neinu þilfari. Lengd eða breidd lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis er hámarksfjarlægð milli ystu punkta þiljanna sem afmarka það.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B SEM MEGA FLYTJA FLEIRI EN 36 FARÞEGA:

.3 Slík þil skulu ná milli þilfara og að byrðingi eða öðrum mörkum.

.4 Ef lóðrétt afmarkað aðalsvæði er hólfað niður í lárétt svæði, með láréttum skilrúmum í flokki A, í því skyni að aðskilja á viðeigandi hátt svæði í skipinu þar semýringarbúnaður er og þar sem hann er ekki, skulu skilrúmin ná milli þilja samliggjandi lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða og að byrðingi eða ytri mörkum skipsins og vera einangruð í samræmi við eldeinangrunar- og eldtraustleikagildi, sem sett eru fram í töflu 4.2, að því er varðar ný skip sem mega flytja fleiri en 36 farþega og gömul skip í flokki B sem mega flytja fleiri en 36 farþega.

.5 .1 Í skipum, sem eru hönnuð til sérstakra nota, s.s. bíl- eða járnbrautavagnaferjum þar sem þil lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða skerða notagildi skipsins, skal ná fram jafngildri vernd með því að skipta rýminu í lárétt svæði.

.2 Þó verður hvert rými í skipi með sérstökum rýmum að uppfylla viðeigandi ákvæði reglu II-2/B/14 og brjóti þau í bága við aðrar kröfur í þessum hluta skulu kröfur reglu II-2/B/14 ráða.

3. **Regla II-2/B/3: Þil innan lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis (R 25)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM MEGA FLYTJA FLEIRI EN 36 FARÞEGA:

.1.1 Í nýjum skipum, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skulu öll þil, sem ekki er krafist að séu skilrúm í flokki A, vera a.m.k. í flokki B eða C, eins og mælt er fyrir um í töflum í reglu II-2/B/4. Öll slík skilrúm mega vera klædd brennanlegum efnum í samræmi við ákvæði reglu II-2/B/11.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SEM MEGA FLYTJA 36 FARÞEGA EÐA FÆRRI, OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B SEM MEGA FLYTJA FLEIRI EN 36 FARÞEGA:

.1.2 Í nýjum skipum, sem mega flytja 36 farþega eða færri og gömlum skipum í flokki B sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skulu öll skilrúm í vistarverum og þjónusturýmum, sem ekki er krafist að séu skilrúm í flokki A, vera a.m.k. í flokki B eða C eins og mælt er fyrir um í töflum í reglu í II-2/B/5.

Öll slík skilrúm mega vera klædd brennanlegum efnum í samræmi við ákvæði reglu II-2/B/11.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.2 Í nýjum skipum í flokki B, C og D, sem mega flytja 36 farþega eða færri og gömlum skipum í flokki B sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skulu öll gangaþil, sem ekki er krafist að séu í flokki A, vera skilrúm í flokki B sem skulu ná milli þilfara nema eftirfarandi gildi:

.1 Ef samfelld loft eða veggklæðningar í flokki B eru áföst þilinu beggja megin við það skal sá hluti þilsins, sem er á bak við klæðninguna, vera úr efni sem samþykkt er við smíði skilrúma í flokki B, að því er varðar þykkt og samsetningu, en sem aðeins er krafist að uppfylli kröfur um traustleika fyrir flokk B, að því marki sem telja má sanngjarnt og framkvæmanlegt.

.2 Í skipi, sem er varið með sjálfvirku úðakerfi, sem uppfyllir ákvæði reglu II-2/A/8, nægir að gangaþil úr efnum í flokki B nái að lofti á gangi, að því tilskildu að loftið sé úr efni sem samþykkt er við smíði skilrúma í flokki B, að því er varðar þykkt og samsetningu.

Þrátt fyrir kröfur reglna II-2/B/4 og reglu II-2/B/5 skal þess aðeins krafist að slík þil og loft uppfylli kröfur um traustleika fyrir flokk B, að því marki sem telja má sanngjarnt og framkvæmanlegt. Allar hurðir og hurðakarmar á slíkum þiljum skulu vera úr eldtraustum efnum og smíðuð og uppsett á þann hátt að þau veiti verulega brunamótstöðu.

.3 Öll þil, sem krafist er að séu skilrúm í flokki B, nema gangaþil, sem mælt er fyrir um í lið .2, skulu ná þilfara á milli og að byrðingi eða öðrum mörkum nema brunamótstaða samfelldu loftanna eða veggklæðninganna í B-flokki, sem eru áfastar þiljunum beggja vegna, sé a.m.k. sú sama og þilsins en í því tilviki nægir að þilið nái að samfellda loftinu eða veggklæðningunni.

4. **Regla II-2/B/4: Eldtraustleiki þilja og þilfara í nýjum skipum sem mega flytja fleiri en 36 farþega (R 26)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Auk þess að uppfylla sérstök ákvæði er lúta að eldtraustleika þilja og þilfara, sem tilgreindur er annars staðar í þessum hluta, skal eldtraustleiki allra þilja og þilfara að lágmarki vera eins og mælt er fyrir um í töflum 4.1 og 4.2.

.2 Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um notkun taflnanna:

.1 Tafla 4.1 skal gilda fyrir þil sem hvorki afmarka lóðrétt afmörkuð aðalsvæði né lárétt svæði.

Tafla 4.2 skal gilda fyrir þilför sem hvorki mynda þrep á lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði né afmarka lárétt svæði.

.2 Til að ákveða viðeigandi brunastaðla, sem gilda fyrir afmarkanir á milli samliggjandi rýma, eru þannig rými flokkuð eftir eldhættu þeirra eins og fram kemur í flokkum 1–14. Ef vafi leikur á um flokkun rýmis, að því er varðar þessa reglu II-2/B/4, vegna innihalds þess og notkunar skal það falla undir þann flokk sem lýtur ströngustu kröfum um mörk. Heiti hvers flokks á fremur að vera dæmigert en takmarkandi. Númerið í sviganum fyrir framan hvern flokk vísar til viðeigandi dálks eða raðar í töflunum.

1) Stjórnstöðvar:

— rými, sem í eru neyðarafl- og neyðarljósgjafar,

— stýrishús og kortaklefi,

— rými sem í er fjarskiptabúnaður skipsins,

— rými þar sem sjálfvirka slökkvibúnaðinum er stjórnað, rými þar sem slökkvistarfi er stjórnað og rými þar sem eldskynjunarbúnaðurinn er,

— stjórnklefi framdrifsvélanna ef hann er staðsettur utan framdrifsvélarúmsins,

— rými sem í er stjórnstöð eldviðvörunarbúnaðar,

— rými sem í er stjórnstöð og -búnaður neyðarkallkerfis.

2) Stigar:

— stigar inni í skipinu, lyftur og rennistigar (aðrir en þeir sem eru að öllu leyti innan vélarúmanna) fyrir farþega og áhöfn og lokuð rými sem tengjast þeim,

— í þessu sambandi skal líta á stiga, sem er umluktur aðeins á einni hæð, sem hluta þess rýmis sem hann er ekki aðskilinn frá með eldvarnarhurð.

3) Gangar:

— gangar fyrir farþega og áhöfn.

4) Rýmingarstöðvar og undankomuleiðir utan dyra:

— svæði þar sem björgunarför eru geymd,

— svæði á opnum þilförum og þilför með lokuðum skýlum sem mynda stöðvar þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka og þeir látnir síga niður,

— söfnunarstöðvar, innandyra sem utan,

— stigar utan dyra og svæði á opnum þilförum sem notuð eru sem undankomuleiðir,

— skipshliðin að vatnslínu, miðað við léttasta hleðslutilvik á siglingu, yfirbygging og hliðar þilfarshúsa sem staðsett eru fyrir neðan eða liggja að svæðunum þar sem farið er um borð í björgunarfleka og neyðarrennu.

5) Svæði á opnum þilförum:

— svæði á opnum þilförum og þilför með lokuðum skýlum þar sem ekki eru stöðvar þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka og þeir látnir síga niður,

— önnur opin svæði (svæði utan yfirbygginga og þilfarshúsa).

6) Vistarverur þar sem lítil eldhætta er:

— klefar sem í eru húsgögn og húsbúnaður sem takmörkuð eldhætta stafar af,

— skrifstofur og lyfjabúr sem í eru húsgögn og húsbúnaður sem takmörkuð eldhætta stafar af,

— almenn rými sem í eru húsgögn og húsbúnaður sem takmörkuð eldhætta stafar af og sem ná yfir minna en 50 $m^2$ af flatarmáli þilfars.

7) Vistarverur þar sem nokkur eldhætta er:

— rými eins og í flokki 6 hér að framan en sem í eru húsgögn og húsbúnaður þar sem eldhætta er ekki takmörkuð,

— almenn rými sem í eru húsgögn og húsbúnaður sem takmörkuð eldhætta stafar af og sem ná yfir minna en 50 $m^2$ af flatarmáli þilfars.

— stakir skápar og litlar geymslur í vistarverum sem eru minni en 4 $m^2$ að flatarmáli (þar sem eldfimir vökvar eru ekki geymdir),

— verslanir,

— klefar þar sem sýndar eru kvikmyndir og filmur eru geymdar,

— eldhús fyrir sérfæði (þar sem ekki er opinn eldur),

— skápar undir hreinlætisbúnað (þar sem eldfimir vökvar eru ekki geymdir),

— rannsóknarstofur (þar sem eldfimir vökvar eru ekki geymdir),

— lyfjabúðir,

— litlir þurrkklefar (sem eru 4 $m^2$ að flatarmáli eða minni),

— klefar undir verðmæti,

— aðgerðarherbergi.

8) Vistarverur þar sem meiri eldhætta er:

— almenn rými sem í eru húsgögn og húsbúnaður þar sem eldhætta er ekki takmörkuð en sem ná yfir 50 $m^2$ af flatarmáli þilfars eða meira,

— rakara- og snyrtistofur.

9) Hreinlætisaðstaða og áþekk rými:

— almenningshreinlætisaðstaða, sturtu-, bað- og vatnssalernisklefar o.s.frv.,

— lítil þvottaherbergi,

— innisundlaugar,

— stök býtibúr í vistarverum þar sem ekki eru eldunartæki,

— einkahreinlætisaðstaða skal flokkuð sem hluti af rýminu þar sem hún er staðsett.

10) Geymar, tómarými og hjálparvélarúm þar sem lítil eða engin eldhætta er:

— vatnsgeymar sem eru hluti af burðarvirki skipsins,

— tómarými og þurrrými,

— hjálparvélarúm þar sem ekki eru vélar með smurolíuþrýstikerfi og þar sem geymsla brennanlegra efna er bönnuð, s.s.:

— loftræsti- og loftjöfnunarklefar, klefi fyrir akkerisvindu, stýrisbúnaðarklefi, klefi fyrir andveltibúnað, rými fyrir rafknúningshreyfla, klefar fyrir raftöflur og búnað, sem gengur aðeins fyrir rafmagni, annan en olíufyllta rafspenna (yfir 10 kVA), öxulgangar og göng fyrir röralagnir, rými fyrir dælur og kælibúnað (þar sem ekki eru meðhöndlaðir eða notaðir eldfimir vökvar),

— lokaðir stokkar sem liggja að rýmunum sem talin eru upp hér að framan,

— aðrir lokaðir stokkar, s.s. stokkar fyrir röralagnir og rafstrengi.

11) Hjálparvélarúm, farmrými, farmolíugeymar og aðrir olíugeymar og önnur áþekk rými þar sem nokkur eldhætta er:

— farmolíugeymar,

— farmlestar, stokkar og lúgur,

— kæliklefar,

— eldsneytisolíugeymar (þar sem þeir eru í aðskildu rými án véla),

— öxulgangar og göng fyrir röralagnir þar sem geymsla brennanlegra efna er leyfð,

— hjálparvélarúm eins og í flokki 10 þar sem eru vélar með smurolíuþrýstikerfi og þar sem geymsla brennanlegra efna er leyfð,

— olíuáfyllistöðvar,

— rými þar sem eru olíufylltir rafspennar (yfir 10 kVA),

— rými þar sem eru litlir brunahreyflar með allt að 110 kW úttaksafl sem knýr rafala,ýringar-, úða- eða slökkvidælur, austurdælur o.s.frv.,

— lokaðir stokkar sem liggja að rýmunum sem talin eru upp hér að framan.

12) Vélarúm og aðaleldhús:

— aðalframdrifsvélarúm (önnur en rými fyrir rafknúningshreyfla) og ketilrými,

— hjálparvélarúm, önnur en í flokkum 10 og 11 sem í eru brunahreyflar eða aðrar einingar til hitunar eða dælingar sem brenna olíu,

— aðaleldhús og tilheyrandi rými,

— stokkar og reisnir sem liggja að rýmunum sem talin eru upp hér að framan.

13) Geymslur, verkstæði, býtibúr o.s.frv.,

— aðalbýtibúr sem liggja ekki að eldhúsum,

— aðalþvottahús,

— stór þurrkherbergi (sem ná yfir meira en 4 $m^2$ af flatarmáli þilfars),

— ýmsar geymslur,

— póstklefar og farangursrými,

— sorpgeymslur,

— verkstæði (sem ekki eru hluti vélarúma, eldhúsa o.s.frv.),

— skápar og geymslur, sem ná yfir stærra svæði en 4 $m^2$, önnur en þau rými þar sem aðstaða er til að geyma eldfima vökva.

14) Önnur rými þar sem eldfimir vökvar eru geymdir:

— skápar undir málningu,

— geymslur þar sem eru eldfimir vökvar (s.s. litunarefni, lyf o.s.frv.),

— rannsóknarstofur (þar sem geymdir eru eldfimir vökvar).

.3 Ef gefið er upp eitt gildi fyrir eldtraustleika afmörkunar milli tveggja rýma skal það gildi eiga við í öllum tilvikum.

.4 Ef aðeins er gefið upp þankastrik í töflunum eru engar sérkröfur gerðar um efni eða traustleika afmörkunar.

.5 Stjórnvald fánaríkis skal ákveða, að því er varðar rými í flokki 5, hvort einangrunargildin í töflu 4.1 skuli gilda um enda þilfarshúsa og yfirbygginga og hvort einangrunargildin í töflu 4.2 skuli gilda um veðurþilför. Kröfur um flokk 5 í töflu 4.1 eða 4.2 skulu aldrei leiða til þess að rými sé lokað sem, að mati stjórnvalds fánaríkis, þarf ekki að vera það.

.3 Heimilt er að samþykkja að samfelld loft eða veggklæðningar í flokki B, ásamt viðeigandi þilförum eða þiljum sem þau tengjast, séu meðvirkandi, að fullu eða að hluta til, í þeirri einangrun og þeim eldtraustleika skilrúma sem krafist er.

.4 Þegar samþykkt eru atriði varðandi byggingartæknilegar brunavarnir skal stjórnvald fánaríkis taka tillit til áhættu vegna hitaleiðni við skurðpunkta og endapunkta tilskilinna varmaþröskulda.

*Tafla 4.1*

**Þil sem hvorki afmarka lóðrétt afmörkuð aðalsvæði né lárétt svæði**

| Rými | | (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) | (10) | (11) | (12) | (13) | (14) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnstöðvar | (1) | B-0 (a) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-60 | A-60 | A-60 | A-0 | A-0 | A-60 | A-60 | A-60 | A-60 |
| Stigar | (2) | | A-0 (a) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-15 | A-15 | A-0 (c) | A-0 | A-15 | A-30 | A-15 | A-30 |
| Gangar | (3) | | | B-15 | A-60 | A-0 | B-15 | B-15 | B-15 | B-15 | A-0 | A-15 | A-30 | A-0 | A-30 |
| Rýmingarstöðvar og undankomuleiðir utan dyra | (4) | | | | | A-0 | A-60 (b,d) | A-60 (b,d) | A-60 (b,d) | A-0 (d) | A-0 | A-60 (b) | A-60 (b) | A-60 (b) | A-60 (b) |
| Svæði á opnum þilförum: | (5) | | | | | — | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Vistarverur þar sem lítil eldhætta er | (6) | | | | | | B-0 | B-0 | B-0 | C | A-0 | A-0 | A-30 | A-0 | A-30 |
| Vistarverur þar sem nokkur eldhætta er | (7) | | | | | | | B-0 | B-0 | C | A-0 | A-15 | A-60 | A-15 | A-60 |
| Vistarverur þar sem meiri eldhætta er | (8) | | | | | | | | B-0 | C | A-0 | A-30 | A-60 | A-15 | A-60 |
| Hreinlætisaðstaða og áþekk rými | (9) | | | | | | | | | C | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Geymar, tómarými og hjálparvélarúm þar sem lítil eða engin eldhætta er | (10) | | | | | | | | | | A-0 (a) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Hjálparvélarúm, farmrými, farmolíugeymar og aðrir olíugeymar og önnur áþekk rými þar sem nokkur eldhætta er | (11) | | | | | | | | | | | A-0 (a) | A-0 | A-0 | A-15 |
| Vélarúm og aðaleldhús | (12) | | | | | | | | | | | | A-0 (a) | A-0 | A-60 |
| Geymslur, verkstæði, býtibúr o.s.frv. | (13) | | | | | | | | | | | | | A-0 (a) | A-0 |
| Önnur rými þar sem eldfimir vökvar eru geymdir | (14) | | | | | | | | | | | | | | A-30 |

*Tafla 4.2*

**Þilför sem hvorki mynda þrep á lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði né afmarka lárétt svæði**

| Rými fyrir neðan ↓ rými fyrir ofan→ | | (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) | (10) | (11) | (12) | (13) | (14) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnstöðvar | (1) | A-30 | A-30 | A-15 | A-0 | A-0 | A-0 | A-15 | A-30 | A-0 | A-0 | A-0 | A-60 | A-0 | A-60 |
| Stigar | (2) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-30 | A-0 | A-30 |
| Gangar | (3) | A-15 | A-0 | A-0 (a) | A-60 | A-0 | A-0 | A-15 | A-15 | A-0 | A-0 | A-0 | A-30 | A-0 | A-30 |
| Rýmingarstöðvar og undankomuleiðir utan dyra | (4) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | — | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Svæði á opnum þilförum: | (5) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | — | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Vistarverur þar sem lítil eldhætta er | (6) | A-60 | A-15 | A-0 | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Vistarverur þar sem nokkur eldhætta er | (7) | A-60 | A-15 | A-15 | A-60 | A-0 | A-0 | A-15 | A-15 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Vistarverur þar sem meiri eldhætta er | (8) | A-60 | A-15 | A-15 | A-60 | A-0 | A-15 | A-15 | A-30 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Hreinlætisaðstaða og áþekk rými | (9) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Geymar, tómarými og hjálparvélarúm þar sem lítil eða engin eldhætta er | (10) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 (a) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Hjálparvélarúm, farmrými, farmolíugeymar og aðrir olíugeymar og önnur áþekk rými þar sem nokkur eldhætta er | (11) | A-60 | A-60 | A-60 | A-60 | A-0 | A-0 | A-15 | A-30 | A-0 | A-0 | A-0 (a) | A-0 | A-0 | A-30 |
| Vélarúm og aðaleldhús | (12) | A-60 | A-60 | A-60 | A-60 | A-0 | A-60 | A-60 | A-60 | A-0 | A-0 | A-30 | A-30 (a) | A-0 | A-60 |
| Geymslur, verkstæði, býtibúr o.s.frv. | (13) | A-60 | A-30 | A-15 | A-60 | A-0 | A-15 | A-30 | A-30 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Önnur rými þar sem eldfimir vökvar eru geymdir | (14) | A-60 | A-60 | A-60 | A-60 | A-0 | A-30 | A-60 | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |

*Athugasemdir sem gilda um töflur 4.1 og 4.2*

a) Ef samliggjandi rými eru í sama töluflokki og tilvísunin „a“ í brjóstletri kemur fram í töflunni þarf ekki að koma fyrir þili eða þilfari milli slíkra rýma ef stjórnvald fánaríkisins telur það ónauðsynlegt. Í flokki 12 þarf t.d. ekki að vera þil á milli eldhúss og tilheyrandi býtibúra ef býtibúrsþilið og -þilförin hafa sama eldtraustleika og krafist er fyrir eldhúsið. Þess er hins vegar krafist að þil sé á milli eldhúss og vélarúms jafnvel þótt bæði rýmin falli undir flokk 12.

b) Skipshliðina að vatnslínu, miðað við léttasta hleðslutilvik á siglingu, yfirbyggingu og hliðar þilfarshúss, sem eru fyrir neðan eða aðliggjandi björgunarflekum og neyðarrennum, má færa niður í A-30.

c) Á þeim stöðum þar sem almenningssalerni eru í stigagangi má þil almenningssalernisins, innan stigagangsins, vera af eldtraustleika í flokki B.

d) Ef rými í flokki 6, 7, 8 og 9 eru staðsett að öllu leyti innan ytra ummáls söfnunarstöðvar mega þil þessara rúma vera af eldtraustleika í flokki B-0. Stjórnstaði fyrir hljóð-, mynd- og ljósabúnað má telja sem hluta af söfnunarstöð.

5. **Regla II-2/B/5: Eldtraustleiki þilja og þilfara í nýjum skipum, sem mega flytja 36 farþega eða færri, og gömlum skipum í flokki B sem mega flytja fleiri en 36 farþega (R 27)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SEM MEGA FLYTJA 36 FARÞEGA EÐA FÆRRI, OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B SEM MEGA FLYTJA FLEIRI EN 36 FARÞEGA:

.1 Auk þess að uppfylla sérstök ákvæði er lúta að eldtraustleika þilja og þilfara, sem minnst er á annars staðar í þessum hluta, skal eldtraustleiki allra þilja og þilfara vera að lágmarki eins og mælt er fyrir um í töflu 5.1 eða 5.1(a) og 5.2. eða 5.2(a), eins og við á.

Við samþykkt byggingatæknilegra varúðarráðstafana vegna brunavarna í nýjum skipum skal tillit tekið til hættunnar á varmaleiðni um hitabrýr á skurðpunktum og þar sem varmaþröskuldar enda.

.2 Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um notkun taflnanna:

.1 Töflur 5.1 og 5.2 skulu hvor um sig gilda fyrir þil og þilför sem aðskilja samliggjandi rými.

.2 Til að ákveða viðeigandi brunastaðla, sem gilda fyrir afmarkanir á milli samliggjandi rýma, eru þannig rými flokkuð eftir eldhættu þeirra eins og fram kemur í flokkum 1–11 hér á eftir. Heiti hvers flokks á fremur að vera dæmigert en takmarkandi. Númerið í sviganum fyrir framan hvern flokk vísar til viðeigandi dálks eða raðar í töflunum.

1) Stjórnstöðvar:

— rými sem í eru neyðarafl- og neyðarljósgjafar,

— stýrishús og kortaklefi,

— rými sem í er fjarskiptabúnaður skipsins,

— rými þar sem sjálfvirka slökkvibúnaðinum er stjórnað, rými þar sem slökkvistarfi er stjórnað og rými þar sem eldskynjunarbúnaðurinn er,

— stjórnklefi framdrifsvélanna ef hann er staðsettur utan framdrifsvélarúmsins,

— rými sem í er stjórnstöð eldviðvörunarbúnaðar.

2) Gangar:

— gangar og anddyri fyrir farþega og áhöfn.

3) Vistarverur:

— rými, eins og þau eru skilgreind eru í lið .10 í reglu II-2/A/2, að göngum undanskildum.

4) Stigar:

— stigar inni í skipinu, lyftur og rennistigar (aðrir en þeir sem eru að öllu leyti innan vélarúmanna) og lokuð rými sem tengjast þeim,

— í þessu sambandi skal líta á stiga, sem er umlukinn aðeins á einni hæð, sem hluta þess rýmis sem hann er ekki aðskilinn frá með eldvarnarhurð.

5) Þjónusturými (lítil eldhætta):

— skápar og geymslur þar sem ekki er aðstaða til að geyma eldfima vökva og sem eru minni en 4 $m^2$ að flatarmáli, auk þurrkklefa og þvottaklefa.

6) Vélarúm í flokki A:

— rými, eins og þau eru skilgreind í undirlið .19.1 í reglu II-2/A/2.

7) Önnur vélarúm:

— rými, eins og þau eru skilgreind í undirlið .19.2 í reglu II-2/A/2, að undanskildum vélarúmum í flokki A.

8) Farmrými:

— öll rými fyrir farm (þ.m.t. farmolíugeymar), stokkar og lúgur að þannig rýmum, önnur en sérstök rými.

9) Þjónusturými (meiri eldhætta):

— eldhús, býtibúr með eldunartækjum, málningar- og lampageymslur, skápar og geymslur, sem eru 4 $m^2$ eða meira að flatarmáli, rými til geymslu á eldfimum vökvum og verkstæði, önnur en þau sem eru hluti vélarúmanna.

10) Opin þilför:

— svæði á opnum þilförum og þilför með lokuðum skýlum þar sem engin eldhætta er. Loftrými (rýmið utan yfirbygginga og þilfarshúsa).

11) Sérstök rými:

— rými sem skilgreind eru í lið .18 í reglu II-2/A/2.

.3 Til að ákveða viðeigandi brunastaðal, sem gildir fyrir mörk á milli tveggja rýma innan lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis eða lárétts rýmis, sem ekki er varið með sjálfvirku ýringarkerfi sem uppfyllir ákvæði reglu II-2/A/8 eða milli tveggja slíkra svæða sem hvorugt er búið slíkum búnaði, skal hærra gildið af þeim tveimur sem gefið er í töflunum gilda.

.4 Til að ákveða viðeigandi brunastaðal, sem gildir fyrir afmörkun á milli tveggja rýma innan lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis eða lárétts rýmis, sem er varið með sjálfvirku ýringarkerfi sem uppfyllir ákvæði reglu II-2/A/8 eða milli slíkra svæða sem bæði eru varin með slíkum búnaði, skal lægra gildið af þeim tveimur sem gefið er í töflunum gilda. Ef svæði með ýringarbúnaði og svæði, sem ekki er með slíkum búnaði, liggja saman innan vistarvera og þjónusturýmis skal hærra gildið af þeim tveimur sem gefið er í töflunum gilda um skilrúmið milli rýmanna.

.3 Heimilt er að samþykkja að samfelld loft eða veggklæðningar í flokki B, ásamt viðeigandi þilförum eða þiljum sem þau tengjast, séu meðvirkandi, að fullu eða að hluta til, í þeirri einangrun og þeim eldtraustleika skilrúma sem krafist er.

.4 Ytri afmarkanir sem krafist er, samkvæmt lið .1 í reglu II-2/B/1, að séu úr stáli eða öðru jafngildu efni, má rjúfa til að koma fyrir gluggum og kýraugum, ef ekki er annars staðar í þessum hluta kveðið á um að þessar afmarkanir hafi eldtraustleika í flokki A. Á sama hátt mega hurðir á þeim afmörkunum sem ekki er krafist að hafi eldtraustleika í flokki A vera úr efnum sem eru fullnægjandi að mati stjórnvalds fánaríkisins.

*Tafla 5.1*

**Eldtraustleiki þilja sem aðskilja samliggjandi rými**

| Rými | | (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) | (10) | (11) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnstöðvar | (1) | A-0 (c) | A-0 | A-60 | A-0 | A-15 | A-60 | A-15 | A-60 | A-60 | (*) | A-60 |
| Gangar | (2) | | C (e) | B-0(e) | A-0 (a)<br>B-0 (e) | B-0(e) | A-60 | A-0 | A-0 | A-15<br>A-0 (d) | (*) | A-15 |
| Vistarverur | (3) | | | C (e) | A-0 (a)<br>B-0 (e) | B-0 (e) | A-60 | A-0 | A-0 | A-15<br>A-0 (d) | (*) | A-30<br>A-0 (d) |
| Stigar | (4) | | | | A-0 (a)<br>B-0 (e) | A-0 (a)<br>B-0 (e) | A-60 | A-0 | A-0 | A-15<br>A-0 (d) | (*) | A-15 |
| Þjónusturými (lítil eldhætta) | (5) | | | | | C (e) | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 |
| Vélarúm í flokki A: | (6) | | | | | | (*) | A-0 | A-0 | A-60 | (*) | A-60 |
| Önnur vélarúm | (7) | | | | | | | A-0 (b) | A-0 | A-0 | (*) | A-0 |
| Farmrými | (8) | | | | | | | | (*) | A-0 | (*) | A-0 |
| Þjónusturými (mikil eldhætta) | (9) | | | | | | | | | A-0 (b) | (*) | A-30 |
| Opin þilför | (10) | | | | | | | | | | | A-0 |
| Sérstök rými | (11) | | | | | | | | | | | A-0 |

Eftirfarandi tafla gildir um ÖLL SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2018 EÐA SÍÐAR:

*Tafla 5.1(a)*

**Eldtraustleiki þilja sem aðskilja samliggjandi rými**

| Rými | | (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) | (10) | (11) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnstöðvar | (1) | A-0 (c) | A-0 | A-60 | A-0 | A-15 | A-60 | A-15 | A-60 | A-60 | (*) | A-60 |
| Gangar | (2) | | C (e) | B-0(e) | A-0 (a)<br>B-0 (e) | B-0 (e) | A-60 | A-0 | A-0 | A-15<br>A-0 (d) | (*) | A-30 |

| Rými | | (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) | (10) | (11) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vistarverur | (3) | | | C (e) | A-0 (a)<br>B-0 (e) | B-0 (e) | A-60 | A-0 | A-0 | A-15<br>A-0 (d) | (*) | A-30<br>A-0 (d) |
| Stigar | (4) | | | | A-0 (a)<br>B-0 (e) | A-0 (a)<br>B-0 (e) | A-60 | A-0 | A-0 | A-15<br>A-0 (d) | (*) | A-30 |
| Þjónusturými (lítil eldhætta) | (5) | | | | | C (e) | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 |
| Vélarúm í flokki A: | (6) | | | | | | (*) | A-0 | A-0 | A-60 | (*) | A-60 |
| Önnur vélarúm | (7) | | | | | | | A-0 (b) | A-0 | A-0 | (*) | A-0 |
| Farmrými | (8) | | | | | | | | (*) | A-0 | (*) | A-0 |
| Þjónusturými (mikil eldhætta) | (9) | | | | | | | | | A-0 (b) | (*) | A-30 |
| Opin þilför | (10) | | | | | | | | | | | A-0 |
| Sérstök rými | (11) | | | | | | | | | | | A-30 |

*Tafla 5.2*

**Eldtraustleiki þilfara sem aðskilja samliggjandi rými**

| Rými fyrir neðan ↓ rými fyrir ofan→ | | (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) | (10) | (11) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnstöðvar | (1) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-30 |
| Gangar | (2) | A-0 | (*) | (*) | A-0 | (*) | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 |
| Vistarverur | (3) | A-60 | A-0 | (*) | A-0 | (*) | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-30<br>A-0 (d) |
| Stigar | (4) | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 |
| Þjónusturými (lítil eldhætta) | (5) | A-15 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 |
| Vélarúm í flokki A: | (6) | A-60 | A-60 | A-60 | A-60 | A-60 | (*) | A-60 (f) | A-30 | A-60 | (*) | A-60 |
| Önnur vélarúm | (7) | A-15 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 | A-0 | (*) | A-0 |
| Farmrými | (8) | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 | (*) | A-0 |

| Rými fyrir neðan ↓ rými fyrir ofan→ | | (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) | (10) | (11) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þjónusturými (mikil eldhætta) | (9) | A-60 | A-30<br>A-0 (d) | A-30<br>A-0 (d) | A-30<br>A-0 (d) | A-0 | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-30 |
| Opin þilför | (10) | (*) | (*) | (*) | (*) | (*) | (*) | (*) | (*) | (*) | — | A-0 |
| Sérstök rými | (11) | A-60 | A-15 | A-30 | A-15 | A-0 | A-30 | A-0 | A-0 | A-30 | A-0 | A-0 |
| | | | | A-0 (d) | | | | | | | | |

Eftirfarandi tafla gildir um ÖLL SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2018 EÐA SÍÐAR:

*Tafla 5.2(a)*

**Eldtraustleiki þilfara sem aðskilja samliggjandi rými**

| Rými fyrir neðan ↓ rými fyrir ofan→ | | (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) | (10) | (11) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnstöðvar | (1) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-30 |
| Gangar | (2) | A-0 | (*) | (*) | A-0 | (*) | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 |
| Vistarverur | (3) | A-60 | A-0 | (*) | A-0 | (*) | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-30<br>A-0 (d) |
| Stigar | (4) | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 |
| Þjónusturými (lítil eldhætta) | (5) | A-15 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 |
| Vélarúm í flokki A: | (6) | A-60 | A-60 | A-60 | A-60 | A-60 | (*) | A-60 (f) | A-30 | A-60 | (*) | A-60 |
| Önnur vélarúm | (7) | A-15 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 | A-0 | (*) | A-0 |
| Farmrými | (8) | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 | (*) | A-0 |
| Þjónusturými (mikil eldhætta) | (9) | A-60 | A-30<br>A-0 (d) | A-30<br>A-0 (d) | A-30<br>A-0 (d) | A-0 | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-30 |
| Opin þilför | (10) | (*) | (*) | (*) | (*) | (*) | (*) | (*) | (*) | (*) | — | A-0 |
| Sérstök rými | (11) | A-60 | A-30 | A-30<br>A-0 (d) | A-30 | A-0 | A-60 | A-0 | A-0 | A-30 | A-0 | A-30 |

*Athugasemdir, sem gilda fyrir töflur 5.1, 5.1(a), 5.2 og 5.2(a), eftir því sem við á:*

a) Til skýringar á því hvort á við sjá reglu II-2/B/3 og reglu II-2/B/8.

b) Ef rými eru í sama töluflokki og tilvísunin „b“ í brjóstletri kemur fram í töflunni þarf einungis að hafa þil eða þilfar af þeim eldtraustleika sem krafist er í töflunum ef rýmin, sem aðliggjandi eru, þjóna sitt hvorum tilgangi, t.d. í flokki 9. Á milli eldhúsa, sem liggja saman, þarf ekki að vera þil en á milli eldhúss og málningargeymslu, sem liggja saman, skal vera A-0-þil.

c) Þil sem skilja að stýrishúsið og kortaklefann mega vera af eldtraustleika B-0.

d) Sjá liði .2.3 og .2.4 í þessari reglu II-2/B/5.

e) Að því er varðar beitingu undirliðar .1.2 í reglu II-2/B/2 skal lesa B-0 og C sem A-0 þar sem það kemur fyrir í töflunum 5.1. og 5.1(a).

f) Ekki þarf að koma fyrir brunaeinangrun ef lítil eða engin eldhætta er í vélarúminu í flokki 7.

(*) Þar sem stjarna er í töflunum skal skilrúmið vera úr stáli eða öðru jafngildu efni en þarf ekki að vera samkvæmt flokki A. Í skipum, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, skal þétta þann stað þar sem þilfar, nema í rýmum í flokki 10, er rofið vegna þess að rafstrengir, röralagnir og loftrásir liggja í gegnum það til að koma í veg fyrir að eldur og reykur komist í gegn. Á skilrúmum milli stjórnstöðva (neyðarrafala) og opinna þilfara mega vera loftinntök án lokunarbúnaðar, nema þar sem um er að ræða föst gasslökkvikerfi. Að því er varðar beitingu undirliðar .1.2 í reglu II-2/B/2 skal lesa stjörnu sem A-0 þegar hún kemur fyrir í töflunum 5.2 og 5.2(a), nema í flokkum 8 og 10.

6. **Regla II-2/B/6: Neyðarútgangar (R 28)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Stigum og rimlastigum, göngum og dyrum skal komið fyrir þannig að greiðir neyðarútgangar séu að þilfari þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka frá öllum rýmum fyrir farþega og áhöfn og þeim rýmum þar sem áhöfn er jafnan að störfum, öðrum en vélarúmum. Einkum skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

.1 Neðan skilrúmsþilfarsins skulu vera minnst tveir neyðarútgangar frá hverju vatnsþéttu hólfi eða áþekku lokuðu rými eða rýmum og í öðrum þeirra, a.m.k., skulu ekki vera neinar vatnsþéttar hurðir. Í undantekningartilvikum er heimilt að hafa aðeins einn neyðarútgang, enda sé fullt tillit tekið til eðlis og staðsetningar rýmanna og fjölda þeirra manna sem að jafnaði kunna að vera þar að störfum.

Í slíku tilviki skal þessi eini neyðarútgangur vera örugg leið.

Í skipum, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, má eingöngu veita áðurnefnda undanþágu fyrir áhafnarrými sem aðeins eru notuð öðru hvoru og skulu þá ekki vera vatnsþéttar hurðir í neyðarútganginum.

.2 Ofan skilrúmsþilfarsins skulu vera minnst tveir neyðarútgangar frá hverju lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði eða áþekku lokuðu rými eða rýmum og skal a.m.k. annar þeirra liggja að stiga sem er lóðréttur neyðarútgangur.

.3 Ef engin bein leið er frá loftskeytastöð upp á opið þilfar skulu vera tveir neyðarútgangar frá eða aðgangsleiðir að henni og má önnur þeirra vera nægilega stórt kýrauga eða gluggi eða annað slíkt.

.4 Í gömlum skipum í flokki B má gangur, eða hluti gangs, sem aðeins ein undankomuleið liggur frá, ekki vera lengri en:

.1 fimm metrar að lengd að því er varðar skip sem eru smíðuð 1. október 1994 eða síðar,

.2 13 metrar að lengd að því er varðar skip, sem eru smíðuð fyrir 1. október 1994 og mega flytja fleiri en 36 farþega, og

.3 sjö metrar að lengd í skipum sem voru smíðuð fyrir 1. október 1994 og mega ekki flytja fleiri en 36 farþega.

Í nýjum skipum í flokki A, B, C og D er bannað að hafa gang, anddyri eða hluta gangs sem aðeins ein undankomuleið liggur frá.

Blindgangar á þjónustusvæðum, sem nauðsynlegir eru í daglegum rekstri skipsins, s.s. brennsluolíustöðvar og þverskipsbirgðagangar, skulu heimilaðir, að því tilskildu að slíkir blindgangar séu aðskildir frá vistarverum áhafnar og að ekki sé aðgangur að þeim frá vistarverum farþega. Leyfilegt er að hluti gangs, þar sem lengd er ekki umfram breidd, teljist vera skot eða staðbundin framlenging.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ FYRIR 1. JANÚAR 2003:

.5 Að minnsta kosti einn neyðarútganganna, sem krafist er samkvæmt liðum .1.1 og .1.2, skal vera umluktur stigagangur sem greiður aðgangur er að og sem skal veita samfellda vörn gegn eldi frá þeim stað sem hann liggur frá og að viðkomandi þilförum þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka, eða að efsta þilfari ef áðurnefnt þilfar nær ekki að lóðrétt afmarkaða aðalsvæðinu sem um ræðir.

Í síðara tilvikinu skal vera beinn aðgangur um opna stiga og ganga utan dyra að þilfarinu þar sem farið er um borð í lífbáta og skulu þeir hafa neyðarlýsingu í samræmi við lið .3 í reglu III/5 og yfirborð þeirra ekki vera sleipt. Afmarkanir sem snúa að opnum stigum og göngum utan dyra, sem eru hluti undankomuleiðar, skulu varðar þannig að eldur í lokuðu rými á bak við þær hindri ekki undankomu til staðanna þar sem farið er um borð í björgunarför.

Breidd, fjöldi og samfelldni neyðarútganga skal vera sem hér segir:

.1 Óhindruð breidd stiga skal ekki vera minni en 900 mm, ef það er talið sanngjarnt og framkvæmanlegt að mati aðildarríkisins, en í engu tilviki minni en 600 mm. Handrið skal vera báðum megin við stigann. Óhindruð lágmarksbreidd stigans skal aukin um 10 mm fyrir hvern mann umfram 90 manns sem hann þjónar. Óhindruð hámarksbreidd milli handriða, þar sem stigar eru breiðari en 900 mm, skal vera 1800 mm.Gera skal ráð fyrir að heildarfjöldi fólks, sem forðað er út um þessa stiga, sé tveir þriðju áhafnar og allir farþegar á þeim svæðum sem stigarnir þjóna. Breidd stiganna skal a.m.k. uppfylla kröfur sem kveðið er á um í IMO-ályktun A.757(18).

.2 Allir stigar, sem eru ætlaðir fyrir fleiri en 90 manns, skulu snúa fram eða aftur í skipinu.

.3 Dyr, gangar og stigapallar, sem eru hluti af neyðarútgöngum, skulu vera af sömu breidd og stigar.

.4 Stigar skulu ekki vera hærri en 3,5 metrar án stigapalls og þeir skulu ekki halla meira en 45°.

.5 Stigapallar á hverri þilfarshæð skulu ekki vera minni en 2 $m^2$ að flatarmáli og skulu stækkaðir um 1 $m^2$ fyrir hverja 10 menn umfram 20 manns en þeir þurfa þó ekki að vera stærri en 16 $m^2$ nema stigapallar í almennum rýmum þaðan sem gengið er beint að stigaganginum.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

.5a Að minnsta kosti einn neyðarútganganna, sem krafist er samkvæmt liðum .1.1 og .1.2, skal vera umluktur stigagangur sem greiður aðgangur er að og sem skal veita samfellda vörn gegn eldi frá þeim stað sem hann liggur frá og að viðkomandi þilförum þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka, eða að efsta veðurþilfari ef áðurnefnt þilfar nær ekki að lóðrétt afmarkaða aðalsvæðinu sem um ræðir.

Í síðara tilvikinu skal vera beinn aðgangur um opna stiga og ganga utan dyra að þilfarinu þar sem farið er um borð í lífbáta og skulu þeir hafa neyðarlýsingu í samræmi við reglu III/5.3 og yfirborð þeirra ekki vera sleipt. Afmarkanir sem snúa að opnum stigum og göngum utan dyra, sem eru hluti undankomuleiðar, og afmarkanir, sem eru þannig staðsettar að ef þær létu undan í bruna myndi það hindra undankomuleið út á þilfar þar sem farið er um borð í lífbáta, skulu hafa eldtraustleika, þ.m.t. einangrunargildi í samræmi við töflur 4.1–5.2, eftir því sem við á.

Breidd, fjöldi og samfelldni neyðarútganga skal vera í samræmi við kröfur kóðans um brunaöryggiskerfi.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ FYRIR 1. JANÚAR 2003, OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.6 Aðgangur að svæðum, þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka frá stigagöngunum, skal varinn á viðunandi hátt.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

.6a Aðgangur að svæðum, þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka frá stigagöngunum, skal varinn, annaðhvort beint eða með vörðum innri leiðum með eldtraustleika og einangrunargildi stigaganga, eins og um getur í töflum 4.1–5.2, eftir því sem við á.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.7 Auk neyðarlýsingarinnar, sem krafist er í reglum II-1/D/3 og III/5.3, skulu neyðarútgangarnir, þ.m.t. stigar og útgangar, vera merktir með ljósi eða sjálflýsandi listum til leiðbeiningar, sem staðsettir eru eigi hærra en 0,3 metra fyrir ofan þilfar á öllum hlutum undankomuleiðarinnar, þ.m.t. horn og gangamót. Af merkingunni verða farþegarnir að geta borið kennsl á allar undankomuleiðir og séð auðveldlega útganga frá þeim. Sé raflýsing notuð skal hún knúin með neyðaraflgjafa og komið þannig fyrir að þótt eitt stakt ljós eða bútur af ljóslistanum virki ekki þjóni merkingin samt sem áður tilgangi sínum. Enn fremur skulu allar merkingar undankomuleiða, og um staðsetningu eldvarnarbúnaðar, vera úr sjálflýsandi efni eða merktar með ljósi. Stjórnvöld fánaríkisins skulu tryggja að lýsing af þessu tagi eða sjálflýsandi búnaður hafi verið metinn, prófaður og honum beitt í samræmi við leiðbeiningarnar sem gefnar eru í IMO-ályktun A.752(18).

Að því er varðar ný skip í flokki B, C og D, smíðuð 1. janúar 2003 eða síðar, skal stjórnvald fánaríkisins þó tryggja að lýsing af þessu tagi eða sjálflýsandi búnaður hafi verið metinn, prófaður og honum beitt í samræmi við kóðann um brunaöryggiskerfi.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

.8 Í skipum, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skulu kröfur liðar .1.7 í þessari reglu II-2/B/6 einnig gilda um vistarverur áhafnar.

.9 Dyr sem jafnan eru læstar og undankomuleið liggur um.

.1 Lyklar skulu ekki vera nauðsynlegir til að opna dyr klefa og einkaklefa innan frá.

Sömuleiðis skulu ekki vera hurðir, sem þarf að opna með lyklum, á neinni uppgefinni undankomuleið þegar haldið er í undankomuátt.

.2 Undankomudyr á almennum rýmum, sem eru að jafnaði læstar með klinku, skulu hafa hraðopnunarbúnað. Slíkur búnaður skal samanstanda af klinku með búnaði sem opnar klinkuna þegar ýtt er á hurðina í undankomuátt. Búnaður til skjótrar opnunar skal hannaður og uppsettur á fullnægjandi hátt að mati stjórnvalds fánaríkisins og einkum:

.2.1 samanstanda af stöngum eða plötum þar sem átakshlutinn nær þvert yfir a.m.k. hálfa breidd hurðarvængsins, a.m.k. 760 mm en ekki meira en 1120 mm fyrir ofan þilfarið,

.2.2 valda því að klinkan á hurðinni opnist þegar ýtt er á hurðina af afli, sem ekki er meira en 67 N, og

.2.3 ekki vera með neins konar lás, skrúfum eða öðru sem kemur í veg fyrir að klinkan opnist þegar þrýst er á opnunarbúnaðinn.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.2 .1 Í sérstökum rýmum skal fjöldi og niðurskipan neyðarútganga, bæði ofan og neðan skilrúmsþilfars, vera í samræmi við kröfur stjórnvalds fánaríkisins og skal öryggi aðgangs að þilfari, þar sem farið er um borð í björgunarför, almennt vera a.m.k. jafngilt því sem kveðið er á um í liðum .1.1, .1.2, .1.5 og .1.6.

Í nýjum skipum í flokki B, C og D, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, skulu vera sérstakar gangbrautir í slíkum rýmum að neyðarútgöngum sem eru a.m.k. 600 mm á breidd og þar sem það er talið sanngjarnt og framkvæmanlegt skulu þessar uppgefnu gangbrautir vera á lengdina a.m.k. 150 mm frá yfirborði þilfarsins. Ökutækjum skal lagt þannig að aldrei séu hindranir á gangbrautum.

.2 Forðast skal að ein undankomuleið úr vélarúmum, þar sem áhöfn er jafnan að störfum, liggi um beinan aðgang að sérstöku rými.

.3 Hífanlegar skábrautir til aksturs upp og niður á bílgeymsluþilfar mega ekki geta hindrað viðurkenndar undankomuleiðir þegar þær eru í neðstu stöðu.

.3.1 Tveir neyðarútgangar skulu vera úr hverju vélarúmi. Einkum skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

.1 Ef rýmið er neðan skilrúmsþilfars skulu neyðarútgangarnir tveir vera annaðhvort:

.1 tveir stálrimlastigar, staðsettir eins langt hvor frá öðrum og unnt er, sem liggja að hurðum sem er álíka langt á milli í efri hluta rýmisins en frá þeim skal vera hægt að komast út á viðkomandi þilför þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka. Í nýjum skipum skal annar þessara rimlastiga veita samfellda vörn gegn eldi frá neðri hluta rýmisins að öruggum stað utan þess. Í nýjum skipum í flokki B, C og D, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, skal sá rimlastigi staðsettur í vörðu, lokuðu rými sem er í samræmi við flokk 2 í reglu II-2/B/4 eða flokk 4 í reglu II-2/B/5, eftir því sem við á, frá neðri hluta rýmisins, sem stiginn þjónar, til öruggs staðar utan rýmisins. Eldvarnarhurðir með sjálfvirkri lokun í samræmi við sömu brunastaðla skulu vera á þiljum rýmisins. Rimlastiginn skal festur þannig að hann leiði ekki hita inn í lokaða rýmið um óeinangraða festipunkta; innra mál varða, lokaða rýmisins skal vera a.m.k. 800 mm x 800 mm og það vera búið neyðarljósabúnaði, eða

.2 einn stálrimlastigi, sem liggur að dyrum þaðan sem hægt er að komast út á þilfarið þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka, auk þess sem í neðri hluta rýmisins skulu vera dyr með stálhurð, á stað sem er langt frá umræddum stiga og unnt er að opna og loka beggja vegna og þar sem hægt er að komast að öruggri undankomuleið úr neðri hluta rýmisins út á þilfar þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka.

.2 Ef rýmið er ofan skilrúmsþilfars skulu neyðarútgangarnir vera staðsettir eins langt frá hvor öðrum og unnt er og dyrnar, sem liggja frá þeim, vera staðsettar þannig að hægt sé að komast út á viðkomandi þilför þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka. Ef rimlastiga er þörf í neyðarútgöngum skulu þeir vera úr stáli.

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D:

.3 Hið minnsta tveir neyðarútgangar skulu liggja frá rýmum þar sem eftirlit er haft með gangi véla og vinnurýmum og skal annar þeirra vera óháður vélarúmi og þaðan vera hægt að komast út á þilfar þar sem farið er um borð í björgunarför.

.4 Bakhlið stiga í vélarúmum skal vera lokuð.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.3.2 Stjórnvöldum fánaríkis er heimilt að leyfa að aðeins sé einn neyðarútgangur frá slíkum stöðum, að því tilskildu að örugg undankomuleið sé annaðhvort um dyr eða stálrimlastiga að þilfarinu þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka, enda sé fullt tillit tekið til eðlis og staðsetningar rýmisins og þess hvort menn séu jafnan að störfum þar. Í nýjum skipum í flokki B, C og D, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, skal vera annar neyðarútgangur á stýrisbúnaðarrými ef neyðarstýrisbúnaður er staðsettur í því rými, nema það sé beinn aðgangur að opnu þilfari.

.3.3 Tveir neyðarútgangar skulu vera frá stjórnklefa vélbúnaðar, sem staðsettur er í vélarúmi, og skal a.m.k. annar þeirra veita samfellda vörn gegn eldi að öruggum stað utan vélarúmsins.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2018 EÐA SÍÐAR:

.3.4 Tvær neyðarútgangar skulu vera frá aðalverkstæðinu sem er staðsett í vélarúmi. A.m.k. ein af þessum undankomuleiðum skulu veita samfellda vörn gegn eldi að öruggum stað utan vélarúmsins.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.4 Lyftur teljast aldrei til tilskilinna neyðarútganga.

.5 NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B SEM ERU 40 METRAR AÐ LENGD OG LENGRI:

.1 Um borð skulu vera öndunartæki til undankomu í neyð sem uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

.2 Hið minnsta tvö öndunartæki til undankomu í neyð skulu vera á hverju lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði.

.3 Í skipum, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skulu vera tvö slík öndunartæki til viðbótar við þau sem krafist er í undirlið .5.2. á hverju lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði.

.4 Þó gilda undirliðir .5.2. og .5.3 ekki um stigaganga sem mynda sérstök lóðrétt afmörkuð aðalsvæði eða um lóðrétt afmörkuð aðalsvæði í stefni og skut skipsins þar sem ekki eru rými í flokkum 6, 7, 8 eða 12 sem skilgreind eru í reglu II-2/B/4.

.5 Í vélarúmum skulu öndunartæki til undankomu í neyð staðsett þannig að þau séu reiðubúin til notkunar á áberandi stöðum þar sem hægt er að ná í þau hratt og auðveldlega ef eldur kemur upp. Staðsetning öndunartækja til undankomu í neyð skal taka mið af skipulagi vélarúmsins og þeim fjölda manna sem að jafnaði vinna í rýminu.

.6 Vísað er til leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um nothæfi, staðsetningu, notkun og skoðun öndunartækja til undankomu í neyð, í IMO MSC/Circ. 849.

.7 Fjöldi og staðsetning slíkra tækja skal koma fram á brunavarnaráætluninni sem krafist er í reglu II-2/A/13.

6-1 **Regla II-2/B/6-1: Undankomuleiðir um borð í ekjufarþegaskipum (R 28-1)**

.1 KRÖFUR VARÐANDI NÝ EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B:

.1.1 Þessi liður gildir um ný ekjufarþegaskip í flokki B, C og D og gömul ekjufarþegaskip í flokki B.

.1.2 Handrið eða önnur handfesta, sem styðjast má við hvert fótmál undankomuleiðarinnar, skal vera á öllum göngum eftir endilangri undankomuleiðinni og, ef unnt er, alveg að söfnunarstöðvum og þar sem farið er um borð í björgunarför. Þessi handrið skulu vera beggja vegna ganganna sem liggja eftir skipinu endilöngu og eru meira en 1,8 m breiðir og á göngum sem liggja þvert á skipið sem eru meira en einn metri á breidd. Þess skal einkum gætt að unnt sé að fara þvert yfir anddyri, sali og önnur stór, opin rými sem undankomuleiðir liggja um. Handrið eða önnur handfesta skal vera nógu sterk til að standast dreift, lárétt álag sem nemur 750 N/m og kemur á þau í átt að miðju gangsins eða rýmisins og dreift lóðrétt álag sem nemur 750 N/m og kemur á þau niður á við. Ekki er nauðsynlegt að þau standist álag úr báðum áttum samtímis.

.1.3 Húsgögn eða aðrir tálmar skulu ekki hindra för eftir undankomuleiðum. Að undanskildum borðum og stólum, sem flytja má til svo að opið rými myndist, skulu skápar og annar þungur húsbúnaður í almennum rýmum og við undankomuleiðir vera fest niður til að koma í veg fyrir að þau færist úr stað ef skipið veltur eða slagsíða kemur á það. Gólfefni skulu einnig fest vel niður. Á meðan skipið er á siglingu skulu engar hindranir vera á undankomuleiðum, s.s. hreingerningagrindur, rúmfatnaður, farangur eða kassar með vörum.

.1.4 Frá hverju rými skipsins, þar sem fólk er að jafnaði, skulu vera undankomuleiðir að söfnunarstöð. Þessar undankomuleiðir skulu skipulagðar þannig að leið að söfnunarstöðinni sé sem beinust og þær skulu merktar með táknum tengdum björgunarbúnaði og -skipulagi sem samþykkt voru í IMO-ályktun A.760(18), með áorðnum breytingum.

.1.5 Þar sem lokuð rými liggja að opnu þilfari skal vera hægt að nota op á lokaða rýminu út á opna þilfarið sem neyðarútgang, þar sem því verður komið við.

.1.6 Þilför skulu númeruð eftir röð, þar sem efsti hluti geymis eða neðsta þilfarið hefur númerið „1“. Númerunum skal komið fyrir á áberandi stöðum við stigapalla og í anddyrum þar sem lyftur eru. Einnig er heimilt að gefa þilförum nafn en númer þilfars skal ætíð sýnt við hlið nafnsins.

.1.7 Einföld kort, sem sýna hvar viðkomandi er staddur og undankomuleiðir merktar með örvum, skulu vera á áberandi stað innan á hurð hvers klefa og í almennum rýmum. Kortið skal sýna undankomuáttir og snúa rétt miðað við staðsetningu þess í skipinu.

.1.8 Lyklar skulu ekki vera nauðsynlegir til að opna dyr klefa og einkaklefa innan frá. Sömuleiðis skulu ekki vera hurðir, sem þarf að opna með lyklum, á neinni uppgefinni undankomuleið þegar haldið er í undankomuátt.

.2 KRÖFUR VARÐANDI NÝ EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.2.1 Hálfs metra breiður hluti neðst á þiljum og öðrum skilveggjum, sem mynda lóðrétt skilrúm meðfram undankomuleiðum, verður að geta staðist álag sem nemur 750 N/m til þess að hægt sé að nota hann sem gangveg á undankomuleiðinni ef skipið hallast mjög mikið.

.2.2 Undankomuleið frá klefum til stigaganga skal vera eins bein og kostur er og beygjur eins fáar og hægt er. Ekki skal vera nauðsynlegt að fara þvert yfir skipið til að komast að undankomuleið. Ekki skal vera nauðsynlegt að fara upp eða niður um fleiri en tvö þilför frá neinu farþegarými til að komast að söfnunarstöð eða opnu þilfari.

.2.3 Utan dyra skulu vera leiðir frá opnu þilförunum, sem um getur í lið 2.2, að stöðunum þar sem farið er um borð í björgunarför.

.3 KRÖFUR VARÐANDI NÝ EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JÚLÍ 1999 EÐA SÍÐAR:

Snemma á hönnunarferlinu skal fara fram mat með greiningu á undankomuleiðum í nýjum ekjufarþegaskipum í flokki B, C og D, smíðuðum 1. júlí 1999 eða síðar. Með greiningunni skal fundið út hvar mannþröng gæti myndast við rýmingu skips þegar farþegar og áhöfn fara eftir undankomuleiðum með eðlilegum hætti, að teknu tilliti til þess möguleika að áhöfn gæti þurft að fara í öfuga átt við farþegana eftir þessum leiðum, og reynt, eins og við verður komið, að koma í veg fyrir að slík mannþröng myndist. Auk þess skal greining sýna fram á að undankomuáætlun sé nægilega sveigjanleg til að taka tillit til möguleikans á að slys geti gert tilteknar undankomuleiðir, söfnunarstöðvar, þar sem farið er um borð í björgunarför eða tiltekin björgunarför, ónothæf.

7. **Regla II-2/B/7: Gegnumtök og op á skilrúmum í flokki A og B (R 30, 31)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Öll op á skilrúmum í flokki A skulu vera með áföstum lokunarbúnaði með sama eldtraustleika og skilrúmin sem hann er á.

.2 Við smíði allra hurða og dyrakarma á skilrúmum í flokki A, sem og búnaðar til að læsa þeim þegar þær eru lokaðar, skal tryggja að þær haldi jafnt eldi sem reyk og logum, eins og við verður komið, á sama hátt og þilið sem hurðirnar eru á. Slíkar hurðir og dyrakarmar skulu gerð úr stáli eða öðru jafngildu efni. Ekki er þörf á að einangra vatnsþéttar hurðir.

.3 Einn maður á að geta opnað og lokað öllum hurðum án aðstoðar, sama hvorum megin þilsins hann er.

.4 Eldvarnarhurðir á þiljum á lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði og þiljum sem umlykja stiga, aðrar en aflknúnar, vatnsþéttar rennihurðir og hurðir sem jafnan eru læstar, skulu fullnægja eftirfarandi kröfum:

.1 Hurðirnar skulu vera sjálflokandi og geta lokast á móti allt að 3,5° halla. Ef nauðsynlegt er skal hraðanum, sem hurðin lokast á, stjórnað til að koma í veg fyrir óþarfa hættu fyrir menn. Í nýjum skipum skal samræmdur hraði lokunar ekki vera meiri en 0,2 m/s og ekki minni en 0,1 m/s þegar skipið er á réttum kili.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.2 Fjarstýrðar rennihurðir eða aflknúnar hurðir skulu vera búnar viðvörunarbúnaði sem gefur frá sér hljóð a.m.k. fimm sekúndum og eigi lengur en 10 sekúndum áður en hurðin byrjar að hreyfast og sem hljómar stöðugt þar til hurðin hefur lokast að fullu. Hurðir, sem hannaðar eru til að opnast aftur ef þær mæta hindrun á leiðinni, skulu opnast aftur þannig að það myndist a.m.k. 0,75 m breitt bil, sem greið leið er um, en ekki breiðara en einn metri.

.3 Allar hurðir nema eldvarnarhurðir, sem yfirleitt eru hafðar lokaðar, skal vera hægt að opna með fjarstýringu og sjálfvirkt frá aðalstjórnstöð, sem er alltaf mönnuð, annaðhvort allar samtímis eða nokkrar í senn, og einnig hverja fyrir sig báðum megin frá. Á eldvarnarstjórnborði í aðalstjórnstöðinni, sem alltaf er mönnuð, verður að sjást hvort einhver fjarstýrðu hurðanna er lokuð. Losunarbúnaðurinn skal vera þannig hannaður að hurðin lokist sjálfvirkt ef samband rofnar við stjórnkerfi eða aðalaflgjafa. Hægt skal vera að kveikja og slökkva með rofum til að koma í veg fyrir að kerfið endurstilli sig sjálfkrafa. Notkun króka, sem ekki er hægt að losa um frá aðalstjórnstöðinni, er óheimil.

.4 Staðbundnir rafgeymar fyrir aflknúnar hurðir skulu vera í námunda við hurðir svo að þær megi opna og loka a.m.k. tíu sinnum (opna eða loka að fullu) með notkun staðbundinna stjórntækja.

.5 Á vængjahurðum, sem eru með klinku sem nauðsynleg er fyrir eldtraustleika þeirra, skal klinkan virka sjálfkrafa þegar hurðum er lokað með kerfinu.

.6 Aflknúnar, sjálflokandi hurðir, sem veita beinan aðgang að sérstökum rýmum, þurfa ekki að vera búnar viðvörunarbúnaðinum og fjarstýrða losunarbúnaðinum sem kveðið er á um í undirliðum .4.2 og .4.3.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Í stað liðar .4 gildir eftirfarandi liður .4a:

.4a Eldvarnarhurðir á þiljum á lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði, mörkum eldhúsa og þiljum sem umlykja stiga, aðrar en aflknúnar, vatnsþéttar hurðir og hurðir sem jafnan eru læstar, skulu fullnægja eftirfarandi kröfum:

.1 dyrnar skulu vera sjálflokandi og geta lokast á móti halla sem nemur allt að 3,5°,

.2 lokunarhraði eldvarnardyra með hurð á lömum skal ekki vera meiri en 40 sekúndur og ekki minni en 10 sekúndur frá því að þær byrja að hreyfast þegar skipið er á réttum kili; samræmdur hraði lokunar eldvarnardyra með rennihurð skal ekki vera meiri en 0,2 m/s og ekki minni en 0,1 m/s þegar skipið er á réttum kili,

.3 hurðir skal vera hægt að opna með fjarstýringu frá aðalstjórnstöð, sem er alltaf mönnuð, annaðhvort allar samtímis eða nokkrar í senn og einnig hverja fyrir sig báðum megin hurðarinnar; hægt skal vera að kveikja og slökkva með rofum til að koma í veg fyrir að kerfið endurstilli sig sjálfkrafa,

.4 notkun króka, sem ekki er hægt að losa um frá aðalstjórnstöðinni, er óheimil,

.5 hægt skal vera að opna dyr, sem lokað er með fjarstýringu frá aðalstjórnstöð, báðum megin frá með staðbundinni stjórnun; eftir að dyr hafa verið opnaðar þannig á staðnum skulu þær lokast aftur sjálfkrafa,

.6 á stjórnborði með vísum fyrir eldvarnarhurðir í aðalstjórnstöð, sem alltaf er mönnuð, verður að sjást hvort einhver fjarstýrðu hurðanna er lokuð,

.7 losunarbúnaðurinn skal vera þannig hannaður að hurðin lokist sjálfvirkt ef samband rofnar við stjórnkerfið eða aðalaflgjafa,

.8 staðbundnir rafgeymar fyrir aflknúnar hurðir skulu vera í námunda við hurðir svo að þær megi opna og loka a.m.k. tíu sinnum (opna eða loka að fullu) með notkun staðbundinna stjórntækja eftir að samband hefur rofnað við stjórnkerfið eða aðalaflgjafann,

.9 rofið samband við stjórnkerfi eða aðalaflgjafa við eina hurð skal ekki koma í veg fyrir að hinar dyrnar starfi sem skyldi,

.10 fjarstýrðar rennihurðir eða aflknúnar hurðir skulu vera búnar viðvörunarbúnaði sem gefur frá sér hljóð í a.m.k. fimm sekúndur og eigi lengur en 10 sekúndur eftir að dyrunum er lokað frá aðalstjórnstöð og áður en hurðin byrjar að hreyfast og sem hljómar stöðugt þar til dyrnar hafa lokast að fullu,

.11 dyr, sem hannaðar eru til að opnast aftur ef hurðirnar mæta hindrun á leiðinni, skulu ekki opnast aftur meira en sem nemur einum metra frá hindruninni,

.12 á vængjahurðum, sem eru með klinku sem nauðsynleg er fyrir eldtraustleika þeirra, skal klinkan virka sjálfkrafa þegar hurðum er lokað með stjórnkerfinu,

.13 aflknúnar, sjálflokandi hurðir, sem veita beinan aðgang að sérstökum rýmum, þurfa ekki að vera búnar viðvörunarbúnaðinum og fjarstýrða losunarbúnaðinum sem kveðið er á um í liðum .3 og .10,

.14 gott aðgengi skal vera að íhlutum staðbundna stjórnkerfisins til viðhalds og stillinga og

.15 aflknúnar hurðir skulu vera með stjórnkerfi af viðurkenndri gerð sem er starfhæft þótt upp komi eldur, og skal það ákveðið í samræmi við kóðann um brunaprófunaraðferðir. Kerfið skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

.15.1 stjórnkerfið skal geta opnað og lokað dyrunum við a.m.k. 200 °C hita í a.m.k. 60 mínútur með orku frá aflgjafa,

.15.2 afl til allra annarra dyra, þar sem ekki geisar eldur, skal ekki skerðast og

.15.3 fari hitastig yfir 200 °C skal stjórnkerfið sjálfkrafa aftengjast aflgjafanum og geta haldið dyrunum lokuðum við a.m.k. 945 °C.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.5 Kröfur um traustleika í flokki A fyrir ytri afmarkanir skips skulu ekki gilda um skilveggi úr gleri, glugga og kýraugu, svo fremi að í reglu II-2/B/10 séu engar kröfur um að slíkar afmarkanir hafi traustleika í flokki A. Á svipaðan hátt skulu kröfur um traustleika í flokki A ekki gilda um útihurðir á yfirbyggingum og þilfarshúsum.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Í stað liðar .5 gildir eftirfarandi liður .5a:

.5a Kröfur um traustleika í flokki A fyrir ytri afmarkanir skips skulu ekki gilda um skilveggi úr gleri, glugga og kýraugu, svo fremi að í reglu II-2/B/10 séu engar kröfur um að slíkar afmarkanir hafi traustleika í flokki A.

Kröfur um traustleika í flokki A fyrir ytri afmarkanir skips skulu ekki gilda um útihurðir, nema á yfirbyggingum og þilfarshúsum sem snúa að björgunarbúnaði, svæðum þar sem farið er um borð í björgunarför og söfnunarstöðvum utandyra, útistigum og opnum þilförum sem notuð eru sem undankomuleiðir. Dyr á stigagöngum þurfa ekki að uppfylla þessa kröfu.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.6 Að undanskildum vatnsheldum hurðum, veðurþéttum hurðum (hálfvatnsheldum hurðum), hurðum sem liggja út á opið þilfar og hurðum sem þurfa að vera sæmilega loftþéttar skal á öllum hurðum í flokki A, sem eru staðsettar í stigum, almennum rýmum og á þiljum á lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði á undankomuleiðum, vera sjálflokandi op fyrir brunaslöngu, sem, að því er varðar efni, smíði og brunamótstöðu, er jafngilt hurðinni, sem það er á, og skal það vera ferkantað, 150 mm op þegar hurðin er lokuð, og því komið fyrir í neðri brún hurðarinnar, þeim megin sem hurðalamirnar eru ekki eða, ef um er að ræða rennihurðir, þeim megin sem þær opnast.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.7 Á hurðum og dyrakörmum á skilrúmum í flokki B og búnaði til að læsa þeim skal vera lokunarbúnaður sem er eldtraustur til jafns við skilrúmin nema hvað heimilt er að hafa loftræstiop á neðri hluta slíkra hurða. Þar sem þannig op eru í eða undir hurð skal heildarstærð sérhvers slíks ops eða opa ekki vera meira en 0,05 $m^2$. Að öðrum kosti er heimilt að hafa eldtrausta loftrás milli klefa og gangs, staðsetta undir hreinlætisaðstöðu, ef skurðflatarmál rásarinnar er ekki stærra en 0,05 $m^2$. Öll loftræstiop skulu vera með rist úr eldtraustu efni. Hurðir skulu vera eldtraustar.

.7.1 Í því skyni að draga úr hávaða er stjórnvöldum heimilt að samþykkja, sem jafngildar, hurðir með innbyggðri loftræstingu með hljóðlokum með opum neðst öðru megin á hurðinni og efst hinum megin, að því tilskildu að eftirfarandi ákvæðum sé fullnægt:

.1 efra opið skal ætíð snúa að ganginum og í því vera rist úr eldtraustu efni og sjálfvirkt brunaspjald sem fer í gang við hitastig sem nemur u.þ.b. 70 °C,

.2 í neðra opinu skal vera rist úr eldtraustu efni,

.3 hurðirnar skulu prófaðar í samræmi við ályktun A.754(18).

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.8 Klefahurðir á skilrúmum í flokki B skulu vera sjálflokandi. Notkun króka til að halda þeim opnum er óheimil.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.9 Kröfur um traustleika í flokki B fyrir ytri afmarkanir skips skulu ekki gilda um skilveggi úr gleri, glugga og kýraugu. Á svipaðan hátt skulu kröfur um traustleika í flokki B ekki gilda um útihurðir á yfirbyggingum og þilfarshúsum. Í skipum, sem mega flytja 36 farþega eða færri, er stjórnvaldi fánaríkisins heimilt að leyfa notkun brennanlegra efna í hurðir sem aðskilja klefa frá sambyggðri sérhreinlætisaðstöðu, s.s. sturtuklefum.

8. **Regla II-2/B/8: Vörn stigaganga og lyfta í vistarverum og þjónusturýmum (R 29)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Allir stigar skulu byggðir upp með stálgrind, nema þar sem yfirvöld heimila notkun annars jafngilds efnis, skulu vera umluktir með skilrúmum í flokki A og með lokunarbúnaði fyrir öll op, þó með eftirfarandi undantekningum:

.1 Stigi, sem liggur aðeins á milli tveggja þilfara, þarf ekki að vera umluktur, að því tilskildu að eldtraustleika þilfarsins sé viðhaldið með viðeigandi þiljum eða hurðum í einu milliþilfarsrými. Ef stigi er umluktur á einu milliþilfarsrými skulu þilin umhverfis hann vera varin í samræmi við töflurnar um þilför í reglum II-2/B/4 og II-2/B/5.

.2 Koma má fyrir opnum stigum í almennu rými, að því tilskildu að þeir liggi að fullu innan rýmisins.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.2 Stigagangar skulu veita beinan aðgang að göngunum og vera nægilega stórir til að ekki myndist mannþröng, að teknu tilliti til þess fjölda fólks sem líklegt er að myndi nota þá ef neyðarástand skapaðist.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D: Í þessum stigagöngum er einungis heimilt að hafa almenningssalerni, skápa úr eldtraustu efni fyrir öryggisbúnað og opna upplýsingabása.

Aðeins almenn rými, gangar, almenningssalerni, sérstök rými, aðrir stigar til undankomu, sem kveðið er á um í reglu II-2/B/6.1.5, og svæði utan dyra mega vera með beinum aðgangi að þessum stigagöngum.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.3 Lyftustokkum skal vera þannig fyrir komið að þeir hindri að reykur og logar berist frá einu milliþilfari til annars og í þeim skal vera lokunarbúnaður til að hægt sé að loka fyrir dragsúg og reyk.

9. **Regla II-2/B/9: Loftræstikerfi skipa sem eru smíðuð fyrir 1. janúar 2018 (R 32)**

.1 *Skip sem mega flytja fleiri en 36 farþega*

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Auk þess að vera í samræmi við lið .1 í reglu II/32 í SOLAS- samþykktinni frá 1974, í þeirri útgáfu sem var í gildi 17. mars 1998, skal loftræstikerfið vera í samræmi við undirliði .2.2–.2.6, .2.8 og .2.9 í þessari reglu II-2/B/9.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.2 Almennt skal loftblásurum komið fyrir þannig að loftrásum, sem ná til ýmissa rýma, sé haldið innan lóðrétta afmarkaða aðalsvæðisins.

.3 Ef loftræstikerfi liggja í gegnum þilför skal gera varúðarráðstafanir til viðbótar þeim sem tengjast eldtraustleika þilfarsins, sem kveðið er á um í reglu II-2/A/12.1, til að draga úr líkum á því að reykur og heitar lofttegundir berist frá einu milliþilfarsrými til annars um kerfið. Auk krafnanna um einangrun, sem er að finna í þessari reglu II-2/B/9, skulu lóðréttar loftrásir vera, ef nauðsyn ber til, einangraðar eins og kveðið er á um í viðeigandi töflum í reglu II-2/B/4.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.4 Loftrásir loftræsikerfa skulu smíðaðar úr eftirtöldum efnum:

.1 rásir sem eru 0,075 $m^2$ eða stærri að skurðarflatarmáli og allar lóðréttar rásir, sem þjóna meira en einu milliþilfarsrými, skulu smíðaðar úr stáli eða öðru jafngildu efni,

.2 rásir sem eru minni en 0,075 $m^2$ að skurðarflatarmáli, aðrar en lóðréttu rásirnar sem um getur í undirlið .1.4.1 hér að framan, skulu smíðaðar úr eldtraustu efni; ef slíkar rásir liggja í gegnum skilrúm í flokki A eða B skulu gerðar tilhlýðilegar ráðstafanir til þess að tryggja eldtraustleika skilrúmsins,

.3 stuttar rásir, sem að jafnaði eru hvorki stærri en 0,02 $m^2$ að skurðarflatarmáli né meira en tveir metrar að lengd, þurfa ekki að vera eldtraustar ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

.1 rásin er úr efni sem lítil eldhætta stafar af að mati stjórnvalds fánaríkisins,

.2 rásin er aðeins notuð við enda loftræstikerfisins og

.3 rásin er ekki staðsett nær gegnumtaki á skilrúmi í flokki A eða B, að meðtöldum samfelldum loftum í flokki B, en sem nemur 600 mm, mælt á lengd rásarinnar.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Í stað undirliðar .1 gildir eftirfarandi undirliður .1a.

.1a rásin skal vera úr efni með lágt eldsútbreiðslumark.

.5 Stigagangar skulu loftræstir með sérstakri viftu og loftrásakerfi sem ekki þjónar neinum öðrum rýmum í loftræstikerfinu.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.6 Allir aflknúnir loftblásarar, nema í vélarúmi og farmrými, og önnur kerfi, sem kann að vera kveðið á um í undirlið .2.6, skulu búnir stjórntækjum sem tengd eru þannig að stöðva megi allar viftur frá tveimur aðskildum stöðum sem skulu vera eins langt hvor frá öðrum og mögulegt er. Stjórntæki fyrir loftblásara í vélarúmum skulu einnig vera tengd þannig að þeim megi stjórna frá tveimur stöðum og skal annar þeirra vera utan þessara rýma. Hægt skal vera að stöðva viftur sem þjóna aflknúnum loftblásarakerfum sem liggja til farmrýma frá öruggum stað utan slíkra rýma.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.7 Þar sem almenn rými ná yfir þrjú eða fleiri opin þilför og innihalda brennanlega hluti, s.s. húsgögn og lokuð rými, s.s. verslanir, skrifstofur og veitingastaði, skal vera reyklosunarkerfi í rýminu. Reyklosunarkerfið skal sett í gang af tilskildu reykskynjunarkerfi og vera með handstýringu. Vifturnar skulu vera nægilega stórar til þess að hreinsa megi allt loft í rýminu á tíu mínútum eða skemmri tíma.

.8 Á loftrásum loftræstikerfa skulu vera lúgur á viðeigandi stöðum fyrir eftirlit og þrif, að því marki sem telja má sanngjarnt og framkvæmanlegt.

.9 Loftrásir frá gufugleypum í eldhúsum, sem líklegt er að fita safnist fyrir í, skulu fullnægja kröfum liða .2.3.2.1 og .2.3.2.2 og vera búnar:

.1 fitugildru, sem auðvelt er að fjarlægja til hreinsunar, nema annað viðurkennt fituhreinsikerfi sé notað,

.2 brunaspjaldi, sem staðsett er á neðri enda loftrásarinnar, sjálfvirku og fjarstýrðu, auk fjarstýrðs brunaspjalds á efri enda loftrásarinnar,

.3 föstum búnaði til að slökkva eld í loftrásinni,

.4 fjarstýrðum stýribúnaði til að stöðva út- og innblástursviftur, til að stjórna brunaspjöldunum, sem minnst er á í lið .2, og til að stjórna slökkvikerfinu sem skal vera staðsett nálægt inngangi í eldhús; þar sem sett er upp fjölgreinakerfi skal vera hægt að loka öllum greinum sem blása út um sömu aðalloftrás áður en slökkvimiðill er settur inn í kerfið og

.5 lúgum á viðeigandi stöðum fyrir eftirlit og þrif,

.2 *Skip sem mega flytja 36 farþega eða færri*

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Loftrásir loftræstikerfa skulu vera úr eldtraustu efni. Samt sem áður þurfa stuttar rásir, sem eru að jafnaði ekki lengri en tveir metrar og ekki yfir 0,02 $m^2$ að skurðflatarmáli, ekki að vera eldtraustar ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

.1 þessar rásir skulu vera úr efni, sem lítil eldhætta stafar af, að mati stjórnvalds fánaríkisins,

.2 aðeins má nota þær við enda loftræstikerfisins og

.3 þær skulu ekki vera staðsettar nær opi í skilrúmi í flokki A eða B, að meðtöldum samfelldum loftum í flokki B, en sem nemur 600 mm, mælt langsum með rásinni.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Í stað undirliðar .1 gildir eftirfarandi undirliður .1a.

.1a þessar rásir skulu vera úr efni með lágt eldsútbreiðslumark.

.2a Þar sem loftrásir, sem eru yfir 0,02 $m^2$ að óhindruðu skurðarflatarmáli, liggja í gegnum þil eða þilför í flokki A skal opið klætt að innan með stálslíðri, nema loftrásirnar, sem liggja í gegnum þilin eða þilförin, séu úr stáli næst gegnumtakinu í þilinu eða þilfarinu og skulu loftrásirnar og stálslíðrið uppfylla eftirfarandi ákvæði á þessum hluta rásarinnar:

.1 Slíðrin skulu vera a.m.k. 3 mm á þykkt og a.m.k. 900 mm að lengd.Þegar farið er gegnum þil skal þessari lengd skipt niður í 450 mm sitt hvoru megin við þilið. Þessar loftrásir, eða stálslíður sem klæða þessar loftrásir, skulu búnar eldeinangrun; Einangrunin skal vera a.m.k. jafneldtraust og þilið eða þilfarið sem rásin liggur í gegnum.

.2 Loftrásir, sem eru stærri en 0,075 $m^2$ að óhindruðu skurðflatarmáli, skulu búnar brunaspjöldum til viðbótar kröfunum í undirlið .2.2a.1. Brunaspjaldið skal vera sjálfvirkt en einnig skal vera hægt að loka því handvirkt báðum megin við þilið eða þilfarið. Brunaspjaldið skal tengt álestrartæki sem sýnir hvort það er opið eða lokað. Þó er brunaspjalda ekki krafist þar sem loftrásir liggja í gegnum rými, sem eru afmörkuð með skilrúmum í flokki A, án þess að þjóna þeim rýmum, að því tilskildu að þessar loftrásir séu jafneldtraustar og þilin sem þær liggja í gegnum. Greiður aðgangur skal vera að brunaspjöldum. Í

nýjum skipum í flokki B, C og D, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, þar sem brunaspjöldum er komið fyrir á bak við loft eða veggklæðningar, skal vera eftirlitslúga á þessum loftum eða veggklæðningum og á þeim plata með auðkennisnúmeri brunaspjaldsins. Auðkennisnúmer brunaspjaldsins skal einnig sett á allar fjarstýringar sem þörf er á.

.2b Í nýjum skipum í flokki B, C eða D, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, þar sem loftrásir úr þunnum plötum, sem eru 0,02 $m^2$ eða minna að óhindruðu skurðflatarmáli, liggja í gegnum þil eða þilför í flokki A, skal opið klætt að innan með stálslíðri sem er a.m.k. 3 mm á þykkt og a.m.k. 200 mm langt og skipt niður í 100 mm sitt hvoru megin við þilið eða, ef um er að ræða þilfar, er allt neðan þilfarsins sem rofið er.

.3 Loftrásir til loftræstingar í vélarúmum, eldhúsum, bílaþilförum, ekjufarmrýmum eða sérstökum rýmum skulu ekki liggja gegnum vistarverur, þjónusturými eða stjórnstöðvar nema þær uppfylli þau skilyrði sem tilgreind eru í undirliðum .2.3.1.1–.2.3.1.4 eða .2.3.2.1 og .2.3.2.2:

.1.1 loftrásirnar eru smíðaðar úr stáli sem er a.m.k. 3 mm á þykkt ef loftrásirnar eru 300 mm eða minni að breidd eða þvermáli en 5 mm ef þær eru 760 mm eða stærri; ef breidd eða þvermál loftrása er á bilinu 300 mm og 760 mm skal þykktin ákveðin með brúun,

.1.2 loftrásirnar eru hæfilega styrktar og afstífaðar,

.1.3 loftrásirnar eru búnar sjálfvirkum brunaspjöldum nálægt afmörkununum, sem þær liggja í gegnum, og

.1.4 loftrásirnar eru einangraðar samkvæmt kröfum A-60 frá vélarúmum, eldhúsum, bílaþilförum, ekjufarmrýmum eða sérstökum rýmum að því sem nemur a.m.k. fimm metrum frá hverju brunaspjaldi

eða

.2.1 rásirnar eru smíðaðar úr stáli, í samræmi við liði .2.3.1.1 og .2.3.1.2, og

.2.2 loftrásirnar eru einangraðar samkvæmt kröfum A-60 innan vistarvera, þjónusturýma eða stjórnstöðva;

loftrásirnar sem liggja í gegnum skilrúm í aðalsvæði skulu þó einnig uppfylla kröfur undirliðar .2.8.

Í nýjum skipum í flokki B, C og D, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, skulu loftræstikerfi í vélarúmum í flokki A, ökutækja- og ekjurýmum, eldhúsum, sérstökum rýmum og farmrýmum almennt vera aðskilin hvert frá öðru og frá loftræstikerfum annarra rýma. Þó þurfa loftræstikerfi eldhúsa í farþegaskipum, sem mega flytja 36 farþega eða færri, ekki að vera alveg aðskilin heldur getur loftræstikerfi, sem þjónar öðrum rýmum, þjónað þeim um aðskildar rásir. Í báðum tilvikum skal koma fyrir sjálfvirku brunaspjaldi í loftrás eldhússins nálægt loftræstieiningunni.

.4 Loftrásir til loftræstingar í vistarverum, þjónusturýmum eða stjórnstöðvum skulu ekki liggja gegnum vélarúm, eldhús, bílaþilför, ekjufarmrými eða sérstök rými nema þær uppfylli þau skilyrði sem tilgreind eru í undirliðunum .2.4.1.1–.2.4.1.3 eða .2.4.2.1 og .2.4.2.2:

.1.1 þar sem loftrásir liggja gegnum vélarúm, eldhús, bílaþilför, ekjufarmrými eða sérstök rými eru þær smíðaðar úr stáli í samræmi við undirliði .2.3.1.1 og .2.3.1.2,

.1.2 sjálfvirkum brunaspjöldum er komið fyrir nálægt afmörkununum sem rásirnar liggja í gegnum og

.1.3 traustleika er gætt þar sem rásir liggja gegnum afmarkanir vélarúms, eldhúss, bílaþilfara, ekjufarmrýmis eða sérstaks rýmis

eða

.2.1 þar sem loftrásir liggja í gegnum vélarúm, eldhús, bílaþilför, ekjufarmrými eða sérstök rými eru þær smíðaðar úr stáli í samræmi við undirliði .2.3.1.1 og .2.3.1.2 og

.2.2 loftrásirnar eru einangraðar samkvæmt kröfum A-60 innan vélarúms, eldhúss, bílaþilfars, ekjufarmrýmis eða sérstaks rýmis;

loftrásirnar, sem liggja í gegnum skilrúm í aðalsvæði, skulu þó einnig uppfylla kröfur undirliðar .2.8.

.5 Loftrásir, sem eru stærri en 0,02 $m^2$ að óhindruðu skurðflatarmáli og sem ganga í gegnum þil í flokki B, skulu vera klæddar með 900 mm löngu stálslíðri sem helst er skipt niður í 450 mm hvoru megin við þilið, nema loftrás af þessari lengd sé úr stáli.

.6 Gera skal allar ráðstafanir, sem við verður komið, til þess að tryggja loftræstingu, skyggni og reykleysi í stjórnstöðvum utan vélarúmanna, þótt eldur komi upp, svo unnt sé að stjórna vélunum og tækjunum, sem þar eru, og láta búnaðinn starfa áfram á skilvirkan hátt. Tvö önnur óháð loftinnblásturskerfi skulu vera til staðar. Loftinntök þessara tveggja kerfa skulu vera staðsett þannig að sem minnst hætta sé á að þau dragi bæði inn reyk samtímis; slík ákvæði þurfa ekki að gilda fyrir stjórnstöðvar sem staðsettar eru á og opnast út á opin þilför eða þar sem lokunarbúnaður á staðnum kemur að sömu notum.

.7 Þar sem loftrásir frá gufugleypum í eldhúsum liggja í gegnum vistarverur eða rými, sem hafa að geyma brennanleg efni, skulu þær vera smíðaðar úr skilrúmum í flokki A. Á hverri loftrás skal vera:

.1 fitugildra sem auðvelt er að fjarlægja til hreinsunar,

.2 brunaspjald sem staðsett er á neðri enda loftrásarinnar,

.3 búnaður, sem unnt er að stjórna úr eldhúsinu, til að stöðva útblásturinn og

.4 fastur búnaður til að slökkva eld í loftrásinni.

.8 Þar sem nauðsynlegt er að loftrás loftræstikerfis liggi gegnum skilrúm lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis skal sjálflokandi brunaspjaldi, með varabúnaði sem tekur við ef aðalöryggisbúnaður bilar, komið fyrir samliggjandi skilrúminu. Einnig skal vera hægt að loka spjaldinu handvirkt beggja vegna skilrúmsins. Greiður aðgangur skal vera að stjórnstaðnum sem skal vera merktur með rauðu endurskinsmerki. Loftrásin milli skilrúmsins og brunaspjaldsins skal vera úr stáli eða öðru jafngildu efni og, ef nauðsynlegt er, einangruð í samræmi við kröfur liðar .1 í reglu II-2/A/12. Brunaspjaldinu skal komið fyrir a.m.k. öðru megin við skilrúmið með sýnilegu álestrartæki sem sýnir hvort spjaldið er opið.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.9 Unnt skal vera að loka aðalinntökum og -útrásum allra loftræstikerfa utan rýmanna sem þau loftræsta.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.10 Unnt skal vera að stöðva loftblásara fyrir vistarverur, þjónusturými, farmrými, stjórnstöðvar og vélarúm frá aðgengilegum stað utan rýmisins sem þeir þjóna. Aðgangur að þeim stað má ekki lokast auðveldlega þó að eldur komi upp í rýmunum sem verið er að loftræsta. Búnaðurinn til að stöðva loftblásara vélarúmanna skal vera algerlega óháður þeim búnaði sem er til að stöðva loftræstingu annarra rýma.

.3 SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Eftirfarandi skal prófað í samræmi við IMO-kóðann um brunaprófunaraðferðir:

.1 brunaspjöld, ásamt viðeigandi stjórnbúnaði, og

.2 gegnumtök fyrir loftrásir á skilrúmum í flokki A. Prófunar er ekki krafist ef stálslíðrið er fest beint við loftrásirnar með hnoðuðum eða skrúfuðum flönsum eða með suðu.

9a **Regla II-2/B/9a: Loftræstikerfi í skipum**

SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2018 EÐA SÍÐAR:

.1 *Almennt*

.1 Loftræstirásir, þ.m.t. ein- og tvístokka, skulu vera úr stáli eða jafngildu efni, að undanskildum stuttum, sveigjanlegum belgjum, sem eru ekki lengri en 600 mm, notaðir til að tengja viftur við rör í loftjöfnunarklefum. Nema skýrt sé kveðið á um annað í lið .1.6 skulu önnur efni, sem eru notuð við smíði loftrása, þ.m.t. einangrunarefni, einnig vera eldtraust. Stuttar rásir, sem eru ekki lengri en tveir metrar og með óhindrað skurðflatarmál sem er ekki yfir 0,02 $m^2$ (hugtakið „óhindrað skurðflatarmál“ merkir flatarmálið sem er reiknað út á grundvelli innra flatarmáls loftrásarinnar sjálfrar og ekki einangrunarinnar, jafnvel þótt um sé að ræða foreinangraða loftrás), þurfa ekki að vera úr stáli eða jafngildu efni, sbr. þó eftirfarandi skilyrði:

.1 loftrásirnar skulu vera úr eldtraustu efni sem klæða má að innan og utan með himnu með lágu eldsútbreiðslumarki og, í hverju tilviki, hafa ekki hærra varmagildi en 45 $MJ/m^2$ yfirborðsins miðað við þá þykkt sem notuð er; varmagildi skal reiknað út í samræmi við ráðleggingarnar sem gefnar voru út af Alþjóðlegu staðlasamtökunum, einkum útgáfu ISO-staðalsins 1716:2002 *Reaction to the fire tests for building products — Determination of the heat of combustion,*

.2 rásirnar eru aðeins notaðar við enda loftræstikerfisins og

.3 loftrásirnar eru ekki staðsettar nær opi í skilrúmi í flokki A eða B, að meðtöldum samfelldum loftum í flokki B, en sem nemur 600 mm, mælt langsum með rásinni.

.2 Eftirfarandi skal prófað í samræmi við kóðann um brunaprófunaraðferðir:

.1 brunaspjöld, ásamt viðeigandi stjórnbúnaði, þó er ekki krafist prófunar fyrir brunaspjöld sem staðsett eru á neðri enda loftrásarinnar, þegar um er að ræða útblástursloftrásir frá eldavélum sem verða að vera úr stáli og geta stöðvað dragsúg í loftrásinni, og

.2 gegnumtök sem liggja í gegnum skilrúm í flokki A, þó er ekki krafist prófunar ef stálslíðrið er fest beint við loftrásirnar með hnoðuðum eða skrúfuðum flönsum eða með suðu.

.3 Greiður aðgangur skal vera að brunaspjöldum. Ef brunaspjöldum er komið fyrir á bak við loft eða veggklæðningar skal vera eftirlitslúga á þessum loftum eða veggklæðningum og á þeim plata með auðkennisnúmeri brunaspjaldsins. Auðkennisnúmer brunaspjaldsins skal einnig sett á allar meðfylgjandi fjarstýringar.

.4 Á loftræstirásum skulu vera lúgur fyrir eftirlit og þrif. Lúgurnar skulu staðsettar nálægt brunaspjöldunum.

.5 Unnt skal vera að loka aðalinntökum og -útrásum loftræstikerfa utan rýmanna sem þau loftræsta. Greiður aðgangur skal vera að lokunarbúnaði og auk þess skal hann greinilega og varanlega merktur og á honum tilgreint hvort hann sé í opinni eða lokaðri stöðu.

.6 Notkun brennanlegra þéttinga í samskeytum loftræstirása með flönsum er ekki leyfileg innan við 600 mm frá opi á skilrúmi í flokki A eða B og í loftrásum sem krafist er að séu í flokki A.

.7 Ekki er heimilt að leggja loftræstiop eða loftrásir á milli tveggja lokaðra rýma, nema slíkt sé heimilað samkvæmt lið .7 í reglu II-2/B/7.

.2 *Fyrirkomulag loftrása*

.1 Loftræstikerfi í vélarúmum í flokki A, ökutækja- og ekjurýmum, eldhúsum, sérstökum rýmum og farmrýmum skulu vera aðskilin hvert frá öðru og frá loftræstikerfum annarra rýma. Þó þurfa loftræstikerfi eldhúsa í farþegaskipum, sem mega flytja 36 farþega eða færri, ekki að vera alveg aðskilin frá öðrum loftræstikerfum, heldur getur loftræstikerfi, sem þjónar öðrum rýmum, þjónað þeim um aðskildar rásir. Í slíku tilviki skal koma fyrir sjálfvirku brunaspjaldi í loftrás eldhússins nálægt loftræstieiningunni.

.2 Loftrásir til loftræstingar í vélarúmum í flokki A, eldhúsum, ökutækja- og ekjurýmum eða sérstökum rýmum skulu ekki liggja gegnum vistarverur, þjónusturými eða stjórnstöðvar nema þær uppfylli ákvæðin í lið .2.4.

.3 Loftrásir til loftræstingar í vistarverum, þjónusturýmum eða stjórnstöðvum skulu ekki liggja gegnum vélarúm í flokki A, eldhús, ökutækja- og ekjurými eða sérstök rými nema þær uppfylli ákvæðin í lið .2.4.

.4 Eins og heimilað er í liðum .2.2 og .2.3 skulu loftrásir annaðhvort:

.1.1 smíðaðar úr stáli sem er a.m.k. 3 mm á þykkt ef loftrásirnar eru 0,075 $m^2$ eða minna að óhindruðu skurðflatarmáli, a.m.k. 4 mm á þykkt ef þær eru á milli 0,075 $m^2$ og 0,45 $m^2$ að óhindruðu skurðflatarmáli og a.m.k. 5 mm á þykkt ef þær eru yfir 0,45 $m^2$ að óhindruðu skurðflatarmáli,

.1.2 hæfilega styrktar og afstífaðar,

.1.3 búnar sjálfvirkum brunaspjöldum nálægt afmörkununum, sem þær liggja í gegnum, og

.1.4 einangraðar samkvæmt kröfum A-60 frá afmörkun þeirra rýma sem þær eru notaðar fyrir, að því sem nemur a.m.k. 5 metrum frá hverju brunaspjaldi,

eða

.2.1 rásirnar eru smíðaðar úr stáli í samræmi við liði .2.4.1.1 og .2.4.1.2 og

.2.2 einangraðar samkvæmt kröfum A-60 innan þeirra rýma sem þær liggja í gegnum, nema loftrásir sem liggja gegnum rými í flokki 9 eða 10, eins og þau eru skilgreind í undirlið .2.2 í reglu II-2/B/4.

.5 Að því er varðar undirliði .2.4.1.4 og .2.4.2.2 skal einangrun þekja allt ytra skurðflatarmál loftrásarinnar. Loftrásir, sem eru utan við en nálægt rýminu sem um ræðir og deila með því einni eða fleiri hliðum, skulu teljast liggja gegnum umrætt rými og skulu einangraðar á þeim hliðum sem þær deila með rýminu að því sem nemur 450 mm frá loftrásinni (uppköst af slíku fyrirkomulagi eru í samræmdri túlkun SOLAS-samþykktarinnar, kafla II-2 (MSC.1/Circ. 1276)).

.6 Þar sem nauðsynlegt er að loftrás loftræstikerfis liggi gegnum skilrúm lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis skal sjálfvirku brunaspjaldi komið fyrir samliggjandi skilrúminu. Einnig skal vera hægt að loka spjaldinu handvirkt beggja vegna skilrúmsins. Stjórntækið skal staðsett þannig að auðvelt sé að komast að því og það merkt með skýrum og áberandi hætti. Loftrásin á milli skilrúmsins og brunaspjaldsins skal gerð úr stáli í samræmi við undirliði .2.4.1.1 og .2.4.1.2 og vera einangruð þannig að hún hafi a.m.k. sama eldtraustleika og skilrúmið sem er rofið. Brunaspjaldinu skal komið fyrir a.m.k. öðru megin við skilrúmið með sýnilegu álestrartæki sem sýnir hvort brunaspjaldið er opið eða lokað.

.3 *Upplýsingar um brunaspjöld og gegnumtök*

.1 Loftrásir, sem liggja í gegnum skilrúm í flokki A, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

.1 þar sem loftrásir úr þunnum plötum, sem eru 0,02 $m^2$ eða minna að óhindruðu skurðflatarmáli, liggja í gegnum skilrúm í flokki A, skal opið klætt að innan með stálslíðri sem er a.m.k. 3 mm á þykkt og a.m.k. 200 mm langt og skipt niður í 100 mm sitt hvoru megin við þilið eða, ef um er að ræða þilfar, verður öll neðri hlið þilfarsins, sem farið er í gegnum, að vera klædd stálslíðri,

.2 þar sem loftrásir, sem eru stærri en 0,02 $m^2$ að óhindruðu skurðflatarmáli, en ekki stærri en 0,075 $m^2$, liggja í gegnum skilrúm í flokki A, skal opið klætt að innan með stálslíðri. Rásirnar og slíðrin skulu vera a.m.k. 3 mm á þykkt og a.m.k. 900 mm að lengd. Þegar farið er gegnum þil skal þessari lengd helst skipt niður í 450 mm sitt hvoru megin við þilið. Þessar loftrásir, eða stálslíður sem klæða þessar loftrásir, skulu búnar eldeinangrun; einangrunin skal vera a.m.k. jafneldtraust og skilrúmið, sem loftrásin liggur í gegnum, og

.3 sjálfvirkum brunaspjöldum skal komið fyrir í öllum loftrásum sem eru stærri en 0,075 $m^2$ að óhindruðu skurðflatarmáli og liggja í gegnum skilrúm í flokki A. Hverju brunaspjaldi skal komið fyrir nálægt því skilrúmi sem farið er í gegnum og loftrásin, sem liggur á milli brunaspjaldsins og skilrúmsins sem farið er í gegnum, skal smíðuð úr stáli í samræmi við undirliði .2.4.2.1 og .2.4.2.2. Brunaspjaldið skal vera sjálfvirkt en einnig skal vera hægt að loka því handvirkt beggja vegna skilrúmsins. Brunaspjaldinu skal komið fyrir með sýnilegu álestrartæki sem sýnir hvort brunaspjaldið er opið eða lokað. Þó er brunaspjalda ekki krafist þar sem loftrásir liggja í gegnum rými, sem eru afmörkuð með skilrúmum í flokki A, án þess að þjóna þeim rýmum, að því tilskildu að þessar loftrásir séu jafneldtraustar og þilin sem þær liggja í gegnum. Ekki skal skipta loftrás, sem er stærri en 0,075 $m^2$ að skurðflatarmáli, upp í smærri rásir þegar hún er lögð er í gegnum skilrúm í flokki A og sameina svo rásirnar aftur í upprunalegu loftrásina þegar þær eru komnar í gegnum skilrúmið, í þeim tilgangi að komast hjá því að setja upp brunaspjaldið sem krafist er samkvæmt þessum ákvæðum.

.2 Loftrásir, sem eru stærri en 0,02 $m^2$ að óhindruðu skurðflatarmáli og sem ganga í gegnum þil í flokki B, skulu vera klæddar með 900 mm löngu stálslíðri sem helst er skipt niður í 450 mm hvoru megin við þilið, nema loftrás af þessari lengd sé úr stáli.

.3 Öllum brunaspjöldum skal vera unnt að stjórna handvirkt. Brunaspjöldin skulu vera með vélrænan búnað sem gerir kleift að losa þau tafarlaust eða, að öðrum kosti, með lokunarbúnað sem er raf-, vökva- eða loftknúinn. Öllum brunaspjöldum skal vera unnt að stjórna handvirkt beggja vegna skilrúmsins. Sjálfvirk brunaspjöld, þ.m.t. spjöld sem unnt er að stjórna með fjarstýringu, skulu búin varaöryggisbúnaði sem mun loka brunaspjaldinu við bruna jafnvel þó að rafmagn fari af eða við tap á vökva- eða loftþrýstingi. Hægt skal vera að opna aftur fjarstýrð brunaspjöld handvirkt við sjálft spjaldið.

.4 *Loftræstikerfi í farþegaskipum sem mega flytja 36 farþega eða fleiri*

.1 Í viðbót við kröfurnar, sem settar eru fram í liðum .1, .2 og .3, skulu loftræstikerfi farþegaskipa, sem mega flytja 36 farþega eða fleiri, einnig uppfylla eftirfarandi kröfur:

.1 Almennt skal loftblásurum komið fyrir þannig að loftrásum, sem ná til ýmissa rýma, sé haldið innan lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis.

.2 Stigagangar skulu loftræstir með sérstökum loftblásara og loftrásakerfi (út- og innblástur) sem skulu ekki þjóna neinum öðrum rýmum í loftræstikerfinu.

.3 Án tillits til skurðflatarmáls hennar skal loftrás, sem þjónar milliþilfari með mörgum vistarverum, þjónusturýmum eða stjórnstöðvum, komið fyrir nálægt þeim stað þar sem rásin liggur í gegnum þilför slíkra rýma og skal hún búin sjálfvirku reykspjaldi, sem skal einnig vera hægt að loka handvirkt frá þilfarinu, sem er varið, fyrir ofan reykspjaldið. Ef vifta þjónar fleiri en einu milliþilfarsrými um aðskildar rásir innan lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis, þar sem hver rás er helguð einu milliþilfarsrými, skal hver rás búin handvirku reykspjaldi sem komið er fyrir nálægt viftunni.

.4 Ef nauðsyn krefur skulu lóðréttar loftrásir einangraðar með þeim hætti sem kveðið er á um í töflum 4.1 og 4.2. Loftrásir skulu einangraðar í samræmi við þær forskriftir sem gilda fyrir þilför milli þess rýmis sem þær þjóna og þess rýmis sem er til skoðunar, eftir því sem við á.

.5 *Útblástursloftrásir frá eldavélum*

.1 Kröfur fyrir farþegaskip sem mega flytja 36 farþega eða fleiri

.1 Til viðbótar við kröfurnar, sem settar eru fram í liðum .1, .2 og .3, skulu útblástursloftrásir frá eldavélum smíðaðar í samræmi við ákvæði liðar .2.4.2.1 og .2.4.2.2 og einangraðar samkvæmt kröfum A-60 í öllum vistarverum, þjónusturýmum eða stjórnstöðvum sem þær liggja í gegnum. Þær skulu einnig vera búnar:

.1 fitugildru, sem auðvelt er að fjarlægja til hreinsunar, nema annað viðurkennt fituhreinsikerfi sé notað,

.2 brunaspjaldi, sem er sjálfvirkt og fjarstýrt og er staðsett á neðri enda loftrásarinnar við samskeyti loftrásarinnar og gufugleypi eldavélarinnar, sem og fjarstýrðu brunaspjaldi, sem er staðsett á efri enda loftrásarinnar, nálægt útrás loftrásarinnar,

.3 föstum búnaði til að slökkva eld í loftrásinni; slökkvikerfin skulu vera í samræmi við tilmæli sem Alþjóðlegu staðlasamtökin gefa út, einkum útgáfu ISO-staðalsins 15371:2009 *Ships and marine technology — Fire-extinguishing systems for protection of galley cooking equipment*;

.4 fjarstýrðum stjórnbúnaði til að stöðva út- og innblástursviftur, til að stjórna brunaspjöldunum, sem tilgreind eru í lið .5.1.1.2, og til að stjórna slökkvikerfinu sem skal vera staðsett fyrir utan eldhúsið nálægt inngangi í eldhús; þar sem sett er upp fjölgreinakerfi skal vera hægt að loka öllum greinum, sem blása út um sömu aðalloftrás, með notkun fjarstýringar, sem staðsett er hjá framangreindum stjórnbúnaði, áður en slökkvimiðill er settur inn í kerfið og

.5 lúgum á viðeigandi stöðum fyrir eftirlit og þrif, þ.m.t. eina nálægt útblástursviftunni og eina við neðri enda loftrásarinnar þar sem fita safnast fyrir.

.2 Útblástursloftrásir frá eldavélum, sem eru á opnum þilförum, sem liggja í gegnum vistarverur eða rými, sem hafa að geyma brennanleg efni, skulu samræmast ákvæðum liðar .5.1.1, eftir því sem við á.

.2 Kröfur fyrir farþegaskip sem mega flytja 36 farþega eða færri

Þar sem útblástursloftrásir frá eldavélum liggja í gegnum vistarverur eða rými, sem hafa að geyma brennanleg efni, skulu þær vera smíðaðar í samræmi við ákvæði undirliða .2.4.1.1 og .2.4.1.2. Á hverri útblástursloftrás skal vera:

.1 fitugildra sem auðvelt er að fjarlægja til hreinsunar,

.2 sjálfvirkt og fjarstýrt brunaspjald, sem staðsett er á neðri enda loftrásarinnar við samskeyti loftrásarinnar og gufugleypi eldavélarinnar, sem og fjarstýrt brunaspjald á efri enda loftrásarinnar, nálægt útrás loftrásarinnar,

.3 búnaður, sem unnt er að stjórna úr eldhúsinu, til að stöðva út- og innblástursvifturnar og

.4 fastur búnaður til að slökkva eld í loftrásinni.

.6 *Loftræstiklefar sem þjóna vélarúmum í flokki A sem í eru brunahreyflar*

.1 Ef loftræstiklefi þjónar eingöngu slíku aðliggjandi vélarúmi og eldvarnarskilrúm milli loftræstiklefans og vélarúmsins er ekki til staðar skal búnaðurinn til að loka loftræstirásinni eða -rásunum fyrir vélarúmið staðsettur utan loftræstiklefans og vélarúmsins.

.2 Ef loftræstiklefi þjónar slíku vélarúmi sem og öðrum rýmum og hann er aðskilinn frá vélarúminu með skilrúmi í flokki A-0, þ.m.t. gegnumtök, skal búnaðurinn til að loka loftræstirásinni eða -rásunum fyrir vélarúmið staðsettur í loftræstiklefanum.

.7 *Loftræstikerfi fyrir þvottahús í farþegaskipum sem mega flytja 36 farþega eða fleiri*

Útblástursloftrásir frá þvottahúsum og þurrkherbergjum í rýmum í flokki 13, eins og skilgreint er í undirlið .2.2 í reglu II-2/B/4, skulu búnar:

.1 síum sem auðvelt er að fjarlægja til hreinsunar,

.2 sjálfvirku og fjarstýrðu brunaspjaldi sem staðsett er á neðri enda loftrásarinnar,

.3 fjarstýrðum stýribúnaði til að stöðva út- og innblástursviftur innan úr rýminu og til að stjórna brunaspjaldinu, sem tilgreint er í undirlið .7.2, og

.4 lúgum á viðeigandi stöðum fyrir eftirlit og þrif.

10. **Regla II-2/B/10: Gluggar og kýraugu (R 33)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1 Allir gluggar og kýraugu á þiljum í vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum, öðrum en þeim sem ákvæði liðar .5 í reglu II-2/B/7 gilda um, skulu smíðuð þannig að þau uppfylli kröfur um traustleika sem gerðar eru til þiljanna sem þau eru á.

Í nýjum skipum í flokki B, C og D, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, skal þetta ákveðið í samræmi við kóðann um brunaprófunaraðferðir.

.2 Þrátt fyrir kröfur í töflum í reglum II-2/B/4 og II-2/B/5 skulu allir gluggar og kýraugu á þiljum vistarvera, þjónusturýma og stjórnstöðva, sem eru áveðurs, vera í ramma úr stáli eða öðru viðeigandi efni. Glerinu skal haldið á sínum stað með málmlista eða horni.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM MEGA FLYTJA FLEIRI EN 36 FARÞEGA:

.3 Gluggar, sem snúa að björgunarbúnaði, svæðum þar sem farið er um borð og söfnunarsvæðum, útistigum og opnum þilförum, sem notuð eru sem undankomuleiðir, og gluggar, sem staðsettir eru fyrir neðan svæði þar sem farið er um borð í björgunarfleka og neyðarrennur, skulu hafa þann eldtraustleika sem krafist er í töflum í reglu II-2/B/4. Þar sem eru sjálfvirkir ýringarhausar fyrir glugga má viðurkenna A-0-glugga sem jafngilda.

Í nýjum skipum í flokki B, C og D, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, skulu sjálfvirkir ýringarhausar annaðhvort vera:

.1 sérstakir hausar, sem staðsettir eru yfir gluggum og sem settir eru upp til viðbótar við hefðbundna ýringarhausa í loftum, eða

.2 hefðbundnir ýringarhausar fyrir loft, sem komið er fyrir þannig að gluggi sé varinn með meðalútstreymi, sem er a.m.k. 5 $l/m^2$ á mínútu, og að viðbótarsvæði í kringum gluggann sé tekið með við útreikning á því svæði sem útstreymið nær til.

Gluggar, sem staðsettir eru á hlið skipsins, neðan svæðanna þar sem farið er um borð í lífbáta, skulu hafa eldtraustleika sem jafngildir a.m.k. flokki A-0.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM MEGA FLYTJA 36 FARÞEGA EÐA FÆRRI OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.4 Þrátt fyrir kröfur í töflum í reglu II-2/B/5 skal gæta sérstaklega að eldtraustleika glugga, sem snúa að opnum eða lokuðum svæðum þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka, og eldtraustleika glugga sem eru undir slíkum svæðum og sem eru staðsettir þannig að brygðust þeir í eldsvoða myndi það hindra sjósetningu lífbáta eða björgunarfleka eða að hægt væri að fara um borð í þá.

11. **Regla II-2/B/11: Takmörkuð notkun brennanlegra efna (R 34)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Annars staðar en í farmrýmum, póstklefum og farangursrýmum eða kældum hólfum í þjónusturýmum skulu allar veggklæðningar, undirbyggingar, dragsúgshindranir, loft og einangrun vera úr eldtraustum efnum. Hlutaþil eða þilför, sem notuð eru til að hólfa niður rými til ákveðinna nota eða aukinnar prýði, skulu einnig vera úr eldtraustu efni.

.2 Gufuvörn og lím, sem notuð eru í tengslum við einangrun kælikerfa, svo og einangrun röra, þurfa ekki að vera úr eldtraustu efni en nota skal eins lítið af því og við verður komið og óvarðir fletir skulu hafa eldþolseiginleika í samræmi við prófunarferlið sem fram kemur í IMO-ályktun A.653(16).

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Í stað liðar .2 gildir eftirfarandi liður .2a:

.2a Gufuvörn og lím, sem notuð eru í tengslum við einangrun, svo og einangrun röra fyrir kælikerfi, þurfa ekki að vera úr eldtraustu efni en nota skal eins lítið af því og við verður komið og óvarðir fletir skulu hafa lágt eldsútbreiðslumark.

.3 Eftirtaldir fletir skulu hafa lágt eldsútbreiðslumark:

.1 óvarðir fletir á göngum og í stigagöngum, svo og á þiljum, vegg- og loftklæðningum í öllum vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum,

.2 lokuð og óaðgengileg rými í vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum.

.4 Heildarmagn brennanlegra klæðninga, lista, skreytinga og spónlagðra þilja má ekki vera meira í neinni vistarveru og þjónusturými en jafngildi 2,5 mm spóns á samanlögðu yfirborði veggja og lofts. Húsgögn, sem eru fest við klæðningar, þil- eða þilfarsklæðningar, þarf ekki að telja með í heildarmagni brennanlegra efna.

Í skipum með sjálfvirku úðakerfi, sem er í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/8, má eitthvað af því brennanlega efni, sem notað er til að reisa skilrúm í flokki C, vera innifalið í framangreindu magni.

.5 Spónn, sem notaður er á yfirborð og klæðningar sem falla undir kröfur liðar .3, skal ekki hafa hærra varmagildi en 45 MJ/m$^2$ yfirborðsins miðað við þá þykkt sem notuð er.

.6 Húsgögn í stigagöngum skulu takmarkast við sæti. Þau skulu vera föst, vera mest sex sæti á hverju þilfari í hverjum stigagangi, af þeim skal stafa takmörkuð eldhætta og þau skulu ekki hindra undankomuleið farþega. Stjórnvaldi fánaríkis er heimilt að leyfa aukasæti í aðalmóttöku innan stigagangs ef þau eru föst, eldtraust og hindra ekki undankomuleið farþega. Húsgögn eru óheimil á göngum farþega og áhafnar sem eru undankomuleiðir frá klefasvæðum. Auk framangreinds má heimila skápa úr eldtraustu efni undir þann öryggisbúnað sem viðkomandi reglur krefjast. Drykkjarvatnsbrunnar og ísmolavélar mega vera á göngum ef þau eru föst og takmarka ekki breidd undankomuleiða. Sama gildir um blóma- eða plöntuskreytingar, styttur eða önnur listaverk, s.s. málverk og listvefnað, á göngum og í stigagöngum.

.7 Málning, lökk og önnur áferðarefni, sem notuð eru á óvarða fleti innanskips, skulu hvorki geta myndað óhóflega mikinn reyk né eiturefni.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Í stað liðar .7 gildir eftirfarandi liður .7a:

.7a Málning, lökk og önnur áferðarefni, sem notuð eru á óvarða fleti innanskips, skulu hvorki geta myndað óhóflega mikinn reyk né eiturefni og skal það ákveðið í samræmi við IMO-kóðann um brunaprófunaraðferðir.

.8 Grunnar á þilförum í vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum skulu vera úr samþykktum efnum sem hvorki kviknar auðveldlega í, í samræmi við kóðann um brunaprófunaraðferðir sem kveðið er á um í IMO-ályktun A.687(17), né valda hættu á eiturefnum eða sprengingum við háan hita.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Í stað liðar .8 gildir eftirfarandi liður .8a:

.8a Grunnar á þilförum í vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum skulu vera úr samþykktum efnum sem hvorki kviknar auðveldlega í né valda hættu á eiturefnum eða sprengingum við háan hita og skal það ákveðið í samræmi við IMO-kóðann um brunaprófunaraðferðir.

12. **Regla II-2/B/12: Ýmsir verkhlutar smíðinnar (R 35)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Í vistarverum, þjónusturýmum, stjórnstöðvum, göngum og stigum:

.1 skulu holrúm á bak við loft, þiljur eða veggklæðningar hólfuð niður með þéttum dragsúgshindrunum með mest 14 metra millibili,

.2 skulu þessi holrými, að meðtöldum þeim sem eru á bak við veggklæðningar á stigagöngum, stokkum o.s.frv. í láréttri stöðu, vera lokuð við sérhvert þilfar.

13. **Regla II-2/B/13: Föst eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi og sjálfvirkt ýringar-, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi (R 14) (R 36)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Í sérhverju aðskildu svæði skipa sem mega flytja 36 eða færri farþega, hvort sem það er lóðrétt eða lárétt afmarkað, í öllum vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum, nema rýmum þar sem eldhætta er minni, s.s. tómarýmum, hreinlætisaðstöðu o.s.frv., skal vera annaðhvort:

.1 fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af viðurkenndri gerð, í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/9, og skal það uppsett og því komið fyrir þannig að það skynji eld í slíkum rýmum, þó skal það, í nýjum skipum í flokki B, C og D, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, skynja reyk á göngum, í stigum og á undankomuleiðum frá vistarverum eða

.2 sjálfvirkt ýringar-, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af viðurkenndri gerð, í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/8 eða leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um viðurkennt, jafngilt ýringarkerfi, eins og kveðið er á um í IMO-ályktun A.800(19), og skal það uppsett og því komið fyrir þannig að það verji slík rými, auk fasts eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfis af viðurkenndri gerð, í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/9, og skal það uppsett og því komið fyrir þannig að það skynji reyk á göngum, í stigum og á undankomuleiðum frá vistarverum.

.2 Skip sem mega flytja fleiri en 36 farþega skulu vera búin:

sjálfvirkum ýringarbúnaði, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af viðurkenndri gerð, í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/8 eða leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um viðurkennt, jafngilt ýringarkerfi, eins og kveðið er á um í IMO-ályktun A.800(19), í öllum þjónusturýmum, stjórnstöðvum og vistarverum, þar á meðal göngum og stigum.

Annar valkostur er sá að í stjórnstöðvum, þar sem vatnsleki gæti valdið skemmdum á mikilvægum búnaði, sé sett upp viðurkennt, fast slökkvikerfi af annarri gerð.

Setja skal upp fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af viðurkenndri gerð í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/9 og skal það uppsett og því komið fyrir þannig að það skynji reyk í þjónusturýmum, stjórnstöðvum og vistarverum, þar á meðal göngum og stigum. Ekki er nauðsynlegt að setja upp reykskynjara á einkabaðherbergjum og eldhúsum.

Í rýmum þar sem er lítil eða engin eldhætta, s.s. tómarýmum, almenningssalernum, koltvísýringsrýmum og áþekkum rýmum, þarf ekki að setja upp sjálfvirkt ýringarkerfi eða fast eldskynjunar- og viðvörunarkerfi.

.3 Í vélarúmum, sem eru ómönnuð tímabundið, skal setja upp fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af samþykktri gerð, í samræmi við viðeigandi ákvæði reglu II-2/A/9.

Hönnun eldskynjunarkerfisins og staðsetning skynjaranna skal vera þannig að þeir nemi fljótt kviknun elds í hvaða hluta þessara rýma sem er og við allan eðlilegan gang vélanna og þær breytingar í loftræstingu sem búast má við vegna hugsanlegra hitabreytinga í umhverfinu. Notkun skynjunarkerfa, sem eingöngu byggjast á hitaskynjurum, skal óheimil nema í rýmum þar sem er takmörkuð lofthæð og þar sem notkun þeirra á sérstaklega við. Skynjunarkerfið skal gefa frá sér heyranleg og sýnileg viðvörunarmerki, sem hvoru tveggja eru ólík viðvörunarmerkjum allra annarra kerfa sem ekki gefa til kynna eld, á nægilega mörgum stöðum til að tryggja að viðvörunin heyrist og sjáist á stjórnpalli og af vélstjóra sem ber ábyrgð á vakt.

Þegar enginn er á stjórnpalli skal viðvörunarmerkið heyrast þar sem ábyrgur maður úr áhöfn skipsins er á vakt.

Eftir uppsetningu skal kerfið prófað við breytileg skilyrði að því er varðar gang vélar og loftræstingu.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2018 EÐA SÍÐAR:

.4 Setja skal upp fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af samþykktri gerð, í samræmi við viðeigandi ákvæði reglu II-2/A/9, í vélarúmum þar sem:

.4.1 uppsetning sjálfvirkra og fjarstýrðra kerfa hefur verið samþykkt í stað stöðugrar mönnunar rýmisins og

.4.2 aðalframdrifsvélarnar og tilheyrandi vélbúnaður, þ.m.t. aðalrafaflgjafar, eru mismunandi mikið sjálfvirk eða fjarstýrð og eru undir stöðugu mönnuðu eftirliti frá stjórnklefa.

.5 Setja skal upp fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af samþykktri gerð, í samræmi við viðeigandi ákvæði reglu II-2/A/9, í lokuðum rýmum með brennsluofnum.

.6 Að því er varðar föstu eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfin, sem krafist er samkvæmt liðum .4 og .5 í reglu II-2/B/13, gildir eftirfarandi:

Hönnun eldskynjunarkerfisins og staðsetning skynjaranna skal vera þannig að þeir nemi fljótt kviknun elds í hvaða hluta þessara rýma sem er og við allan eðlilegan gang vélanna og þær breytingar í loftræstingu sem búast má við vegna hugsanlegra hitabreytinga í umhverfinu. Notkun skynjunarkerfa, sem eingöngu byggjast á hitaskynjurum, skal óheimil nema í rýmum þar sem er takmörkuð lofthæð og þar sem notkun þeirra á sérstaklega við. Skynjunarkerfið skal gefa frá sér heyranleg og sýnileg viðvörunarmerki, sem hvoru tveggja eru ólík viðvörunarmerkjum allra annarra kerfa, sem ekki gefa til kynna eld, á nægilega mörgum stöðum til að tryggja að viðvörunin heyrist og sjáist á stjórnpalli og af vélstjóra sem ber ábyrgð á vakt.

Þegar enginn er á stjórnpalli skal viðvörunarmerkið heyrast þar sem ábyrgur maður úr áhöfn skipsins er á vakt.

Eftir uppsetningu skal kerfið prófað við breytileg skilyrði að því er varðar gang vélar og loftræstingu.

14. **Regla II-2/B/14: Vörn sérstakra rýma (R 37)**

.1 *Ákvæði sem gilda um sérstök rými, hvort heldur er ofan eða neðan skilrúmsþilfars*

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B SEM MEGA FLYTJA FLEIRI EN 36 FARÞEGA:

.1 Almennt

.1 Grundvallarreglan að baki ákvæða þessarar reglu II-2/B/14 er að þar sem venjuleg lóðrétt aðalsvæða-skipting kann að vera óframkvæmanleg í sérstökum rýmum verður jafngild vörn að nást í slíkum rýmum á grundvelli láréttrar svæðaskiptingar og með notkun skilvirks, fasts slökkvikerfis. Samkvæmt þeirri aðferð getur lárétt svæði, að því er varðar reglu II-2/B/14, tekið til sérstakra rýma á fleiri en einu þilfari, að því tilskildu að óhindruð heildarhæð fyrir ökutæki sé ekki yfir 10 metrar.

.2 Kröfur reglna II-2/A/12, II-2/B/7, II-2/B/9 og II-2/B/9a um að viðhalda traustleika lóðréttra svæða skulu gilda jafnt um þilför og þil sem afmarka lárétt svæði og greina þau hvort frá öðru og frá öðrum hlutum skipsins.

.2 Burðarvirkisvörn

.1 Í nýjum skipum, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skulu þil og þilför, sem afmarka sérstök rými, vera einangruð samkvæmt kröfum A-60. Þó má færa staðalinn niður í A-0 ef öðru megin við skilrúmið er opið þilfarsrými (eins og skilgreint er í 5. lið undirliðar .2.2 í reglu II-2/B/4, hreinlætisaðstaða eða áþekkt rými (eins og skilgreint er í 9. lið undirliðar .2.2 í reglu II-2/B/4 eða geymir, tómarými eða hjálparvélarúm þar sem er lítil eða engin eldhætta (eins og skilgreint er í 10. lið undirliðar .2.2 í reglu II-2/B/4.

Þar sem brennsluolíugeymar eru undir sérstöku rými er heimilt að færa brunastaðalinn fyrir þilfarið á milli slíkra rýma niður í A-0.

.2 Í nýjum skipum, sem eru smíðuð fyrir 1. janúar 2018 og sem mega flytja 36 farþega eða færri, og í gömlum skipum í flokki B, sem mega flytja 36 farþega eða fleiri, skulu þil, sem afmarka sérstök rými, vera einangruð eins og kveðið er á um fyrir rými í flokki 11 í töflu 5.1 í reglu II-2/B/5 og láréttar afmarkanir eins og kveðið er á um fyrir rými í flokki 11 í töflu 5.2 í reglu II-2/B/5. Í skipum, sem eru smíðuð 1. janúar 2018 eða síðar og mega flytja 36 farþega eða færri, skulu þil, sem afmarka sérstök rými, vera einangruð eins og kveðið er á um fyrir rými í flokki 11 í töflu 5.1(a) í reglu II-2/B/5 og láréttar afmarkanir eins og kveðið er á um fyrir rými í flokki 11 í töflu 5.2(a) í reglu II-2/B/5.

.3 Á stjórnpalli skulu vera álestrartæki, sem sýna fyrir hverja einstaka eldvarnarhurð, sem liggur að eða frá sérstöku rými, hvort hún sé lokuð.

Hurðir á dyrum að sérstökum rýmum skulu vera smíðaðar þannig að ekki sé hægt að hafa þær stöðugt opnar og þær skulu hafðar lokaðar meðan skipið er á ferð.

.3 Fast slökkvikerfi

Í sérhverju sérstöku rými skal vera viðurkennt, fast slökkvikerfi með háþrýstiýringu sem stjórna má handvirkt og skal ná yfir alla hluta sérhvers þilfars og ökutækjapalls í slíku rými.

Í nýjum skipum í flokki B, C og D, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, skulu slík vatnsúðakerfi hafa:

.1 þrýstingsmæli á soggreinarloka,

.2 skýrar merkingar á hverjum soggreinarloka þar sem tilgreint er hvaða rýmum hann þjónar,

.3 leiðbeiningar um viðhald og stjórnun, staðsettar í lokarými, og

.4 nægan fjölda tæmingarloka.

Stjórnvaldi fánaríkis er heimilt að leyfa notkun annars fasts slökkvikerfis sem sýnt hefur verið fram á, með allsherjarprófun, við aðstæður þar sem líkt er eftir eldsvoða, þar sem kviknað hefur í vegna bensínleka í sérstöku rými, að er ekki síður skilvirkt til að ráða niðurlögum elds sem gæti kviknað í slíku rými. Slíkt fast slökkvikerfi með háþrýstiýringu eða annað jafngilt slökkvikerfi skal samrýmast ákvæðum IMO-ályktunar A.123(V), auk þess sem tekið skal tillit til IMO MSC/Circ. 1272 „leiðbeiningar við viðurkenningu á öðrum vatnsslökkvikerfum til notkunar í sérstökum rýmum“.

.4 Brunavarsla og eldskynjun

.1 Hafa skal skilvirkt brunavörslukerfi í sérstökum rýmum. Í sérhverju slíku rými, þar sem ekki er brunavarsla í formi stöðugrar brunavaktar meðan á sjóferð stendur, skal vera fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af viðurkenndri gerð sem er í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/9. Fasta eldskynjunarkerfið skal vera þannig að það nemi fljótt kviknun elds. Gerð og staðsetning skynjara og bil á milli þeirra skulu ákveðin með tilliti til áhrifa loftræstingar og annarra þátta sem máli skipta.

Í nýjum skipum í flokki B, C og D, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, skal prófa kerfið eftir uppsetningu við venjuleg loftræstingarskilyrði og gefa heildarsvörunartíma sem stjórnvald fánaríkisins sættir sig við.

.2 Handboðar skulu vera eftir þörfum í sérstökum rýmum og einn staðsettur nálægt hverjum útgangi úr slíkum rýmum.

Í nýjum skipum í flokki B, C og D, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, skal handboðum komið fyrir þannig að handboði sé ekki í meira en 20 metra fjarlægð frá neinum stað í rýminu.

.5 Handslökkvitæki

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ FYRIR 1. JANÚAR 2003, OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.5a Í sérhverju sérstöku rými skulu vera:

.1 a.m.k. þrír þokustútar,

.2 eitt froðuhandslökkvitæki í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/6, að því tilskildu að a.m.k. tvö slík tæki séu í skipinu til nota í slíku rými, og

.3 a.m.k. eitt handslökkvitæki sem staðsett er við hvern aðgang að slíku rými.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

.5b Handslökkvitæki skulu vera á hverri þilfarshæð, í sérhverju farmrými eða hólfi, sem ökutæki eru flutt í, með mest 20 metra millibili, beggja megin í rýminu. A.m.k. eitt handslökkvitæki skal vera við hvern aðgang að slíku rými.

Auk þess skal eftirfarandi slökkvibúnaður vera í sérstökum rýmum:

.1 a.m.k. þrír þokustútar og

.2 eitt froðuhandslökkvitæki í samræmi við ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi, að því tilskildu að a.m.k. tvö slík tæki séu í skipinu til nota í slíku ekjurými.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.6 Loftræstikerfi

.1 Í hverju sérstöku rými skal vera nægilega skilvirkt vélrænt loftræstikerfi til að skipta út lofti a.m.k. tíu sinnum á klukkustund. Kerfið í slíkum rýmum skal vera algjörlega aðskilið frá öðrum loftræstikerfum og ætíð vera í gangi þegar ökutæki eru í rýmunum. Fjölga skal loftskiptum í a.m.k. 20 á meðan ökutækjum er ekið um borð og frá borði.

Loftrásir loftræstikerfa, sem þjóna sérstökum rýmum og sem hægt er að loka tryggilega, skulu aðskilin frá sérhverju slíku rými. Kerfinu skal vera hægt að stjórna frá stað utan rýmanna.

.2 Loftræsting skal vera með þeim hætti að hvorki myndist lagskipting lofts né loftgöt.

.3 Á stjórnpalli skal vera búnaður sem sýnir hvort dregið hafi úr afköstum tilskilinnar loftræstingar eða hún stöðvast.

.4 Gera skal ráðstafanir til þess að hægt sé að loka fljótt og vel fyrir loftræstikerfi ef upp kemur eldur, að teknu tilliti til veðurs og sjólags.

.5 Loftrásir loftræstikerfa, þ.m.t. brunaspjöld, skulu gerð úr stáli og uppsetning þeirra skal fullnægja kröfum stjórnvalds fánaríkisins.

Í nýjum skipum í flokki B, C og D, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, skulu loftrásir loftræstikerfa, sem liggja í gegnum lárétt svæði eða vélarúm, vera stálrásir í flokki A-60 sem smíðaðar eru í samræmi við undirliði .2.3.1.1 og .2.3.1.2 í reglu II-2/B/9.

.2 *Viðbótarákvæði sem gilda eingöngu um sérstök rými ofan skilrúmsþilfars*

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1.1 Niðurföll

Með tilliti til þess að skipið gæti tapað stöðugleika ef mikið vatnsmagn safnast fyrir á þilfari eða þilförum í kjölfar notkunar á fasta slökkvikerfinu með háþrýstiýringu skal koma fyrir niðurföllum til að tryggja að hægt sé að veita þessu vatni í skyndi beint fyrir borð.

NÝ EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B:

.1.2 Frárennsli

.1.2.1 Frárennslislokar fyrir niðurföll, búnir lokunarbúnaði sem stýra má frá stað fyrir ofan skilrúmsþilfar í samræmi við ákvæði alþjóðasamnings um hleðslumerki skipa, skulu hafðir opnir meðan skip eru á hafi úti.

.1.2.2 Öll notkun lokanna, sem um getur í undirlið .1.2.1, skal skráð í skipsdagbók.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.2 Varúðarráðstafanir gegn því að það kvikni í eldfimum gufum

.1 Á sérhverju þilfari eða palli, ef hann er fyrir hendi, sem ökutæki eru flutt á og þar sem búast má við að sprengifimar gufur safnist fyrir, að undanskildum pöllum með nægilega stórum opum til að hleypa bensíngufum niður á við, skal búnaði, sem gæti valdið því að það kviknaði í eldfimum gufum, einkum rafbúnaði og raflögnum, komið fyrir a.m.k. 450 mm fyrir ofan þilfarið eða pallinn. Rafbúnaður, sem komið er fyrir í meira en 450 mm hæð fyrir ofan þilfar eða pall, skal vera umluktur og varinn þannig að komið sé í veg fyrir neistaflug. Ef það er hins vegar nauðsynlegt, með tilliti til öruggrar notkunar skipsins, að rafbúnaður og raflagnir séu í minna en 450 mm hæð fyrir ofan þilfar eða pall er heimilt að setja slíkan búnað og lagnir þannig upp, að því tilskildu að þau hafi öryggisviðurkenningu og séu samþykkt til notkunar þegar um er að ræða sprengifima blöndu bensíns og lofts.

.2 Rafbúnaður og raflagnir, sem komið er fyrir í útblástursloftrás, skulu vera af gerð sem viðurkennd er til notkunar í sprengifimri blöndu bensíns og lofts og skal útrás frá sérhverri útblástursloftrás staðsett á öruggum stað með tilliti til annarra mögulegra íkveikjuvalda.

.3 *Viðbótarákvæði sem gilda eingöngu um sérstök rými neðan skilrúmsþilfars*

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Austurdæling og frárennsli

Með tilliti til þess að skipið gæti tapað stöðugleika ef mikið vatnsmagn safnast fyrir á þilfari eða ofan á geymi í kjölfar notkunar á fasta slökkvikerfinu með háþrýstiýringu er stjórnvaldi fánaríkisins heimilt að krefjast þess að fyrir hendi séu dælur og frárennsliskerfi til viðbótar því sem fram kemur í ákvæðum reglu II-1/C/3.

Í nýjum skipum í flokki B, C og D, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, skal stærð frárennsliskerfisins miðast við að geta fjarlægt ekki minna en 125% af samanlagðri afkastagetu bæði vatnsúðakerfisdælnanna og þess fjölda brunaslöngustúta sem krafist er. Lokum á frárennsliskerfinu skal vera hægt að stjórna utan varða rýmisins frá stað í nágrenni við stjórntæki slökkvikerfisins. Rúmtak austurbrunna skal vera nægilegt og skulu þeir vera á hlið skips í ekki meira en 40 metra fjarlægð hver frá öðrum í hverju vatnsheldu rými.

.2 Varúðarráðstafanir gegn því að það kvikni í eldfimum gufum

.1 Rafbúnaður og raflagnir, ef slíkt er fyrir hendi, skulu vera af gerð sem hentar til notkunar í sprengifimum blöndum bensíns og lofts. Notkun annars búnaðar, sem getur valdið því að það kvikni í eldfimum gufum, er óheimil.

.2 Rafbúnaður og raflagnir, sem komið er fyrir í útblástursloftrás, skulu vera af gerð sem viðurkennd er til notkunar í sprengifimri blöndu bensíns og lofts og skal útrás frá sérhverri útblástursloftrás staðsett á öruggum stað með tilliti til annarra mögulegra íkveikjuvalda.

.4 *Varanleg op*

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Varanleg op á útsíðu skipsins, í endum sérstakra rýma eða á þilfarinu fyrir ofan, skulu staðsett þannig að eldur í sérstaka rýminu stofni ekki í hættu geymslusvæðum fyrir björgunarför og stöðum þar sem farið er um borð í þau eða vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum í yfirbyggingum og þilfarshúsum fyrir ofan sérstöku rýmin.

15. **Regla II-2/B/15: Brunavarsla, eldskynjun, viðvörunarbúnaður og kallkerfi (R 40)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Setja skal upp handboða í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/9.

.2 Öll skip skulu ætíð, þegar þau eru á hafi úti eða í höfn (nema þegar þau eru ekki í notkun), vera þannig mönnuð eða búin að tryggt sé að ábyrgur maður úr áhöfn skipsins verði þegar í stað var við hvers konar brunaviðvörunarmerki.

.3 Koma skal upp sérstöku viðvörunarkerfi, sem stjórnað er frá stjórnpalli eða brunavarnarstöð, til að safna áhöfninni saman. Þetta viðvörunarkerfi má vera hluti af almennu viðvörunarkerfi skipsins en það verður að vera hægt að nota það óháð viðvörunarkerfi í farþegarýmum.

.4 Kallkerfi eða önnur skilvirk boðskiptaleið skal vera í öllum vistarverum, þjónusturýmum, stjórnstöðvum og á opnum þilförum.

Í nýjum skipum í flokki B, C og D, sem smíðuð eru 1. janúar 2003 eða síðar, skal þetta kallkerfi uppfylla kröfur SOLAS-reglu III/6.5, með áorðnum breytingum.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.5 Í skipum, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skal vera skilvirkt brunavörslukerfi svo að greina megi fljótt ef eldur kviknar. Sérhver brunavörður skal þjálfaður til að þekkja fyrirkomulag skipsins, sem og staðsetningu og virkni hvers konar búnaðar sem hann kynni að þurfa að nota. Sérhver brunavörður skal fá í hendur tvíátta færanlegar metrabylgjutalstöðvar.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.6 Í skipum, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skal viðvörunarbúnaður, með skynjurum fyrir kerfin, sem kveðið er á um í lið .2 í reglu II-2/B/13, vera staðsettur í aðalstjórnstöð sem er alltaf mönnuð. Auk þess skal fjarstýring til að loka eldvarnarhurðum og loftblásurum vera miðlæg á sama stað. Áhöfn skal geta sett loftblásarana aftur af stað frá stjórnstöðinni sem er alltaf mönnuð. Á stjórnborði í aðalstjórnstöðinni skal vera hægt að sjá hvort dyr með eldvarnarhurðum eru opnar eða lokaðar, hvort skynjarar, viðvörunarkerfi og viftur séu í gangi eða slökkt á þeim. Ætíð skal vera straumur á stjórnborðinu og það vera tengt sjálfvirkum búnaði sem skiptir yfir á varaaflstöð ef venjulegur rafali bregst. Stjórnborðið skal fá afl sitt frá aðalrafaflstöð og neyðarrafaflstöð sem skilgreindar eru í reglu II-1/D/3, nema annað fyrirkomulag sé leyft samkvæmt reglunum, eftir því sem við á.

.7 Stjórnborðið skal vera hannað samkvæmt meginreglunni um virkt öryggi, t.d. því að opin rafrás í skynjara setji viðvörunarkerfið af stað.

16. **Regla II-2/B/16: Endurbætur gamalla skipa í flokki B sem mega flytja fleiri en 36 farþega (R 41-1)**

.1 Auk krafna, sem gilda fyrir gömul skip í flokki B í þessum kafla II-2, skulu gömul skip í flokki B, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, uppfylla eftirfarandi kröfur:

.1 Í öllum vistarverum og þjónusturýmum, stigagöngum og göngum skulu vera reykskynjara- og viðvörunarkerfi af viðurkenndri gerð í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/9. Ekki þarf að setja slík kerfi upp á einkabaðherbergjum og rýmum þar sem er lítil eða engin eldhætta, s.s. í tómarýmum og áþekkum rýmum. Hitaskynjarar skulu settir upp í eldhúsum í stað reykskynjara.

.2 Einnig skulu vera reykskynjarar, tengdir við eldskynjunar- og viðvörunarkerfið, í loftum í stigum og göngum á þeim svæðum þar sem loft eru úr brennanlegu efni.

.3.1 Eldvarnarhurðir á lömum á afmörkunum stigaganga og lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða og eldhúss, sem yfirleitt eru hafðar opnar, skulu vera sjálflokandi og hægt að loka þeim frá aðalstjórnstöð og frá stað við dyrnar.

.3.2 Stjórnborði skal komið fyrir í aðalstjórnstöðinni, sem er alltaf mönnuð, sem gefur til kynna hvort eldvarnarhurðir á þiljum stigaganga, þiljum, sem afmarka lóðrétt aðalsvæði, og afmörkunum eldhúsa, eru lokaðar.

.3.3 Loftrásir frá gufugleypum í eldhúsum, sem líklegt er að fita safnist fyrir í og sem liggja í gegnum vistarverur eða rými, sem í eru brennanleg efni, skulu vera smíðaðar úr skilrúmum í flokki A. Á hverri loftrás frá gufugleypi í eldhúsi skal vera eftirfarandi:

.1 fitugildra, sem auðvelt er að fjarlægja til hreinsunar, nema annað viðurkennt fituhreinsikerfi sé notað,

.2 brunaspjald sem staðsett er á neðri enda loftrásarinnar,

.3 búnaður, sem unnt er að stjórna úr eldhúsinu, til að stöðva útblásturinn,

.4 fastur búnaður til að slökkva eld í loftrásinni og

.5 lúgur á viðeigandi stöðum fyrir eftirlit og þrif.

.3.4 Einungis er heimilt að hafa almenningssalerni, lyftur, skápa úr eldtraustu efni undir öryggisbúnað og opna upplýsingabása innan afmarkana stigaganga. Önnur rými, sem fyrir eru, innan stigaganga:

.1 skulu tæmd og þeim lokað til frambúðar og þau aftengd rafkerfinu eða

.2 skulu aðskilin frá stigaganginum með skilrúmum í flokki A í samræmi við reglu II-2/B/5. Frá slíkum rýmum má vera beinn aðgangur að stigagöngum um hurðir í flokki A, í samræmi við reglu II-2/B/5, og að því tilskildu aðýringarkerfi sé fyrir hendi í þessum rýmum. Þó mega klefar ekki opnast beint inn í stigaganga.

.3.5 Ekki má vera beinn aðgangur að stigagöngum úr rýmum, öðrum en almennum rýmum, göngum, almenningssalernum, sérstökum rýmum, öðrum stigum, sem krafist er samkvæmt undirlið .1.5 í reglu II-2/B/6, opnum þilfarsrýmum og rýmum sem falla undir lið .3.4.2.

.3.6 Halda má eldri vélarúmum í flokki 10, sem lýst er í reglu II-2/B/4, og skrifstofum í tengslum við upplýsingabása, sem opnast beint inn í stigaganga, að því tilskildu að þau séu varin með reykskynjurum og að í skrifstofum, sem tengjast upplýsingabásum, séu aðeins húsgögn sem takmörkuð eldhætta stafar af.

.3.7 Neyðarútgangar, þ.m.t. stigar og útgangar, auk neyðarlýsingar sem krafist er í reglu II-1/D/3 og í lið .3 í reglu III/5, skulu vera merktir á öllum hlutum undankomuleiðarinnar, þ.m.t. horn og gangamót, með ljósum eða sjálflýsandi listum til leiðbeiningar sem staðsettir eru ekki hærra en 0,3 metra fyrir ofan þilfar. Af merkingunni verða farþegarnir að geta borið kennsl á allar undankomuleiðir og séð auðveldlega útganga frá þeim. Sé raflýsing notuð skal hún knúin með neyðaraflgjafa og komið þannig fyrir að þótt eitt stakt ljós eða bútur af ljóslistanum virki ekki þjóni merkingin samt sem áður tilgangi sínum. Enn fremur skulu allar merkingar undankomuleiða, og um staðsetningu eldvarnarbúnaðar, vera úr sjálflýsandi efni eða merktar með ljósi. Stjórnvöld fánaríkisins skulu tryggja að lýsing af þessu tagi eða sjálflýsandi búnaður hafi verið metinn, prófaður og honum beitt í samræmi við leiðbeiningar sem gefnar eru í IMO-ályktun A.752(18) eða ISO-staðlinum 15370-2001.

.3.8 Almennt neyðarviðvörunarkerfi skal vera til staðar. Viðvörunarmerki skulu heyrast um allar vistarverur, vinnurými þar sem áhöfn er jafnan að störfum og opin þilför og skal hljóðþrýstistig þess uppfylla kröfur kóðans um viðvörunarkerfi og álesturstæki í IMO-ályktun A.686(17), með áorðnum breytingum.

.3.9 Kallkerfi eða önnur skilvirk boðskiptaleið skal vera um allar vistarverur, almenn rými og þjónusturými, stjórnstöðvar og á opnum þilförum.

.3.10 Húsgögn í stigagöngum skulu takmarkast við sæti. Þau skulu vera föst, vera mest sex sæti á hverju þilfari í hverjum stigagangi, af þeim skal stafa takmörkuð eldhætta og þau skulu ekki hindra undankomuleið farþega. Stjórnvaldi fánaríkis er heimilt að leyfa aukasæti í aðalmóttöku innan stigagangs ef þau eru föst, eldtraust og hindra ekki undankomuleið farþega. Húsgögn eru óheimil á göngum farþega og áhafnar sem eru undankomuleiðir frá klefasvæðum. Auk framangreinds má heimila skápa úr eldtraustu efni undir þann öryggisbúnað sem viðkomandi reglur krefjast.

.2 Auk þess gildir eftirfarandi:

.1 Allir stigar í vistarverum og þjónusturýmum skulu byggðir upp með stálgrind, nema stjórnvald fánaríkis leyfi notkun annars jafngilds efnis, skulu vera umluktir skilrúmum í flokki A og með lokunarbúnaði fyrir öllum opum, þó með eftirfarandi undantekningum:

.1 Stigi, sem liggur aðeins á milli tveggja þilfara, þarf ekki að vera umluktur, að því tilskildu að eldtraustleika þilfarsins sé viðhaldið með viðeigandi þiljum eða hurðum í einu milliþilfarsrými. Ef stigi er umluktur á einu milliþilfarsrými skulu þilin umhverfis hann vera varin í samræmi við töflurnar um þilför í reglu II-2/B/5.

.2 Koma má fyrir opnum stigum í almennu rými, að því tilskildu að þeir liggi að fullu innan rýmisins.

.2 Í vélarúmum skal vera fast slökkvikerfi í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/6.

.3 Loftrásir loftræstikerfis, sem liggja í gegnum skilrúm milli lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða, skulu búnar sjálflokandi brunaspjaldi með varaöryggisbúnaði sem tekur við ef aðalöryggisbúnaður bilar og sem einnig má loka handvirkt beggja vegna skilrúmsins. Auk þess skal sjálflokandi brunaspjöldum með varaöryggisbúnaði, sem tekur við ef aðalöryggisbúnaður bilar og sem stýra má handvirkt innan úr lokaða rýminu, komið fyrir í öllum loftrásum sem þjóna bæði vistarverum, þjónusturýmum og stigagöngum þar sem þær liggja í gegnum afmarkanir slíkra rýma. Í loftrásum, sem liggja í gegnum skilrúm á aðaleldvarnasvæðum án þess að þær þjóni rýmum beggja vegna við eða sem liggja í gegnum afmarkanir stigaganga án þess að þjóna því umlukta rými, þurfa ekki að vera brunaspjöld að því tilskildu að loftrásirnar séu smíðaðar og einangraðar samkvæmt kröfum A-60 og á þeim séu engin op inn í stigaganginn eða stokkinn á hliðinni sem ekki er þjónað beint.

.4 Sérstök rými skulu vera í samræmi við ákvæði reglu II-2/B/14.

.5 Hægt skal vera að losa allar eldvarnarhurðir á afmörkunum stigaganga, þiljum sem afmarka lóðrétt aðalsvæði og mörkum eldhúsa, sem yfirleitt eru hafðar opnar, frá aðalstjórnstöð og frá stað við dyrnar.

.6 Kröfur liðar .1.3.7 í þessari reglu II-2/B/16 skulu einnig gilda um vistarverur.

.3 Eigi síðar en 1. október 2005 eða 15 árum eftir daginn sem smíði skipsins lauk, hvort heldur er seinna:

.1 skal vera í vistarverum, þjónusturýmum, umluktum stigum og göngum sjálfvirkt ýringarkerfi, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/8 eða leiðbeiningar um viðurkennt jafngilt ýringarkerfi sem gefnar eru í IMO-ályktun A.800(19).

17. **Regla II-2/B/17: Sérkröfur um skip sem flytja hættulegan farm (R 41)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ FYRIR 1. JANÚAR 2003, OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Kröfur SOLAS-reglu II-2/54, í þeirri útgáfu sem var í gildi 17. mars 1998, skulu gilda, eftir því sem við á, um farþegaskip sem flytja hættulegan farm.

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Ákvæði reglu 19 í G-hluta kafla II-2 í SOLAS-samþykktinni, eins og hún var endurskoðuð 1. janúar 2003, skulu gilda, eftir því sem við á, um farþegaskip sem flytja hættulegan farm.

18. **Regla II-2/B/18: Sérkröfur um þyrluaðstöðu**

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Skip búin þyrlupöllum skulu uppfylla kröfur reglu 18 í G-hluta kafla II-2 í SOLAS-samþykktinni, eins og hún var endurskoðuð 1. janúar 2003.

III. KAFLI

**BJÖRGUNARBÚNAÐUR**

1. **Regla III/1 Skilgreiningar (R 3)**

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Í þessum kafla skulu skilgreiningar í reglu III/3 í SOLAS-samþykktinni frá 1974 gilda, með áorðnum breytingum, nema annars sé sérstaklega getið.

.2 „LSA-kóðinn“ merkir alþjóðlegan kóða um björgunarbúnað (LSA) sem er að finna í IMO-ályktun MSC.48(66), með áorðnum breytingum.

2. **Regla III/2 Fjarskipti, björgunarför og léttbátar, einstaklingsbjörgunarbúnaður (R 6 + 7 + 18 + 21 + 22)**

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Öll skip skulu búin a.m.k. þeim fjarskiptabjörgunarbúnaði, ratsjársvörum, einstaklingsbjörgunarbúnaði, björgunarförum og léttbátum, neyðarblysum og línubyssum, sem tilgreind eru í eftirfarandi töflu og athugasemdum með henni, samkvæmt flokki viðkomandi skips.

.2 Allur fyrrnefndur búnaður, þ.m.t. sjósetningarbúnaður, eftir atvikum, skal uppfylla ákvæði reglna III. kafla í viðauka við SOLAS-samþykktina frá 1974 og LSA-kóðans, með áorðnum breytingum, nema annars sé sérstaklega getið í eftirfarandi liðum. Fyrirliggjandi búnaður skal a.m.k. uppfylla ákvæðin, sem voru í gildi á þeim tíma sem búnaðurinn var settur upp, nema annars sé sérstaklega getið.

3. Auk þess skulu vera um borð í hverju skipi a.m.k. þrír björgunarbúningar fyrir hvern lífbát, (og) að auki einangrunarpokar fyrir þá menn sem lífbáturinn getur rúmað og sem er ekki úthlutað björgunarbúningum. Þessir björgunarbúningar og einangrunarpokar þurfa ekki að vera um borð:

.1 ef einstaklingar komast fyrir í lífbátum sem eru að hluta til eða algjörlega lokaðir eða

.2 ef skipið er eingöngu í siglingum í hlýju loftslagi þar sem stjórnvöld telja ekki þörf á þeim, með hliðsjón af tilmælum í IMO MSC/Circ. 1046.

.4 Ákvæði liðar .3.1 gilda einnig um lífbáta sem eru að hluta til eða algjörlega lokaðir og uppfylla ekki kröfur liðar 4.5 eða 4.6 í LSA-kóðanum, að því tilskildu að þeir séu um borð í skipum sem voru smíðuð fyrir 1. júlí 1986.

.5 Sérhverjum þeim sem fær það hlutverk að manna léttabáta eða annast rýmingu skips skal séð fyrir björgunarbúningi, sem uppfyllir ákvæði liðar 2.3 í LSA-kóðanum, eða hlífðarbúningi, sem uppfyllir ákvæði liðar 2.4 í LSA-kóðanum, í viðeigandi stærð. Slíkur hlífðarfatnaður þarf þó ekki að vera um borð ef skipið er eingöngu í siglingum í hlýju loftslagi þar sem stjórnvöld telja ekki þörf á einangrunarpokum af þessu tagi, með hliðsjón af tilmælum í IMO MSC/Circ. 1046.

.6 Í skipum, sem hvorki eru búin lífbáti né léttbáti, skal vera a.m.k. einn björgunarbúningur um borð til björgunar. Slíkur hlífðarfatnaður þarf þó ekki að vera um borð ef skipið er eingöngu í siglingum í hlýju loftslagi þar sem stjórnvöld telja ekki þörf á einangrunarpokum af þessu tagi, með hliðsjón af tilmælum í IMO MSC/Circ. 1046.

| Flokkur skipa: | B | | C | | D | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi um borð (N)<br>Fjöldi farþega um borð (P) | > 250 | ≤ 250 | > 250 | ≤ 250 | > 250 | ≤ 250 |
| Sætafjöldi í björgunarfari (1) (2) (3) (4):<br>— gömul skip | 1,10 N | 1,10 N | 1,10 N | 1,10 N | 1,10 N | 1,10 N |
| — ný skip | 1,25 N | 1,25 N | 1,25 N | 1,25 N | 1,25 N | 1,25 N |
| Léttbátar (4) (5) | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Björgunarhringir (6) | 8 | 8 | 8 | 4 | 8 | 4 |
| Björgunarvesti (8) (9) (12) (13) | 1,05 N | 1,05 N | 1,05 N | 1,05 N | 1,05 N | 1,05 N |
| Björgunarvesti barna (9) (13) | 0,10 P | 0,10P | 0,10P | 0,10P | 0,10P | 0,10P |
| Björgunarvesti fyrir ungbörn (10) (13) | 0,025P | 0,025P | 0,025P | 0,025P | 0,025P | 0,025P |
| Neyðarblys (7) | 12 | 12 | 12 | 12 | 6 | 6 |
| Línubyssur | 1 | 1 | 1 | 1 | — | — |
| Ratsjársvarar | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Tvíátta metrabylgjutalstöðvarbúnaður (VHF) | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 |

(1) Björgunarför geta verið lífbátar eða björgunarflekar eða sambland af þeim í samræmi við ákvæði liðar .2 í reglu III/2. Ef siglt er um skýld hafsvæði og/eða vegna hagstæðs veðurfars farsviðsins, með hliðsjón af tilmælum í IMO MSC/Circ. 1046, er stjórnvöldum fánaríkisins heimilt að samþykkja, ef slíku er ekki hafnað af hafnaríkinu:

a) opna, uppblásanlega björgunarvendifleka, sem ekki uppfylla ákvæði liðar 4.2 eða 4.3 í LSA-kóðanum, svo framarlega sem slíkir flekar uppfylla að öllu leyti ákvæði 10. viðauka í kóða um háhraðaför frá 1994 og fyrir skip, sem smíðuð eru 1. janúar 2012 eða síðar, 11. viðauka í kóða um háhraðaför frá 2000,

b) björgunarfleka, sem ekki uppfylla ákvæði liða 4.2.2.2.1 og 4.2.2.2.2 í LSA-kóðanum um kuldaeinangrun botna björgunarfleka.

Björgunarför fyrir gömul skip í flokki B, C og D skulu uppfylla viðkomandi reglur SOLAS-samþykktarinnar frá 1974 fyrir gömul skip, með áorðnum breytingum, 17. mars 1998. Ekjufarþegaskip skulu uppfylla ákvæði reglu III/5-1, eftir því sem við á.

Í stað björgunarflekanna, þ.m.t. sjósetningarbúnaður þar sem við á, sem krafist er í töflunni, mega koma eitt eða fleiri kerfi með sömu afkastagetu til rýmingar skips sem uppfylla ákvæði liðar 6.2 í LSA-kóðanum.

([2]) Björgunarförum skal dreift jafnt á bæði borð skipsins, eftir því sem unnt er.

([3]) Heildar-/samanlagður sætafjöldi í björgunarförum, þ.m.t. viðbótarbjörgunarflekar, skal vera í samræmi við ákvæði töflunnar hér að framan, þ.e. 1,10 N = 110% og 1,25 N = 125% af þeim heildarfjölda einstaklinga (N) sem skipið hefur leyfi til að flytja. Á skipinu skal vera nægur fjöldi björgunarfara þannig að ef eitt björgunarfar tapast eða verður ónothæft skulu þau björgunarför sem eftir eru hafa samanlagðan sætafjölda sem nemur þeim fjölda sem skipið hefur leyfi til að flytja. Ef geymslukröfur fyrir björgunarfleka í lið .5 í reglu III/7 eru ekki uppfylltar er unnt að fara fram á viðbótarbjörgunarfleka.

([4]) Fjöldi lífbáta og/eða léttbáta skal vera nægur til þess að enginn einn lífbátur eða léttbátur þurfi að sinna fleiri en níu björgunarflekum ef skipið er yfirgefið af þeim fjölda manna sem það hefur leyfi til að flytja.

([5]) Sjósetningarbúnaður léttbáta skal uppfylla ákvæði reglu III/10.
Ef léttbátur uppfyllir ákvæði liðar 4.5 eða 4.6 í LSA-kóðanum má telja hann með í heildarburðargetu björgunarfara sem tilgreind eru í töflunni hér að framan.
Heimilt er að samþykkja lífbát sem léttbát, að því tilskildu að báturinn, ásamt fyrirkomulagi til að sjósetja hann og til að ná honum aftur um borð, uppfylli einnig kröfur um léttbát.
Á ekjufarþegaskipi skal a.m.k. einn léttbátur, ef gerð er krafa um slíkan bát um borð, vera hraðskreiður léttbátur sem uppfyllir ákvæði liðar .3 í reglu III/5-1.
Ef stjórnvald fánaríkis telur ómögulegt að koma léttbáti eða hraðskreiðum léttbáti fyrir á skipi má undanþiggja skipið frá því að vera búið léttbáti svo framarlega sem það uppfyllir eftirfarandi kröfur:
a) að skipið sé þannig gert eða útbúið að hægt sé að ná hjálparvana manni úr sjónum,
b) að fylgjast megi með því að hjálparvana manni sé náð úr sjónum frá stjórnpalli og
c) að skipið hafi næga stjórnhæfni til að nálgast og ná manni úr sjó við verstu fyrirhuguðu aðstæður.

([6]) A.m.k. einn björgunarhringur á hvoru borði skips skal búinn flotlínu, sem er ekki styttri en tvisvar sinnum hæðin frá þeim stað þar sem hringurinn er geymdur að vatnslínu skipsins við léttustu hleðslu eða 30 metrar, hvort sem er lengra.
Tveir björgunarhringir skulu búnir sjálftendrandi reyk- og ljósmerkjum og skal unnt að hleypa þeim fljótt niður frá stjórnpalli. Aðrir björgunarhringir skulu búnir sjálftendrandi ljósum sem uppfylla ákvæði liðar 2.1.2 í LSA-kóðanum.

([7]) Neyðarblys, sem uppfylla ákvæði liðar 3.1 í LSA-kóðanum, skulu geymd á stjórnpalli eða við stýri.

([8]) Uppblásanleg björgunarvesti skulu vera til staðar fyrir hvern þann sem þarf að sinna störfum á opnum svæðum um borð. Þessi uppblásanlegu björgunarvesti má telja með í heildarfjölda björgunarvesta sem krafist er samkvæmt tilskipun 2009/45/EB.

([9]) Björgunarvesti, sem henta börnum, skulu vera til staðar og skal fjöldi þeirra samsvara a.m.k. 10% af fjölda farþega um borð eða þau vera eins mörg og nauðsynlegt er til að unnt sé að útvega hverju barni björgunarvesti.

([10]) Björgunarvesti, sem henta ungbörnum, skulu vera til staðar og skal fjöldi þeirra samsvara a.m.k. 2,5% af fjölda farþega um borð eða þau vera eins mörg og nauðsynlegt er til að unnt sé að útvega hverju ungbarni björgunarvesti.

([11]) Í öllum skipum skal vera nægjanlegur fjöldi björgunarvesta fyrir þá skipverja sem eru á vakt og til notkunar á afviknum stöðum þar sem björgunarförum er komið fyrir. Björgunarvesti fyrir þá skipverja sem eru á vakt skulu geymd á stjórnpalli, í stjórnklefa vélarúms og á öllum öðrum stöðum þar sem skipverjar eru á vakt.
Eigi síðar en daginn sem fyrsta reglubundna aðalskoðun fer fram, eftir 1. janúar 2012, skulu öll farþegaskip uppfylla ákvæði 12. og 13. neðanmálsgreinar.

([12]) Ef björgunarvesti fyrir fullorðna eru ekki nógu stór fyrir einstaklinga, sem eru allt að 140 kg að þyngd og hafa allt að 1,750 mm brjóstmál, eiga að vera til staðar nægilegur fjöldi viðeigandi fylgihluta til að unnt sé að festa björgunarvestin tryggilega á slíka einstaklinga.

([13]) Hvert björgunarvesti um borð í farþegaskipi skal búið ljósi sem uppfyllir ákvæði liðar 2.2.3 í LSA-kóðanum.

3. **Regla III/3 Neyðarviðvörunarkerfi, kallkerfi, söfnunarlistar og neyðarfyrirmæli, starfsfólk við þráðlaus fjarskipti, notkunarreglur, þjálfunarhandbók og leiðbeiningar um viðhald (R 6 + 8 + 9 + 19 + 20)**

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

Öll skip skulu búin eftirfarandi:

.1 Almennu neyðarviðvörunarkerfi (R 6.4.2)

Það verður að uppfylla ákvæði liðar 7.2.1.1 í LSA-kóðanum og vera hentugt til að boða farþega og áhöfn til söfnunarstöðva og hefja aðgerðir samkvæmt söfnunarlista.

AÐ ÞVÍ ER VARÐAR NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Heyrast skal í almenna neyðarviðvörunarkerfinu um allar vistarverur, vinnurými þar sem áhöfn er jafnan að störfum og á öllum opnum þilförum og lágmarkshljóðþrýstistig neyðarviðvörunarmerkisins skal vera í samræmi við liði 7.2.1.2 og 7.2.1.3 í LSA-kóðanum.

.2 Kallkerfi (R 6.5)

2.1. Til viðbótar kröfum liðar .4 í reglu II-2/B/15 og liðar .1 í þessari reglu III/3 skulu öll farþegaskip, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, búin kallkerfi.

2.2. Kallkerfið skal vera með hátölurum og fært um að senda tilkynningar til allra rýma þar sem áhöfn eða farþegar, eða báðir hópar, eru undir venjulegum kringumstæðum og til söfnunarstöðva. Kallkerfið skal leyfa útvörpun skilaboða frá stjórnpalli og öðrum þeim stöðum í skipinu sem stjórnvald fánaríkisins telur nauðsynlega. Miða skal uppsetningu þess við lélegan hljómburð og ekki má krefjast neinnar aðgerðar af hálfu þess sem talað er til.

2.3. Kallkerfið skal varið gegn óheimilli notkun og skal heyrast í því yfir almennan hávaða í öllum rýmum, sem mælt er fyrir um í .2.2, og á því skal vera búnaður til að grípa inn í frá stjórnpalli og öðrum þeim stöðum í skipinu, sem stjórnvald fánaríkisins telur nauðsynlega, þannig að útvarpa megi neyðartilkynningum þótt slökkt hafi verið á hátölurum í einstökum rýmum, lækkað í hátalarastyrk þeirra eða verið sé að nota kallkerfið í öðrum tilgangi.

AÐ ÞVÍ ER VARÐAR NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Lágmarkshljóðþrýstistig við útvörpun neyðartilkynninga skal vera í samræmi við lið 7.2.2.2 í LSA-kóðanum.

2.4. NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Kallkerfið skal vera búið a.m.k. tveimur rásum sem skulu vera nægilega langt hver frá annarri alla leið og búnar tveimur aðskildum mögnurum og

.2 stjórnvald fánaríkis skal samþykkja kallkerfið og afkastagetu þess, með hliðsjón af tilmælum í IMO MSC/Circ. 808.

2.5. Kallkerfið skal vera tengt neyðarrafaflgjafanum.

2.6. Í gömlum skipum, sem eru búin eldri kallkerfum sem stjórnvald fánaríkis hefur samþykkt og uppfylla í aðalatriðum ákvæði liða .2.2, .2.3 og .2.5, þarf ekki að endurnýja kerfin

.3 *Söfnunarlistar og neyðarfyrirmæli (R 8)*

Tryggt skal að öllum um borð séu látin í té skýr fyrirmæli, sem fylgja ber á neyðarstundum, og skulu þau vera í samræmi við SOLAS-reglu III/8.

Söfnunarlistar og neyðarfyrirmæli, sem uppfylla ákvæði SOLAS-reglu III/37, skulu sett upp á áberandi stöðum í skipinu, þ.m.t. stjórnpallur, vélarúm og vistarverur áhafnar.

Teikningar og fyrirmæli á viðeigandi tungumálum skulu sett upp í farþegaklefum og á áberandi stöðum við söfnunarstöðvar og í öðrum farþegarýmum og skulu þau upplýsa farþega um:

i. söfnunarstöð þeirra,

ii. nauðsynleg viðbrögð á neyðarstundum,

iii. hvernig eigi að klæða sig í björgunarvesti.

.3a *Starfsfólk við þráðlaus fjarskipti*

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Í samræmi við ákvæði SOLAS-reglu IV/16 á hæft starfsfólk til neyðar- og öryggisfjarskipta að vera um borð í öllum skipum með þeim hætti sem stjórnvöld telja fullnægjandi. Starfsfólkið skal vera handhafar skírteina, sem tilgreind eru í alþjóðafjarskiptareglum, eftir því sem við á, og skal einn starfsmannanna bera meginábyrgð á þráðlausum fjarskiptum í neyðartilvikum og skal það tilgreint í neyðarfyrirmælum.

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B OG C:

.2 Í skipum í flokki B og C skal a.m.k. einn starfsmaður, með réttindi í samræmi við lið .1, eingöngu annast þráðlaus fjarskipti í neyðartilvikum og skal það tilgreint í neyðarfyrirmælum.

.4 *Leiðbeiningar um notkun búnaðar (R 9)*

Spjöld og merkingar skulu sett upp á eða við björgunarför og sjósetningarbúnað þeirra og skulu:

i. skýra tilgang stjórnbúnaðar og hvernig honum skal beitt og upplýsa um leiðbeiningar og viðvaranir,

ii. vera vel sýnileg við neyðarlýsingu,

iii. vera með táknum í samræmi við IMO-ályktun A.760(18), með áorðnum breytingum (samkvæmt IMO-ályktun MSC.82(70)).

.5 *Þjálfunarhandbók*

Þjálfunarhandbók, sem uppfyllir ákvæði SOLAS-reglu III/35, skal vera í öllum mat- og tómstundasölum áhafnar eða í hverjum áhafnarklefa.

.6 *Leiðbeiningar um viðhald* (R 20.3)

Leiðbeiningar um viðhald skipverja á björgunarbúnaði eða viðhaldsáætlun skips, sem nær til björgunarbúnaðar, skal vera um borð og viðhald framkvæmt samkvæmt þeim. Leiðbeiningarnar skulu uppfylla ákvæði SOLAS-reglu III/36.

4. **Regla III/4 Mönnun björgunarfara og verkstjórn (R 10)**

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Ávallt skal vera nægilegur fjöldi manna um borð sem hlotið hefur viðeigandi þjálfun til að safna fólki saman og aðstoða þá sem ekki hafa hlotið þjálfun.

.2 Ávallt skal vera nægur fjöldi skipverja í áhöfn til að beita björgunarförum og annast sjósetningu þeirra til að allir þeir sem eru um borð geti yfirgefið skipið.

.3 Yfirmaður á skipi eða annar aðili með tilskilin leyfi skal skipaður yfirmaður hvers björgunarfars sem er notað. Hins vegar má tilnefna mann úr áhöfn, sem hlotið hefur þjálfun í beitingu björgunarfleka, til að vera yfirmaður eins eða fleiri björgunarfleka. Á öllum léttbátum og aflknúnum björgunarförum skal vera aðili sem getur keyrt vélar þeirra og annast minni háttar stillingar.

.4 Skipstjóri skal tryggja jafna dreifingu þeirra manna sem um getur í liðum .1, .2, og .3 á björgunarför skipsins.

5. **Regla III/5 Samsöfnun í björgunarför og fyrirkomulag um að fara um borð í þau (R 11 + 23 + 25)**

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Björgunarför, sem krafist er sérstaks sjósetningarbúnaðar fyrir, skulu geymd sem næst vistarverum og þjónusturýmum.

.2 Söfnunarstöðvar skulu vera sem næst þeim stöðum þar sem farið er um borð í björgunarförin og skal vera greiður aðgangur að þeim frá vistarverum og vinnustöðum og skulu þeir vera nægilega rúmir til að hægt sé að stjórna farþegum og veita þeim leiðbeiningar. Óhindrað þilfarsrými skal vera a.m.k. 0,35 $m^2$ á mann.

.1 Í skipum, sem smíðuð voru fyrir 1. júlí 1998, skal hver söfnunarstöð hafa fullnægjandi rými fyrir alla einstaklinga sem eiga að svara kalli frá þeirri stöð.

.3 Söfnunarstöðvar og staðir þar sem farið er um borð í björgunarför, sem og gangar, stigar og útgangar sem að þeim liggja, skulu vera vel upplýstir.

Slík lýsing skal tengd neyðarrafaflgjafa samkvæmt ákvæðum reglna II-1/D/3 og II-1/D/4.

Auk þess og sem hluti af merkingunum, sem krafist er í undirlið .1.7 í reglu II-2/B/6 fyrir ný skip í flokki B, C og D, skulu leiðir til söfnunarstöðva merktar með merki söfnunarstöðva, sem ætlað er í þeim tilgangi, í samræmi við IMO-ályktun A.760(18) með áorðnum breytingum. Þessi krafa gildir einnig um gömul skip í flokki B sem mega flytja fleiri en 36 farþega.

.4 Hægt skal vera að fara um borð í lífbáta þar sem þeir eru geymdir á skipinu, eða frá þilfari til slíks, en ekki hvorutveggja.

.5 Hægt skal vera að fara um borð í björgunarfleka, sem sjósettir eru með sjóstýrðri losun, rétt hjá staðnum þar sem þeir eru geymdir á skipinu eða frá stað sem björgunarflekinn er fluttur til áður en hann er sjósettur.

.6 Þar sem við á skal hafa búnað til að færa björgunarfar, sem sjósett er með sjóstýrðri losun, að skipshliðinni og þannig halda því föstu á meðan farið er um borð í það.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.7 Ef sjósetningarbúnaður björgunarfars er ekki þannig að hægt sé að fara um borð í farið áður en það er sjósett og hæðin frá þeim stað sem farið er frá borði er meira en 4,5 metrar yfir vatnslínu í léttasta hleðsluástandi skipsins skal skipið búið samþykktu kerfi til rýmingar skips í samræmi við lið 6.2 í LSA-kóðanum.

Í skipum, sem búin eru kerfi til rýmingar skips, skal tryggja að samband sé milli staðarins þar sem farið er um borð í björgunarför og pallsins þar sem björgunarför eru geymd.

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.8 Það skal vera a.m.k. einn rimlastigi á hvoru borði skipsins til að fara um borð í björgunarfar og skal hann uppfylla ákvæði liðar 6.1.6 í LSA-kóðanum; stjórnvald fánaríkisins má undanþiggja skipið frá þessu ákvæði þannig að í öllu óleku og, samkvæmt skilgreiningu, löskuðu ástandi skips og með tilliti til stafn- og síðuhalla sé fríborð milli þess staðar þar sem farið er um borð í björgunarfar og sjólínu ekki meira en 1,5 metrar.

5-1 **Regla III/5-1: Kröfur varðandi ekjufarþegaskip (R 26)**

.1 *Björgunarflekar*

EKJUSKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU SMÍÐUÐ FYRIR 1. JANÚAR 2003:

.1 Fyrir björgunarfleka ekjufarþegaskipa skal nota kerfi til rýmingar skips, sem uppfylla kröfur SOLAS-reglu III/48.5, í þeirri útgáfu sem var í gildi 17. mars 1998, eða sjósetningarbúnað, sem uppfyllir SOLAS-reglu III/48.6, í þeirri útgáfu sem var í gildi 17. mars 1998, sem er jafnt skipt á bæði borð skipsins.

Tryggja skal að samband sé milli staðarins, þar sem farið er um borð í björgunarfleka, og pallsins.

Þrátt fyrir hið framangreinda skal fyrir björgunarfleka ekjufarþegaskipa nota kerfi til rýmingar skips, sem uppfylla lið 6.2 í LSA-kóðanum, eða sjósetningarbúnað, sem uppfyllir lið 6.1.5 í LSA-kóðanum, sem er jafnt skipt á bæði borð skipsins þegar skipt er um kerfi til rýmingar ekjufarþegaskipa eða slík skip gangast undir viðgerðir eða meiriháttar breytingar eða lagfæringar sem fela í sér að skipt er um eða bætt er við þann björgunarbúnað eða það fyrirkomulag sem fyrir er.

EKJUSKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

.2 Fyrir björgunarfleka ekjufarþegaskipa skal nota kerfi til rýmingar skips, sem uppfylla lið 6.2 í LSA-kóðanum, eða sjósetningarbúnað, sem uppfyllir lið 6.1.5 í LSA-kóðanum, sem er jafnt skipt á bæði borð skips.

Tryggja skal að samband sé milli staðarins, þar sem farið er um borð í björgunarfleka, og pallsins.

ÖLL EKJUSKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.3 Allir björgunarflekar ekjufarþegaskipa skulu búnir sleppibúnaði sem tryggir að þeir fljóti upp frá skipinu í samræmi við ákvæði SOLAS-reglu III/13.4.2.

.4 Allir björgunarflekar ekjufarþegaskipa skulu búnir skábraut til að komast um borð í þá og sem uppfyllir ákvæði liðar 4.2.4.1 eða 4.3.4.1 í LSA-kóðanum, eftir því sem við á.

.5 Allir björgunarflekar ekjufarþegaskipa skulu annaðhvort vera sjálfréttandi björgunarflekar eða björgunarvendiflekar með skýli, sem eru stöðugir í sjó og öruggir í notkun, án tillits til þess hvaða hlið snýr upp. Stjórnvald fánaríkisins má heimila opna björgunarvendifleka ef slíkt er talið viðeigandi vegna þess að siglt er um skýld hafsvæði eða vegna hagstæðs veðurfars og svo framarlega sem slíkir flekar uppfylla öll ákvæði 10. viðauka við kóðann um háhraðaför frá 1994.

Að öðrum kosti skal/má skipið vera búið sjálfréttandi björgunarflekum eða björgunarvendiflekum með skýli til viðbótar venjulegum fjölda björgunarfleka sem skulu samanlagt geta borið í það minnsta 50% af þeim sem eru um borð og ekki komast fyrir í lífbátum.

Þessi viðbótarsætafjöldi í björgunarflekum skal ákveðinn á grundvelli mismunarins milli þess fjölda sem er um borð og þess sem rými er fyrir í lífbátum. Allir slíkir björgunarflekar skulu samþykktir af stjórnvaldi fánaríkisins, að teknu tilliti til tilmæla í IMO MSC/Circ. 809.

.2 *Ratsjársvarar*

ÖLL EKJUSKIP Í FLOKKI B:

.1 Eigi síðar en við fyrstu reglubundnu aðalskoðun eftir 1. janúar 2012 skal koma ratsjársvara fyrir í björgunarflekum í ekjufarþegaskipum í flokki B, í hlutfallinu einn ratsjársvari á hverja fjóra björgunarfleka. Ratsjársvarinn skal festur inni í björgunarflekanum þannig að loftnet hans sé meira en einn metra yfir sjávarmáli þegar björgunarflekinn er í notkun, nema í björgunarvendiflekum með skýli en þar skal ratsjársvaranum komið þannig fyrir að auðvelt sé fyrir menn sem komist hafa lífs af að ná til hans og setja hann upp. Hverjum ratsjársvara skal komið þannig fyrir að unnt sé að setja hann upp handvirkt þegar björgunarflekinn er í notkun. Umbúðir björgunarfleka með innbyggða ratsjársvara skulu merktar greinilega.

.3 *Hraðskreiðir léttbátar*

ÖLL EKJUSKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Ef krafa er gerð um að léttbátur sé fyrir hendi í ekjufarþegaskipum skal hann vera hraðskreiður léttbátur, sem er samþykktur af stjórnvaldi fánaríkis, með hliðsjón af tilmælum í IMO MSC/Circ. 809.

.2 Hraðskreiði léttbáturinn skal sjósettur með viðeigandi sjósetningarbúnaði, samþykktum af stjórnvaldi fánaríkis. Við samþykkt slíks búnaðar skal stjórnvald fánaríkis taka tillit til þess að unnt sé að sjósetja hraðskreiðan léttbát og taka hann aftur um borð, jafnvel við slæm veðurskilyrði og einnig skal taka tillit til tilmæla Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

.3 A.m.k. tvær áhafnir hraðskreiða léttbátsins skulu hafa hlotið viðeigandi þjálfun og stundað æfingar með reglulegu millibili, að teknu tilliti til töflu A-VI/2-2 í þætti A-VI/2, „forskriftir lágmarksstaðla varðandi hæfi áhafna hraðskreiðra léttbáta“ í kóðanum um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW-kóðanum) og tilmæla í IMO-ályktun A.771(18), með áorðnum breytingum. Þjálfunin og æfingarnar skulu ná til allra þátta björgunar, meðhöndlunar, stjórnunar og siglinga slíkra fara í mismunandi veðrum, að meðtöldu því að rétta þau við ef þeim hvolfir.

.4 Þar sem fyrirkomulag eða stærð gamalla ekjufarþegaskipa kemur í veg fyrir að þau séu búin hraðskreiðum léttbátum, sem krafist er í lið .3.1, má búa skipið hraðskreiðum léttbáti í stað eldri lífbáts sem samþykktur hefur verið sem léttbátur eða sem bátur sem nota á í neyðartilvikum, svo framarlega sem eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

.1 hraðskreiði léttbáturinn, sem skipið er búið, skal sjósettur með sjósetningarbúnaði sem uppfyllir ákvæði liðar .3.2.,

.2 sætafjölda björgunarfarsins, sem tapast við framangreind skipti, skal bæta upp með því að koma fyrir björgunarflekum með sætafjölda sem nemur a.m.k. sætafjölda lífbátsins sem var skipt út og

.3 nota skal eldri sjósetningarbúnað eða kerfi til rýmingar skips fyrir slíka björgunarfleka.

.4 *Björgunarleiðir*

ÖLL EKJUSKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Hvert ekjufarþegaskip skal búið hentugum búnaði til að ná mönnum, sem komist hafa lífs af, á fljótlegan hátt úr sjónum og til að flytja fólk úr björgunareiningum eða björgunarfari um borð í skipið.

.2 Búnaður til að flytja menn, sem komist hafa lífs af, um borð í skipið má vera hluti kerfis til rýmingar skips eða hluti búnaðar sem er hannaður til björgunar.

Þessi búnaður skal háður viðurkenningu fánaríkisins, að teknu tilliti til tilmæla í IMO MSC/Circ. 810.

.3 Ef nota á rennu í kerfi til rýmingar skips sem flutningsleið manna, sem hafa komist lífs af upp á þilfar skips, skal hún búin handriðum eða stigum til að auðvelda klifur upp hana.

.5 *Björgunarvesti*

ÖLL EKJUSKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Þrátt fyrir ákvæði SOLAS-reglu III/7.2 og III/22.2 skulu nægilega mörg björgunarvesti geymd nálægt söfnunarstöðvum þannig að farþegar þurfi ekki að snúa aftur til klefa sinna til að ná í þau.

.2 Hvert björgunarvesti um borð í ekjufarþegaskipi skal búið ljósi sem uppfyllir ákvæði liðar 2.2.3 í LSA-kóðanum.

5-2 **Regla III/5-2: Þyrlupallar og svæði þaðan sem fólki er lyft um borð í þyrlur (R 28)**

NÝ OG GÖMUL EKJUSKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Á ekjufarþegaskipum skulu vera svæði þaðan sem fólki er lyft um borð í þyrlur og skal stjórnvald fánaríkis samþykkja þau með hliðsjón af tilmælum í IMO-ályktun A.894(21), með áorðnum breytingum.

.2 Ný ekjufarþegaskip í flokki B, C og D, sem eru 130 metrar að lengd og lengri, skulu búin þyrlupöllum sem stjórnvöld fánaríkis samþykkja með hliðsjón af tilmælum í alþjóðlegri handbók á sviði flug- og siglingarmála vegna leitar og björgunar á sjó og í lofti (IAMSAR), sem samþykkt voru í IMO-ályktun A.892(21), með áorðnum breytingum, og IMO MSC/Circ. 895, „tilmæli um þyrlupalla á ekjufarþegaskipum“.

5-3 **Regla III/5-3: Stoðkerfi fyrir ákvarðanir skipstjóra (R 29)**

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Í öllum skipum skal stoðkerfi fyrir ákvarðanir í tengslum við stjórnun neyðarástands komið fyrir á stjórnpalli.

.2 Stoðkerfið skal a.m.k. innihalda prentaða neyðaráætlun eða -áætlanir. Öll fyrirsjáanleg neyðartilvik skulu skilgreind með neyðaráætlun eða -neyðaráætlunum, að meðtöldum, en ekki einskorðuð við, eftirfarandi aðalflokka neyðartilvika:

.1 eldsvoða,

.2 leka í skipi,

.3 mengun,

.4 ólögmætar aðgerðir sem ógna öryggi skips, farþega þess og áhafnar,

.5 slys á áhöfn,

.6 farmtjón og

.7 neyðaraðstoð við önnur skip.

.3 Neyðarviðbrögð í neyðaráætlun eða -áætlunum skulu styðja og auðvelda ákvörðunartöku skipstjóra í hinum ýmsu neyðartilvikum.

.4 Neyðaráætlun eða -áætlanir skulu allar byggðar upp á sama hátt og skal vera auðvelt að beita þeim. Þar sem það á við skal miða við stöðugleikaútreikninga, sem gerðir voru fyrir sjóferðina, við að stýra aðgerðum til að draga úr frekari leka.

.5 Til viðbótar prentaðri neyðaráætlun eða -áætlunum getur stjórnvald fánaríkis einnig samþykkt ákvarðana-tökukerfi með aðstoð tölvu á stjórnpalli skips, sem geymir allar upplýsingar sem eru í neyðaráætlunum, þ.m.t. verklagsreglur, gátlistar o.s.frv., og skrá yfir viðbrögð sem beita skal í fyrirsjáanlegum neyðartilvikum.

6. **Regla III/6 Sjósetningarstaðir (R 12)**

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

Sjósetningarstaðir skulu vera þar sem sjósetning er örugg og skal taka sérstakt tillit til afstöðu til skrúfu skipsins og allra staða þar sem bolur skipsins gengur inn undir sig, þannig að sjósetja megi björgunarför niður lóðréttar síður skipsins. Ef sjósetningarstaðurinn er í framskipi skal hann þó vera fyrir aftan stafnþil (árekstrarþil), á vörðu svæði.

7. **Regla III/7 Geymsla björgunarfara (R 13 + 24)**

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Hvert björgunarfar skal geymt:

a. þannig að hvorki björgunarfarið né geymsla þess hafi áhrif á sjósetningu annarra björgunarfara,

b. eins nálægt vatnslínu og unnt er á raunhæfan hátt; hæð bátsuglu fyrir sjóstýrða losun björgunarfars í efstu hangandi stöðu skal ekki vera meira en 15 metra yfir vatnslínu skipsins í léttasta hleðsluástandi, ef því verður við komið, og skal björgunarfarið í hangandi stöðu vera yfir sjó þótt skipið sé fullhlaðið og óháð stafnhalla um allt að 10° og þótt ný skip halli allt að 20° á hvort borðið sem er og gömul skip allt að 15° á hvort borðið sem er eða fari að þeim halla þar sem veðurþilfar skipsins fer undir vatnslínu, eftir því hvort hornið er minna,

c. þannig að það sé tilbúið til umsvifalausrar notkunar og að tveir skipverjar geti búið björgunarfarið til sjósetningar innan fimm mínútna,

d. eins langt fyrir framan skrúfur skipsins og hægt er og

e. þannig að þau séu fullbúin samkvæmt ákvæðum viðkomandi SOLAS-reglna, nema undanþiggja má björgunarflekana, eins og skilgreint er í a- eða b-lið 1. liðar athugasemdar við töflu í reglu III/2, sumum SOLAS-reglum um búnað eins og fram kemur í þeirri athugasemd.

.2 Lífbátar skulu geymdir með þeim hætti að þeir séu fastir við sjósetningarbúnað sinn og á farþegaskipum, sem eru 80 metrar að lengd og lengri, skulu lífbátar þannig geymdir að afturendi þeirra sé a.m.k. 1,5 sinnum lengd þeirra fyrir framan skrúfu skipsins.

.3 Hver björgunarfleki skal geymdur:

a. með fangalínu tengda við skipið,

b. með sjóstýrðum búnaði, í samræmi við ákvæði liðar 4.1.6 í LSA-kóðanum, sem gerir björgunarfleka kleift að fljóta upp frá skipi og opnast sjálfkrafa þegar skipið sekkur ef hann er uppblásanlegur; nota má eitt eintak sjóstýrðs búnaðar fyrir tvo eða fleiri björgunarfleka svo framarlega sem sjóstýrði búnaðurinn uppfylli ákvæði liðar 4.1.6 í LSA-kóðanum,

c. þannig að unnt sé að sjósetja hann með handafli frá geymslustað.

.4 Björgunarflekar sem eru sjósettir með sjóstýrðri losun skulu geymdir innan seilingar lyftikróka, nema björgunarflekinn sé búinn einhvers konar færslubúnaði sem ekki verður óvirkur þrátt fyrir stafnhalla sem nemur allt að 10° og síðuhalla sem nemur allt að 20° fyrir ný skip, á hvort borð sem er, og allt að 15° síðuhalla á hvort borð fyrir gömul skip, eða vegna hreyfinga skips eða aflrofs.

.5 Björgunarflekar, sem sjósettir eru þannig að þeim sé varpað fyrir borð, skulu þannig geymdir að auðvelt sé að flytja þá frá borði til borðs á opnum þilförum. Ef ekki er hægt að geyma björgunarflekana á þennan hátt skal skipið búið viðbótarbjörgunarflekum þannig að tiltækur heildarsætafjöldi á hvort borð nemi a.m.k. 75% þeirra sem eru um borð.

.6 Björgunarflekum sem tengjast kerfi til rýmingar skips:

a. skal komið fyrir sem næst gámnum sem hýsir kerfi til rýmingar skips,

b. skal vera unnt að sleppa úr geymsluvöggu með búnaði sem gerir kleift að binda þá við og blása upp þaðan sem farið er um borð í björgunarflekana,

c. skal vera hægt að hrinda á flot sem sérstökum björgunarförum og

d. skulu fylgja fangalínur til að færa þá að flotpallinum.

8. **Regla III/8 Geymsla léttbáta (R 14)**

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

Léttbátar skulu geymdir:

.1 þannig að þeir séu tilbúnir til umsvifalausrar notkunar og sjósetningar innan fimm mínútna og ef þeir eru uppblásanlegir skulu þeir alltaf vera uppblásnir,

.2 á stað sem er hentugur fyrir sjósetningu og upptöku bátsins,

.3 þannig að hvorki léttbáturinn né geymslubúnaður hans trufli sjósetningu eða beitingu annars björgunarfars við aðra sjósetningarstaði,

.4 þannig, ef þeir eru einnig lífbátar, að þeir uppfylli ákvæði reglu III/7.

8a **Regla III/8a: Geymsla kerfis til rýmingar skips (R 15)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL EKJUSKIP Í FLOKKI B, C OG D:

1. Engin op skulu vera á skipshliðinni milli staðarins þar sem farið er um borð í kerfi til rýmingar skips og vatnslínu skipsins í léttasta hleðsluástandi og gerðar skulu ráðstafanir til að vernda búnaðinn frá hvers kyns útstæðum hlutum.

2. Kerfi til rýmingar skips skal þannig staðsett að tryggt sé að sjósetning sé örugg og að sérstakt tillit sé tekið til afstöðu til skrúfu skipsins og allra staða þar sem bolur skipsins fláar inn, þannig að sjósetja megi búnaðinn niður lóðréttar síður skipsins eftir því sem unnt er.

3. Öll kerfi til rýmingar skips skulu geymd þannig að hvorki umferð að þeim né pallurinn, geymsla eða ráðstafanir við notkun þeirra hindri notkun annars björgunarbúnaðar við aðra sjósetningarstaði.

4. Geymslustöðum kerfa til rýmingar skips skal þannig komið fyrir í skipinu að kerfin séu varin skemmdum af völdum sjógangs.

9. **Regla III/9 Fyrirkomulag við sjósetningu og upptöku björgunarfara (R 16)**

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Sjósetningarbúnaður, sem uppfyllir ákvæði liðar 6.1 í LSA-kóðanum, skal vera á hverju björgunarfari, nema:

.1 AÐ ÞVÍ ER VARÐAR GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

a. á björgunarförum sem farið er um borð í frá þilfari sem er innan við 4,5 metra yfir vatnslínu í léttasta hleðsluástandi skips og sem annaðhvort:

— hafa massa, sem er undir 185 kg, eða

— eru geymd þannig að þau má sjósetja beint frá geymslustað óháð stafnhalla skips um allt að 10° og allt að 15° hliðarhalla á hvort borð eða

b. í björgunarförum, sem eru um borð umfram þau björgunarför sem eru fyrir 110% þeirra sem eru um borð, eða í björgunarförum til nota með kerfi til rýmingar skips (MES), sem uppfyllir kröfur liðar 6.2 í LSA-kóðanum og eru geymd þannig að þau eru sjósett beint úr geymslustöðu óháð stafnhalla skips um allt að 10° og allt að 20° hliðarhalla á hvort borð.

.2 AÐ ÞVÍ ER VARÐAR NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

Svo framarlega sem gerðar eru ráðstafanir til þess að fara um borð í björgunarför og léttbáta við öll veðurskilyrði sem búast má við á farsviði skipsins, þegar það er í óleku eða, samkvæmt skilgreiningu, löskuðu ástandi að því er varðar stafn- og síðuhalla má fríborð milli þess staðar á þilfari sem farið er um borð í bátana og vatnslínu í léttasta hleðsluástandi skips ekki vera meira en 4,5 metrar. Í því tilviki er stjórnvaldi fánaríkisins heimilt að samþykkja kerfi um að fara beint um borð í björgunarflekana.

.2 Um borð í hverjum lífbáti skal vera búnaður til sjósetningar og upptöku bátsins.

AÐ ÞVÍ ER VARÐAR NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Auk þess skal vera hægt að hengja upp lífbáta svo að unnt sé að losa sleppibúnaðinn til viðhalds.

.2a Eigi síðar en við fyrstu áætluðu legu skips í þurrkví eftir 1. janúar 2018, þó eigi síðar en 1. júlí 2019, skal skipta út búnaði fyrir átakslausa losun lífbáta (e. *lifeboat on-load release mechanisms*) sem uppfyllir ekki ákvæði liðar 4.4.7.6.4–4.4.7.6.6 í LSA-kóðanum fyrir búnað sem samræmist kóðanum (*).

(*) Sjá „leiðbeiningarnar um mat og útskipti á kerfum til losunar og upptöku lífbáta“ (MSC.1/Circ. 1392).

.3 Sjósetningar- og upptökubúnaður skal vera þannig staðsettur að sá sem stjórnar honum um borð hafi björgunarfarið ætíð í sjónmáli meðan á sjósetningu og upptöku lífbáts stendur.

.4 Aðeins ein gerð losunarbúnaðar skal notuð fyrir samskonar björgunarför um borð í skipi.

.5 Fallreipi, þar sem þeim er beitt, skulu vera nægilega löng til þess að björgunarfarið nái niður í sjó í léttasta hleðsluástandi skips og óháð stafnhalla skips allt að 10° og allt að 20° hliðarhalla á hvort borð fyrir ný skip og allt að 15° hliðarhalla á hvort borð fyrir gömul skip.

.6 Undirbúningur og meðhöndlun björgunarfars á einum sjósetningarstað í skipi skal hvorki hafa áhrif á skjótan undirbúning og meðhöndlun annars björgunarfars né léttbáts á öðrum stað.

.7 Tryggt skal að ekki sé hægt að hleypa vatni í björgunarfar við sjósetningu.

.8 Meðan á undirbúningi og sjósetningu stendur skal björgunarfarið og sjósetningarbúnaður þess, sem og það svæði sjávar sem björgunarfarið er sjósett í, vera nægilega upplýst með lýsingu frá neyðarrafaflgjafa sem krafist er samkvæmt ákvæðum reglna II-1/D/3 og II-1/D/4.

10. **Regla III/10 Fyrirkomulag á því að fara um borð í, sjósetja og taka upp léttbáta (R 17)**

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Fyrirkomulag á því að fara um borð í og sjósetja léttbáta skal vera með þeim hætti að hægt sé að sjósetja léttbátinn og fara um borð í hann á sem skemmstum tíma.

.2 Hægt skal vera að fara beint um borð í léttbátinn á þeim stað þar sem hann er geymdur og sjósetja hann þaðan með þeim fjölda manna sem hann á að bera.

.3 Ef léttbáturinn er talinn með í sætafjölda björgunarfara og farið er um borð í aðra lífbáta frá bátaþilfari skips skal, til viðbótar ákvæðum í lið .2, einnig vera hægt að fara um borð í lífbátinn frá bátaþilfarinu.

.4 Sjósetningarbúnaður skal uppfylla ákvæði reglu III/9. Hins vegar skal vera hægt að sjósetja alla léttbáta, þar sem við á, með fangalínu ef skipið er á allt að fimm hnúta hraða áfram í lygnum sjó.

.5 Upptaka fullhlaðins léttbáts af mönnum og búnaði skal ekki taka nema fimm mínútur í meðalsjólagi. Ef léttbáturinn er talinn með í heildarsætafjölda björgunarfara skal unnt að ná fyrrnefndum upptökutíma með öllum björgunarbúnaði bátsins og samþykktum fjölda um borð í léttbáti, sem er a.m.k. sex manns.

.6 AÐ ÞVÍ ER VARÐAR NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2003 EÐA SÍÐAR:

Fyrirkomulag á því að fara um borð í og taka upp léttbáta skal miðast við að flytja megi sjúkrabörur á öruggan og skilvirkan hátt. Ef hætta stafar af þungum fallblökkum skulu vera fyrir hendi stroffur til að ná bátum upp í slæmu veðri.

10a **Regla III/10a: Björgun fólks úr sjó**

SKIP Í FLOKKI B, C OG D, SEM ERU SMÍÐUÐ 1. JANÚAR 2018 EÐA SÍÐAR:

.1 Öll skip skulu hafa áætlanir og verklagsreglur, sem varða skipið sérstaklega, varðandi björgun fólks úr sjó, að teknu tilliti til leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (*). Í áætlununum og verklagsreglunum skal tilgreina tækjabúnaðinn, sem ætlaður er til að nota við björgun, og ráðstafanir sem gera skal til að draga úr hættunni í garð skipverja, sem koma að björgunaraðgerðum. Skip smíðuð fyrir 1. janúar 2018 skulu uppfylla þessa kröfu fyrir fyrstu reglubundnu aðalskoðunina eða endurnýjunarskoðun á öryggisbúnaði.

.2 Ekjufarþegaskip, sem uppfylla ákvæði liðar .4 í reglu III/5-1, skulu teljast uppfylla ákvæði þessarar reglu III/10a.

(*) Leiðbeiningar við þróun áætlana og verklagsreglna við björgun fólks úr sjó (MSC.1/Circ. 1447).

11. **Regla III/11 Neyðarfyrirmæli (R 19)**

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

Hvenær sem nýir farþegar koma um borð skal upplýsingum um öryggismál miðlað til þeirra strax fyrir eða eftir brottför skips. Í upplýsingunum skal a.m.k. þeim leiðbeiningum sem krafist er samkvæmt ákvæðum liðar .3 í reglu III/3 komið til skila. Upplýsingarnar skulu gefnar á einu eða fleiri tungumálum sem líklegt þykir að farþegar skilji. Þeim má miðla um kallkerfi skipsins eða á annan viðeigandi hátt þannig að líklegt sé að a.m.k. þeir farþegar heyri sem enn hafa ekki heyrt þær í ferðinni.

12. **Regla III/12 Ástand búnaðar, viðhald og skoðanir (R 20)**

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Allur björgunarbúnaður skips skal vera í lagi og reiðubúinn til notkunar áður en skip leggur úr höfn og ávallt þegar það er á siglingu.

.2 Viðhald og eftirlit með björgunarbúnaði skal fara fram í samræmi við ákvæði SOLAS-reglu III/20.

13. **Regla III/13 Þjálfun í að yfirgefa skip og æfingar (R 19 + R 30)**

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Sérhver skipverji, sem gegnir sérstökum störfum í neyðartilvikum, skal þekkja þau skyldustörf áður en ferð hefst.

.2 Haldin skal æfing í að yfirgefa skip og brunaæfing vikulega.

Hver skipverji skal taka þátt í a.m.k. einni æfingu í að yfirgefa skip og brunaæfingu mánaðarlega. Halda skal slíkar æfingar fyrir brottför skips ef 25% áhafnar eða fleiri hafa ekki tekið þátt í björgunar- og brunaæfingum í mánuðinum á undan. Þegar skip er tekið í notkun í fyrsta skipti eftir meiriháttar breytingar eða þegar ný áhöfn kemur til starfa skal halda fyrrnefndar æfingar áður en lagt er úr höfn.

.3 Sérhver æfing í að yfirgefa skip skal ná til allra þátta, sem krafist er samkvæmt ákvæðum SOLAS-reglu III/19.3.3.1, með hliðsjón af leiðbeiningum í IMO MSC.1/Circ. 1206, „um ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys tengd lífbátum“.

.4 Lífbátar og léttbátar skulu sjósettir við samfelldar æfingar samkvæmt ákvæðum SOLAS-reglu III/19.3.3.2, 3.3.3 og 3.3.6.

Vegna þeirrar hættu sem fylgir æfingum við sjósetningu lífbáta og léttbáta þegar skip er á ferð skulu þær aðeins fara fram á skýldum hafsvæðum og undir eftirliti yfirmanns sem hefur reynslu af slíkum æfingum, með hliðsjón af leiðbeiningum í IMO-ályktun A.624(15) „leiðbeiningar um þjálfun að því er varðar sjósetningu lífbáta og léttbáta á skipum sem eru á ferð“ og leiðbeiningum í IMO-ályktun A.771(18) „tilmæli um þjálfunarkröfur fyrir áhafnir hraðskreiðra léttbáta“.

Stjórnvaldi fánaríkisins er heimilt að leyfa skipum að sjósetja ekki lífbáta á annarri hlið skipsins ef fyrirkomulag á viðlegu í höfn og siglingamynstur leyfa ekki sjósetningu lífbáta á þeirri hlið. Þó skal öllum slíkum lífbátum slakað niður a.m.k. einu sinni á þriggja mánaða fresti og þeir sjósettir a.m.k. árlega.

.5 Ef skip er búið kerfi til rýmingar skips skulu æfingar ná til þeirra þátta sem krafist er samkvæmt ákvæðum SOLAS-reglu III/19.3.3.8.

.6 Neyðarlýsing fyrir fólk til að safnast saman og yfirgefa skipið skal prófuð við hverja æfingu við að yfirgefa það.

.7 Brunaæfingar skulu haldnar í samræmi við ákvæði SOLAS-reglu III/19.3.4.

.8 Áhöfn skal fá þjálfun og leiðbeiningar um borð samkvæmt ákvæðum SOLAS-reglu III/19.4.

.9 Skipverjar sem bera ábyrgð á aðgangi að lokuðu rými og brottflutningi þaðan skulu taka þátt í æfingum vegna aðgangs að lokuðu rými og brottflutnings þaðan, sem skulu fara fram um borð í skipinu með millibili sem stjórnvöld ákveða, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári:

.1 Æfingar vegna aðgangs að lokuðu rými og brottflutnings þaðan ætti að skipuleggja og framkvæma á öruggan hátt, að teknu tilliti til, eftir því sem við á, endurskoðaðra tilmæla varðandi aðgang að lokuðum rýmum um borð í skipum sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti með ályktun A.1050(27).

.2 Sérhver æfing vegna aðgangs að lokuðu rými og brottflutnings þaðan skal ná til eftirfarandi:

.1 eftirlits og notkunar persónuhlífa, sem krafist er fyrir aðgang,

.2 eftirlits og notkunar á fjarskiptabúnaði og samskiptaferlum,

.3 eftirlits og notkunar á tækjabúnaði til mælinga á andrúmslofti í lokuðu rými,

.4 eftirlits og notkunar á björgunarbúnaði og björgunaraðgerðum og

.5 leiðbeininga vegna skyndihjálpar og endurlífgunaraðferða.

.10 Framkvæma skal æfingar til að koma í veg fyrir tjón, eins og krafist er í SOLAS II-1/19-1, með hléum, sem stjórnvöld ákvarða, en eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

14. **Regla III/14 Skráning (R 19.5**)

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.1 Þann dag þegar nafnakall fer fram skal skrá í skipsdagbók, sem stjórnvöld kunna að mæla fyrir um, upplýsingar um æfingar í að yfirgefa skip og brunaæfingar, æfingar vegna aðgangs að lokuðu rými og brottflutnings þaðan, æfingar í notkun annars björgunarbúnaðar og þjálfunar um borð. Ef nafnakall, æfing eða þjálfun fer ekki fram á tilsettum tíma skal skrá í skipsdagbókina við hvaða aðstæður og að hvaða marki nafnakallið, æfingin eða þjálfunin fór fram.

IV. KAFLI

**ÞRÁÐLAUS FJARSKIPTI**

1. **Regla IV/1 Þráðlaus fjarskiptabúnaður**

SKIP Í FLOKKI D

.1 Skip í flokki D skulu a.m.k. hafa:

.1.1 Metrabylgjufjarskiptastöð (VHF) sem sendir og tekur á móti:

.1.1.1 stafrænu valkalli á tíðninni 156,525 MHz (rás 70); það skal vera mögulegt að hefja neyðarsendingu á rás 70 frá þeim stað þar sem skipið siglir venjulega, og

.1.1.2 þráðlausum talfjarskiptum á tíðnunum 156,300 MHz (rás 6), 156,650 MHz (rás 13) og 156,800 Mhz (rás 16).

.1.2 Metrabylgjufjarskiptastöðin skal einnig geta sent og tekið á móti almennum þráðlausum fjarskiptum í gegnum talstöðvar.

.1.3 Vísað er til SOLAS-reglna IV/7.1.1 og IV/ 8.2 frá 1974.

2. ÞÁTTUR

**ÖRYGGISKRÖFUR FYRIR NÝ FARÞEGASKIP Í INNANLANDSSIGLINGUM ÞAR SEM KJÖLURINN VAR LAGÐUR EÐA SEM VORU Á SVIPUÐU SMÍÐASTIGI 19. SEPTEMBER 2021 EÐA SÍÐAR**

I. KAFLI

**ALMENN ÁKVÆÐI**

1. Beiting:

1.1. Ákvæði 2. þáttar gilda um ný og gömul farþegaskip þar sem kjölurinn var lagður eða sem voru á svipuðu smíðastigi 19. september 2021 eða síðar.

1.2. Nema skýrt sé kveðið á um annað gilda reglur þessa þáttar um skip í flokki B,C og D.

1.3. Þrátt fyrir fyrri lið 1.2 gilda eftirfarandi ákvæði þessa þáttar einnig um skip í flokki A:

.1 100. liður í reglu II-1/C/31, regla II-1/Z/100, regla II-1/Z/101 og regla II-1/Z/102 í kafla II-1 og

.2 undirliðir .4.3.100 og .4.100 í reglu II-2/B/4, undirliðir 4.100 og 6.4 í reglu II-2/C/10, undirliður .4.1.100 í reglu II-2/D/13 og undirliðir .6.1.4 og .6.1.5. í reglu II-2/G/20 í kafla II-2.

2. Óháð því sem kveðið er á um í b-lið greinar 6.1 í tilskipun 2009/45/EB þurfa skip í flokki D, sem ekki sigla út fyrir hafsvæði A 1, eins og það er skilgreint í reglu IV/2.12 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, með áorðnum breytingum, ekki að fara að flutningskröfum IV. kafla SOLAS-samþykktarinnar frá 1974, með áorðnum breytingum, en þau skulu a.m.k. fara að ákvæðum IV. kafla þessa viðauka.

3. Ákvæði um skyggni frá stjórnpalli í reglu V/22 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, skulu, að því marki sem telja má sanngjarnt og framkvæmanlegt, einnig gilda um skip sem eru styttri en 55 metrar að lengd, eins og „lengd“ er skilgreind í reglu V/2 í SOLAS- samþykktinni frá 1974, með áorðnum breytingum.

4. Innan þessa þáttar vísar ábendingin „(R . . .)“, sem fylgir fyrirsögnum reglna í kafla III, til þeirra reglna í SOLAS-samþykktinni frá 1974, með áorðnum breytingum, en á henni eru fyrrnefndu reglurnar byggðar.

5. Númeraröð og fyrirsagnir reglna innan kafla II-1 og II-2 eru í samræmi við SOLAS-samþykktina frá 1974. Eyða í númeraröð reglna og undirliða er af ásettu ráði þar sem einungis númer, sem skipta máli, eru höfð með.

KAFLI II-1

**SMÍÐI — BURÐARVIRKI, NIÐURHÓLFUN OG STÖÐUGLEIKI, VÉLBÚNAÐUR OG RAFLAGNABÚNAÐUR**

*A-HLUTI*

***ALMENNT***

**Regla II-1/A/3: Skilgreiningar varðandi hluta A-1, C, D og E**

.1 Stjórnkerfi fyrir stýrisbúnað er búnaður sem er notaður til að senda fyrirmæli frá stjórnpalli til aflvélar stýrisbúnaðar. Í stjórnkerfi stýrisbúnaðar eru sendar, móttökubúnaður, stjórnolíudælur og tilheyrandi hreyflar, hreyflastillar, lagnir og kaplar.

.2 Aðalstýrisbúnaður er vélbúnaðurinn, stýrihreyfiliðar, aflvél stýrisbúnaðar, ef hún er fyrir hendi, og hjálparbúnaður og tæki til að yfirfæra snúningsátak á stýrisásinn (t.d. stýrissveif eða stýriskvaðrantur), sem nauðsynlegur er til að hreyfa stýrið, í þeim tilgangi að stýra skipinu við venjulegar þjónustuaðstæður.

.3 Aflvél stýrisbúnaðar er:

.1 í rafmagnsstýrisbúnaði: rafhreyfill og tilheyrandi rafbúnaður,

.2 í raf- og vökvadrifnum stýrisbúnaði: rafhreyfill og tilheyrandi rafbúnaður ásamt viðtengdri dælu,

.3 í vökvadrifnum stýrisbúnaði: aflvél ásamt viðtengdri dælu.

.4 Varastýrisbúnaður er búnaður, þó ekki hluti af aðalstýrisbúnaði, sem er nauðsynlegur til að stýra skipinu ef til bilunar kemur í aðalstýrisbúnaði, öðrum en stýrissveif, stýriskvaðranti eða íhlut sem gegnir sama hlutverki.

.5 Eðlilegar starfs- og dvalaraðstæður merkir að skipið sem heild, vélbúnaður, þjónustubúnaður, framdrifs- og hjálparvélbúnaður, stýrisbúnaður og tilheyrandi tæki og búnaður til að tryggja örugga siglingu og til að takmarka brunahættu og hættu á vatnsflæði, búnaður til samskipta og merkjasendinga innan- og utanborðs, neyðarútgangar og vindur fyrir neyðarbáta, sé í lagi og starfi eðlilega og að hönnunarskilyrðum varðandi þægindi sé fullnægt.

.6 Neyðaraðstæður eru þær aðstæður þegar búnaður, sem er nauðsynlegur til að viðhalda eðlilegum starfs- og dvalaraðstæðum, starfar ekki vegna bilunar í aðalrafaflgjafa.

.7 Aðalrafaflgjafi er gjafi sem veitir rafafli til aðalraftöflu til dreifingar til alls nauðsynlegs búnaðar til að viðhalda eðlilegum starfs- og dvalaraðstæðum um borð.

.8 Vélarvana skip er ástand skips þar sem aðalframdrifsvélar, katlar og hjálparvélar eru ekki í gangi vegna skorts á afli.

.9 Aðalorkustöð er rýmið þar sem aðalrafaflgjafi er staðsettur.

.10 Aðalraftafla er tafla sem er tengd aðalrafaflgjafanum beint og ætluð til dreifingar á raforku til búnaðar skipsins.

.11 Neyðartafla er tafla sem fær orku beint frá neyðarrafaflgjafa eða bráðabirgðaneyðarafli verði bilun í aðalraforkukerfi og er ætluð til dreifingar á raforku til neyðarbúnaðar.

.12 Neyðarrafaflgjafi er rafaflgjafi sem á að veita orku til neyðartöflu verði bilun í aðalrafaflgjafa.

.13 Aflhreyfikerfi er vökvadrifinn búnaður sem veitir afli til að snúa stýrisás og samanstendur af aflvél eða -vélum stýrisbúnaðar, ásamt tilheyrandi lögnum og tengihlutum og stýrihreyfiliða. Í aflhreyfikerfum geta verið sameiginlegir vélaríhlutir, t.d. stýrissveif, stýriskvaðrantur og stýrisás eða íhlutir sem gegna sama hlutverki.

.14 Mesti notkunarhraði áfram er sá hraði sem skipið er hannað til að halda þegar það er á siglingu á hafi úti við mestu leyfilegu djúpristu þess.

.15 Mesti hraði aftur á bak er sá hraði sem áætlað er að skipið geti náð við hannað hámarksvélarafl aftur á bak við mestu leyfilegu djúpristu þess.

.16 Vélarúm eru öll vélarúm í flokki A svo og öll önnur rými sem í er vélbúnaður til að knýja skipið, katlar, eldsneytisolíubúnaður, gufuvélar og brunahreyflar, rafalar og aðalrafvélabúnaður, olíuáfyllistöðvar, kælivélabúnaður, andveltibúnaður, loftræsti- og loftjöfnunarbúnaður og sambærileg rými og stokkar sem liggja að þannig rýmum.

.17 Vélarúm í flokki A eru þau rými og stokkar sem liggja að þeim rýmum sem í eru:

.1 brunahreyflar, sem notaðir eru til meginframdrifs skipsins, eða

.2 brunahreyflar til annarra nota en til meginframdrifs skipsins þar sem heildarúttaksafl þess vélbúnaðar er a.m.k. 375 kW eða

.3 olíukyntur ketill eða eldsneytisolíubúnaður.

.18 Stjórnstöðvar eru þau rými þar sem fjarskiptabúnaður skipsins eða aðalsiglingatæki þess eru eða þar sem neyðaraflgjafinn er staðsettur eða þar sem brunaviðvörunarkerfinu eða slökkvibúnaðinum er stjórnað.

*HLUTI A-1*

***BURÐARVIRKI SKIPA***

**Regla II-1/A-1/3-2: Varnarhúð á sérnota sjókjölfestugeymum**

1. Regla II-1/A-1/3-2 skal gilda um skip í flokki B sem eru minni en 500 brúttótonn.

2. Allir sérnota sjókjölfestugeymar úr stáli skulu húðaðir við smíði í samræmi við „nothæfiskröfur fyrir varnarhúð í sérnota sjókjölfestugeymum allra tegunda skipa og í rýmum búlkaskipa með tvöföldum byrðingi“ (MSC.215(82), með áorðnum breytingum.

4. Viðhald varnarhúðakerfis skal vera hluti af heildarviðhaldsáætlun skipsins. Sannprófa skal skilvirkni varnarhúðarkerfisins á grundvelli „leiðbeininga um viðhald og viðgerð varnarhúðar“ (MSC.1/Circ. 1330).

**Regla II-1/A-1/3-4: Verklagsreglur um dráttaraðgerð í neyðartilvikum**

2.2. Í skipum í flokki B skal vera verklagsregla um dráttaraðgerð í neyðartilvikum sem varðar viðkomandi skip sérstaklega. Slík verklagsregla skal vera um borð í skipinu til nota í neyðartilvikum og skal byggjast á fyrirliggjandi fyrirkomulagi og búnaði sem er fyrir hendi um borð.

2.3. Verklagsreglan (vísað er til „Leiðbeininga fyrir eigendur/rekstraraðila um að útbúa verklagsreglur um dráttaraðgerð í neyðartilvikum“ (IMO MSC.1/Circ. 1255)) skal fela í sér:

.1 teikningu af fram- og afturþilfari sem sýnir mögulegt fyrirkomulag við dráttaraðgerð í neyðartilvikum,

.2 skrá yfir búnað um borð sem hægt er að nota við dráttaraðgerð í neyðartilvikum,

.3 samskiptabúnað og -aðferðir og

.4 dæmi um verklagsreglur til að greiða fyrir undirbúningi og framkvæmd dráttaraðgerðar í neyðartilvikum.

**Regla II-1/A-1/3-5: Nýr búnaður úr efni sem inniheldur asbest**

1. Regla II-1/A-1/3-5 gildir um efni sem notuð eru í burðarvirki, vélbúnað, raflagnir og búnað sem fellur undir 2. þátt þessa viðauka.

2. Nýr búnaður úr efni sem innihelstur asbest er bannaður í öllum skipum.

**Regla II-1/A-1/3-7: Smíðateikningar varðveittar um borð og í landi**

1. Um borð í öllum skipum skal vera sett af smíðateikningum, eins og það er smíðað, auk annarra teikninga sem sýna síðari breytingar á burðarvirkinu. Vísað er til IMO MSC/Circ. 1135 „Smíðateikningar, eins og skipið er smíðað, sem skulu varðveittar um borð í skipi og í landi“.

2. Félagið, eins og það er skilgreint í reglugerð (EB) nr. 336/2006 ([4]), skal eiga aukaeintak af slíkum teikningum í landi, með áorðnum breytingum.

**Regla II-1/A-1/3-8: Dráttar- og legufærabúnaður**

1. Í skipum skal vera fyrirkomulag, búnaður og tengihlutir sem þola nægjanlegt vinnuálag til að tryggja öryggi allra dráttar- og legufæraaðgerða í tengslum við venjulega notkun skipsins.

2. Fyrirkomulag, búnaður og tengihlutir, sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu vera í samræmi við staðla sem eru tilgreindir til flokkunar í reglum viðurkenndrar stofnunar eða jafngildum reglum sem stjórnvald starfar eftir í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2009/15/EB.

3. Vísað er til IMO MSC/Circ. 1175 „Leiðbeiningar um dráttar- og legufærabúnað um borð“.

4. Allir fylgihlutir eða hluti búnaðar, sem kveðið er á um í reglu II-1/A-1/3-8, skal greinilega merktur með öryggistengdum notkunartakmörkunum, að teknu tilliti til styrkleika festinga við burðarvirki skipsins.

**Regla II-1/A-1/3-9: Búnaður til að komast um borð í skip og frá borði**

1. Í skipum skal vera búnaður til að komast um borð í skip og frá borði til nota í höfnum eða í hafnartengdum aðgerðum, s.s. landgangar og landgöngustigar, í samræmi við 2. mgr., nema stjórnvöld telji hlítni við tiltekið ákvæði óskynsamlegt eða óhagkvæmt. Aðstæður, þar sem hlítni við tiltekið ákvæði kann að teljast óskynsamlegt eða óhagkvæmt, geta falið í sér tilvik þar sem skip:

   .1 hefur lítið fríborð og þar sem skábrautir til að komast um borð eru fyrir hendi eða

   .2 annast siglingar milli tiltekinna hafna og þar sem viðeigandi landgöngustigar eða stigar til að komast um borð (pallar) eru fyrir hendi.

2. Búnaður til að komast um borð í skip og frá borði, sem krafist er skv. 1. mgr., skal smíðaður og settur upp á grundvelli „leiðbeininga um smíði, uppsetningu, viðhald og skoðun á/eftirlit með búnaði til að komast um borð í skip og frá borði“ MSC.1/Circ. 1331).

3. Búnaður til að komast um borð í skip og frá borði skal skoðaður og honum viðhaldið (vísað til MSC.1/Circ. 1331) í viðunandi ástandi miðað við fyrirhugaða notkun hans, að teknu tilliti til hvers konar takmarkana sem tengjast öruggri lestun. Viðhalda skal öllum vírum, sem notaðir eru til að styðja við búnað til að komast um borð í skip og frá borði, eins og tilgreint er í SOLAS III/20.4.

**Regla II-1/A-1/3-12: Varnir gegn hávaða**

3. Skip sem eru 1600 brúttótonn að stærð eða stærri skulu smíðuð þannig að dregið sé úr hávaða um borð og að starfsfólk sé verndað gegn hávaða, í samræmi við IMO-kóðann um hávaðastig um borð í skipum, sem var samþykktur með ályktun siglingaöryggisnefndarinnar MSC.337(91) og sem Alþjóðasiglingamálastofnunin má breyta.

3a Gera skal ráðstafanir, að því er varðar skip sem falla ekki undir fyrri lið, til að draga úr hávaða frá vélum í vélarúmum, ekjurýmum og sérstökum rýmum þannig að hann verði við viðundandi stig, eins og skilgreint er í kafla II-2. Ef ekki er unnt að draga nægilega mikið úr hávaðanum skal einangra eða útiloka hávaðavaldinn á viðeigandi hátt eða koma upp hljóðeinangruðu skýli ef þess er krafist að rýmið sé mannað. Starfsmönnum, sem þurfa að fara inn í slík rými, skulu látnar í té heyrnarhlífar.

([4]) Stjtíð. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 1-36.

*B-HLUTI*

***STÖÐUGLEIKI Í ÓLEKU ÁSTANDI, NIÐURHÓLFUN OG STÖÐUGLEIKI Í LÖSKUÐU ÁSTANDI***

Skip skulu uppfylla kröfurnar í viðeigandi ákvæðum B-hluta til B-4, kafla II-I í SOLAS-samþykktinni, með áorðnum breytingum.

*C-HLUTI*

***VÉLBÚNAÐUR***

**Regla II-1/C/26: Almennt**

1. Vélbúnaði, kötlum og öðrum þrýstihylkjum, tilheyrandi lagnakerfi og tengihlutum skal þannig fyrir komið og þessir hlutir varðir á þann hátt að hætta fyrir menn um borð verði sem minnst og skal gefa sérstakan gaum að þeim hlutum sem hreyfast, heitum flötum og öðru sem hættulegt getur talist.

3. Búnaður skal vera fyrir hendi til að halda við eða endurheimta gangfærni framdrifsvéla, jafnvel þótt ein af nauðsynlegum hjálparvélum verði óstarfhæf.

4. Unnt skal vera að gangsetja vélar í vélarvana skipi án utanaðkomandi aðstoðar.

6. Að því er varðar skip í flokki B og C skulu aðalframdrifsvélar og allar hjálparvélar, sem eru nauðsynlegar til að knýja skipið og vegna öryggis þess, eins og þær eru niðursettar, vera gangfærar hvort sem skipið er upprétt eða við hvert hallahorn allt að 15° hliðarhalla á annað hvort borðið eða veltur allt að 22,5° á annað hvort borðið og heggur samtímis allt að 7,5° fram eða aftur.

11. Staðsetning og fyrirkomulag loftröra fyrir brennsluolíugeyma, setgeyma og smurolíugeyma skal vera þannig að þó að loftrör brotni hafi það ekki í för með sér beina hættu á að sjór eða regnvatn komist inn. Um borð í öllum skipum skulu vera tveir brennsluolíugeymar fyrir hverja gerð eldsneytis, sem notuð er til að knýja skipið áfram og nauðsynlegan búnað þess, eða samsvarandi fyrirkomulag og skal hvor þeirra rúma eldsneytismagn til að knýja framdrifsvélbúnaðinn óslitið með hámarksafköstum, sem og rafala þess við hefðbundið álag á sjó, í a.m.k. átta klukkustundir í skipum í flokki B og a.m.k. fjórar klukkustundir í skipum í flokki C og D.

**Regla II-1/C/27: Brunahreyflar**

4. Brunahreyfla, þar sem borvídd strokka er meiri en 200 mm eða þar sem rúmmál sveifarhúss er 0,6 $m^3$ eða meira, skal búa öryggislokum gegn sprengingu í sveifarhúsi og skulu þeir vera af heppilegri gerð og með nægilega stóru útstreymisopi. Öryggislokunum skal þannig fyrir komið eða þeim fylgja þannig búnaður að tryggt sé að útstreymi frá þeim sé þannig stýrt að sem minnst hætta sé á að starfsmenn slasist.

**Regla II-1/C/28: Búnaður til að knýja aftur á bak**

1. Skip skulu hafa nægilegt afl til að fara aftur á bak, svo tryggt sé að skipið láti fullkomlega að stjórn við allar eðlilegar aðstæður.

2. Sýna skal fram á og skrá hæfni vélbúnaðarins til að snúa við þrýstikrafti skrúfunnar á nægilega stuttum tíma svo stöðva megi skipið innan hæfilegrar vegalengdar frá því það sigldi með mesta notkunarhraða áfram.

3. Stöðvunartímar, stefnur skipsins og vegalengdir, sem skráð eru við prófanir, ásamt niðurstöðum prófana til að ákvarða hæfni skipa með margar skrúfur til siglingar og stefnubreytinga þegar ein eða fleiri skrúfur eru óstarfhæfar, skulu vera um borð til nota fyrir skipstjóra eða tilnefnt starfsfólk.

**Regla II-1/C/29: Stýrisbúnaður**

1. Sérhvert skip skal búið fullnægjandi aðal- og varastýrisbúnaði. Aðalstýrisbúnaðurinn og varastýrisbúnaðurinn skulu vera þannig að bilun í öðrum þeirra geri hinn ekki óstarfhæfan.

3. Aðalstýrisbúnaðurinn og stýrisásinn, þar sem hann er fyrir hendi, skulu:

.1 vera af nægilegum styrkleika og gera kleift að stýra skipinu á mesta notkunarhraða áfram og vera hannaðir þannig að þeir verði ekki fyrir skemmdum við mesta hraða aftur á bak,

.2 geta snúið stýrinu úr 35° á annað borðið yfir í 35° á hitt borðið þegar skipið flýtur við mestu leyfilegu djúpristu þess á hafi úti og siglir áfram á mesta notkunarhraða og, við sömu skilyrði, úr 35° á annað hvort borðið yfir í 30° á hitt borðið á eigi lengri tíma en 28 sekúndum. Ef ekki er unnt að sýna fram á að þessi krafa sé uppfyllt meðan á reynslusiglingu stendur, þegar skipið flýtur við mestu leyfilegu djúpristu þess á hafi úti og siglir áfram á hraða, sem samsvarar samfelldum hámarkssnúningshraða aðalvélarinnar og hámarkshönnunarskurði skrúfu, geta skip, óháð smíðadagsetningu þeirra, sýnt fram á að þau uppfylli þessa kröfu með einni af eftirfarandi aðferðum:

.1 við reynslusiglingu þar sem skipið er án stafnhalla og stýrið algjörlega á kafi og skipið siglir áfram á hraða sem samsvarar samfelldum hámarkssnúningshraða aðalvélarinnar og hámarkshönnunarskurði skrúfu eða

.2 ef stýrið getur ekki verið alveg á kafi meðan á reynslusiglingu stendur skal reikna út hentugan siglingahraða beint áfram miðað við flatarmál þess hluta af stýrisblaðinu sem er á kafi við þau hleðslutilvik sem lögð eru til fyrir reynslusiglinguna; reiknaður siglingahraði beint áfram verður að yfirfæra kraft og snúningsátak á aðalstýrisbúnaðinn sem er a.m.k. jafnmikið og ef prófunin væri gerð þegar skipið flýtur við mestu leyfilegu djúpristu þess og siglir áfram á hraða sem samsvarar samfelldum hámarkssnúningi aðalvélarinnar og hámarkshönnunarskurði skrúfu, eða

.3 kraftur og snúningsátak stýris við þau hleðslutilvik sem lögð eru til fyrir reynslusiglinguna hafa verið áætluð með áreiðanlegum hætti og framreiknað til að líkja eftir tilvikum með fulla hleðslu. Hraði skipsins skal samsvara samfelldum hámarkssnúningi aðalvélarinnar og hámarkshönnunarskurði skrúfu.

.3 vera aflknúnir, þar sem það er talið nauðsynlegt til að uppfylla kröfur liðar 3.2 og ávallt þegar þess er krafist að þvermál stýrisáss sé yfir 120 mm við stýrissveifina, að undanskilinni styrkingu til siglinga í hafís, til að uppfylla lið 3,1.

4. Sé varastýrisbúnaður til staðar skal hann:

.1 vera af nægilegum styrkleika og gera kleift að stýra skipinu á stjórnhæfum hraða og skal í neyð vera unnt að gangsetja hann á fljótvirkan hátt,

.2 geta snúið stýrinu úr 15° á annað borðið yfir í 15° á hitt borðið á eigi lengri tíma en 60 sekúndum þegar skipið flýtur við mestu leyfilegu djúpristu þess á hafi úti og siglir á helmingi mesta notkunarhraða áfram eða 7 hnútum, eftir því hvort er meira. Ef ekki er unnt að sýna fram á að þessi krafa sé uppfyllt meðan á reynslusiglingu stendur og skipið flýtur við mestu leyfilegu djúpristu þess á hafi úti og siglir áfram á helmingi þess hraða sem samsvarar samfelldum hámarkssnúningi aðalvélarinnar og hámarkshönnunarskurði skrúfu eða 7 hnútum, eftir því hvort er meira, geta skip, óháð smíðadagsetningu þeirra, sýnt fram á að þessi krafa sé uppfyllt með einni af eftirfarandi aðferðum:

.1 við reynslusiglingu þar sem skipið er án stafnhalla og stýrið algjörlega á kafi og skipið siglir áfram á helmingi þess hraða sem samsvarar samfelldum hámarkssnúningi aðalvélarinnar og við hámarks-hönnunarskurð skrúfu eða 7 hnútum, eftir því hvort er meira, eða

.2 ef stýrið getur ekki verið alveg á kafi meðan á reynslusiglingu stendur skal reikna út hentugan siglingahraða beint áfram miðað við flatarmál þess hluta af stýrisblaðinu sem er á kafi við þau hleðslutilvik sem lögð eru til fyrir reynslusiglinguna; reiknaður siglingahraði beint áfram verður að yfirfæra kraft og snúningsátak á varastýrisbúnaðinn, sem er a.m.k. jafnmikið og ef prófunin væri gerð þegar skipið flýtur við mestu leyfilegu djúpristu þess á hafi úti og siglir áfram á helmingi þess hraða sem samsvarar samfelldum hámarkssnúningi aðalvélarinnar og við hámarkshönnunarskurð skrúfu eða 7 hnútum, eftir því hvort er meira, eða

.3 kraftur og snúningsátak stýris við þau hleðslutilvik sem lögð eru til fyrir reynslusiglinguna hafa verið áætluð með áreiðanlegum hætti og framreiknað til að líkja eftir tilvikum með fulla hleðslu.

.3 vera aflknúinn, þar sem það er talið nauðsynlegt til að uppfylla kröfur liðar .4.2 og ávallt þegar krafist er stýrisáss með yfir 230 mm þvermál við stýrissveifina, að undanskilinni styrkingu til siglinga í hafís.

5. Aflvélar stýrisbúnaðar skulu vera:

.1 þannig að þær endurræsist sjálfkrafa þegar afl fæst að nýju eftir aflrof og

.2 þannig að hægt sé að setja þær í gang frá stjórnpalli. Rofni afl til einhverrar af aflvélum stýrisbúnaðar skal gefið sýnilegt og heyranlegt viðvörunarmerki á stjórnpalli.

6.1. Þar sem aðalstýrisbúnaður samanstendur af tveimur eða fleiri aflvélum, sem eru nákvæmlega eins, þarf ekki að hafa varastýrisbúnað ef:

.1 aðalstýrisbúnaðurinn gerir kleift að stjórna stýrinu, eins og krafist er í lið 3.2, þó einhver aflvélanna sé ekki starfhæf,

.3 aðalstýrisbúnaði er komið fyrir þannig að ef bilun verður í lagnakerfi eða einhverri aflvéla hans sé unnt að einangra bilunina þannig að viðhalda megi stjórnhæfi skipsins eða endurheimta það fljótt.

7. Stjórntæki stýrisbúnaðar skulu vera:

.1 fyrir aðalstýrisbúnað, bæði á stjórnpalli og í stýrisvélarrými,

.2 þegar aðalstýrisbúnaður er í samræmi við lið .6, með tveimur sjálfstæðum stjórnkerfum sem báðum má stjórna frá stjórnpalli. Þetta krefst þess ekki að það séu tvö stýri eða stýrissveifar; ef stjórnkerfi samanstendur af vökvadrifnum fjarstýrðum stýrisdæluhreyfli þarf ekki að setja upp annað sjálfstætt kerfi,

.3 fyrir varastýrisbúnað, í stýrisvélarrými og, ef hann er aflknúinn, skal einnig vera hægt að stjórna honum frá stjórnpalli og hann vera óháður stjórnkerfi aðalstýrisbúnaðar.

8. Stjórnkerfi aðal- og varastýrisbúnaðar, sem stjórna má frá stjórnpalli, skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

.1 ef það er rafknúið skal því þjónað af sérstakri aðskilinni rafrás, sem fær afl frá stýrisbúnaðaraflgrein frá stað innan stýrisvélarrýmisins eða beint frá safnteinum raftöflunnar sem sjá viðkomandi stýrisbúnaðaraflgrein fyrir orku frá stað á raftöflunni sem liggur að rafveitunni til stýrisbúnaðaraflgreinarinnar,

.2 ráðstafanir skulu gerðar í stýrisvélarrými til að hægt sé að aftengja hvers kyns stjórnkerfi, sem stjórna má frá stjórnpalli, frá þeim stýrisbúnaði sem þau þjóna,

.3 hægt skal vera að setja kerfið í gang frá stjórnpalli,

.4 ef rafafl rofnar til stjórnkerfisins skal gefið sýnilegt og heyranlegt viðvörunarmerki á stjórnpalli og

.5 skammhlaupsvarnir skulu aðeins vera til staðar fyrir rafrásir sem veita orku til stjórnbúnaðar stýrisbúnaðar.

9. Rafaflgreinar og stjórnkerfisstýrisbúnaður með tilheyrandi íhlutum, köplum og rörum, sem krafist er í reglu II-1/C/29 og reglu II-1/C/30, skulu aðskildar eins og hægt er í fullri lengd þeirra.

10. Boðskiptaleið skal vera milli stjórnpalls og stýrisvélarrýmisins eða stýris sem staðsett er annars staðar.

11. Staða stýrisblaðs (-blaða) skal:

.1 sýnd á stjórnpalli skipsins ef aðalstýrisbúnaðurinn er aflknúinn; stýrisvísirinn skal sýna stöðu stýris óháð stjórnkerfi stýrisbúnaðarins,

.2 vera sjáanleg í stýrisvélarrýminu.

12. Vökvadrifinn stýrisbúnaður skal vera með:

.1 búnaði til að halda vökvanum hreinum, með tilliti til gerðar og hönnunar vökvakerfisins,

.2 búnaði, sem varar við of lágu vökvamagni í hverjum hringrásargeymi og gefur vísbendingu um leka eins fljótt og unnt er; sýnileg og heyranleg viðvörunarmerki skulu gefin á stjórnpalli og í vélarúmi þar sem auðveldlega er tekið eftir þeim og

.3 föstum vökvageymi með nægilegu rými til að endurhlaða a.m.k. eitt aflhreyfikerfi, þar á meðal hringrásargeyminn, þar sem þess er krafist að aðalstýrisbúnaðurinn sé aflknúinn. Vökvageymirinn skal vera varanlega tengdur við lagnir þannig að auðveldlega megi endurhlaða vökvadrifnu kerfin frá stað innan stýrisvélarrýmisins og á honum skal vera mælir sem gefur til kynna hversu mikið magn er í honum.

13. Stýrisvélarrýmin skulu vera:

.1 auðveldlega aðgengileg og aðskilin frá vélarúmum, eins og kostur er, og

.2 innréttuð þannig að greiður aðgangur sé að vélbúnaði stýrisbúnaðar og stjórntækjum. Innréttingin skal m.a. taka til handriða og rista eða annarra yfirborðsflata, sem ekki mega vera hálir, til að tryggja viðeigandi vinnuskilyrði ef vökvakerfið lekur.

**Regla II-1/C/30: Viðbótarkröfur fyrir rafknúinn og raf- og vökvadrifinn stýrisbúnað**

1. Setja skal upp búnað á stjórnpalli og á hentugum stjórnstað aðalvéla til að sýna hvort rafknúinn og raf- og vökvadrifinn stýrisbúnaður sé í gangi.

2. Allar rafknúnar eða raf- og vökvadrifnar stýrisvélar, sem samanstanda af einni eða fleiri aflvélum, skulu tengdar a.m.k. tveimur sérgreinum frá aðalraftöflunni. Þó má önnur rafrásin fá afl frá neyðartöflunni. Rafknúnar eða raf- og vökvadrifnar varastýrisvélar, sem tilheyra rafknúnu eða raf- og vökvadrifnu aðalstýrisvélinni, má tengja við eina af rafrásunum sem veita orku til aðalstýrisbúnaðarins. Rafrásirnar, sem sjá rafknúnu eða raf- og vökvadrifnu stýrisvélunum fyrir orku, skulu hafa nægilega afkastagetu til að sjá öllum hreyflum, sem geta verið tengdir þeim í einu og kunna að þurfa að starfa samtímis, fyrir orku.

3. Skammhlaupsvarnir og viðvörun vegna yfirálags skulu vera fyrir hendi fyrir rafrásir og hreyfla rafknúins og raf- og vökvadrifins stýrisbúnaðar. Þar sem yfirstraumsvörn er höfð, þar á meðal fyrir ræsistraum, skal hún þola a.m.k. tvöfaldan straum við fullt álag rafhreyfilsins eða rafrásarinnar, sem henni er ætlað að verja, og komið fyrir þannig að hún hleypi viðeigandi ræsistraumi í gegn.

Viðvörunarkerfin, sem krafist er í þessum lið, skulu vera bæði heyranleg og sýnileg og skulu vera staðsett á áberandi stað í aðalvélarúmi eða stjórnklefa þar sem aðalvél er stjórnað að jafnaði og eins og kann að vera krafist í reglu II-1/E/51.

4. Þegar varastýrisbúnaður, sem krafist er í undirlið .4.3 í reglu II-1/C/29 að sé aflknúinn, er ekki rafknúinn eða hann er knúinn með rafhreyfli, sem aðallega er ætlaður til annars, má tengja aðalstýrisbúnaðinn einni rafrás frá aðalraftöflunni. Þegar slík rafvél, sem aðallega er ætluð til annars, er notuð til að veita orku til slíks varastýrisbúnaðar, er stjórnvaldi fánaríkis heimilt að fella niður kröfur liðar 3 ef það telur varnarfyrirkomulagið, ásamt kröfum liðar 5 og undirliðar 7.3 í reglu II-1/C/29 sem gilda um varastýrisbúnað, fullnægjandi.

**Regla II-1/C/31: Stjórntæki véla**

1. Aðalframdrifs- og hjálparvélar, sem nauðsynlegar eru til að knýja skipið, stýra því og vegna öryggis þess, skulu búnar starfhæfum búnaði til stjórnunar og starfrækslu þeirra. Öll stjórnkerfi, sem nauðsynleg eru til að knýja skipið, stýra því og vegna öryggis þess, skulu vera óháð hvert öðru og hönnuð þannig að bilun í einu kerfi dragi ekki úr virkni annarra kerfa.

2. Þar sem unnt er að fjarstýra framdrifsvélum frá stjórnpalli skal eftirfarandi gilda:

.1 hraðanum, stefnu þrýstikrafts og, ef við á, skurði skrúfunnar skal vera unnt að stjórna fullkomlega frá stjórnpalli við allar siglingaraðstæður, þar á meðal við stjórnun skipsins,

.2 einn stjórnbúnaður skal stjórna hverri sjálfstæðri skrúfu, með sjálfvirkni alls tilheyrandi búnaðar, þar á meðal, ef nauðsynlegt er, búnaðar sem kemur í veg fyrir yfirálag á framdrifsvélarnar; þar sem eru margar skrúfur, sem hannaðar eru til að starfa samtímis, er heimilt að þeim sé stjórnað með einum stjórnbúnaði,

.3 aðalframdrifsvélarnar skulu tengdar búnaði til neyðarstöðvunar á stjórnpalli sem skal vera óháður stjórnkerfi stjórnpallsins,

.4 skipanir til framdrifsvéla frá stjórnpalli skulu koma fram í stjórnklefa aðalvélanna og á stjórnstaðnum,

.5 fjarstýring á framdrifsvélunum skal aðeins vera möguleg frá einum stað í einu; á hverjum þeirra er heimilt að hafa samtengda stjórnstaði. Á hverjum stað skal vera álestrartæki sem sýnir frá hvaða stað framdrifsvélunum er stjórnað. Færsla á stjórnun milli stjórnpallsins og vélarúmsins skal aðeins vera möguleg úr aðalvélarúmi eða stjórnklefa aðalvélar; kerfið skal bjóða upp á möguleika á að koma í veg fyrir að þrýstikraftur breytist verulega þegar skipt er um stjórnunarstað,

.6 unnt skal vera að stjórna framdrifsvélunum þaðan sem þær eru staðsettar, jafnvel þótt einhver hluti fjarstýrikerfisins bili; einnig skal vera unnt að stjórna hjálparvélum, sem nauðsynlegar eru til að knýja skipið og vegna öryggis þess, við eða í námunda við vélarnar sem um ræðir,

.7 fjarstýrikerfið skal hannað þannig að viðvörun sé gefin ef það bilar; snúningshraðinn og stefna þrýstikraftsins, sem kerfið er stillt á, skal haldast óbreytt þar til staðbundin stjórnun tekur við,

.8 á stjórnpalli, í stjórnklefa aðalvélar eða á stjórnstað vélarinnar og skulu vera álestrartæki sem sýna:

.8.1 skrúfuhraðann og snúningsáttina, ef um er að ræða skrúfur með föstum skurði, og

.8.2 skrúfuhraðann og skurðinn ef um er að ræða skiptiskrúfur,

.9 koma skal fyrir viðvörunartæki á stjórnpalli og í vélarúmi til að sýna lágan ræsiloftsþrýsting og skal stilla það á það magn að enn sé unnt að ræsa aðalvél. Ef fjarstýrikerfi framdrifsvélanna er hannað fyrir sjálfvirka ræsingu skal takmarka fjölda samfelldra, sjálfvirkra tilrauna til ræsingar sem misheppnast til að viðhalda nægilegum ræsiloftsþrýstingi til að ræsa þær þaðan sem þær eru staðsettar.

10. Sjálfvirknikerfi skulu hönnuð með þeim hætti að yfirmanni siglingavaktar berist viðvörun í tæka tíð, um að yfirvofandi sé að framdrifskerfið hægi eða slökkvi á sér, til þess að meta siglingaaðstæður þegar neyðarástand skapast. Kerfið á einkum að stjórna, vakta, tilkynna, vara við og grípa til öryggisaðgerða til þess að hægja eða stöðva framdrif á meðan yfirmanni siglingarvaktar er gefinn tími til þess að grípa handvirkt inn í, nema í þeim tilvikum þar sem handvirkt inngrip mun innan skamms tíma valda allsherjarbilun í vélinni og/eða framdrifsbúnaði, t.d. ef um er að ræða yfirhraða.

3. Þar sem aðalframdrifsvélarnar og tilheyrandi vélbúnaður, þ.m.t. aðalraforkugjafar, eru mismunandi mikið sjálfvirk eða fjarstýrð og eru undir stöðugu handvirku eftirliti frá stjórnklefa þá skal fyrirkomulag og stjórnbúnaður vera þannig, með tilliti til hönnunar, búnaðar og uppsetningar, að starfsemi vélanna sé jafn örugg og afkastamikil og þær væru í beinni vörslu; í þessu skyni skulu reglur II-1/E/46 til II-1/E/50 gilda, eftir því sem við á. Sérstaklega skal gæta að því að verja slík rými gegn bruna og vatnselg.

4. Almennt skulu sjálfvirk ræsi-, starfrækslu- og stjórnkerfi útbúin þannig að unnt sé að grípa inn í sjálfvirka búnaðinn handvirkt. Bilun í einhverjum hluta slíkra kerfa skal ekki koma í veg að hægt sé að grípa inn í handvirkt.

100. Búnaður skal vera fyrir hendi til að stöðva framdrifsvélar og skrúfu í neyðartilviki frá viðeigandi stöðum utan vélarúms/stjórnklefa vélarúms, þ.e. frá opnu þilfari eða stýrishúsi.

**Regla II-1/C/33: Gufulagnakerfi**

1. Allar gufulagnir og tengi við þær, sem gufa kann að fara um, skulu hönnuð, smíðuð og uppsett þannig að þau standist mesta vinnuálag sem þau gætu orðið fyrir.

2. Gerðar skulu ráðstafanir til að tæma sérhvert gufurör þar sem hættulegt vatnshögg gæti annars átt sér stað.

3. Ef gufurör eða tengi gæti fengið inn á sig gufu frá einhverjum aflgjafa með hærri þrýstingi en þeim sem það er hannað fyrir skal koma fyrir viðeigandi þrýstingsloka, öryggisloka og þrýstingsmæli.

**Regla II-1/C/34: Þrýstiloftskerfi**

1. Búnaður skal vera fyrir hendi til að koma í veg fyrir yfirþrýsting í hvaða hluta þrýstiloftskerfa sem er svo og alls staðar þar sem vatnsgildrur eða sveifarhús á loftþjöppum og kælum geta orðið fyrir hættulegum yfirþrýstingi vegna leka inn í þau frá þrýstiloftsbúnaði. Viðeigandi fyrirkomulag til að losa þrýsting skal vera fyrir hendi í öllum kerfum.

2. Aðalræsiloftsbúnaðinn fyrir aðalframdrifsvélar, ef um brunahreyfla er að ræða, skal verja á hæfilegan hátt gegn áhrifum frá baksprengingum og sprengingum inni í ræsiloftsrörunum.

3. Öll rör frá ræsiloftsþjöppum skulu lögð beint til ræsiloftshylkja og öll ræsiloftsrör frá ræsiloftshylkjum til aðaldrif- og hjálparvéla skulu vera algerlega aðskilin frá þrýstirörakerfi ræsiloftsþjappanna.

4. Gera skal ráðstafanir sem tryggja að sem minnst olía komist í þrýstiloftskerfin og að unnt sé að tappa af þessum kerfum.

**Regla II-1/C/35: Loftræstikerfi í vélarúmum**

Nægileg loftræsting skal vera í vélarúmum í flokki A til að tryggja að þegar vélar eða katlar þar starfa af fullum krafti við öll veðurskilyrði, þar á meðal í óveðri, sé nægilegt loftstreymi til rýmanna til að tryggja öryggi og vellíðan starfsfólks og vinnslu vélanna.

**Regla II-1/C/35-1: Austurkerfi**

2.1. Um borð skulu vera afkastamiklar austurdælur sem geta við allar raunhæfar aðstæður dælt úr og tæmt sérhvert vatnsþétt hólf sem er að staðaldri ekki notað sem vatnsgeymir, sjókjölfesta, eldsneytisolíugeymir eða geymir undir vökva og þar sem annar afkastamikill dælibúnaður er fyrir. Fyrir hendi skal vera afkastamikill búnaður til að tæma vatn úr einangruðum farmrýmum.

2.2. Samþykkja má hreinlætiskerfis-, kjölfestu- eða austurdælur sem aðskildar aflausturdælur ef þeim fylgja nauðsynlegar tengingar við austurkerfið.

2.3. Öll austurrör sem eru notuð í eða undir eldsneytisgeymum eða í kötlum eða vélarúmum, þ.m.t. rými fyrir olíusetgeyma eða eldsneytisolíudælubúnað, skulu gerð úr stáli eða öðru viðeigandi efni.

2.4. Dælukerfum fyrir austur og kjölfestu skal þannig komið fyrir að vatn utan frá eða frá rýmum fyrir sjókjölfestu geti ekki streymt inn í farmrými eða vélarúm eða frá einu hólfi til annars. Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að sjór flæði óvart inn í djúptanka með tengingar við austur og kjölfestu þegar í þeim er farmur og að frárennsli fari um austurdælu þegar í geymunum er sjókjölfesta.

2.5. Öllum lokakistum og lokum, sem er stjórnað með handafli í tengslum við austurkerfi, skal þannig komið fyrir að auðvelt sé að komast að þeim við eðlilegar kringumstæður.

2.6. Gera skal ráðstafanir vegna tæmingar lokaðra farmrýma á skilrúmsþilfari.

2.6.1. Ef hæð fríborðs á skilrúmsþilfari er þannig að þilfarsbrún fer í kaf þegar skipið hallast meira en 5° skal nota nægilegan fjölda niðurfalla í hentugri stærð til beinnar losunar fyrir borð og skal þeim komið fyrir í samræmi við ákvæði reglu II-1/B-2/15 í 1. þætti eða reglu 15 í SOLAS II-1, eins og við á.

2.6.2. Ef hæð fríborðs er þannig að brún skilrúmsþilfars fer í kaf þegar skipið hallast um 5° eða minna skal dæla úr lokuðum farmrýmum á skilrúmsþilfari inn í viðeigandi rými, eitt eða fleiri, af hæfilegri stærð þar sem fyrir er búnaður sem varar við hárri vatnsstöðu og viðeigandi búnaður til losunar fyrir borð. Auk þess skal ganga úr skugga um að:

.1 fjöldi, stærð og staðsetning niðurfallanna sé með þeim hætti að ekki safnist fyrir óeðlilega mikið magn óhefts vatns,

.2 í fyrirkomulagi við dælingu, sem er krafist samkvæmt reglu II-1/C/35-1, sé tekið tillit til þeirra krafna sem eiga við um föst slökkvikerfi með háþrýstiýringu,

.3 vatn, sem er mengað bensíni eða öðrum hættulegum efnum, sé ekki losað inn í vélarúm eða önnur rými þar sem íkveikjuhætta gæti verið fyrir hendi og

.4 á þilfarsniðurföllum sé búnaður til að koma í veg fyrir að eldkæfandi gas sleppi út ef notuð eru slökkvikerfi með koltvísýringi fyrir lokuð farmrými.

2.6.3. Ákvæði um að dæla úr lokuðum ekjufarmrýmum og sérstökum rýmum skulu einnig uppfylla undirliði 6.1.4 og 6.1.5 í reglu II-2/G/20.

2.6.3a Efýringarbúnaður og brunahanar eru í setustofum fyrir farþega og áhöfn skal þar vera nægilegur fjöldi niðurfalla til að taka við því vatnsmagni sem til verður við slökkvistarf með ýringarstútum og tveimur brunaslöngum með stútum. Niðurföll skulu staðsett á besta stað, til að mynda í hverju horni.

3.1. Austurdælukerfið, sem krafist er í lið .2.1, skal vera starfhæft við allar raunhæfar aðstæður eftir slys, án tillits til þess hvort skipið er á réttum kili eða með slagsíðu. Í þessu skyni skulu soggreinar almennt hafðar í síðum nema í þröngum hólfum í enda skipsins þar sem ein soggrein kann að nægja. Í hólfum með óvenjulegu lagi kann að vera þörf á viðbótarsoggreinum. Fyrirkomulagið skal vera þannig að vatn í hólfunum renni auðveldlega til sogröranna.

3.2. Hið minnsta þrjár aflknúnar dælur skulu tengdar við aðalausturrörið og má ein þeirra vera tengd við framdrifsvélar skipsins. Ef fjöldi austurdælnanna er 30 eða þar yfir skal hafa eina sjálfstæða, aflknúna dælu til viðbótar.

Reikna skal út fjölda austurdælnanna á eftirfarandi hátt:

| | |
|---|---|
| þar sem P1 er stærra en P: | $\text{bilge pump numeral} = 72 \cdot \left[\frac{M + 2P_1}{V + P_1 - P}\right]$ |
| í öðrum tilvikum: | $\text{bilge pump numeral} = 72 \cdot \left[\frac{M + 2P_1}{V}\right]$ |

þar sem:

L = lengd skipsins (í metrum), eins og skilgreint er í SOLAS II-1/2

M = rúmtak vélarúmsins (í rúmmetrum), eins og skilgreint er í SOLAS II-1/2, þ.e. neðan við skilrúmsþilfarið, ásamt rúmtaki hvers varanlegs eldsneytisolíutanks sem getur verið staðsettur fyrir ofan innri botninn og fyrir framan eða aftan vélarúmið

*P* = heildarrúmtak rýma fyrir farþega og áhöfn neðan við skilrúmsþilfarið (í rúmmetrum) sem eru innréttuð sem vistarverur og til notkunar fyrir farþega og áhöfn, að undanskildum farangurs-, geymslu- og matvælarýmum

V = heildarrúmtak skipsins neðan við skilrúmsþilfarið (í rúmmetrum)

P1 = KN

þar sem:

N = fjöldi farþega sem á að votta skipið fyrir og

K = 0,056L

Ef gildið KN er hærra en summan af P og heildarrúmtak raunverulegra farþegarýma ofan við skilrúmsþilfarsins er talan, sem telst vera P1, sú summa eða tveir þriðju af KN, hvor talan sem er hærri.

3.3. Þar sem því verður við komið skal setja aflknúnu austurdælurnar í aðskilin vatnsþétt hólf og koma þeim þannig fyrir eða staðsetja þær þannig að ekki verði flæði í þessum hólfum við sama leka. Ef aðalframdrifsvélar, hjálparvélar og katlar eru í tveimur eða fleiri vatnsþéttum hólfum skal hafa þær dælur sem nota má til austurs eins víða og mögulegt er í hólfunum.

3.4. Í skipi sem er 91,5 m að lengd eða þar yfir eða með fjölda austurdælna, reiknaður út í samræmi við lið 3.2, sem er 30 eða þar yfir skal fyrirkomulagið vera þannig að hið minnsta ein aflknúin austurdæla skal vera fyrir hendi til nota við hvers konar flæði, sem krafist er að skipið þoli, og, að því er varðar skip sem eru hönnuð í samræmi við B-hluta til B-4 í kafla II-I í SOLAS-samþykktinni frá 1974, með áorðnum breytingum, við hvers konar flæði af völdum minni háttar leka, eins og tilgreint er í reglu 8 í kafla II-1 í SOLAS-samþykktinni, sem hér segir:

.1 ein af tilskildu austurdælunum skal vera áreiðanleg og sökkvanleg neyðardæla með aflgjafa sem er staðsettur fyrir ofan skilrúmsþilfarið eða

.2 austurdælunum og aflgjöfum þeirra skal dreift eftir endilöngu skipinu þannig að hið minnsta ein dæla sé fyrir hendi í óleku hólfi.

3.5. Að undanskildum viðbótardælunum, sem aðeins má koma fyrir í fremstu hólfum skipsins, skal koma hverri tilskilinni austurdælu þannig fyrir að hún dæli vatni úr hverju því rými sem krafist er að sé tæmt samkvæmt lið 2.1.

3.6. Hver aflknúin austurdæla skal geta dælt austrinum gegnum tilskilið aðalausturrör með hraða sem er a.m.k. 2 m/s. Sjálfstæðar, aflknúnar austurdælur, sem staðsettar eru í vélarúmum, skulu tengdar beint við sogrör úr þessum rýmum, en ekki skal krafist fleiri en tveggja slíkra sogröra í neinu rými. Þar sem eru tvö eða fleiri sogrör skal a.m.k. eitt vera á hvoru borði skipsins. Sogrörum, sem tengd eru beint, skal komið fyrir á viðeigandi hátt og skal þvermál sogröra í vélarúmi ekki vera minna en það sem krafist er fyrir aðalausturrörið.

3.7.1. Auk þess sem austurdælur eru tengdar beint við eitt eða fleiri sogrör, eins og krafist er í lið 3.6, skal liggja neyðarausturdæla, sem er tengd beint við sogrör með einstefnuloka, frá stærstu sjálfstæðu aflknúnu dælunni að því marki þar sem vélarúmið tæmist; sogrörið skal hafa sama þvermál og aðalinntakið til dælnanna sem notaðar eru.

3.7.3. Spindlar botnloka og beinna sjóinntaka eiga að ná vel upp fyrir gólf vélarúmsins.

3.8. Allar sogröralagnir austurkerfis, sem liggja að dælutengjum, skulu vera óháðar öðrum lögnum.

3.9. Þvermálið „d“ á aðal- og hliðarlögnum austurkerfa skal reiknað samkvæmt eftirfarandi formúlu. Þó er heimilt að jafna raunverulega innra þvermálið við næstu stöðluðu stærð, sé það talið viðunandi að mati stjórnvalds fánaríkisins:

aðallagnir fyrir austurkerfi:

$$d = 25 + 1.68\sqrt{(L\,(B + D))}$$

hliðarlögn austurkerfis milli austurbrunna og soghliðar (austurkerfis):

$$d = 25 + 2.15\sqrt{(L_1(B + D))}$$

þar sem:

d vísar til innra þvermáls í mm

L og B eru lengd og breidd skipsins (í metrum),

L1 er lengd hólfsins og

D er dýpt skipsins að skilrúmsþilfari (í metrum) að því tilskildu að í skipum með umluktum farmrýmum á skilrúmsþilfari, sem í er innra frárennsli, í samræmi við kröfur liðar 2.6.2, og sem ná eftir endilöngu skipinu, skuli D mælt að næsta þilfari fyrir ofan skilrúmsþilfar. Ef lengd lokuðu farmrýmanna er styttri skal D teljast mótuð dýpt að skilrúmsþilfari auk lh/L þar sem l og h eru heildarlengd annars vegar og heildarhæð hins vegar á lokuðu farmrýmunum.

3.10. Gerðar skulu ráðstafanir til að koma í veg fyrir að það flæði inn í hólf, sem sogrör þjónar, ef rör í öðru hólfi rofnar eða skemmist á annan hátt við árekstur eða strand. Þess vegna skal einstefnuloki settur á rörið í hólfinu, sem það opnast inn í, ef einhver hluti rörsins er nær hlið skipsins en sem nemur einum fimmta af breidd skipsins (mælt hornrétt á miðlínu til móts við neðsta hleðslumerki hólfa), eða er í holkili. Að því er varðar skip, sem eru hönnuð í samræmi við B-hluta til B-4 í kafla II-I í SOLAS-samþykktinni, með áorðnum breytingum, skal litið svo á að dýpsta hleðslumerki niðurhólfunar sé dýpsta djúprista niðurhólfunar.

3.11. Lokakistum, krönum og lokum í tengslum við austurdælukerfið skal komið þannig fyrir að ef flæðir inn starfi ein austurdæla í hvaða hólfi sem er; skemmd á dælu eða röri hennar, sem tengist aðalausturröri á stað, sem liggur utan línu sem er dregin við einn fimmta af skipsbreiddinni frá skipshlið, skal ekki gera austurkerfið óstarfhæft. Ef aðeins er eitt lagnakerfi, sem er sameiginlegt öllum dælunum, verður að vera hægt að stýra nauðsynlegum lokum til að stjórna sogrörunum fyrir ofan skilrúmsþilfarið. Ef til staðar er, auk aðalausturdælukerfisins, neyðarausturdælukerfi skal það vera óháð aðalkerfinu og því komið þannig fyrir að dæla sé starfhæf í hvaða hólfi sem er ef flæðir með þeim hætti sem tilgreint er í lið 3.1. Í því tilviki þarf aðeins að vera hægt að stjórna nauðsynlegum lokum fyrir starfrækslu neyðarkerfisins frá stað ofan skilrúmsþilfars.

3.12. Stjórntæki krananna og lokanna, sem um getur í lið 3.11, og sem stjórna má frá stað ofan skilrúmsþilfars, skulu vera greinilega merkt á notkunarstað þeirra og á þeim vera hægt að sjá hvort þeir eru opnir eða lokaðir.

**Regla II-1/C/37: Samband milli stjórnpalls og vélarúms**

A.m.k. tvær sjálfstæðar boðskiptaleiðir skulu vera til að gefa skipanir frá stjórnpalli til þess staðar í vélarúmi eða stjórnklefa þaðan sem hraða og stefnu þrýstikrafts skrúfunnar er stjórnað að jafnaði: önnur þeirra skal vera vélsími sem gefur sjónrænt til kynna skipanir og svör bæði í vélarúmi og á stjórnpalli. Viðeigandi boðskiptaleið skal vera fyrir hendi frá stjórnpallinum og vélarúminu til sérhvers annars staðar þaðan sem hægt er að stjórna hraða eða stefnu þrýstikrafts skrúfna.

**Regla II-1/C/38: Viðvörunarbúnaður fyrir vélstjóra**

Koma skal fyrir viðvörunarbúnaði fyrir vélstjóra, sem er stjórnað frá stjórnklefa vélarúmsins eða frá stjórnunarstaðnum, eftir því sem við á, og skal viðvörunin vera auðheyranleg í vistarverum vélstjóra og/eða á stjórnpalli, eftir því sem við á.

**Regla II-1/C/39: Staðsetning neyðarbúnaðar**

Neyðarrafaflgjafar, slökkvidælur, austurdælur, að undanskildum þeim sem þjóna sérstaklega rýmum framan við stafnþil (árekstrarþil), föst slökkvikerfi, sem krafist er í kafla II-2, og annar neyðarbúnaður, sem er nauðsynlegur vegna öryggis skipsins, nema akkerisvindur, skal ekki settur upp fyrir framan stafnþil (árekstrarþil).

*D-HLUTI*

***RAFBÚNAÐUR***

**Regla II-1/D/40: Almennt**

1. Rafbúnaður skal vera þannig að:

.1 tryggð sé öll hjálparþjónusta sem nauðsynleg er til að viðhalda eðlilegum starfs- og dvalaraðstæðum í skipinu án þess að grípa þurfi til neyðarrafaflgjafa,

.2 tryggð sé sú þjónusta sem nauðsynleg er til að viðhalda öryggi á neyðarstundu og

.3 tryggt sé öryggi farþega, áhafnar og skipsins gegn hættu af völdum rafmagns.

2. Stjórnvald fánaríkisins skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja samræmda framkvæmd og beitingu ákvæða í þessum hluta að því er varðar rafbúnað ([5]).

**Regla II-1/D/41: Aðalrafaflgjafi og lýsing**

1. Í skipum í flokki C og D þar sem eingöngu er notað rafafl til að knýja hjálparbúnað, sem er nauðsynlegur vegna öryggis skipsins, og í skipum í flokki B þar sem eingöngu er notað rafafl til að drífa hjálparbúnað, sem er nauðsynlegur til þess að knýja skipið og vegna öryggis þess, skulu vera a.m.k. tvær aðalrafalasamstæður sem eru nægilega öflugar til að knýja áðurnefndan búnað þótt önnur samstæðan starfi ekki.

2.1. Aðalrafljósakerfið, sem sér fyrir lýsingu í þeim hlutum skipsins sem farþegar eða áhöfn hafa jafnan aðgang að og nota, skal fá rafmagn frá aðalrafaflgjafa.

2.2. Aðalrafljósakerfi skal vera komið fyrir þannig að eldur, eða annað slys í þeim rýmum þar sem aðalrafaflgjafinn, tilheyrandi spennubreytar, ef einhverjir eru, aðalraftafla og aðalljósatafla eru staðsett, geri ekki neyðarljósakerfið, sem krafist er í reglu II-1/D/42, óvirkt.

2.3. Neyðarljósakerfinu skal vera komið fyrir þannig að eldur eða annað slys í rýmum þar sem neyðarrafaflgjafinn, tilheyrandi spennubreytar, ef einhverjir eru, neyðartafla og neyðarljósatafla eru staðsett, geri ekki aðalljósakerfið, sem krafist er í þessari reglu II-1/D/41, óvirkt.

3. Aðalraftaflan skal vera, eftir því sem kostur er, staðsett þannig gagnvart annarri aðalorkustöðinni að aðeins eldur eða annað slys í rýminu þar sem rafaflgjafinn og raftaflan eru staðsett geti haft áhrif á venjulegar raforkubirgðir.

6. Viðbótarlýsing skal vera í öllum svefnklefum til að gefa skýrt til kynna hvar útgangur er svo farþegar geti ratað að dyrunum. Þegar rafmagn fer af venjulegri lýsingu í svefnklefa skal slík lýsing, sem getur tengst neyðaraflgjafa eða sjálfstæðum rafaflgjafa í hverjum svefnklefa, kvikna sjálfkrafa og loga í a.m.k. 30 mínútur.

**Regla II-1/D/42: Neyðarrafaflgjafi**

1. Í hverju skipi skal vera sjálfstæður neyðarrafaflgjafi með neyðartöflu, sem staðsett er fyrir ofan skilrúmsþilfar, á stað sem greiður aðgangur er að og sem er ekki samliggjandi afmörkunum vélarúma í flokki A eða þeirra rýma þar sem aðalrafaflgjafi eða aðalraftafla eru.

([5]) Vísað er til tilmæla sem gefin voru út af Alþjóðaraftæknineфndinni, einkum ritröð 60092 – Rafbúnaður í skipum.

1a Kröfuna í 1. lið þarf ekki að uppfylla þegar skip er hannað með tveimur aukavélarúmum, sem eru aðskilin með a.m.k. einu vatnsþéttu eldvarnarhólfi og tveimur skilrúmum eða smíði af öðrum toga sem veitir sama öryggisstig, og þegar a.m.k. einn rafali með tilheyrandi skiptiborði o.s.frv. er í hverju vélarúmi.

2. Neyðaraflgjafinn, sem krafist er í 1. lið, skal:

.1 almennt geta starfað í:

12 klukkustundir í skipum í flokki B,

6 klukkustundir í skipum í flokki C,

3 klukkustundir í skipum í flokki D,

.2 einkum geta starfrækt þá hluta eftirtalins búnaðar samtímis í þann tíma sem fram kemur hér að framan fyrir hinar ýmsu tegundir skipa:

a) eina sjálfstæða aflknúna austurdælu og eina af slökkvidælunum,

b) neyðarlýsingu:

1. við hverja söfnunarstöð eða stað þar sem farið er um borð í björgunarför og á skipssíðunum eins og kveðið er á um í lið .3 í reglu III/5,

2. í öllum göngum, stigum og útgöngum sem liggja að söfnunarstöðvum eða stöðum þar sem farið er um borð í björgunarför,

3. í vélarúmum og á þeim stað þar sem neyðarrafali er staðsettur,

4. í stjórnstöðvum þar sem loftskeytabúnaður og aðalsiglingatæki eru staðsett,

5. eins og krafist er í undirlið 3.2.5.1 í reglu II-2/D/13,

6. við alla staði þar sem slökkvibúningar eru geymdir,

7. við eina aflknúna austursdælu og eina af slökkvidælunum, sem um getur í a-lið, og á þeim stað þar sem þær eru settar í gang,

c) siglingaljós skipsins,

d) 1. allan samskiptabúnað,

2. almenna viðvörunarkerfið,

3. eldskynjunarkerfið og

4. öll merki, sem nauðsyn er á í neyðartilviki, ef þau eru gefin með rafmagni frá aðalrafalasamstæðum skipsins,

e) ýringardælu skipsins, ef einhver er, og ef hún gengur fyrir rafmagni og

f) morslampa skipsins til merkjagjafa í dagsbirtu, ef hann er knúinn af aðalrafaflgjafa skipsins,

.3 geta knúið, í hálfa klukkustund, aflknúnar vatnsþéttar hurðir ásamt tilheyrandi stjórntækjum, merkjabúnaði og viðvörunarbúnaði.

3. Neyðarrafaflgjafinn má annaðhvort vera rafgeymir, sem uppfyllir kröfur 2. liðar án endurhleðslu eða of mikils spennufalls, eða rafali, sem uppfyllir kröfur 2. liðar, sem knúinn er af vélum með brunahreyflum og með sjálfstæðu veitukerfi eldsneytis með blossamarki sem er ekki lægra en 43 °C, og sjálfvirkum ræsibúnaði fyrir skip og bráðabirgðaneyðarrafaflgjafa skv. 4. lið.

3.4. Ef rafafls er þörf til að koma framdrifsvélunum aftur í gang skulu afköst vera nægileg til að koma framdrifsvélum skipsins, ásamt öðrum vélbúnaði, í gang, eftir því sem við á, í vélarvana skipi, innan 30 mínútna frá því að rafmagn fer af.

4. Bráðabirgðarafaflgjafinn til nota í neyðartilvikum, sem krafist er í 3. lið, skal samanstanda af rafgeymi sem er staðsettur á hentugum stað til nota í neyð og geta drifið í hálfa klukkustund án endurhleðslu eða of mikils spennufalls:

a) lýsinguna sem krafist er í b-lið liðar 2.2. og c-lið liðar 2.2 í reglu II-1/D/42,

b) vatnsþéttu hurðirnar, sem krafist er í undirliðum .7.2 og .7.3 í reglu II-1/B/13 í 1. þætti eða í reglu II-1/13.7.3.3 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, eins og við á, þó ekki endilega allar samtímis nema fyrir hendi sé sjálfstæður bráðabirgðasafnorkugjafi og

c) stjórntæki, merkjabúnað og viðvörunarbúnað, eins og krafist er í undirlið .7.2 í reglu II-1/B-2/13 í 1. þætti eða í reglu II-1/13.7.2 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, eins og við á.

5.1. Hafa skal neyðartöfluna eins nálægt neyðaraflgjafanum og við verður komið.

6. Neyðarrafaflgjafinn skal vera þannig að hann starfi skilvirkt þótt skipið hallist allt að 22,5° og þótt stafnhalli skipsins sé 10° frá réttum kili. Unnt skal vera að ræsa neyðarrafalasamstæðurnar sjálfkrafa í hvaða kulda sem búast má við.

**Regla II-1/D/42-1: Viðbótarneyðarlýsing fyrir ekjuskip**

1. Auk neyðarlýsingarinnar, sem krafist er í b-lið undirliðar 2.2 í reglu II-1/D/42, skal, í hverju skipi með ekjufarmrýmum eða sérstökum rýmum, vera:

.1 viðbótarraflýsing í öllum almennum farþegarýmum og á göngum, sem getur lýst í a.m.k. þrjár klukkustundir eftir að allir aðrir rafaflgjafar hafa brugðist, hver sem síðuhalli skipsins er. Lýsingin skal vera þannig að auðveldlega megi greina neyðarútganga. Aflgjafinn fyrir viðbótarlýsinguna skal samanstanda af rafgeymum sem eru hafðir inni í ljóseiningunum sem eru stöðugt hlaðnar, þar sem því verður komið við, frá neyðartöflunni. Stjórnvald fánaríkisins getur einnig samþykkt hvers kyns aðra lýsingu sem er a.m.k. jafn skilvirk. Viðbótarlýsingin skal vera þannig að allar bilanir í ljósum blasi við þegar í stað. Endurnýja skal alla rafgeyma með reglubundnu millibili með hliðsjón af endingartíma þeirra við þau tilteknu loftslagsskilyrði sem þeir eru notaðir við og

.2 handlampi með endurhlaðanlegum rafhlöðum á hverjum gangi í áhafnarrými, í hverju tómstundarými og vinnurými, sem eru að jafnaði notuð, nema fyrir hendi sé viðbótarneyðarlýsing eins og krafist er í lið .1.

**Regla II-1/D/44: Ræsibúnaður fyrir neyðarrafalasamstæður**

1. Auðvelt skal vera að ræsa neyðarrafalasamstæður í kulda við 0 °C. Ef þetta er ekki gerlegt, eða ef líklegt er að hitinn verði lægri, skal gera ráðstafanir til að útvega hitabúnað, sem stjórnvöld telja fullnægjandi, til að tryggja að unnt sé að ræsa rafalasamstæðuna á auðveldan hátt.

2. Verja skal safnorkugjafann til að fyrirbyggja að hann tæmist af völdum sjálfvirka ræsikerfisins, nema annar sjálfstæður ræsibúnaður sé fyrir hendi. Þar að auki skal annar orkugjafi vera fyrir hendi svo ræsa megi rafalasamstæðuna þrisvar sinnum til viðbótar á innan við 30 mínútum nema sýna megi fram á að unnt sé að ræsa hana handvirkt.

3. Safnorkunni skal viðhaldið að staðaldri sem hér segir:

.1 rafknúin og vökvaknúin ræsikerfi skulu fá orku frá neyðartöflunni,

.2 ræsikerfi, sem starfa með hjálp þrýstilofts, geta fengið orku frá aðal- eða hjálparþrýstiloftsmóttökubúnaði í gegnum viðeigandi einstefnuloka eða frá neyðarloftþjöppu sem, ef hún er rafdrifin, fær orku frá neyðartöflunni,

.3 þessi ræsi-, hleðslu- og orkusöfnunarbúnaður skal staðsettur í neyðarrafalarýminu; ekki á að nota þennan búnað í öðrum tilgangi en við starfrækslu neyðarrafalasamstæðunnar. Þetta kemur ekki í veg fyrir að aðal- eða hjálparþrýstiloftsmóttökubúnaðurinn geti séð loftmóttökubúnaði neyðarrafalasamstæðunnar fyrir orku í gegnum einstefnuloka sem er komið fyrir í neyðarrafalarýminu.

4.1. Ef ekki er krafist sjálfvirkrar ræsingar er handvirk ræsing leyfileg, s.s. handvirkur sveifarsnúningur, tregðuræsar, handhlaðnir vökvageymar eða hólkar með púðurhleðslu, ef unnt er að sýna fram á að hún sé skilvirk.

4.2. Ef ekki er gerlegt að nota handvirka ræsingu skal uppfylla kröfurnar í 2. og 3. lið en handvirk ræsing er þó leyfileg.

**Regla II-1/D/45: Varúðarráðstafanir gegn raflosti, eldi og öðrum hættum af völdum rafmagns**

1.1. Óvarðir málmhlutar rafvéla eða rafbúnaðar, sem eru ekki spennuhafa en geta orðið það vegna bilana, skulu jarðtengdir, nema vélarnar eða búnaðurinn:

.1 fái spennu sem er ekki hærri en 50 V ef um jafnstraum er að ræða eða 50 V ferningsmeðaltal milli leiðara; ekki skal nota einvafsspenna til þess að ná þessari spennu eða

.2 fái spennu sem er ekki hærri en 250 V frá spennum með aðskilin, einangruð vöf og sem tengjast aðeins einu tæki eða

.3 sé smíðaður samkvæmt grundvallarreglunni um tvöfalda einangrun.

1.3. Smíði og uppsetningu allra raftækja skal þannig háttað að þau valdi ekki slysi við eðlilega meðferð eða snertingu.

2. Hliðar, bök og, sé það talið nauðsynlegt, einnig framhliðar raftaflnanna skal verja á viðeigandi hátt. Óvarða, spennuhafa hluti er hafa spennu miðað við jörð sem er hærri en sú spenna sem tilgreind er í lið 1.1 skal ekki setja á framhlið slíkra raftaflna. Þar sem nauðsynlegt er skulu lagðar mottur eða grindur úr einangrandi efni við framhlið og bakhlið töflunnar.

4.2. Þar sem ójarðtengt rafveitukerfi er notað skal vera fyrir hendi tæki sem hefur stöðugt eftirlit með einangruninni til jarðar og sem gefur frá sér heyranlegt eða sýnilegt merki ef einangrunargildin verða óeðlilega lág.

5.1. Öll málmslíður og hlífar rafstrengja skulu vera samtengd og jarðtengd.

5.2. Allir rafstrengir og -taugar, sem liggja utan búnaðar, skulu a.m.k. vera úr brunatregu efni og lagðir þannig að upprunalegir brunatregðueiginleikar þeirra séu óskertir. Þar sem slíkt er nauðsynlegt til tiltekinnar notkunar getur stjórnvald fánaríkis heimilað notkun á sérstökum gerðum rafstrengja sem uppfylla ekki framangreind ákvæði, t.d. tíðnitaugum senditækja.

5.3. Rafstrengir og -taugar, sem eru fyrir nauðsynlegan búnað eða neyðarbúnað fyrir afl, lýsingu, innanskipssamskipti eða merkjagjafir, skulu leidd, eins og við verður komið, framhjá eldhúsum, þvottaklefum, vélarúmum í flokki A og vélarreisnum þeirra og öðrum rýmum þar sem mikil eldhætta er. Stjórnvald fánaríkis skal samþykkja lagningu rafstrengja fyrir uppsett neyðarviðvörunarkerfi og kallkerfi með hliðsjón af tilmælum í IMO MSC/Circ. 808. Rafstrengir, sem tengja slökkvidælur við neyðartöfluna, skulu hafa brunamótstöðu þegar þeir liggja um rými þar sem mikil eldhætta er. Eins og við verður komið skal leggja þessa rafstrengi þannig að útilokað sé að þeir verði ónothæfir vegna þess að þilin hitni sökum elds í aðliggjandi rými.

5.5. Rafstrengir og -taugar skulu leidd á þann hátt að þau verði ekki fyrir núningi eða öðrum skemmdum.

5.6. Ganga skal frá endum og samskeytum allra leiðara þannig að frumeiginleikar þeirra haldist, s.s. rafleiðni, efniseiginleikar og brunatregðueiginleikar og, þar sem nauðsynlegt er, brunamótstöðueiginleikar.

6.1. Sérhverja rafrás skal verja gegn skammhlaupi og gegn yfirálagi, nema annað sé heimilað í reglum II-1/C/29 og II-1/C/30.

7. Ljósabúnaði skal komið fyrir þannig að hann valdi hvorki hitaaukningu sem gæti leitt til skemmda á raftaugunum né því að aðliggjandi efni hitni óhóflega.

9.1. Rafgeymar skulu lokaðir af á viðeigandi hátt og rými, sem eru notuð sérstaklega undir þá, skulu smíðuð og loftræst á fullnægjandi hátt.

9.2. Óheimilt er að nota rafbúnað eða annan búnað sem getur valdið íkveikju í eldfimri uppgufun í þessum rýmum.

10. Engan rafbúnað skal setja upp í rými þar sem líklegt er að eldfimar blöndur safnist fyrir, t.d. í rýmum, sem eru fyrst og fremst ætluð fyrir rafgeyma, í skápum undir málningu, asetýlenbirgðageymslum eða sambærilegum rýmum, nema stjórnvöld séu fullviss um að slíkur búnaður sé:

.1 nauðsynlegur til reksturs skipsins,

.2 af þeirri tegund sem mun ekki valda íkviknun í blöndunni sem um er að ræða,

.3 viðeigandi fyrir rýmið, sem um er að ræða, og

.4 með viðeigandi vottun til öruggrar notkunar í ryki, gufum eða gösum sem búast má við.

12. Rafveitukerfum skal komið fyrir þannig að eldur á einhverju af lóðrétt afmörkuðu aðalsvæðunum, eins og skilgreint er í 32. lið í reglu II-2/A/3, trufli ekki búnað sem nauðsynlegur er vegna öryggis á einhverju öðru slíku svæði. Fullnægja má þessari kröfu með því að aðskilja, eins og kostur er, bæði lóðrétt og lárétt, aðal- og neyðarkvíslstrengi sem liggja í gegnum slík rými.

*E-HLUTI*

***VIÐBÓTARKRÖFUR VARÐANDI SKIP SEM ERU SMÍÐUÐ ÞANNIG AÐ VÉLARÚM ERU ÓMÖNNUÐ TÍMABUNDIÐ***

**Regla II-1/E/46: Almennt**

1. Fyrirkomulag skal vera þannig að tryggt sé að öryggi skipsins sé við allar siglingaraðstæður, þar á meðal við stjórntök skipsins, jafn mikið og öryggi skips með mönnuðum vélarúmum.

2. Gera skal ráðstafanir til að tryggja að búnaðurinn starfi á áreiðanlegan hátt og að viðunandi fyrirkomulagi sé komið á varðandi reglulegar skoðanir og kerfisbundnar prófanir til að tryggja samfellda, áreiðanlega starfsemi.

3. Í hverju skipi skulu vera skjöl því til sönnunar að það megi starfrækja með vélarúmum ómönnuðum tímabundið.

**Regla II-1/E/47: Brunavarnir**

1. Séð skal fyrir búnaði til að skynja og vara við eldi á byrjunarstigi:

.1 í fæðiloftsstokkum og upptrekki ketilsins og

.2 í skolloftsgreinum framdrifsvéla nema það sé talið ónauðsynlegt í sérstökum tilvikum.

2. Á brunahreyflum, sem eru 2250 kW og þar yfir, eða þar sem borvídd strokka er meiri en 300 mm, skulu vera skynjarar fyrir olíuúða á sveifarhúsinu eða hitaskynjarar fyrir legur vélarinnar eða jafngildur búnaður.

**Regla II-1/E/48: Vörn gegn flæði**

1. Austurbrunnar í vélarúmum, sem eru ómönnuð tímabundið, skulu staðsettir þannig, og eftirliti með þeim þannig háttað, að nema megi uppsöfnun vökva við eðlilegan halla og stafnhalla og þeir ættu að vera nægilega stórir til að rúma auðveldlega eðlilegt frárennsli á meðan vélarúmið er ómannað.

2. Þegar austurdælur eru ræstar sjálfkrafa skal vera til staðar búnaður sem gefur til kynna þegar innstreymi vatns er meira en dælan ræður við eða þegar dælan starfar oftar en búast má við undir eðlilegum kringumstæðum. Í slíkum tilvikum má heimila minni austursbrunna sem geta tekið við afrennslinu á hæfilega löngum tíma. Ef austursdælur eru með sjálfvirkri stýringu skal gefa sérstakan gaum að kröfum um forvarnir gegn olíumengun.

3. Stjórnbúnaður allra loka fyrir sjóinntök, frárennsli fyrir neðan sjólínu eða austursog skal staðsettur þannig að nægur tími gefist til að beita honum ef vatn streymir inn í rýmið, að teknu tilliti til þess tíma sem búast má við að það taki að komast að og beita slíkum stjórnbúnaði. Gera skal ráðstafanir til að beita megi stjórnbúnaðinum frá stað ofan þeirra marka sem vatn getur flætt upp að í rýminu þegar skipið er fullhlaðið.

**Regla II-1/E/49: Stjórnun framdrifsvéla frá stjórnpalli**

1. Við allar siglingaraðstæður, þ.m.t. við stjórntök skipsins, skal vera unnt að stjórna fullkomlega frá stjórnpalli hraðanum, stefnu þrýstikrafts og, ef við á, skurði skrúfunnar.

1.1. Slík fjarstýring skal framkvæmd með sérstökum stjórnbúnaði fyrir hverja sjálfstæða skrúfu, með sjálfvirkni alls tilheyrandi búnaðar, þar á meðal, ef nauðsynlegt er, búnaðar sem kemur í veg fyrir yfirálag á framdrifsvélarnar.

1.2. Aðalframdrifsvélarnar skulu tengdar búnaði til neyðarstöðvunar sem staðsettur er á stjórnpalli og sem er óháður stjórnkerfi stjórnpallsins.

2. Skipanir til framdrifsvéla frá stjórnpalli skulu koma fram í stjórnklefa aðalvélanna eða á stjórnstað framdrifsvéla, eftir því sem við á.

3. Fjarstýring á framdrifsvélunum skal vera möguleg frá aðeins einum stað í einu; á slíkum stöðum er heimilt að hafa samtengda stjórnstaði. Á hverjum stað skal vera álestrartæki sem sýnir frá hvaða stað framdrifsvélunum er stjórnað. Færslan á stjórnun milli stjórnpallsins og vélarúmsins skal aðeins vera möguleg úr aðalvélarúmi eða stjórnklefa aðalvélar. Kerfið skal hafa möguleika á að koma í veg fyrir að þrýstikraftur breytist verulega þegar skipt er um stjórnunarstað.

4. Unnt skal vera að stjórna öllum vélum, sem nauðsynlegar eru til öruggrar notkunar skipsins, á staðnum jafnvel þótt einhver hluti sjálfvirka stýrikerfisins eða fjarstýrikerfisins bili.

5. Sjálfvirka fjarstýrikerfið skal hannað þannig að viðvörun sé gefin ef það bilar. Snúningshraðinn og stefna þrýstikraftsins, sem kerfið er stillt á, skal haldast óbreytt þar til staðbundin stjórnun tekur við.

6. Á stjórnpalli skulu vera álestrartæki sem sýna:

.1 skrúfuhraðann og snúningsátt, ef um er að ræða skrúfur með föstum skurði, eða

.2 skrúfuhraðann og skurðinn ef um er að ræða skiptiskrúfur.

7. Fjöldi samfelldra, sjálfvirkra tilrauna til ræsingar sem misheppnast skal takmarkaður til að viðhalda nauðsynlegum loftþrýstingi til ræsingar. Komið skal fyrir viðvörunarbúnaði, sem gefur til kynna of lágan loftþrýsting til ræsingar, og skal stilla hann á það magn að enn sé unnt að ræsa framdrifsvélarnar.

**Regla II-1/E/50: Samskipti**

Fyrir hendi skal vera áreiðanleg aðferð til munnlegra samskipta milli stjórnklefa aðalvéla eða stjórnstaðar framdrifsvéla, eftir því sem við á, og stjórnpalls og vistarveru vélstjóra.

**Regla II-1/E/51: Viðvörunarkerfi**

1. Viðvörunarkerfi, sem gefur til kynna bilun sem gefa þarf gaum, skal vera fyrir hendi og skal það:

.1 geta gefið frá sér heyranlegt viðvörunarmerki í stjórnklefa aðalvéla eða á stjórnstað framdrifsvéla og gefa sýnilega til kynna á hentugum stað sérhvert viðvörunarmerki sem gefið er,

.2 vera tengt almennum rýmum vélstjóra og svefnklefum þeirra með valrofa, til að tryggja tengingu við a.m.k. einn af þessum klefum; heimila má annað fyrirkomulag ef það telst vera jafngilt,

.3 setja af stað heyranlegt og sýnilegt viðvörunarmerki á stjórnpalli við hverjar þær aðstæður sem krefjast athygli eða aðgerða af hálfu vakthafandi yfirmanns,

.4 vera hannað, að því marki sem framkvæmanlegt er, samkvæmt meginreglunni um virkt öryggi og

.5 setja af stað viðvörunarmerki til vélstjóra, sem krafist er í reglu II-1/C/38, ef ekki hefur verið brugðist við viðvörunarmerki á staðnum innan ákveðins tíma.

2.1. Stöðugur straumur skal vera á viðvörunarkerfi og á því skal vera sjálfvirk skipting yfir á varaaflgjafa ef bilun verður í hefðbundnum aflgjafa.

2.2. Bilun í aðalaflgjafa viðvörunarkerfis skal gefin til kynna með viðvörunarmerki.

3.1. Viðvörunarkerfið skal geta gefið til kynna fleiri en eina bilun samtímis og skal svörun við einu viðvörunarmerki ekki koma í veg fyrir að annað merki sé gefið.

3.2. Svörun á þeim stað sem um getur í 1. lið við hvers konar viðvörunarmerki skal koma fram á stöðunum þar sem merkið var gefið til kynna. Viðvörunarmerki skulu vera órofin uns þeim er svarað og sýnileg viðvörunarmerki skulu vera órofin uns gert hefur verið við bilunina og skal þá viðvörunarkerfi endurstillast sjálfkrafa á hefðbundin notkunarskilyrði.

**Regla II-1/E/52: Öryggiskerfi**

Hafa skal þannig öryggiskerfi að alvarleg bilun í starfsemi véla- eða ketilbúnaðar, sem skyndileg hætta stafar af, leiði til sjálfvirkrar stöðvunar þess hluta búnaðarins, auk þess sem viðvörun skal gefin. Stöðvun á framdrifskerfinu skal ekki vera sjálfvirk nema í þeim tilvikum sem geta leitt til alvarlegra skemmda, algerrar bilunar eða sprengingar. Þar sem fyrirkomulagið er þannig að unnt er að fara framhjá stöðvun aðalvélabúnaðarins skal það vera þannig að ekki sé mögulegt að gera það óviljandi. Sýnileg merki skulu gefa til kynna hvort þetta hafi verið gert. Sjálfvirkur stjórnbúnaður til að slökkva á og hægja á vélbúnaði skal vera aðskilinn frá viðvörunarbúnaði.

**Regla II-1/E/53: Sérkröfur um vélbúnað, katla og rafbúnað**

2. Aðalrafaflgjafi skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

2.1. Þar sem að jafnaði er séð fyrir rafafli með einum rafala skal vera viðeigandi álagsstýring sem tryggir samfelldan straum til búnaðar sem nauðsynlegur er til að knýja skipið og stýra því og tryggja öryggi þess. Gerðar skulu viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þegar virkni rafala, sem er í gangi, hættir skal vera til taks vararafali, sem ræsist og tengist aðaltöflu á sjálfvirkan hátt, svo unnt sé að knýja skipið áfram og stýra því og tryggja öryggi þess með sjálfvirkri endurræsingu nauðsynlegs hjálparvélbúnaðar jafnvel þótt nauðsynlegt reynist að ræsa nokkrum sinnum.

2.2. Ef fleiri en einn rafali sjá venjulega fyrir rafafli samtímis til hliðstæðra starfa skulu gerðar ráðstafanir, t.d. með álagsstýringu, til að tryggja að þótt einn þeirra verði óvirkur að þeir sem eftir eru haldi áfram að starfa án yfirálags þannig að unnt sé að knýja skipið og stýra því og tryggja öryggi þess.

3. Ef krafist er tvöfalds búnaðar fyrir aðrar hjálparvélar, sem nauðsynlegar eru til að knýja skipið, skal vera til staðar sjálfvirkur skiptibúnaður.

4. Sjálfvirkt stýri- og viðvörunarkerfi

4.1. Stjórnkerfið skal vera þannig að öryggi búnaðar, sem nauðsynlegur er fyrir starfsemi aðalframdrifsvéla og tilheyrandi hjálparvéla, sé tryggt með nauðsynlegri sjálfvirkni.

4.2. Viðvörunarkerfi skal vera á sjálfvirka skiptibúnaðinum.

4.3. Viðvörunarkerfi, sem uppfyllir reglu II-1/E/51, skal vera fyrir allan mikilvægan þrýsting, hitastig, vökvaborð og aðrar nauðsynlegar færibreytur.

4.4. Miðlæg stjórnstöð skal búin nauðsynlegum viðvörunartöflum og búnaði sem sýnir allar viðvaranir.

5. Ráðstafanir skulu gerðar til að halda tilskildum ræsiloftsþrýstingi ef brunahreyflar, sem eru nauðsynlegir til meginframdrifs, eru ræstir með þrýstilofti.

**Regla II-1/E/54: Sérstakt mat**

Stjórnvald fánaríkisins skal meta sérstaklega hvort í skipum sé óhætt að hafa vélarúm ómönnuð tímabundið og, sé svo, þá hvort nauðsynlegt er að setja fram viðbótarkröfur við þær sem mælt er fyrir um í viðeigandi reglum til að ná sama öryggi og í vélarúmum sem eru að jafnaði mönnuð.

*G-HLUTI*

***SKIP SEM NOTA ELDSNEYTI MEÐ LÁGU BLOSSAMARKI***

**Regla II-1/G/57: Kröfur varðandi skip sem nota eldsneyti með lágu blossamarki**

Skip, sem nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti með blossamarki sem er lægra en leyfilegt er samkvæmt reglu II-2/4.2.1.1, skulu uppfylla kröfur IGF-kóðans eins og skilgreint er í SOLAS II-1/2.28.

*Z-HLUTI*

***SÉRKRÖFUR Í TILSKIPUN 2009/45/EB***

**Regla II-1/Z/100: Lyftanlegir pallar og skábrautir fyrir bifreiðar**

Smíði, uppsetning og stjórnun hengiþilfara til flutninga á ökutækjum farþega skal vera í samræmi við reglur sem stjórnvald fánaríkisins setur. Smíðin skal vera í samræmi við viðeigandi reglur viðurkenndrar stofnunar.

**Regla II-1/Z/101: Handrið**

1. Á þilförum utan dyra, sem farþegum er heimill aðgangur að og þar sem ekki er borðstokkur í fullnægjandi hæð, skal vera handrið í a.m.k. 1100 mm hæð frá þilfari og skal hönnun þess og smíði miðuð við að koma í veg fyrir að farþegar geti klifrað upp á handriðið eða fallið af þilfarinu fyrir slysni.

2. Á stigum og stigapöllum á slíkum þilförum utan dyra skulu vera handrið smíðuð á sama hátt.

**Regla II-1/Z/102: Lyftur**

1. Farþega- og vörulyftur skulu, að því er varðar stærð, hönnun, leyfilegan farþegafjölda og/eða vörumagn, vera í samræmi við ákvæði sem stjórnvald fánaríkisins setur í hverju tilviki fyrir sig eða fyrir hverja tegund búnaðar.

2. Teikningar af uppsetningu og viðhaldsleiðbeiningar, ásamt ákvæðum um reglubundnar aðalskoðanir, skulu samþykkt af stjórnvaldi fánaríkisins sem skal skoða og samþykkja búnaðinn áður en hann er tekinn í notkun.

3. Þegar samþykki hefur fengist gefur stjórnvald fánaríkisins út vottorð sem haft skal um borð.

4. Stjórnvald fánaríkisins getur heimilað að sérfræðingur, í umboði stjórnvalda, eða viðurkennd stofnun annist reglubundnar aðalskoðanir.

KAFLI II-2

**ELDVARNIR, ELDSKYNJUN OG SLÖKKVIBÚNAÐUR**

*A-HLUTI*

***ALMENNT***

**Regla II-2/A/1 Beiting**

3. Viðgerðir, breytingar, endurbætur og búnaður til þeirra verka

3.1. Að því er varðar öll skip skulu viðgerðir, breytingar og endurbætur á þeim, sem og búnaður til þeirra verka sem falla ekki undir skilgreininguna í lið zh í 2. gr. tilskipunar 2009/45/EB halda áfram að uppfylla a.m.k. kröfurnar sem áður giltu um þau skip.

**Regla II-2/A/2: Brunavarnamarkmið og virknikröfur**

1. Brunavarnamarkmið

1.1. Brunavarnamarkmið þessa kafla eru eftirfarandi:

.1 að fyrirbyggja bruna og sprengingar,

.2 að draga úr hættu á að menn láti lífið af völdum elds,

.3 að draga úr hættu á tjóni á skipum, farmi og umhverfinu af völdum bruna,

.4 að einangra eld og sprengingar, halda þeim í skefjum og slökkva í rýminu þar sem upptökin eru og

.5 að sjá farþegum og áhöfn fyrir viðunandi neyðarútgöngum sem greiður aðgangur er að.

2. Kröfur um virkni

2.1. Til að ná megi brunavarnamarkmiðunum, sem mælt er fyrir um í 1. lið, byggjast reglur þessa kafla á eftirtöldum meginreglum, sem teknar eru upp í þeim, eftir því sem við á, með hliðsjón af gerðum skipa og hugsanlegrar brunahættu:

.1 skipum er skipt í lóðrétt aðalsvæði með afmörkunum sem hafa mótstöðuafl bæði að því er varðar hita og styrk,

.2 vistarverur eru aðskildar frá öðrum hlutum skipsins með afmörkunum sem hafa mótstöðuafl bæði að því er varðar hita og styrk,

.3 notkun brennanlegra efna er takmörkuð,

.4 eldur er skynjaður á því svæði þar sem hann kemur upp,

.5 eldur er einangraður og hann slökktur í því rými þar sem hann kemur upp,

.6 neyðarútgangar og aðgangar fyrir slökkvilið eru varðir,

.7 greiður aðgangur er að slökkvibúnaði,

.8 möguleika á íkviknun eldfimra gufa í farmrými er haldið í lágmarki.

3. Uppfylling brunavarnamarkmiða

Brunavarnamarkmiðunum, sem sett eru fram í 1. lið, skal náð með því að tryggja að farið sé að forskriftum þessa kafla eða eftir annarri hönnun og fyrirkomulagi sem samrýmast F-hluta endurskoðaðs kafla II-2 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, með áorðnum breytingum. Skip skal talið uppfylla kröfurnar um virkni, sem settar eru fram í 2. lið, og hafa náð brunavarnamarkmiðunum, sem sett eru fram í 1. lið, þegar annað af eftirfarandi hefur verið uppfyllt:

.1 hönnun og fyrirkomulag skipsins í heild uppfyllir viðeigandi forskriftir þessa kafla,

.2 hönnun og fyrirkomulag skipsins í heild hefur verið endurskoðað og samþykkt í samræmi við F-hluta endurskoðaðs kafla II-2 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, með áorðnum breytingum,

.3 hluti eða hlutar af hönnun skipsins og fyrirkomulagi hafa verið endurskoðuð og samþykkt í samræmi við framangreindan F-hluta endurskoðaðs kafla II-2 í SOLAS-samþykktinni og aðrir hlutar skipsins uppfylla viðeigandi forskriftir þessa kafla.

**Regla II-2/A/3: Skilgreiningar**

1. Vistarverur eru þau rými sem notuð eru sem almenn rými, gangar, salerni, svefnklefar, skrifstofur, sjúkrarými, rými fyrir kvikmyndasýningar, leiki og tómstundaiðju, rakarastofur, býtibúr án eldunartækja og sambærileg rými.

2. Skilrúm í flokki A eru þau skilrúm sem mynduð eru af þiljum og þilförum sem uppfylla eftirfarandi:

.1 þau skulu smíðuð úr stáli eða öðru jafngildu efni,

.2 þau skulu vera hæfilega afstífuð,

.3 þau skulu einangruð með samþykktum, eldtraustum efnum þannig að hvorki meðalhiti bakhliðarinnar hækki meira en 140 °C yfir upprunalega hitann né að hiti á nokkrum stað, þ.m.t. samsetningar, hækki meira en 180 °C yfir upprunalegan hita innan eftirfarandi tímamarka:

| | |
|---|---|
| flokkur A-60 | 60 mínútur |
| flokkur A-30 | 30 mínútur |
| flokkur A-15 | 15 mínútur |
| flokkur A-0 | 0 mínútur |

.4 þau skulu smíðuð þannig að ekki komist reykur og eldur í gegnum þau áður en staðlaðri einnar klukkustundar brunaprófun lýkur,

.5 stjórnvald fánaríkisins skal krefjast prófunar á frumgerð þils eða þilfars til að tryggja að þau uppfylli framangreindar kröfur um þéttleika og hitastigshækkun í samræmi við „kóða um brunaprófunaraðferðir“.

3. Salir eru almenn rými innan lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis sem tekur til þriggja eða fleiri opinna þilfara.

4. Skilrúm í flokki B eru þau skilrúm sem mynduð eru af þiljum, þilförum, loftum eða veggklæðningum sem uppfylla eftirfarandi:

.1 þau skulu smíðuð þannig að þau hindri að eldur komist í gegnum þau áður en staðlaðri hálfrar klukkustundar brunaprófun lýkur,

.2 þau skulu hafa einangrunargildi þannig að meðalhiti bakhliðarinnar hækki hvorki meira en 140 °C yfir upprunalega hitann né að hitinn á nokkrum stað, þ.m.t. samsetningar, hækki meira en 225 °C yfir upprunalegan hita innan eftirfarandi tímamarka:

| | |
|---|---|
| flokkur B-15 | 15 mín. |
| flokkur B-0 | 0 mín. |

.3 þau skulu gerð úr samþykktum, eldtraustum efnum og allt efni, sem haft er við gerð og uppsetningu á skilrúmum í flokki B, skal vera eldtraust, með þeirri undantekningu að nota má brennanlegan spón ef hann uppfyllir aðrar kröfur þessa kafla,

.4 stjórnvald fánaríkisins skal krefjast prófunar á frumgerð skilrúms til að tryggja að hún uppfylli framangreindar kröfur um þéttleika og hitastigshækkun í samræmi við „kóða um brunaprófunaraðferðir“.

8. Farmrými eru öll rými fyrir farm (þ.m.t. farmolíugeymar) og stokkar sem liggja að þannig rýmum.

9. Aðalstjórnstöð er stjórnstöð fyrir eftirtalinn stjórnbúnað og vísa:

.1 fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi,

.2 sjálfvirkt ýringar-, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi,

.3 stjórnborð með vísum fyrir eldvarnarhurðir,

.4 lokun dyra með eldvarnarhurðum,

.5 stjórnborð með vísum fyrir vatnsþéttar hurðir,

.6 lokun dyra með vatnsþéttum hurðum,

.7 loftblásara,

.8 almennt viðvörunarkerfi/eldviðvörunarkerfi,

.9 boðskiptakerfi, þ.m.t. sími og

.10 hljóðnema fyrir kallkerfi.

10. Skilrúm í flokki C eru þau skilrúm sem smíðuð eru úr samþykktum, eldtraustum efnum. Þau þurfa hvorki að uppfylla kröfur um reykþéttleika eða eldmótstöðu né takmarkanir á hitahækkun. Heimilt er að nota brennanlegan spón ef hann uppfyllir aðrar kröfur þessa kafla.

12. Lokuð ekjufarmrými eru ekjufarmrými sem eru hvorki opin ekjufarmrými né veðurþilför.

13. Lokuð ökutækjarými eru ökutækjarými sem eru hvorki opin ökutækjarými né veðurþilför.

16. Samfelld loft eða veggklæðningar í flokki B eru þau loft eða veggklæðningar í flokki B sem enda við skilrúm í flokki A eða B.

17. Aðalstjórnstöð, sem jafnan er mönnuð, er aðalstjórnstöð þar sem jafnan er ábyrgur maður úr áhöfn skipsins.

18. Stjórnstöðvar eru þau rými þar sem fjarskiptabúnaður skipsins eða aðalsiglingatæki þess eru eða þar sem neyðaraflgjafinn er staðsettur eða þar sem brunaviðvörunarkerfinu eða slökkvibúnaðinum er stjórnað.

20. Hættulegur farmur er sá farmur sem um getur í IMDG-kóðanum, eins og skilgreint er í SOLAS VII/1.1.

22. Kóði um brunaöryggiskerfi merkir alþjóðlegur kóði um brunaöryggiskerfi eins og hann var samþykktur með ályktun MSC.98(73), með áorðnum breytingum.

23. Kóði um brunaprófunaraðferðir merkir alþjóðlegur kóði um brunaprófunaraðferðir, 2010, samþykktur með ályktun MSC.307(88), með áorðnum breytingum.

24. Blossamark er það hitastig í °C (prófun í lokuðum bolla) þegar efni hefur gefið frá sér nægilega mikið af eldfimum gufum til að það kvikni í, ákvarðað með viðurkenndu blossamarkstæki.

26. Þyrluþilfar er sérstaklega byggt lendingarsvæði fyrir þyrlur á skipi, þ.m.t. öll burðarvirki, slökkvitæki og annar nauðsynlegur búnaður fyrir örugga starfrækslu þyrlna.

29. Lágt eldsútbreiðslumark merkir að umrætt yfirborð hindri nægilega útbreiðslu elds og skal það ákveðið í samræmi við kóðann um brunaprófunaraðferðir.

30. Vélarúm eru öll vélarúm í flokki A svo og öll önnur rými sem í er vélbúnaður til að knýja skipið, katlar, eldsneytisolíubúnaður, gufuvélar og brunahreyflar, rafalar og aðalrafvélabúnaður, olíuáfyllistöðvar, kælivélabúnaður, andveltibúnaður, loftræsti- og loftjöfnunarbúnaður og sambærileg rými og stokkar sem liggja að þannig rýmum.

31. Vélarúm í flokki A eru þau rými og stokkar sem liggja að þeim rýmum sem í eru:

.1 brunahreyflar, sem notaðir eru til meginframdrifs skipsins, eða

.2 brunahreyflar til annarra nota en til meginframdrifs skipsins þar sem heildarúttaksafl þess vélbúnaðar er a.m.k. 375 kW eða

.3 olíukyntir katlar eða eldsneytisolíubúnaður eða hvers konar olíukyntur búnaður annar en katlar, s.s. búnaður sem framleiðir óhvarfgjarnar lofttegundir, brennsluofnar o.s.frv.

32. Lóðrétt afmörkuð aðalsvæði eru þau svæði sem bol, yfirbyggingu og þilfarshúsum er skipt í með skilrúmum í flokki A og sem að jafnaði eru hvorki lengri né breiðari en 40 m á neinu þilfari.

33. Eldtraust efni er efni sem hvorki brennur né gefur frá sér nægilegt magn af eldfimum gufum til sjálfsíkveikju þegar það er hitað upp í u.þ.b. 750 °C og skal það ákveðið í samræmi við kóða um brunaprófunaraðferðir. Öll önnur efni eru brennanleg efni.

34. Eldsneytisolíubúnaður er búnaður sem notaður er til undirbúnings á yfirfærslu eldsneytisolíu yfir í olíukynta katla, eða búnaður sem notaður er til undirbúnings á yfirfærslu hitaðrar olíu til brunahreyfils og nær yfir hvers konar olíuþrýstidælur, síur og hitara sem meðhöndla olíu við meiri þrýsting en 0,18 N/mm$^2$.

35. Opin ekjufarmrými eru ekjufarmrými, sem annaðhvort eru opin í báða enda eða opin í annan endann og með viðunandi náttúrulega loftræstingu, sem nær til allrar lengdarinnar, í gegnum varanleg op á útsíðu skipsins eða þilfarinu, eða ofan frá, og sem eru að heildarflatarmáli a.m.k. 10% af heildarflatarmáli hliða rýmisins.

36. Opin ökutækjarými eru ökutækjarými, sem annaðhvort eru opin í báða enda eða opin í annan endann og með viðunandi náttúrulega loftræstingu, sem nær til allrar lengdarinnar, í gegnum varanleg op á útsíðu skipsins eða þilfarinu, eða ofan frá, og sem eru að heildarflatarmáli a.m.k. 10% af heildarflatarmáli hliða rýmisins.

38. Forskriftir merkja þær forskriftir um smíði, stærðartakmarkanir eða brunaöryggiskerfi sem tilgreind eru í þessum kafla.

39. Almenn rými eru þeir hlutar vistarveranna sem notaðir eru sem salir, borðsalir, setustofur og önnur sambærileg rými sem eru lokuð á varanlegan hátt.

40. Klefar sem í eru húsgögn og húsbúnaður sem takmörkuð eldhætta stafar af eru, að því er varðar reglu II-2/C/9, þeir klefar sem í eru húsgögn og húsbúnaður sem takmörkuð eldhætta stafar af (hvort heldur um er að ræða svefnklefa, almenn rými, skrifstofur eða aðrar vistarverur) þar sem:

.1 öll húsgögn með hirslum, s.s. skrifborð, fataskápar, snyrtiborð, kommóður og þess háttar, eru smíðuð úr viðurkenndum eldtraustum efnum eingöngu, nema hvað á yfirborðsflötum þeirra má vera brennanlegur spónn allt að 2,0 mm,

.2 öll frístandandi húsgögn, s.s. stólar, sófar og borð, eru smíðuð með römmum úr eldtraustum efnum,

.3 öll hengi, gluggatjöld og önnur textílefni, sem hengd eru upp, hafa a.m.k. sömu eldþolseiginleika og ullarefni í hlutföllunum 0,8 kg/m$^2$, í samræmi við kóðann um brunaprófunaraðferðir,

.4 öll gólfefni hafa lágt eldsútbreiðslumark,

.5 allir óvarðir fletir á þiljum, veggklæðningum og loftum hafa lágt eldsútbreiðslumark og

.6 öll bólstruð húsgögn hafa viðnám gegn íkviknun og útbreiðslu elds í samræmi við kóðann um brunaprófunaraðferðir.

.7 allur sængurfatnaður hefur viðnám gegn íkviknun og útbreiðslu elds í samræmi við kóðann um brunaprófunaraðferðir.

41. Ekjufarmrými eru rými sem eru yfirleitt ekki hólfuð niður á neinn hátt og eru töluvert löng, ná jafnvel eftir endilöngu skipinu, þar sem ökutæki með eldsneyti á geymum sínum til eigin nota og/eða vörur eru lestaðar eða losaðar, yfirleitt lárétt, (í umbúðum eða lausu, í eða á járnbrautavögnum eða bílum, ökutækjum (þ.m.t. tankbílar og tankjárnbrautarvagnar), eftirvögnum, gámum, vörubrettum, tönkum sem hægt er að taka af eða í/á svipuðum geymslueiningum eða öðrum geymum).

42. Ekjufarþegaskip er farþegaskip með ekjufarmrými eða sérstök rými eins og þau eru skilgreind í reglu II-2/A/3.

45. Þjónusturými eru þau rými sem notuð eru sem eldhús, býtibúr með eldunartækjum, skápar, klefar undir póst og verðmæti, geymslur, verkstæði sem ekki eru hlutar af vélarúmum og sambærileg rými, ásamt stokkum sem liggja að þannig rýmum.

46. Sérstök rými eru þau lokuðu ökutækjarými fyrir ofan eða neðan skilrúmsþilfar, sem ökutækin geta keyrt inn í og út úr og sem farþegar hafa aðgang að. Sérstök rými mega vera á fleiri en einu þilfari, að því tilskildu að óhindruð heildarhæð fyrir ökutæki sé ekki yfir 10 metrar.

47. Stöðluð brunaprófun er sú sem er skilgreind í lið zb í 2. gr. tilskipunar 2009/45/EB.

49. Ökutækjarými eru farmrými til flutnings á vélknúnum ökutækjum með eldsneyti á geymum sínum til eigin nota.

50. Veðurþilfar er þilfar sem er alveg berskjaldað fyrir veðri að ofan og frá a.m.k. tveimur hliðum.

53. Klefasvalir eru svæði á opnu þilfari til einkanota fyrir farþega eins klefa og sem beinn aðgangur er að frá slíkum klefa.

54. Brunaspjald, að því er varðar framkvæmd 7. liðs í reglu II-2/C/9, er búnaður sem er settur upp í loftræstirás, sem er opinn við venjulegar kringumstæður þannig að loft geti flætt þar um og er lokaður við eldsvoða og hindrar þannig flæði um loftræstirásina í þeim tilgangi að hindra að eldur komist í gegn. Í tengslum við skilgreininguna hér að framan má nota eftirfarandi hugtök:

.1 sjálfvirkt brunaspjald: brunaspjald sem lokast sjálfkrafa þegar það kemst í snertingu við myndefni bruna,

.2 handvirkt brunaspjald: brunaspjald sem áhöfninni er ætlað að opna eða loka handvirkt og

.3 fjarstýrt brunaspjald: brunaspjald sem áhöfnin lokar með stjórnbúnaði sem er staðsettur í nokkurri fjarlægð frá fjarstýrða spjaldinu.

55. Reykspjald, að því er varðar framkvæmd 7. liðs í reglu II-2/C/9, er búnaður, sem er settur upp í loftræstirás, sem er opinn við venjulegar kringumstæður þannig að loft geti flætt þar um og lokaður við eldsvoða og hindrar þannig flæði um loftrásina í þeim tilgangi að hindra að reykur og heitar lofttegundir komist í gegn. Ekki er gert ráð fyrir því að reykspjald stuðli að eldtraustleika þegar um er að ræða eldtraust skilrúm sem er rofið með loftrás. Í tengslum við skilgreininguna hér að framan má nota eftirfarandi hugtök:

.1 sjálfvirkt reykspjald: reykspjald sem lokast sjálfkrafa þegar það kemst í snertingu við reyk eða heitar lofttegundir,

.2 handvirkt reykspjald: reykspjald sem áhöfninni er ætlað að opna og loka handvirkt og

.3 fjarstýrt reykspjald: reykspjald sem áhöfnin lokar með stjórnbúnaði sem er staðsettur í nokkurri fjarlægð frá reykspjaldinu.

*B-HLUTI*

***VARNIR GEGN ELD- OG SPRENGIHÆTTU***

**Regla II-2/B/4: Líkindi á íkviknun**

1. **Tilgangur**

Tilgangurinn með þessari reglu II-2/B/4 er að koma í veg fyrir íkviknun brennanlegra efna eða eldfimra vökva. Í þessu skyni skal eftirfarandi virknikröfum fullnægt:

.1 búnaður skal vera fyrir hendi til að hafa eftirlit með leka eldfimra vökva,

.2 búnaður skal vera fyrir hendi til að takmarka söfnun eldfimra gufa,

.3 takmarka skal tendranleika brennanlegra efna,

.4 takmarka skal íkveikjuvalda og

.5 íkveikjuvaldar skulu aðgreindir frá brennanlegum efnum og eldfimum vökvum.

2. **Fyrirkomulag varðandi eldsneytisolíu, smurolíu og aðrar eldfimar olíutegundir**

2.1. *Takmarkanir á notkun olíu sem eldsneytis*

Eftirtaldar takmarkanir skulu gilda um notkun olíu sem eldsneytis:

.1 ekki skal nota neina eldsneytisolíu með blossamarki undir 60 °C nema annað sé leyft í þessum lið,

.2 nota má eldsneytisolíu með blossamarki sem er ekki undir 43 °C fyrir neyðarrafala.

.3 Stjórnvaldi fánaríkisins er heimilt að leyfa notkun eldsneytisolíu með blossamarki undir 60 °C en ekki undir 43 °C (t.d. til að sjá vélum neyðarslökkvidælunnar og hjálparvélum, sem eru ekki staðsettar í vélarúmum í flokki A, fyrir eldsneyti), að teknu tilliti til þeirra aukavarúðarráðstafana sem það telur nauðsynlegar og að því tilskildu að hitastig andrúmslofts í rýminu, þar sem slík eldsneytisolía er geymd eða notuð, fari ekki upp fyrir 10 °C undir blossamarki eldsneytisolíunnar:

.3.1 brennsluolíugeymar, að undanskildum þeim sem eru í hólfum með tvöföldum botni, skulu vera staðsettir utan vélarúma í flokki A,

.3.2 hægt skal vera að mæla hita olíunnar á soggrein eldsneytisolíudælunnar,

.3.3 stöðvunarlokar og/eða -kranar skulu vera inntaks- og úttaksmegin á eldsneytisolíusíum og

.3.4 rör skulu, eftir föngum, vera samtengd með logsuðu, með kringlóttum, keilulaga tengjum eða kúlulaga tengjum;

blossamark olía skal ákvarðað með viðurkenndri aðferð í lokuðum bolla (e. *closed cup method*).

.5 Á skipum, sem G-hluti í kafla II-1 gildir um, má leyfa notkun eldsneytisolíu með lægra blossamark en tilgreint er í undirlið 2.1.1.

2.2. *Fyrirkomulag fyrir eldsneytisolíu*

Í skipum þar sem eldsneytisolía er notuð skal fyrirkomulag varðandi geymslu hennar, dreifingu og notkun vera þannig að öryggi skipsins og manna um borð sé tryggt og a.m.k. í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

2.2.1. Staðsetning eldsneytisolíukerfa

Hlutar eldsneytisolíukerfisins, sem innihalda hitaða olíu við hærri þrýsting en 0,18 N/mm$^2$ skulu, eftir því sem hægt er, ekki vera á stöðum þar sem gallar og leki sjást ekki auðveldlega. Vélarúm skulu vera vel upplýst þar sem slíkir hlutar eldsneytisolíukerfisins eru. Með hitaðri olíu er átt við olíu við hitastig sem er, eftir upphitun, hærra en 60 °C eða hærra en gildandi blossamark olíunnar ef það er lægra en 60 °C.

2.2.2. Loftræsting vélarúma

Loftræsting vélarúma skal vera nægileg góð til að koma í veg fyrir að olíugufa safnist upp við öll venjuleg skilyrði.

2.2.3. Eldsneytisolíugeymar

2.2.3.1. Brennsluolía, smurolía og aðrar eldfimar olíur skulu ekki fluttar í stafnhylkjum.

2.2.3.2. Eldsneytisolíugeymar skulu, að svo miklu leyti sem hægt er, vera hluti af burðarvirki skipsins og staðsettir utan vélarúma. Ef eldsneytisolíugeymar, aðrir en geymar með tvöföldum botni, þurfa að liggja að eða innan vélarúma skal a.m.k. ein lóðréttra hliða þeirra vera við vegg sem afmarkar vélarúmið og æskilegast er að þeir liggi upp við geyma með tvöföldum botni en liggi að vélarúmi að eins litlu leyti og unnt er. Ef slíkir geymar eru staðsettir innan vélarúms skal ekki vera í þeim eldsneytisolía með lægra blossamarki en 60 °C. Forðast skal notkun lausra eldsneytisolíugeyma og skal hún bönnuð í vélarúmum.

2.2.3.3. Enginn eldsneytisolíugeymir skal vera staðsettur þar sem rennsli eða leki úr honum getur valdið hættu ef eldsneytið drýpur á heita fleti.

2.2.3.4. Á sérhverju eldsneytisolíuröri, sem olía gæti lekið úr ef það skemmdist, frá geymslutanki, setgeymi eða daggeymi, sem rúmar 500 lítra eða meira, sem staðsettur er fyrir ofan geyminn með tvöfalda botninum skal vera krani eða loki, alveg við tankinn, sem hægt er að loka frá öruggum stað utan rýmisins ef upp kemur eldur í rýminu þar sem slíkir geymar eru staðsettir. Ef svo óvenjulega vill til að djúpir geymar séu staðsettir í öxulgangi, göngum fyrir röralagnir eða sambærilegu rými skal vera loki á geyminum en ef eldur kemur upp á að vera hægt að loka fyrir með aukaloka á rörinu eða rörunum utan ganganna eða sambærilega rýmisins. Ef slíkum aukaloka er komið fyrir í vélarúminu skal vera hægt að stýra honum frá stað utan rýmisins. Fjarstýringin fyrir lokann á eldsneytisgeymi neyðarrafala skal vera á öðrum stað en fjarstýring fyrir aðra loka í vélarúmum.

2.2.3.4a Í skipum, sem eru minni en 500 brúttótonn, skal eldsneytisgeymir, sem er staðsettur fyrir ofan geyminn með tvöfalda botninum, vera útbúinn með krana eða loka.

2.2.3.5. Hægt skal vera að staðfesta á öruggan og skilvirkan hátt magn eldsneytisolíu í sérhverjum eldsneytisolíugeymi.

2.2.3.5.1 Dýpilrör mega ekki enda í neinu rými þar sem skapast getur hætta á íkviknun frá leka úr rörinu. Endar þeirra skulu alls ekki liggja í farþega- eða áhafnarrýmum. Almennt skulu endar dýpilröra ekki liggja í vélarúmum. Stjórnvaldi fánaríkisins er þó heimilt að leyfa að dýpilrör endi í vélarúmum þar sem annað er óframkvæmanlegt, að því tilskildu að uppfyllt séu eftirtalin skilyrði:

.1 að til viðbótar sé til staðar mælitæki til að mæla magn olíunnar sem er í samræmi við kröfur undirliðar 2.2.3.5.2;

.2 dýpilrör endi langt frá stöðum þar sem hætta er á íkveikju, nema varúðarráðstafanir séu gerðar, s.s. uppsetning góðra hlífa sem koma í veg fyrir að eldsneytisolían komist í snertingu við íkveikjuvald ef hún hellist niður úr enda röranna,

.3 á endum dýpilröra skal vera sjálflokandi lokunarbúnaður og sjálflokandi öryggiskrani með lítið þvermál, sem staðsettur er neðan við lokunarbúnaðinn, í þeim tilgangi að tryggja að engin eldsneytisolía sé fyrir hendi, áður en opnað er fyrir hann; gera skal ráðstafanir til að tryggja að eldsneytisolíuleki úr öryggiskrananum feli ekki í sér hættu á íkviknun.

2.2.3.5.2 Leyfa má annan búnað til að mæla eldsneytisolíumagn í eldsneytisolíugeymum ef ekki þarf að rjúfa geyminn fyrir neðan efsta hluta hans til að setja upp slíkan búnað, að því tilskildu að eldsneyti leki ekki út ef búnaðurinn bregst eða geymarnir yfirfyllast.

2.2.3.5.3 Búnaðinum, sem mælt er fyrir um í undirlið 2.2.3.5.2, skal viðhaldið í góðu ástandi til að tryggja að hann starfi alltaf rétt við notkun.

2.2.4. Komið í veg fyrir yfirþrýsting

Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir yfirþrýsting í olíugeymum eða öllum hlutum eldsneytisolíukerfa, þ.m.t. áfyllingarrör sem dælur um borð þjóna. Allir öryggislokar og loft- eða yfirfallsrör skulu liggja að stað þar sem ekki er hætta á bruna eða sprengingu vegna útstreymis olíu og gufu og skulu ekki liggja inn í áhafnarrými, farþegarými eða sérstök rými, lokuð ekjufarmrými, vélarúm eða svipuð rými í skipum.

2.2.5. Eldsneytisolíulagnir

2.2.5.1. Eldsneytisolíurör, lokar þeirra og tengihlutir skulu vera úr stáli eða öðru viðurkenndu efni, nema hvað leyfð er takmörkuð notkun sveigjanlegra röra. Slík sveigjanleg rör og festingar skulu vera úr viðurkenndum og nægilega sterkum efnum sem hafa brunamótstöðu.

Lokar, sem settir eru á eldsneytisolíugeyma og eru undir stöðugum þrýstingi, mega vera úr stáli eða kúlugrafítsteypujárni. Þó er leyft að nota loka úr venjulegu steypujárni í lagnakerfi sem eru hönnuð fyrir lægri þrýsting en 7 bör og lægri hita en 60 °C.

2.2.5.2. Allar háþrýstileiðslur fyrir eldsneyti utan dyra, milli háþrýstidæla fyrir eldsneyti og eldsneytisspíssa, skulu varðar með klæddu lagnakerfi sem getur hindrað að eldsneyti leki við bilun háþrýstileiðslu. Klætt rör er ytra rör sem háþrýstieldsneytisrör er sett inn í og eru þau sambyggð. Á klædda lagnakerfinu skal vera búnaður til að safna saman því sem lekur niður og ráðstafanir gerðar til að viðvörunarkerfi fari í gang ef bilun verður í eldsneytisleiðslunni.

2.2.5.3. Eldsneytisolíuleiðslur skulu ekki vera staðsettar rétt fyrir ofan eða nálægt búnaði sem gefur frá sér mikinn hita, þ.m.t. katlar, gufuleiðslur, fráblástursgreinar, hljóðdeyfar eða annar búnaður sem krafist er að sé einangraður. Eldsneytisolíuleiðslur skulu staðsettar, að því marki sem unnt er, langt frá heitu yfirborði, rafbúnaði eða öðrum búnaði þar sem hætta er á íkviknun og skulu vera hlífar utan um þær eða þær varðar á annan viðeigandi hátt til að forðast að olía ýrist eða drjúpi á staði þar sem hætta er á íkviknun. Í slíku lagnakerfi skulu vera eins fá tengi og hægt er.

2.2.5.4. Íhlutir eldsneytiskerfis dísilvélar skulu hannaðir með hliðsjón af mesta hámarksþrýstingi sem myndast getur við notkun kerfisins, þ.m.t. með hliðsjón af hvers konar háþrýstingsslögum sem dælur til eldsneytisspíssa mynda og senda til baka inn í eldsneytis- og yfirfallsleiðslur. Samskeyti eldsneytis- og yfirfallsleiðslna skulu hönnuð með hliðsjón af því að þau geti komið í veg fyrir að eldsneytisolía undir þrýstingi sprautist eða leki út á siglingu og að loknu viðhaldi.

2.2.5.5. Ef búnaður samanstendur af mörgum vélum, sem fá eldsneyti frá sömu upptökum, skal vera hægt að einangra eldsneytis- og yfirfallslagnir til hverrar vélar fyrir sig. Slík einangrun skal ekki hafa áhrif á vinnslu hinna vélanna og henni skal vera hægt að stýra frá stað sem ekki lokast af ef upp kemur eldur í einhverri af vélunum.

2.2.5.6. Þegar stjórnvald fánaríkis getur heimilað að veita olíu, brennanlegum eða öðrum eldfimum vökvum í gegnum vistarverur, þjónusturými eða stjórnstöðvar skulu rörin vera úr efni sem stjórnvaldið samþykkir með hliðsjón af eldhættu.

2.2.6. Vörn gegn háhitaflötum

2.2.6.1. Allt yfirborð sem hefur hita yfir 220 °C, sem bilun í eldsneytiskerfinu gæti haft áhrif á, skal einangrað á viðeigandi hátt.

2.2.6.2. Gera skal varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að olía, sem lekur undir þrýstingi frá dælu, síu eða hitara, komist í snertingu við heita fleti.

2.3. *Fyrirkomulag varðandi smurolíu*

2.3.1. Fyrirkomulag varðandi geymslu, dreifingu og notkun olíu, sem notuð er fyrir smurolíuþrýstikerfi, skal vera þannig að öryggi skipsins og manna um borð sé tryggt og skal slíkt fyrirkomulag í vélarúmum a.m.k. uppfylla kröfur undirliða .2.2.1, 2.2.3.3, 2.2.3.4, 2.2.3.5, 2.2.4, 2.2.5.1, 2.2.5.3 og 2.2.6, að teknu tilliti til eftirfarandi:

.1 Þetta útilokar ekki að sett séu sjónglös á smurolíukerfin, að því tilskildu að prófun sýni fram á að brunamótstaða þeirra sé nægileg. Ef notuð eru sjónglös skulu vera á rörinu lokar í báðum endum. Lokinn í neðri enda rörsins skal vera sjálflokandi.

.2 Dýpilrör má leyfa í vélarúmum; ekki þarf að fara eftir kröfum undirliða 2.2.3.5.1.1 og 2.2.3.5.1.3 með því skilyrði að á dýpilrörunum sé viðeigandi lokunarbúnaður.

2.3.2. Ákvæði undirliðar 2.2.3.4 skulu einnig gilda um smurolíugeyma, að undanskildum þeim sem rúma minna en 500 lítra, og geymslutanka með loka sem lokað er fyrir við eðlilegan rekstur skipsins eða þar sem ljóst er að óráðgerð notkun hraðloka á smurolíugeymi gæti stofnað öruggri notkun aðalframdrifsvéla og nauðsynlegra hjálparvéla þess í hættu.

2.4. *Fyrirkomulag varðandi aðrar eldfimar olíutegundir*

Fyrirkomulag varðandi geymslu, dreifingu og notkun annarra eldfimra olíutegunda, sem notaðar eru undir þrýstingi, fyrir aflfærslukerfi, stjórn- og gangsetningarkerfi og hitunarkerfi skulu vera þannig að öryggi skipsins og manna um borð sé tryggt. Á stöðum þar sem möguleiki er á íkviknun skal slíkt fyrirkomulag a.m.k. fullnægja kröfum undirliða 2.2.3.3, 2.2.3.5, 2.2.5.3 og 2.2.6 og ákvæðum undirliða 2.2.4 og 2.2.5.1 að því er varðar styrk og smíði.

2.5. *Vélarúm sem eru ómönnuð tímabundið*

Auk krafna ákvæða undirliða .2.1–.2.4 skulu eldsneytisolíu- og smurolíukerfin fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

.1 Ef daggeymar fyrir eldsneytisolíu eru fylltir sjálfvirkt eða með fjarstjórnun skulu þeir vera útbúnir þannig að þeir yfirfyllist ekki. Sams konar ráðstafanir skal gera vegna annars búnaðar sem meðhöndlar sjálfvirkt eldfima vökva, t.d. hreinsunarbúnað fyrir eldsneytisolíu, sem staðsetja skal, hvenær sem því verður við komið, í sérstöku rými sem ætlað er fyrir hreinsunarbúnað svo og hitara þeirra.

.2 Þar sem dag- eða setgeymar fyrir eldsneytisolíu eru með hitunarbúnaði og hitinn getur farið yfir blossamark eldsneytisolíunnar skal hafa viðvörunarbúnað sem gefur til kynna háan hita.

3. **Fyrirkomulag fyrir loftkennt eldsneyti til heimilisnota**

Stjórnvald fánaríkis skal samþykkja kerfi fyrir loftkennt eldsneyti til heimilisnota. Gashylki skulu geymd á opnu þilfari eða í vel loftræstu rými sem opnast aðeins út á opið þilfarið.

4. **Íkveikjuvaldar og tendranleiki ýmissa hluta**

4.1. *Rafmagnsofnar*

Ef rafmagnsofnar eru notaðir skulu þeir vera fastir og gerðir þannig að sem minnst eldhætta stafi af þeim. Ekki skal nota ofna með hitafleti sem eru það óvarðir að kviknað geti í fötum, gluggatjöldum og því um líku eða þau geti sviðnað af hita frá hitafletinum.

4.2. *Sorpílát*

Öll sorpílát skulu vera úr eldtraustum efnum; engin op skulu vera á hliðum þeirra eða botni.

4.3. *Einangraðir yfirborðsfletir sem eru varðir gegn því að olía berist til þeirra*

Í rýmum sem olía gæti borist til skal yfirborð einangrunarinnar vera olíuhelt eða þola olíugufur.

4.3.100 Í rýmum þar sem hætta er á olíuslettum eða olíugufum, s.s. í vélarúmum í flokki A, skal yfirborð einangrunarinnar vera olíuhelt og þola olíugufur. Þar sem ysta lagið í umræddum skipum er ógötuð stálplata eða úr öðrum eldtraustum efnum (ekki ál), sem er ysta efnislega yfirborðið, má það lag vera fest með lóðun eða hnoðun o.s.frv.

4.4. *Grunnefni þilfara*

Grunnefni þilfara í vistarverum, klefasvölum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum skulu vera úr samþykktum efnum, sem kviknar ekki auðveldlega í, og skal það ákveðið í samræmi við IMO-kóðann um brunaprófunaraðferðir.

4.100 *Háþrýstihylki undir gas:*

Öll færanleg ílát undir samþjappað, fljótandi eða niðurbrotið gas undir þrýstingi, sem gætu verið eldsmatur ef eldur kæmi upp, skulu eftir notkun sett þegar í stað á viðeigandi stað fyrir ofan skilrúmsþilfarið þaðan sem er aðgangur beint út á opið þilfar.

**Regla II-2/B/5: Möguleg eldsútbreiðsla**

1. **Tilgangur**

Tilgangurinn með þessari reglu II-2/B/5 er að takmarka mögulega eldsútbreiðslu í hverju rými skipsins. Í þessu skyni skal eftirfarandi virknikröfum fullnægt:

.1 búnaður skal vera fyrir hendi til að stjórna aðfærslu lofts til rýmisins,

.2 búnaður skal vera fyrir hendi til að stjórna aðfærslu eldfimra vökva til rýmisins og

.3 takmarka skal notkun brennanlegra efna.

2. **Stjórnun aðfærslu lofts og eldfimra vökva til rýmisins**

2.1. Búnaður til að loka fyrir og stöðva loftræstingu

2.1.1. Unnt skal vera að loka aðalinntökum og -útrásum loftræstikerfa utan rýmanna sem þau loftræsta. Greiður aðgangur skal vera að lokunarbúnaði og auk þess skal hann greinilega og varanlega merktur og á honum tilgreint hvort hann sé í opinni eða lokaðri stöðu.

2.2. Stjórntæki í vélarúmum

2.2.1. Stjórntæki skal vera fyrir hendi til að opna og loka ljórum, loka opum á reykháfum, sem að jafnaði gera kleift að loftræsta, og loka brunaspjöldum í loftræstingu.

2.2.2. Stjórntæki skal vera fyrir hendi til að stöðva loftblásara.

2.2.3. Stjórntæki skal vera fyrir hendi til að stöðva þrýsti- og sogviftur, eldsneytisolíufæridælur, sambyggðar eldsneytisolíudælur (olíuverk), flutningsdælur smurolíu, hringrásardælur upphitunarolíu og olíuskilvindur. Liðirnir 2.2.4 og 2.2.5 í þessari reglu II-2/B/5 þurfa þó ekki að gilda um olíuvatnsskiljur.

2.2.4. Stjórntækin, sem krafist er í liðum 2.2.1–2.2.3 og undirlið 2.2.3.4 í reglu II-2/B/4, skulu staðsett utan rýmisins, sem um ræðir, á stað sem ekki lokast af ef upp kemur eldur í rýmunum sem þau eru notuð fyrir.

2.2.5. Slík stjórntæki og stjórntæki fyrir hvers konar slökkvikerfi sem krafist er skulu staðsett á einum stjórnstað eða skipt niður á eins fáa staði og mögulegt er. Öruggur aðgangur skal vera frá opnu þilfari að slíkum stöðum.

3. **Eldvarnarefni**

3.1. Notkun eldtraustra efna

3.1.1. Einangrunarefni

Gufuvörn og lím, sem notuð eru í tengslum við einangrun, svo og einangrun röra fyrir kælikerfi, þurfa ekki að vera úr eldtraustu efni en nota skal eins lítið af því og við verður komið og óvarðir fletir skulu hafa lágt eldsútbreiðslumark.

3.1.2. Loft og veggklæðningar

Annars staðar en í farmrýmum, póstklefum og farangursrýmum eða kældum hólfum í þjónusturýmum skulu allar veggklæðningar, undirbyggingar, dragsúgshindranir, loft og einangrun vera úr eldtraustum efnum.

3.1.3. Hlutaþil og þilför

3.1.3.1. Hlutaþil eða þilför, sem notuð eru til að hólfa niður rými til ákveðinna nota eða aukinnar prýði, skulu vera úr eldtraustum efnum.

3.1.3.2. Veggklæðningar, loft og hlutaþil eða þilför, sem notuð eru til að skerma af eða aðskilja aðliggjandi klefasvalir, skulu vera úr eldtraustum efnum.

3.2. Notkun brennanlegra efna

3.2.1. Almennt

3.2.1.1. Skilrúm í flokki A, B eða C í vistarverum, þjónusturýmum og klefasvölum, sem eru klædd brennanlegum efnum, þilklæðningum, listum, skreytingum og spónlögðum þiljum, skulu uppfylla ákvæði liða 3.2.2–3.2.4 og reglu II-2/B/6. Hefðbundnir trébekkir og viðarklædd þil og loft eru þó leyfileg í gufubaðsklefum og útreikningarnir, sem mælt er fyrir um í liðum 3.2.2 og 3.2.3, þurfa ekki að taka til þessara efna. Ákvæði liðar 3.2.3 þurfa þó ekki að gilda um klefasvalir.

3.2.2. Hámarksvarmagildi brennanlegra efna

Spónn, sem notaður er á yfirborð og klæðningar sem falla undir kröfur liðar 3.2.4, skal ekki hafa hærra varmagildi en 45 MJ/$m^2$ yfirborðsins miðað við þá þykkt sem notuð er.

3.2.3. Heildarmagn brennanlegra efna

.1 Heildarmagn brennanlegra klæðninga, lista, skreytinga og spónlagðra þilja má ekki vera meira í neinni vistarveru og þjónusturými en jafngildi 2,5 mm spóns á samanlögðu yfirborði veggja og lofts. Húsgögn, sem eru fest við klæðningar, þil- eða þilfarsklæðningar, þarf ekki að telja með í heildarmagni brennanlegra efna.

.2 Í skipum með sjálfvirku úðakerfi, sem er í samræmi við ákvæði undirliðs 6.1.100 í reglu II-2/C/10, má eitthvað af því brennanlega efni, sem notað er til að reisa skilrúm í flokki C, vera innifalið í framangreindu magni.

3.2.4. Lágt eldsútbreiðslumark óvarinna flata

Eftirtaldir fletir skulu hafa lágt eldsútbreiðslumark:

.1 óvarðir fletir á göngum og í stigagöngum, svo og á þiljum, vegg- og loftklæðningum í öllum vistarverum, þjónusturýmum (nema gufubaðsklefum) og stjórnstöðvum,

.2 lokuð og óaðgengileg rými í vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum,

.3 óvarðir fletir klefasvala, nema þilfarsklæðningar úr náttúrulegum harðviði.

3.3. Húsgögn í stigagöngum

Húsgögn í stigagöngum skulu takmarkast við sæti. Þau skulu vera föst, vera mest sex sæti á hverju þilfari í hverjum stigagangi, af þeim skal stafa takmörkuð eldhætta og þau skulu ekki hindra undankomuleið farþega. Stjórnvaldi fánaríkis er heimilt að leyfa aukasæti í aðalmóttöku innan stigagangs ef þau eru föst, eldtraust og hindra ekki undankomuleið farþega. Húsgögn eru óheimil á göngum farþega og áhafnar sem eru undankomuleiðir frá klefasvæðum. Auk framangreinds má heimila skápa úr eldtraustu efni undir þann öryggisbúnað sem viðkomandi reglur krefjast. Drykkjarvatnsbrunnar og ísmolavélar mega vera á göngum ef þau eru föst og takmarka ekki breidd undankomuleiða. Sama gildir um blóma- eða plöntuskreytingar, styttur eða önnur listaverk, s.s. málverk og listvefnað á göngum og í stigagöngum.

3.4. Húsgögn og húsbúnaður á klefasvölum

Húsgögn og húsbúnaður á klefasvölum skulu uppfylla undirliði 40.1, 40.2, 40.3, 40.6 og 40.7 í reglu II-2/A/3, nema slíkar svalir séu varðar með föstum slökkvikerfum með háþrýstiýringu og föstum eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfum sem uppfylla 10. lið í reglu II-2/C/7 og undirlið 6.1.3 í reglu II-2/C/10.

**Regla II-2/B/6: Möguleg reykmyndun og eiturhrif**

1. **Tilgangur**

Tilgangurinn með þessari reglu II-2/B/6 er að draga úr hættu á dauðaslysum af völdum reyks og eiturefna sem myndast þegar eldur kviknar í rýmum þar sem menn alla jafna starfa eða búa. Í þessu skyni skal magn reyks og eiturefna, sem losna úr brennanlegum efnum, þ.m.t. yfirborðsáferðarefni, þegar eldur kemur upp, takmarkað.

2.1. Málning, lökk og önnur áferðarefni, sem notuð eru á óvarða fleti innanskips, skulu hvorki geta myndað óhóflega mikinn reyk né eiturefni og skal það ákveðið í samræmi við kóðann um brunaprófunaraðferðir.

2.2. Málning, lökk og önnur áferðarefni, sem notuð eru á óvarða fleti klefasvala, að undanskildum þilfarsklæðningum úr náttúrulegum harðviði, skulu hvorki geta myndað óhóflega mikinn reyk né eiturefni, og skal mælt fyrir um það í kóðanum um brunaprófunaraðferðir.

3.1. Grunnar á þilförum í vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum skulu vera úr samþykktum efnum, sem hvorki valda hættu á eiturefnum né sprengingum við háan hita, og skal mælt fyrir um það í kóðanum um brunaprófunaraðferðir.

3.2. Grunnar á þilförum klefasvala skulu hvorki valda hættu á myndun reyks né eiturefna eða hafa í för með sér sprengihættu við háan hita, og skal mælt fyrir um það í kóðanum um brunaprófunaraðferðir.

*C-HLUTI*

***ELDI HALDIÐ Í SKEFJUM***

**Regla II-2/C/7: Eldskynjun og -viðvörun**

1. Tilgangur

Tilgangurinn með þessari reglu II-2/C/7 er að greina eld í því rými sem hann kemur upp í og vara menn við honum til að tryggja örugga undankomu og að slökkvistarf geti hafist. Í þessu skyni skal eftirfarandi virknikröfum fullnægt:

.1 föst eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi skulu henta eðli viðkomandi rýmis, mögulegri eldsútbreiðslu og mögulegri myndun reyks og lofttegunda,

.2 handboðar skulu staðsettir þannig að greiður aðgangur sé að þeim til að auðvelda miðlun tilkynninga og

.3 brunaverðir skulu greina og staðsetja eld með skilvirkum hætti og gera skipverjum á stjórnpalli og slökkviliðinu viðvart, eftir því sem við á.

2. Almennar kröfur

2.2. Fasta eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfið skal vera af viðurkenndri gerð og uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

4. Vörn vélarúma

4.1. Uppsetning

Setja skal eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af samþykktri gerð, í samræmi við viðeigandi ákvæði undirliðar 2.2, upp í:

.1 vélarúmum sem eru ómönnuð tímabundið,

.2 vélarúmum þar sem:

.2.1 uppsetning sjálfvirkra og fjarstýrðra kerfa og búnaðar hefur verið samþykkt í stað stöðugrar mönnunar rýmisins og

.2.2 aðalframdrifsvélar og tilheyrandi vélbúnaður, þ.m.t. aðalrafaflgjafar, eru mismunandi mikið sjálfvirk eða fjarstýrð og undir stöðugu mönnuðu eftirliti frá stjórnklefa og

.3 lokuðum rýmum með brennsluofnum.

4.2. Hönnun

Að því er varðar föstu eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfin, sem krafist er samkvæmt undirliðum 4.1.1, 4.1.2 og 4.1.3, gildir eftirfarandi:

Hönnun eldskynjunarkerfisins og staðsetning skynjaranna skal vera þannig að þeir nemi fljótt kviknun elds í hvaða hluta þessara rýma sem er og við allan eðlilegan gang vélanna og þær breytingar í loftræstingu sem búast má við vegna hugsanlegra hitabreytinga í umhverfinu. Notkun skynjunarkerfa, sem eingöngu byggjast á hitaskynjurum, skal óheimil nema í rýmum þar sem er takmörkuð lofthæð og þar sem notkun þeirra á sérstaklega við. Skynjunarkerfið skal gefa frá sér heyranleg og sýnileg viðvörunarmerki, sem hvoru tveggja eru ólík viðvörunarmerkjum allra annarra kerfa, sem ekki gefa til kynna eld, á nægilega mörgum stöðum til að tryggja að viðvörunin heyrist og sjáist á stjórnpalli og af vélstjóra sem ber ábyrgð á vakt. Þegar enginn er á stjórnpalli skal viðvörunarmerkið heyrast þar sem ábyrgur maður úr áhöfn skipsins er á vakt.

Eftir uppsetningu skal kerfið prófað við breytileg skilyrði að því er varðar gang vélar og loftræstingu.

5. Vörn vistarvera, þjónusturýma og stjórnstöðva

5.2. Kröfur fyrir farþegaskip sem mega flytja 36 farþega eða fleiri

Setja skal upp fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af viðurkenndri gerð í samræmi við kröfur undirliðar 2.2 og skal það uppsett og því komið fyrir þannig að það skynji reyk í þjónusturýmum, stjórnstöðvum og vistarverum, þar á meðal göngum og stigum. Ekki er nauðsynlegt að setja upp reykskynjara á einkabaðherbergjum og eldhúsum. Í rýmum þar sem er lítil eða engin eldhætta, s.s. tómarýmum, almenningssalernum, koltvísýringsrýmum og áþekkum rýmum, þarf ekki að setja upp fast eldskynjunar- og viðvörunarkerfi.

5.3. Kröfur fyrir skip sem mega flytja 36 farþega eða færri

Í sérhverju aðskildu svæði skipa sem mega flytja 36 eða færri farþega, hvort sem það er lóðrétt eða lárétt afmarkað, í öllum vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum, nema rýmum þar sem eldhætta er minni, s.s. tómarýmum, hreinlætisaðstöðu o.s.frv., skal vera annaðhvort:

.1 fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af viðurkenndri gerð, í samræmi við ákvæði liðar 2.2, og skal það uppsett og því komið fyrir þannig að það skynji eld í slíkum rýmum, reyk á göngum, í stigum og á undankomuleiðum frá vistarverum eða

.2 sjálfvirkt ýringar-, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af viðurkenndri gerð, í samræmi við kröfur undirliðar 6.1.100 í reglu II-2/C/10, eða leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um viðurkennt, jafngilt ýringarkerfi, eins og gefnar eru í IMO-ályktun A.800(19), og skal það uppsett og því komið fyrir þannig að það verji slík rými, auk fasts eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfis af viðurkenndri gerð, í samræmi við kröfur undirliðar 2.2, og skal það uppsett og því komið fyrir þannig að það skynji reyk á göngum, í stigum og á undankomuleiðum frá vistarverum.

6. Vörn farmrýma

Fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi eða reykskynjunarkerfi með sýnisútdrætti skal vera fyrir hendi í öllum farmrýmum sem eru ekki aðgengileg.

7. Handboðar

Handboðar, sem uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi, skulu vera víða í vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum. Einn handboði skal vera staðsettur við hvern útgang. Greiður aðgangur skal vera að handboðum á göngum hvers þilfars þannig að handboði sé ekki í meira en 20 m fjarlægð frá neinum stað á ganginum.

8.1. Brunavarsla

Í skipum, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skal vera skilvirkt brunavörslukerfi svo að greina megi fljótt ef eldur kviknar. Sérhver brunavörður skal þjálfaður til að þekkja fyrirkomulag skipsins, sem og staðsetningu og virkni hvers konar búnaðar sem hann kynni að þurfa að nota.

8.3. Tvíátta færanlegar metrabylgjutalstöðvarbúnaður (VHF)

Sérhver brunavörður skal fá í hendur tvíátta færanlegar metrabylgjutalstöðvar.

9. Brunaviðvörunarmerkjakerfi

9.1. Öll skip skulu ætíð, þegar þau eru á hafi úti eða í höfn (nema þegar þau eru ekki í notkun), vera þannig mönnuð eða búin að tryggt sé að ábyrgur maður úr áhöfn skipsins verði þegar í stað var við hvers konar brunaviðvörunarmerki.

9.2. Stjórnborðið skal vera hannað samkvæmt meginreglunni um virkt öryggi, t.d. því að opin rafrás í skynjara setji viðvörunarkerfið af stað.

9.3. Í skipum, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skal viðvörunarbúnaður, með skynjurum fyrir kerfin, sem krafist er í undirlið 5.2, vera staðsettur í aðalstjórnstöð sem er alltaf mönnuð. Auk þess skal fjarstýring til að loka eldvarnarhurðum og loftblásurum vera miðlæg á sama stað. Áhöfn skal geta sett loftblásarana aftur af stað frá stjórnstöðinni sem er alltaf mönnuð. Á stjórnborði í aðalstjórnstöðinni skal vera hægt að sjá hvort dyr með eldvarnarhurðum eru opnar eða lokaðar, hvort skynjarar, viðvörunarkerfi og viftur séu í gangi eða slökkt á þeim. Ætíð skal vera straumur á stjórnborðinu og það vera tengt sjálfvirkum búnaði sem skiptir yfir á varaaflstöð ef venjulegur rafali bregst. Stjórnborðið skal fá afl sitt frá aðalrafaflstöð og neyðarrafaflstöð sem skilgreindar eru í reglu II-1/D/42, nema annað fyrirkomulag sé leyft samkvæmt reglunum, eftir því sem við á.

9.4. Koma skal upp sérstöku viðvörunarkerfi, sem stjórnað er frá stjórnpalli eða brunavarnarstöð, til að safna áhöfninni saman. Þetta viðvörunarkerfi má vera hluti af almennu viðvörunarkerfi skipsins en það verður að vera hægt að nota það óháð viðvörunarkerfi í farþegarýmum.

10. Vörn klefasvala á farþegaskipum

Fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi, sem uppfyllir ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi, skal sett upp á klefasvölum skipa, sem undirliður 3.4 í reglu II-2/B/5 gildir um, þegar húsgögn og húsbúnaður á slíkum svölum fellur ekki undir ákvæði undirliða 40.1, 40.2, 40.3, 40.6 og 40.7 í reglu II-2/A/3.

**Regla II-2/C/8: Takmörkun útbreiðslu reyks**

1. Tilgangur

Tilgangurinn með þessari reglu II-2/C/8 er að takmarka útbreiðslu reyks til að lágmarka hættu af völdum reyks. Í þessu skyni skal vera fyrir hendi úrræði til að takmarka útbreiðslu reyks í sölum, stjórnstöðvum, vélarúmum og lokuðum rýmum.

2. Vörn stjórnstöðva utan vélarúma

Gera skal hagnýtar ráðstafanir til þess að tryggja loftræstingu, skyggni og reykleysi í stjórnstöðvum utan vélarúmanna, þótt eldur komi upp, svo unnt sé að stjórna vélunum og tækjunum, sem þar eru, og láta búnaðinn starfa áfram á virkan hátt. Tvö önnur óháð loftinnblásturskerfi skulu vera til staðar og loftinntök þessara tveggja kerfa skulu vera staðsett þannig að sem minnst hætta sé á að þau dragi bæði inn reyk samtímis. Stjórnvöld geta ákveðið hvort slík ákvæði þurfi að gilda um stjórnstöðvar, sem staðsettar eru á og opnast út á opin þilför, eða þar sem lokunarbúnaður á staðnum kæmi að sömu notum.

3. Reyk hleypt út úr vélarúmum

3.2. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að hægt sé að hleypa reyk út úr rýminu, sem verja á, ef upp kemur eldur.

3.3. Stjórntæki skulu vera fyrir hendi sem gerir kleift að hleypa út reyk og skulu þau staðsett utan rýmisins, sem um ræðir, á stað sem ekki lokast af ef upp kemur eldur í rýminu sem þau eru notuð fyrir.

3.4. Stjórntækin, sem krafist samkvæmt lið 3.3, skulu staðsett á einum stjórnstað eða skipt niður á eins fáa staði og mögulegt er. Öruggur aðgangur skal vera frá opnu þilfari að slíkum stöðum.

4. Dragsúgshindranir (e. *draught stops*)

Í vistarverum, þjónusturýmum, stjórnstöðvum, göngum og stigum:

.1 skulu holrúm á bak við loft, þiljur eða veggklæðningar hólfuð niður með þéttum dragsúgshindrunum með mest 14 metra millibili,

.2 skulu þessi holrými, að meðtöldum þeim sem eru á bak við veggklæðningar á stigagöngum, stokkum o.s.frv. í láréttri stöðu, vera lokuð við sérhvert þilfar.

5. Reyklosunarkerfi í sölum

Salir skulu útbúnir með reyklosunarkerfi. Reyklosunarkerfið skal sett í gang af tilskildu reykskynjunarkerfi og vera með handstýringu. Vifturnar skulu vera nægilega stórar til þess að hreinsa megi allt loft í rýminu á tíu mínútum eða skemmri tíma.

**Regla II-2/C/9: Einangrun elds**

1. *Tilgangur*

Tilgangurinn með þessari reglu II-2/C/9 er að einangra eldinn við það rými sem hann kemur upp í. Í þessu skyni skal eftirfarandi virknikröfum fullnægt:

.1 skipið skal hólfað niður með afmörkunum sem hafa mótstöðuafl bæði að því er varðar hita og styrk,

.2 við hitaeinangrun afmarkananna skal tala tilhlýðilegt tillit til eldhættu í rýminu og aðliggjandi rýmum og

.3 eldtraustleika skilrúmanna skal viðhaldið við op og gegnumtök.

2. *Afmarkanir sem hafa mótstöðuafl bæði að því er varðar hita og styrk*

2.2.1. Lóðrétt afmörkuð aðalsvæði og lárétt svæði

2.2.1.1.1 Í skipum, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skulu bolur, yfirbygging og þilfarshús hólfuð niður í lóðrétt afmörkuð aðalsvæði með skilrúmum í flokki A-60. Þrep og skot skulu vera sem fæst en þar sem þau eru nauðsynleg skulu þau einnig vera skilrúm í flokki A-60. Ef rými í flokkum 5, 9 eða 10, sem er skilgreint í lið 2.2.3.2.2, er öðru megin við skilrúmið eða ef brennsluolíugeymar eru báðum megin við skilrúmið er heimilt að færa staðalinn niður í A-0.

2.2.1.1.2 Í skipum, sem mega flytja 36 farþega eða færri, skulu bolur, yfirbygging og þilfarshús, sem gegna hlutverki vistarvera og þjónusturýma, hólfuð niður í lóðrétt afmörkuð aðalsvæði með skilrúmum í flokki A. Einangrunargildi þessara skilrúma skulu vera í samræmi við töflurnar í reglu 2.2.4.

2.2.1.2. Þilin, sem afmarka lóðrétt afmörkuðu aðalsvæðin ofan skilrúmsþilfars, skulu vera í sömu línu og vatnsþéttu niðurhólfunarþilin sem staðsett eru næst fyrir neðan skilrúmsþilfarið, þar sem því verður við komið. Lengd og breidd lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða má auka allt upp í 48 metra í því skyni að láta enda lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða standast á við vatnsþéttu niðurhólfunarþilin eða í því skyni að koma fyrir stóru almennu rými sem nær eftir endilöngu lóðrétt afmarkaða aðalsvæðinu, að því tilskildu að lóðrétt afmarkaða aðalsvæðið sé ekki meira en 1600 $m^2$ að heildarflatarmáli á neinu þilfari. Lengd eða breidd lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis er hámarksfjarlægð milli ystu punkta þiljanna sem afmarka það.

2.2.1.3. Slík þil skulu ná milli þilfara og að byrðingi eða öðrum mörkum.

2.2.1.4. Ef lóðrétt afmarkað aðalsvæði er hólfað niður í lárétt svæði, með láréttum skilrúmum í flokki A, í því skyni að aðskilja á viðeigandi hátt svæði í skipinu þar semýringarbúnaður er og þar sem hann er ekki, skulu skilrúmin ná milli þilja samliggjandi lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða og að byrðingi eða ytri mörkum skipsins og vera einangruð í samræmi við eldeinangrunar- og eldtraustleikagildi, sem sett eru fram í töflu 9.4.

2.2.1.5.1 Í skipum, sem eru hönnuð til sérstakra nota, s.s. bíl- eða járnbrautavagnaferjum þar sem þil lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða skerða notagildi skipsins, skal ná fram jafngildri vernd með því að skipta rýminu í lárétt svæði.

2.2.1.5.2 Þó verður hvert rými í skipi með sérstökum rýmum að uppfylla viðeigandi ákvæði reglu II-2/G/20 og brjóti þau í bága við aðrar kröfur í þessum hluta skulu kröfur reglu II-2/G/20 ráða.

2.2.2. Þil innan lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis

2.2.2.1. Í skipum, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skulu öll þil, sem ekki er krafist að séu skilrúm í flokki A, vera a.m.k. í flokki B eða C, eins og mælt er fyrir um í töflum í lið 2.2.3. Öll slík skilrúm mega vera klædd brennanlegum efnum í samræmi við ákvæði 3. liðar í reglu II-2/B/5.

2.2.2.2. Í skipum, sem mega flytja 36 farþega eða færri, skulu öll skilrúm í vistarverum og þjónusturýmum, sem ekki er krafist að séu skilrúm í flokki A, vera a.m.k. í flokki B eða C, eins og mælt er fyrir um í töflum í lið 2.2.4. Öll slík skilrúm mega vera klædd brennanlegum efnum í samræmi við ákvæði 3. liðar í reglu II-2/B/5.

Í skipum, sem mega flytja 36 farþega eða færri, skulu þar að auki öll gangaþil, sem ekki er krafist að séu í flokki A, vera skilrúm í flokki B sem skulu ná milli þilfara nema eftirfarandi gildi:

.1 Ef samfelld loft eða veggklæðningar í flokki B eru áföst þilinu beggja megin við það skal sá hluti þilsins, sem er á bak við samfelld loft eða klæðninguna, vera úr efni sem samþykkt er við smíði skilrúma í flokki B, að því er varðar þykkt og samsetningu, en sem aðeins er krafist að uppfylli kröfur um traustleika fyrir flokk B, að því marki sem telja má sanngjarnt og framkvæmanlegt.

.2 Í skipi, sem er varið með sjálfvirku ýringarkerfi, sem uppfyllir ákvæði undirliðar 6.1.100 í reglu II-2/C/10, nægir að gangaþil úr efnum í flokki B nái að lofti á gangi, að því tilskildu að loftið sé úr efni sem samþykkt er við smíði skilrúma í flokki B, að því er varðar þykkt og samsetningu.

Þrátt fyrir kröfur liðar 2.2.4 skal þess aðeins krafist að slík þil og loft uppfylli kröfur um traustleika fyrir flokk B, að því marki sem telja má sanngjarnt og framkvæmanlegt. Allar hurðir og hurðakarmar á slíkum þiljum skulu vera úr eldtraustum efnum og smíðuð og uppsett á þann hátt að þau veiti verulega brunamótstöðu.

2.2.2.3. Öll þil, sem krafist er að séu skilrúm í flokki B, nema gangaþil, sem mælt er fyrir um í lið 2.2.2.2, skulu ná þilfara á milli og að byrðingi eða öðrum mörkum nema brunamótstaða samfelldu loftanna eða veggklæðninganna í flokki B, sem eru áfastar þiljunum beggja vegna, sé a.m.k. sú sama og þilsins en í því tilviki nægir að þilið nái að samfellda loftinu eða veggklæðningunni.

2.2.3. Eldtraustleiki þilja og þilfara í skipum sem mega flytja fleiri en 36 farþega

2.2.3.1. Auk þess að uppfylla sérstök ákvæði er lúta að eldtraustleika þilja og þilfara, sem tilgreindur er annars staðar í þessum hluta, skal eldtraustleiki allra þilja og þilfara að lágmarki vera eins og mælt er fyrir um í töflum 9.1 og 9.2.

2.2.3.2. Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um notkun taflnanna:

.1 Tafla 9.1 skal gilda fyrir þil sem hvorki afmarka lóðrétt afmörkuð aðalsvæði né lárétt svæði. Tafla 9.2 skal gilda fyrir þilför sem hvorki mynda þrep á lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði né afmarka lárétt svæði.

.2 Til að ákveða viðeigandi brunastaðla, sem gilda fyrir afmarkanir á milli samliggjandi rýma, eru þannig rými flokkuð eftir eldhættu þeirra eins og fram kemur í flokkum 1–14. Ef vafi leikur á um flokkun rýmis, að því er varðar reglu II-2/C/9, vegna innihalds þess og notkunar skal það falla undir þann flokk sem lýtur ströngustu kröfum um mörk. Heiti hvers flokks á fremur að vera dæmigert en takmarkandi. Númerið í sviganum fyrir framan hvern flokk vísar til viðeigandi dálks eða raðar í töflunum.

1) Stjórnstöðvar:

— rými, sem í eru neyðarafl- og neyðarljósgjafar,

— stýrishús og kortaklefi,

— rými sem í er fjarskiptabúnaður skipsins,

— rými þar sem sjálfvirka slökkvibúnaðinum er stjórnað, rými þar sem slökkvistarfi er stjórnað og rými þar sem eldskynjunarbúnaðurinn er,

— stjórnklefi framdrifsvélanna ef hann er staðsettur utan framdrifsvélarúmsins,

— rými sem í er stjórnstöð eldviðvörunarbúnaðar,

— rými sem í er stjórnstöð og -búnaður neyðarkallkerfis.

2) Stigar:

— stigar inni í skipinu, lyftur og rennistigar (aðrir en þeir sem eru að öllu leyti innan vélarúmanna) fyrir farþega og áhöfn og lokuð rými sem tengjast þeim,

— í þessu sambandi skal líta á stiga, sem er umluktur aðeins á einni hæð, sem hluta þess rýmis sem hann er ekki aðskilinn frá með eldvarnarhurð.

3) Gangar:

— gangar fyrir farþega og áhöfn.

4) Rýmingarstöðvar og undankomuleiðir utan dyra:

— svæði þar sem björgunarför eru geymd,

— svæði á opnum þilförum og þilför með lokuðum skýlum sem mynda stöðvar þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka og þeir látnir síga niður,

— söfnunarstöðvar, innandyra sem utan,

— stigar utan dyra og svæði á opnum þilförum sem notuð eru sem undankomuleiðir,

— skipshliðin að vatnslínu, miðað við léttasta hleðslutilvik á siglingu, yfirbygging og hliðar þilfarshúsa sem staðsett eru fyrir neðan eða liggja að svæðunum þar sem farið er um borð í björgunarfleka og neyðarrennu.

5) Svæði á opnum þilförum:

— svæði á opnum þilförum og þilför með lokuðum skýlum þar sem ekki eru stöðvar þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka og þeir látnir síga niður,

— önnur opin svæði (svæði utan yfirbygginga og þilfarshúsa).

6) Vistarverur þar sem lítil eldhætta er:

— klefar sem í eru húsgögn og húsbúnaður sem takmörkuð eldhætta stafar af,

— skrifstofur og lyfjabúr sem í eru húsgögn og húsbúnaður sem takmörkuð eldhætta stafar af,

— almenn rými sem í eru húsgögn og húsbúnaður sem takmörkuð eldhætta stafar af og sem ná yfir minna en 50 $m^2$ af flatarmáli þilfars.

7) Vistarverur þar sem nokkur eldhætta er:

— rými eins og í flokki 6 hér að framan en sem í eru húsgögn og húsbúnaður þar sem eldhætta er ekki takmörkuð,

— almenn rými sem í eru húsgögn og húsbúnaður sem takmörkuð eldhætta stafar af og sem ná yfir 50 $m^2$ af flatarmáli þilfars eða meira.

— stakir skápar og litlar geymslur í vistarverum sem eru minni en 4 $m^2$ að flatarmáli (þar sem eldfimir vökvar eru ekki geymdir),

— verslanir,

— klefar þar sem sýndar eru kvikmyndir og filmur eru geymdar,

— eldhús fyrir sérfæði (þar sem ekki er opinn eldur),

— skápar undir hreinlætisbúnað (þar sem eldfimir vökvar eru ekki geymdir),

— rannsóknarstofur (þar sem eldfimir vökvar eru ekki geymdir),

— lyfjabúðir,

— litlir þurrkklefar (sem eru 4 $m^2$ að flatarmáli eða minni),

— klefar undir verðmæti,

— aðgerðarherbergi.

8) Vistarverur þar sem meiri eldhætta er:

— almenn rými sem í eru húsgögn og húsbúnaður þar sem eldhætta er ekki takmörkuð en sem ná yfir 50 $m^2$ af flatarmáli þilfars eða meira,

— rakara- og snyrtistofur,

— gufubaðsklefar,

— verslanir.

9) Hreinlætisaðstaða og áþekk rými:

— almenningshreinlætisaðstaða, sturtu-, bað- og vatnssalernisklefar o.s.frv.,

— lítil þvottaherbergi,

— innisundlaugar,

— stök býtibúr í vistarverum þar sem ekki eru eldunartæki,

— einkahreinlætisaðstaða skal flokkuð sem hluti af rýminu þar sem hún er staðsett.

10) Geymar, tómarými og hjálparvélarúm þar sem lítil eða engin eldhætta er:

— vatnsgeymar sem eru hluti af burðarvirki skipsins,

— tómarými og þurrrými,

— hjálparvélarúm þar sem ekki eru vélar með smurolíuþrýstikerfi og þar sem geymsla brennanlegra efna er bönnuð, s.s.:

— loftræsti- og loftjöfnunarklefar, klefi fyrir akkerisvindu, stýrisbúnaðarklefi, klefi fyrir andveltibúnað, rými fyrir rafknúningshreyfla, klefar fyrir raftöflur og búnað, sem gengur aðeins fyrir rafmagni, annan en olíufyllta rafspenna (yfir 10 kVA), öxulgangar og göng fyrir röralagnir, rými fyrir dælur og kælibúnað (þar sem ekki eru meðhöndlaðir eða notaðir eldfimir vökvar),

— lokaðir stokkar sem liggja að rýmunum sem talin eru upp hér að framan,

— aðrir lokaðir stokkar, s.s. stokkar fyrir röralagnir og rafstrengi.

11) Hjálparvélarúm, farmrými, farmolíugeymar og aðrir olíugeymar og önnur áþekk rými þar sem nokkur eldhætta er:

— farmolíugeymar,

— farmlestar, stokkar og lúgur,

— kæliklefar,

— eldsneytisolíugeymar (þar sem þeir eru í aðskildu rými án véla),

— öxulgangar og göng fyrir röralagnir þar sem geymsla brennanlegra efna er leyfð,

— hjálparvélarúm eins og í flokki 10 þar sem eru vélar með smurolíuþrýstikerfi og þar sem geymsla brennanlegra efna er leyfð,

— olíuáfyllistöðvar,

— rými þar sem eru olíufylltir rafspennar (yfir 10 kVA),

— rými þar sem eru litlir brunahreyflar með allt að 110 kW úttaksafl sem knýr rafala,ýringar-, úða- eða slökkvidælur, austurdælur o.s.frv.,

— lokaðir stokkar sem liggja að rýmunum sem talin eru upp hér að framan.

12) Vélarúm og aðaleldhús:

— aðalframdrifsvélarúm (önnur en rými fyrir rafknúningshreyfla) og ketilrými,

— hjálparvélarúm, önnur en í flokkum 10 og 11 sem í eru brunahreyflar eða aðrar einingar til hitunar eða dælingar sem brenna olíu,

— aðaleldhús og tilheyrandi rými,

— stokkar og reisnir sem liggja að rýmunum sem talin eru upp hér að framan.

13) Geymslur, verkstæði, býtibúr o.s.frv.:

— aðalbýtibúr sem liggja ekki að eldhúsum,

— aðalþvottahús,

— stór þurrkherbergi (sem ná yfir meira en 4 $m^2$ af flatarmáli þilfars),

— ýmsar geymslur,

— póstklefar og farangursrými,

— sorpgeymslur,

— verkstæði (sem ekki eru hluti vélarúma, eldhúsa o.s.frv.),

— skápar og geymslur, sem ná yfir stærra svæði en 4 $m^2$, önnur en þau rými þar sem aðstaða er til að geyma eldfima vökva.

14) Önnur rými þar sem eldfimir vökvar eru geymdir:

— skápar undir málningu,

— geymslur þar sem eru eldfimir vökvar (s.s. litunarefni, lyf o.s.frv.),

— rannsóknarstofur (þar sem geymdir eru eldfimir vökvar).

.3 Ef gefið er upp eitt gildi fyrir eldtraustleika afmörkunar milli tveggja rýma skal það gildi eiga við í öllum tilvikum.

.4 Ef aðeins er gefið upp þankastrik í töflunum eru engar sérkröfur gerðar um efni eða traustleika afmörkunar.

.5 Stjórnvald fánaríkis skal ákveða, að því er varðar rými í flokki 5, hvort einangrunargildin í töflu 9.1 skuli gilda um enda þilfarshúsa og yfirbygginga og hvort einangrunargildin í töflu 9.2 skuli gilda um veðurþilför. Kröfur um flokk 5 í töflu 9.1 eða 9.2 skulu aldrei leiða til þess að rými sé lokað sem, að mati stjórnvalds fánaríkis, þarf ekki að vera það.

2.2.3.3. Heimilt er að samþykkja að samfelld loft eða veggklæðningar í flokki B, ásamt viðeigandi þilförum eða þiljum sem þau tengjast, séu meðvirkandi, að fullu eða að hluta til, í þeirri einangrun og þeim eldtraustleika skilrúma sem krafist er.

2.2.3.4. Smíði og fyrirkomulag gufubaðsklefa

2.2.3.4.1 Ystu mörk gufubaðsklefa skulu vera í flokki A og geta falið í sér búningsklefa, sturtur og salerni. Gufubaðsklefinn skal einangraður, samkvæmt kröfum A-60, frá öðrum rýmum nema þeim sem eru innan marka rýma í flokkum 5, 9 og 10.

2.2.3.4.2 Heimilt er að telja baðherbergi, þar sem beinn aðgangur er að gufubaðsklefum, sem hluta af þeim. Í slíkum tilvikum þarf hurð á milli gufubaðsklefa og baðherbergis ekki að uppfylla kröfur um brunavarnir.

2.2.3.4.3 Hefðbundnar viðarklæðningar eru leyfðar á þiljum og í loftum gufubaðsklefa. Loftið fyrir ofan ofninn skal klætt eldtraustri plötu með a.m.k. 30 mm loftopi. Fjarlægðin frá heitu yfirborðsflötunum að brennanlegu efnunum skal vera a.m.k. 500 mm, annars skulu brennanlegu efnin varin (t.d. með plötum úr eldtraustum efnum með a.m.k. 30 mm loftopi).

2.2.3.4.4 Leyfilegt er að nota hefðbundna trébekki í gufubaðsklefa.

2.2.3.4.5 Hurð gufubaðsklefans skal opnast út þegar ýtt er á hana.

2.2.3.4.6 Rafmagnsofnar skulu útbúnir með tímastilli.

*Tafla 9.1*

**Þil sem hvorki afmarka lóðrétt afmörkuð aðalsvæði né lárétt svæði**

| Rými | | (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) | (10) | (11) | (12) | (13) | (14) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnstöðvar | (1) | B-0 (a) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-60 | A-60 | A-60 | A-0 | A-0 | A-60 | A-60 | A-60 | A-60 |
| Stigar | (2) | | A-0 (a) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-15 | A-15 | A-0 (c) | A-0 | A-15 | A-30 | A-15 | A-30 |
| Gangar | (3) | | | B-15 | A-60 | A-0 | B-15 | B-15 | B-15 | B-15 | A-0 | A-15 | A-30 | A-0 | A-30 |
| Rýmingarstöðvar og undankomuleiðir utan dyra | (4) | | | | | A-0 | A-60 (b,d) | A-60 (b,d) | A-60 (b,d) | A-0 (d) | A-0 | A-60 (b) | A-60 (b) | A-60 (b) | A-60 (b) |
| Svæði á opnum þilförum: | (5) | | | | | — | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Vistarverur þar sem lítil eldhætta er | (6) | | | | | | B-0 | B-0 | B-0 | C | A-0 | A-0 | A-30 | A-0 | A-30 |
| Vistarverur þar sem nokkur eldhætta er | (7) | | | | | | | B-0 | B-0 | C | A-0 | A-15 | A-60 | A-15 | A-60 |
| Vistarverur þar sem meiri eldhætta er | (8) | | | | | | | | B-0 | C | A-0 | A-30 | A-60 | A-15 | A-60 |
| Hreinlætisaðstaða og áþekk rými | (9) | | | | | | | | | C | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Geymar, tómarými og hjálparvélarúm þar sem lítil eða engin eldhætta er | (10) | | | | | | | | | | A-0 (a) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Hjálparvélarúm, farmrými, farmolíugeymar og aðrir olíugeymar og önnur áþekk rými þar sem nokkur eldhætta er | (11) | | | | | | | | | | | A-0 (a) | A-0 | A-0 | A-15 |
| Vélarúm og aðaleldhús | (12) | | | | | | | | | | | | A-0 (a) | A-0 | A-60 |
| Geymslur, verkstæði, býtibúr o.s.frv. | (13) | | | | | | | | | | | | | A-0 (a) | A-0 |
| Önnur rými þar sem eldfimir vökvar eru geymdir | (14) | | | | | | | | | | | | | | A-30 |

*Tafla 9.2*

**Þilför sem hvorki mynda þrep á lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði né afmarka lárétt svæði**

| Rými fyrir neðan ↓ rými fyrir ofan→ | | (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) | (10) | (11) | (12) | (13) | (14) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnstöðvar | (1) | A-30 | A-30 | A-15 | A-0 | A-0 | A-0 | A-15 | A-30 | A-0 | A-0 | A-0 | A-60 | A-0 | A-60 |
| Stigar | (2) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-30 | A-0 | A-30 |
| Gangar | (3) | A-15 | A-0 | A-0 (a) | A-60 | A-0 | A-0 | A-15 | A-15 | A-0 | A-0 | A-0 | A-30 | A-0 | A-30 |
| Rýmingarstöðvar og undankomuleiðir utan dyra | (4) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | — | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Svæði á opnum þilförum | (5) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | — | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Vistarverur þar sem lítil eldhætta er | (6) | A-60 | A-15 | A-0 | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Vistarverur þar sem nokkur eldhætta er | (7) | A-60 | A-15 | A-15 | A-60 | A-0 | A-0 | A-15 | A-15 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Vistarverur þar sem meiri eldhætta er | (8) | A-60 | A-15 | A-15 | A-60 | A-0 | A-15 | A-15 | A-30 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Hreinlætisaðstaða og áþekk rými | (9) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Geymar, tómarými og hjálparvélarúm þar sem lítil eða engin eldhætta er | (10) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 (a) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Hjálparvélarúm, farmrými, farmolíugeymar og aðrir olíugeymar og önnur áþekk rými þar sem nokkur eldhætta er | (11) | A-60 | A-60 | A-60 | A-60 | A-0 | A-0 | A-15 | A-30 | A-0 | A-0 | A-0 (a) | A-0 | A-0 | A-30 |
| Vélarúm og aðaleldhús | (12) | A-60 | A-60 | A-60 | A-60 | A-0 | A-60 | A-60 | A-60 | A-0 | A-0 | A-30 | A-30 (a) | A-0 | A-60 |
| Geymslur, verkstæði, býtibúr o.s.frv. | (13) | A-60 | A-30 | A-15 | A-60 | A-0 | A-15 | A-30 | A-30 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |
| Önnur rými þar sem eldfimir vökvar eru geymdir | (14) | A-60 | A-60 | A-60 | A-60 | A-0 | A-30 | A-60 | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 |

*Athugasemdir sem gilda um töflur 9.1 og 9.2*

a) Ef samliggjandi rými eru í sama töluflokki og tilvísunin „a“ í brjóstletri kemur fram í töflunni þarf ekki að koma fyrir þili eða þilfari milli slíkra rýma ef stjórnvald fánaríkisins telur það ónauðsynlegt. Í flokki 12 þarf t.d. ekki að vera þil á milli eldhúss og tilheyrandi býtibúra ef býtibúrsþilið og -þilförin hafa sama eldtraustleika og krafist er fyrir eldhúsið. Þess er hins vegar krafist að þil sé á milli eldhúss og vélarúms jafnvel þótt bæði rýmin falli undir flokk 12.

b) Skipshliðina að vatnslínu, miðað við léttasta hleðslutilvik á siglingu, yfirbyggingu og hliðar þilfarshúss, sem eru fyrir neðan eða aðliggjandi björgunarflekum og neyðarrennum, má færa niður í A-30.

c) Á þeim stöðum þar sem almenningssalerni eru í stigagangi má þil almenningssalernisins, innan stigagangsins, vera af eldtraustleika í flokki B.

d) Ef rými í flokki 6, 7, 8 og 9 eru staðsett að öllu leyti innan ytra ummáls söfnunarstöðvar mega þil þessara rúma vera af eldtraustleika í flokki B-0. Stjórnstaði fyrir hljóð-, mynd- og ljósabúnað má telja sem hluta af söfnunarstöð.

*Almennar viðbótarathugasemdir við töflu 9.1 þegar notuð eru lóðrétt skilrúm úr áli*

1. Samkvæmt almennri reglu ætti að einangra báðar hliðar samkvæmt því sem tilgreint er í töflu 9.1.

2. Að því er varðar afmarkanir þar sem önnur hliðin snýr að rými í flokkum 5, 6, 9 eða 10 og hin hliðin snýr að rými í öðrum flokki ætti einungis að einangra hliðina, sem snýr að síðarnefnda rýminu, í samræmi við það sem tilgreint er í töflu 9.1.

3. Að því er varðar afmarkanir þar sem bæði rýmin eru í flokkum 5, 6, 9 eða 10 ætti að uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:

   i. opið þilfar í flokki 5/vistarverur í flokki 6 þar sem er lítil eldhætta – einungis skal einangra hliðina sem snýr að vistarverunum,

   ii. opið þilfar í flokki 5/hreinlætisaðstaða í flokki 9 – einungis skal einangra hliðina sem snýr að hreinlætisaðstöðunni,

   iii. opið þilfar í flokki 5/geymar, tómarými og hjálparvélarúm í flokki 10 þar sem er lítil eða engin eldhætta – einungis skal einangra hliðina sem snýr að rými í flokki 10; ef rýmið í flokki 10 er geymir eða tómarými er þó ekki þörf á að einangra neina hlið þessara rýma,

   iv. vistarverur í flokki 6 þar sem er lítil eldhætta/hreinlætisaðstaða í flokki 9 – í töflu 9.1 er tilgreint að uppfylla skuli kröfu C á milli þeirra tveggja rýma; þar af leiðandi þarf ekki að einangra neina hlið þessara rýma,

   v. vistarverur í flokki 6 þar sem er lítil eldhætta/geymar, tómarými og hjálparvélarúm í flokki 10 þar sem er lítil eða engin eldhætta – einungis skal einangra hliðina sem snýr að vistarverunum,

   vi. hreinlætisaðstaða í flokki 9/geymar, tómarými og hjálparvélarúm í flokki 10 þar sem er lítil eða engin eldhætta – einungis þarf að einangra þá hlið sem snýr að hreinlætisaðstöðunni nema rými í flokki 10 er hjálparvélarúm þar sem er lítil eða engin eldhætta en í því tilviki skal einungis einangra hliðina sem snýr að rými í flokki 10,

   vii. hlið skipsins sem er innan rýma í öðrum flokkum en 5, 6, 9 eða 10 mun verða einangruð upp að skilrúmsþilfarinu, í samræmi við kröfuna sem tilgreind er í töflu 9.1, að því gefnu að aðliggjandi rými sé í flokki 5.

*Almennar viðbótarathugasemdir við töflu 9.2 þegar notuð eru lárétt skilrúm úr áli*

1. Samkvæmt almennri reglu ætti að einangra báðar hliðar samkvæmt því sem tilgreint er í töflu 9.2.

2. Að því er varðar afmarkanir þar sem önnur hliðin snýr að rýmum í flokkum 5, 6, 9 og 10 og hin hliðin snýr að rýmum í öðrum flokki ætti einungis að einangra hliðina, sem snýr að síðarnefnda rýminu, í samræmi við það sem tilgreint er í töflu 9.2.

3. Að því er varðar afmarkanir þar sem bæði rýmin eru í flokkum 5, 6, 9 eða 10 skal einungis einangra neðri hliðina.

4. Ef í rýminu fyrir ofan afmörkunina er fastur slökkvibúnaður þarf einungis að einangra neðri hlið skilrúmsins, að undanskildum sérstökum rýmum og ekjufarmrýmum.

2.2.4. Eldtraustleiki þilja og þilfara í skipum sem mega flytja 36 farþega eða fleiri

2.2.4.1. Auk þess að uppfylla sérstök ákvæði er lúta að eldtraustleika þilja og þilfara, sem tilgreind eru annars staðar í þessum hluta, skal eldtraustleiki allra þilja og þilfara að lágmarki vera eins og mælt er fyrir um í töflum 9.3 og 9.4, eins og við á.

2.2.4.2. Eftirfarandi kröfur skulu gilda um notkun taflnanna:

.1 Töflur 9.3 og 9.4 skulu hvor um sig gilda um þil og þilför sem aðskilja aðliggjandi rými.

.2 Til að ákveða viðeigandi brunastaðla, sem gilda fyrir afmarkanir á milli aðliggjandi rýma, eru þannig rými flokkuð eftir eldhættu þeirra eins og fram kemur í flokkum 1–11 hér á eftir. Ef vafi leikur á um flokkun rýmis, að því er varðar reglu II-2/C/9, vegna innihalds þess og notkunar skal það falla undir þann flokk sem lýtur ströngustu kröfum um mörk. Heiti hvers flokks á fremur að vera dæmigert en takmarkandi. Númerið í sviganum fyrir framan hvern flokk vísar til viðeigandi dálks eða raðar í töflunum.

1) Stjórnstöðvar:

— rými sem í eru neyðarafl- og neyðarljósgjafar,

— stýrishús og kortaklefi,

— rými sem í er fjarskiptabúnaður skipsins,

— rými þar sem sjálfvirka slökkvibúnaðinum er stjórnað, rými þar sem slökkvistarfi er stjórnað og rými þar sem eldskynjunarbúnaðurinn er,

— stjórnklefi framdrifsvélanna ef hann er staðsettur utan framdrifsvélarúmsins,

— rými sem í er stjórnstöð eldviðvörunarbúnaðar.

2) Gangar:

— gangar og anddyri fyrir farþega og áhöfn.

3) Vistarverur:

— rými, eins og þau eru skilgreind í 1. lið í reglu II-2/A/3, að göngum undanskildum.

4) Stigar:

— stigar inni í skipinu, lyftur og rennistigar (aðrir en þeir sem eru að öllu leyti innan vélarúmanna) og lokuð rými sem tengjast þeim,

— í þessu sambandi skal líta á stiga, sem er umlukinn aðeins á einni hæð, sem hluta þess rýmis sem hann er ekki aðskilinn frá með eldvarnarhurð.

5) Þjónusturými (lítil eldhætta):

— skápar og geymslur þar sem ekki er aðstaða til að geyma eldfima vökva og sem eru minni en 4 $m^2$ að flatarmáli, auk þurrkklefa og þvottaklefa.

6) Vélarúm í flokki A:

— rými, eins og þau eru skilgreind í 31. lið í reglu II-2/A/3.

7) Önnur vélarúm:

— rými, eins og þau eru skilgreind í 30. lið í reglu II-2/A/3, að undanskildum vélarúmum í flokki A.

8) Farmrými:

— öll rými fyrir farm (þ.m.t. farmolíugeymar), stokkar og lúgur að þannig rýmum, önnur en sérstök rými.

9) Þjónusturými (mikil eldhætta):

— eldhús, býtibúr með eldunartækjum, málningar- og lampageymslur, skápar og geymslur, sem eru 4 $m^2$ eða meira að flatarmáli, rými til geymslu á eldfimum vökvum, gufubaðsklefar og verkstæði, önnur en þau sem eru hluti vélarúmanna.

10) Opin þilför:

— svæði á opnum þilförum og þilför með lokuðum skýlum þar sem engin eldhætta er. Loftrými (rýmið utan yfirbygginga og þilfarshúsa).

11) Sérstök rými og ekjufarmrými:

— rými, eins og þau eru skilgreind í 41. og 46. lið í reglu II-2/A/3.

.3 Til að ákveða viðeigandi brunastaðal, sem gildir fyrir mörk á milli tveggja rýma innan lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis eða lárétts rýmis, sem ekki er varið með sjálfvirku úðakerfi sem uppfyllir ákvæði undirliðar 6.1.100 í reglu II-2/C/10 eða milli tveggja slíkra svæða sem hvorugt er búið slíkum búnaði, skal hærra gildið af þeim tveimur sem gefið er í töflunum gilda.

.4 Til að ákveða viðeigandi brunastaðal, sem gildir fyrir afmörkun á milli tveggja rýma innan lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis eða lárétts rýmis, sem er varið með sjálfvirku úðakerfi sem uppfyllir ákvæði undirliðar 6.1.100 í reglu II-2/C/10 eða milli slíkra svæða sem bæði eru varin með slíkum búnaði, skal lægra gildið af þeim tveimur sem gefið er í töflunum gilda. Ef svæði með úðabúnaði og svæði sem ekki er með slíkum búnaði liggja saman innan vistarvera og þjónusturýmis skal hærra gildið af þeim tveimur sem gefið er í töflunum gilda um skilrúmið milli rýmanna.

2.2.4.3. Heimilt er að samþykkja að samfelld loft eða veggklæðningar í flokki B, ásamt viðeigandi þilförum eða þiljum sem þau tengjast, séu meðvirkandi, að fullu eða að hluta til, í þeirri einangrun og þeim eldtraustleika skilrúma sem krafist er.

2.2.4.4. Ytri afmarkanir, sem krafist er skv. 2. lið í reglu II-2/C/11 að séu úr stáli eða öðru jafngildu efni, má rjúfa til að koma fyrir gluggum og kýraugum, ef ekki er annars staðar í þessum hluta kveðið á um að þessar afmarkanir hafi eldtraustleika í flokki A. Á sama hátt mega hurðir á þeim afmörkunum, sem ekki er krafist að hafi eldtraustleika í flokki A, vera úr efnum sem eru fullnægjandi að mati stjórnvalds fánaríkisins.

2.2.4.5. Gufubaðsklefar skulu uppfylla kröfur liðar 2.2.3.4.

*Tafla 9.3*

**Eldtraustleiki þilja sem aðskilja samliggjandi rými**

| Rými | | (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) | (10) | (11) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnstöðvar | (1) | A-0 (c) | A-0 | A-60 | A-0 | A-15 | A-60 | A-15 | A-60 | A-60 | (*) | A-60 |
| Gangar | (2) | | C (e) | B-0(e) | A-0 (a)<br>B-0 (e) | B-0(e) | A-60 | A-0 | A-0 | A-15<br>A-0 (d) | (*) | A-30 |
| Vistarverur | (3) | | | C (e) | A-0 (a)<br>B-0 (e) | B-0 (e) | A-60 | A-0 | A-0 | A-15<br>A-0 (d) | (*) | A-30<br>A-0 (d) |
| Stigar | (4) | | | | A-0 (a)<br>B-0 (e) | A-0 (a)<br>B-0 (e) | A-60 | A-0 | A-0 | A-15<br>A-0 (d) | (*) | A-30 |
| Þjónusturými (lítil eldhætta) | (5) | | | | | C (e) | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 |
| Vélarúm í flokki A: | (6) | | | | | | (*) | A-0 | A-0 | A-60 | (*) | A-60 |
| Önnur vélarúm | (7) | | | | | | | A-0 (b) | A-0 | A-0 | (*) | A-0 |
| Farmrými | (8) | | | | | | | | (*) | A-0 | (*) | A-0 |
| Þjónusturými (mikil eldhætta) | (9) | | | | | | | | | A-0 (b) | (*) | A-30 |
| Opin þilför | (10) | | | | | | | | | | | A-0 |
| Sérstök rými og ekjufarmrými | (11) | | | | | | | | | | | A-30 |

*Tafla 9.4*

**Eldtraustleiki þilfara sem aðskilja aðliggjandi rými**

| Rými fyrir neðan ↓ rými fyrir ofan→ | | (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) | (10) | (11) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnstöðvar | (1) | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-30 |
| Gangar | (2) | A-0 | (*) | (*) | A-0 | (*) | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 |
| Vistarverur | (3) | A-60 | A-0 | (*) | A-0 | (*) | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-30<br>A-0 (d) |
| Stigar | (4) | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 |
| Þjónusturými (lítil eldhætta) | (5) | A-15 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 |
| Vélarúm í flokki A: | (6) | A-60 | A-60 | A-60 | A-60 | A-60 | (*) | A-60 (f) | A-30 | A-60 | (*) | A-60 |
| Önnur vélarúm | (7) | A-15 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 | A-0 | (*) | A-0 |
| Farmrými | (8) | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-0 | (*) | A-0 |
| Þjónusturými (mikil eldhætta) | (9) | A-60 | A-30<br>A-0 (d) | A-30<br>A-0 (d) | A-30<br>A-0 (d) | A-0 | A-60 | A-0 | A-0 | A-0 | (*) | A-30 |
| Opin þilför | (10) | (*) | (*) | (*) | (*) | (*) | (*) | (*) | (*) | (*) | — | A-0 |
| Sérstök rými og ekjufarmrými | (11) | A-60 | A-30 | A-30<br>A-0 (d) | A-30 | A-0 | A-60 | A-0 | A-0 | A-30 | A-0 | A-30 |

*Athugasemdir sem gilda fyrir töflur 9.3 og 9.4, eftir því sem við á*

a) Til skýringar á því hvort á við sjá liði 2.2.2 og 2.2.5.

b) Ef rými eru í sama töluflokki og tilvísunin „b“ í brjóstletri kemur fram í töflunni þarf einungis að hafa þil eða þilfar af þeim eldtraustleika sem krafist er í töflunum ef rýmin, sem aðliggjandi eru, þjóna sitt hvorum tilgangi, t.d. í flokki 9. Á milli eldhúsa, sem liggja saman, þarf ekki að vera þil en á milli eldhúss og málningargeymslu, sem liggja saman, skal vera A-0-þil.

c) Þil sem skilja að stýrishúsið og kortaklefann mega vera af eldtraustleika B-0.

d) Sjá liði 2.2.4.2.3 og 2.2.4.2.4 í þessari reglu II-2/C/9.

e) Að því er varðar beitingu liðar 2.2.1.1.2 skal lesa B-0 og C sem A-0 þar sem það kemur fyrir í töflu 9.3.

f) Ekki þarf að koma fyrir brunaeinangrun ef lítil eða engin eldhætta er í vélarúminu í flokki 7.

(*) Þar sem stjarna er í töflunum skal skilrúmið vera úr stáli eða öðru jafngildu efni en þarf ekki að vera samkvæmt flokki A. Þar sem rafstrengir, röralagnir og loftrásir ganga í gegnum þilfar, þó ekki rými í flokki 10, skulu slík gegnumtök vera þétt til að koma í veg fyrir að eldur og reykur komist í gegn. Á skilrúmum milli stjórnstöðva (neyðarrafala) og opinna þilfara mega vera loftinntök án lokunarbúnaðar, nema þar sem um er að ræða föst gasslökkvikerfi.

Að því er varðar beitingu liðar 2.2.1.1.2 skal lesa stjörnu sem A-0 þegar hún kemur fyrir í töflu 9.4, nema í flokkum 8 og 10.

*Almennar viðbótarathugasemdir við töflu 9.3 þegar notuð eru lóðrétt skilrúm úr áli*

1. Samkvæmt almennri reglu ætti að einangra báðar hliðar samkvæmt því sem tilgreint er í töflu 9.3.

2. Að því er varðar afmarkanir þar sem önnur hliðin snýr að rýmum í flokki 5 eða 10 og hin hliðin snýr að rýmum sem eru í einhverjum öðrum ólíkum flokkum ætti einungis að einangra hliðina, sem snýr að síðarnefnda rýminu, í samræmi við það sem tilgreint er í töflu 9.3.

*Almennar viðbótarathugasemdir við töflu 9.4 þegar notuð eru lárétt skilrúm úr áli*

1. Samkvæmt almennri reglu ætti að einangra báðar hliðar samkvæmt því sem tilgreint er í töflu 9.4.

2. Að því er varðar afmarkanir þar sem önnur hliðin snýr að rýmum í flokkum 5 og 10 og hin hliðin snýr að rýmum sem eru í einhverjum öðrum ólíkum flokkum ætti einungis að einangra hliðina, sem snýr að síðarnefnda rýminu, í samræmi við það sem tilgreint er í töflu 9.4.

3. Ef rýmið fyrir ofan afmörkunina er búið föstum slökkvibúnaði þarf einungis að einangra neðri hlið skilrúmsins, að undanskildum sérstökum rýmum og ekjufarmrýmum.

2.2.5. Vörn stigaganga og lyfta í vistarverum og þjónusturýmum

2.2.5.1. Allir stigar skulu vera umluktir skilrúmum í flokki A og með lokunarbúnað fyrir öll op, en þó:

.1 þarf stigi, sem liggur aðeins á milli tveggja þilfara, ekki að vera umluktur, að því tilskildu að eldtraustleika þilfarsins sé viðhaldið með viðeigandi þiljum eða hurðum í einu milliþilfarsrými; ef stigi er umluktur á einu milliþilfarsrými skulu þilin umhverfis hann vera varin í samræmi við töflurnar um þilför í liðum 2.2.3 og 2.2.4,

.2 má koma fyrir opnum stigum í almennu rými, að því tilskildu að þeir liggi að fullu innan rýmisins.

2.2.5.2. Lyftustokkum skal vera þannig fyrir komið að þeir hindri að reykur og logar berist frá einu milliþilfari til annars og í þeim skal vera lokunarbúnaður til að hægt sé að loka fyrir dragsúg og reyk.

2.2.6. Fyrirkomulag klefasvala

Áhöfnin skal geta rofið hlutaþil, sem eru ekki burðarvirki og aðskilja aðliggjandi klefasvalir, frá báðum hliðum í tengslum við slökkvistarf.

2.2.7. Vörn sala

2.2.7.1. Salir skulu vera innan afmarkana sem mynda skilrúm í flokki A sem eru brunaflokkuð í samræmi við töflur 9.2 og 9.4, eftir því sem við á.

2.2.7.2. Þilför, sem aðskilja rými innan sala, skulu brunaflokkuð í samræmi við töflur 9.2 og 9.4, eftir því sem við á.

3. *Gegnumtök í skilrúmum með brunamótstöðu og hindrun varmaflutnings*

3.1. Þar sem skilrúm í flokki A eru rofin, vegna þess að rafstrengir, röralagnir, stokkar, loftrásir o.s.frv. eða burðarbitar, aðrir bitar eða hlutar burðarvirkis liggja í gegnum þau, skulu slík gegnumtök prófuð í samræmi við kóðann um brunaprófunaraðferðir til að tryggja að brunamótstaða skilrúmanna sé óskert. Ef um loftræstirásir er að ræða gilda ákvæði liða 7.1.2 og 7.3.1. Prófunar er þó ekki krafist ef gegnumtök fyrir röralagnir eru gerð úr stáli eða jafngildu efni sem er 3 mm á þykkt eða meira og ekki lengra en 900 mm (helst 450 mm hvoru megin við skilrúmið) og engin op eru á þeim. Slík gegnumtök skulu einangruð á viðeigandi hátt með því að framlengja einangrunina í sömu hæð á skilrúminu.

3.2. Þar sem skilrúm í flokki B eru rofin vegna þess að rafstrengir, röralagnir, stokkar, loftrásir o.s.frv. liggja í gegnum þau eða vegna uppsetningar loftræstitengibúnaðar, ljósabúnaðar og sambærilegra tækja, skal gera ráðstafanir til að tryggja að brunamótstaða skilrúmanna sé óskert, sbr. þó ákvæði liðar 7.3.2. Röralagnir úr öðru efni en stáli og kopar, sem liggja gegnum skilrúm í flokki B, skulu varðar með:

.1 brunaprófuðum búnaði fyrir gegnumtök, sem hentar með hliðsjón af brunamótstöðu skilrúmsins sem hann liggur í gegnum og tegund rörs sem notað er, eða

.2 stálslíðri sem er ekki þynnra en 1,8 mm og ekki styttra en 900 mm þegar um er að ræða rör sem eru 150 mm eða meira að þvermáli og ekki styttra en 600 mm ef rörið er minna en 150 mm að þvermáli (helst skal vera sama lengd hvoru megin skilrúmsins). Rörið skal vera tengt endum slíðursins með flönsum eða tengjum eða bilið milli slíðurs og rörs skal ekki vera meira en 2,5 mm eða bil, sem kann að vera milli rörs og slíðurs, vera þétt með eldtraustu efni eða öðru viðeigandi efni.

3.3. Óeinangruð málmrör, sem liggja í gegnum skilrúm í flokki A eða B, skulu vera úr efnum með bræðsluhitastig sem er hærra en 950 °C fyrir skilrúm í flokki A-0 og 850 °C fyrir skilrúm í flokki B-0.

3.4. Þegar samþykkt eru atriði varðandi byggingartæknilegar brunavarnir skal stjórnvald fánaríkis taka tillit til áhættu vegna hitaleiðni við skurðpunkta og endapunkta tilskilinna varmaþröskulda.

Þegar gerðar eru brunavarnaráðstafanir skal stjórnvald fánaríkisins gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir varmaleiðni um hitabrýr, s.s. milli þilfara og þilja.

Einangrun þilfars eða þils skal ná a.m.k. 450 mm fram fyrir gegnumtök, skurðpunkta eða endapunkta, þegar um er að ræða stál- og álsmíði. Ef rými er skipt upp með þilfari eða þili í flokki A, sem hefur einangrun með annað gildi, skal einangrunin með hærra gildinu halda áfram a.m.k. 450 mm yfir á þilfarið eða þilið sem hefur einangrunina með lægra gildinu.

4. *Vörn opa á skilrúmum með brunamótstöðu*

4.1.1. Gegnumtök og op á skilrúmum í flokki A og B

4.1.1.1. Öll op á skilrúmum í flokki A skulu vera með áföstum lokunarbúnaði með sama eldtraustleika og skilrúmin sem hann er á.

4.1.1.2. Við smíði allra hurða og dyrakarma á skilrúmum í flokki A, sem og búnaðar til að læsa þeim þegar þær eru lokaðar, skal tryggja að þær haldi jafnt eldi sem reyk og logum, eins og við verður komið, á sama hátt og þilið sem hurðirnar eru á. Slíkar hurðir og dyrakarmar skulu gerð úr stáli eða öðru jafngildu efni.

4.1.1.3. Ekki er þörf á að einangra vatnsþéttar hurðir.

4.1.1.4. Einn maður á að geta opnað og lokað öllum hurðum án aðstoðar, sama hvorum megin þilsins hann er.

4.1.1.5. Eldvarnarhurðir á þiljum á lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði, mörkum eldhúsa og þiljum sem umlykja stiga, aðrar en aflknúnar, vatnsþéttar hurðir og hurðir sem jafnan eru læstar, skulu fullnægja eftirfarandi kröfum:

.1 dyrnar skulu vera sjálflokandi og geta lokast á móti halla sem nemur allt að 3,5°,

.2 lokunarhraði eldvarnardyra með hurð á lömum skal ekki vera meiri en 40 sekúndur og ekki minni en 10 sekúndur frá því að þær byrja að hreyfast þegar skipið er á réttum kili; samræmdur hraði lokunar eldvarnardyra með rennihurð skal ekki vera meiri en 0,2 m/s og ekki minni en 0,1 m/s þegar skipið er á réttum kili,

.3 hurðir skal vera hægt að opna með fjarstýringu frá aðalstjórnstöð, sem er alltaf mönnuð, annaðhvort allar samtímis eða nokkrar í senn og einnig hverja fyrir sig báðum megin hurðarinnar; hægt skal vera að kveikja og slökkva með rofum til að koma í veg fyrir að kerfið endurstilli sig sjálfkrafa,

.4 notkun króka, sem ekki er hægt að losa um frá aðalstjórnstöðinni, er óheimil,

.5 hægt skal vera að opna dyr, sem lokað er með fjarstýringu frá aðalstjórnstöð, báðum megin frá með staðbundinni stjórnun; eftir að dyr hafa verið opnaðar þannig á staðnum skulu þær lokast aftur sjálfkrafa,

.6 á stjórnborði með vísum fyrir eldvarnarhurðir í aðalstjórnstöð, sem alltaf er mönnuð, verður að sjást hvort einhver fjarstýrðu hurðanna er lokuð,

.7 losunarbúnaðurinn skal vera þannig hannaður að hurðin lokist sjálfvirkt ef samband rofnar við stjórnkerfið eða aðalaflgjafa,

.8 staðbundnir rafgeymar fyrir aflknúnar hurðir skulu vera í námunda við hurðir svo að þær megi opna og loka a.m.k. tíu sinnum (opna eða loka að fullu) með notkun staðbundinna stjórntækja eftir að samband hefur rofnað við stjórnkerfið eða aðalaflgjafann,

.9 rofið samband við stjórnkerfi eða aðalaflgjafa við eina hurð skal ekki koma í veg fyrir að hinar dyrnar starfi sem skyldi,

.10 fjarstýrðar rennihurðir eða aflknúnar hurðir skulu vera búnar viðvörunarbúnaði sem gefur frá sér hljóð í a.m.k. fimm sekúndur og eigi lengur en 10 sekúndur eftir að dyrunum er lokað frá aðalstjórnstöð og áður en hurðin byrjar að hreyfast og sem hljómar stöðugt þar til dyrnar hafa lokast að fullu,

.11 dyr, sem hannaðar eru til að opnast aftur ef hurðirnar mæta hindrun á leiðinni, skulu ekki opnast aftur meira en sem nemur einum metra frá hindruninni,

.12 á vængjahurðum sem eru með klinku, sem nauðsynleg er fyrir eldtraustleika þeirra, skal klinkan virka sjálfkrafa þegar hurðum er lokað með stjórnkerfinu,

.13 aflknúnar, sjálflokandi hurðir, sem veita beinan aðgang að sérstökum rýmum, þurfa ekki að vera búnar viðvörunarbúnaðinum og fjarstýrða losunarbúnaðinum sem kveðið er á um í liðum .3 og .10,

.14 gott aðgengi skal vera að íhlutum staðbundna stjórnkerfisins til viðhalds og stillinga og

.15 aflknúnar hurðir skulu vera með stjórnkerfi af viðurkenndri gerð sem er starfhæft þótt upp komi eldur, og skal það ákveðið í samræmi við kóðann um brunaprófunaraðferðir. Kerfið skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

.1 stjórnkerfið skal geta opnað og lokað dyrunum við a.m.k. 200 °C hita í a.m.k. 60 mínútur með orku frá aflgjafa,

.2 afl til allra annarra dyra, þar sem ekki geisar eldur, skal ekki skerðast og

.3 fari hitastig yfir 200 °C skal stjórnkerfið sjálfkrafa aftengjast aflgjafanum og geta haldið dyrunum lokuðum við a.m.k. 945 °C.

4.1.1.7. Kröfur um traustleika í flokki A fyrir ytri afmarkanir skips skulu ekki gilda um skilveggi úr gleri, glugga og kýraugu, svo fremi að í liðum 4.1.3.5 og 4.1.3.6 séu engar kröfur um að slíkar afmarkanir hafi traustleika í flokki A. Kröfur um traustleika í flokki A fyrir ytri afmarkanir skips skulu ekki gilda um útihurðir, nema á yfirbyggingum og þilfarshúsum sem snúa að björgunarbúnaði, svæðum þar sem farið er um borð í björgunarför og söfnunarstöðvum utandyra, útistigum og opnum þilförum sem notuð eru sem undankomuleiðir. Dyr á stigagöngum þurfa ekki að uppfylla þessa kröfu.

4.1.1.8. Að undanskildum vatnsheldum hurðum, veðurþéttum hurðum (hálfvatnsheldum hurðum), hurðum sem liggja út á opið þilfar og hurðum sem þurfa að vera sæmilega loftþéttar skal á öllum hurðum í flokki A, sem eru staðsettar í stigum, almennum rýmum og á þiljum á lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði á undankomuleiðum, vera sjálflokandi op fyrir brunaslöngu, sem, að því er varðar efni, smíði og brunamótstöðu, er jafngilt hurðinni, sem það er á, og skal það vera ferkantað, 150 mm op þegar hurðin er lokuð, og því komið fyrir í neðri brún hurðarinnar, þeim megin sem hurðalamirnar eru ekki eða, ef um er að ræða rennihurðir, þeim megin sem þær opnast.

4.1.2. Gegnumtök og op á skilrúmum í flokki B

4.1.2.1. Á hurðum og dyrakörmum á skilrúmum í flokki B og búnaði til að læsa þeim skal vera lokunarbúnaður sem er eldtraustur til jafns við skilrúmin nema hvað heimilt er að hafa loftræstiop á neðri hluta slíkra hurða. Þar sem þannig op eru í eða undir hurð skal heildarstærð sérhvers slíks ops eða opa ekki vera meira en 0,05 $m^2$. Að öðrum kosti er heimilt að hafa eldtrausta loftrás milli klefa og gangs, staðsetta undir hreinlætisaðstöðu, ef skurðflatarmál rásarinnar er ekki stærra en 0,05 $m^2$. Öll loftræstiop skulu vera með rist úr eldtraustu efni. Hurðir skulu vera eldtraustar.

4.1.2.1a Í því skyni að draga úr hávaða er stjórnvöldum heimilt að samþykkja, sem jafngildar, hurðir með innbyggðri loftræstingu með hljóðlokum með opum neðst öðru megin á hurðinni og efst hinum megin, að því tilskildu að eftirfarandi ákvæðum sé fullnægt:

.1 efra opið skal ætíð snúa að ganginum og í því vera rist úr eldtraustu efni og sjálfvirkt brunaspjald sem fer í gang við hitastig sem nemur u.þ.b. 70 °C,

.2 í neðra opinu skal vera rist úr eldtraustu efni.

.3 Hurðir skulu prófaðar í samræmi við kóðann um brunaprófunaraðferðir.

4.1.2.2. Klefahurðir á skilrúmum í flokki B skulu vera sjálflokandi. Notkun króka til að halda þeim opnum er óheimil.

4.1.2.3. Kröfur um traustleika í flokki B fyrir ytri afmarkanir skips skulu ekki gilda um skilveggi úr gleri, glugga og kýraugu. Á svipaðan hátt skulu kröfur um traustleika í flokki B ekki gilda um útihurðir á yfirbyggingum og þilfarshúsum. Í skipum, sem mega flytja 36 farþega eða færri, er stjórnvaldi fánaríkisins heimilt að leyfa notkun brennanlegra efna í hurðir sem aðskilja klefa frá sambyggðri sérhreinlætisaðstöðu, s.s. sturtuklefum.

4.1.3. Gluggar og kýraugu

4.1.3.1. Allir gluggar og kýraugu á þiljum í vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum, öðrum en þeim sem ákvæði liða 4.1.1.7 og 4.1.2.3 gilda um, skulu smíðuð þannig að þau uppfylli kröfur um traustleika, sem gerðar eru til þiljanna sem þau eru á, í samræmi við kóðann um brunaprófunaraðferðir.

4.1.3.2. Þrátt fyrir kröfur í töflum 9.1–9.4 skulu allir gluggar og kýraugu á þiljum vistarvera, þjónusturýma og stjórnstöðva, sem eru áveðurs, vera í ramma úr stáli eða öðru viðeigandi efni. Glerinu skal haldið á sínum stað með málmlista eða horni.

4.1.3.5. Í skipum, sem mega flytja 36 farþega eða fleiri, skulu gluggar, sem snúa að björgunarfari, svæðum þar sem farið er um borð og söfnunarstöðvum, útistigum og opnum þilförum, sem notuð eru sem undankomuleiðir, og gluggar, sem staðsettir eru fyrir neðan svæði þar sem farið er um borð í björgunarfleka og neyðarrennur, hafa þann eldtraustleika sem krafist er í töflu 9.1. Þar sem eru sjálfvirkirýringarhausar fyrir glugga má viðurkenna A-0-glugga sem jafngilda. Til að falla undir þennan lið verða ýringarhausarnir að vera:

.1 sérstakir hausar, sem staðsettir eru yfir gluggum og sem settir eru upp til viðbótar við hefðbundna ýringarhausa í loftum, eða

.2 hefðbundnir ýringarhausar fyrir loft, sem komið er fyrir þannig að gluggi sé varinn með meðalútstreymi, sem er a.m.k. fimm lítrar á fermetra á mínútu, og að viðbótarsvæði í kringum gluggann sé tekið með við útreikning á því svæði sem útstreymið nær til eða

.3 vatnsúðastútar sem hafa verið prófaðir og viðurkenndir í samræmi við „endurskoðaðar leiðbeiningar um viðurkenningu ýringarkerfis sem er jafngilt því sem um getur í SOLAS-reglu II-2/12 (ályktun A.800(19), með áorðnum breytingum)“ og

gluggar, sem staðsettir eru á hlið skipsins, neðan svæðanna þar sem farið er um borð í lífbáta, skulu hafa eldtraustleika sem jafngildir a.m.k. flokki A-0.

4.1.3.6. Í skipum, sem mega flytja 36 farþega eða færri, skulu gluggar, sem snúa að björgunarfari, neyðarrennum og svæðum þar sem farið er um borð, og gluggar, sem eru staðsettir fyrir neðan slík svæði, hafa eldtraustleika sem jafngildir a.m.k. flokki A-0.

5. *Vörn opa á flötum sem afmarka vélarúm*

5.2.1. Ljórar, dyr, lofthafar, op á reykháfum til loftræstingar og önnur op að vélarrúmum skulu vera eins fá og komist verður af með, að teknu tilliti til loftræstingar og þess að skipið gangi rétt og öryggis sé gætt.

5.2.2. Ljórar skulu vera úr stáli eða jafngildu efni og ekki skal vera í þeim rúður úr gleri.

5.2.3. Stjórntæki skulu vera fyrir hendi til þess að loka aflknúnum hurðum eða setja í gang losunarbúnað á öðrum hurðum en aflknúnum, vatnsþéttum hurðum.

Stjórntækin skulu staðsett utan rýmisins sem um ræðir, á stað sem ekki lokast af ef upp kemur eldur í rýmunum sem þau eru notuð fyrir.

5.2.4. Stjórntækin, sem krafist er samkvæmt lið 5.2.3, skulu staðsett á einum stjórnstað eða skipt niður á eins fáa staði og mögulegt er. Öruggur aðgangur skal vera frá opnu þilfari að slíkum stöðum.

5.2.5. Hurðum, öðrum en aflknúnum, vatnsþéttum hurðum, skal komið þannig fyrir að tryggt sé að hægt sé að loka dyrunum fullkomlega ef eldur kemur upp í rýminu, með aflknúnum lokunarbúnaði eða sjálflokandi hurðum sem geta lokast á móti allt að 3,5° halla og eru með búnaði til að halda hurðinni í opinni stöðu með krókum, þeirrar gerðar sem tekur við ef annar búnaður bilar, með fjarstýrðum losunarbúnaði.

5.2.6. Gluggar skulu ekki vera á flötum sem afmarka vélarúm. Þetta útilokar þó ekki notkun glers í stjórnklefum sem eru inni í vélarúmunum.

6. *Vörn fyrir afmarkanir farmrýma*

6.2. Á stjórnpalli skulu vera álestrartæki sem sýna fyrir hverja einstaka eldvarnarhurð, sem liggur að eða frá sérstöku rými, hvort hún sé lokuð.

Hurðir á dyrum að sérstökum rýmum skulu vera smíðaðar þannig að ekki sé hægt að hafa þær stöðugt opnar og þær skulu hafðar lokaðar meðan skipið er á ferð.

7. *Loftræstikerfi*

7.1. Almennt

7.1.1. Loftræstirásir, þ.m.t. ein- og tvístokka, skulu vera úr stáli eða jafngildu efni, að undanskildum stuttum, sveigjanlegum belgjum, sem eru ekki lengri en 600 mm, notaðir til að tengja viftur við rör í loftjöfnunarklefum. Nema skýrt sé kveðið á um annað í lið 7.1.6 skulu önnur efni, sem eru notuð við smíði loftrása, þ.m.t. einangrunarefni, einnig vera eldtraust. Stuttar rásir, sem eru ekki lengri en tveir metrar og með óhindrað skurðflatarmál sem er ekki yfir 0,02 $m^2$ (hugtakið „óhindrað skurðflatarmál“ merkir flatarmálið sem er reiknað út á grundvelli innra flatarmáls loftrásarinnar sjálfrar og ekki einangrunarinnar, jafnvel þótt um sé að ræða foreinangraða loftrás), þurfa ekki að vera úr stáli eða jafngildu efni, sbr. þó eftirfarandi skilyrði:

.1 loftrásirnar skulu vera úr eldtraustu efni sem klæða má að innan og utan með himnu með lágu eldsútbreiðslumarki og, í hverju tilviki, hafa ekki hærra varmagildi en 45 MJ/$m^2$ yfirborðsins miðað við þá þykkt sem notuð er; varmagildi skal reiknað út í samræmi við ráðleggingarnar sem gefnar voru út af Alþjóðlegu staðlasamtökunum, einkum útgáfu ISO-staðalsins 1716:2002 *Reaction to the fire tests for building products — Determination of the heat of combustion*,

.2 rásirnar eru aðeins notaðar við enda loftræstikerfisins og

.3 loftrásirnar eru ekki staðsettar nær opi í skilrúmi í flokki A eða B, að meðtöldum samfelldum loftum í flokki B, en sem nemur 600 mm, mælt langsum með rásinni.

7.1.2. Eftirfarandi skal prófað í samræmi við kóðann um brunaprófunaraðferðir:

.1 brunaspjöld, ásamt viðeigandi stjórnbúnaði, þó er ekki krafist prófunar fyrir brunaspjöld sem staðsett eru á neðri enda loftrásarinnar, þegar um er að ræða útblástursloftrásir frá eldavélum sem verða að vera úr stáli og geta stöðvað dragsúg í loftrásinni, og

.2 gegnumtök sem liggja í gegnum skilrúm í flokki A, þó er ekki krafist prófunar ef stálslíðrið er fest beint við loftrásirnar með hnoðuðum eða skrúfuðum flönsum eða með suðu.

7.1.3. Greiður aðgangur skal vera að brunaspjöldum. Ef brunaspjöldum er komið fyrir á bak við loft eða veggklæðningar skal vera eftirlitslúga á þessum loftum eða veggklæðningum og á þeim plata með auðkennisnúmeri brunaspjaldsins. Auðkennisnúmer brunaspjaldsins skal einnig sett á allar meðfylgjandi fjarstýringar.

7.1.4. Á loftræstirásum skulu vera lúgur fyrir eftirlit og þrif. Lúgurnar skulu staðsettar nálægt brunaspjöldunum.

7.1.5. Unnt skal vera að loka aðalinntökum og -útrásum loftræstikerfa utan rýmanna sem þau loftræsta. Greiður aðgangur skal vera að lokunarbúnaði og auk þess skal hann greinilega og varanlega merktur og á honum tilgreint hvort hann sé í opinni eða lokaðri stöðu.

7.1.6. Notkun eldfimra þéttinga í samskeytum loftræstirása með flönsum er ekki leyfileg innan við 600 mm frá opi á skilrúmi í flokki A eða B og í loftrásum sem krafist er að séu í flokki A.

7.1.7. Ekki er heimilt að leggja loftræstiop eða loftrásir milli tveggja lokaðra rýma, nema slíkt sé heimilað samkvæmt lið 4.1.2.1.

7.2. Fyrirkomulag loftrása

7.2.1. Loftræstikerfi í vélarúmum í flokki A, ekjufarmrýmum, eldhúsum, sérstökum rýmum og farmrýmum skulu vera aðskilin hvert frá öðru og frá loftræstikerfum annarra rýma. Þó þurfa loftræstikerfi eldhúsa í skipum, sem mega flytja 36 farþega eða færri, ekki að vera alveg aðskilin frá öðrum loftræstikerfum, heldur getur loftræstikerfi, sem þjónar öðrum rýmum, þjónað þeim um aðskildar rásir. Í slíku tilviki skal koma fyrir sjálfvirku brunaspjaldi í loftrás eldhússins nálægt loftræstieiningunni.

7.2.2. Loftrásir til loftræstingar í vélarúmum í flokki A, eldhúsum, ekjufarmrýmum eða sérstökum rýmum skulu ekki liggja gegnum vistarverur, þjónusturými eða stjórnstöðvar nema þær uppfylli ákvæðin í lið 7.2.4.

7.2.3. Loftrásir til loftræstingar í vistarverum, þjónusturýmum eða stjórnstöðvum skulu ekki liggja gegnum vélarúm í flokki A, eldhús, ekjufarmrými eða sérstök rými nema þær uppfylli ákvæðin í lið 7.2.4.

7.2.4. Eins og heimilað er í liðum 7.2.2 og 7.2.3 skulu loftrásir annaðhvort:

.1.1 smíðaðar úr stáli sem er a.m.k. 3 mm á þykkt ef loftrásirnar eru 0,075 $m^2$ eða minna að óhindruðu skurðflatarmáli, a.m.k. 4 mm á þykkt ef þær eru á bilinu 0,075 $m^2$ til 0,45 $m^2$að óhindruðu skurðflatarmáli og a.m.k. 5 mm á þykkt ef þær eru yfir 0,45 $m^2$ að óhindruðu skurðflatarmáli,

.1.2 hæfilega styrktar og afstífaðar,

.1.3 búnar sjálfvirkum brunaspjöldum nálægt afmörkununum, sem þær liggja í gegnum, og

.1.4 einangraðar samkvæmt kröfum A-60 frá afmörkun þeirra rýma sem þær eru notaðar fyrir, að því sem nemur a.m.k. 5 metrum frá hverju brunaspjaldi,

eða

.2.1 smíðaðar úr stáli, í samræmi við liði 7.2.4.1.1 og 7.2.4.1.2, og

.2.2 einangraðar samkvæmt kröfum A-60 innan þeirra rýma sem þær liggja í gegnum, nema loftrásir sem liggja gegnum rými í flokki 9 eða 10, eins og þau eru skilgreind í lið 2.2.3.2.2.

7.2.5. Að því er varðar liði 7.2.4.1.4 og 7.2.4.2.2 skal einangrun þekja allt ytra skurðflatarmál loftrásarinnar. Loftrásir, sem eru utan við en nálægt rýminu sem um ræðir og deila með því einni eða fleiri hliðum, skulu teljast liggja gegnum umrætt rými og skulu einangraðar á þeim hliðum sem þær deila með rýminu að því sem nemur 450 mm frá loftrásinni (uppköst af slíku fyrirkomulagi eru í samræmdri túlkun SOLAS-samþykktarinnar, kafla II-2 (MSC.1/Circ. 1276)).

7.2.6. Þar sem nauðsynlegt er að loftrás loftræstikerfis liggi gegnum skilrúm lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis skal sjálfvirku brunaspjaldi komið fyrir samliggjandi skilrúminu. Einnig skal vera hægt að loka spjaldinu handvirkt beggja vegna skilrúmsins. Stjórntækið skal staðsett þannig að auðvelt sé að komast að því og það merkt með skýrum og áberandi hætti. Loftrásin á milli skilrúmsins og brunaspjaldsins skal gerð úr stáli í samræmi við liði 7.2.4.1.1 og 7.2.4.1.2 og vera einangruð þannig að hún hafi a.m.k. sama eldtraustleika og skilrúmið sem er rofið. Brunaspjaldinu skal komið fyrir a.m.k. öðru megin við skilrúmið með sýnilegu álestrartæki sem sýnir hvort brunaspjaldið er opið eða lokað.

7.3. Upplýsingar um brunaspjöld og gegnumtök

7.3.1. Loftrásir, sem liggja í gegnum skilrúm í flokki A, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

.1 þar sem loftrásir úr þunnum plötum, sem eru 0,02 $m^2$ eða minna að óhindruðu skurðflatarmáli, liggja í gegnum skilrúm í flokki A, skal opið klætt að innan með stálslíðri eða sambærilegu efni sem er a.m.k. 3 mm á þykkt og a.m.k. 200 mm langt og skipt niður í 100 mm sitt hvoru megin við þilið eða, ef um er að ræða þilfar, verður öll neðri hlið þilfarsins, sem farið er í gegnum, að vera klædd stálslíðri. Þessi slíður, sem klæða þessar loftrásir, skulu búnar eldeinangrun; einangrunin skal vera a.m.k. jafneldtraust og skilrúmið, sem loftrásin liggur í gegnum, og

.2 þar sem loftrásir, sem eru stærri en 0,02 $m^2$ að óhindruðu skurðflatarmáli en ekki stærri en 0,075 $m^2$, liggja í gegnum skilrúm í flokki A skal opið klætt að innan með stáli eða sambærilegu. Rásirnar og slíðrin skulu vera a.m.k. 3 mm á þykkt og a.m.k. 900 mm að lengd. Þegar farið er gegnum þil skal þessari lengd helst skipt niður í 450 mm sitt hvoru megin við þilið. Þessar loftrásir, eða stálslíður sem klæða þessar loftrásir, skulu búnar eldeinangrun; einangrunin skal vera a.m.k. jafneldtraust og skilrúmið, sem loftrásin liggur í gegnum, og

.3 sjálfvirkum brunaspjöldum skal komið fyrir í öllum loftrásum, sem eru stærri en 0,075 $m^2$ að óhindruðu skurðflatarmáli og liggja í gegnum skilrúm í flokki A. Hverju brunaspjaldi skal komið fyrir nálægt því skilrúmi sem farið er í gegnum og loftrásin, sem liggur á milli brunaspjaldsins og skilrúmsins sem farið er í gegnum, skal smíðuð úr stáli í samræmi við liði 7.2.4.2.1 og 7.2.4.2.2. Brunaspjaldið skal vera sjálfvirkt en einnig skal vera hægt að loka því handvirkt beggja vegna skilrúmsins. Brunaspjaldinu skal komið fyrir með sýnilegu álestrartæki sem sýnir hvort brunaspjaldið er opið eða lokað. Þó er brunaspjalda ekki krafist þar sem loftrásir liggja í gegnum rými, sem eru afmörkuð með skilrúmum í flokki A, án þess að þjóna þeim rýmum, að því tilskildu að þessar loftrásir séu jafneldtraustar og þilin sem þær liggja í gegnum. Ekki skal skipta loftrás, sem er stærri en 0,075 $m^2$ að skurðflatarmáli, upp í smærri rásir þegar hún er lögð í gegnum skilrúm í flokki A og sameina svo rásirnar aftur í upprunalegu loftrásina þegar þær eru komnar í gegnum skilrúmið, í þeim tilgangi að komast hjá því að setja upp brunaspjaldið sem krafist er samkvæmt þessum ákvæðum.

7.3.2. Loftrásir, sem eru stærri en 0,02 $m^2$ að óhindruðu skurðflatarmáli og sem ganga í gegnum þil í flokki B, skulu vera klæddar með 900 mm löngu stálslíðri eða sambærilegu efni sem helst er skipt niður í 450 mm hvoru megin við þilið, nema loftrás af þessari lengd sé úr stáli. Ef þessi slíður, sem klæða þessar loftrásir, eru ekki úr stáli skulu þær búnar eldeinangrun. Einangrunin skal vera a.m.k. jafneldtraust og skilrúmið sem loftrásin liggur í gegnum.

7.3.3. Öllum brunaspjöldum skal vera unnt að stjórna handvirkt. Brunaspjöldin skulu vera með vélrænan búnað sem gerir kleift að losa þau tafarlaust eða, að öðrum kosti, með lokunarbúnað sem er raf-, vökva- eða loftknúinn. Öllum brunaspjöldum skal vera unnt að stjórna handvirkt beggja vegna skilrúmsins. Sjálfvirk brunaspjöld, þ.m.t. spjöld sem unnt er að stjórna með fjarstýringu, skulu búin varaöryggisbúnaði sem mun loka brunaspjaldinu við bruna jafnvel þó að rafmagn fari af eða við tap á vökva- eða loftþrýstingi. Hægt skal vera að opna aftur fjarstýrð brunaspjöld handvirkt við sjálft spjaldið.

7.4. *Loftræstikerfi í skipum sem mega flytja 36 farþega eða fleiri*

7.4.1. Í viðbót við kröfurnar, sem settar eru fram í liðum 7.1, 7.2 og 7.3, skulu loftræstikerfi farþegaskipa, sem mega flytja 36 farþega eða fleiri, einnig uppfylla eftirfarandi kröfur.

7.4.2. Almennt skal loftblásurum komið fyrir þannig að loftrásum, sem ná til ýmissa rýma, sé haldið innan lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis.

7.4.3. Stigagangar skulu loftræstir með sérstökum loftblásara og loftrásakerfi (út- og innblástur) sem skulu ekki þjóna neinum öðrum rýmum í loftræstikerfinu.

7.4.4. Án tillits til skurðflatarmáls hennar skal loftrás, sem þjónar milliþilfari með mörgum vistarverum, þjónusturýmum eða stjórnstöðvum, komið fyrir nálægt þeim stað þar sem rásin liggur í gegnum þilför slíkra rýma og skal hún búin sjálfvirku reykspjaldi, sem skal einnig vera hægt að loka handvirkt frá þilfarinu, sem er varið, fyrir ofan reykspjaldið. Ef vifta þjónar fleiri en einu milliþilfarsrými um aðskildar rásir innan lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis, þar sem hver rás er helguð einu milliþilfarsrými, skal hver rás búin handvirku reykspjaldi sem komið er fyrir nálægt viftunni.

7.4.5. Ef nauðsyn krefur skulu lóðréttar loftrásir einangraðar með þeim hætti sem kveðið er á um í töflum 9.1 og 9.2. Loftrásir skulu einangraðar í samræmi við þær forskriftir sem gilda fyrir þilför milli þess rýmis sem þær þjóna og þess rýmis sem er til skoðunar, eftir því sem við á.

7.5. Útblástursloftrásir frá eldavélum

7.5.1. Kröfur fyrir skip sem mega flytja 36 farþega eða fleiri

7.5.1.1 Til viðbótar við kröfurnar, sem settar eru fram í liðum 7,1, 7,2 og 7,3, skulu útblástursloftrásir frá eldavélum smíðaðar í samræmi við ákvæði liðanna 7.2.4.2.1 og 7.2.4.2.2 og einangraðar samkvæmt kröfum A-60 í öllum vistarverum, þjónusturýmum eða stjórnstöðvum sem þær liggja í gegnum. Þær skulu einnig vera búnar:

.1 fitugildru, sem auðvelt er að fjarlægja til hreinsunar, nema annað viðurkennt fituhreinsikerfi sé notað,

.2 brunaspjaldi, sem er sjálfvirkt og fjarstýrt og er staðsett á neðri enda loftrásarinnar við samskeyti loftrásarinnar og gufugleypi eldavélarinnar, sem og fjarstýrðu brunaspjaldi, sem er staðsett á efri enda loftrásarinnar, nálægt útrás loftrásarinnar,

.3 föstum búnaði til að slökkva eld í loftrásinni; slökkvikerfin skulu vera í samræmi við tilmæli sem Alþjóðlegu staðlasamtökin gefa út, einkum útgáfu ISO-staðalsins 15371:2009 *Ships and marine technology — Fire-extinguishing systems for protection of galley cooking equipment*;

.4 fjarstýrðum stjórnbúnaði til að stöðva út- og innblástursviftur, til að stjórna brunaspjöldunum, sem um getur í lið 7.5.1.1.2, og til að stjórna slökkvikerfinu sem skal vera staðsett fyrir utan eldhúsið nálægt inngangi í eldhús; þar sem sett er upp fjölgreinakerfi skal vera hægt að loka öllum greinum, sem blása út um sömu aðalloftrás, með notkun fjarstýringar, sem staðsett er hjá framangreindum stjórnbúnaði, áður en slökkvimiðill er settur inn í kerfið og

.5 lúgum á viðeigandi stöðum fyrir eftirlit og þrif, þ.m.t eina nálægt útblástursviftunni og eina við neðri enda loftrásarinnar þar sem fita safnast fyrir.

7.5.1.2 Útblástursloftrásir frá eldavélum, sem eru á opnum þilförum, sem liggja í gegnum vistarverur eða rými, sem hafa að geyma brennanleg efni, skulu samræmast ákvæðum liðar 7.5.1.1, eftir því sem við á.

7.5.2. Kröfur fyrir skip sem mega flytja 36 farþega eða færri

Þar sem útblástursloftrásir frá eldavélum liggja í gegnum vistarverur eða rými, sem hafa að geyma brennanleg efni, skulu þær vera smíðaðar í samræmi við ákvæði liða 7.2.4.1.1 og 7.2.4.1.2. Á hverri útblástursloftrás skal vera:

.1 fitugildra sem auðvelt er að fjarlægja til hreinsunar,

.2 sjálfvirkt og fjarstýrt brunaspjald, sem staðsett er á neðri enda loftrásarinnar við samskeyti loftrásarinnar og gufugleypi eldavélarinnar, sem og fjarstýrt brunaspjald á efri enda loftrásarinnar, nálægt útrás loftrásarinnar,

.3 búnaður, sem unnt er að stjórna úr eldhúsinu, til að stöðva út- og innblástursvifturnar og

.4 fastur búnaður til að slökkva eld í loftrásinni. Slökkvikerfin skulu vera í samræmi við tilmæli sem Alþjóðlegu staðlasamtökin gefa út, einkum útgáfu ISO-staðalsins 15371:2009 *Ships and marine technology — Fire-extinguishing systems for protection of galley cooking equipment*.

7.6. Loftræstiklefar sem þjóna vélarúmum í flokki A sem í eru brunahreyflar

7.6.1. Ef loftræstiklefi þjónar eingöngu slíku aðliggjandi vélarúmi og eldvarnarskilrúm milli loftræstiklefans og vélarúmsins er ekki til staðar skal búnaðurinn til að loka loftræstirásinni eða -rásunum fyrir vélarúmið staðsettur utan loftræstiklefans og vélarúmsins.

7.6.2. Ef loftræstiklefi þjónar slíku vélarúmi sem og öðrum rýmum og hann er aðskilinn frá vélarúminu með skilrúmi í flokki A-0, þ.m.t. gegnumtök, skal búnaðurinn til að loka loftræstirásinni eða -rásunum fyrir vélarúmið staðsettur í loftræstiklefanum.

7.7. Loftræstikerfi fyrir þvottahús í skipum sem mega flytja 36 farþega eða fleiri

Útblástursloftrásir frá þvottahúsum og þurrkherbergjum í rýmum í flokki 13, eins og skilgreint er í lið 2.2.3.2.2, skulu búnar:

.1 síum sem auðvelt er að fjarlægja til hreinsunar,

.2 sjálfvirku og fjarstýrðu brunaspjaldi sem staðsett er á neðri enda loftrásarinnar,

.3 fjarstýrðum stýribúnaði til að stöðva út- og innblástursviftur innan úr rýminu og til að stjórna brunaspjaldinu, sem tilgreint er í lið 7.7.2, og

.4 lúgum á viðeigandi stöðum fyrir eftirlit og þrif.

**Regla II-2/C/10: Slökkvistarf**

1. Tilgangur

1.1. Tilgangurinn með þessari reglu II-2/C/10 er að kæfa og slökkva í skyndi eld í því rými sem hann kemur upp í. Í þessu skyni skal eftirfarandi virknikröfum fullnægt:

.1 föst slökkvikerfi skulu sett upp með tilhlýðilegu tilliti til mögulegrar eldsútbreiðslu í vörðum rýmum og

.2 slökkvibúnaður skal ávallt vera tilbúinn til notkunar.

2. Vatnsveitukerfi

Í öllum skipum skulu vera slökkvidælur, aðalbrunalagnir, brunahanar, brunaslöngur og stútar í samræmi við kröfur þessarar reglu II-2/C/10.

2.1. *Rör og brunahanar*

2.1.1. Almennt

Efni sem auðveldlega verða ónothæf við hita skulu ekki notuð í aðalbrunalagnir og brunahana nema þau séu varin á fullnægjandi hátt. Rörin og brunahanana skal staðsetja þannig að auðvelt sé að tengja brunaslöngurnar við þá. Rörunum og brunahönunum skal komið þannig fyrir að ekki sé hætta á að frjósi í þeim. Setja skal einangrunarloka á allar greinar aðalbrunalagnar á opnu þilfari sem notaðar eru til annars en slökkvistarfs. Í skipum sem geta verið með farm á þilfari skal staðsetja brunahanana þannig að þeir séu ávallt vel aðgengilegir og rörin skulu, eftir því sem við verður komið, lögð þannig að komist verði hjá skemmdum af völdum farmsins.

2.1.2. Vatnsbirgðir sem eru tilbúnar til notkunar

1.1. Í skipum í flokki B, sem mega flytja fleiri en 250 farþega, skal fyrirkomulag vatnsbirgða, sem tilbúnar eru til notkunar, vera þannig að a.m.k. ein kraftmikil vatnsbuna sé þegar í stað tiltæk frá sérhverjum vatnshana innandyra og að áframhaldandi vatnsrennsli sé tryggt með sjálfvirkri gangsetningu tilskilinnar slökkvidælu.

1.3. Í skipum þar sem vélarúm er ómannað eða þar sem þess er einungis krafist að einn maður sé á vakt skal tafarlaust vera hægt að veita vatni, með viðeigandi þrýstingi, frá aðalbrunalagnakerfi, annaðhvort með fjarstýrðri gangsetningu einnar af aðalslökkvidælunum frá stjórnpalli og brunavarnastöðinni, ef hún er fyrir hendi, eða með því að hafa stöðugan háþrýsting í aðalbrunalagnakerfinu á einni af aðalslökkvidælunum.

2.1.3. Þvermál aðalbrunalagna

Þvermál aðalbrunalagnar og greina hennar skal vera nægilegt til að veita vel því hámarksvatnsmagni sem krafist er að tvær slökkvidælur, sem starfa samtímis, anni.

2.1.4. Einangrunarlokar og öryggislokar

2.1.4.1. Setja skal upp einangrunarloka, á aðgengilegum og vel vörðum stað utan vélarúmsins, til að aðgreina þann hluta aðalbrunalagna sem liggur innan vélarúmsins, þar sem aðalslökkvidæla eða -dælur eru, frá öðrum hlutum aðalbrunalagnarinnar. Aðalbrunalögn skal komið þannig fyrir að þegar einangrunarlokar eru lokaðir sé hægt að veita vatni til allra brunahana í skipinu, nema þeirra sem eru í vélarúminu og sem um getur hér að framan, með annarri dælu eða neyðarslökkvidælu. Neyðardælan, sjóinntak hennar, inntaks- og frárennslislagnir og einangrunarlokar skulu vera staðsett utan vélarúmsins. Ef því verður ekki við komið er heimilt að hafa sjókistuna innan vélarúmsins ef lokanum er fjarstýrt úr sama hólfi og neyðardælan er í og soggreinin er höfð eins stutt og hægt

er. Stuttir hlutar soggreina- eða frárennslislagna mega liggja í gegnum vélarúmið ef þeir eru umluktir sterkri stálhlíf eða hlíf úr sambærilegu efni eða einangraðir samkvæmt kröfum A-60. Rör þessi skulu vera efnismikil eða a.m.k. 11 mm að þykkt og soðin, að undanskildum samskeytum með flönsum við sjóinntökulokann.

2.1.4.2. Loki skal vera fyrir hverri brunaslöngu þannig að fjarlægja megi hvaða brunaslöngu sem er meðan slökkvidælurnar eru í gangi.

2.1.5. Fjöldi og staðsetning brunahana

2.1.5.1. Fjöldi og staðsetning brunahana skal vera þannig að minnst tvær vatnsbunur, sem ekki koma frá sama brunahana, þar af önnur úr einni brunaslöngulengd, nái til sérhvers hluta skipsins sem er að jafnaði aðgengilegur farþegum eða áhöfn á meðan skipið er á siglingu, og sérhvers hluta farmrýma þegar þau eru tóm, sérhvers hluta ekjufarmrýmis eða sérstaks rýmis, en í síðastnefnda tilvikinu skulu bunurnar tvær ná til sérhvers hluta slíks rýmis, hvor um sig úr einni brunaslöngulengd. Enn fremur skulu slíkir brunahanar staðsettir nálægt inngangi vörðu rýmanna.

2.1.5.2.1 Í vistarverum, þjónusturýmum og vélarúmum skal fjöldi og staðsetning brunahana vera þannig að uppfylla megi kröfur liðar 2.1.5.1 þegar allar vatnsþéttar dyr og dyr á þiljum lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða eru lokaðar.

2.1.5.2.2 Þar sem aðgangur að neðri hluta vélarúmsins er úr aðliggjandi öxulgangi skulu vera tveir brunahanar fyrir utan, en þó í námunda við inngang að því vélarúmi. Þegar slíkur aðgangur er frá öðrum rýmum skulu í einu þeirra rýma vera tveir brunahanar nálægt inngangi í vélarúmið. Þetta ákvæði þarf ekki að uppfylla ef göngin eða aðliggjandi rými eru ekki hluti af undankomuleið.

2.1.6. Þrýstingur við brunahana

.1 Þegar tvær dælur dæla samtímis vatni um stútana, sem tilgreindir eru í lið 2.3.3, og nægilega marga brunahana þarf til að gefa vatnsmagnið, sem tilgreint er í lið 2.1.3, skal eftirfarandi lágmarksþrýstingur vera á öllum brunahönunum:

Skip sem mega flytja:

| | |
|---|---|
| fleiri en 500 farþega | 0,4 N/mm$^2$ |
| allt að 500 farþega | 0,3 N/mm$^2$ |

.3 Hámarksþrýstingur á hvern brunahana má ekki vera meiri en svo að sýna megi fram á að unnt sé að hafa stjórn á brunaslöngu með góðu móti.

2.2. *Slökkvidælur*

2.2.1. Dælur sem eru samþykktar sem slökkvidælur

Heimilt er að nota hreinlætiskerfis-, kjölfestu- eða austurdælur eða dælur til almennra nota sem slökkvidælur, að því tilskildu að þær séu ekki að jafnaði notaðar til að dæla olíum og að þær hafi hentugan búnað til að skipta yfir ef þær eru notaðar öðru hvoru til að færa eða dæla eldsneytisolíu.

2.2.2. Fjöldi slökkvidælna

Í skipum skulu vera aflknúnar slökkvidælur sem hér segir:

.1 í skipum sem mega flytja fleiri en 500 farþega: a.m.k. þrjár, þar af má ein vera drifin af aðalvélinni,

.2 í skipum sem mega flytja 500 farþega eða færri: a.m.k. tvær, þar af má ein vera drifin af aðalvélinni.

2.2.3. Fyrirkomulag slökkvidælna og aðalbrunalagna

2.2.3.1. Slökkvidælur

Sjólagnakerfi, slökkvidælur og aflgjafar þeirra skulu vera þannig að tryggt sé að:

.1 ekki verði allar slökkvidælur óvirkar ef eldur kemur upp í einhverju hólfi skips sem má flytja fleiri en 250 farþega,

.2 ef eldur í einhverju hólfi getur gert allar slökkvidælur óvirkar skuli, í skipum í flokki B, sem mega flytja 250 farþega eða færri, vera annar búnaður sem veitir vatni til slökkvistarfa, þ.e. sérstök aflknúin neyðarslökkvidæla og skulu aflgjafi hennar og sjólagnakerfi vera staðsett utan vélarúms. Þessi sérstaka aflknúna neyðardæla skal uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

2.2.4. Afkastageta slökkvidælna

2.2.4.1. Heildarafkastageta slökkvidælna sem krafist er

Slökkvidælurnar, sem krafist er, skulu geta veitt til slökkvistarfs a.m.k. tveimur þriðju hlutum af því vatnsmagni sem krafist er að austurdælur afkasti þegar þær eru notaðar til austurs, með þeim þrýstingi sem um getur í lið 2.1.6

2.2.4.2. Afkastageta hverrar slökkvidælu

Í hverju skipi, sem samkvæmt þessari reglu II-2/C/10, á að hafa fleiri en eina afldrifna slökkvidælu, skal sérhver slökkvidæla, sem krafist er, afkasta a.m.k. 80% af tilskildum heildarafköstum, deilt niður á lágmarksfjölda tilskilinna slökkvidælna, þó aldrei minna en 25 $m^3$/klst., og skal hver slík dæla í öllum tilvikum geta gefið frá sér a.m.k. vatnsbunurnar tvær sem krafist er. Þessar slökkvidælur skulu geta séð aðalbrunalagnakerfinu fyrir vatni við tilskilin skilyrði. Ef fleiri dælur eru settar upp en krafist er að lágmarki, skulu viðbótardælur afkasta a.m.k. 25 $m^3$/klst. og geta gefið frá sér a.m.k. vatnsbunurnar tvær sem krafist er í lið 2.1.5 í þessari reglu II-2/C/10.

2.2.100 Á mötunarloka sérhverrar slökkvidælu skal vera einstefnuloki.

2.3. *Brunaslöngur og stútar*

2.3.1. Almennar forskriftir

2.3.1.1. Brunaslöngur skulu vera úr efni sem ekki er viðkvæmt fyrir skemmdum og samþykkt af stjórnvaldi fánaríkisins og vera nægilega langar til þess að vatnsbuna úr þeim nái að öllum rýmum þar sem þær eru ætlaðar til notkunar. Sérhver brunaslanga skal útbúin með stút og nauðsynleg tengi. Hægt skal vera að skipta á öllum stútum og tengjum innbyrðis. Slöngur, sem tilgreindar eru í þessum kafla sem „brunaslöngur“, skulu, ásamt tilheyrandi tengihlutum og verkfærum, hafðar tilbúnar til notkunar á áberandi stöðum í námunda við brunahanana eða tengingarnar. Enn fremur skulu brunaslöngur innandyra í skipum, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, ætíð vera tengdar við brunahanana.

2.3.2. Fjöldi og þvermál brunaslangna

2.3.2.2. A.m.k. ein brunaslanga skal vera á hvern brunahana sem krafist er í lið 2.1.5. Lengd brunaslöngunnar ætti að takmarkast við 20 m á þilfari og í yfirbyggingu og 15 m í vélarúmi en í minni skipum við 15 m á þilfari og yfirbyggingu og 10 m í vélarúmi.

2.3.3. Stærð og tegund stúta

2.3.3.1. Að því er varðar þennan kafla skulu staðlaðar stútastærðir vera 12 mm, 16 mm og 19 mm eða eins nærri því og kostur er. Í þeim tilvikum þegar önnur kerfi eru notuð, s.s. þokukerfi, má heimila annað þvermál á stútum.

2.3.3.2. Fyrir vistarverur og þjónusturými þarf ekki að nota stærri stúta en 12 mm.

2.3.3.3. Fyrir vélarúm og svæði utan dyra skal stærð stúta vera þannig að mesta mögulega vatnsmagn fáist með tveimur bunum við þann þrýsting sem tilgreindur er í lið 2.1.6 frá minnstu dælunni, að því tilskildu að ekki þurfi stærri stút en 19 mm.

2.3.3.4. Allir stútar skulu vera af viðurkenndri tvívirkri gerð (þ.e. fyrir úða/bunu) og með lokunarbúnaði.

3. Handslökkvitæki

3.1. Tegund og hönnun

Handslökkvitæki skulu uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

3.2. Fyrirkomulag slökkvitækja

3.2.1. Lágmarksfjöldi slökkvitækja skal vera sem hér segir:

.1 í vistarverum og þjónusturýmum:

slökkvitæki skulu staðsett þannig að slökkvitæki sé ekki í meira en tíu metra göngufjarlægð frá neinum stað í rýminu,

.2 slökkvitæki, sem hentar til notkunar á háspennusvæðum, skal staðsett í námunda við sérhverja rafmagnstöflu eða undirtöflu sem er 20 kW eða meira,

.3 í eldhúsum skulu slökkvitæki staðsett þannig að slökkvitæki sé ekki í meira en tíu metra göngufjarlægð frá neinum stað í rýminu,

.4 slökkvitæki skal vera í námunda við skápa undir málningu og geymslur fyrir mjög eldfim efni,

.5 a.m.k. eitt slökkvitæki skal staðsett á stjórnpalli og í hverri stjórnstöð.

3.2.2. Staðsetja skal eitt handslökkvitækjanna, sem ætluð eru til nota í tilteknu rými, í námunda við innganginn að því.

3.2.3. Ekki skulu vera koltvísýringsslökkvitæki í vistarverum. Í stjórnstöðvum og öðrum rýmum, sem í eru raf- eða rafeindabúnaður eða -tæki sem nauðsynleg eru öryggi skipsins, skulu vera slökkvitæki með slökkvimiðli sem hvorki leiðir rafmagn né getur skaðað búnað og tæki.

3.2.4. Slökkvitæki skulu staðsett þannig að þau séu tilbúin til notkunar á aðgengilegum stöðum, þar sem hægt er að ná í þau hratt og auðveldlega hvenær sem eldur kemur upp og þannig að veður, titringur eða ytri aðstæður skerði ekki starfhæfi þeirra. Á handslökkvitækjum skal vera búnaður sem sýnir hvort þau hafa verið notuð.

3.3. Varahleðslur

3.3.1. Varahleðslur skulu vera um borð og skal hleðsla þeirra nema 100% fyrir fyrstu tíu slökkvitækin og 50% fyrir önnur slökkvitæki sem hægt er að endurhlaða um borð.

3.3.2. Viðbótarhandslökkvitæki, af þeirri gerð, með þeirri afkastagetu og í því magni sem fram kemur í lið 3.2.1 hér að framan, skulu koma í stað varahleðslna fyrir þau slökkvitæki sem ekki er hægt að endurhlaða um borð.

3.100 Sérkröfur í tilskipun 2009/45/EB

3.100.1 Slökkvitæki, sem hlaðin eru slökkvimiðli, sem getur sjálfkrafa eða við væntanleg notkunarskilyrði myndað eiturgas í því magni að hættulegt er fólki eða myndað lofttegundir sem eru skaðlegar umhverfinu, eru óheimil.

3.100.2 Slökkvitæki skulu henta til að slökkva þá elda sem líklegt er að gætu kviknað í námunda við slökkvitækið.

3.100.3 Handslökkvitæki til notkunar í vistarverum eða þjónusturýmum skulu vera eins samræmd í notkun og við verður komið.

3.100.4 Reglubundin aðalskoðun slökkvitækja:

stjórnvald fánaríkisins skal tryggja að handslökkvitæki séu skoðuð reglulega og virkni þeirra og þrýstingur prófaður.

4. Föst slökkvikerfi

4.1. Tegundir fastra slökkvikerfa

4.1.1.1. Föst gasslökkvikerfi:

föst gasslökkvikerfi skulu uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

4.1.1.2. Föst slökkvikerfi í vélarúmum með léttri froðu

Föst slökkvikerfi með léttri froðu skulu uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

4.1.1.3. Föst slökkvikerfi með háþrýstiýringu

Föst slökkvikerfi með háþrýstiýringu skulu uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

4.1.2. Þegar fast slökkvikerfi, sem ekki er krafist samkvæmt þessu kafla, er sett upp skal það uppfylla kröfur viðeigandi reglna þessa kafla og ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

4.2. Lokunarbúnaður fyrir fast gasslökkvikerfi

Séð skal til þess að hægt sé að loka, utan vörðu rýmanna, öllum opum sem loft gæti streymt inn um eða lofttegundir sloppið út um.

4.3. Geymslur fyrir slökkvimiðil

Þegar slökkvimiðill er geymdur utan varins rýmis skal hann geymdur í klefa sem staðsettur er á bak við stafnþil (árekstrarþil) og er ekki til annarra nota. Æskilegast er að allir inngangar að slíkri geymslu séu frá opnu þilfari og þeir skulu í öllum tilvikum vera óháðir rýminu sem varið er. Sé geymslan undir þiljum skal hún ekki vera meira en einu þilfari fyrir neðan opið þilfar og þangað skal vera greiður aðgangur um stiga eða rimlastiga frá opna þilfarinu. Í rýmum undir þiljum eða rýmum þar sem ekki er aðgangur frá opnu þilfari skal vera vélrænt loftræstikerfi, hannað til að flytja útblástur frá botni rýmisins og skal það afkasta a.m.k. sex loftskiptum á klukkustund. Aðgangsdyr skulu opnast út og þil og þilför, þ.m.t. hurðir og annar lokunarbúnaður fyrir hvers konar op á þeim, sem afmarka slíka klefa frá aðliggjandi lokuðum rýmum, skulu vera loftþétt. Farið skal með slíkar geymslur líkt og brunavarnastöðvar að því er varðar beitingu taflna 9.1, 9.2, 9.3 og 9.4 í reglu II-2/C/9.

4.100 Sérkröfur í tilskipun 2009/45/EB

.1 Ef rúmmál frílofts í loftmóttökubúnaði er svo mikið í einhverju rými að losun þess myndi hafa alvarleg áhrif á skilvirkni fasta slökkvikerfisins, ef upp kæmi eldur, skal bæta við aukamagni af slökkvimiðli.

.2 Birgjar fyrir fastan slökkvibúnað skulu láta í té lýsingu á búnaðinum ásamt gátlista fyrir viðhald, á ensku og á opinberu tungumáli eða tungumálum fánaríkisins.

.3 Magn slökkvimiðilsins skal athugað a.m.k. einu sinni á ári, annaðhvort af sérfræðingi í umboði stjórnvalda, birgi búnaðarins eða viðurkenndri stofnun.

.4 Reglubundin athugun, sem yfirvélstjóri skipsins annast eða stjórnendur skipsins skipuleggja, skal skráð í skipsdagbók og skal þar koma fram umfang athugunarinnar og hvenær hún fór fram.

.5 Stjórnvald fánaríkis skal tryggja að rýmunum, þar sem $CO_2$-hylkin eru staðsett, sé komið fyrir á heppilegan hátt, með tilliti til aðgengis að þeim, loftræstingar og boðskiptabúnaðar. Það skal gera viðeigandi öryggisráðstafanir að því er varðar smíði, uppsetningu, merkingu, áfyllingu og prófun $CO_2$-hylkja, -röra og -tengihluta og að því er varðar stjórntæki og viðvörunarbúnað fyrir slíkan búnað. Allar dyr að rýmum, sem eru varin með $CO_2$-búnaði, skulu merktar með: „Þetta rými er varið með $CO_2$-búnaði og það skal rýmt þegar viðvörunarbúnaður fer í gang.“

5. Slökkvikerfi í vélarúmum

5.123.1 Föst slökkvikerfi

Í vélarúmum í flokki A skal vera eitthvert eftirtalinna fastra slökkvikerfa:

.1 gaskerfi, sem uppfyllir viðeigandi ákvæða liða 4.1.1.1, 4.2, 4.3 og 4.100, eða jafngilt vatnskerfi, sem uppfyllir ákvæði IMO MSC/Circ. 1165, með áorðnum breytingum,

.2 slökkvikerfi sem notar létta froðu, sem uppfyllir viðeigandi ákvæði liðar 4.1.1.2,

.3 slökkvikerfi með háþrýstiýringu sem uppfyllir viðeigandi ákvæði liðar 4.1.1.3.

5.123.2 Viðbótarslökkvikerfi

5.123.2.1 Í vélarúmum í flokki A skal vera a.m.k. eitt froðuhandslökkvitæki, sem samanstendur af froðustúti af spangerð sem hægt er að tengja við aðalbrunalögn með brunaslöngu, ásamt færanlegum geymi með a.m.k. 20 lítrum af froðuvökva og einum varageymi. Stúturinn skal geta gefið frá sér nothæfa froðu sem hentar til að slökkva olíueld, með hraða sem nemur a.m.k. 1,5 $m^3$ á mínútu.

5.123.2.2 Í hverju þessara rýma skulu vera nægilega mörg viðurkennd froðuslökkvitæki, sem hvert um sig rúmar minnst 45 lítra eða jafngildi þess, til að unnt sé að beina froðu eða öðru sem er jafngildi hennar að öllum hlutum eldsneytis- og smurolíuþrýstikerfa, drifbúnaði og öðrum stöðum þar sem hætta er á eldi. Auk þess skulu vera nægilega mörg froðuhandslökkvitæki eða jafngildi þeirra sem skulu staðsett þannig að slökkvitæki sé ekki í meira en tíu metra göngufjarlægð frá neinum stað í rýminu og a.m.k. tvö slík slökkvitæki skulu vera í hverju þessara rýma.

5.5. Viðbótarkröfur

Í hverju vélarúmi skulu vera tveir viðeigandi þokustútar, sem geta samanstaðið af L-laga röri úr málmi, þar sem lengri hlutinn er u.þ.b. tveir metrar að lengd og hægt að tengja við brunaslöngu en stutti endinn u.þ.b. 250 mm að lengd og tengdur við fastan þokustút eða hann má tengja við vatnsýringarstút.

Þegar hituð olía er notuð til upphitunar er heimilt að krefjast þess að auki að í ketilrýmum sé varanlega uppsettur eða færanlegur búnaður fyrir staðbundin kerfi til að sprauta vatni í bunum undir þrýstingi eða til að dreifa froðu ofan og neðan við gólf til að slökkva elda.

5.6. Föst slökkvikerfi til staðbundinnar notkunar

5.6.2. Auk fasta slökkvikerfisins, sem krafist er í þessari reglu II-2/C/10, skulu vélarúm í flokki A, sem eru meira en 500 $m^3$ að rúmmáli, varin með viðurkenndri gerð af föstu vatnskerfi eða jafngildu slökkvikerfi til staðbundinnar notkunar sem byggist á leiðbeiningum í IMO MSC/Circ. 913 „leiðbeiningar um viðurkenningu á föstum vatnsslökkvikerfum til staðbundinnar notkunar í vélarúmum í flokki A“. Ef um er að ræða vélarúm, sem eru ómönnuð tímabundið, skal slökkvikerfið bæði vera sjálfvirkt og hægt að setja það af stað með handafli. Ef um er að ræða vélarúm, sem eru alltaf mönnuð, er nóg að hægt sé að setja slökkvikerfið af stað með handafli.

5.6.3. Föst slökkvikerfi til staðbundinnar notkunar eiga að verja svæði, eins og þau sem talin eru upp hér á eftir, án þess að nauðsynlegt sé að stöðva vélina, láta áhöfn rýma svæðið eða loka svæðum:

.1 þá hluta brunahreyfla sem brunahætta stafar af,

.2 framhliðar ketils,

.3 þá hluta brennsluofna sem brunahætta stafar af og

.4 hreinsunarbúnað fyrir hitaða brennsluolíu.

5.6.4. Þegar kerfi til staðbundinnar notkunar fara í gang skulu þau gefa frá sér ljósmerki og einkennandi hljóðmerki til viðvörunar í varða rýminu og á stöðvum sem eru alltaf mannaðar. Viðvörunarmerkið skal gefa til kynna hvaða tiltekna kerfi fór í gang. Viðvörunarkerfið, sem lýst er í þessum lið, kemur til viðbótar við en ekki í staðinn fyrir eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi sem krafist er annars staðar í þessum kafla.

6. Slökkvikerfi í stjórnstöðvum, vistarverum og þjónusturýmum

6.1. Ýringar- og vatnsúðakerfi

6.1.1. Í skipum sem mega flytja fleiri en 36 farþega skal vera sjálfvirkur ýringarbúnaður, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af viðurkenndri gerð, í samræmi við ákvæði liðar 6.1.100 eða leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um viðurkennt jafngilt ýringarkerfi, eins og gefnar eru í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.800 (19), í öllum þjónusturýmum, stjórnstöðvum og vistarverum, þ.m.t. göngum og stigum. Annar valkostur er sá að í stjórnstöðvum, þar sem vatnsleki gæti valdið skemmdum á mikilvægum búnaði, sé sett upp viðurkennt, fast slökkvikerfi af annarri gerð. Í rýmum þar sem er lítil eða engin eldhætta, s.s. tómarýmum, almenningssalernum, koltvísýringsrýmum og áþekkum rýmum, þarf ekki að setja upp sjálfvirkt ýringarkerfi.

6.1.2. Að því er varðar skip, sem mega flytja 36 eða færri farþega, er vísað til undirliðar 5.3.2 í reglu II-2/C/7.

6.1.3. Fast slökkvikerfi með háþrýstiýringu, sem uppfyllir ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi, skal sett upp á klefasvölum skipa, sem liður 5.3.4 gildir um, þegar húsgögn og húsbúnaður á slíkum svölum fellur ekki undir ákvæði undirliða 40.1, 40.2, 40.3, 40.6 og 40.7 í reglu II-2/A/3.

6.1.100 Sjálfvirkt ýringar-, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi skal vera af viðurkenndri gerð og uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

Í skipum í flokki C og D, sem eru styttri en 40 metrar og þar sem heildarflatarmál varins svæðis er minna en 280 $m^2$, er stjórnvaldi fánaríkisins heimilt að tilgreina viðeigandi flatarmál svæðis til að ákvarða stærð dælna og annarra íhluta.

6.3. Rými sem innihalda eldfima vökva

6.3.1. Skápar undir málningu skulu varðir með:

.1 koltvísýringskerfi sem hannað er til að gefa frá sér frían koltvísýring sem nemur 40% af brúttórúmtaki varða rýmisins,

.2 duftslökkvibúnaði sem hannaður er til að gefa frá sér duft sem nemur a.m.k. 0,5 kg á $m^3$,

.3 vatnsúða- eða ýringarkerfi sem er hannað til að gefa frá sér 5 l/$m^2$ á mínútu; vatnsúðakerfi má tengja við aðalbrunalögn skipsins, eða

.4 kerfi sem veitir jafngilda vernd samkvæmt ákvörðun stjórnvalds fánaríkisins.

Í öllum tilvikum skal vera hægt að stjórna kerfinu utan varða rýmisins.

6.3.2. Skápar undir eldfima vökva skulu varðir með viðeigandi slökkvibúnaði sem samþykktur er af stjórnvaldi fánaríkisins.

6.3.3. Í skápum, sem ná yfir minna en 4 $m^2$ af flatarmáli þilfars og veita ekki aðgang að vistarverum, er heimilt að hafa, í stað fasts kerfis, koltvísýringshandslökkvitæki sem er nægilega stórt til að gefa frá sér frían koltvísýring sem nemur 40% af brúttórúmmáli rýmisins. Inni í skápnum skal vera op til að hægt sé að tæma slökkvimiðilinn út í varða rýmið án þess að fara inn í það. Handslökkvitækið, sem krafist er, skal geymt nálægt opinu. Í staðinn er heimilt að hafa op eða tengi fyrir brunaslöngu til að auðveldara sé að komast í vatn úr aðalbrunalögn.

6.4. Djúpsteikingarpottar, suðu- og grilltæki:

ef djúpsteikingarpottar, suðu- og grilltæki eru sett upp og notuð í rýmum utan aðaleldhúss skal stjórnvald fánaríkisins setja viðbótaröryggisreglur varðandi þá sérstöku eldhættu sem fylgir notkun þess konar búnaðar.

Djúpsteikingartæki skulu búin eftirfarandi:

.1 sjálfvirku eða handstýrðu slökkvikerfi sem prófað er samkvæmt alþjóðlegum staðli í samræmi við útgáfu ISO-staðalsins 15371:2009 *Ships and marine technology — Fire-extinguishing systems for protection of galley deep-fat cooking equipment*,

.2 aðal- og varahitastilli með viðvörunarbúnaði sem gerir notanda viðvart ef annar hitastillirinn bilar,

.3 búnaði sem slekkur sjálfvirkt á rafmagni þegar slökkvikerfið fer í gang,

.4 viðvörunarkerfi sem gefur til kynna að slökkvitækið í eldhúsinu, þar sem búnaðurinn er, sé í gangi og

.5 stjórntæki til að stjórna slökkvikerfinu handvirkt sem eru skilmerkilega merkt svo áhöfn eigi auðvelt með að nota þau.

7. Slökkvikerfi í farmrýmum

7.1. Föst gasslökkvikerfi í almennu farmrými

7.1.1. Að undanskildu því sem kveðið er á um í lið 7.2 skulu farmrými farþegaskipa, sem eru 1000 brúttótonn að stærð og stærri, varin með föstu slökkvikerfi með koltvísýringi eða óhvarfgjarnri lofttegund, sem uppfyllir ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi, eða með föstu slökkvikerfi með léttri froðu sem veitir sambærilega vörn.

7.1.2. Í skipum sem eru minni en 1000 brúttótonn skal búnaður í farmrýmum vera fullnægjandi að mati stjórnvalds fánaríkis, að því tilskildu að skipið sé útbúið lestarlúgum úr stáli eða sambærilegu efni og virkum búnaði til að loka öllum loftræstitækjum og öðrum opum sem liggja að farmrýmum.

7.2. Föst gasslökkvikerfi fyrir hættulegan farm

Í skipi, sem flytur hættulegan farm í öllum farmrýmum, skal vera fast slökkvikerfi með koltvísýringi eða óhvarfgjarnri lofttegund, sem uppfyllir ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi eða slökkvikerfi sem, að mati stjórnvalds fánaríkis, veitir farminum, sem er fluttur, sambærilega vörn.

7.3. Slökkvistarf á skipi sem er hannað til að flytja gáma á eða ofan veðurþilfars

7.3.1. Auk búnaðar og tækja, sem krafist er skv. 1. og 2. lið, skal í skipum vera a.m.k. ein vatnsúðalensa.

7.3.1.1. Vatnsúðalensa skal samanstanda af röri með oddlaga stúti sem getur rofið gámavegg og framkallað vatnsúða í lokuðu rými (gámi o.s.frv.) þegar hún er tengd við aðalbrunalögnina.

10. Slökkvibúningar

10.1. Gerðir slökkvibúninga

10.1.1. Slökkvibúningar skulu uppfylla kóðann um brunaöryggiskerfi.

10.1.2. Hverju öndunartæki skal fylgja nægilega löng og sterk, eldtraust líflína, sem festa má með króki sem smellt er utan um ólar tækisins, eða stakt belti til að koma í veg fyrir að öndunartækið losni þegar líflínan er notuð.

10.2. Fjöldi slökkvibúninga

10.2.1. Í skipum í flokki B, C og D, sem eru 40 metrar að lengd eða lengri, skulu vera a.m.k. tveir slökkvibúningar.

10.2.2. Að auki skulu eftirfarandi kröfur gilda:

.1 Í skipum, sem eru 60 metrar að lengd eða lengri, skulu, ef heildarlengd allra farþegarýma og þjónusturýma á þilfarinu, sem slík rými eru á, er meira en 80 metrar eða ef slík þilför eru fleiri en eitt, þá á því þilfari þar sem þau ná mestri heildarlengd, auk þess vera tveir slökkvibúningar og tvö sett af persónuhlífum fyrir hverja 80 metra, eða hluta af þeim, af slíkri heildarlengd.

Í skipum, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skulu vera tveir aukaslökkvibúningar fyrir hvert lóðrétt, afmarkað aðalsvæði, nema stigaganga sem mynda sérstök, lóðrétt, afmörkuð aðalsvæði, og fyrir lóðrétt, afmörkuð aðalsvæði af takmarkaðri lengd í stefni og skut skipsins þar sem ekki eru vistarverur, vélarúm eða aðaleldhús.

10.2.5. Tvær varahleðslur skulu hafðar fyrir hvert öndunartæki, sem krafist er, þó með eftirfarandi undantekningum:

i. í skipum í flokki B, sem eru styttri en 40 metrar að lengd, þarf einungis að vera ein varahleðsla um borð fyrir hvert öndunartæki sem krafist er,

ii. samanlögð varahleðsla frílofts um borð í skipum, sem hafa fimm eða fleiri öndunartæki, þarf ekki að vera meiri en 9600 lítrar,

iii. ef búnaður er um borð í skipinu, sem er komið fyrir á hentugum stað, til að endurhlaða lofthylkin með ómenguðu lofti þarf einungis að vera ein varahleðsla um borð fyrir hvert öndunartæki, sem krafist er, og samanlögð varahleðsla frílofts um borð þarf ekki að vera meiri en 4800 lítrar.

10.3. Geymsla slökkvibúninga

10.3.1. Slökkvibúningar eða sett af persónuhlífum fyrir slökkvimenn skulu geymd þar sem auðveldur aðgangur er að þeim og þau eru tilbúin til notkunar og þau skulu, þar sem fleiri en einn slökkvibúningur eða eitt sett af persónuhlífum eru um borð, geymd á stöðum sem eru fjarri hver öðrum.

10.3.2. A.m.k. einn slökkvibúningur og eitt sett af persónuhlífum skulu vera til staðar á hverjum slíkum stað.

10.4. Fjarskipti slökkviliðsmanna

Um borð í skipum, þar sem þess er krafist að um borð sé a.m.k. einn slökkvibúningur, skulu vera a.m.k. tvær tvíátta færanlegar metrabylgjutalstöðvar fyrir hvert teymi slökkviliðsmanna svo þeir geti haft samskipti sín á milli. Fyrir skip, sem eru knúin fljótandi jarðgasi, eða ekjufarþegaskip, með lokuðu ekjufarmrými eða sérstök rými, skulu þær tvíátta færanlegar metrabylgjutalstöðvar vera sprengiheldar eða sjálftryggar.

10.100 Í samræmi við ákvæði 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2009/45/EB má undanskilja skip frá einni eða fleiri kröfum reglu II-2/C/10 ef stjórnvald fánaríkis telur ákvæði reglu II-2/C/10, um þann búnað sem skal vera um borð, ósanngjörn og/eða tæknilega óhentug.

**Regla II-2/C/11: Heilleiki burðarvirkis**

1. Tilgangur

Tilgangurinn með þessari reglu II-2/C/11 er að viðhalda heilleika burðarvirkis skipsins og koma þannig í veg fyrir að allt skipið eða hluti þess falli saman sökum þess að styrkleiki rýrnar af völdum hita. Í þessu skyni skulu efni, sem eru notuð í burðarvirki skipa, tryggja að heilleiki burðarvirkisins rýrni ekki af völdum elds.

2. Efni bols, yfirbyggingar, aðalþilja, þilfara og þilfarshúsa

Bolur, yfirbygging, aðalþil, þilför og þilfarshús skulu vera smíðuð úr stáli eða öðru jafngildu efni. Þegar notuð er skilgreining á öðru jafngildu efni, eins og hún er sett fram í lið za í 2. gr. tilskipunar 2009/45/EB, skal „viðeigandi brunaáraun“ vera samkvæmt kröfunum um traustleika og einangrun sem fram koma í töflum 9.1–9.4 í undirliðum 2.2.3 og 2.2.4 í reglu II-2/C/9. Til dæmis skal „viðeigandi brunaáraun“ vera hálf klukkustund þegar skilrúmum, s.s. þilförum eða hliðum og endum þilfarshúsa, er skipað í flokk B-0 að því er varðar eldtraustleika.

3. Burðarvirki úr álblendi

Ef einhver byggingarhluti er úr álblendi gilda eftirfarandi reglur:

.1 Einangrun hluta úr álblendi í skilrúmunum í flokki A eða B, nema byggingarhluta sem eru ekki álagsberandi, skal vera þannig að hiti í kjarna byggingarhlutans hækki ekki meira en 200 °C yfir hitastig umhverfisins, meðan á viðeigandi brunaáraun stendur í staðlaðri brunaprófun.

.2 Sérstakan gaum skal gefa að einangrun hluta úr álblendi í stoðum, styttum og öðrum hlutum burðarvirkis, sem nauðsynlegir eru til að bera uppi þá staði þar sem lífbátar og björgunarflekar eru geymdir og sjósettir og þá staði þaðan sem farið er um borð í þá, og skilrúmum í flokki A og B til þess að tryggja:

.2.1 að fyrir þá byggingarhluta, sem bera uppi geymslustaði fyrir lífbáta og björgunarfleka og skilrúm í flokki A, gildi takmörkunin á hitahækkuninni, sem tilgreind er í lið .3.1., að lokinni einni klukkustund og

.2.2 að fyrir þá byggingarhluta, sem krafist er að beri uppi skilrúm í flokki B, gildi takmörkunin á hitahækkuninni, sem tilgreind er í lið .3.1., að lokinni hálfri klukkustund.

4. Vélarúm í flokki A:

4.1. Þök og reisnir

Þök og reisnir vélarúma í flokki A skulu smíðuð úr stáli eða sambærilegu smíðaefni og vera einangruð eins og krafist er samkvæmt töflum í reglu II-2/C/9, eins og við á. Opum á þeim, ef einhver eru, skal komið fyrir á viðeigandi hátt og þau varin til að hindra útbreiðslu elds.

4.2. Gólfplötur

Gólfplötur hefðbundinna ganga í vélarúmum í flokki A skulu vera úr stáli eða sambærilegu efni.

5. Efni utanborðsniðurfalla

Efni, sem verða auðveldlega ónothæf við hita, skulu ekki notuð í utanborðsniðurföll, frárennsli hreinlætistækja og önnur frárennsli sem eru nálægt sjólínu og þar sem galli í efninu gæti aukið hættu á flæði ef eldur kemur upp.

*D-HLUTI*

***UNDANKOMA***

**Regla II-2/D/12: Tilkynning til áhafnar og farþega**

1. Tilgangur

Tilgangur þessarar reglu II-2/D/12 er að tilkynna áhöfn og farþegum um eld með tilliti til öruggrar rýmingar. Í því skyni skal vera fyrir hendi almennt neyðarviðvörunarkerfi og kallkerfi.

2. Nota skal almennt neyðarviðvörunarkerfi, eins og krafist er samkvæmt lið .1 í reglu III/3, til að tilkynna áhöfn og farþegum um eld.

3. Kallkerfi

Kallkerfi eða önnur skilvirk boðskiptaleið, sem uppfyllir kröfur SOLAS-reglu III/6.5, með áorðnum breytingum, skal vera í öllum vistarverum, þjónusturýmum, stjórnstöðvum og á opnum þilförum.

**Regla II-2/D/13: Neyðarútgangar**

1. Tilgangur

Tilgangur þessarar reglu II-2/D/13 er að sjá fyrir neyðarútgöngum þannig að einstaklingar um borð geti hratt og örugglega komist að þilfarinu þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka. Í þessu skyni skal eftirfarandi virknikröfum fullnægt:

.1 öruggar undankomuleiðir skulu vera fyrir hendi,

.2 undankomuleiðum skal viðhaldið í öruggu ástandi, án hindrana og

.3 viðbótarúrræði til undankomu skal vera fyrir hendi, eins og þörf krefur, til að tryggja aðgengi, skýrar merkingar og hönnun sem er hentug í neyðaraðstæðum.

2. Almennar kröfur

2.2. Lyftur teljast aldrei til tilskilinna neyðarútganga.

3. Neyðarútgangar frá stjórnstöðvum, vistarverum og þjónusturýmum

3.1. Almennar kröfur

3.1.1. Stigum og rimlastigum, göngum og dyrum skal komið fyrir þannig að greiðir neyðarútgangar séu að þilfari þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka frá öllum rýmum fyrir farþega og áhöfn og þeim rýmum þar sem áhöfn er jafnan að störfum, öðrum en vélarúmum.

3.1.2. Ekki er heimilt að hafa gang, hluta gangs eða anddyri sem aðeins ein undankomuleið liggur frá. Blindgangar á þjónustusvæðum, sem nauðsynlegir eru í daglegum rekstri skipsins, s.s. brennsluolíustöðvar og þverskipsbirgðagangar, skulu heimilaðir, að því tilskildu að slíkir blindgangar séu aðskildir frá vistarverum áhafnar og að ekki sé aðgangur að þeim frá vistarverum farþega. Leyfilegt er að hluti gangs, þar sem lengd er ekki umfram breidd, teljist vera skot eða staðbundin framlenging.

3.1.3. Allir stigar skulu byggðir upp með stálgrind, nema þar sem yfirvöld heimila notkun annars jafngilds efnis.

3.1.4. Ef engin bein leið er frá loftskeytastöð upp á opið þilfar skulu vera tveir neyðarútgangar frá henni eða aðgangsleiðir að henni og má önnur þeirra vera nægilega stórt kýrauga eða gluggi eða annað slíkt.

3.2. Neyðarútgangar

3.2.1. Neyðarútgangar frá rýmum neðan skilrúmsþilfars

3.2.1.1. Neðan skilrúmsþilfarsins skulu vera minnst tveir neyðarútgangar frá hverju vatnsþéttu hólfi eða áþekku lokuðu rými eða rýmum og í öðrum þeirra, a.m.k., skulu ekki vera neinar vatnsþéttar hurðir. Í sérstökum undantekningartilvikum er heimilt að áhafnarrými, sem sjaldan er notað, hafi einungis einn neyðarútgang, að því tilskildu að undankomuleiðin, sem krafist er, sé án vatnsþéttra hurða. Í slíku tilviki skal þessi eini neyðarútgangur vera örugg leið.

3.2.2. Neyðarútgangar frá rýmum ofan skilrúmsþilfars

Ofan skilrúmsþilfarsins skulu vera minnst tveir neyðarútgangar frá hverju lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði eða áþekku lokuðu rými eða rýmum og skal a.m.k. annar þeirra liggja að stiga sem er lóðréttur neyðarútgangur.

3.2.3. Beinn aðgangur að stigagöngum

Stigagangar skulu veita beinan aðgang að göngunum og vera nægilega stórir til að ekki myndist mannþröng, að teknu tilliti til þess fjölda fólks sem líklegt er að myndi nota þá ef neyðarástand skapaðist. Í þessum stigagöngum er einungis heimilt að hafa almenningssalerni, skápa úr eldtraustu efni fyrir öryggisbúnað og opna upplýsingabása. Aðeins almenn rými, gangar, almenningssalerni, sérstök rými og opin ekjufarmrými, sem farþegar hafa aðgang að, aðrir stigar til undankomu, sem krafist er í lið 3.2.4.1, og svæði utan dyra mega vera með beinum aðgangi að þessum stigagöngum.

3.2.4. Upplýsingar um neyðarútganga

3.2.4.1. A.m.k. einn neyðarútganganna, sem krafist er samkvæmt liðum 3.2.1.1 og 3.2.2 skal vera umluktur stigagangur sem greiður aðgangur er að og sem skal veita samfellda vörn gegn eldi frá þeim stað sem hann liggur frá og að viðkomandi þilförum þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka, eða að efsta veðurþilfari ef áðurnefnt þilfar nær ekki að lóðrétt afmarkaða aðalsvæðinu sem um ræðir. Í síðara tilvikinu skal vera beinn aðgangur um opna stiga og ganga utan dyra að þilfarinu þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka og skulu þeir hafa neyðarlýsingu í samræmi við lið .3 í reglu III/5 og yfirborð þeirra ekki vera sleipt. Afmarkanir sem snúa að opnum stigum og göngum utan dyra, sem eru hluti undankomuleiðar, og afmarkanir sem eru þannig staðsettar að ef þær létu undan í bruna myndi það hindra undankomuleið út á þilfar þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka, skulu hafa eldtraustleika, þ.m.t. einangrunargildi í samræmi við töflur 9.1–9.4, eftir því sem við á.

3.2.4.2. Aðgangur að svæðum, þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka frá stigagöngunum, skal varinn, annaðhvort beint eða með vörðum innri leiðum með eldtraustleika og einangrunargildi stigaganga, eins og um getur í töflum 9.1–9.4, eftir því sem við á.

3.2.4.5. Breidd, fjöldi og samfelldni neyðarútganga skal vera í samræmi við kröfur kóðans um brunaöryggiskerfi.

3.2.5. Merking undankomuleiða

3.2.5.1. Auk neyðarlýsingarinnar, sem krafist er í reglum II-1/D/42 og III/5.3, skulu neyðarútgangar, þ.m.t. stigar og útgangar, vera merktir með ljósi eða sjálflýsandi listum til leiðbeiningar, sem staðsettir eru eigi hærra en 0,3 metra fyrir ofan þilfar á öllum hlutum neyðarútgangsins, þ.m.t. horn og gangamót. Af merkingunni verða farþegarnir að geta borið kennsl á allar undankomuleiðir og séð auðveldlega útganga frá þeim. Sé raflýsing notuð skal hún knúin með neyðaraflgjafa og komið þannig fyrir að þótt eitt stakt ljós eða bútur af ljóslistanum virki ekki þjóni merkingin samt sem áður tilgangi sínum. Enn fremur skulu allar merkingar undankomuleiða, og um staðsetningu eldvarnarbúnaðar, vera úr sjálflýsandi efni eða merktar með ljósi. Stjórnvöld fánaríkisins skulu tryggja að lýsing af þessu tagi eða sjálflýsandi búnaður hafi verið metinn, prófaður og honum beitt í samræmi við kóðann um brunaöryggiskerfi.

3.2.5.2. Í skipum, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skulu kröfur undirliðar 3.2.5.1 í þessari reglu II-2/D/13 einnig gilda um vistarverur áhafnar.

3.2.6. Dyr sem jafnan eru læstar og undankomuleið liggur um.

3.2.6.1. Lyklar skulu ekki vera nauðsynlegir til að opna dyr klefa og einkaklefa innan frá. Ekki skulu vera hurðir, sem þarf að opna með lyklum, á neinni uppgefinni undankomuleið þegar haldið er í undankomuátt.

3.2.6.2. Undankomudyr á almennum rýmum, sem eru að jafnaði læstar með klinku, skulu hafa hraðopnunarbúnað. Slíkur búnaður skal samanstanda af klinku með búnaði sem opnar klinkuna þegar ýtt er á hurðina í undankomuátt. Búnaður til skjótrar opnunar skal hannaður og uppsettur á fullnægjandi hátt að mati stjórnvalds fánaríkisins og einkum:

.1 samanstanda af stöngum eða plötum þar sem átakshlutinn nær þvert yfir a.m.k. hálfa breidd hurðarvængsins, a.m.k. 760 mm en ekki meira en 1120 mm fyrir ofan þilfarið,

.2 valda því að klinkan á hurðinni opnist þegar ýtt er á hurðina af afli, sem ekki er meira en 67 N, og

.3 ekki vera með neins konar lás, skrúfum eða öðru sem kemur í veg fyrir að klinkan opnist þegar þrýst er á opnunarbúnaðinn.

3.2.7. Greining rýmingar fyrir farþegaskip

3.2.7.1. Snemma á hönnunarferlinu skal fara fram mat á undankomuleiðum með því að greina rýmingu þeirra í samræmi við „Endurskoðaðar leiðbeiningar um greiningu rýmingar fyrir ný og gömul farþegaskip“ (MSC.1/Circ. 1533), með áorðnum breytingum. Þessi greining gildir um:

.1 ekjufarþegaskip og

.2 önnur farþegaskip, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, nema það séu engir klefar í vistarverum, vistarverur séu einungis staðsettar á einu þilfari og að það sé einungis ein söfnunarstöð.

3.2.7.2. Með greiningunni skal fundið út hvar mannþröng gæti myndast við rýmingu skips þegar farþegar og áhöfn fara eftir undankomuleiðum með eðlilegum hætti, að teknu tilliti til þess möguleika að áhöfn gæti þurft að fara í öfuga átt við farþegana eftir þessum leiðum, og reynt, eins og við verður komið, að koma í veg fyrir að slík mannþröng myndist. Auk þess skal greining sýna fram á að undankomuáætlun sé nægilega sveigjanleg til að taka tillit til möguleikans á að slys geti gert tilteknar undankomuleiðir, söfnunarstöðvar, þar sem farið er um borð í björgunarför eða tiltekin björgunarför ónothæf.

3.4. Öndunartæki til undankomu í neyð fyrir skip sem eru 40 metrar að lengd og lengri:

3.4.1. Um borð skulu vera öndunartæki til undankomu í neyð sem uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

3.4.3. Hið minnsta tvö öndunartæki til undankomu í neyð skulu vera á hverju lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði.

3.4.4. Í skipum, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skulu vera tvö slík öndunartæki til viðbótar við þau sem krafist er í undirlið 3.4.3 á hverju lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði.

3.4.5. Þó gilda undirliðir 3.4.3 og 3.4.4 ekki um stigaganga, sem mynda sérstök lóðrétt afmörkuð aðalsvæði, eða um lóðrétt afmörkuð aðalsvæði í stefni eða skut skipsins þar sem ekki eru rými í flokkum 6, 7, 8 eða 12 sem skilgreind eru í undirlið 2.2.3 í reglu II-2/C/9.

4. Neyðarútgangar úr vélarúmum

4.1. Neyðarútgangar

Tveir neyðarútgangar skulu vera úr hverju vélarúmi. Einkum skulu eftirfarandi ákvæði gilda.

4.1.1. Neyðarútgangar frá rýmum neðan skilrúmsþilfars

Ef rýmið er neðan skilrúmsþilfars skulu neyðarútgangarnir tveir vera annaðhvort:

.1 tveir stálrimlastigar, staðsettir eins langt hvor frá öðrum og unnt er, sem liggja að hurðum sem er álíka langt á milli í efri hluta rýmisins en frá þeim skal vera hægt að komast út á viðkomandi þilför þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka. Einn þessara stiga skal staðsettur í vörðu, lokuðu rými, sem uppfyllir kröfur flokks 2 í undirlið 2.2.3 í reglu II-2/C/9 eða kröfur flokks 4 í undirlið 2.2.4 í reglu II-2/C/9, eftir því sem við á, frá neðri hluta rýmisins, sem stiginn þjónar, til öruggs staðar utan rýmisins. Eldvarnarhurðir með sjálfvirkri lokun í samræmi við sömu brunastaðla skulu vera á þiljum rýmisins. Rimlastiginn skal festur þannig að hann leiði ekki hita inn í lokaða rýmið um óeinangraða festipunkta. Innra mál varða, lokaða rýmisins skal vera a.m.k. 800 mm x 800 mm og það vera búið neyðarljósabúnaði eða

.2 einn stálrimlastigi, sem liggur að dyrum í efri hluta rýmisins, þaðan sem hægt er að komast út á þilfarið þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka, auk þess sem í neðri hluta rýmisins skulu vera dyr með stálhurð, á stað sem er langt frá umræddum stiga og unnt er að opna og loka beggja vegna og þar sem hægt er að komast að öruggri undankomuleið úr neðri hluta rýmisins út á þilfar þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka.

4.1.2. Neyðarútgangar frá rýmum ofan skilrúmsþilfars

Ef rýmið er ofan skilrúmsþilfars skulu neyðarútgangarnir tveir vera staðsettir eins langt frá hvor öðrum og unnt er og dyrnar, sem liggja frá þeim, vera staðsettar þannig að hægt sé að komast út á viðkomandi þilför þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka. Ef rimlastiga er þörf í neyðarútgöngum skulu þeir vera úr stáli.

4.1.3. Undanþága frá kröfu um tvo neyðarútganga

Stjórnvöldum fánaríkis er heimilt að leyfa að aðeins einn neyðarútgangur sé frá slíkum stöðum, að því tilskildu að örugg undankomuleið sé annaðhvort um dyr eða stálrimlastiga að þilfarinu þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka, enda sé fullt tillit tekið til eðlis og staðsetningar rýmisins og þess hvort menn séu jafnan að störfum þar. Annar neyðarútgangur skal vera á stýrisbúnaðarrými ef neyðarstýrisbúnaður er staðsettur í því rými, nema þaðan sé beinn aðgangur að opnu þilfari.

4.1.4. Neyðarútgangar frá stjórnklefa vélbúnaðar

Tveir neyðarútgangar skulu vera frá stjórnklefa vélbúnaðar, sem staðsettur er í vélarúmi, og skal a.m.k. annar þeirra veita samfellda vörn gegn eldi að öruggum stað utan vélarúmsins.

4.1.5. Rimlastigar og stigar

Bakhlið stiga í vélarúmum skal vera lokuð.

4.1.6. Neyðarútgangur frá aðalverkstæði í vélarúmi

Tvær neyðarútgangar skulu vera frá aðalverkstæðinu sem er staðsett í vélarúmi. A.m.k. ein af þessum undankomuleiðum skulu veita samfellda vörn gegn eldi að öruggum stað utan vélarúmsins.

4.1.100 Unnt er að smíða rimlastiga, sem krafist er samkvæmt undirliðum 4.1.1, 4.1.2 og 4.1.3, úr efni sem samsvarar stáli ef hann er staðsettur í lokuðu rými sem er varið gagnvart eldi samkvæmt töflunum í reglu II-2/C/9, eins og við á.

4.3. Öndunartæki til undankomu í neyð fyrir skip sem eru 40 metrar að lengd og lengri:

4.3.1. Í vélarúmum skulu öndunartæki til undankomu í neyð staðsett þannig að þau séu reiðubúin til notkunar á áberandi stöðum þar sem hægt er að ná í þau hratt og auðveldlega ef eldur kemur upp. Staðsetning öndunartækja til undankomu í neyð skal taka mið af skipulagi vélarúmsins og þeim fjölda manna sem að jafnaði vinna í rýminu. Vísað er til leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um nothæfi, staðsetningu, notkun og skoðun öndunartækja til undankomu í neyð í IMO MSC/Circ. 849.

4.3.2. Fjöldi og staðsetning slíkra tækja skal koma fram á brunavarnaráætluninni sem krafist er í undirlið 2.4 í reglu II-2/E/15.

4.3.3. Um borð skulu vera öndunartæki til undankomu í neyð sem uppfylla ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi.

5. Neyðarútgangar frá sérstökum rýmum og opnum ekjufarmrýmum sem allir farþegar um borð hafa aðgang að

5.1. Í sérstökum rýmum og opnum ekjufarmrýmum, sem farþegar hafa aðgang að, skal fjöldi og niðurskipan neyðarútganga, bæði ofan og neðan skilrúmsþilfars, vera í samræmi við kröfur stjórnvalds fánaríkisins og skal öryggi aðgangs að þilfari, þar sem farið er um borð í björgunarför, almennt vera a.m.k. jafngilt því sem kveðið er á um í undirliðum 3.2.1.1, 3.2.2, 3.2.4.1 og 3.2.4.2. Sérstakar gangbrautir skulu vera í slíkum rýmum að neyðarútgöngunum sem eru a.m.k. 600 mm á breidd og þar sem það er talið sanngjarnt og framkvæmanlegt skulu þessar uppgefnu gangbrautir vera á lengdina a.m.k. 150 mm frá yfirborði þilfarsins. Ökutækjum skal lagt þannig að aldrei séu hindranir á gangbrautum.

5.2. Forðast skal að ein undankomuleið úr vélarúmum, þar sem áhöfn er jafnan að störfum, liggi um beinan aðgang að sérstöku rými.

5.100 Hífanlegar skábrautir til aksturs upp og niður á bílgeymsluþilfar mega ekki geta hindrað viðurkenndar undankomuleiðir þegar þær eru í neðstu stöðu.

6. Neyðarútgangar frá ekjufarmrýmum

A.m.k. tveir neyðarútgangar skulu vera frá ekjufarmrýmum þar sem áhöfnin er jafnan að störfum. Undankomuleiðirnar skulu vera örugg leið að þilförum þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka og skulu þær staðsettar fremst og aftast í rýminu.

7. Viðbótarkröfur um ekjufarþegaskip

7.1. Almennt

7.1.1. Frá hverju rými skipsins, þar sem fólk er að jafnaði, skulu vera undankomuleiðir að söfnunarstöð. Þessar undankomuleiðir skulu skipulagðar þannig að leið að söfnunarstöðinni sé sem beinust og þær skulu merktar með táknum tengdum björgunarbúnaði og -skipulagi sem samþykkt voru í IMO-ályktun A.760(18), með áorðnum breytingum.

7.1.2. Undankomuleið frá klefum til stigaganga skal vera eins bein og kostur er og beygjur eins fáar og hægt er. Ekki skal vera nauðsynlegt að fara þvert yfir skipið til að komast að undankomuleið. Ekki skal vera nauðsynlegt að fara upp eða niður um fleiri en tvö þilför frá neinu farþegarými til að komast að söfnunarstöð eða opnu þilfari.

7.1.3. Utan dyra skulu vera leiðir frá opnu þilförunum, sem um getur í lið 7.1.2, að stöðunum þar sem farið er um borð í björgunarför.

7.1.4. Þar sem lokuð rými liggja að opnu þilfari skal vera hægt að nota op á lokaða rýminu út á opna þilfarið sem neyðarútgang, þar sem því verður komið við.

7.1.5. Húsgögn eða aðrir tálmar skulu ekki hindra för eftir undankomuleiðum. Að undanskildum borðum og stólum, sem flytja má til svo að opið rými myndist, skulu skápar og annar þungur húsbúnaður í almennum rýmum og við undankomuleiðir vera fest niður til að koma í veg fyrir að þau færist úr stað ef skipið veltur eða slagsíða kemur á það. Gólfefni skulu einnig fest vel niður. Á meðan skipið er á siglingu skulu engar hindranir vera á undankomuleiðum, s.s. hreingerningagrindur, rúmfatnaður, farangur eða kassar með vörum.

7.2. Leiðbeiningar um örugga undankomuleið

7.2.1. Þilför skulu númeruð eftir röð, þar sem efsti hluti geymis eða neðsta þilfarið hefur númerið „1“. Númerunum skal komið fyrir á áberandi stöðum við stigapalla og í anddyrum þar sem lyftur eru. Einnig er heimilt að gefa þilförum nafn en númer þilfars skal ætíð sýnt við hlið nafnsins.

7.2.2. Einföld kort, sem sýna hvar viðkomandi er staddur og undankomuleiðir merktar með örvum, skulu vera á áberandi stað innan á hurð hvers klefa og í almennum rýmum. Kortið skal sýna undankomuáttir og snúa rétt miðað við staðsetningu þess í skipinu.

7.3. Styrkleiki handriða og ganga

7.3.1. Handrið eða önnur handfesta, sem styðjast má við hvert fótmál leiðarinnar, skal vera á öllum göngum eftir endilangri undankomuleiðinni og, ef unnt er, alveg að söfnunarstöðvum og þar sem farið er um borð í björgunarför. Þessi handrið skulu vera beggja vegna ganganna sem liggja eftir skipinu endilöngu og eru meira en 1,8 m breiðir og á göngum sem liggja þvert á skipið sem eru meira en einn metri á breidd. Þess skal einkum gætt að unnt sé að fara þvert yfir anddyri, sali og önnur stór, opin rými sem undankomuleiðir liggja um. Handrið eða önnur handfesta skal vera nógu sterk til að standast dreift, lárétt álag sem nemur 750 N/m og kemur á þau í átt að miðju gangsins eða rýmisins og dreift lóðrétt álag sem nemur 750 N/m og kemur á þau niður á við. Ekki er nauðsynlegt að þau standist álag úr báðum áttum samtímis.

7.3.2. Hálfs metra breiður hluti neðst á þiljum og öðrum skilveggjum, sem mynda lóðrétt skilrúm meðfram undankomuleiðum, verður að geta staðist álag sem nemur 750 N/m til þess að hægt sé að nota hann sem gangveg á undankomuleiðinni ef skipið hallast mjög mikið.

*E-HLUTI*

***KRÖFUR VARÐANDI REKSTUR***

**Regla II-2/E/14: Ástand búnaðar og viðhald**

1. Tilgangur

Tilgangurinn með þessari reglu II-2/E/14 er að viðhalda og hafa eftirlit með skilvirkni eldvarnarráðstafana sem skipið er útbúið með. Í þessu skyni skal eftirfarandi virknikröfum fullnægt:

.1 eldvarnar- og slökkvikerfi sem og slökkvitæki skulu ætíð vera tilbúin til notkunar og

.2 eldvarnar- og slökkvikerfi sem og slökkvitæki skulu prófuð á tilhlýðilegan hátt og skoðuð.

2. *Almennar kröfur*

Eldvarnar- og slökkvikerfi og slökkvitæki skulu ætíð vera tilbúin til notkunar meðan skip er í notkun.

Skip telst ekki vera í notkun þegar:

.1 það er í viðgerð eða því hefur verið lagt (annaðhvort við akkeri eða í höfn) eða í þurrkví,

.2 eigandi skipsins eða fulltrúi hans lýsir því yfir að það sé ekki í notkun og

.3 engir farþegar eru um borð.

2.1. Ástand búnaðar

2.1.1. Eftirfarandi eldvarnarkerfum skal haldið vel við til að tryggja að þau virki eins og ætlast er til ef eldur kemur upp:

.1 byggingatæknilegum brunavörnum, þ.m.t. skilrúmum með brunamótstöðu og vörnum opa og gegnumtaka á slíkum skilrúmum,

.2 eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfum og

.3 neyðarútgöngum og tengdum búnaði.

2.1.2. Eldvarnarkerfum og slökkvitækjum skal haldið vel við og skulu þau ávallt vera tilbúin til tafarlausrar notkunar. Slökkvitæki, sem hafa verið tæmd, skulu þegar í stað endurhlaðin eða þeim skipt út fyrir jafngild tæki.

2.2. Viðhald, prófanir og skoðanir

2.2.1. Viðhald, prófanir og skoðanir skulu fara fram samkvæmt leiðbeiningum í IMO MSC/Circ. 1432, með áorðnum breytingum, og þannig að þess sé gætt að tryggja áreiðanleika slökkvikerfa og slökkvitækja.

2.2.2. Viðhaldsáætlun skal vera um borð í skipinu og vera reiðubúin til skoðunar hvenær sem þess kann að vera krafist af stjórnvaldi fánaríkisins.

2.2.3. Viðhaldsáætlunin skal a.m.k. taka til eftirfarandi eldvarnarkerfa, slökkvikerfa og slökkvitækja þar sem þau eru fyrir hendi:

.1 aðalbrunalagna, slökkvidælna og brunahana, þ.m.t. brunaslöngur og stútar,

.2 fastra eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfa,

.3 fastra slökkvikerfa og annars slökkvibúnaðar,

.4 sjálfvirks ýringar-, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfis,

.5 loftræstikerfa, þ.m.t. bruna- og reykspjöld, viftur og stjórnbúnaður þeirra,

.6 neyðarstöðvunar eldsneytisskömmtunar,

.7 eldvarnarhurða, þ.m.t. stjórnbúnaður þeirra,

.8 almenns neyðarviðvörunarkerfis,

.9 öndunartækis til undankomu í neyð,

.10 handslökkvitækis ásamt varahleðslum og

.11 slökkvibúninga.

2.2.4. Viðhaldsáætlunin má vera í tölvu.

3. *Viðbótarkröfur*

Í skipum, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, skal þróa viðhaldsáætlun fyrir ljósabúnað, sem hafður er neðarlega, og fyrir kallkerfi til viðbótar við viðhaldsáætlunina sem um getur í undirlið 2.2.

**Regla II-2/E/15: Leiðbeiningar, þjálfun um borð og æfingar**

1. Tilgangur

Tilgangurinn með þessari reglu II-2/E/15 er að draga úr afleiðingum eldsvoða með viðeigandi leiðbeiningum um þjálfun og æfingu þeirra sem eru um borð í notkun réttra verklagsreglna við neyðaraðstæður. Í þessu skyni skal áhöfnin hafa nauðsynlega þekkingu og færni til að takast á við neyðaraðstæður sem skapast við eldsvoða, þ.m.t. aðstoð við farþega.

2. *Almennar kröfur*

2.1. Leiðbeiningar, skyldur og skipulag

2.1.1. Skipverjar skulu fá leiðbeiningar um brunavarnir um borð í skipinu.

2.1.2. Skipverjar skulu fá leiðbeiningar um þau störf sem þeim eru falin.

2.1.3. Skipuleggja skal hópa sem bera ábyrgð á slökkvistörfum. Þessir hópar skulu geta sinnt skyldum sínum hvenær sem er á meðan skipið er á siglingu.

2.2. Þjálfun um borð og æfingar

2.2.1. Skipverjar skulu þjálfaðir í að þekkja fyrirkomulag skipsins, sem og staðsetningu og virkni hvers konar slökkvikerfa og slökkvitækja sem þeir kunna að þurfa að nota.

2.2.2. Þjálfun í notkun öndunartækja til undankomu í neyð telst vera hluti af þjálfun um borð.

2.2.3. Meta skal reglulega frammistöðu þeirra skipverja sem falið er að sinna slökkvistörfum með þjálfun um borð og æfingum til að finna hvar þörf er á umbótum, sjá til þess að hæfni til slökkvistarfa sé stöðugt fyrir hendi og tryggja að búnaður slökkviliðsins sé ætíð tilbúinn til notkunar.

2.2.4. Þjálfun um borð í notkun slökkvikerfa og slökkvitækja skipsins skal skipulögð og hún fara fram í samræmi við ákvæði reglu III/19.4.1 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, með áorðnum breytingum.

2.2.5. Brunaæfingar skulu haldnar og skráðar í samræmi við ákvæði reglna III/19.3.5, III/19.5 og III/30 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, með áorðnum breytingum.

2.2.6. Í skipum, sem falla undir 10. lið í reglu II-2/C/10, skal fylla á eða skipta út hylkjum í öndunartækjum, sem eru notuð við æfingar, fyrir brottför.

2.3. Þjálfunarhandbækur

2.3.1. Þjálfunarhandbók skal vera í öllum mat- og tómstundasölum áhafnar eða í hverjum áhafnarklefa.

2.3.2. Þjálfunarhandbókin skal skrifuð á vinnutungumáli í skipinu.

2.3.3. Þjálfunarhandbókin, sem getur verið í nokkrum bindum, skal innihalda þær leiðbeiningar og upplýsingar sem krafist er í lið 2.3.4, settar fram á einfaldan hátt og með skýringarmyndum þar sem hægt er. Í stað handbókarinnar er heimilt að veita hvaða hluta þessara upplýsinga sem er með aðstoð hljóð- og myndmiðla.

2.3.4. Í þjálfunarhandbókinni skal eftirfarandi skýrt í smáatriðum:

.1 almenn framkvæmd brunavarna og varúðarráðstafanir vegna hættu af völdum reykinga, rafmagns, eldfimra vökva og svipaðra, algengra hætta um borð í skipum,

.2 almennar leiðbeiningar um brunavarnir og reglur þeim tengdar, þ.m.t. reglur varðandi tilkynningu um eld og um notkun handboða,

.3 merking hinna ýmsu viðvörunarkerfa í skipinu,

.4 beiting og notkun slökkvikerfa og slökkvitækja,

.5 virkni og notkun eldvarnarhurða,

.6 virkni og notkun bruna- og reykspjalda og

.7 kerfi og búnaður til neyðarútgöngu.

2.4. Brunavarnaáætlanir

2.4.1. Í öllum skipum skulu almennar yfirlitsteikningar ætíð vera uppsettar á áberandi stað, til leiðbeiningar fyrir yfirmenn skipsins, þar sem fram koma greinilega stjórnstöðvar á sérhverju þilfari, hinar ýmsu brunasamstæður sem umluktar eru með skilrúmum í flokki A, þær samstæður sem umluktar eru með skilrúmum í flokki B ásamt upplýsingum um eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi, ýringarkerfi, slökkvitæki, aðgönguleiðir að hinum ýmsu hólfum, þilförum o.s.frv. og loftræstikerfi, ásamt upplýsingum um stjórnstaði loftblásara, staðsetningu brunaspjalda og kenninúmer loftræstiviftanna sem þjóna hverri samstæðu. Einnig býðst sá valkostur að setja áðurgreindar upplýsingar fram í bæklingi og skal hverjum starfsmanni afhent eintak af honum auk þess sem eitt eintak skal ávallt vera til staðar um borð á aðgengilegum stað. Brunavarnaáætlanir og bæklingar skulu uppfærð og öllum breytingum bætt inn í eins fljótt og kostur er. Lýsingar á slíkum áætlunum eða í slíkum bæklingum skulu vera á opinberu tungumáli fánaríkisins. Ef það tungumál er hvorki enska né franska skal fylgja með þýðing á annað þessara tungumála. Ef skipið er í siglingum innanlands í öðru aðildarríki skal fylgja með þýðing á opinbert tungumál þess gistiríkis, ef það er hvorki enska né franska.

Upplýsingarnar í brunavarnaáætlunum og bæklingum og myndrænu táknin, sem nota á í brunavarnaáætlununum, skulu uppfylla ákvæði IMO-ályktana A.756(18) og A.952(23), með áorðnum breytingum.

2.4.2. Brunavarnaáætlanir eða bæklingur með slíkum áætlunum skal vera varanlega geymdur í tvíriti á áberandi merktum, veðurþéttum, umluktum stað utan þilfarshúss til aðstoðar slökkviliði úr landi.

**Regla II-2/E/16: Rekstur**

1. Tilgangur

Um borð skulu vera bæklingar með upplýsingum og leiðbeiningum um viðeigandi rekstur skipsins og meðhöndlun farms með tilliti til brunavarna.

2. Brunavarnabæklingar

2.1. Bæklingurinn um viðbrögð við eldsvoða, sem skylt er að hafa, skal innihalda nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar um öruggan rekstur skipsins og meðhöndlun farms með tilliti til brunavarna. Í bæklingnum skulu vera upplýsingar um ábyrgð áhafnarinnar á almennum brunavörnum skipsins meðan á fermingu þess og affermingu stendur og á siglingu. Að því er varðar skip, sem flytja hættulegan farm, skulu vera í brunavarnabæklingnum vísanir til viðeigandi leiðbeininga um slökkvistörf og meðhöndlun farms í neyðartilvikum sem er að finna í alþjóðlega kóðanum um siglingu með hættulegan varning.

2.3. Brunavarnabæklingurinn skal skrifaður á vinnutungumáli í skipinu.

2.4. Heimilt er að sameina brunavarnabæklinginn þjálfunarhandbókunum sem krafist er í undirlið 2.3 í reglu II-2/E/15.

*G-HLUTI*

***SÉRKRÖFUR***

**Regla II-2/G/18: Sérkröfur um þyrluaðstöðu**

Skip búin þyrlupöllum skulu uppfylla kröfur 18. reglu í G-hluta kafla II-2 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, með áorðnum breytingum.

**Regla II-2/G/19: Sérkröfur um skip sem flytja hættulegan farm**

Kröfur 19. reglu í G-hluta kafla II-2 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, með áorðnum breytingum, skulu gilda, eftir því sem við á, um farþegaskip sem flytja hættulegan farm.

**Regla II-2/G/20: Vörn sérstakra rýma og ekjufarmrýma**

1. Tilgangur

Tilgangurinn með þessari reglu II-2/G/20 er að veita upplýsingar um viðbótaröryggisráðstafanir til að uppfylla brunavarnamarkmið þessa kafla fyrir skip með sérstök rými og ekjufarmrými. Í þessu skyni skal eftirfarandi virknikröfum fullnægt:

.1 brunavarnarkerfi skulu vera fyrir hendi til veita skipinu fullnægjandi vörn gegn hættum sem tengjast sérstökum rýmum og ekjufarmrýmum,

.2 íkveikjuvaldar skulu vera aðskildir frá sérstökum rýmum og ekjufarmrýmum og

.3 nægileg loftræsting skal vera í sérstökum rýmum og ekjufarmrýmum.

2. Almennar kröfur

2.1.1. Beiting

Auk þess að uppfylla kröfur reglna í B-, C-, D- og E-hluta, eins og við á, skulu sérstök rými og ekjufarmrými uppfylla kröfur þessarar reglu II-2/G/20.

2.1.2. Heimilt er að flytja ökutæki með eldsneyti á geymum til eigin nota í öðrum framrýmum en sérstökum rýmum eða ekjufarmrýmum, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

.1 knúningsafl ökutækjanna sé ekki notað innan sérstöku rýmanna,

.2 farmrýmin uppfylli viðeigandi kröfur reglu II-2/G/19 og

.3 ökutækin séu flutt í samræmi við alþjóðlegan kóða um siglingu með hættulegan varning.

2.2. Grundvallarreglur

2.2.1. Grundvallarreglan að baki ákvæða þessarar reglu II-2/G/20 er að þar sem venjuleg lóðrétt aðalsvæðaskipting kann að vera óframkvæmanleg í sérstökum rýmum og ekjufarmrýmum verður jafngild vörn að nást í slíkum rýmum á grundvelli láréttrar svæðaskiptingar og með notkun skilvirks, fasts slökkvikerfis. Samkvæmt þeirri aðferð getur lárétt svæði, að því er varðar þessa reglu II-2/G/20, tekið til sérstakra rýma á fleiri en einu þilfari, að því tilskildu að óhindruð heildarhæð fyrir ökutæki sé ekki yfir 10 metrar.

2.2.3. Kröfur 3., 4. og 7. liðs í reglu II-2/C/9 um að viðhalda traustleika lóðréttra svæða skulu gilda jafnt um þilför og þil sem afmarka lárétt svæði og greina þau hvort frá öðru og frá öðrum hlutum skipsins.

3. Varúðarráðstafanir gegn því að það kvikni í eldfimum gufum

3.1. Loftræstikerfi

3.1.1. Afkastageta loftræstikerfa

Í hverju sérstöku rými og lokuðu ekjufarmrými skal vera nægilega skilvirkt vélrænt loftræstikerfi til að skipta út lofti a.m.k. tíu sinnum á klukkustund. Fjölga skal loftskiptum í a.m.k. 20 á meðan ökutækjum er ekið um borð og frá borði.

3.1.2. Frammistaða loftræstikerfa

3.1.2.1. Vélræna loftræstikerfið skal vera aðgreint frá öðrum loftræstikerfum. Vélræna loftræstikerfið skal ávallt vera þannig rekið að það skipti a.m.k. eins oft út lofti og krafist er í lið 3.1.1, þegar ökutækin eru í slíkum rýmum, nema fyrir hendi sé kerfi til að meta gæði lofts í samræmi við lið 3.1.2.4. Loftrásir loftræstikerfa, sem þjóna slíkum farmrýmum og sem hægt er að loka tryggilega, skulu aðskilin frá sérhverju slíku rými. Kerfinu skal vera hægt að stjórna frá stað utan rýmanna.

3.1.2.3. Loftræsting skal vera með þeim hætti að hvorki myndist lagskipting lofts né loftgöt.

3.1.2.4. Í öllum skipum, þar sem fyrir hendi er kerfi til að meta gæði lofts sem byggist á „endurskoðuðum hönnunarleiðbeiningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og ráðleggingum hennar um rekstur loftræstikerfa í ekjufarmrýmum“ (MSC/Circ. 1515), með áorðnum breytingum, er heimilt að starfrækja loftræstikerfi með færri loftskiptum og/eða minni loftræstingu. Þessi tilslökun gildir hvorki um rými þar sem krafist er a.m.k. tíu loftskipta á klukkustund, samkvæmt lið 3.2.2 í þessari reglu II-2/G/20, né rými sem falla undir reglu II-2/19.3.4.1 í SOLAS-samþykktinni frá 1974.

3.1.3. Staða loftræstikerfa

Á stjórnpalli skal vera búnaður sem sýnir hvort dregið hafi úr afköstum tilskilinnar loftræstingar eða hún stöðvast.

3.1.4. Lokunarbúnaður og rásir

3.1.4.1. Gera skal ráðstafanir til þess að hægt sé að loka fljótt og vel fyrir loftræstikerfi ef upp kemur eldur, að teknu tilliti til veðurs og sjólags.

3.1.4.2. Loftrásir loftræstikerfa, þ.m.t. brunaspjöld, skulu gerð úr stáli og uppsetning þeirra skal fullnægja kröfum stjórnvalds fánaríkisins. Loftrásir loftræstikerfa, sem liggja í gegnum lárétt svæði eða vélarúm, skulu vera stálrásir í flokki A-60 sem smíðaðar eru í samræmi við liði 7.2.4.1.1 og 7.2.4.1.2 í reglu II-2/C/9.

3.1.5. Varanleg op

Varanleg op á útsíðu skipsins, í endum sérstakra rýma eða ekjufarmrýma eða á þilfarinu fyrir ofan þau, skulu staðsett þannig að eldur í sérstaka rýminu eða ekjufarmrýminu stofni ekki í hættu geymslusvæðum fyrir björgunarför og stöðum þar sem farið er um borð í þau eða vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum í yfirbyggingum og þilfarshúsum fyrir ofan sérstöku rýmin eða ekjufarmrýmin.

3.2. Rafbúnaður og raflagnir

3.2.1. Rafbúnaður og raflagnir, ef slíkt er fyrir hendi, skulu vera af gerð sem hentar til notkunar í sprengifimum blöndum bensíns og lofts, nema eins og kveðið er á um í lið 3.2.2.

3.2.2. Ef loftræstikerfið er hannað og starfrækt þannig að það loftræsti farmrýmin stöðugt með a.m.k. tíu loftskiptum á klukkustund, þegar ökutæki eru um borð, skal leyfilegt að nota rafbúnað af þeirri gerð sem er umlukin og varin þannig að komið sé í veg fyrir neistaflug í öðrum rýmum en sérstökum rýmum neðan skilrúmsþilfarsins, þrátt fyrir ákvæði liðar 3.2.1, 450 mm fyrir ofan þilfarið og hvern ökutækjapall, ef hann er til staðar, nema um sé að ræða palla með nægilega stórum opum til að hleypa bensíngufum niður á við.

3.3. Rafbúnaður og raflagnir í útblástursloftrásum

Rafbúnaður og raflagnir, sem komið er fyrir í útblástursloftrás, skulu vera af gerð sem viðurkennd er til notkunar í sprengifimri blöndu bensíns og lofts og skal útrás frá sérhverri útblástursloftrás staðsett á öruggum stað með tilliti til annarra mögulegra íkveikjuvalda.

3.4. Aðrir íkveikjuvaldar

Notkun annars búnaðar, sem getur valdið því að það kvikni í eldfimum gufum, er óheimil.

4. Eldskynjun og -viðvörun

4.3. Sérstök rými

4.3.1. Hafa skal skilvirkt brunavörslukerfi í sérstökum rýmum. Í sérhverju slíku rými, þar sem ekki er brunavarsla í formi stöðugrar brunavaktar meðan á sjóferð stendur, skal vera fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af viðurkenndri gerð sem er í samræmi við kröfur undirliðar 2.2 í reglu II-2/C/7. Fasta eldskynjunarkerfið skal vera þannig að það nemi fljótt kviknun elds. Gerð og staðsetning skynjara og bil á milli þeirra skulu ákveðin með tilliti til áhrifa loftræstingar og annarra þátta sem máli skipta. Prófa skal kerfið eftir uppsetningu við venjuleg loftræstingarskilyrði og gefa heildarsvörunartíma sem stjórnvald fánaríkisins sættir sig við.

4.3.2. Bilið á milli handboða skal vera þannig að enginn hluti rýmisins sé í meira en 20 metra fjarlægð frá handboða og einn slíkur skal staðsettur nálægt hverjum útgangi úr slíku rými.

5. Burðarvirkisvörn

Þrátt fyrir ákvæði undirliðar 2.2 í reglu II-2/C/9 skulu þil og þilför, sem afmarka sérstök rými og ekjufarmrými í skipum sem mega flytja fleiri en 36 farþega, vera einangruð samkvæmt kröfum A-60. Þó má færa staðalinn niður í A-0 ef öðru megin við skilrúmið er opið þilfarsrými (eins og skilgreint er í 5. lið í undirlið 2.2.3 í reglu II-2/C/9), hreinlætisaðstaða eða áþekkt rými (eins og skilgreint er í 9. lið í undirlið 2.2.3 í reglu II-2/C/9) eða geymir, tómarými eða hjálparvélarúm þar sem er lítil eða engin eldhætta (eins og skilgreint er í 10. lið í undirlið 2.2.3 í reglu II-2/C/9). Þar sem brennsluolíugeymar eru undir sérstöku rými eða ekjufarmrými er heimilt að færa brunastaðalinn fyrir þilfarið á milli slíkra rýma niður í A-0.

6. Slökkvibúnaður

6.1. Fast slökkvikerfi

6.1.1. Í ekjufarmrýmum, sem eru ekki sérstök rými og unnt er að einangra frá stað utan farmrýmanna, skal vera eitt af eftirfarandi föstum slökkvikerfum:

.1 fast gasslökkvikerfi sem uppfyllir ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi,

.2 fast slökkvikerfi með léttri froðu sem uppfyllir ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi eða

.3 fast vatnsslökkvikerfi sem uppfyllir ákvæði liðar 7.2.4 í kóðanum um brunaöryggiskerfi ásamt liðunum 6.1.2.1–6.1.2.4.

6.1.2. Í ekjufarmrýmum, sem ekki er unnt að einangra, og sérstökum rýmum skal vera samþykkt fast vatnsslökkvikerfi, sem uppfyllir ákvæði liðar 7.2.4 í kóðanum um brunaöryggiskerfi, og skal það verja alla hluta hvers þilfars og ökutækjapalls í slíku rými. Slík vatnsslökkvikerfi skulu hafa:

.1 þrýstingsmæli á soggreinarloka,

.2 skýrar merkingar á hverjum soggreinarloka þar sem tilgreint er hvaða rýmum hann þjónar,

.3 leiðbeiningar um viðhald og stjórnun, staðsettar í lokarými, og

.4 nægan fjölda tæmingarloka.

6.1.3. Stjórnvaldi fánaríkis er heimilt að leyfa notkun annars fasts slökkvikerfis sem sýnt hefur verið fram á, með allsherjarprófun, við aðstæður þar sem líkt er eftir eldsvoða, þar sem kviknað hefur í vegna bensínleka í sérstöku rými eða ekjufarmrými, að er ekki síður skilvirkt til að ráða niðurlögum elds sem gæti kviknað í slíku rými. Slíkt fast slökkvikerfi með háþrýstiýringu eða annað jafngilt slökkvikerfi skal samrýmast ákvæðum IMO-ályktunar A.123(V), auk þess sem tekið skal tillit til IMO MSC.1/Circ. 1430 „endurskoðaðar leiðbeiningar fyrir hönnun og samþykkt vatnsslökkvikerfa til notkunar í ekjurýmum og sérstökum rýmum“.

6.1.4. Með tilliti til þess að skipið gæti tapað stöðugleika ef mikið vatnsmagn safnast fyrir á þilfari eða þilförum í kjölfar notkunar á fasta slökkvikerfinu með háþrýstiýringu skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

1.1. Í sérstökum rýmum og ekjufarmrýmum ofan skilrúmsþilfars skal koma fyrir niðurföllum til að tryggja að hægt sé að veita þessu vatni í skyndi beint fyrir borð, að teknu tilliti til leiðbeininga IMO MSC.1/Circ. 1320 „frárennsli vatns af völdum slökkvistarfs frá lokuðum ökutækja- og ekjurýmum og sérstökum rýmum í farþega- og farmskipum“, með áorðnum breytingum ([6]).

.1.2.1 Frárennslislokar fyrir niðurföll, búnir lokunarbúnaði sem stýra má frá stað fyrir ofan skilrúmsþilfar í samræmi við ákvæði alþjóðasamnings um hleðslumerki skipa, skulu hafðir opnir meðan skip eru á hafi úti.

.1.2.2 Öll notkun lokanna, sem um getur í undirlið 6.1.4.1.2.1, skal skráð í skipsdagbók.

1.3. Í sérstökum rýmum og ekjufarmrýmum neðan skilrúmsþilfars er stjórnvaldi fánaríkis heimilt að krefjast þess að fyrir hendi séu dælur og frárennsliskerfi til viðbótar því sem fram kemur í ákvæðum reglu II-1/C/35-1. Í slíku tilviki skal stærð frárennsliskerfisins miðast við að geta fjarlægt ekki minna en 125% af samanlagðri afkastagetu bæði vatnsúðakerfisdælnanna og þess fjölda brunaslöngustúta sem krafist er, að teknu tilliti til leiðbeininga IMO MSC.1/Circ. 1320 „frárennsli vatns af völdum slökkvistarfs frá lokuðum ökutækja- og ekjurýmum og sérstökum rýmum í farþega- og farmskipum“, með áorðnum breytingum. Lokum á frárennsliskerfinu skal vera hægt að stjórna utan varða rýmisins frá stað í nágrenni við stjórntæki slökkvikerfisins. Rúmtak austurbrunna skal vera nægilegt og skulu þeir vera á hlið skips í ekki meira en 40 metra fjarlægð hver frá öðrum í hverju vatnsheldu rými.

6.1.5. Í ekjufarmrýmum og sérstökum rýmum, þar sem föst slökkvikerfi með háþrýstiýringu hafa verið sett upp, skal vera fyrir hendi búnaður til að koma í veg fyrir að frárennslið stíflist, að teknu tilliti til leiðbeininga IMO MSC.1/Circ. 1320 „frárennsli vatns af völdum slökkvistarfs frá lokuðum ökutækja- og ekjurýmum og sérstökum rýmum í farþega- og farmskipum“, með áorðnum breytingum.

([6]) Einnig ætti að taka tillit til þessa umburðarbréfs (e. *Circ.*) fyrir opin ekjufarmrými, eins og við á.

6.2. Handslökkvitæki

6.2.1. Handslökkvitæki skulu vera á hverri þilfarshæð, í sérhverju farmrými eða hólfi, sem ökutæki eru flutt í, með mest 20 metra millibili, beggja megin í rýminu. A.m.k. eitt handslökkvitæki skal vera við hvern aðgang að slíku rými.

6.2.2. Auk þess skal eftirfarandi slökkvibúnaður vera í sérstökum rýmum og ekjufarmrýmum:

.1 a.m.k. þrír þokustútar og

.2 eitt froðuhandslökkvitæki í samræmi við ákvæði kóðans um brunaöryggiskerfi, að því tilskildu að a.m.k. tvö slík tæki séu í skipinu til nota í slíku rými.

III. KAFLI

**BJÖRGUNARBÚNAÐUR**

**Regla III/1: Skilgreiningar (R 3)**

.1 Í þessum kafla skulu skilgreiningar í reglu III/3 í SOLAS-samþykktinni frá 1974 gilda, með áorðnum breytingum, nema annars sé sérstaklega getið.

**Regla III/2: Fjarskipti, björgunarför og léttbátar, einstaklingsbjörgunarbúnaður (R 6 + 7 + 18 + 21 + 22)**

.1 Öll skip skulu búin a.m.k. þeim fjarskiptabjörgunarbúnaði, ratsjársvörum, einstaklingsbjörgunarbúnaði, björgunarförum og léttbátum, neyðarblysum og línubyssum, sem tilgreind eru í eftirfarandi töflu og athugasemdum með henni, samkvæmt flokki viðkomandi skips.

.2 Allur fyrrnefndur búnaður, þ.m.t. sjósetningarbúnaður, eftir atvikum, skal uppfylla ákvæði reglna III. kafla í viðauka við SOLAS-samþykktina frá 1974 og LSA-kóðans, með áorðnum breytingum, nema annars sé sérstaklega getið í eftirfarandi liðum. Fyrirliggjandi búnaður skal a.m.k. uppfylla ákvæðin, sem voru í gildi á þeim tíma sem búnaðurinn var settur upp, nema annars sé sérstaklega getið.

3. Auk þess skulu vera um borð í hverju skipi a.m.k. þrír björgunarbúningar fyrir hvern lífbát, (og) að auki einangrunarpokar fyrir þá menn sem lífbáturinn getur rúmað og sem er ekki úthlutað björgunarbúningum. Þessir björgunarbúningar og einangrunarpokar þurfa ekki að vera um borð:

.1 ef einstaklingar komast fyrir í lífbátum, sem eru að hluta til eða algjörlega lokaðir, eða

.2 ef skipið er eingöngu í siglingum í hlýju loftslagi þar sem stjórnvöld telja ekki þörf á þeim, með hliðsjón af tilmælum í IMO MSC/Circ. 1046.

.5 Sérhverjum þeim sem fær það hlutverk að manna léttabáta eða annast rýmingu skips skal séð fyrir björgunarbúningi, sem uppfyllir ákvæði liðar 2.3 í LSA-kóðanum, eða hlífðarbúningi, sem uppfyllir ákvæði liðar 2.4 í LSA-kóðanum, í viðeigandi stærð. Slíkur hlífðarfatnaður þarf þó ekki að vera um borð ef skipið er eingöngu í siglingum í hlýju loftslagi þar sem stjórnvöld telja ekki þörf á einangrunarpokum af þessu tagi, með hliðsjón af tilmælum í IMO MSC/Circ. 1046.

.6 Í skipum, sem hvorki eru búin lífbáti né léttbáti, skal vera a.m.k. einn björgunarbúningur um borð til björgunar. Slíkur hlífðarfatnaður þarf þó ekki að vera um borð ef skipið er eingöngu í siglingum í hlýju loftslagi þar sem stjórnvöld telja ekki þörf á einangrunarpokum af þessu tagi, með hliðsjón af tilmælum í IMO MSC/Circ. 1046.

| Flokkur skipa: | B | | C | | D | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi um borð (N)<br>Fjöldi farþega um borð (P) | > 250 | ≤ 250 | > 250 | ≤ 250 | > 250 | ≤ 250 |
| Sætafjöldi í björgunarfari (1) (2) (3) (4):<br><br>— | 1,25 N | 1,25 N | 1,25 N | 1,25 N | 1,25 N | 1,25 N |
| Léttbátar (4) (5) | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Björgunarhringir (6) | 8 | 8 | 8 | 4 | 8 | 4 |
| Björgunarvesti (8) (9) (12) (13) | 1,05 N | 1,05 N | 1,05 N | 1,05 N | 1,05 N | 1,05 N |
| Björgunarvesti barna (9) (13) | 0,10 P | 0,10P | 0,10P | 0,10P | 0,10P | 0,10P |
| Björgunarvesti fyrir ungbörn (10) (13) | 0,025P | 0,025P | 0,025P | 0,025P | 0,025P | 0,025P |
| Neyðarblys (7) | 12 | 12 | 12 | 12 | 6 | 6 |
| Línubyssur | 1 | 1 | 1 | 1 | — | — |
| Ratsjársvarar | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Tvíátta metrabylgjutalstöðvarbúnaður (VHF) | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 |

(1) Björgunarför geta verið lífbátar eða björgunarflekar eða sambland af þeim í samræmi við ákvæði liðar .2 í reglu III/2.
Ef siglt er um skýld hafsvæði og/eða vegna hagstæðs veðurfars farsviðsins, með hliðsjón af tilmælum í IMO MSC/Circ. 1046, er stjórnvöldum fánaríkisins heimilt að samþykkja, ef slíku er ekki hafnað af hafnaríkinu:
a) opna, uppblásanlega björgunarvendifleka, sem ekki uppfylla ákvæði liðar 4.2 eða 4.3 í LSA-kóðanum, svo framarlega sem slíkir flekar uppfylla að öllu leyti ákvæði 11. viðauka í kóðanum um háhraðaför frá 2000,
b) björgunarfleka, sem ekki uppfylla ákvæði liða 4.2.2.2.1 og 4.2.2.2.2 í LSA-kóðanum um kuldaeinangrun botna björgunarfleka.
Ekjufarþegaskip skulu uppfylla ákvæði reglu III/5-1, eftir því sem við á.
Í stað björgunarflekanna, þ.m.t. sjósetningarbúnaður þar sem við á, sem krafist er í töflunni, mega koma eitt eða fleiri kerfi með sömu afkastagetu til rýmingar skips sem uppfylla ákvæði liðar 6.2 í LSA-kóðanum.

(2) Heildar-/samanlagður sætafjöldi í björgunarförum, þ.m.t. viðbótarbjörgunarflekar, skal vera í samræmi við ákvæði töflunnar hér að framan, þ.e. 1,25 N = 125% af þeim heildarfjölda einstaklinga (N) sem skipið hefur leyfi til að flytja.
Ef eitt björgunarfar tapast eða verður ónothæft skulu þau björgunarför sem eftir eru hafa samanlagðan sætafjölda sem nemur þeim heildarfjölda sem skipið hefur leyfi til að flytja.

(3) Björgunarförum skal dreift jafnt á bæði borð skipsins, eftir því sem unnt er. Dreifing og niðurskipan björgunarfara ásamt sætafjöldi þeirra ætti að gera kleift að 75% af þeim heildarfjölda (N) sem skipið hefur leyfi til að flytja rúmist á hvorri hlið skipsins (þessi krafa útilokar ekki notkun björgunarfleka sem eru þannig geymdir að auðvelt sé að flytja þá frá borði til borðs á opnum þilförum).

(4) Fjöldi lífbáta og/eða léttbáta skal vera nægur til þess að enginn einn lífbátur eða léttbátur þurfi að sinna fleiri en níu björgunarflekum ef skipið er yfirgefið af þeim fjölda manna sem það hefur leyfi til að flytja.

(5) Sjósetningarbúnaður léttbáta skal uppfylla ákvæði reglu III/10.
Ef léttbátur uppfyllir ákvæði liðar 4.5 eða 4.6 í LSA-kóðanum má telja hann með í heildarsætafjölda björgunarfara sem tilgreindur eru í töflunni hér að framan.

Heimilt er að samþykkja lífbát sem léttbát, að því tilskildu að báturinn, ásamt fyrirkomulagi til að sjósetja hann og til að ná honum aftur um borð, uppfylli einnig kröfur um léttbát.
Á ekjufarþegaskipi skal a.m.k. einn léttbátur, ef gerð er krafa um slíkan bát um borð, vera hraðskreiður léttbátur sem uppfyllir ákvæði liðar .3 í reglu III/5-1.
Heimilt er að undanþiggja skip frá því að vera búið léttbáti og frá ákvæði 4. neðanmálsgreinar, að því tilskildu að skipið uppfylli allar eftirfarandi kröfur:

a) að skipið flytji færri en 250 farþega og stjórnvald fánaríkisins telji það ómögulegt að koma léttbáti eða hraðskreiðum léttbáti fyrir um borð,
b) að rekstur skipsins sé bundinn við svæði í C- og D-flokki þar sem sýnt hefur verið fram á, sem er fullnægjandi að mati stjórnvalds fánaríkisins, að miklar líkur séu á því, ef til rýmingar kemur, hvenær sem er á siglingaleiðinni, að allir farþegar og áhöfn myndu bjargast á öruggan hátt innan a.m.k.:
   — þess tíma sem þarf til að koma í veg fyrir að einstaklingar í björgunarfari ofkælist við verstu fyrirhuguðu aðstæður,
   — þess tíma sem er viðeigandi með tilliti til umhverfisaðstæðna og landfræðilegra þátta siglingaleiðarinnar,
   — tveggja klukkustunda,
c) að á hverum björgunarfleka sé einn ratsjársvari fyrir björgunarfar,
d) að skipið sé þannig gert eða útbúið að hægt sé að ná hjálparvana manni úr sjónum,
e) að fylgjast megi með því að hjálparvana manni sé náð úr sjónum frá stjórnpalli og
f) að skipið hafi næga stjórnhæfni til að nálgast og ná manni úr sjó við verstu fyrirhuguðu aðstæður.

([6]) A.m.k. einn björgunarhringur á hvoru borði skips skal búinn flotlínu sem er ekki styttri en tvisvar sinnum hæðin frá þeim stað þar sem hringurinn er geymdur að vatnslínu skipsins við léttustu hleðslu eða 30 metrar, hvort sem er lengra.
Tveir björgunarhringir skulu búnir sjálftendrandi reyk- og ljósmerkjum og skal unnt að hleypa þeim fljótt niður frá stjórnpalli. Aðrir björgunarhringir skulu búnir sjálftendrandi ljósum sem uppfylla ákvæði liðar 2.1.2 í LSA-kóðanum.

([7]) Neyðarblys, sem uppfylla ákvæði liðar 3.1 í LSA-kóðanum, skulu geymd á stjórnpalli eða við stýri.

([8]) Uppblásanleg björgunarvesti skulu vera til staðar fyrir hvern þann sem þarf að sinna störfum á opnum svæðum um borð. Þessi uppblásanlegu björgunarvesti má telja með í heildarfjölda björgunarvesta sem krafist er samkvæmt tilskipun 2009/45/EB.

([9]) Björgunarvesti, sem henta börnum, skulu vera til staðar og skal fjöldi þeirra samsvara a.m.k. 10% af fjölda farþega um borð eða þau vera eins mörg og nauðsynlegt er til að unnt sé að útvega hverju barni björgunarvesti.

([10]) Björgunarvesti, sem henta ungbörnum, skulu vera til staðar og skal fjöldi þeirra samsvara a.m.k. 2,5% af fjölda farþega um borð eða þau vera eins mörg og nauðsynlegt er til að unnt sé að útvega hverju ungbarni björgunarvesti.

([11]) Í öllum skipum skal vera nægjanlegur fjöldi björgunarvesta fyrir þá skipverja sem eru á vakt og til notkunar á afviknum stöðum þar sem björgunarförum er komið fyrir. Björgunarvesti fyrir þá skipverja sem eru á vakt skulu geymd á stjórnpalli, í stjórnklefa vélarúms og á öllum öðrum stöðum þar sem skipverjar eru á vakt.

([12]) Ef björgunarvesti fyrir fullorðna eru ekki nógu stór fyrir einstaklinga, sem eru allt að 140 kg að þyngd og hafa allt að 1,750 mm brjóstmál, eiga að vera til staðar nægilegur fjöldi viðeigandi fylgihluta til að unnt sé að festa björgunarvestin tryggilega á slíka einstaklinga.

([13]) Hvert björgunarvesti um borð í farþegaskipi skal búið ljósi sem uppfyllir ákvæði liðar 2.2.3 í LSA-kóðanum.

**Regla III/3 Neyðarviðvörunarkerfi, kallkerfi, söfnunarlistar og neyðarfyrirmæli, starfsfólk við þráðlaus fjarskipti, notkunarreglur, þjálfunarhandbók og leiðbeiningar um viðhald (R 6 + 8 + 9 + 19 + 20)**

Öll skip skulu búin:

.1 Almennu neyðarviðvörunarkerfi *(R 6.4.2 + 6.4.3*)

Það verður að uppfylla ákvæði liðar 7.2.1.1 í LSA-kóðanum og vera hentugt til að boða farþega og áhöfn til söfnunarstöðva og hefja aðgerðir samkvæmt söfnunarlista.

Heyrast skal í almenna neyðarviðvörunarkerfinu um allar vistarverur, vinnurými þar sem áhöfn er jafnan að störfum og á öllum opnum þilförum og lágmarkshljóðþrýstistig neyðarviðvörunarmerkisins skal vera í samræmi við liði 7.2.1.2 og 7.2.1.3 í LSA-kóðanum.

.2 Kallkerfi (R 6.5)

2.1. Til viðbótar ákvæðum 1. og 3. liðar í reglu II-2/D/12 skulu öll farþegaskip, sem mega flytja fleiri en 36 farþega, búin kallkerfi.

2.2. Kallkerfið skal vera með hátölurum og fært um að senda tilkynningar til allra rýma þar sem áhöfn eða farþegar, eða báðir hópar, eru undir venjulegum kringumstæðum og til söfnunarstöðva. Kallkerfið skal leyfa útvörpun skilaboða frá stjórnpalli og öðrum þeim stöðum í skipinu sem stjórnvald fánaríkisins telur nauðsynlega. Miða skal uppsetningu þess við lélegan hljómburð og ekki má krefjast neinnar aðgerðar af hálfu þess sem talað er til.

2.3. Kallkerfið skal varið gegn óheimilli notkun og skal heyrast í því yfir almennan hávaða í öllum rýmum, sem mælt er fyrir um í lið 2.2, og á því skal vera búnaður til að grípa inn í frá stjórnpalli og öðrum þeim stöðum í skipinu, sem stjórnvald fánaríkisins telur nauðsynlega, þannig að útvarpa megi neyðartilkynningum þótt slökkt hafi verið á hátölurum í einstökum rýmum, lækkað í hátalarastyrk þeirra eða verið sé að nota kallkerfið í öðrum tilgangi.

Lágmarkshljóðþrýstistig við útvörpun neyðartilkynninga skal vera í samræmi við lið 7.2.2.2 í LSA-kóðanum.

2.4.1. Kallkerfið skal vera búið a.m.k. tveimur rásum sem skulu vera nægilega langt hver frá annarri alla leið og búnar tveimur aðskildum mögnurum.

2.4.2. Stjórnvald fánaríkis skal samþykkja kallkerfið og afkastagetu þess, með hliðsjón af tilmælum í IMO MSC/Circ. 808.

2.5. Kallkerfið skal vera tengt neyðarrafaflgjafanum.

.3 *Söfnunarlistar og neyðarfyrirmæli (R 8)*

Tryggt skal að öllum um borð séu látin í té skýr fyrirmæli, sem fylgja ber á neyðarstundum, og skulu þau vera í samræmi við SOLAS-reglu III/8.

Söfnunarlistar og neyðarfyrirmæli, sem uppfylla ákvæði SOLAS-reglu III/37, skulu sett upp á áberandi stöðum í skipinu, þ.m.t. stjórnpallur, vélarúm og vistarverur áhafnar.

Teikningar og fyrirmæli á viðeigandi tungumálum skulu sett upp í farþegaklefum og á áberandi stöðum við söfnunarstöðvar og í öðrum farþegarýmum og skulu þau upplýsa farþega um:

i. söfnunarstöð þeirra,

ii. nauðsynleg viðbrögð á neyðarstundum,

iii. hvernig eigi að klæða sig í björgunarvesti.

.3 a *Starfsfólk við þráðlaus fjarskipti*

.1 Í samræmi við ákvæði SOLAS-reglu IV/16 á hæft starfsfólk til neyðar- og öryggisfjarskipta að vera um borð í öllum skipum með þeim hætti sem stjórnvöld telja fullnægjandi. Starfsfólkið skal vera handhafar skírteina, sem tilgreind eru í alþjóðafjarskiptareglum, eftir því sem við á, og skal einn starfsmannanna bera meginábyrgð á þráðlausum fjarskiptum í neyðartilvikum og skal það tilgreint í neyðarfyrirmælum.

.2 Í skipum í flokki B og C skal a.m.k. einn starfsmaður, með réttindi í samræmi við lið .1, eingöngu annast þráðlaus fjarskipti í neyðartilvikum og skal það tilgreint í neyðarfyrirmælum.

.4 *Leiðbeiningar um notkun búnaðar (R 9)*

Spjöld og merkingar skulu sett upp á eða við björgunarför og sjósetningarbúnað þeirra og skulu:

i. skýra tilgang stjórnbúnaðar og hvernig honum skal beitt og upplýsa um leiðbeiningar og viðvaranir,

ii. vera vel sýnileg við neyðarlýsingu,

iii. vera með táknum í samræmi við IMO-ályktun A.760(18), með áorðnum breytingum.

.5 *Þjálfunarhandbók*

Þjálfunarhandbók, sem uppfyllir ákvæði SOLAS-reglu III/35, skal vera í öllum mat- og tómstundasölum áhafnar eða í hverjum áhafnarklefa.

.6 *Leiðbeiningar um viðhald* (R 20.3)

Leiðbeiningar um viðhald skipverja á björgunarbúnaði eða viðhaldsáætlun skips, sem nær til björgunarbúnaðar, skal vera um borð og viðhald framkvæmt samkvæmt þeim. Leiðbeiningarnar skulu uppfylla ákvæði SOLAS-reglu III/36.

**Regla III/4: Mönnun björgunarfara og verkstjórn (R 10)**

.1 Ávallt skal vera nægilegur fjöldi manna um borð sem hlotið hefur viðeigandi þjálfun til að safna fólki saman og aðstoða þá sem ekki hafa hlotið þjálfun.

.2 Ávallt skal vera nægur fjöldi skipverja í áhöfn til að beita björgunarförum og annast sjósetningu þeirra til að allir þeir sem eru um borð geti yfirgefið skipið.

.3 Yfirmaður á skipi eða annar aðili með tilskilin leyfi skal skipaður yfirmaður hvers björgunarfars sem er notað. Hins vegar má tilnefna mann úr áhöfn, sem hlotið hefur þjálfun í beitingu björgunarfleka, til að vera yfirmaður eins eða fleiri björgunarfleka. Á öllum léttbátum og aflknúnum björgunarförum skal vera aðili sem getur keyrt vélar þeirra og annast minni háttar stillingar.

.4 Skipstjóra ber að tryggja jafna dreifingu þeirra manna sem um getur í liðum .1, .2 og .3 á björgunarför skipsins.

**Regla III/5: Samsöfnun í björgunarför og fyrirkomulag um að fara um borð í þau (R 11 + 23 + 25)**

.1 Björgunarför, sem krafist er sérstaks sjósetningarbúnaðar fyrir, skulu geymd sem næst vistarverum og þjónusturýmum.

.2 Söfnunarstöðvar skulu vera sem næst þeim stöðum þar sem farið er um borð í björgunarförin og skal vera greiður aðgangur að þeim frá vistarverum og vinnustöðum og skulu þær vera nægilega rúmar til að hægt sé að stjórna farþegum og veita þeim leiðbeiningar. Óhindrað þilfarsrými skal vera a.m.k. 0,35 $m^2$ á mann.

.3 Söfnunarstöðvar og staðir þar sem farið er um borð í björgunarför, sem og gangar, stigar og útgangar sem að þeim liggja, skulu vera vel upplýstir.

Slík lýsing skal tengd neyðarrafaflgjafa samkvæmt ákvæðum reglna II-1/D/42 og II-1/D/42-1.

Auk þess og sem hluti af merkingunum, sem krafist er í undirlið 3.2.5.1 í reglu II-2/D/13, skulu leiðir til söfnunarstöðva merktar með merki söfnunarstöðva, sem ætlað er í þeim tilgangi, í samræmi við IMO-ályktun A.760(18), með áorðnum breytingum.

.4 Hægt skal vera að fara um borð í lífbáta þar sem þeir eru geymdir á skipinu, eða frá þilfari til slíks, en ekki hvorutveggja.

.5 Hægt skal vera að fara um borð í björgunarfleka, sem sjósettir eru með sjóstýrðri losun, rétt hjá staðnum þar sem þeir eru geymdir á skipinu eða frá stað sem björgunarflekinn er fluttur til áður en hann er sjósettur.

.6 Þar sem við á skal hafa búnað til að færa björgunarfar, sem sjósett er með sjóstýrðri losun, að skipshliðinni og þannig halda því föstu á meðan farið er um borð í það.

.7 Ef sjósetningarbúnaður björgunarfars er ekki þannig að hægt sé að fara um borð í farið áður en það er sjósett og hæðin frá þeim stað sem farið er frá borði er meira en 4,5 metrar yfir vatnslínu í léttasta hleðsluástandi skipsins skal skipið búið samþykktu kerfi til rýmingar skips í samræmi við lið 6.2 í LSA-kóðanum.

Í skipum, sem búin eru kerfi til rýmingar skips, skal tryggja að samband sé milli staðarins þar sem farið er um borð í björgunarför og pallsins þar sem björgunarför eru geymd.

.8 Það skal vera a.m.k. einn rimlastigi á hvoru borði skipsins til að fara um borð í björgunarfar og skal hann uppfylla ákvæði liðar 6.1.6 í LSA-kóðanum; stjórnvald fánaríkisins má undanþiggja skipið frá þessu ákvæði þannig að í öllu óleku og, samkvæmt skilgreiningu, löskuðu ástandi skips og með tilliti til stafn- og síðuhalla sé fríborð milli þess staðar þar sem farið er um borð í björgunarfar og sjólínu ekki meira en 1,5 metrar.

**Regla III/5-1: Kröfur varðandi ekjufarþegaskip (R 26)**

.1 *Björgunarflekar*

.2 Fyrir björgunarfleka ekjufarþegaskipa skal nota kerfi til rýmingar skips, sem uppfylla lið 6.2 í LSA-kóðanum, eða sjósetningarbúnað, sem uppfyllir lið 6.1.5 í LSA-kóðanum, sem er jafnt skipt á bæði borð skips.

Tryggja skal að samband sé milli staðarins, þar sem farið er um borð í björgunarfleka, og pallsins.

.3 Allir björgunarflekar ekjufarþegaskipa skulu búnir sleppibúnaði sem tryggir að þeir fljóti upp frá skipinu í samræmi við ákvæði SOLAS-reglu III/13.4.2.

.4 Allir björgunarflekar ekjufarþegaskipa skulu búnir skábraut til að komast um borð í þá og sem uppfyllir ákvæði liðar 4.2.4.1 eða 4.3.4.1 í LSA-kóðanum, eftir því sem við á.

.5 Allir björgunarflekar ekjufarþegaskipa skulu annaðhvort vera sjálfréttandi björgunarflekar eða björgunarvendiflekar með skýli, sem eru stöðugir í sjó og öruggir í notkun, án tillits til þess hvaða hlið snýr upp. Stjórnvald fánaríkisins má heimila opna björgunarvendifleka ef slíkt er talið viðeigandi vegna þess að siglt er um skýld hafsvæði eða vegna hagstæðs veðurfars og svo framarlega sem slíkir flekar uppfylla öll ákvæði 11. viðauka við kóðann um háhraðaför frá 2000.

Að öðrum kosti skal/má skipið vera búið sjálfréttandi björgunarflekum eða björgunarvendiflekum með skýli til viðbótar venjulegum fjölda björgunarfleka sem skulu samanlagt geta borið í það minnsta 50% af þeim sem eru um borð og ekki komast fyrir í lífbátum. Þessi viðbótarsætafjöldi í björgunarflekum skal ákveðinn á grundvelli mismunarins milli þess fjölda sem er um borð og þess sem rými er fyrir í lífbátum. Allir slíkir björgunarflekar skulu samþykktir af stjórnvaldi fánaríkisins, að teknu tilliti til tilmæla í IMO MSC/Circ. 809.

.2 *Ratsjársvarar*

.1 Koma skal ratsjársvara fyrir í björgunarflekum í ekjufarþegaskipum í flokki B, í hlutfallinu einn ratsjársvari á hverja fjóra björgunarfleka. Ratsjársvarinn skal festur inni í björgunarflekanum þannig að loftnet hans sé meira en einn metra yfir sjávarmáli þegar björgunarflekinn er í notkun, nema í björgunarvendiflekum með skýli en þar skal ratsjársvaranum komið þannig fyrir að auðvelt sé fyrir menn sem komist hafa lífs af að ná til hans og setja hann upp. Hverjum ratsjársvara skal komið þannig fyrir að unnt sé að setja hann upp handvirkt þegar björgunarflekinn er í notkun. Umbúðir björgunarfleka með innbyggða ratsjársvara skulu merktar greinilega.

.3 *Hraðskreiðir léttbátar*

.1 Ef krafa er gerð um að léttbátur sé fyrir hendi í ekjufarþegaskipum skal hann vera hraðskreiður léttbátur, sem er samþykktur af stjórnvaldi fánaríkis, með hliðsjón af tilmælum IMO MSC/Circ. 809, með áorðnum breytingum.

.2 Hraðskreiði léttbáturinn skal sjósettur með viðeigandi sjósetningarbúnaði, samþykktum af stjórnvaldi fánaríkis. Við samþykkt slíks búnaðar skal stjórnvald fánaríkis taka tillit til þess að unnt sé að sjósetja hraðskreiðan léttbát og taka hann aftur um borð, jafnvel við slæm veðurskilyrði og einnig skal taka tillit til tilmæla Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

.3 A.m.k. tvær áhafnir hraðskreiða léttbátsins skulu hafa hlotið viðeigandi þjálfun og stundað æfingar með reglulegu millibili, að teknu tilliti til töflu A-VI/2-2 í þætti A-VI/2, „forskriftir lágmarksstaðla varðandi hæfi áhafna hraðskreiðra léttbáta“ í kóðanum um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW-kóðanum) og tilmæla í IMO-ályktun A.771(18), með áorðnum breytingum. Þjálfunin og æfingarnar skulu ná til allra þátta björgunar, meðhöndlunar, stjórnunar og siglinga slíkra fara í mismunandi veðrum, að meðtöldu því að rétta þau við ef þeim hvolfir.

.4 *Björgunarleiðir*

.1 Hvert ekjufarþegaskip skal búið hentugum búnaði til að ná mönnum, sem komist hafa lífs af, á fljótlegan hátt úr sjónum og til að flytja fólk úr björgunareiningum eða björgunarfari um borð í skipið.

.2 Búnaður til að flytja menn, sem komist hafa lífs af, um borð í skipið má vera hluti kerfis til rýmingar skips eða hluti búnaðar sem er hannaður til björgunar.

Þessi búnaður skal háður viðurkenningu fánaríkisins, að teknu tilliti til tilmæla í IMO MSC/Circ. 810, með áorðnum breytingum.

.3 Ef nota á rennu í kerfi til rýmingar skips sem flutningsleið manna, sem hafa komist lífs af upp á þilfar skips, skal hún búin handriðum eða stigum til að auðvelda klifur upp hana.

.5 *Björgunarvesti*

.1 Þrátt fyrir ákvæði reglu III/2 skulu nægilega mörg björgunarvesti geymd nálægt söfnunarstöðvum þannig að farþegar þurfi ekki að snúa aftur til klefa sinna til að ná í þau.

**Regla III/5-2: Þyrlupallar og svæði þaðan sem fólki er lyft um borð í þyrlur (R 28)**

.1 Á ekjufarþegaskipum skulu vera svæði þaðan sem fólki er lyft um borð í þyrlur og skal stjórnvald fánaríkis samþykkja þau með hliðsjón af tilmælum í IMO-ályktun A.894(21), með áorðnum breytingum.

.2 Ekjufarþegaskip, sem eru 130 metrar að lengd og lengri, skulu búin þyrlupöllum sem stjórnvöld fánaríkis samþykkja með hliðsjón af tilmælum í Alþjóðlegri handbók á sviði flug- og siglingarmála vegna leitar og björgunar á sjó og í lofti (IAMSAR), sem samþykkt voru í IMO-ályktun A.894(21), með áorðnum breytingum, og IMO MSC/Circ. 895, „tilmæli um þyrlupalla á ekjufarþegaskipum“.

**Regla III/5-3: Stoðkerfi fyrir ákvarðanir skipstjóra (R 29)**

.1 Í öllum skipum skal stoðkerfi fyrir ákvarðanir í tengslum við stjórnun neyðarástands komið fyrir á stjórnpalli.

.2 Stoðkerfið skal a.m.k. innihalda prentaða neyðaráætlun eða -áætlanir. Öll fyrirsjáanleg neyðartilvik skulu skilgreind með neyðaráætlun eða -áætlunum, að meðtöldum, en ekki einskorðuð við, eftirfarandi aðalflokka neyðartilvika:

.1 eldsvoða,

.2 leka í skipi,

.3 mengun,

.4 ólögmætar aðgerðir sem ógna öryggi skips, farþegum þess og áhöfn,

.5 slys á áhöfn,

.6 farmtjón og

.7 neyðaraðstoð við önnur skip.

.3 Neyðarviðbrögð í neyðaráætlun eða -áætlunum skulu styðja og auðvelda ákvörðunartöku skipstjóra í hinum ýmsu neyðartilvikum.

.4 Neyðaráætlun eða -áætlanir skulu allar byggðar upp á sama hátt og skal vera auðvelt að beita þeim. Þar sem það á við skal miða við stöðugleikaútreikninga, sem gerðir voru fyrir sjóferðina, við að stýra aðgerðum til að draga úr frekari leka.

.5 Til viðbótar prentaðri neyðaráætlun eða -áætlunum getur stjórnvald fánaríkis einnig samþykkt ákvarðanatökukerfi með aðstoð tölvu á stjórnpalli skips, sem geymir allar upplýsingar sem eru í neyðaráætlunum, þ.m.t. verklagsreglur, gátlistar o.s.frv., og skrá yfir viðbrögð sem beita skal í fyrirsjáanlegum neyðartilvikum.

**Regla III/6: Sjósetningarstaðir (R 12)**

Sjósetningarstaðir skulu vera þar sem sjósetning er örugg og skal taka sérstakt tillit til afstöðu til skrúfu skipsins og allra staða þar sem bolur skipsins gengur inn undir sig, þannig að sjósetja megi björgunarför niður lóðréttar síður skipsins. Ef sjósetningarstaðurinn er í framskipi skal hann þó vera fyrir aftan stafnþil (árekstrarþil), á vörðu svæði.

**Regla III/7: Geymsla björgunarfara (R 13 + 24)**

.1 Hvert björgunarfar skal geymt:

a. þannig að hvorki björgunarfarið né geymsla þess hafi áhrif á sjósetningu annarra björgunarfara,

b. eins nálægt vatnslínu og unnt er á raunhæfan hátt; hæð bátsuglu fyrir sjóstýrða losun björgunarfars í efstu hangandi stöðu skal ekki vera meira en 15 metra yfir vatnslínu skipsins í léttasta hleðsluástandi, ef því verður við komið, og skal björgunarfarið í hangandi stöðu vera yfir sjó þótt skipið sé fullhlaðið og óháð stafnhalla um allt að 10° og halla allt að 20° á hvort borðið sem er eða fara að þeim halla þar sem veðurþilfar skipsins fer undir vatnslínu, eftir því hvort hornið er minna,

c. þannig að það sé tilbúið til umsvifalausrar notkunar og að tveir skipverjar geti búið björgunarfarið til sjósetningar innan fimm mínútna,

d. eins langt fyrir framan skrúfur skipsins og hægt er og

e. þannig að þau séu fullbúin samkvæmt ákvæðum viðkomandi SOLAS-reglna, nema undanþiggja má björgunarflekana, eins og skilgreint er í a- eða b-lið 1. liðar athugasemdar við töflu í reglu III/2, sumum SOLAS-reglum um búnað eins og fram kemur í þeirri athugasemd.

.2 Lífbátar skulu geymdir með þeim hætti að þeir séu fastir við sjósetningarbúnað sinn og á farþegaskipum, sem eru 80 metrar að lengd og lengri, skulu lífbátar þannig geymdir að afturendi þeirra sé a.m.k. 1,5 sinnum lengd þeirra fyrir framan skrúfu skipsins.

.3 Hver björgunarfleki skal geymdur:

a. með fangalínu tengda við skipið,

b. með sjóstýrðum búnaði, í samræmi við ákvæði liðar 4.1.6 í LSA-kóðanum, sem gerir björgunarfleka kleift að fljóta upp frá skipi og opnast sjálfkrafa þegar skipið sekkur ef hann er uppblásanlegur; nota má eitt eintak sjóstýrðs búnaðar fyrir tvo eða fleiri björgunarfleka svo framarlega sem sjóstýrði búnaðurinn uppfylli ákvæði liðar 4.1.6 í LSA-kóðanum,

c. þannig að unnt sé að sjósetja hann með handafli frá geymslustað.

.4 Björgunarflekar, sem eru sjósettir með sjóstýrðri losun, skulu geymdir innan seilingar lyftikróka, nema björgunarflekinn sé búinn einhvers konar færslubúnaði sem ekki verður óvirkur þrátt fyrir stafnhalla sem nemur allt að 10° og síðuhalla sem nemur allt að 20°, á hvort borð sem er, eða vegna hreyfinga skips eða aflrofs.

.5 Björgunarflekar, sem sjósettir eru þannig að þeim sé varpað fyrir borð, skulu þannig geymdir að auðvelt sé að flytja þá frá borði til borðs á opnum þilförum. Ef ekki er hægt að geyma björgunarflekana á þennan hátt skal skipið búið viðbótarbjörgunarflekum þannig að tiltækur heildarsætafjöldi á hvort borð nemi a.m.k. 75% þeirra sem eru um borð.

.6 Björgunarflekum sem tengjast kerfi til rýmingar skips:

a. skal komið fyrir sem næst gámnum sem hýsir kerfi til rýmingar skips,

b. skal vera unnt að sleppa úr geymsluvöggu með búnaði sem gerir kleift að binda þá við og blása upp þaðan sem farið er um borð í björgunarflekana,

c. skal vera hægt að hrinda á flot sem sérstökum björgunarförum og

d. skulu fylgja fangalínur til að færa þá að flotpallinum.

**Regla III/8: Geymsla léttbáta (R 14)**

Léttbátar skulu geymdir:

.1 þannig að þeir séu tilbúnir til umsvifalausrar notkunar og sjósetningar innan fimm mínútna og ef þeir eru uppblásanlegir skulu þeir alltaf vera uppblásnir,

.2 á stað sem er hentugur fyrir sjósetningu og upptöku bátsins,

.3 þannig að hvorki léttbáturinn né geymslubúnaður hans trufli sjósetningu eða beitingu annars björgunarfars við aðra sjósetningarstaði,

.4 þannig, ef þeir eru einnig lífbátar, að þeir uppfylli ákvæði reglu III/7.

**Regla III/8a: Geymsla kerfis til rýmingar skips (R 15)**

1. Engin op skulu vera á skipshliðinni milli staðarins þar sem farið er um borð í kerfi til rýmingar skips og vatnslínu skipsins í léttasta hleðsluástandi og gerðar skulu ráðstafanir til að vernda kerfið frá hvers kyns útstæðum hlutum.

2. Kerfi til rýmingar skips skal þannig geymt að tryggt sé að sjósetning sé örugg og að sérstakt tillit sé tekið til afstöðu til skrúfu skipsins og allra staða þar sem bolur skipsins fláar inn, þannig að sjósetja megi kerfið niður lóðréttar síður skipsins eftir því sem unnt er.

3. Öll kerfi til rýmingar skips skulu geymd þannig að hvorki umferð að þeim né pallurinn, geymsla eða ráðstafanir við notkun þeirra hindri notkun annars björgunarbúnaðar við aðra sjósetningarstaði.

4. Geymslustöðum kerfa til rýmingar skips skal þannig komið fyrir í skipinu að kerfin séu varin skemmdum af völdum sjógangs, eftir því sem við á.

**Regla III/9: Fyrirkomulag við sjósetningu og upptöku björgunarfara (R 16)**

.1 Sjósetningarbúnaður, sem uppfyllir ákvæði liðar 6.1 í LSA-kóðanum, skal vera í öllum björgunarförum, að því tilskildu að fríborð mælt frá þeim stað sem farið er um borð í björgunarför og að vatnslínu í léttasta hleðsluástandi skipsins á siglingu sé ekki meira en 4,5 metrar, svo framarlega að fyrirkomulagið til að fara um borð í björgunarför og léttbáta teljist ásættanlegt við þær umhverfisaðstæður sem búast má við á farsviði skipsins þegar það er í óleku eða, samkvæmt skilgreiningu, löskuðu ástandi á siglingu og með tilliti til stafn- og síðuhalla. Í því tilviki er stjórnvaldi fánaríkisins heimilt að samþykkja kerfi um að fara beint um borð í björgunarflekana.

.2 Um borð í hverjum lífbáti skal vera búnaður til sjósetningar og upptöku bátsins. Auk þess skal vera hægt að hengja upp lífbáta svo að unnt sé að losa sleppibúnaðinn til viðhalds.

.3 Sjósetningar- og upptökubúnaður skal vera þannig geymdur að sá sem stjórnar honum um borð hafi björgunarfarið ætíð í sjónmáli meðan á sjósetningu og upptöku lífbáts stendur.

.4 Aðeins ein gerð losunarbúnaðar skal notuð fyrir samskonar björgunarför um borð í skipi.

.5 Fallreipi, þar sem þeim er beitt, skulu vera nægilega löng til þess að björgunarfarið nái niður í sjó í léttasta hleðsluástandi skips og óháð stafnhalla skips allt að 10° og allt að 20° hliðarhalla á hvort borð.

.6 Undirbúningur og meðhöndlun björgunarfars á einum sjósetningarstað í skipi skal hvorki hafa áhrif á skjótan undirbúning og meðhöndlun annars björgunarfars né léttbáts á öðrum stað.

.7 Tryggt skal að ekki sé hægt að hleypa vatni í björgunarfar við sjósetningu.

.8 Meðan á undirbúningi og sjósetningu stendur skal björgunarfarið og sjósetningarbúnaður þess, sem og það svæði sjávar sem björgunarfarið er sjósett í, vera nægilega upplýst með lýsingu frá neyðarrafaflgjafa sem krafist er samkvæmt ákvæðum reglna II-1/D/42 og II-1/D/42-1.

**Regla III/10: Fyrirkomulag á því að fara um borð í, sjósetja og taka upp léttbáta (R 17)**

.1 Fyrirkomulag á því að fara um borð í og sjósetja léttbáta skal vera með þeim hætti að hægt sé að sjósetja léttbátinn og fara um borð í hann á sem skemmstum tíma.

.2 Hægt skal vera að fara beint um borð í léttbátinn á þeim stað þar sem hann er geymdur og sjósetja hann þaðan með þeim fjölda manna sem hann á að bera.

.3 Ef léttbáturinn er talinn með í sætafjölda björgunarfara og farið er um borð í aðra lífbáta frá bátaþilfari skips skal, til viðbótar ákvæðum í lið .2, einnig vera hægt að fara um borð í léttbátinn frá bátaþilfarinu.

.4 Sjósetningarbúnaður skal uppfylla ákvæði reglu III/9. Hins vegar skal vera hægt að sjósetja alla léttbáta, þar sem við á, með fangalínu ef skipið er á allt að fimm hnúta hraða áfram í lygnum sjó.

.5 Upptaka fullhlaðins léttbáts af mönnum og búnaði skal ekki taka nema fimm mínútur í meðalsjólagi. Ef léttbáturinn er talinn með í heildarsætafjölda björgunarfara skal unnt að ná fyrrnefndum upptökutíma með öllum björgunarbúnaði bátsins og samþykktum fjölda um borð í léttbáti, sem er a.m.k. sex manns.

.6 Fyrirkomulag á því að fara um borð í og taka upp léttbáta skal miðast við að flytja megi sjúkrabörur á öruggan og skilvirkan hátt. Ef hætta stafar af þungum fallblökkum skulu vera fyrir hendi stroffur til að ná bátum upp í slæmu veðri.

**Regla III/10a: Björgun fólks úr sjó**

.1 Öll skip skulu hafa áætlanir og verklagsreglur, sem varða skipið sérstaklega, varðandi björgun fólks úr sjó, að teknu tilliti til leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (*). Í áætlununum og verklagsreglunum skal tilgreina tækjabúnaðinn, sem ætlaður er til að nota við björgun, og ráðstafanir sem gera skal til að draga úr hættunni í garð skipverja sem koma að björgunaraðgerðum.

.2 Ekjufarþegaskip, sem uppfylla lið .4 í reglu III/5-1, skulu teljast uppfylla ákvæði þessarar reglu III/10a.

(*) Leiðbeiningar við þróun áætlana og verklagsreglna við björgun fólks úr sjó (MSC.1/Circ. 1447).

**Regla III/11: Neyðarfyrirmæli (R 19)**

.1 Á skipi í siglingum, þar sem áætlað er að farþegar dvelji um borð í meira en 24 klukkustundir, skal fara fram nafnakall meðal þeirra farþega sem nýlega hafa komið um borð, áður en eða um leið og skipið leggur úr höfn. Farþegar skulu fá leiðbeiningar um notkun björgunarvesta og til hvaða aðgerða eigi að grípa í neyðartilvikum.

.2 Hvenær sem nýir farþegar koma um borð skal upplýsingum um öryggismál miðlað til þeirra strax fyrir eða eftir brottför skips. Í upplýsingunum skal a.m.k. þeim fyrirmælum, sem krafist er samkvæmt ákvæðum liðar .3 í reglu III/3, komið til skila. Upplýsingarnar skulu gefnar á einu eða fleiri tungumálum sem líklegt þykir að farþegar skilji. Þeim má miðla um kallkerfi skipsins eða á annan viðeigandi hátt þannig að líklegt sé að a.m.k. þeir farþegar heyri sem enn hafa ekki heyrt þær í ferðinni.

**Regla III/12: Ástand búnaðar, viðhald og skoðanir (R 20)**

.1 Allur björgunarbúnaður skips skal vera í lagi og reiðubúinn til notkunar áður en skip leggur úr höfn og ávallt þegar það er á siglingu.

.2 Viðhald og eftirlit með björgunarbúnaði skal fara fram í samræmi við ákvæði SOLAS-reglu III/20.

**Regla III/13: Þjálfun í að yfirgefa skip og æfingar (R 19 + R 30)**

.1 Sérhver skipverji, sem gegnir sérstökum störfum í neyðartilvikum, skal þekkja þau skyldustörf áður en ferð hefst.

.2 Haldin skal æfing í að yfirgefa skip og brunaæfing vikulega.

Hver skipverji skal taka þátt í a.m.k. einni æfingu í að yfirgefa skip og brunaæfingu mánaðarlega. Halda skal slíkar æfingar fyrir brottför skips ef 25% áhafnar eða fleiri hafa ekki tekið þátt í björgunar- og brunaæfingum í mánuðinum á undan. Þegar skip er tekið í notkun í fyrsta skipti eftir meiriháttar breytingar eða þegar ný áhöfn kemur til starfa skal halda fyrrnefndar æfingar áður en lagt er úr höfn.

.3 Sérhver æfing í að yfirgefa skip skal ná til allra þátta sem krafist er samkvæmt ákvæðum SOLAS-reglu III/19.3.4.1, með hliðsjón af leiðbeiningum í IMO MSC.1/Circ. 1206/1. endurskoðun, „Um ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys tengd lífbátum“, með áorðnum breytingum.

.4 Lífbátar og léttbátar skulu sjósettir við samfelldar æfingar samkvæmt ákvæðum SOLAS-reglu III/19.3.4.2, 3.4.3 og 3.4.6.

Stjórnvaldi fánaríkisins er heimilt að leyfa skipum að sjósetja ekki lífbáta á annarri hlið skipsins ef fyrirkomulag á viðlegu í höfn og siglingamynstur leyfa ekki sjósetningu lífbáta á þeirri hlið. Þó skal öllum slíkum lífbátum slakað niður a.m.k. einu sinni á þriggja mánaða fresti og þeir sjósettir a.m.k. árlega.

Vegna þeirrar hættu sem fylgir æfingum við sjósetningu lífbáta og léttbáta þegar skip er á ferð skulu þær aðeins fara fram á skýldum hafsvæðum og undir eftirliti yfirmanns sem hefur reynslu af slíkum æfingum.

.5 Ef skip er búið kerfi til rýmingar skips skulu æfingar ná til þeirra þátta sem krafist er samkvæmt ákvæðum SOLAS-reglu III/19.3.4.8.

.6 Neyðarlýsing fyrir fólk til að safnast saman og yfirgefa skipið skal prófuð við hverja æfingu við að yfirgefa það.

.7 Brunaæfingar skulu haldnar í samræmi við ákvæði SOLAS-reglu III/19.3.5.

.8 Áhöfn skal fá þjálfun og leiðbeiningar um borð samkvæmt ákvæðum SOLAS-reglu III/19.4.

.9 Skipverjar, sem bera ábyrgð á aðgangi að lokuðu rými og brottflutningi þaðan, skulu taka þátt í æfingum vegna aðgangs að lokuðu rými og brottflutnings þaðan, sem skulu fara fram um borð í skipinu með millibili sem stjórnvöld ákveða, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári:

.1 Æfingar vegna aðgangs að lokuðu rými og brottflutnings þaðan ætti að skipuleggja og framkvæma á öruggan hátt, að teknu tilliti til, eftir því sem við á, „endurskoðaðra tilmæla varðandi aðgang að lokuðum rýmum um borð í skipum“, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti með ályktun A.1050(27).

.2 Sérhver æfing vegna aðgangs að lokuðu rými og brottflutnings þaðan skal ná til eftirfarandi:

.1 eftirlits og notkunar persónuhlífa sem krafist er fyrir aðgang,

.2 eftirlits og notkunar á fjarskiptabúnaði og samskiptaferlum,

.3 eftirlits og notkunar á tækjabúnaði til mælinga á andrúmslofti í lokuðu rými,

.4 eftirlits og notkunar á björgunarbúnaði og björgunaraðgerðum og

.5 leiðbeininga vegna skyndihjálpar og endurlífgunaraðferða.

.10 Framkvæma skal æfingar til að koma í veg fyrir tjón, eins og krafist er í SOLAS II-1/19-1, með hléum, sem stjórnvöld ákvarða, en eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

**Regla III/14: Skráning (R 19.5)**

.1 Þann dag þegar nafnakall fer fram skal skrá í skipsdagbók, sem stjórnvöld kunna að mæla fyrir um, upplýsingar um æfingar í að yfirgefa skip og brunaæfingar, æfingar vegna aðgangs að lokuðu rými og brottflutnings þaðan, æfingar í notkun annars björgunarbúnaðar og þjálfunar um borð. Ef nafnakall, æfing eða þjálfun fer ekki fram á tilsettum tíma, skal skrá í skipsdagbókina við hvaða aðstæður og að hvaða marki nafnakallið, æfingin eða þjálfunin fór fram.

IV. KAFLI

**ÞRÁÐLAUS FJARSKIPTI**

**Regla IV/1: Þráðlaus fjarskiptabúnaður**

1. Skip í flokki D skulu a.m.k. hafa:

1.1. Metrabylgjufjarskiptastöð (VHF) sem sendir og tekur á móti:

1.1.1. stafrænu valkalli á tíðninni 156,525 MHz (rás 70); það skal vera mögulegt að hefja neyðarsendingu á rás 70 frá þeim stað þar sem skipið siglir venjulega og

1.1.2. þráðlausum talfjarskiptum á tíðnunum 156,300 MHz (rás 6), 156,650 MHz (rás 13) og 156,800 Mhz (rás 16).

1.2. Metrabylgjufjarskiptastöðin skal einnig geta sent og tekið á móti almennum þráðlausum fjarskiptum í gegnum talstöðvar.

1.3. Vísað er til SOLAS-reglna IV/7.1.1 og IV/ 8.2 frá 1974.“

———

*II. VIÐAUKI*

**EYÐUBLAÐ FYRIR ÖRYGGISSKÍRTEINI FARÞEGASKIPA**

**ÖRYGGISSKÍRTEINI FYRIR FARÞEGASKIP**

(Þessu skírteini skal fylgja skrá yfir búnað[1])

(Opinber stimpill) (Ríki)

**Gefið út samkvæmt ákvæðum**

.....

(heiti viðeigandi lagafyrirmæla fánaríkisins)

**sem staðfesting á að skipið hér á eftir sé í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB um öryggisreglur og staðla um farþegaskip**

í umboði ríkisstjórnar

.....

(fullt opinbert heiti fánaríkisins)

af

.....

(fullt opinbert heiti lögbærs yfirvalds eða lögbærrar stofnunar sem er viðurkennd samkvæmt tilskipun 2009/15/EB)

| **Upplýsingar um skip:** | |
|---|---|
| Nafn skips: | |
| Heimahöfn: | |
| Einkennisnúmer eða einkennisstafir: | |
| IMO-númer[2]: | |
| Lengd | |
| Fjöldi farþega: | |
| Brúttótonnatala: | |
| Dagsetning þess þegar kjölur var lagður eða skipið var á sambærilegu smíðastigi: | |
| Dagsetning frumskoðunar: | |
| Hafsvæði þar sem skipið hefur siglingaleyfi (SOLAS-regla IV/2) | A1/A2/A3/A4[3] |
| Flokkur skips í samræmi við hafsvæðið sem skipinu er heimilt að starfa á, sbr. þó eftirfarandi takmarkanir eða viðbótarkröfur([4]): | A/B/C/D[3] |

(1) Heimilt er að veita skipum í flokki A, sem hafa gilt öryggisskírteini fyrir farþegaskip samkvæmt SOLAS-samþykktinni frá 1974, undanþágu frá þessari viðbótarkröfu.
(2) Auðkennisnúmer Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir skipið, í samræmi við ályktun A.1078(28), ef það er fyrir hendi.
(3) Strika skal yfir það sem á ekki við.
(4) Skrá skal hvers konar takmarkanir, sem eiga við í tengslum við leiðir, starfssvæði eða leyfilegan starfstíma, eða hvers konar viðbótarkröfur sem eiga við vegna sérstakra staðbundinna aðstæðna skv. 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2009/45/EB.

Frumskoðun[1]/reglubundin[1] aðalskoðun

*Því til staðfestingar,*

1. að skipið hafi verið skoðað í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2009/45/EB,
2. að skoðunin leiddi í ljós að skipið fullnægir í öllum atriðum kröfum tilskipunar 2009/45/EB og
3. að skipið sé undanþegið eftirfarandi kröfum tilskipunar 2009/45/EB og/eða jafngildi þeirra samkvæmt heimild í 2. og 3. mgr. 9. gr. hennar:

.....

.....

Skilyrði fyrir því að undanþágur og/eða jafngildi þeirra séu veitt:

.....

.....

.....

4. að skipið uppfylli kröfur G-hluta í kafla II-1 sem notar ..... sem eldsneyti/á ekki við[1].
5. að eftirfarandi hleðslumerkum niðurhólfunar hafi verið úthlutað:

| Hleðslumerki niðurhólfunar, úthlutuð og merkt á skipshlið, miðskipa (SOLAS II-1/18)[2] | Fríborð (í mm) | Athugasemdir varðandi annars konar þjónustuaðstæður |
|---|---|---|
| P.1 | | |
| P.2 | | |
| P.3 | | |

Þetta skírteini gildir til ..... Í samræmi við grein 13.2 í tilskipun 2009/45/EB.

(dagsetning næstu reglubundnu aðalskoðunar)

Staður ..... Dagsetning .....

.....

(Undirritun og/eða stimpill yfirvalds sem gefur út skírteinið)

*Ef skírteinið er undirritað skal eftirfarandi málsgrein bætt við:*

Undirritaður lýsir því yfir að hann hefur fullt umboð fánaríkis til að gefa út þetta öryggisskírteini farþegaskips

.....

(Undirritun)

(1) Strika skal yfir það sem á ekki við.

(2) Að því er varðar skip, sem eru smíðuð í samræmi við kröfur 1. þáttar hluta B-2 í kafla II-1 í I. viðauka, ætti að nota „C1, C2 og C3“ sem viðeigandi hleðslumerki niðurhólfunar (regla II-1/B/11). Heimilt er að setja rómverska tölustafi eða bókstafi í stað arabískra tölustafa á eftir bókstafnum „C“ ef stjórnvald fánaríkis telur það nauðsynlegt til að greina þá frá alþjóðlegum hleðslumerkjum niðurhólfunar.

**Áritun til að framlengja gildistíma skírteinisins um einn mánuð í samræmi við grein 13.2.**

Þetta skírteini skal samþykkt í samræmi við grein 13.2. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB

..... í gildi til

Staður ..... Dagsetning .....

.....

(Undirritun og/eða stimpill yfirvalds sem gefur út skírteinið)

**SKRÁ YFIR BÚNAÐ FYRIR ÖRYGGISSKÍRTEINI FARÞEGASKIPS**

Þessi skýrsla skal fest tryggilega við öryggisskírteini fyrir farþegaskip

SKRÁ YFIR BÚNAÐ TIL AÐ FARA AÐ ÁKVÆÐUM TILSKIPUNAR EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/45/EB

1. ***Upplýsingar um skip:***

| | |
|---|---|
| Nafn skips: | |
| Einkennisnúmer eða einkennisstafir: | |
| Leyfilegur farþegafjöldi: | |
| Lágmarksfjöldi einstaklinga með tilskilda menntun og hæfi til að nota búnað fyrir þráðlaus fjarskipti: | |

2. ***Upplýsingar um björgunarbúnað***

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Heildarfjöldi manna sem björgunarbúnaður er ætlaður fyrir | | |
| | **Lífbátar og léttbátar** | Bakborði | Stjórnborði |
| 2. | Heildarfjöldi lífbáta | | |
| 2.1 | Heildarfjöldi manna sem þeim er ætlað að bera | | |
| 2.2 | Heildarfjöldi lífbáta, liður 4.5 í LSA-kóðanum | | |
| 2.3 | Heildarfjöldi lífbáta, liður 4.6 í LSA-kóðanum | | |
| 2.4 | Heildarfjöldi annarra lífbáta | | |
| **3.** | **Fjöldi vélknúinna lífbáta sem eru taldir með í heildarfjölda lífbáta hér að framan** | | |
| 3.1 | Fjöldi lífbáta búnir leitarljósum | | |
| **4.** | **Fjöldi léttbáta** | | |
| 4.1 | Fjöldi báta sem eru taldir með í heildarfjölda lífbáta hér að framan | | |
| 4.2 | Fjöldi báta sem eru hraðskreiðir léttbátar | | |
| **5.** | **Björgunarflekar** | Bakborði | Stjórnborði |
| 5.1 | Fjöldi björgunarfleka sem krafist er að hafi samþykktan sjósetningarbúnað | | |
| 5.1.1 | Heildarfjöldi manna sem þeim er ætlað að bera | | |
| 5.2 | Fjöldi björgunarfleka sem ekki er krafist að hafi samþykktan sjósetningarbúnað | | |
| 5.2.1 | Heildarfjöldi manna sem þeim er ætlað að bera | | |

2. *Upplýsingar um björgunarbúnað (framhald)*

| | | | |
|---|---|---|---|
| **6.** | Fjöldi kerfa til rýmingar skips (MES) | | |
| 6.1 | Fjöldi björgunarfleka sem þjóna þeim | | |
| 6.2 | Fjöldi manna sem þeim er ætlað að bera | | |
| **7.** | **Einstaklingsbjörgunarbúnaður** | | |
| 8. | Fjöldi björgunarhringja | | |
| 9.1 | Fjöldi björgunarvesta fyrir fullorðna | | |
| 9.2 | Fjöldi björgunarvesta fyrir börn | | |
| 9.3 | Fjöldi björgunarvesti fyrir ungbörn | | |
| 10.1 | Fjöldi björgunarbúninga | | |
| 10.2 | Fjöldi björgunarbúninga sem uppfylla kröfur um björgunarvesti | | |
| 11. | Fjöldi hlífðarbúninga | | |
| 12. | Fjöldi einangrunarpoka (1) | | |
| **13.** | **Fjarskiptabjörgunarbúnaður** | | |
| 13.1 | Fjöldi ratsjársvara | | |
| 13.2 | Fjöldi tvíátta metrabylgjutalstöðvarbúnaðar (VHF) | | |
| **14.** | **Neyðarflugeldar og -blys** | | |
| 14.1 | Línubyssur | | |
| 14.2 | Neyðarblys | | |

(1) Búnaður til að uppfylla skilyrði LSA-kóðans, að undanskildum búnaði í lífbátum, björgunarflekum og léttbátum.

3. ***Upplýsingar um fjarskiptabúnað***

| | | |
|---|---|---|
| **1.** | **Aðalkerfi** | |
| **1.1** | **Metrabylgjufjarskiptabúnaður (VHF)** | |
| 1.1.1 | Kóðari fyrir stafrænt valkall | |
| 1.1.2 | Hlustvörður fyrir stafrænt valkall | |
| 1.1.3 | Talstöð | |

3. *Upplýsingar um fjarskiptabúnað (framhald)*

| | | |
|---|---|---|
| **1.2** | **Millibylgjufjarskiptabúnaður (MF)** | |
| 1.2.1 | Kóðari fyrir stafrænt valkall | |

| | | |
|---|---|---|
| 1.2.2 | Hlustvörður fyrir stafrænt valkall | |
| 1.2.3 | Talstöð | |
| **1.3** | **Millibylgju-/stuttbylgjufjarskiptabúnaður (MF/HF)** | |
| 1.3.1 | Kóðari fyrir stafrænt valkall | |
| 1.3.2 | Hlustvörður fyrir stafrænt valkall | |
| 1.3.3 | Talstöð | |
| 1.3.4 | Búnaður fyrir beintengda prentun á talstöðinni | |
| 1.4 | Viðurkennd skipajarðstöð fyrir farstöðvaþjónustu um gervihnött | |
| **2.** | **Aukaviðvörunarbúnaður** | |
| **3.** | **Búnaður til móttöku á öryggistilkynningum til sjófarenda** | |
| 3.1 | NAVTEX-móttökutæki | |
| 3.2 | EGC-móttökutæki | |
| 3.3 | Móttökubúnaður fyrir beintengda prentun á stuttbylgju (HF) | |
| **4.** | **Gervihnatta-EPIRB-neyðarbauja** | |
| 4.1 | COSPAS-SARSAT | |
| 4.2 | INMARSAT | |
| **5.** | **EPIRB-neyðarbauja með metrabylgjutalstöðvarbúnaði (VHF)** | |
| 6. | Staðsetningarbúnaður skips fyrir leit og björgun | |
| 6.1 | Ratsjársvari fyrir leit og björgun (SART) | |
| 6.2 | Sendir fyrir sjálfvirkt auðkenniskerfi við leit og björgun (AIS-SART) | |

4. ***Aðferðir notaðar til að tryggja að fjarskiptabúnaður sé tiltækur***

*(SOLAS IV/15.6 og 15.7)*

| | | |
|---|---|---|
| 7.1 | Tvöföldun búnaðar | |
| 7.2 | Viðhald frá landi | |
| 7.3 | Möguleiki á viðhaldi á hafi úti | |

5. ***Upplýsingar um siglingakerfi og -búnað***

| | | |
|---|---|---|
| 1.1 | Staðalseguláttaviti (2) | |
| 1.2 | Seguláttaviti til vara (2) | |
| 1.3 | Gíróáttaviti (2) | |
| 1.4 | Stefnusendir fyrir gíróáttavita (2) | |
| 1.5 | Miðunarsendir fyrir gíróáttavita (2) | |
| 1.6 | Stefnu- eða ferilstjórnunarkerfi (2) | |

| | | |
|---|---|---|
| 1.7 | Miðunarskífa eða áttavitamiðunarbúnaður (2) | |
| 1.8 | Fyrirkomulag til leiðréttingar á stefnum og miðunum (2) | |
| 1.9 | Búnaður sem sendir stefnu skips (THD) (2) | |
| 2.1 | Sjókort/rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi (ECDIS) (1) | |
| 2.2 | Varafyrirkomulag vegna rafræns sjókorta- og upplýsingakerfis | |
| 2.3 | Siglingarit | |
| 2.4 | Varafyrirkomulag vegna rafrænna siglingarita | |
| 3.1 | Móttökubúnaður fyrir hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi/jarðbundið þráðlaust leiðsögukerfi/fjölkerfamóttökubúnaður fyrir þráðlausa leiðsögu um borð í skipi (1), (2) | |
| 3.2 | 9 GHz-ratsjá (2) | |
| 3.3 | Vararatsjá (3 GHz/9GHz) (1), (2) | |
| 3.4 | ARPA-ratsjá (2) | |
| 3.5 | Sjálfvirkur ferilriti (2) | |
| 3.6 | Sjálfvirkur ferilriti til vara (2) | |
| 3.7 | Rafeindastýrð ratsjárútsetning (2) | |
| 4.1 | Sjálfvirkt auðkenniskerfi (AIS) | |
| 4.2 | Kerfi til auðkennis- og fjarvöktunar (LRIT) | |
| 5. | Siglingariti/einfaldaður siglingariti (VDR/S-VDR) (1) | |
| 6.1 | Hraða- og fjarlægðarmælitæki (í gegnum vatn) (2) | |
| 6.2 | Hraða- og fjarlægðarmælitæki (yfir botninn sem beinist fram eða þverskips) (2) | |
| 7 | Bergmálsdýptarmælir (2) | |
| 8.1 | Vísar fyrir stýri, skrúfu, þrýstikraft, skurð og starfsham (2) | |
| 8.2 | Beygjuhraðavísir (2) | |

(1) Strika skal yfir það sem á ekki við.
(2) Aðrar aðferðir til að uppfylla þessar kröfur eru heimilaðar samkvæmt SOLAS V/19. Séu aðrar leiðir nýttar skal tilgreina þær.

*III. VIÐAUKI*

**LEIÐBEININGAR, AÐ ÞVÍ ER VARÐAR ÖRYGGISKRÖFUR FYRIR FARÞEGASKIP OG HÁHRAÐAFARÞEGAFÖR, MEÐ HLIÐSJÓN AF HREYFIHÖMLUÐUM EINSTAKLINGUM**

(eins og um getur í 8. gr.)

Þegar aðildarríkin beita leiðbeiningum í þessum viðauka skulu þau fara eftir IMO MSC/Circ. 735 sem ber yfirskriftina „Tilmæli um hönnun og rekstur farþegaskipa til að koma til móts við þarfir aldraðra og fatlaðra einstaklinga“.

1. AÐGANGUR AÐ SKIPI

Smíða ætti skip og útbúa þau þannig að hreyfihamlaðir geti farið um borð og frá borði á auðveldan og öruggan hátt og að tryggt sé að þeir komist á milli þilfara, annaðhvort án aðstoðar eða með hjálp skábrauta, lyftupalla eða lyfta. Koma ætti fyrir leiðbeiningum um slíkan aðgang við aðrar aðgönguleiðir skipsins og á öðrum viðeigandi stöðum í skipinu.

2. SKILTI

Skilti um borð í skipi til að leiðbeina farþegum ættu að vera aðgengileg og auðlæsileg fyrir hreyfihamlaða einstaklinga (þ.m.t. fólk með skerta skynjun) og staðsetja ætti þau á mikilvægum stöðum.

3. BÚNAÐUR TIL AÐ KOMA BOÐUM TIL SKILA

Rekstraraðilinn ætti að hafa búnað um borð í skipinu til að koma tilkynningum til skila á sjónrænan hátt og með tali til þeirra sem eru mismikið hreyfihamlaðir, t.d. varðandi seinkanir, breytingar á áætlun og þjónustu um borð.

4. VIÐVÖRUN

Viðvörunarbúnaður verður að vera þannig hannaður að hann geri öllum hreyfihömluðum farþegum viðvart og viðvörunarhnappar verða að vera aðgengilegir, þ.m.t. einstaklingar með skerta skynjun og námsgetu.

5. VIÐBÓTARKRÖFUR SEM TRYGGJA HREYFANLEIKA INNAN SKIPSINS

Handrið, gangar og gangvegir, dyragættir og hurðir skulu vera aðgengilegar fólki í hjólastólum. Lyftur, ökutækjaþilför, farþegabiðsalir, klefar og snyrtiherbergi skulu þannig hönnuð að aðgengi fyrir hreyfihamlaða sé þægilegt og rými nóg.

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1865** **2021/EES/71/38**

**frá 6. júní 2019**

**um leiðréttingu á rúmenskri útgáfu framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II)** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II ) ([1]), einkum k-lið 1. mgr. 111. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Í rúmensku tungumálaútgáfunni af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ([2]) er villa í 2. lið g, F hluta, XVII. viðauka, þannig að setning hefur gagnstæða merkingu.

2) Því ætti að leiðrétta framselda reglugerð (ESB) 2015/35 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

*(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júní 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 289, 8.11.2019, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2020 frá 20. mars 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls.1).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/657** **2021/EES/71/39**

**frá 15. maí 2020**

**um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2450 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum 35. gr. (þriðju undirgrein 10. mgr), 244. gr. (þriðju undirgrein 6. mgr.) og 245. gr. (annarri undirgrein 6. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í portúgölsku útgáfunni af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2450 ([2]) eru hugtakavillur í allri gerðinni og í viðaukunum.

2) Í sænsku útgáfunni af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 eru villur í I. viðauka, þætti SR.22.03.01 og S.35.01.04, og í II.viðauka, þætti S.22.03, að því er varðar tegund vaxta, og í II. viðauka, þætti S.26.03, að því er varðar framsetningu á prósentustigi.

3) Því ætti að leiðrétta portúgölsku og sænsku útgáfuna af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

*(Á ekki við um íslensku útgáfuna)*

*2. gr.*

*(Á ekki við um íslensku útgáfuna)*

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 155, 18.5.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2450 frá 2. desember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Stjtíð. ESB L 347, 31.12.2015, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/744** **2021/EES/71/40**

**frá 4. júní 2020**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1800 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar röðun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á hlutlægan kvarða lánshæfisþrepa í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II ) ([1]), einkum 1. mgr. 109. gr. a,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1800 ([2]) er tilgreind m.a. samsvörunin milli viðkomandi lánshæfismats, sem utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki (ECAI) gefur út, og þeirra lánshæfisþrepa sem sett eru fram í 2. þætti, 1. kafla, I. bálks framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ([3]) („Lánshæfismat frá þriðja aðila“).

2) Í framhaldi af síðustu breytingum framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/633 ([4]) á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1800 hafa megindlegu og eigindlegu þættirnir sem liggja til grundvallar lánshæfismatinu í nokkrum vörpunum í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1800 breyst. Að auki hafa nokkur utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki víkkað út lánshæfismöt sín yfir á ný markaðssvið, sem hefur leitt til nýrra matskvarða og nýrra tegunda lánshæfismats. Þess vegna er nauðsynlegt að uppfæra vörpunina á hlutaðeigandi utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum.

3) Frá því framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/633 var samþykkt hefur annað lánshæfismatsfyrirtæki verið skráð í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 ([5]). Þar sem skv. ákvæði 1. mgr. 136. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([6]) krafist er nákvæmrar lýsingar á vörpunum fyrir öll utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki er nauðsynlegt að útvega vörpun fyrir þetta nýskráða utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki. Lánshæfismötin sem hið nýskráða utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki beitir eru byggð á sömu aðferðafræði og þau sem móðurfélag þess notar, utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki í þriðja landi sem vörpun hefur þegar verið ákvörðuð fyrir. Því er rétt í þessu tilviki að vörpunin fyrir hið nýskráða utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki endurspegli vörpunina sem ákvörðuð var fyrir þetta utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki í þriðja landi.

4) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA), Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) og Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) til samans (Evrópsku eftirlitsstofnanirnar) hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 5.6.2020, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1800 frá 11. október 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar röðun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana á hlutlægan kvarða lánshæfisþrepa í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Stjtíð. ESB L 275, 12.10.2016, bls. 19).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2015. bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/633 frá 24. apríl 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1800 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar röðun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á hlutlægan kvarða lánshæfisþrepa í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Stjtíð. ESB L 105, 25.4.2018. bls. 6)

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

5) Evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafa haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([7]), áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([8]) og áliti hagsmunahópsins í vátryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([9]).

6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1800 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1800**

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1800 kemur viðaukinn við þessa reglugerð.

*2. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

*Kjarnsýrumögnun (ANNEX)*

*„VIÐAUKI*

**Röðun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á hlutlægan kvarða lánshæfisþrepa í samræmi við tilskipun 2009/138/EB**

| Lánshæfisþrep | 0 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***ACRA Europe a.s (áður European Rating Agency a.s.)*** | | | | | | | |
| **Alhliða matskvarði til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D** |
| **Alhliða matskvarði til skamms tíma** | | **S1** | | **S2** | **S3, S4, NS** | | |
| ***AM Best Europe-Rating Services Ltd*** | | | | | | | |
| **Lánshæfismatskvarði útgefanda til langs tíma** | **aaa** | **aa, aa-** | **a+, a, a-** | **bbb+, bbb, bbb-** | **bb+, bb, bb-** | **b+, b, b-** | **ccc+, ccc, ccc-, cc, c, d, e, f, s** |
| **Matskvarði útgáfu til langs tíma** | **aaa** | **aa, aa-** | **a+, a, a-** | **bbb+, bbb, bbb-** | **bb+, bb, bb-** | **b+, b, b-** | **ccc+, ccc, ccc-, cc, c, d, s** |
| **Matskvarði fjárhagslegs styrks** | | **A++, A+** | **A, A-** | **B++, B+** | **B, B-** | **C++, C+** | **C, C-, D, E, F, S** |
| **Matskvarði útgefanda til skamms tíma** | | **AMB-1+** | **AMB-1-** | **AMB-2, AMB-3** | **AMB- 4, d, e, f, s** | | |
| **Matskvarði útgáfu til skamms tíma** | | **AMB-1+** | **AMB-1-** | **AMB-2, AMB-3** | **AMB- 4, d, s** | | |
| ***ARC Ratings S.A.*** | | | | | | | |
| **Matskvarði útgefenda til meðallangs og langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D** |
| **Matskvarði útgáfna til meðallangs og langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D** |
| **Matskvarði útgefenda til skamms tíma** | | **A-1+** | **A-1** | **A-2, A-3** | **B, C, D** | | |
| **Matskvarði útgáfna til skamms tíma** | | **A-1+** | **A-1** | **A-2, A-3** | **B, C, D** | | |
| ***ASSEKURATA Assekuranz Rating-Agentur GmbH*** | | | | | | | |
| **Lánshæfismatskvarði til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC/C, D** |
| **Matskvarði fyrirtækja til skamms tíma** | | **A++** | **A** | | **B, C, D** | | |
| ***Axesor Risk Management SL*** | | | | | | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Alhliða matskvarði** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D, E** |
| ***Banque de France*** | | | | | | | |
| **Alhliða lánshæfismatskvarði útgefanda til langs tíma** | | **3++** | **3+, 3** | **4+** | **4, 5+** | **5, 6** | **7, 8, 9, P** |
| ***BCRA — Credit Rating Agency AD*** | | | | | | | |
| **Alhliða matskvarði til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D** |
| **Alhliða matskvarði til skamms tíma** | | **A-1+** | **A-1** | **A-2, A-3** | **B, C, D** | | |
| **Matskvarði lífeyristryggingafélags til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D** |
| **Matskvarði lífeyristryggingafélags til skamms tíma** | | **A-1+** | **A-1** | **A-2, A-3** | **B, C, D** | | |
| **Matskvarði lífeyrissjóðs til langs tíma** | **AAA pf** | **AA pf** | **A pf** | **BBB pf** | **BB pf** | **B pf** | **C pf** |
| **Matskvarði ábyrgðarsjóðs til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **C, D** |
| **Matskvarði ábyrgðarsjóðs til skamms tíma** | | **A-1+** | **A-1** | **A-2, A-3** | **B, C, D** | | |
| ***Capital Intelligence Ltd*** | | | | | | | |
| **Alþjóðlegur matskvarði útgefanda til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **C, RS, SD, D** |
| **Alþjóðlegur matskvarði útgáfu til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D** |
| **Alþjóðlegur matskvarði fjárhagslegs styrks vátryggjanda til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **C,RS, SD, D** |
| **Alþjóðlegur matskvarði útgefanda til skamms tíma** | | **A1+** | **A1** | **A2, A3** | **B, C, RS, SD, D** | | |
| **Alþjóðlegur matskvarði útgáfu til skamms tíma** | | **A1+** | **A1** | **A2, A3** | **B, C, D** | | |
| **Alþjóðlegur matskvarði fjárhagslegs styrks vátryggjanda til skamms tíma** | | **A1+** | **A1** | **A2, A3** | **B, C, RS, SD, D** | | |
| ***Cerved Rating Agency S.p.A.*** | | | | | | | |
| **Matskvarði fyrirtækja til langs tíma** | **A1.1** | **A1.2, A1.3** | **A2.1, A2.2, A3.1** | **B1.1, B1.2** | **B2.1, B2.2** | **C1.1** | **C1.2, C2.1** |
| ***Creditreform Rating AG*** | | | | | | | |
| **Matskvarði til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | | **BBB** | **BB** | **B, C, SD, D** |
| ***CRIF Ratings S.r. l.*** | | | | | | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Matskvarði útgefanda til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D1S, D** |
| **Matskvarði útgáfu til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, DS** |
| **Matskvarði útgefanda til skamms tíma** | | **IG-1** | | **IG-2** | **SIG-1, SIG-2, SIG-3, SIG-4** | | |
| **Matskvarði útgáfu til skamms tíma** | | **IG-1** | | **IG-2** | **SIG-1, SIG-2, SIG-3, SIG-4** | | |
| ***Dagong Europe Credit Rating*** | | | | | | | |
| **Lánshæfismatskvarði til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D** |
| **Lánshæfismatskvarði til skamms tíma** | | **A-1** | | **A-2, A-3** | **B, C, D** | | |
| ***DBRS Ratings Limited*** | | | | | | | |
| **Matskvarði skuldbindinga til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D** |
| **Matskvarði viðskiptabréfa og skammtímaskulda** | | **R-1 H, R-1 M** | **R-1 L** | **R-2, R-3** | **R-4, R-5, D** | | |
| **Matskvarði fjárhagslegs styrks** | | **AAA, AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, R** |
| ***Egan-Jones Ratings Co.*** | | | | | | | |
| **Lánshæfismatskvarði til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC,CC, C, D** |
| **Lánshæfismatskvarði til skamms tíma** | | **A-1+** | **A-1** | **A-2** | **A-3, B, C, D** | | |
| ***Euler Hermes Rating GmbH*** | | | | | | | |
| **Alhliða matskvarði til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, SD, D** |
| ***EuroRating Sp. z o.o.*** | | | | | | | |
| **Alhliða matskvarði til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D** |
| ***Fitch Ratings*** | | | | | | | |
| **Vanskilamatskvarði útgefanda til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, RD, D** |
| **Fjármögnunarskuldbindingar fyrirtækja – matskvarði til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C** |
| **Alþjóðlegur IFS matskvarði til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C** |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Matskvarði afleiðumótaðila** | | **AAA dcr, AA dcr** | **A dcr** | **BBB dcr** | **BB dcr** | **B dcr** | **CCC dcr, CC dcr, C dcr** |
| **Matskvarði til skamms tíma** | | **F1+** | **F1** | **F2, F3** | **B, C, RD, D** | | |
| **IFS matskvarði til skamms tíma** | | **F1+** | **F1** | **F2, F3** | **B, C** | | |
| ***GBB-Rating Gesellschaft für Bonitätsbeurteilung GmbH*** | | | | | | | |
| **Alhliða matskvarði til langs tíma** | **AAA** | **AA** | | **A, BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D** |
| ***HR Ratings de México, S.A. de C. V.*** | | | | | | | |
| **Alhliða matskvarði til langs tíma** | **HR AAA(G)** | **HR AA(G)** | **HR A(G)** | **HR BBB(G)** | **HR BB(G)** | **HR B(G)** | **HR C(G)/HR D(G)** |
| **Alhliða matskvarði til skamms tíma** | **HR+1(G)** | **HR1(G)** | **HR2(G)** | **HR3(G)** | **HR4(G), HR5(G), HR D(G)** | | |
| ***ICAP Group S.A*** | | | | | | | |
| **Alhliða matskvarði til langs tíma** | | | **AA, A** | **BB, B** | **C, D** | **E, F** | **G, H** |
| ***INC Rating Sp. z o.o.*** | | | | | | | |
| **Lánshæfismatskvarði útgefanda til langs tíma** | | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC,CC, C, D** |
| ***Japan Credit Rating Agency Ltd*** | | | | | | | |
| **Matskvarði útgefanda til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, LD, D** |
| **Matskvarði útgáfu til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D** |
| **Matskvarði útgefanda til skamms tíma** | | **J-1+** | **J-1** | **J-2** | **J-3, NJ, LD, D** | | |
| **Lánshæfismatskvarði útgáfu til skamms tíma** | | **J-1+** | **J-1** | **J-2** | **J-3, NJ, D** | | |
| ***Kroll Bond Rating Agency*** | | | | | | | |
| **Lánshæfismatskvarði til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D** |
| **Lánshæfismatskvarði til skamms tíma** | | **K1+** | **K1** | **K2, K3** | **B, C, D** | | |
| ***Kroll Bond Rating Agency Europe*** | | | | | | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Lánshæfismatskvarði til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D** |
| **Lánshæfismatskvarði til skamms tíma** | | **K1+** | **K1** | **K2, K3** | **B, C, D** | | |
| ***modeFinance S.r.l.*** | | | | | | | |
| **Alhliða matskvarði til langs tíma** | **A1** | **A2** | **A3** | **B1** | **B2** | **B3** | **C1, C2, C3, D** |
| ***Moody's Investors Service*** | | | | | | | |
| **Alhliða matskvarði til langs tíma** | **Aaa** | **Aa** | **A** | **Baa** | **Ba** | **B** | **Caa, Ca, C** |
| **Alhliða matskvarði til skamms tíma** | | **P-1** | **P-2** | **P-3** | **NP** | | |
| ***QIVALIO SAS (áður Spread Research)*** | | | | | | | |
| **Alhliða matskvarði til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D** |
| **Alhliða matskvarði til skamms tíma** | | **SR0** | | **SR1, SR2** | **SR3, SR4, SR5, SRD** | | |
| ***Rating-Agentur Expert RA GmbH*** | | | | | | | |
| **Alþjóðlegur lánshæfismatskvarði** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC,CC, C, D, E** |
| **Alþjóðlegur áreiðanleikamatskvarði** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC,CC, C, D, E** |
| ***Scope Ratings AG*** | | | | | | | |
| **Matskvarði til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D** |
| **Matskvarði til skamms tíma** | | **S-1+** | **S-1** | **S-2** | **S-3, S-4** | | |
| ***S&P Global Ratings*** | | | | | | | |
| **Lánshæfismatskvarði útgefanda til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, R, SD/D** |
| **Lánshæfismatskvarði útgáfu til langs tíma** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D** |
| **Matskvarði fjárhagslegs styrks vátryggjanda** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, SD/D, R** |
| **Matskvarði fyrir möt á meðalstórum fyrirtækjum** | | | **MM1** | **MM2** | **MM3, MM4** | **MM5, MM6** | **MM7, MM8, MMD** |
| **Lánshæfismatskvarði útgefanda til skamms tíma** | | **A-1+** | **A-1** | **A-2, A-3** | **B, C, R, SD/D** | | |
| **Lánshæfismatskvarði útgáfu til skamms tíma** | | **A-1+** | **A-1** | **A-2, A-3** | **B, C, D** | | |
| ***The Economist Intelligence Unit Ltd*** | | | | | | | |
| **Matskvarði ríkja** | **AAA** | **AA** | **A** | **BBB** | **BB** | **B** | **CCC, CC, C, D“** |